Fyrsti fundur, 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið þingstörfum þeim, sem fyrir skipuð eru í 1., 2. og 3. gr. þingskapanna, settist neðri deild alþingis að í þingsal Nd., og tók til starfa. Í þingdeildinni höfðu þessir þingmenn sæti:

1. Arnljótur Ólafsson, 1. þm. Eyfirðinga.
2. Benidikt Sveinsson, 2. þm. Norður-Múlasýslu.
3. Egill Egilsson, þm. Mýramanna.
4. Eiríkur Briem, 2. þm. Húnvetninga.
5. Eiríkur Kúld, þm. Barðstrendinga.
6. Friðrik Stefánsson, 1. þm. Skagfirðinga.
7. Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
8. Gunnlaugur Briem, 2. þm. Skagfirðinga.
9. Halldór Kr. Friðriksson, þm. Reykvíkinga.
10. Jón Jónsson, þm. Austur-Skaptfellinga.
11. Jón Ólafsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu.
12. Jón Sigurðsson, þm. Suður-Þingeyinga.
13. Lárus Blöndal, 1. þm. Húnvetninga.
14. Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfellinga.
15. Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
16. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
17. Þórður Magnússon, 2. þm. Ísfirðinga.
18. Þorkell Bjarnason, 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
19. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
20. Þorsteinn Jónsson, þm. Vestmanneyinga.
21. Þorsteinn Thorsteinsen, 1. þm. Ísfirðinga.
22. Þorvarður Kjerulf, 1. þm. Norður-Múlasýslu.

En ókomnir voru tveir: Holger kaupmaður Clausen, þm. Snæfellinga, og Magnús prófastur Andrjesson, 2. þm. Árnesinga.

Elzti þm. deildarinnar, Halldór Kr. Friðriksson, gekkst fyrir kosningu forseta deildarinnar, samkvæmt 4. gr. þingskapanna, og kvaddi hann sjer til aðstoðar Þorkel Bjarnason, 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Þorvarð Kjerulf, 2. þm. Norður-múlasýslu; og fjellu atkvæði þannig, að Grímur Thomsen, þm. Borgf., fjekk 10 atkv., Jón Sigurðsson, þm. S-Þing., 7 atkv., Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. S-Múl., 2 atkv., og 3 þingmenn sitt atkvæði hver. Með því enginn þessara hafði hlotið meiri hluta atkvæða, var kosið á ný óbundnum kosningum, og fjekk þá Grímur Thomsen 12 atkv., og Jón Sigurðsson 7 atkv.

Hinn kjörni forseti, *Grímur Thomsen*, gekk þá til forsetasætis, og gekkst fyrir kosningu hinna embættismanna deildarinnar.

Var þá fyrst kosinn varaforseti, og hlaut *Tryggvi Gunnarsson*, 1. þm. S-Múl., kosningu með 14 atkv.; síra Þórarinn Böðvarsson fjekk 7 atkv.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, og hlutu kosningu síra *Eiríkur Kúld*, þm. Barðstr., með 13 atkv., og *Halldór Kr. Friðriksson*, þm. Reykvíkinga, með 11 atkv.

Forseti las síðan upp brjef frá landshöfðingja, dags. samdægurs, þar sem ldsh. getur þess, að hann muni næsta dag leggja fyrir deildina þessi frumvörp:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887;
2. — — fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883;
3. — — fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885;
4. — — laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1880 og 1881;
5. — — laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1882 og 1883;
6. — — laga um stofnun landsbanka;
7. — — laga um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi;

8. Frv. til laga um bátafiski á fjörðum;
9. — — laga um hvalaveiðar;
10. — — laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir.

Annar fundur, 2. júlí. Allir þingdm. á fundi, þeir er til þings voru komnir.

Forseti gat þess, að til skrifstofustjóra alþingis væri tekinn cand. jur. Páll Briem og honum til aðstoðar á skrifstofuna stúdent Bjarni Þorsteinsson og stud. mag. Valtýr Guðmundsson, og til bráðabirgða ennfremur stud. mag. Bogi Melsted, en til innanþingsskrifara í deildinni nú þegar cand. theol. Halldór Jónsson og stud. juris Hannes Havstein, og til næstu viðbótar stud. mag. Bogi Melsted og stúdent Einar Friðgeirsson.

Landshöfðingi lagði fram stjórnarfrumvörp þau, er þegar eru talin, og gat þess, að í frumvarpinu um sölu þjóðjarða hefði misprentazt *Ár*gerðarstaðasel í staðinn fyrir *Ás*gerðarstaðasel; enn fremur stæði í fjárlagafrumvarpinu á bls. 25 í efstu greininni summan 2625, sem ætti að vera 2542; bls. 27 væri skakkt flutt 3,52 í staðinn fyrir 3,502, og á bls. 33, staflið C, 1., 2. stæði upphæðin 200, sem ætti að vera 100.

Forseti: Hinni háttvirtu þingdeild er kunnugt, að 2 þingmenn,2. þm. Árnesinga (Magnús Andrjesson) og þm. Snæfellinga (Holger Clausen) eru enn ókomnir. Hinn fyrnefndi hefir ekki gjört viðvart, en hinn síðarnefndi hefir í brjefi dags. 20. júní látið landshöfðingjann vita, að hann sæi sjer ekki fært að koma að sinni, en vonaðist eptir að geta komið með næsta gufuskipi. Í þingsköpunum 42. gr. stendur, að »sje einhver þingmaður forfallaður að koma annaðhvort á fundi hins sameinaða alþingis eða þingdeildanna, sje hann skyldur til að skýra hlutaðeigandi forseta frá forföllum sínum í tæka tíma. Burtfararleyfi af þingi geti hlutaðeigandi forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefji; fyrir lengri tíma þurfi til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar«. Nú má skoða þetta svo, að forseti geti leyft þessum þingmönnum burtuveru til þessa dags, en eptir þann tíma er það á þingdeildarinnar valdi, hvernig hún vill taka í þetta mál, hvort hún vill taka hart á því, eða að eins gjöra yfirlýsingu um þetta efni. Það getur orðið mjög varhugavert, ef þingmenn legðu það í vana sinn að koma ekki í tæka tíð til þings, því svo rammt *gæti* kveðið að, að þing yrði ekki sett á rjettum tíma sakir fjarveru ofmargra þingmanna. Tillaga sín væri, að þingið gerði yfirlýsingu um þetta efni, því það væri ósamboðið virðingu þingsins, ef þetta kæmi opt fyrir.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að gera fyrirspurn um, hvort ekki þurfi flutningsmann að þessu málefni, og hvort nokkur sje þá flutningsmaður. Einnig virðist málið þurfa að liggja fyrir í einhverju því formi, er þingsköpin gera ráð fyrir.

Forseti: Það er auðvitað á þingsins valdi, hvort það vill gera nokkuð í þessu efni, og þingmaðurinn getur skoðað forseta sem flutningsmann.

Þriðji fundur, 3. júlí. Allir á fundi, þeir er til þings voru komnir.

Forseti taldi upp þær bænarskrár, sem komnar væru til þingsins, og sagði þær mundu verða lagðar fram á lestrarsal þingsins, eins og vant er. Gat hann þess, að samningar væru á komnir við prentsmiðjueigendur um prentun tíðindanna o. s. frv.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að skýra hinni háttvirtu þingdeild frá, að stjórnarráðið hefir látið prenta handa alþingistíðindunum stjórnarfrumvörp þau, sem lögð hafa verið fyrir þingið, og hefir upplagið af þessu hepti tíðindanna verið afhent á skrifstofunni. Enn fremur skal jeg geta þess, að jeg hefi hlutazt til um, að hinum prentuðu landsreikningum fyrir 1882 og 1883 með athugasemdum, svörum og tillögum hefir í dag verið útbýtt meðal þingmanna; ætlast jeg til, að reikningar þessir verði samferða frumvarpi til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1882—83.

Þá var tekið til dagskrár.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1886—87 (C. 1); 1. umræða.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki á þessu stigi málsins gjöra margar athugasemdir við þetta frumvarp. Jeg geng út frá því, að h. þingdeild muni setja nefnd í þetta mikilvæga mál, og fyrstu umr. verði þannig frestað, þangað til nefndin hefir lokið starfi sínu, og hennar álit er komið fyrir þingið; jeg býst og við að fá tækifæri til að láta nefndinni í tje ýmsar upplýsingar. Hinir h. þm. hafa víst tekið eptir því, af samkvæmt þessu frv. er enginn tekjuafgangur, sem þó hefir verið að undanförnu, og jafnvel vantar nokkuð á, að tekjurnar jafnist við gjöldin. Orsökin til þess er ekki sú, að gjöld sjeu aukin, heldur sú, að sumar tekjugreinir eru settar lægra en áður vegna ískyggilegs ástands í landinu. Að vísu eru tekjurnar áætlaðar og það er komið undir álitum, hvort sumar tekjugreinir kynni að mega setja nokkuð hærri en þær eru tilfærðar í frumvarpinu. Á þessu stigi málsins skal jeg ekki láta í ljósi skoðun mína um þetta, og fel jeg svo þingdeildinni frumvarpið til beztu meðferðar.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg býst ekki við, að þm. sjeu búnir að lesa þetta frv. svo rækilega, að þeir hafi mikið um það að tala að þessu sinni. Jeg er því ldsh. samdóma um, að fyrstu umræðu sje frestað, og leyfi mjer að leggja það til, að kosin sje 7 manna nefnd.

Samþykkt var í einu hljóði að fresta 1. umr., og kjósa 7 menn í fjárlaganefnd, og voru þessir kosnir:

Halldór Kr. Friðriksson	með	14 atkv.
Eiríkur Briem . . .	—	14 —
Tryggvi Gunnarsson .	—	14 —
Þorkell Bjarnason . .	—	13 —
Þorsteinn Thorsteinsen	—	13 —
Lárus Blöndal . . .	—	12 —
Þorlákur Guðmundsson	—	12 —

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882—83 (C. 75); 1. umr.

Eptir uppástungu *Eiriks Briems* var þessu máli frestað þar til er kosin væri nefnd í frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1882—83, og þeirri nefnd svo afhent frumvarpið.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1884—85 (C. 58) 1. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg tel það mjög óheppilegt, að nefndarkosningar skuli fara svo fljótt fram, að þm. hafi eigi haft tíma til að kynna sjer málin; en þó vil jeg stinga upp á því, að þessu máli sje vísað beint til fjárlaganefndarinnar, eins og vant er.

Var það samþykkt í einu hljóði.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1880—81 (C. 39); 1. umr.

Eptir uppástungu *Eiriks Briems* var máli þessu frestað þar til er kosin yrði nefnd í frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1882—83.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1882—83 (C. 81).

Eiríkur Briem stakk upp á þriggja manna nefnd; var það samþykkt í einu hljóði og kosnir:

Gunnlaugur Briem	með	20 atkv.
Eiríkur Kúld	—	14 —
Magnús Andrjesson	—	14 —

Áskorun forseta til þingdeildarinnar um, að hún lýsi því yfir, hvort hún vilji leyfa 2 ókomnum þingmönnum að vera fjarverandi af þingi eins lengi og þeim sýnist, og án þess samkv. 42. gr. þingskapanna að hafa leitað leyfis þingdeildarinnar.

Forseti: Af því komið hefir til mín tillaga um rökstudda dagsskrá frá þm. Barðstr. (E. K.), leyfi jeg mjer að taka þetta mál á dagskránni á undan bankamálinu.

Á síðasta fundi varð jeg þess var, að einn af þm. vildi láta ræða þetta mál samkv. 22. gr. þingskapanna, sem sjerstakt utanþingsmál; en þessu getur ekki verið þannig varið, því það er innanþingsmál, og hlýtur því að falla að eins undir 42 gr., einkum seinni partinn, þar sem stendur: »Burtfararleyfi af þingi getur hlutaðeigandi forseti veitt um *2 daga*, ef nauðsyn krefur; fyrir lengri tíma þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar». Þetta liggur og í hlutarins eðli, og skal jeg gefa dæmi upp á, að þetta er rjett form. Jeg set, að einhver

þingmaður vilji fá brottfararleyfi til að fara á morgun, og vera burtu lengri tíma. Þá yrði að gefa honum leyfið í dag. Í hinu opna brjefi, sem kallaði þingið saman, er þingmönnum gjört að skyldu að koma 1. júlí. Forseti getur gefið brottveruleyfi 2 fyrstu dagana, og það má skoða svo, sem jeg hafi gjört það; en fyrir lengri tíma þarf þingdeildin að gjöra það. Það leyfi getur verið með tvennu móti: annaðhvort orðalaust, eða þá með bending fyrir eptirtímann. Og í þá stefnu hefir mjer verið afhent rökstudd dagskrá frá þm. Barðstr. (E. K).

Eiríkur Kúld: Ekki skal jeg vera að þrátta um, hvort þetta heyrir undir 22. eða 42. gr. þingsk. Jeg kom fram með þessa rökstuddu dagskrá, af því mjer er kunnugt málið. Um annan þessara þingmanna veit jeg, að enginn muni svo harðbrjósta, að lá honum burtuveru hans til þessa, eptir því sem á stóð fyrir honum heima; en um hinn, þm. Snæf. (H. C.), er mjer kunnugt, að hann var sjúkur í vetur sem leið og í vor; en þegar jeg fór að heiman, var honum að sönnu farið að batna, en hann var þá hindraður, eptir því, sem hann skýrði mjer frá, af áríðandi störfum, svo að hann gat ekki farið. Hann spurði mig ráða, og ráðlagði jeg honum að skrifa ldsh. um forföll sín, svo að hann gæti aptur skýrt h. þingi frá því. Ef hann yrði hress, kvaðst hann mundu koma landveg í byrjun þingsins; en ef hann treysti sjer ekki til þess, þá með næsta póstskipi. Jeg óska og vona, að þó þetta hafi, hvað þessa 2 þm. snertir, komið fyrir og það af tilknýjandi ástæðum, þá muni þingmenn eigi gjöra sjer leik til þess framvegis.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get með engu móti fallizt á uppást. þessa, hvorki að forminu til nje efninu. Mjer finnst of snemmt að fara að tala um menn, sem enn eru ókomnir, og enga vörn geta veitt, og einkum þar sem annar þeirra hefir tilkynnt ldsh. forföll sín og þá um leið þingdeildinni, en hinn er öllum kunnur að skyldurækt. Hinn h. uppástm. og deildin öll verður að vera mjer samdóma um það, að hann muni ekki burtu vera að forfallalausu, og er jeg því sannfærður um, að hann muni koma jafnskjótt sem hann getur, og er þá nógur tími til að ræða þetta mál, þegar heyrast ástæður hans, sem munu reynast fullgildar. Jeg fæ ekki skilið, hvernig þetta mál getur heyrt undir 42. gr. Sú grein hljóðar um «burtfararleyfi» þeirra, sem komnir eru á þing; það er þó verulegur munur á því, að vera ókominn á þing, eða að vera kominn, og fá burtfararleyfi. Því sá, sem er ókominn á þing, getur t. d. ekki tekið dagpeninga fyrir þá daga, sem hann ekki er í þingsins þjónustu. Þingsköpin gjöra ekki ráð fyrir, hvernig fara skuli, ef þingmenn eru ókomnir í byrjun þings, þótt bent sje til í þriðju gr., að svo geti að höndum borið, og eru engar sektir lagðar við. Fari svo, að einhver þm. komi of seint, án þess að hafa lögleg forföll, þá er það mótgjörð gegn kjósendunum, meira en gagnvart alþingi. En ef eitthvað ætti að gjöra í þessu máli nú þegar, en jeg er því alveg mótfallinn, þá er jeg eindregið á því, að fylgja skuli 22. gr. í þessu efni, og komið sje fram með skriflega eða prentaða uppást. til þgsál., og á þessum fundi yrði þá að eins talað um, hvernig hana skyldi ræða. En jeg álít það eitt rjett, að fella þessa uppástungu nú þegar.

Jón Ólafsson: Jeg hef ekkert á móti þessu, eins og það *nú* liggur fyrir, frá formsins hlið, en jeg er samdóma 1. þm. GK. (Þ. Böðv.) um, að málið sje of snemma upp borið. Getur forseti ábyrgzt mjer, að annar hvor þessara þm. sje ekki þegar kominn til himnaríkis, og er þá hart að álasa honum fyrir það, þó drottinn hafi kallað hann til sín. Það er auk þess rangt, að dæma nokkurn óheyrðan. Það er líka komin afsökun frá þm. Snæf. (H. C.), og það er sjálfsagt að taka hana gilda. Þingmenn eiga að bera traust hvor til annars, og ekki skoða hver annan eins og skrópgjarna skóladrengi. Það eina, sem mætti víta 2. þm. Árn. (M. A.) fyrir, er það, að hafa ekki tilkynnt forföll sín; en hann getur vel hafa sent mann gagngjört, og hver er kominn til að segja, að sá maður hafi ekki sýkzt eða jafnvel dáið á leiðinni? Jeg vil að málinu sje frestað, og beðið þangað til báðir

eru komnir. Meiningin með þessari rökstuddu dagskrá í því sambandi, sem hún við umræðurnar er sett við fjarvist tveggja h. deildarmanna, hlýtur að vera sú, hversu milt sem hún er orðuð í forminu, að láta í ljósi óánægju yfir þessum 2 deildarmönnum, og þess vegna er jeg á móti henni.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skil ekki þessa áskorun. Það er auðvitað, að það væri æskilegt, að þm. gjörðu sjer það að fastri reglu, eins og það væri lögbundið, að koma í tæka tíð til þings, því það er óþægilegt, að þingið missi krapta frá málunum. En enginn getur gjört meira en hann getur, og engan er hægt að skylda til þess, sem honum er eigi auðið að gjöra. Þm. Snæf. (H. C.) hefir skýrt frá því, að hann geti ekki komið sakir lasleika, og þá hefir hann gert sína skyldu. Hinn hefði átt að skrifa ldsh. um forföll sín; en lengra nær það ekki. Hvernig getum vjer leyft þeim að koma ekki, eða skipað þeim að koma? Þótt þingdeildin segi: vjer gefum ykkur ekki leyfi, þá hvað? Þeir sitja kyrrir fyrir það. Það væri því skringilegt, ef þingdeildin færi að gefa leyfi eða neita um leyfi, þegar það kemur fullkomlega í sama stað niður, hvort leyft er eða neitað. Þó að einhver maður væri sendur gagngjört eptir þeim, þá mundu þeir segja: jeg kem, þegar jeg get. Því þeir hafa ekki lagaskyldu til að koma, heldur að eins siðferðislega skyldu. Þetta kemur 22. gr. þingskapanna ekkert við. Það er innanþingsmál; en þar af leiðir, að þessi rökstudda dagskrá á alls ekki við og getur ekki komið fram, nema bein uppást. sje um, *hvernig* málið skuli takast fyrir, eptir að þingið hefir samþ., *að* það skuli takast fyrir. Þessi rökstudda dagskrá kemur alveg utan úr loptinu, og vildi jeg óska, að forseti tæki hana út af dagskránni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get gefið skýrslu um það, að þegar jeg var á suðurleið um Borgarfjörðinn, heyrði jeg, að 2. þm. Árn. (M. A.) væri að bíða eptir því, að kona hans yrði ljettari. Hann mun hafa búizt við, að biðin yrði ekki nema 2 eða 3 daga, og að hann gæti, ef til vill, náð í þingsetning, og af þeirri ástæðu hefir hann ekki tilkynnt ldsh. förföll sín. En úr því jeg stóð upp, skal jeg skýra frá minni skoðun á málinu. Það er auðsjeð, að þetta mál er innanþingsmál, með því það kemur við þeirri reglu, sem þingið á að fylgja, og sem falin er í 42. gr. þingskapanna. Í niðurlagi hennar stendur: »fyrir lengri tíma (en 2 daga) þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar«. Á nú þessi málsgrein að standa eins og tóm orð? Hefir þingið ekki þá skyldu á hendi að gæta þess, að fullnægt sje þessu ákvæði þingskapanna? Greinin hefir fyrir augum vanalegasta tilfellið, sem er það, að þingmaður, sem kominn er til þings, biðji um burtfararleyfi af þingi tvo daga eða lengur. En nú er mjer spurn: er þá engin skylda fyrir þingmenn að koma til þings í rjetta tíð? Er eigi framboð þingmannsins, kosning kjósendanna fyllilega skuldbindandi? Jú. Eður er kvaðning konungs og kjósendanna, að þingmaðurinn skuli vera hingað kominn 1. dag júlímánaðar, þýðingarlaus? Nei. Skylda þingmannsins er meira en siðferðisleg skylda, og er þó sú skylda í sjálfu sjer ríkari en mörg lagaskylda. Þingmaðurinn hefir gjörðan samning við kjósendur sína og konung, sem hefir kvatt hann til að koma í tæka tíð. Annað mál er það, að þingið getur ekki lagt á sektir nje skaðabætur. Hjer þarf að ákveða fasta reglu, sem hægt sje eptir að fara, til þess að fullnægja niðurlagi 42. greinar.

Eiríkur Kúld: Jeg get ekki verið samþykkur þm. Rvk. (H. Kr. Fr.). Jeg álít, að dagskrá mín hafi fulla heimild eptir 26. gr. þingskapanna, en hafi það verið meining hans að vísa henni frá, þá er það ólöglegt, einmitt samkvæmt 26. gr. Það er ekki meining mín, að veita þingmönnunum ákúrur með þessu, heldur hitt, að þingmenn framvegis gæti þess, að koma nógu snemma, því það er beinlínis siðferðisleg (moralsk) skylda við kjósendurna og konungsboð.

Jón Ólafsson: Það er mikill munur á bæði að formi og *efni*, að fara af þingi eða að koma of seint. Þingið heyrir ástæðurnar hjá þeim, sem æskir leyfis til að fara burtu, eptir að hann er kominn til þings, en ekki hjá hinum, sem ókominn er. En hverja

þýðingu getur dagskráin haft, ef eigi þá, að veita ákúrur? Því það er engin meining í því, að láta að eins í ljósi það, sem auðvitað er að öllum þingmönnum ber: að rækja köllun sína, ef þeir eru óhindraðir. Í því að hnýta skýringum á einum stað í þingsköpunum við *þetta sjerstaklega tilfelli*, hlýtur að liggja mistrygging til viðkomandi þingmanna. En það er of snemmt að gjöra það nú; það þykir hvervetna óheyrilegt að áfella neinn, án þess hann fái að verja sig. »*Audiatur et altera pars*«! Menn verða þó að fá að verja sig.

Halldór Kr. Friðriksson: Eptir því sem 22. gr. hljóðar, getur hjer alls eigi verið að tala um rökstudda dagskrá. Hjer er ekkert »breytingaratkvæði«; hjer er að eins áskorun um, að þingdeildin gefi leyfi. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að þetta gefi þingmönnum neina hvöt. Það er alls eigi auðið, að neyða menn til að koma; það verður að vera komið undir frjálsum vilja hvers eins, hversu skyldurækinn hann. Víst er það hart, ef þeir gjöra sjer að reglu að vera fráverandi; en þingið getur ekkert gjört. Það eina, sem getur nokkuð gjört, er það, að þjóðin missir álit á þeim og kýs þá eigi aptur, sem vanrækja að koma á þing að forfallalausu.

Forseti: Skilningur hins háttvirta þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) er ósamhljóða bæði orðum og anda 26. gr. Hjer er eigi að ræða um neinar ákúrur, heldur á þetta að eins að vera bending um það framvegis, að það sje ekki þýðingarlaust, að þingmenn mæti á rjettum tíma. Það sýndi sig og í dag, þegar kosinn var reikninganefndin, og einn af hinum kjörnu var ókominn, svo eigi er að vita nema kjósa þurfi annan í hans stað.

— Þegar hjer var komið, var samþykkt að hætta umræðunum, eptir skriflegri uppást. 8 nafngreindra þingmanna.

Forseti bar því næst undir atkv. svohljóðandi rökstudda dagskrá frá þm. Barðstr. (E. K.):

Í því trausti, að það eigi framvegis eigi sjer stað, að þingmenn án leyfis sjeu fjarverandi af þingi, tekur þingdeildin næsta mál á dagskrá þegar fyrir.

Dagskrá þessi var felld með 16 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm. *Já* sögðu: Arnljótur Ólafsson, Eiríkur Kúld, Eiríkur Briem, Jón Jónsson og Tryggvi Gunnarsson. Hinir 16 *nei*.

Forseti stakk upp á, að gengið væri til atkvæða um áskorun sína á dagskránni, þar sem þetta breytingaratkvæði við hana væri fallið.

Þorlákur Guðmundsson kvaðst eigi geta greitt atkvæði um þetta, með því að hann vissi eigi ástæður þeirra þingmanna, sem eigi væru komnir.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil taka það fram, að hlutaðeigandi þingmenn hafa ekki *beðið* um leyfi það, sem hjer ræðir um, og þess vegna getur þingið ekki heldur veitt það.

Þorvarður Kjerulf: Jeg vil bíða með þetta mál þangað til þeir eru báðir komnir og vjer fáum heyrt þeirra ástæður.

Arnljótur Ólafsson: Þetta mál hlýtur að heyra undir 42. gr. þingskapanna, ef eigi beinlínis, þá óbeinlínis eða »analogiskt«. Engin svo yfirgripsmikil lög eru til, sem gripið fái yfir hvert einstakt tilfelli, og verður því að færa hið einstaka undir hið almennara í lögunum. Þingmenn eru skyldir til að skilja og þýða þingsköp sín, eptir þeim sömu reglum, sem lögfróðir menn þýða landslögin.

Jón Sigurðsson: Mjer þykja óheppilegar þessar löngu umræður um ekki meira efni. Þetta tilfelli hefir opt komið fyrir hjer á þinginu, og síðast í hitt eð fyrra um hina sömu þingmenn, sem hjer er um að ræða, og var þá ekkert við það gjört. Jeg skal ekki víta það, þótt þingið fari að gjörast afskiptasamara hjer eptir en hingað til um þetta og annað, er til góðrar reglu heyrir meðal þingmanna. En eptir stjórnarskrá vorri og kosningarlögum er frjálst, hvort menn koma til þings eða ekki, og ábyrgðin er fyrir kjósendum en ekki fyrir þingi.

Forseti: Það hefir enginn talað í þá átt, að það sje rjett eða leyfilegt, að koma svona seint; enn fremur hefir það komið fyrir, að ókominn maður hefir verið kosinn í nefnd. Þess vegna vona jeg, að þessar umræður, þótt engin ákvörðun sje tekin, verði framvegis þingmönnum til aðvörunar og áminningar.

— Þar með *tók* forseti áskorunina sjálfa *aptur*.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka (C 67); 1. umr.

Landshöfðingi: Í boðskap konungs til þingsins er tekið fram, að stjórnin áliti þetta mál mikilsvarðandi, og þing og þjóð munu vera á sama máli. Jeg er viss um, að þingið mun gera sjer far um að koma máli þessu fram á bezta hátt, með því það er eitt af mestu áhugamálum landsins. Jeg geri ráð fyrir, að nefnd muni verða kosin, svo þessari 1. umræðu verði frestað. Að öðru leyti vísa jeg til þeirra aths., sem fylgja frumvarpinu, og fel það þingdeildinni til beztu meðferðar.

Jón Ólafsson: Þótt það sje formið og siður, að þakka stjórninni fyrir hvert hennar frumvarp, og jeg sje ekki vanur að fylgja mikið slíkum formsiðum, þá þakka jeg nú af heilum hug stjórninni fyrir þetta frumvarp, því það sýnir, að baráttan á undanfarandi þingum, þótt eigi leiddi hún til samþykktar á frumvarpi, hefir eigi verið árangurslaus. Jeg leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

— Var það samþ. í einu hljóði, en 1. umr. frestað, og hlutu þessir kosningu:

Arnljótur Ólafsson með 20 atkv.
Jón Ólafsson . . — 16 ——
Eiríkur Briem . . — 14 ——
Þorvarður Kjerulf — 14 ——
E. Egilson . . . — 11 ——.

Fjórði fundur, 4. júlí kl. 10 fm. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti skýrði frá, að komin væri beiðni frá ritstjórum blaðanna Ísafoldar og Suðra um að mega sitja inn í þingsalnum á fundum deildanna, svo þeir gætu sem fyrst og greinilegast ritað þingfrjettir í blöð sín, og var samþykkt eptir nokkrar umræður, að leyfa þeim að sitja utan vebanda.

Því næst skýrði forseti frá, að fjárlaganefndin hefði kosið Tryggva Gunnarsson fyrir formann og Eirík Briem fyrir skrifara, og bankanefndin E. Briem fyrir formann og Eg. Egilsson fyrir skrifara.

Þá var tekið til dagskrár:

Frumvarp til laga, sem hefir inni að halda nokkrar ákvarðanir um hvalveiðar (C 41); 1. umr.

Forseti: Þetta mál er sjerstakt mál, og stendur ekki í neinu sambandi við hin 2 eptirfarandi frv., og verður því tekið fyrir sjerstaklega.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að skýrskota til athugasemdanna við þetta frumvarp; þar geta menn sjeð, hvers vegna frumvarp það um friðun hvala, er kom frá síðasta þingi, ekki hefir náð konunglegri staðfestingu, og hvernig frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er fram komið; þess er og getið í athugasemdunum, að ldsh. hafi skjöl viðvíkjandi þessu máli, sem muni verða látin þinginu í tje, og mun jeg láta skjöl þessi í tje þeirri nefnd, sem jeg geri ráð fyrir að kosin verði til að íhuga þetta frumvarp.

Þórður Magnússon: Þó þetta sje stutt mál, er það samt athugavert, og sting jeg upp á 3 manna nefnd, og að 1. umr. sje frestað.

Það var samþykkt hvorttveggja, og hlutu þessir kosningu í nefndina:

Þórður Magnússon með 17 atkv.
Ben. Sveinsson . — 13 —
Tryggvi Gunnarsson — 12 —

Frv. til laga um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi (C. 108); 1. umr.

Forseti: Þetta mál og næsta mál á dagskránni (um bátafiski á fjörðum) eru svo skyld, að vel mundi við eiga, að sama nefnd hefði bæði til meðferðar.

Landshöfðingi: Jeg er á sama máli og forseti, að eðlilegast sje, að þessi mál verði meðhöndluð af sömu nefnd. Málið um fiskiveiðarnar er eitt af áhugamálum vorum, eins og sýndi sig á síðasta þingi; lög þau, er samþykkt voru af þinginu um þetta efni, náðu ekki staðfestingu konungs. Í því frumvarpi, sem nú er til umræðu, er reynt að sameina skoðanir stjórnar og þings, og nálgast það sem þingið vildi, svo mikið sem unnt er; vona jeg, að þetta hafi heppnazt, svo að málið fái þann framgang, sem

geti leitt til góðrar niðurstöðu. Fel jeg síðan málið þinginu til beztu meðferðar, og geri jeg ráð fyrir, að nefnd verði sett í málið.

H. Kr. Friðriksson stakk upp á 5 manna nefnd, og var það samþykkt í einu hljóði, og hlutu þessir kosningu:

Tryggvi Gunnarsson með 17 atkv.
E. Kúld . . . . — 15 —
Þork. Bjarnason . — 13 —
H. Kr. Friðriksson — 12 —
Þorsteinn Jónsson . — 12 —

Frv. til laga, sem snertir bátafiski á fjörðum (C. 61); 1. umr.

Jón Ólafsson: Þegar fiskiveiðalögin voru samþykkt 1877, gekk þingið í rjetta stefnu, að gefa sýslunefndum þátt í að ákveða um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum; það var sjálfstjórnarvísir, og mæltist vel fyrir. Þótt öllum farist kann ske ekki vel að semja samþykktirnar fyrst í stað, þá fer þjóðinni fram, og hún verður seinna því vaxin. Samþykktir ýmsar hafa og verið gerðar; þar á meðal gerðu Reyðfirðingar samþykkt, og var hún staðfest af amtinu um eitt ár til bráðabyrgða. En þegar árið var liðið, og menn í einu hljóði vildu fá hana framlengda, sagði sami amtmaður nei, eptir undirlagi ráðgjafans, af því að bræður okkar í Færeyjum klöguðu, og þótti amazt við sjer; því að samþykktin fór því fram, að takmarka bátafjöldann á firðinum, láta fyrst innansveitarmenn sitja fyrir, þar næst innansýslumenn utansveitar, því næst landsmenn utansýslu, en síðast útlendinga. Þá var þó staðfestingar að leita til amtmannsins, en nú fer þetta frumvarp fram á, að færa það vald jafnvel undir ldsh. Það má ekki skilja orð mín svo, að jeg dragi nokkurn efa á, að ldsh. sje fullfær til að hafa það vald á hendi, og gegna þeim störfum vel, en jeg ímynda mjer þó, að hann hafi ekki betur vit á svo staðarlegu málefni og sje ekki betur kunnugur á Íslandi og tilháttan á hverju svæði, heldur en viðkomandi amtmenn, sem einatt geta verið nær þeim. Jeg vildi heldur láta færa samþykktarvaldið nær stöðvunum en fjær þeim, og ekki draga sjálfstjórnina frá hlutaðeigandi landshlutum. Eptir lögunum 14. des. 1877 má gera samþykktir um allt, sem fiskiveiðar varðar, og breytir þetta frumvarp engu til hins betra að minnsta kosti. Jeg sting því upp á, að tefja sig ekkert á því máli, en fella það þegar frá umræðum.

Landshöfðingi: Jeg vona að menn fylgi ekki tillögu hins heiðraða þingmanns um að ónýta þetta mál. Þetta frv. dregur einmitt sjálfstjórn í hendur hjeruðum, því í vissum tilfellum geta sýslunefndir og hjeraðsfundir komið því til leiðar, að bátafiski hjeraðsbúa á fjörðum sje verndað fyrir þá, en hingað til hefir þessa ekki verið kostur. (*Jón Ólafsson:* Samþykkt Reyðfirðinga!). Að tala um landshöfðingja, er of snemmt á þessu stigi málsins. En ástæður geta verið til þess, að leggja staðfestingarvaldið undir ldsh., því þegar sami maður á við allar samþykktir, verður samræmi meira, og samræmi er æskilegt, því hjer er ekki að eins um hjeraðsbúa að hugsa, heldur alla landsbúa. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta, en ítreka ósk mína til h. þingdeildar, að hún láti málið ganga til nefndar, líklega til þeirrar nefndar, sem nýkosin er.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að eins að gera fáar athugasemdir. Jeg get ekki fallizt á, að fella málið frá umræðum, heldur legg jeg til að kjósa nefnd, eða vísa málinu til nefndarinnar, sem kosin er. Málin eru skyld, en ekki um það sama. Þau eru skyld að því leyti, að það yrðu þrengsli á hverjum firði, ef í landhelgi má fiska, allt Danaveldi. En þrengslin geta komið jafnvel af landsmönnum sjálfum, eins og hefir sýnt sig í Gullbringusýslu. En lögin 14. des. 1877, sem vísað er til í þessu frv., þurfa endurskoðunar og umbóta. Þessar breytingar gæti nefnd sú, sem kosin er í þetta mál, komið fram með, en það má og koma fram með þær sjerstaklega. Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

Jón Ólafsson: Ldsh. tók fram, að það væri nýtt, að takmarka bátafjöldann. Ldsh. hefir mörgu að sinna, og því er ekki von, að hann muni greinilega eptir hverri sam-

þykkt; en jeg man eptir þessari, því jeg var einn af þeim, sem bjuggu hana til, fengu hana staðfesta, og lifðu undir henni, og sem neitað var um lenging á staðfestingunni á eptir. Það er allt prentað í Stjórnartíðindunum, samþykktin og neitunin. Samþykktin gengur einmitt í þá stefnu, að takmarka bátafjölda. Jeg gat ekki komizt hjá að nefna landshöfðingjann, þó snemma sje, af þeirri einföldu ástæðu, að hann var það eina nýja, sem jeg fann í frumvarpinu. Það má enginn skilja mig svo, að jeg beri nokkurt vantraust til herra ldsh., en hann er að eins einn, og ólíklegt, að hann geti haft mikla staðarlega þekkingu um allt land. Og hvað samræmið snertir, þá mætti eiginlega færa þá ástæðu fyrir *öllum* samþykktum, *ef* það *væri* nokkur ástæða. Það er gott, að hafa samræmi í mörgum embættisverkum. En í *þessu* máli er einmitt æskilegt, að ekki sje lögð of mikil áherzla á samræmið, heldur, að slíkar samþykktir sjeu eins breytilegar eins og hin staðarlega tilhögun getur verið breytileg. Allt, sem frv. inniheldur, er breyting á staðfestingarvaldinu, sem í þessu eina atriði er flutt frá amtmönnum til landsh. Jeg sje ekki í því annað en apturför. Þess vegna held jeg fast við, að því sje vísað frá. Frv. þetta á ekki betra skilið. Ef þingið vill endurskoða lög 14. des. 1877, þá má gera það á annan hátt.

Halldór Kr. Friðriksson: Ef það er satt, að Reyðfirðingar hafi gjört svona samþykkt, eins og h. 2. þm. S-Múl. (J. Ól.) segir, þá er sú samþykkt fullkomlega ólögleg. Í sjöttu gr. laganna 1877 segir, að í samþykktum þessum megi ákveða um ýms atriði fiskiveiðum viðvíkjandi, svo sem t. d. hver veiðarfæri og beitu skuli hafa við fiskiveiðar, á hverjum stað og hverjum árstíma, og eins um það, hvort, hvar og hvenær fiskilóðir og net megi nota, og hvort veiðarfæri megi liggja í sjó yfir nóttu o. s. frv. Greinin á við það eitt, sem gjört verður til þess, að spilla ekki fyrir fiskigöngum, en hljóðar alls ekki um, hve margir megi koma. Samþykktin er því ólögleg. *(Jón Ólafsson:* Hún var staðfest af amtmanni). Mjer er öldungis sama, hún er eins móti lögum fyrir það. Hvort talað er um veiðar útlendra eða innlendra manna, er svo náskylt, að jeg vil vísa þessu máli beina leið til nefndarinnar, sem búið er að kjósa, og er það mín uppástunga, að svo sje gert.

— Samþykkt var, að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem kosin er í málið um fiskiveiðar í landhelgi.

Frumvarp til laga um heimild handa stjórninni til að selja þjóðjarðir (C. 66); 1. umr.

Landshöfðingi: Til ldsh. hafa komið nokkrar beiðslur um, að fá keyptar þjóðjarðir, sem komu of seint, til þess að verða teknar til greina í þessu frv. Mjer þætti æskilegt, að þær gætu komið til álita á þessu þingi, og vil jeg leyfa mjer að senda þær þeirri nefnd, sem jeg býst við að kosin verði, en verði engin nefnd kosin, þá forseta, svo að hann leggi þær fram á lestrarsalnum.

Eiríkur Kúld stakk upp á 3 manna nefnd.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst og hafa uppástungur um þjóðjarðarsölu.

Þriggja manna nefnd var samþykkt, og hlutu kosningu:

Þórarinn Böðvarsson 17 atkv.
Jón Sigurðsson . . 16 —
Lárus Blöndal . . 15 —

Fimmti fundur, 6. júlí, kl. 2 e. m. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Fyrsta mál á dagskrá var:

Landshöfðingi gefur þinginu tilkynningu um undirtektir stjórnarinnar viðvíkjandi þingsályktun frá 1883 um lestagjald af póstskipunum.

Landshöfðingi: Eins og hinni háttv. þingd. er kunnugt, kom fram á þinginu 1883 fyrirspurn frá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um það, hverjar ráðstafanir stjórnin hefði gert til þess að heimta inn 34,302 kr., sem er lestagjald af póstgufuskipunum. Jeg gaf þá þinginu þá skýrslu um málið, að stjórnarráð Íslands hefði skrifazt á við fjármálastjórn Dana um þetta mál, og borið fram kröfu um þetta fje; lengra hefði þá eigi verið komið. Af þessum brjefaviðskiptum milli stjórnarráðsins og fjármálastjórnarinnar varð sú

niðurstaða, að fjármálastjórnin neitaði að greiða þetta fje, með því að krafan væri ekki á rökum byggð. Þá lá ekki annað fyrir, ef kröfunni skyldi áfram halda, en að hefja lögsókn út af fjárkröfu þessari, gegn fjármálastjórninni, eins og þingið öðrum þræði hafði farið fram á, en áður en lengra væri farið í því tilliti, hefir stjórnin leitað álita nafnkunns málafærslumanns við hæstarjett um málið, og hefir hann nú gefið ýtarlegt álit um málið, er jeg hefi í höndum, og hefi jeg umboð til að gera það hinu háttvirta þingi kunnugt; jeg hefi hlutazt til um, að það yrði lagt út á íslenzku, og eiga nú h. þingmenn kost á að kynna sjer það, og munu þeir þá sjá, að þessi málafærslumaður hefir enga von, um að málið mundi geta unnizt; að svo mæltu leyfi jeg mjer að afhenda h. forseta þetta álitsskjal.

Forseti óskaði eptir að fá einnig frumritið, af því það gæti verið þingmönnum til leiðbeiningar, og kvað hann svo mál þetta verða lagt fram á lestrarsalinn; ímyndaði hann sjer, að þingmenn mundu, ef til vill, vilja setja nefnd í málið, til þess að íhuga, hvort eigi væri gjörlegt að halda málinu áfram, þrátt fyrir ástæður hins h. málafærslumanns.

Í öðru lagi var á dagskrá:

Afgreiðsla á nokkrum bænarskrám til þingsins.

Bænarskrá um uppgjöf á rentu af skuld Stykkishólmskirkju á fjárhagstímabilinu frá 1885—1887 (flutningsm. Eiríkur Kúld, þm. Barðstr.), — var vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá sjera Páli Pálssyni á Þingmúla um fjárstyrk sem þóknun fyrir að hafa á hendi kennslu heyrnar- og málleysingja (flutningsm. Jón Sigurðsson, þm. S-Þing.), — var sömuleiðis vísað til fjárlaganefndarinnar.

Sjötti fundur, 7. júlí. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti lagði fram bráðabyrgðaskilagrein frá útsölumanni alþingistíðindanna 1883, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni.

Enn fremur bar hann undir atkvæði þá ósk 13 þingdeildarmanna, að ritstjórar blaðanna Ísafoldar og Suðra skyldu ekki eiga sæti utan vebanda, heldur við sjerstakt borð hjá skrifaraborðinu, eins og þeir höfðu farið fram á í beiðni sinni, og var það samþykkt með meiri hluta atkvæða.

Þá gat forseti þess, að nú vantaði að eins tikynningu frá einni nefnd, sem kosin hefði verið í þingdeildinni, um formann og skrifara, og væri það nefndin í reikningsmálunum. Orsökin væri sú, að enn væri þriðji nefndarmaðurinn ókominn. Þetta væri mjög óheppilegt, að sú nefnd gæti eigi farið að taka til starfa, þar sem þó hennar hlutverk bæði væri mjög mikilsvert og vandasamt.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að það er mjög óheppilegt, að nefnd þessi skuli eigi þegar geta tekið til starfa, einkum þar sem hlutverk nefndarinnar er mjög áríðandi. Það hefur auðvitað verið ætlun h. þingdeildar, þegar hún kaus í þessa nefnd, að þm. sá, sem enn er ókominn, mundi þá koma bráðlega, en nú hefir þessi von brugðizt. Afleiðingarnar af þessu geta því hæglega orðið þær, ef hinn þriðji nefndarmaður eigi kemur því bráðara, að málið geti eigi orðið útkljáð á þessu þingi, sem væri mjög óheppilegt. Jeg vil því skjóta því til h. forseta og h. þingd., hvort henni virðist eigi ástæða til, að kjósa nú þegar mann í stað hins fjarverandi þingmanns, til viðbótar í nefndina, til þess að koma í veg fyrir þá hættu, sem þessu máli getur verið búin sökum fjarvistar eins af nefndarmönnunum.

Eiríkur Kúld: Jeg skal játa það, að það er mjög óheppilegt, að h. 2. þm. Árn. (M. A.) skuli enn eigi vera kominn til þings; en jeg skal geta þess, að við hinir 2 meðnefndarmenn höfum þó þegar gjört nokkuð í að kynna okkur málið. En við höfum ekki sjeð okkur fært, hvorki að kjósa formann nefndarinnar nje skrifara, þar sem þriðji maður er ókominn, því þá hefðum við orðið að kjósa hvor annan, þar sem hinn þriðja vantaði — og heldur ekki höfum við viljað fara þess á leit, að

fá viðbót í nefndina, í því trausti að þingmaðurinn mundi koma bráðlega. Og í því trausti, að hann komi innan 2—3 daga, og af því að við vitum, að sá þingmaður er öðrum fremur kunnugur þessu máli, þá vil jeg leggja það til, að enn verði beðið eina 2 daga, án þess að setja mann í hans stað í nefndina.

Jón Ólafsson: Jeg vil spyrja: er það leyfilegt, að afsetja þann mann úr nefnd, sem kosinn hefir verið í hana? Jeg veit eigi til, að þingsköpin heimili það nokkursstaðar. Ef vjer nú kjósum nýjan mann í stað þessa fjarverandi þingmanns, og hann svo kemur í kvöld eða á morgun, hvor þeirra á þá rjett á að sitja í nefndinni, ef báðir heimta það, sá, sem nú er fjarverandi, en er rjett kosinn eptir þingsköpum, eða hinn, sem kosinn er á þann hátt, sem þingsköpin að minnsta kosti hvergi gjöra ráð fyrir? Mjer finnst sjálfsagt, að þeir tveir nefndarmenn, sem þegar eru hjer komnir, starfi í nefndinni það sem þeir geta. En að *víkja* kosnum manni *úr* nefnd, heimilar engin grein þingskapanna.

Landshöfðingi: Það tilfelli gæti þó komið fyrir, að ekki yrði hjá því komizt að kjósa mann í viðbót í einhverja nefnd, t. a. m. við dauða einhvers þingmanns, eða þá ef þingmaður sýktist, og gæti þess vegna ekki gegnt nefndarstörfum. Jeg álít rjetti hlutaðeiganda í engu misboðið með því, þótt bætt væri við í nefndina í stað hans. Hann hefir verið kosinn í nefndina í því trausti, að hann kæmi hið bráðasta og gæti þá strax tekið þátt í nefndarstörfum. En þar sem nú þessu láni er enn eigi að fagna, getur sá tilgangur, sem h. þingd. hefir haft með kosningunni, því að eins náðzt, að kosinn sje maður í hans stað. Þótt þessir tveir samnefndarmenn hans kynni sjer málið, er því eigi að fullu borgið. Málið má eigi dragast. Og þegar h. þm. Árn. (M. A.) kemur, þarf hann líka að kynna sjer málið, og við það dregst enn tíminn. En sje svo, að h. samnefndarmenn hans vilji bíða enn nokkra daga, skal jeg eigi að svo komnu setja mig á móti því.

Jón Ólafsson: Ef vjer setjum, að þm. Árn. (M. A.) komi þann sama dag, sem annar er kosinn í hans stað í nefndina, hvor er þá rjett kosinn og hvor þeirra á þá að gegna nefndarstörfum? Fyrst þingdeildin á annað borð hefir hagað svo kosningum sínum, að kjósa fjarverandi mann, þá er sjálfsagt, að hún verður að taka hinum beinu afleiðingum af sínum kosningum, og þær eru þetta, að þeir tveir verða að starfa einir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil mæla með því, að því sje frestað þó enn nokkra daga, að kjósa annan mann í staðinn fyrir 2. þm. Árn. (M. A.), einkum úr því meðnefndarmenn hans ekki æskja þess. En þó svo færi, að maður yrði kosinn í hans stað, og hann þá kæmi sama dag, þá yrði að sjálfsögðu 2. þm. Árn. (M. A.) að bera það með jafnaðargeði; en jeg verð að ætla, að það geti eigi dregizt lengi, að hann komi, þar sem hann enga tilkynningu hefir gefið, og í því trausti verð jeg að leggja það til, að bíða enn 2—3 daga.

Forseti: Jeg hef enga uppástungu gjört í þessa átt. Að eins hef jeg getið þess, að jeg hefði ekki fengið neina tilkynningu um formanns og skrifara kosning í þessari nefnd, sem jeg þó sem forseti gæti vænzt samkvæmt 10. gr. þingskapanna, og það eru þau lög, sem vjer eigum að lifa eptir. Jeg skal samt ekki vera á móti því, að þessu máli sje enn frestað í 2—3 daga, enda þótt nú sjeu þegar 7 dagar liðnir af þingtímanum, af því það er ósk hans meðnefndarmanna. En verði hann *þá* ekki kominn, álít jeg sjálfsagt, að kjósa mann í nefndina í hans stað.

Eiríkur Kúld: Mjer fannst h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) taka það fram, til hvers það ræki, ef annar maður yrði kosinn í stað hins fjarverandi þingmanns, ef hann kæmi svo sama daginn. Á hann þá að víkja úr nefndinni, eða er hann ekki löglega kosinn? — og fyrst svo er, hver þeirra á þá að vera nefndarmaður, því í þessari nefnd eiga eptir þingsköpunum 21. gr. að eins 3 menn sæti. Að við hinir tveir ekki höfum kosið formann og skrifara, eins og forseti ber okkur á brýn, er komið til af því, eins og jeg áður tók fram,

að okkur virtist það ófært, þar sem þriðja nefndarmanninn vantaði, svo við hefðum orðið að kjósa hvor annan, því hinn þriðja nefndarmann vantaði.

Síðan var ályktað að fresta þessu máli um nokkra daga.

Þá var samkvæmt dagskrá tekin fyrir:

Afgreiðsla á tveimur bænarskrám og málaleitunum frá Þingvallafundi og fundi á Einarstöðum í Reykjadal.

Bænarskrá frá Magnúsi Þórarinssyni um styrk til að fullkomna ullarvinnuvjelar (flutningsm. Jón Sigurðsson) — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Jóni Ingjaldssyni um styrk til þilskipakaupa (flutningsm. Jón Sigurðsson), — sömuleiðis vísað til fjárlaganefndarinnar.

Málaleitanir ýmsar frá Þingvallafundi (flutningsm. Jón Sigurðsson), — skjölin afhent aptur flutningsmannni sem afgreidd.

Málaleitanir ýmsar frá fundi á Einarsstöðum í Þingeyjarsýslu (flutningsm. Jón Sigurðsson); — þau skjöl sömuleiðis afhent aptur flutningsmanni sem afgreidd.

Forseti ákvað, að þær bænarskrár, sem ekki nú þegar væri hægt að vísa til kosinnar nefndar, mættu flutningsmenn reyndar, ef þeir vildu, láta liggja á lestrarsalnum, þótt staður þeirra væri þar ekki, frá því þær væri afgreiddar, en þær væru úr ábyrgð forseta og skrifaranna. Að bænarskrár og fundarályktanir væru teknar fyrir á þennan hátt, væri til að fullnægja þeirri heimtingu, sem landsmenn ættu á því, að fundarályktunum þeirra væri sem fyllstur gaumur gefinn. Hin 27. grein þingskapanna segði svo fyrir, að »sjerhvert« utanþingsmálefni skyldi komast inn á þing, annaðhvort til þeirra nefnda, þar sem það ætti heima, eða svo, að flutningsmenn gætu gjört sjerstakar uppástungur um þau; en þetta væri sjálfsagt á valdi flutningsmanna sjálfra.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 113); 1. umræða.

Jón Sigurðsson: Það hafa nú í seinni tíð heyrzt margar háværar raddir frá þjóðinni um breytingar á stjórnarskránni, bæði í blöðunum og frá ýmsum fundum, t. d. frá Þingvallafundi og fundinum á Einarsstöðum í Reykjadal. Það eru þessar raddir, sem hafa knúð okkur flutningsmenn þessa frumvarps til þess að koma fram með það. Frumvarpið er flýtisverk og ekki í svo góðu lagi, sem æskilegt væri, og þarf því að sjálfsögðu mikillar íhugunar við. Sting jeg því upp á að sett sje 7 manna nefnd í málið og 1. umr. frestað.

Landshöfðingi: Jeg ætla mjer ekki að flytja langa ræðu, en jeg álít þó rjett nú þegar í byrjun þessa máls, að lýsa yfir, hvernig stjórnin lítur á málið. Stjórnin álítur að svo komnu sjerhverja breytingu á stjórnarskránni ónauðsynlega og mun því enga breyting á henni aðhyllast. Að öðru leyti skal jeg ekki fara lengra út í þetta mál á þessu stigi málsins, en geyma það til framhalds 1. umr. Þó skal jeg bæta því við, að þar sem stjórnin ekki álítur neina breytingu á stjórnarskránni nauðsynlega að sinni, þá er það af því, að hún er þeirrar skoðunar, að sú stjórnarskrá, sem við höfum, eins og hún er sje því ekki til fyrirstöðu, að landið geti tekið öllum þeim framförum, sem það þarf með, og eptir atvikum eru mögulegar. Stjórnarlög hvers lands eru mjög áríðandi og er það mikilsvert, að þau standi ekki á lausum grundvelli; þetta ímynda jeg mjer að flestir hljóti að játa, og því er það mjög varhugavert að breyta þeim, nema sýnt verði að brýna nauðsyn beri til þess, jafnvel þótt einstök atriði kynnu að geta farið betur. Það er því áríðandi að fara mjög varlega þegar um slík mál er að ræða, og aldrei að breyta neinu, nema maður sje viss um að maður geti sett eitthvað betra en það sem er. Þetta vona jeg að h. háttv. þm. hafi sjer hugfast, ef þeir annars vilja halda málinu áfram. Það er mjög erfitt að breyta slíkum lögum, sem þeim, er hjer ræðir um, og sjest það bezt, þegar menn bera þau frv., sem komið hafa fram um þetta mál, saman við það frv., er hjer liggur fyrir; má af því sjá, hversu reikandi skoðanirnar hafa verið um, hversu koma skyldi máli þessu fyrir, enda er mjög erfitt að koma því svo fyrir, að betur fari en það

sem nú er. Jeg skal ekki fara mikið út í hin einstöku atriði að svo vöxnu máli, en jeg vil þó leyfa mjer að víkja stuttlega á eitt atriði, og það er um fyrirkomulagið á hinni æðstu stjórn landsins og sambandi hennar við konung. Samkvæmt frv. 1873 átti hin æðsta landstjórn að vera hjá jarli, en konungur átti þó að veita embætti, en lagaboð og ályktanir urðu að ná samþykki konungs eða jarls. Samkvæmt frv. 1883 þurfti samþykki konungs til þess að frv. alþingis næðu lagagildi, en landshöfðingi átti að undirskrifa þau sem ráðgjafi og hafa ábyrgð á þeim. Nú eptir þessu frv., sem hjer liggur fyrir, þarf konungur ekki að undirskrifa lögin, meira að segja má ekki gera það, hann hefir enga heimild til þess eptir þessu frv., heldur landsstjórinn, og hans samþykki er skilyrði fyrir því, að lögin öðlist gildi. Þetta sýnir, hversu reikandi skoðanirnar hafa verið um það, hversu þessu skyldi haga. Jeg get ekki álitið, að menn hafi hjer fundið rjettari eða heppilegri veg en áður, og þó að stjórnin álíti einhverja breyting á stjórnarskránni nauðsynlega eða hagfellda, þá gæti þetta frv. aldrei öðlazt staðfesting konungs. Jeg hef nú skýrt og skorinort lýst yfir skoðun stjórnarinnar á þessu máli, og álít, að ef þingið eyðir miklum tíma til þessa máls, þá sje honum eytt til ónýtis.

Jón Sigurðsson: Jeg tek þá uppástungu mína aptur, að setja nefnd í málið, sökum þess, að h. ldsh. hefir fundið köllun hjá sjer til að hefja umræður um málið, er nauðsyn ber til að svara. Skal jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um málið í heild sinni, með því það á þessu stigi málsins á ekki við, að fara út í hin sjerstaklegu atriði þess.

Mjer kom það ekki óvart, er kom fram í í yfirlýsingu hæstv. ldsh., að stjórnin mundi enga þörf álíta á breytingum á stjórnarskránni, því ella mundi stjórnin hafa komið á móti þinginu með þær, því eptir málalyktunum á hinu síðasta ráðgefandi alþ., 1873, sem sje hinni alkunnu varatillögu, sem þingið þá framsetti, að ef stjórnarbót fengist, skyldi hún tekin til endurskoðunar að þrem þingum liðnum — þá hefði stjórnin átt að leggja stjórnarskrárfrv. fyrir alþ. 1881, en það vita h. þingmenn, að stjórnin hefir ekki gert. Það var þess vegna við því að búast, að stjórnin mundi ekki álíta neinar breytingar á stjórnarskrá vorri nauðsynlegar. — En þörfin hefir komið fram frá þjóðarinnar hálfu; það er þjóðin sjálf, sem óskar breytinga á stjórnarskránni, og vona jeg að h. þingmenn geri ekki of lítið úr þeim mörgu röddum, sem heyrzt hafa frá þjóðinni í þessa stefnu; og í þessu tilliti er jeg því vonaröruggari, sem þessu máli var tekið svo vel hjer í deildinni í hitt eð fyrra, 1883, og þá var að eins tímaleysi Ed. því til fyrirstöðu, að málið næði fram að ganga á því þingi.

Hæstv. ldsh. tók það fram, hversu reikular skoðanir manna hefðu verið í þessu máli, og vil jeg alls ekki neita, að svo kunni að vera, að ýmsar skoðanir hafi komið fram, þá er um þetta mikilvæga mál skal ræða; en mjer virtist h. hæstv. landsh. leggja allt of mikla þýðingu í þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Vjer 3 flutningsmenn frumvarpsins höfum samið það að mesta flýti, og hæstv. ldsh. má ekki ætlast til svo mikils af okkur, þar sem við sömdum frv. á einum degi, að við getum komið með óaðfinnanlegt frumv. Við samning frv. þessa höfðum við fyrir okkur stjórnarskrárfrv. frá 1873 og 1883, og reyndum til að taka það bezta úr þeim frumv. báðum. Ef til vill kann eitthvað að hafa fallið úr eða aflagazt, en varla í neinum stórvægilegum atriðum.

Jón Ólafsson: Jeg verð að játa það, að mjer kom mjög á óvart yfirlýsing hæstv. ldsh. frá stjórninni; jeg gat vel búizt við því, að stjórnin mundi verða treg á að samþykkja *sumar* breytingar á stjórnarskránni, en við hinu gat jeg ekki búizt, að hún mundi *af taka* gjörsamlega *allar* breytingar á henni. Það lítur svo út, sem stjórnin álíti stjórnarskrána svo alfullkomið verk, að eigi þurfi að gera breytingar á henni. Jeg er því alveg ósamdóma, að breytingar þær, er gjörðar hafa verið á stjórnarskránni, beri vott um það, að *stefna* manna hafi verið svo mjög reikandi í þessu efni; nei, þvert á móti: *stefnan* er alveg sú sama, menn hafa að eins

verið reikulir í, hvert form menn ættu að velja til að ná henni sem bezt; það, sem menn ávallt hafa farið fram á, er það, að stjórnarvaldið verði meira innlent, og sem minnst háð útlendum mönnum, sem lítið eða alls ekkert þekkja háttu lands vors, og skilja ekki eitt orð í tungu landsmanna. Það hefir verið leitað fyrir sjer, hvað stjórninni mundi geðþekkast, og hvað helzt mundi ganga fram. *Stefnan* er því ávallt sú sama, fastákveðin, og sköpuð af stjórninni sjálfri og nauðsyninni; og þegar alþingi bað konung að gefa landinu stjórnarskrá 1873, þá var beinlínis ráðgert, að hún yrði endurskoðuð á fárra ára *fresti*, jafnvel miklu fyrri en þetta. Jeg játa það, að það er æskilegt, að stjórnarskráin sje á sem föstustum grundvelli byggð, en grundvöllur hennar breytist alls eigi við þessa endurskoðun. Sú þjóð, sem *stjórnin* jafnan lítur hátt upp til, það eru Danir, þeir hafa þó þurft að breyta sinni stjórnarskrá, og það optar en einu sinni á fárra ára fresti, og því skyldum vjer þá ekki einnig geta haft þörf fyrir að breyta vorri stjórnarskrá? Skyldi vor stjórnarskrá vera það frjálslegri en þeirra? Yfirlýsing sú, sem landsh. gaf hjer nú í stjórnarinnar nafni, ætti að vera oss hvöt til, að fara varlega og gætilega, en alls eigi til hins, að menn leggi árar í bát og hætti við það starf, er menn hafa byrjað á, ef vjer erum sannfærðir um, að margar ákvarðanir í stjórnarskránni sjeu alveg óhafandi; nei, vjer eigum að halda áfram og frá því eiga undirtektir stjórnarinnar ekki að fæla oss, en þær eiga að eins að vera oss hvöt til þess að fara hyggilega og hóflega í kröfum vorum; ef svo stjórnin synjar staðfestingar, þá liggur hin siðferðislega ábyrgð á henni, en ekki á oss. Og jeg fyrir mitt leyti legg ekki svo mikið í mótbárur stjórnarinnar, að jeg álíti þeim tíma varið til einskis, er vjer berjumst fyrir bráðnauðsynlegum breytingum á stjórnarskrá vorri; því að mörg vor barátta að undanförnu, já sjerstaklega sjálf stjórnarbarátta vor, kennir oss það, að stjórnin hefir opt sampykkt það á endanum, er hún í fyrstu hefir lýst yfir, að hún mundi *aldrei* ganga að; þetta segi jeg til lofs, en eigi ámælis stjórninni; henni er að því leyti eins varið og flestum öðrum skynsemi gæddum verum, að hún getur látið sannfærast af reynslunni og tímanum og skynsamlegum rökum; vona jeg, að h. þingd. setji nefnd í þetta mál og flýti fyrir því sem mest, að eðli þess leyfir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg játa fyrir mitt leyti, að það eru ýms atriði í stjórnarskránni, sem jeg og aðrir telja, að gætu verið betri, og sem jeg veit, að margir Íslendingar óska, að breytt sje. En þó fæ jeg ekki sjeð, að nokkrar sem helzt ákvarðanir sjeu þær í stjórnarskránni, er standi framförum vorum fyrir þrifum, eða banni nokkrum að neyta allra krapta sinna til góðs eptir landsháttum, efnum og ástandi landsins. Svo er annað atriði. Það, sem mestu varðar af því, sem ábótavant er við þessa innanlandsstjórn, sem nú er, er það, eptir minni skoðun, að ráðgjafinn kemur eigi á þing, eða neinn sá af hans hendi, sem fullkomlega geti lýst yfir skoðun stjórnarinnar á málunum, og hverju stjórnin vilji ganga að. En stjórnarskráin er því ekkert til fyrirstöðu, að ráðgjafinn komi sjálfur á þing. Það eru engar ákvarðanir í henni, sem tálma því. *(Jón Ólafsson:* En eru þar nokkrar ákvarðanir, sem tryggja það?). Það er engin, sem er því til fyrirstöðu, að það geti orðið eins og menn óska. Þess vegna er af þeim sökum ekki þörf á nokkurri breytingu um það atriði, úr því menn geta fengið vilja sínum framgengt án breytingar á stjórnarskránni. Yfir höfuð finnst mjer, að menn geti unað fyrst um sinn við stjórnarskrána, og þau atriði, sem margir óska að fá breytt, finnst mjer ekki þurfi að leggja sjerlega mikla áherzlu á. Og eins og tekið hefir verið fram, eru skoðanir manna um ýmisleg atriði, svo sem um hina æðstu innlendu stjórn, enn mjög á reiki, og sú skoðun kemur fram á hverju þingi. Og er þó ekki viðkunnanlegra, að reyna að fá einhverja fasta niðurstöðu, hvernig vjer viljum hafa það, áður en farið er að breyta? Fyrst skoðanir manna eru enn á reiki, og meðan ekki er komið lengra en svo, að sinn er á hverri skoðun og sinni skoðun á hverju þingi, er varlega farandi í, að fylgja fast

fram skoðun, sem hefir lítinn meirihluta með sjer. Og er hentugur tími til að fara langt út í þau efni nú? Vjer megum sem stendur varla heita sjálfbjarga, þurfum gjafir frá öðrum, biðjum um gjafir, en viljum þó vera stórráðir, og stjórna öllu saman. Ekki mundi ljetta á landssjóðnum fyrir það, þó þetta frumvarp næði fram að ganga.

Ástandið, sem nú er í Danmörku, mundi og naumast gera ráðgjafann fúsari til þess, að samþykkja breytingar fyrir oss nú sem stendur; og sje á annað borð farið að breyta, þá vil jeg gera það svo, að viðunandi sje í lengri tíma, en þurfi ekki þegar að róta við því aptur. Þó mæli jeg ekki á móti því, að nefnd sje sett í þetta mál, enda þótt jeg álíti, að hún geti ekki orðið þýðingarmikil, samkvæmt yfirlýsing landshöfðingja um skoðun stjórnarinnar. Því það var skoðun stjórnarinnar, sem ldsh. lýsti yfir, ekki hans skoðun. Stjórnin sjálf hefir sagt, að hún muni ekki taka neinum breytingum að þessu sinni. Jeg mæli ekki á móti því, að nefnd fái að reyna sig; en það eru svo mörg mál, sem nú liggja fyrir, að eigi má eyða tímanum til árangursleysu.

Eiríkur Kúld: Jeg er hinum hæstv. ldsh. þakklátur fyrir yfirlýsinguna. Það er fyrsta sinn, þau ár, sem jeg hefi verið á þingi, sem svo skýr yfirlýsing hefir komið um álit stjórnarinnar á máli, sem lagt er fyrir þingið frá þjóðinni; það væri auðvitað hægra fyrir þingið, að afgreiða mál sín, ef það fyrirfram vissi undirtektir stjórnarinnar á þeim, og mundu menn þá heldur geta hagað segli eptir vindi. En þó yfirlýsing hins hæstv. ldsh. hafi farið í aðra átt en sumir af oss höfðum búizt við, fælir hún mig ekki fyrir mitt leyti frá, að styðja þetta mál. Jeg skal játa, að stjórnarskráin er ekki óbrúkandi, og við hana má bjargast, eins og hingað til; en hún ber samt með sjer galla, sem þarf að lagfæra. Og svo eru hinar mörgu raddir frá þjóðinni, sem þingið þarf að taka tillit til. Þó árangur kunni að verða lítill þetta sinn, þá kann hann þó einhvern tíma að koma, ef til vill næst, og það, sem nú verður gert, greiðir veginn fyrir seinna þingi. Jeg get ekki skilið það, sem h. þm. Rvk (H. Kr. Fr.) sagði, hvernig ástandið í Danmörku eigi að ráða því, að ekki megi taka mál þetta til meðferðar;—það er ekki ástandið í Danmörku, sem hjer er um að ræða, heldur erum vjer alþingismenn sendir af þjóðinni til að tala um ástandið á voru eigin landi. Jeg vil styðja málið, og leyfa mjer að stinga upp á 7 manna nefnd.

Benedikt Sveinsson: Þó að búið sje að stinga upp á nefnd, skal jeg leyfa mjer að koma með stutta athugasemd, til þess að taka það fram, að þessi yfirlýsing ldsh. getur ekki fælt mig frá, að fara fram á breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er yfirlýsingin að minni hyggju of snemma fram komin. Í 61. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, *skal* leysa alþingi upp þá þegar, og stofna til almennra kosinga af nýju. Samþykki *hið nýkosna* alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu *konungs*, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög«. Má jeg spyrja: hvað er nú veitt með þessu? Fyrst og fremst veitist þessu þingi skilyrðislaus heimild til að gjöra breytingar á stjórnarskránni. Þegar svo þetta þing hefir komið sjer saman um þessar breytingar, sem enn er óreynt að verði, þá er stjórnin *skyldug til* að uppleysa þingið þá þegar, án nokkurs tillits til, hvort hún álítur breytingarnar nauðsynlegar eða ekki, og þegar annað þing, hið nýkosna þing, hefir fallizt á eða samþykkt breytingar hins fyrra þings alveg óbreyttar, já þá fyrst kemur *til skoðunar*, hvort konungur vill staðfesta breytingarnar eða ekki. Af þessum ástæðum virðist mjer yfirlýsing þessi vera nokkuð ótímabær, og hefði jeg ekki trygging í orðum hins hæstv. ldsh., sem mjer dettur ekki í hug að rengja, fyrir því, að þessi yfirlýsing væri sprottin frá hinum háa stjórnarherra Íslands, hefði jeg ekki getað

trúað því, að svo væri; en það verð jeg og þá líka að segja, að jeg hefi minna álit á honum eptir en áður. Jeg vonast til, að þessi yfirlýsing þess vegna verði ekki til þess að fella uppástunguna um nefnd, eða valdi því, að þingið ekki veiti þessu máli allt athygli og áhuga. Það atriði, að skoðanir manna kunna að vera reikular, um mikils umvarðandi atriði málsins, er einmitt ástæða til að minni hyggju að rannsaka málið því betur, og að verja tíma og umhugsun því rækilegar til þess að sjá og finna, hvaða fyrirkomulag á stjórn landsins sje heppilegast til, til þess að allir kraptar, allir hinir beztu kraptar lands og þjóðar geti komið fram, til þess að íhuga, hver af þeim mörgu skoðunum, sem fram hafa komið, sje bezt fallin til þess að gróðursetja *sanna* innlenda stjórn á Íslandi, *þannig* lagaða, að ekki að eins allir hinir beztu kraptar lands og þjóðar *geti*, heldur *hljóti* að koma fram. Háttvirtu herrar! Það er mikill munur á því að *geta*, og að *hljóta*. Það er þetta óttalega millibil, sem vjer og stjórnin eigum að skilja rjett. Vor stjórnarskrá er svo löguð, því miður, að það má þenja hana og toga í allar áttir, eins og hrátt skinn; og því ver, þá sýnir reynslan, að henni hefir verið beitt í þá áttina, þanin í þá stefnuna, að útiloka oss Íslendinga frá sönnum þjóðlegum framförum. Það er að eins eitt atriði í ræðu þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), sem jeg vil minnast á, og sem jeg sannarlega ekki skil, hvernig getur átt við þetta mál. Hann sagði, að það ætti illa við, að vjer, sem hefðum þegið gjafir af öðrum, vildum öllu ráða. Nú! meinar hinn háttvirti þingmaður það, að vjer Íslendingar eigum að vera ómagar fyrir gjafir veglyndra útlendra þjóða? Má jeg spyrja: hverra ómagar eigum vjer að vera? Sjálfra vor sjálfsagt. Því hver skyldi hafa þann herrarjett yfir oss, að hann hafi oss fyrir ómaga? Nei! einmitt breytingin á stjórnarskrá Íslands á að kenna oss, á að neyða oss að hætta að vera *ómagar sjálfra vor* og annara þjóða. Það þarf að skipa stjórnarskipunarlögum landsins svo, að þjóðin eigi að eins geti, heldur *hljóti* að bægja frá sjer vesöld, volæði og minnkun gagnvart hinum menntuðu þjóðum heimsins. Jeg veit, að jeg er hvergi nærri annar eins garpur í veraldarsögunni, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga; en sje nokkuð það atriði til, sem veraldarsagan sýnir og sannar á öllum tímum, og sem jeg ekki mun gleyma til dauðadags, þá er það það, að þá hafi jafnan þjóðirnar staðið í mestum blóma, þegar þær hafa haft sem mest sjálfsforræði, ráð sinna eigin málefna, og það er einmitt þetta og ekkert annað, sem hjer ræðir um. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að ef vjer ekki reynumst drengilega í þessu máli, þá munum vjer eptirleiðis ekki verða nefndir *fulltrúar* þjóðarinnar á Íslandi, heldur *börn* hennar.

Síðan var kosin 7 manna nefnd í málið og 1. umræðu frestað. Og þessir hlutu kosningu:

Jón Sigurðsson	með 20	atkv.
Benedikt Sveinsson	— 19	—
Þórarinn Böðvarsson	— 19	—
Þorvarður Kjerulf	— 18	—
Þórður Magnússon	— 14	—
Halldór Kr. Friðriksson	— 13	—
Jón Jónsson	— 12	—

Sjöundi fundur, 8. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að nefndinni í málinu um endurskoðun stjórnarskrárinnar væri kosinn formaður Jón Sigurðsson og skrifari Halldór Kr. Friðriksson.

Þá bar hann upp beiðni frá ritstjórum blaðanna Þjóðólfs og Fjallkonunnar um sama leyfi og ritstjórar hinna blaðanna höfðu fengið, að mega sitja inni í þingsalnum á fundum, og var það leyft með 13 atkv.

Enn fremur gat forseti þess, að til sín væri kominn 1. fundarskýrsla frá Hjalteyri við Eyjafjörð, og 2. fundarskýrsla frá hjeraðsfundi í Hafnarfirði; mundu skýrslur þessar báðar verða lagðar fram á lestrarstofuna.

Þá var tekið til dagskrár.

Frv. til laga um útflutningstoll af landvarningi og um afnám ábúðarskatts og lausafjár (C. 121); *1. umr.*

Arnljótur Ólafsson: Það eru að eins tvö atriði í máli þessu, sem jeg vil minnast á; annað er það, hverjar landstekjur fást muni eptir frumvarpi þessu, svo byggja megi á með fullum sanni; en hitt eru ástæðurnar fyrir því, að jeg vil afnema ábúðar- og lausafjárskattinn. Það liggur þá fyrst fyrir, að gera áætlun um þá upphæð, sem útflutningstollurinn muni af sjer gefa. Jeg skal játa, að það er ávallt dálítið valt, að geta sjer til, hversu mikill útflutningstollurinn verður, einkum þar sem við höfum engar verzlunarskýrslur fyrir 5 eða 6 síðastliðin ár. Verður maður því að fara eptir reynslu síðastliðinna ára um útflutning á sauðfje og hrossum, og samkvæmt henni má gera ráð fyrir, að útflutningur á sauðfje sje hjer um bil 10,000 á ári að meðaltali; jeg veit til, að flutt hafa verið 14,000 fjár eitt árið, og minnst 5000. Hestar geri jeg ráð fyrir að sjeu útfluttir um 1400 að meðaltali ár hvert. Þetta vona jeg sje ekki of hátt sett og heldur fyrir neðan en ofan það sem nú á sjer stað. Enn fremur má og gera ráð fyrir, að útflutningur fjár og hesta aukist mjög. Jeg veit t. d., að herra Coghill hefir nú lánað Skagfirðingum vörur upp á 50,000 kr. og Húnvetningum upp á 30,000 kr., allt á móti sauðfje og hrossum. Samkvæmt þessari áætlun um útflutning á sauðfje og hrossum og meðaltali á útflutningi 6 fyrstu landauranna árin 1873—1877 nemur tollurinn eptir 2. gr. frv. 26,150 kr., eða verður með öðrum orðum tæpum 4000 kr. lægri en ábúðar- og lausafjárskatturinn er áætlaður í fjárlagafrv. stjórnarinnar, og þótt ábúðar- og lausafjárskatturinn væri áætlaður oflágt nú, þá held jeg að þessi áætlun mín um tollinn sje líka of lág, og muni einkum reynast svo þegar fram í sækir. Niðurfærslan á tekjum landssjóðs yrði þá einar 4000 kr., og væri það ekki frágangssök, ef breytingin væri að öðru leyti landsmönnum í hag, sem jeg álít að sje. Einn af hinum mörgu ókostum ábúðar- og lausafjárskattsins er ójöfnuðurinn, sem kemur fram við gjaldendur af hans völdum. Jeg hef áður sýnt það í einu af blöðunum, að þetta ranglæti nemur að minnsta kosti svo miklu, að skattur þessi er tífalt hærri en getur komið til greina að hann ætti að vera í samanburði við tekjuskattinn af annari atvinnu. Þessi skattur er lagður á eptir upphæð lausafjár- og jarðarhundraða: 1 al. af hverju lausafjárhundraði og $\frac{2}{5}$ al. af hverju jarðarhundraði. En eptir vanalegri upphæð lausafjárhundraða í landinu kemur $1\frac{1}{2}$ jarðarhundrað á móts við 1 lausafjárhundrað. Sá, sem tíundar 10 hundruð lausafjár, hann býr að meðaltali á 15 hundraða jörð. Þegar nú að er gætt högum landsmanna, þá eru það einmitt hinir fátækari, sem þessi ójöfnuður kemur mest niður á. Það getur komið fyrir, að maður, sem býr á 20 hundraða jörð, að eins hangi í skiptitíund. Það eru efnamennirnir og þeir sem búa stærst, sem hafa fleiri eða allt að því eins mörg lausafjárhundruð eins og ábúðarhundruð. Setjum nú sem meðaltal, að hinir fátækari meðalbændur tíundi 10 hundruð, en búi á 20 hundraða jörð. Gjörum enn fremur meðalalin í verðlagsskránni 55 a. af hverju lausafjárhundraði og 44 a. af hverjum tveim ábúðarhundruðum, en það verður í raun inni sama sem 99 aurar af hverju lausafjárhundraði, því 55 aura borgar hann af hverju lausafjárhundraði í sjálfu sjer, og 44 a. af ábúðinni, til þess að framfleyta lausafjenu. Meðalverðhæð á lausafjárhundraði, ef hákarlaskip eru undantekin, mun vera um 125 kr., og hefir maður þá mælikvarða til að fara eptir. Búandinn borgar af 125 kr. innstæðu 99 aura. Ábúðarskatturinn er lagður á innstæðuna, stofnfjeð; en tekjuskatturinn af annari atvinnu er lagður á arðinn af fjenu, á ágóðann, á árstekjurnar, það er með öðrum orðum: annar skatturinn er lagður á vöxtuna (rentuna), en hinn á innstæðuna (kapítalið), sem verður sama sem 1 á móti 10 eptir gömlu lagi, en miklu meira nú. Eptir atvinnuskattslögunum á

að greiða í atvinnuskatt 1 kr. af hverjum 100 kr., þegar taldar eru frá 1000 kr. af tekjunum. Sá ójöfnuður, sem menn verða fyrir af þessum skatti, er svo mikill, að ófært er að hann standi lengur. Það er mikil furða, að bændur, sem ráða svo miklu í kosningunum, skuli ekki hafa borið sig upp undan þessu ójafnaðarfargi. Jeg ætla ekki að þessu sinni að fara út í að tala um öll þau tíundarsvik, sem þessi skattur veldur, auk þess hve bæði greiðsla og innheimta þessa skatts er örðug. En þess skal jeg geta, að gangi sýslumaður eptir lögunum og enda greiði eigi fyrir fram skattinn í landssjóð úr sínum vasa, þá hlýtur hann að láta taka ábúðar- og lausafjárskattinn lögtaki hjá öðrum hvorum gjaldþegn, eða taka og selja skepnur fjölda margra á hverju manntalsþingi.

Tryggvi Gunnarsson (varafors.): Þetta mál var hjer fyrir deildinni í hitt eð fyrra, og þá ljet jeg þá skoðun í ljós, að þetta fyrirkomulag mundi ekki hentugt. Jeg hef síðan vandlega hugsað málið, og styrkzt í þeirri trú, að jeg hafi þá haft rjett að mæla. Það sem jeg einkanlega hef á móti þessu útflutningsgjaldi, er þetta, að mjer þykir það vera *óeðlilegt, ótryggilegt, ójafnaðarlegt* og *ótímabært*. Ef þetta er rjett skoðun, þá vona jeg að menn furði sig ekki á því, þótt jeg sje á móti gjaldinu. Það er óeðlilegt, af því það vantar þau skilyrði, sem vanalega eru fyrir því, að tollur sje á lagður. Það eru vanalega 3 ástæður til þess að tollur sje á lagður: 1., ef peninga vantar; 2., til þess að fyrirbyggja að skaðlegar vörur flytjist inn í landið; og 3., til þess að vernda innlenda vöru og iðnað gagnvart útlendri vöru. Jeg get bætt við hinni 4. ástæðu: það getur stundum verið skaðlegt fyrir landið, að flytja of mikið út af einhverju úr landinu, t. d. eins og komið hefir fyrir með trjávið í Noregi, þar sem útflutningurinn varð svo mikill, að ekki var annað sýnilegt, en að menn mundu áður langt um liði eyðileggja skógana, og því var þar lagður tollur á útfluttan trjávið. — Þetta eru nú aðalundirstöðuatriðin fyrir því, að leggja tolla á yfir höfuð; en ekkert af þessu er hjer til staðar. Þennan útflutningstoll á að skapa til þess að afnema annan skatt, en ekki beinlínis af því, að fje vanti, og hjer getur hvorki verið að tala um að varna skaðlegum útflutningi á innlendri vöru, nje að vernda atvinnuvegina í landinu. Engin af þessum ástæðum liggur hjer fyrir. Flutningsmaður (A. Ó.) sagði, að það gjald, sem kæmi inn við þennan toll, mundi nema 26,150 kr. Jeg hef líka reiknað þetta og miðað við landshagsskýrsluna frá 1879, þá seinustu sem er út komin, og reiknaðist mjer, að samkvæmt þessu frv. mundi koma inn 26,296 kr., og er þá munurinn milli ágizkunar okkar ekki mikill. Í 9. gr. frv. stendur, að jafnskjótt og útflutningstollurinn verði að lögum, skuli ábúðar- og lausafjárskatturinn af numinn; þessi tekjugrein hefir vanalega numið 50,000 kr. á ári, en þessa tekjugrein á nú að afnema og setja í stað hennar tekjur, sem eiga að nema 26,000 kr. Frv. fer þannig fram á, að kippa burt tekjulið frá landssjóðnum, 50,000 kr., og setja í stað þess gjald, sem tvísýnt er hvort muni nema einu sinni helming eða 25,000 kr. En hjer með er að líkindum miklu meira en 50,000 kr. kippt burtu, því jeg get ekki betur sjeð, en að með því að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, þá verði einnig að afnema *húsaskattinn og tekjuskattinn;* því hvers vegna á sá maður, sem á hús, að gjalda fremur af húsi sínu, eða annari eign, eða embættismaðurinn af embættislaunum sínum, en sá sem hefir eignir sínar í lausafje? Þeir skattar, sem hjer ræðir um, eru ein samanhangandi keðja, svo ef einn hlekkur er tekinn burt, þá verður að breyta hinum; þessir þrír skattar hafa að undanförnu verið allt að 70,000 kr. Þegar búið er að leggja þessa upphæð alla á landvarninginn, eða 2 til 3 aura á ullarpundið, þá munu menn fara að kveinka. *Ótryggilegt* finnst mjer að kippa burt gjaldi af þeim gjaldstofni, sem hægt er að sjá og sanna, að til er, og flytja það yfir á gjaldstofn, sem lítið eptirlit er hægt að hafa með; því hvað tíundarsvikin snertir, þá er það skylda hreppstjóranna að sjá um, að eigi sje undan dregið. En þótt nú nokkur tíundarsvik eigi sjer stað, þá vil

jeg spyrja, hvort nokkur þori að ábyrgjast, að ekki minni undandráttur komi fram við framtal til útflutningstollsins, þegar þingið er allt af að löggilda fleiri og fleiri verzlunarstaði og með því gjöra örðugt að hafa eptirlit með tollsvikum? Þar að auki er engin tollstjórn sett, svo kaupmenn hafa mjög svo lítið aðhald. — *Ójafnaðarlegt* er gjald þetta að því leyti, að það kemur niður að eins á suma búendur, en aðrir sleppa alveg. Jeg vil taka fram t. d., að tvíbýli sje á einu heimili, og annar bóndinn selur alla sína ull út úr landinu, þá verður hann að greiða toll af henni; en hinn bóndinn lætur tæta varning úr sinni ull eða selur hana til innlendrar vinnu; þá fellur ekkert gjald á hana. Þeir menn, sem lifa á fjárrækt mestmegnis, verða að gjalda af sínum bústofni, en þeir aptur, sem lifa mest af kúm, eða búa á jörðum, sem bezt framfleyta nautpeningi, þurfa ekkert gjald að greiða; og sama má segja um þá, sem slátra sauðfje sínu heima eða selja það til neyzlu í landinu sjálfu. Hjer af leiðir, að sumir menn og heilar sveitir verða að greiða stórfje í landssjóð, þar sem aðrar eru undan þegnar gjaldinu að öllu leyti. Múlasýsla flytur mikið út af gærum, keti, ull og tólg. Árnessýsla aptur á móti flytur svo að segja ekkert út af þessum vörum, nema ull; en selur allar sínar sauðkindur og uxa til Rvíkur. Þær sýslur, sem geta þannig selt afurðir sínar til afnota í landinu sjálfu, gjalda þannig ekkert. Gjald þetta er ekki að eins ójafnaðargjald með samanburði á heimilum og sýslum, heldur einnig milli landsfjórðunga. Samkvæmt skýrslunum 1879 nam ábúðar- og lausafjárskatturinn 25,000 kr. í norður- og austuramtinu, en 27,800 kr. í suður- og vesturamtinu; þegar nú þetta gjald er lagt niður og tollur lagður á samkvæmt þessu frv., þá koma af landvarningnum 9,500 kr. á suður- og vesturamtið, en 13,500 kr. á norður og austuramtið. Eptir hinu nú framlagða frv. verður þannig hlutfallið milli norður- og austuramtsins og suður- og vestur amtsins eins og 13 á móti 9, þar sem það eptir núgildandi lögum er eins og 25 á móti 27. Er þannig 4,400 kr. á ári, eða, ef tollurinn væri hækkaður um helming, eins og þyrfti að vera, þá 8,800 kr. kippt af suður- og vesturamtinu af hinu tiltölulega gjaldi, og þessari upphæð slengt á norður- og austuramtið. Jeg skil ekki, að þingmenn frá norður- og austurlandi sjeu fúsir á að greiða atkvæði með þessu; jeg segi fyrir mig, jeg gjöri það ekki. Að því leyti er þetta mál ótímabært, af því að ekki er jafnframt lagt fyrir frumvarp til að ráða bót á þeim $\frac{3}{4}$ gjöldum, sem byggð eru á framtali bænda, til að koma í veg fyrir framtalssvik. Flutningsmaður kallaði ábúðar- og lausafjárskattinn ójafnaðargjald, og furðaði sig á, að bændur skyldu ekki fyrir löngu hafa borið sig upp undan honum og reynt að fá honum breytt. Þá furða jeg mig á, að hann skuli ekki reyna að gera við grundvöllinn, sem þetta ójafnaðargjald er byggt á, því það gerir hann ekki með þessu frumvarpi, þegar hann ekki af nemur gjald það, er hvílir á tíundinni nema að einum $\frac{1}{4}$ parti. Hann sagði, að ójöfnuðurinn lægi í því framtali, sem nú er; en framtalið er undirstaða undir 4 tekjugreinum, og ef það er ranglátt til að byggja á því gjald til landssjóðs, þá hlýtur að vera jafn-órjettlátt, að byggja á því gjald til prests, kirkju og til fátækra. Ef full alvara er, að laga gjaldmáta landbóndans, þá verður að taka árinni dýpra í, og breyta öllum þessum gjaldagreinum; það dugar ekki að breyta að eins $\frac{1}{4}$ en skilja eptir $\frac{3}{4}$ parta. Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki betur fundið, en að skattalögin sjeu bezt úr garði gerð af öllum þeim lögum, sem þingið hefir samþykkt síðan 1875, og þá finnst mjer óráðlegt að fara að breyta þeim svona fljótt. Jeg vildi og óska, að það kæmist inn í okkar löggjöf og þjóð, að hafa meiri festu í löggjöfinni en svo, að því sje breytt á næsta þingi, sem gjört hefir verið á hinu fyrra. Þetta mál kom fyrir hjer í hitt eð fyrra, og þá voru menn á því að breyta ekki skattalögunum, en gefa nokkurn hluta af ábúðar- og lausafjárskattinum eptir sökum harðindanna þetta fjárhagstímabil. Jeg held, að sama ætti að gera nú, og framlengja þennan tíma fyrir næsta fjárhagstímabil.

Þórarinn Böðvarsson: Þrátt fyrir hina snjöllu ræðu h. varaforseta get jeg eigi annað en verið meðmæltur þessu frumvarpi, og er jeg þess viss, að því verður vel tekið af landsmönnum. Þeir eru orðnir leiðir á hinum föstu sköttum af ábúð og lausafje, og tollar hafa yfir höfuð þann kost, og það er mikill kostur, að þeir eru gjaldendum ekki eins tilfinnanlegir og beinir skattar. Jeg segi, að búendur sjeu orðnir leiðir á skatti af lausafje og ábúð jarða. Lausafjárskatturinn var með hinum nýju skattalögum hækkaður tilfinnanlega. Jarðamatið er skakkt og ranglátt. Búendum hefir verið lofað rjettlátu jarðamati, en það loforð er ekki efnt enn, og ekki mögulegt að efna það, nema ef vera skyldi með ærnum kostnaði. Við þennan kostnað og margt fleira gætu menn sloppið, ef frv. yrði að lögum, því að líkindum yrði þá tíund til prests og kirkju innan skamms af numin líka. Það, sem máske mætti hafa á móti þessu frumvarpi, er það, að það leggur mikla peningagreiðslu á verzlunarstjettina; en hverjir ættu að geta greitt peningagjald, ef ekki þeir sem verzla, þeir sem koma með peninga inn í landið, því ekki eru peningar tilbúnir í landinu sjálfu. Um jöfnuð og ójöfnuð má lengi tala, og lengi geta menn haft misjafnar skoðanir um, hvað sje jöfnuður eða ekki jöfnuður. Hið sanna er, að fullkominn jöfnuður næst aldrei í skattalögum. Og svo mikið er víst, að útflutningsgjald á þessum arðgreinum er minni ójöfnuður en ábúðar- og lausafjárskatturinn er. Sá er enn kostur þessa frumvarps, að það leggur dálítinn, ótilfinnanlegan toll á landvarninginn, til nokkurs jafnaðar við hinn þunga skatt, sem áður var búið að leggja á sjávararðinn. Og eins og því sjávarbóndinn mun með meiri ánægju greiða tollinn af sínum afla, þegar hann sjer, að landbúnaðinum er ekki gleymt, eins mun og sveitabóndinn finna það rjettlátt í þessu frumvarpi, að jöfnuður er nú gerður meiri milli sjávararðs og landvarnings. Enn fremur hefir þetta frumvarp þann verulega kost, að það afnemur það órjettlæti, að þeir gjaldi, sem ekki eiga að gjalda, að það losar þá stjett, sem að lögum hafði haft gjaldfrelsi, jeg meina prestastjettina, við að gjalda þá skatta, sem hún að lögum hafði rjett til að vera laus við, en sem hún með hinum nýju skattalögum var neydd til að gjalda. Að sjálfsögðu greiða prestar, eins og aðrir, útflutningsgjaldið, en þeir eru ekki með því sviptir neinum rjettindum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er þakklátur h. þingmanni Eyfirðinga fyrir þetta frumvarp, því það er alls eigi ótímabær burður, heldur einmitt á hentugum tíma fram borið, og kemur í opna skjöldu þarfarinnar. Á síðasta þingi voru margir af hinum háttvirtu þingmönnum á þeirri skoðun, að nauðsyn bæri til að ljetta sköttum á landsmönnum á yfirstandanda fjárhagstímabili, og niðurstaðan varð þá sú, að það var gert annað árið, nefnilega það fyrra af fjárhagstímabilinu. Landsmenn hafa að sjálfsögðu orðið þessari ívilnun fegnir; en reynslan hefir sýnt, að þetta yfirstandandi ár er þörfin engu minni, heldur meiri, og yfirstandandi hallæri sýnir, að nú sje þörf á að ljetta verklega og varanlega. Það var alveg rjett, sem h. flutningsmaður sagði, að það mun verða erfitt að ná inn í þessum árum hinum föstu sköttum, og ef sýslumennirnir eigi ekki að gjalda þá úr sínum eigin vasa, munu þeir allvíða þurfa að beita fjárnámi. Þessar miklu gjafir, sem þegnar hafa verið nú undangengin ár, sýna bezt þörfina og bágindin, og sem jeg ekki efa, að mikið víða hafi komið niður á sanna þörf, þó það eigi sjer nokkrar undantekningar; en þær munu þó einhvern tíma þrjóta, og hvað á þá að taka við nema landssjóður, ef menn eiga ekki að verða hungurmorða. Það er víst fullljóst öllum, að ástandið hefir aldrei verið eins ískyggilegt eins og nú, á síðustu hundrað árum, eða síðan móðuhallærið var; því fólksfjöldinn er miklu meiri í landinu, og þarfirnar þúsundfaldar eða meira; að vísu eru fleiri ráð að forða hungursneyð en þá var. Gjaldstofninn er ekki áreiðanlegur, ef skattarnir ekki nást inn, og landssjóður þarf þá að borga sjálfur, svo ekkert er með þeim hætti unnið, nema tómar brjefaskript-

ir og rekistefna út af hallærislánum, eins og þegar hefir sýnt sig. Það er þýðingarlaust, að ætla sjer að pína dauðablóðið undan nöglum hungraðrar alþýðu, og verða svo á sama tíma að leggja fram fje úr landssjóði, svo meira eða minna af þjóðinni ekki falli hungurmorða. Skattalögin voru ekki órjettlát á sínum tíma, en tímarnir hafa breyzt. Nú hefir verið lagður tollur á sjávaraflann, svo tollarnir eru ekki landsmönnum eins tilfinnanlegir eins og föstu skattarnir, því kaupmaðurinn leggur á vöruupphæðina í heild sinni, eða rjettara sagt verzlanirnar, að minnsta kosti hjer sunnanlands, og kemur tollurinn því ekki sjerstaklega til greina. Jeg skal eigi þrátta um það, hvort eins mikil fjárupphæð fæst eptir þessu frumvarpi, eins og eptir skattalögunum; en h. varaforseti hefir ekki sýnt, að skattar náist inn. Jeg vil benda á, að það er ekki svo lítið peningagjald, sem hvílir nú á mönnum, og tilfinnanlegt, ekki sízt í hallæri, þar sem eru t. d. sýslugjald og til sýsluvega, sem æfinlega þarf að gjaldast í peningum. Nýlega hefir og bæzt við þungur skattur eptir lögum 9. janúar 1880 um uppfræðingu barna, og það er þungur skattur, sem fátækir fjölskyldumenn ekki geta undir risið, ef þeim væri dyggilega fram fylgt, og sem menn naumast geta risið undir. Og meðan landssjóður leggur ekki meira fje til menntunar alþýðu, þarf eitthvað að ljetta á mönnum. Jeg verð því að vera meðmæltur þessu frumvarpi, og vona að h. þingdeild veiti því meðhald, sem þörfu og tímabæru.

Arnljótur Ólafsson: Af því að ræða h. varaforseta var svo merkileg og röksamleg á sinn hátt, verð jeg að fara um hana fáum orðum. Jeg er honum samdóma í því, að ef allar hans ástæður væru góðar og gildar, þá væru miklir gallar á þessu frumvarpi. En jeg hefi ekki enn getað sannfærzt af röksemdum hans, og vona, að h. þingdeild hafi heldur ekki látið telja sjer hughvarf af mælsku hans, og ætla jeg því að skoða stuttlega ástæður varaforseta. Það get jeg ekki skilið hjá h. varaforseta, að endilega þurfi að af nema um leið t. d. húsaskatt, eignaskatt og aðra atvinnuskatta, og þannig svipta landssjóð 70,000 kr. tekjum. Hvaða ástæða er til af nema húsaskattinn, þótt ábúðarskatti og lausafjár sje snúið í útflutningstoll af landvarningi? Hvað kemur það húseign og húsaskatti við, þótt tollur sje lagður á ull, tólg, fiður, æðardún o. s. frv.? Þetta er landvarningur, arður af búskap, en ekki af húseign; allt svo: tollur af landvarningi, en ekki af húseign. Jeg get ómögulega skilið, hvernig h. varaforseti gat hnýtt húsaskatti þarna aptan í. Hin önnur ástæða hans var reikningsfærslan; en þar blandaði hann saman og tók rangar tölur. Það er satt, að lausafjárskatturinn var áður 50,000 kr.; en nú er hann talinn 30,000 kr., einmitt í því fjárlagafrumvarpi, sem hann er nú kosinn formaður í. Talan er því rjett hjá mjer. Hann taldi tollinn enn fremur ótryggilegan. Það er satt, að vjer höfum enn eigi reynslu fyrir tryggleik þess tolls; reynslan hefir heldur ekki sýnt meiri tryggleik ábúðar- og lausafjárskattsins en svo, að hann er nú hrapaður úr 50,000 niður í 30,000; og meðan fjárlaganefndin hefir eigi sannað með rökum, að hann sje þar of lágt settur, verð jeg að fylgja stjórnarfrumvarpinu.

Hvað því viðvíkur, að kaupmenn muni draga undan, þá er reynslan á móti því, og hún er gáfaðri og fastari fyrir en jafnvel h. varaforseti og ástæður hans. Vjer höfum útflutningsgjald á fiski, lýsi o. s. frv., og hafa tekjurnar þar orðið miklu meiri en búizt var við og áætlað var. Hinn háttv. varaforseti veit það manna bezt, að kaupmönnum er eigi svo hægt að draga undan af útfluttu vörunni svo nokkru nemi. Faktorar þeirra verða að gera reikning yfir innkomnar vörur og þurfa að færa allt til, sem sent er, því það kemur sem endurgjald frá þeim, gegn hinum útlenda varningi, sem þeir hafa fengið; og að þessum skýrslum eiga svo sýslumenn aðgang. Það er því enginn efi á, að hjer er meiri trygging en fyrir tolli af víni og tóbaki. Það er auðsjeð, að hinn háttvirti varaforseti hefir verið í vandræðum, þegar hann var að finna ástæður á móti þessu frumvarpi; hann fór

vel með svo veikar ástæður, að þær standa eigi snúning nokkrum meðalmanni.

Jeg verð að telja það kost á þessu frumvarpi, að tollurinn leggst mjög svo rjett á hin sönnu gæði jarðanna, mest á þá, sem kunna bezt að hagnýta sjer jarðirnar, en ekki á fátæklingana, sem ekkert hafa aflögu. Tollurinn leggst á hestajarðirnar, útbeitarjarðirnar, æðardúnsjarðirnar, og í einu orði á þær jarðir, sem veita landvöruna; og þótt tollur þessi komi nokkru meira á Norður- og Austuramtið, þá álít jeg það einmitt jöfnuð, því Suður- og Vesturamtið hefir haft miklu meira gjaldið af fiskinum aptur á móti. Jeg tel það hinn mesta jöfnuð, að vjer sveitabændurnir greiðum líka tiltölulegan toll af afurði jarða vorra, eins og sjávarbændurnir gera, því landbúnaðurinn er þó hin önnur höfuðgreinin atvinnuvega landsins. Hinum öðrum smáatriðum í ræðu h. varaforseta læt jeg ósvarað þangað til síðar.

Jón Ólafsson: H. 1. þm. Suðurmúlasýslu (Tr. G.) tók fram 4 ástæður, er rjettgildar væru, þá er um það væri að ræða, að leggja á nýja skatta, og þótt jeg sje honum samdóma um þær, þá er hjer allt öðru máli að gegna, því það er allt annað, að leggja á nýja skatta, eða að breyta álögumáta eldri skatta; *grundvellinum* er hjer alls ekki í neinu breytt; þess vegna komast þessar 4 ástæður h. þm. hjer ekki að; hjer er í rauninni *ekki* breytt til um gjald-*stofninn;* hjer er farið fram á, að greiða skatt af *afrakstri* jarða og lausafjár, í stað þess að skatturinn nú hvílir á jörðunum og lausafjenu sjálfu, án tillits til afurðanna. Ábúðarskatturinn er bæði ójafnaðarlegur og ósanngjarn; hann er byggður á jarðamatinu, sem við allir vitum að er mjög svo ranglátt, — svo ranglátt, að jeg efast um, að stórum ranglátari gjaldstofn sje hugsanlegur hjer í landi; í sumum sýslum gengur jarðarhundraðið kaupum og sölum manna á milli ekki yfir 80 krónur, en aptur í öðrum, t. d. Múlasýslunum, frá 150 og enda allt upp að 200 krónum; menn geta því sjeð, hversu órjettlátt það er, að leggja gjöld á eptir jarðamatinu. Sumstaðar á Íslandi eru 20 hndr. jarðir leigðar fyrir 2 vætta eptirgjald; sumstaðar er veturgamall sauður goldinn eptir hundraðið, og kvígildi jafnvel látin fylgja hverjum 5 hdr. að auki, sem eptir er goldið. Aptur á móti er allt öðru máli að gegna með lausafjeð; ullarpund er allt af ullarpund, hvort heldur er austanlands eða vestan; þótt lítilsháttar verðmunur sje á því, er það hverfandi í samanburði við ójöfnuðinn á jarðamatinu. H. þm. talaði um það, að þetta gjald kæmi ójafnt niður á fjórðunga landsins; en það er svo sem auðvitað, að við, sem erum kosnir fyrir hin ýmsu kjördæmi, erum að vísu kosnir á þenna hátt, til að gæta *sanngjarnlega* hagsmuna kjördæma vorra, en ekki til að halda órjettvíslega hver fram sínu kjördæmi, heldur reyna að gjöra öllum jafnhátt undir höfði, og reyna til að leggja gjaldið sem sanngjarnast á. Sá hluti landsins, sem h. þm. sagði að mundi verða linast úti, það er einmitt sá hluti, sem helzt þarf þess með; það er sá parturinn, sem optast þarf að fá gjafir og lán, sá hluti lands, sem við verðum á hverju þinginu eptir annað að gefa upp lán og vexti, og er því sízt fær um að bera þung gjöld, og er þar að auki sakir ójafnaðar jarðamatsins vafalaust harðast úti í skattgjaldi. Það hefir auðvitað opt komið fram hjer í deildinni, bæði á síðasta þingi og optar, að það væri óþarft að vera að hrúga saman fje í landsjóð, og það þegar betur hefir látið í ári; og hafi þá verið ástæða til að kvarta um þetta, þá er ekki síður rjett, að lækka nú í harðærinu gjöld alþýðu. Einn af kostum frv. er einmitt skattalækkunin, þótt hún kunni nú, ef til vill, að verða ekki svo mikil, sem h. þingm. vildi úr henni gera. Jeg er Austfirðingur og Austfirðingaþingmaður; en jeg get ekki ætlað kjósendum mínum þá meinsýni, að þeir öfundi Vestfirðinga af því, þótt skattur þeirra lækkaði t. d. úr 27 þús. kr. niður í 11 þús., ef sjálfra þeirra skattur færist einnig úr 25 þús. niður í 13 þús., og það því síður, ef eðli hlutarins sýnir, að þetta sje í *sjálfu sjer* sanngjarnt. Annar mikill kostur við frv. er gjald-*hægðin*, og er það miklu síður tilfinnanlegt fyrir bóndann, þótt $\frac{1}{4}$ d.

ull hans lækki um 1 eyri pundið, heldur en að þurfa að svara gjöldum sínum út í peningum; þess konar *óbein* gjöld eru svo miklum mun þægilegri en að þurfa að svara út í peningum. Örðugleikarnir við eptirlitið með þessari tollheimtu ímynda jeg mjer að ekki muni verða sjerlegir; ekki hefir reynslan með útflutningstollinn að minnsta kosti sýnt það. En hver er raun á með framtalið? Vita það ekki allir? Enda þótt skoða yrði í skip einstöku sinnum, sem vart mun fyrir koma, og enn hefir aldrei fyrir komið, þá er auðsætt, að það er stórum mun hægra að hafa eptirlit með eitthvað 30 kaupmönnum, sem eru allir á landinu, en að smala hjá hverjum bónda upp um allt land til að líta eptir framtalinu; tíundarsvikin þekkjum við þó allir.

Þorkell Bjarnason: Jeg er flutningsmanni frv. þessa, h. 1. þm. Eyfirðinga, mjög þakklátur fyrir að hafa komið með það. Það var sagt nú hjer í deildinni, að skattalögin væru hin beztu lög, sem þingið hefði búið til síðan það fjekk löggjafarvald; en ef skattalögin eru beztu lögin, sem þingið hefir búið til, þá eru þau lökustu ekki góð. H. flutningsm. sagði, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri mörgum sinnum þyngri en tekjuskatturinn, og er það hverju orði sannara; en það versta er þó, að hann kemur þyngst niður á hinum efnalitlu. Í þessu tilliti eru mjer þarfir almennings kunnar, og jeg veit vel, hvar skórinn kreppir að, sökum fátæktarinnar. Jeg hafði í vetur, er leið, ætlað að skrifa í blöðin um þetta mál, og þess vegna hefi jeg talsvert kynnt mjer það; jeg hefi til dæmis reiknað út tekjur 2 bænda, er jeg þekki báða vel, er annar þeirra hefir í tekjur 500 krónur, og borgar í ábúðar- og lausafjárskatt 5 krónur, eða sem svarar 1 kr. af hverju hundraði, en hinn hefir í tekjur 2,300 krónur, og borgar í ábúðar- og lausafjárskatt 12 kr., eða sem svarar hjer um bil 50 aurum af hverju hundraði. Er nú þessi skattur rjettlátur, eða þessi skattalög sanngjörn, sem leggja hálfu meiri skatt á hina sömu upphæð hjá hinum fátæka en hinum ríka? Kostur þessa frv. er, að hjer kemur gjaldið einmitt niður á þá menn, sem eitthvað hafa til að láta frá búi sínu, á þá, sem eiga ull og aðrar vörur, sem frv. telur upp; það frelsar fátæklingana, sem litlar eða engar vörur hafa af búi sínu afgangs; þetta álít jeg stóran kost við frv., og frv. í heild sinni mikla endurbót, einkum þegar maður hefir tillit til þess, hvað það er sanngjarnt, að sá gjaldi meira, sem meira hefir til að gjalda af, og fyrir því óska jeg, að það nái fram að ganga.

Eirikur Kúld: Jeg er h. flutningsm. þakklátur fyrir að hafa komið fram með þetta frv., þótt jeg að hinu leytinu sje honum ekki samdóma í öllu. Jeg held nú, að þetta frv. sje sprottið af því, að ábúðarskatturinn er það ranglátasta og tilfinnanlegasta gjald, sem bændurnir svara, og þar að auki lendir það gjald einatt hvað mest á fátæklingunum. Fyrir vestan þekki jeg t. d. tvo bændur, sem annar býr á 20 hundr. jörð og tíundar ekki meira en 3 hundr. í lausafje, en hinn býr á 12 hundr. jörð, og tíundar um 20 hundr. í lausafje; leiðir þetta af því, hvað jarðamatið er næsta skakkt; að vísu átti það að vera fyrir löngu endurskoðað; en það er það ekki, enda hefir það ærið mikinn kostnað í för með sjer, að leiðrjetta það. Jeg get ekki undirskrifað allt það lof, sem hefir verið lokið á skattalögin hjer í deildinni í dag; mjer finnst, satt að segja, að þau ekki eiga það skilið; það er mjög margt í þeim, sem þyrfti lagfæringa og breytinga við, ef að eins tími væri til þess, og yfir höfuð eru breytingar á skattalögunum engin gryla fyrir mjer, eins og virðist vera fyrir h. þm. Rvík; við sjáum líka, að bæði Norðmenn, Englendingar og fleiri þjóðir breyta iðulega sínum skattalögum og tolllögum. Eins og jeg gat um áðan, er jeg h. uppástm. ekki alveg samdóma, og felli mig yfir höfuð ekki vel við frv., eins og það liggur fyrir í heild sinni, hvað snertir þessa útflutningstolla á innlendum varningi; þvílík gjaldgreiðsla hefir mikla annmarka í för með sjer, og verður að minnsta kosti fyrst um sinn ópokkasæl; jeg vildi helzt sneiða hjá því öllu, nema 7. og 8. tölulið.

En jeg álít, að til sje enn einn gjaldstofn, og mun jeg seinna meir skýra frá því, eins og líka kom fram hjer í deildinni 1883, og það er nýtt skipagjald; en út í það mál ætla jeg ekki að fara á þessu stigi málsins; en hitt álít jeg alveg rjett, sem h. 2. þm. S.-Múlas. tók fram, að jarðamatið er hvergi eins vitlaust eins og á Austurlandi, og að það einmitt þar er of lágt víðast hvar, sje það borið saman við á Vesturlandi, einkum Breiðafirði og víðar vestra.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar jeg sje þennan ógurlega fjölda af frumvörp., sem hafa komið fram bæði á þessu þingi og hinum andanförnu, þá getur mjer alls ekki dulizt, og jeg ætla, að hver og einn verði að sjá það, að það lýsir sjer í því afarmikil löngun til að breyta því, sem er, án þess að þeir geri sjer ljósa grein fyrir, hvort þessar breytingar eru til nokkurra bóta eða ekki. Mjer sýnist nú þetta frv., sem nú liggur hjer fyrir, eiga eitthvað skylt við þessa óljósu breytingarlöngun landsbúa, og alþingismanna sjerstaklega. Það kann vel að vera satt, að menn eigi örðugt með að gjalda þennan skatt, sem hjer er um að ræða, ábúðar- og lausafjárskattinn, og að menn vilji þess vegna breyta þessu; en bændur greiða alveg sama skattinn, þótt þetta frv. fái framgang, og tollurinn verði lagður á svo hár, að hann nemi þeirri upphæð, sem nú er gert ráð fyrir í fjárlögunum, og ekki einungis jafnháan skatt, heldur talsvert hærri skatt, því það er ekki einungis freisting fyrir kaupmanninn að leggja dálitlu meira á vörur sínar en sem tollinum nemur, heldur er það nauðsynlegt fyrir hann, ef hann á að geta lifað af verzlun sinni. Það er alstaðar hjá öllum þjóðum álitið nauðsynlegt, að hafa eitthvað víst gjald, einhverja vísa tekjugrein; en það vitum vjer, að allir tollar eru meira og minna óvísir; jeg skal nefna sem dæmi útflutningsgjald af fiski og lýsi; það er satt, að það gjald hefir numið talsverðu undanfarin ár, en einmitt vegna síldarinnar, sem veiðzt hefir og út hefir verið flutt, en af fiskinum var það næsta lítið síðasta árið, og verður enn minna þetta árið; en síldin getur einnig brugðizt, og hvað verður þá um útflutningsgjaldið í fiskileysisárum? Það er í öllum löndum álitið eins konar neyðarárúræði, að leggja toll á útfluttan landvarning, með því það þykir hamla atvinnuvegum manna svo tilfinnanlega. Ef það er auðgefið fyrir þessa sýslumenn eða tollheimtumenn, að geta fengið nákvæma skýrslu um það sem út er flutt, eins og sagt hefir verið, til að varna tollsvikum, þá er þeim eins innanhandar, að láta telja skepnurnar heima hjá bændum til að komast hjá tíundarsvikum; en tollheimtan verður æ örðugri, er kaupmönnum er leyft að koma á hvern vog og vík og verzla. Ef þessi ábúðar- og lausafjárskattur er of ósanngjarn, þá er sjálfsagt að reyna að kippa því í lag; en menn hugsa málið ekki nærri því nógu vandlega. Það hefir verið borið fram, að þeir, sem mest ættu eða hefðu mest lausafje, þeir væru einatt aumastir og yrðu að gjalda mestan tollinn; þetta sagði 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu, og hjer um bil sama skoðun kom fram hjá þm. Barðstr. Við hvað á slíkt að styðjast? Þessir menn segja svona beint út í loptið: Svona skal það vera, án þess að hugleiða hinar ýmsu hliðar málsins. 2. þm. G.-Kjósars. sagði, að sá sem byggi á 20 hundr. jörð, gyldi opt minni lausafjárskatt en sá, sem byggi á 12 hndr. jörð. Getur verið; en af hverju? Það á þá að fara að hjálpa slóðunum og þeim dugnaðarlausu; ódugnaður þeirra á að vera þeim lausn frá gjaldinu. H. þm. Eyfirð. talaði um, að ábúðar- og lausafjárskatturinn minnkaði; það er eigi alls kostar rjett; en hann fór einungis eptir áætlun stjórnarinnar í fjárlagafrumvarpinu, því að í fyrra, 1884, þegar skatturinn ekki var goldinn nema hálfur, var hann þó rúmar 23000 kr., eða 46000 kr. allur; hann hefir aldrei komizt niður úr 43 þús., og ekki upp yfir 51 þús.; það má því álíta þennan skatt ekki mjög óáreiðanlegan eða valtan. Mjer fyrir mitt leyti er engin þægð í því, að vera að safna fje fyrir í landssjóð; jeg vil að við reynum að eins að sjá okkur borgið, þannig að gjöldin og tekjurnar standist hjer um bil á á ári hverju. Jeg tek það fram aptur, að ef skatturinn er ósann-

gjarn, þá er það skylda okkar að reyna að laga hann, og yfir höfuð að ljetta sköttum á landsbúum, að svo miklu leyti sem unnt er; en hitt segi jeg, að ef ábúðar- og lausafjárskatturinn er af numinn, þá verði atvinnuskatturinn að fara með. (*Á. Ó.*: Nei). Jú, þm. verður að játa, að ef það er ósanngjarnt, að bóndinn greiði af sínum atvinnuvegi, þá er líka ósanngjarnt, að iðnaðarmaðurinn gjaldi af sínum atvinnuvegi. Mýmargir bændur selja á haustin allar sínar skepnur, sem þeir geta án verið; það vitum við, og það eru einmitt fátæklingarnir; það eru því þeir, sem mundu gjalda útflutningstollinn; hinir, sem ekki selja eina einustu skepnu á haustin, heldur að eins skera heima hjá sjer allt, sem lóga á, og leggja til búsins og selja kjöt á vetrum, þeir gjalda ekkert, og það eru þeir efnabeztu. (*Á. Ó.*: Þm. misskilur). Jeg ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í málið, jafnframt og jeg mæli með því, að ábúðar- og lausafjárskatturinn ekki verði af numinn, heldur reyni menn að lagfæra það, sem ábótavant er í því efni.

Þorkell Bjarnason: Jeg vil biðja h. forseta að leyfa mjer að bera af mjer áburð þm. Rvk. (*H. Kr. Friðriksson*: Það er ekki til neins). Hann sagði, að jeg hefði haldið því fram, að þeir sem mest lausafje ættu, væru aumastir. Dæmið, sem jeg tók fram, var þannig, að af tveim bændum hefir annar 500 kr. í tekjur af búi sínu og geldur hjer um bil 1 krónu af hverjum 100 kr., en hinn hefir 2300 kr. í tekjur, og geldur hjer um bil 50 aur. af hundr. hverju; þetta átti þm. Rvík. ómögulegt með að skilja; röksemdaleiðsla hans var annars hjer um bil eins og ef þingið segði, að það væri bezt að láta yfirkennarann fá 500 kr. í stað 3200 kr., af því að hjer hafi komið meiningar fram í þá átt, að 500 kr. væri meira en 3200 kr. En það finnst mjer raunar ekki láandi, þótt h. þm. Reykv. sje sárt um skattalögin; hann var víst með að búa þau til, og hverjum þykir sinn fugl fagur, og það þótt hann sje bæði rýr og magur.

Þegar hjer var komið, var samþykkt með atkvæðafjölda, að hætta umræðunum, eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna.

Síðan var samþykkt að fresta 1. umr. og að setja 5 manna nefnd í málið, og voru þessir kosnir:

Arnljótur Ólafsson	með	20 atkv.
Tryggvi Gunnarsson	—	13 —
Þorl. Guðmundsson	—	13 —
Þorvarður Kjerulf .	—	13 —
Lárus Blöndal . .	—	7 —

Frv. til laga um nýtt læknishjerað í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu (C. 122); 1. umræða.

Flutningsmaður (Jón Sigurðsson): Jeg hefi af brjóstgæðum gengizt við faðerni að þessu barni, af því enginn var því nákominn hjer í deildinni, og vil jeg biðja h. deild, að fara vel með það.

Þetta mál er ekki nýtt; það hefir opt komið til umræðu á þingi áður, að stofna þetta læknishjerað í Dalasýslu, og á síðasta þingi voru ákveðin laun handa praktíserandi lækni þar. En það hefir ekki hjálpað, og því koma nú bænir frá sýslubúum um, að bæta úr þessari brýnu nauðsyn þeirra, og vona jeg því, að þingdeildin láti málið ganga til 2. umræðu.

Eirikur Kuld: Jeg er h. flutningsmanni þakklátur fyrir frumvarpið, og mun jeg fyrir mitt leyti styrkja það. Auk þessa frv. munu vera tvö önnur, sem ganga í sömu stefnu, og ættu að verða þessu frv. samferða, ef nefnd verður kosin í þetta mál. Mjer er kunnugt um, að brýn nauðsyn ber til að málið komist fram, bæði í Dalasýslu og Bæjarhreppi. Læknirinn í Snæfellsnessýslu hefir eitthvert stærsta og erfiðasta umdæmið, og er því opt lítill kostur á að geta sótt lækni úr fjarlægari hjeruðum. Sá, sem þar er nú læknir, er mjög skyldurækinn, ötull og árvakur, og því allopt ekki heima, og, ef til vill, ómögulegt að ná til hans, ef bráð nauðsyn ber til, t. a. m. ef sækja ætti hann til konu í barnsneyð vestast úr Dalasýslu, getur skeð, að hann um það leyti sje staddur út á Öndverðarnesi eða Flateyjarhreppi, og þarf eigi annað en líta á upp-

drátt Íslands til að sannfærast um, að sækja hann þangað væri ómögulegt; og er opt eigi að leita hans á Stykkishólmi, heldur ef til vill, einhverstaðar langt burtu. Afleiðing af þessu hefir verið sú, að í Dalasýslu og víðar hafa skottulæknar sprottið upp, og þó jeg sje ekki yfir höfuð mjög á móti þeim, þá tefja þeir þó einatt fyrir, að læknir sje sóttur í tíma, og hefir slíkt opt haft, sem eðlilegt er, slæmar afleiðingar. Jeg vona, að málið fái hjer góðar undirtektir, og leyfi jeg mjer að stinga upp á, að nefnd sje sett.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að leyfa mjer að lýsa stuttlega áliti mínu á þessu máli. Eitt frumvarp er þegar komið, og má vænta tveggja innan skamms um sama efni, og ef til vill, miklu fleiri. Það er álit mitt, að það megi gera nóg af því, að setja fasta lækna. Þær þjóðir eru til, sem hafa mjög fáa fasta lækna, en þar á móti marga lækna, sem lifa eingöngu á því, sem þeim er borgað fyrir lækningu. Þessi tilhögun er í öllu tilliti bezt, þar sem henni verður við komið. Það eina, sem er á móti því, að láta sem flesta lækna lifa á því einu, að »praktísera», er fátækt almennings; hann getur ekki borgað svo læknirinn geti lifað af því eingöngu. Og þó verður þessi sama fátæka alþýða að greiða í landssjóð, svo læknar hafi laun. En það getur margur sjúklingur verið svo fátækur, að hann geti alls ekkert borgað. Það er sá galli á því, að setja fasta lækna, að föst laun eru freisting fyrir þá til að sinna minna um lækningar. Læknirinn hefir nóg laun, því 1500 kr. eru nóg laun, ef hann hefir bú að auki; en auk þess getur hann tekið sjerstaklega fyrir hvert spor sem hann stígur, hvert handtak sem hann gerir. Beri menn kjör lækna saman við kjör prestanna, ef allar þeirra tekjur eru reiknaðar, þá hafa læknarnir miklu meiri laun. Ekki svo, að jeg vilji enga fasta lækna hafa; en það er ísjárvert að fjölga þeim, nema þar sem nauðsyn ber til. Það er nauðsynlegt að hafa lækna, meðal margs annars af því, að það er ánægjulegra fyrir þá sjúku, og þá, sem að þeim standa, að hafa einhvern að leita til, enda þótt reynslan sýni, að í miklum umgangsveikindum deyr eigi færra, heldur fleira fólk í kring um læknana en þar, sem fjær þeim er. Bezti læknirinn er í líkama mannsins sjálfs; læknir getur ekki við ráðið, hversu góður sem hann er, ef líkaminn er niður brotinn af illum aðbúnaði, og í kring um læknana er ástand almennings opt svo bágt, að ekkert verður að gert. Sje sú regla tekin, að taka fje af almenningi, sem gerir það að verkum, að hann á við enn bágari og óheilsusamlegri kost að búa, og kaupa lækna fyrir það fje, þá er illa að verið. Jeg vil þá yfir höfuð ekki bæta við föstum læknum; en í þessu tilfelli, sem um er að tala, vil jeg þó bæta úr. Flestir læknar hjer á landi hafa að eins part af sýslu til að stunda. Sá læknir, sem er læknir í því hjeraði, sem hjer ræðir um, hefir ekki eingöngu heila sýslu, heldur 2 sýslur heilar og part af hinni þriðju, og önnur þessara sýslna er víðlend, og víðáttan í þeim báðum geysi-mikil og fólksfjöldi mikill, svo allar líkur eru til, að það beri opt að, að íbúar þessara sýslna verði að vera án læknis, þó læknirinn sje einn hinn duglegasti og árvakrasti. Jeg er því eindregið á því, að þessi nefnd sje kosin.

Jón Jónsson: Það hafa komið óskir um lækni eigi að eins frá Dalasýslu, heldur og frá Seyðisfirði, Vestfjörðum og undan Eyjafjöllum. Það er líklegt, að læknisþörf sje á öllum þessum stöðum, eigi síður á Seyðisfirði en í Dalasýslu, og er því ekki ástæða til að taka eitt hjerað fremur en annað til meðmæla. Auk þess mun víða annarstaðar eins örðugt að ná til læknis, eins og á þessum stöðum, t. d. á Möðrudalsfjöllum og í Öræfum í Skaptafellssýslu. Jeg get ímyndað mjer, að nauðsynlegt sje, að taka öll læknaskipunarlögin til alvarlegrar íhugunar; en annað mál er, hvort tími er kominn til þess. Austur-Skaptafellssýsla er enn óveitt, og meðan ekki öll læknishjeruð eru skipuð, er ekki ástæða til að fara að stofna fleiri alstaðar þar sem um er beðið og um kann að verða beðið. Í hitt eð fyrra fór þingið svo með þessar bænir, að það stofnaði ekki læknishjeruð, en vísaði til fjárlaganefndarinnar, og hún veitti styrk til 3 praktíserandi

lækna. Það hefir haft góðan árangur á tveimur stöðum, en eitt af gömlu læknishjeruðunum er enn óveitt. Það er tillaga mín, að þessu máli sje einnig nú vísað til fjárlaganefndarinnar.

Jón Ólafsson: Það er skrítileg ástæða fyrir því, að þörf sje á að stofna ný læknishjeruð, að reynslan hafi sýnt, að það væri ónógt, sem þingið 83 gerði, nefnil. að veita styrk á nokkrum stöðum handa praktíserandi læknum; því hvaðan átti að taka lækna, þegar engir hafa verið til? Þegar læknisefnin ganga atvinnulaus á torginu, heldur en að nýta að setja sig niður sem praktíserandi læknar og nýta styrkinn, þá fyrst má tala um að reynslan sýni, að það sje ónógt, sem gert hefir verið. Meðan menn kjósa styrkinn jafnvel heldur en þau embætti, sem til eru, eins og einmitt hefir sýnt sig að menn gera, og eitt læknishjerað er óskipað, og engir til að setja í það, þá er ekki ástæða til, að svo komnu, að vera að búa til ný embætti, enda er annað við landssjóð að gera. Hvað Seyðfirðinga snertir, þá hafa þeir þegar praktíserandi lækni, er heldur kaus þar að setjast að, en að sækja um læknisembættið í Austur-Skaptafellssýslu, og sýnir það að minnsta kosti allt annað, en að styrkurinn sje ónógur. Jeg legg það til, að nefnd verði ekki kosin, en mæli með því, að málinu verði vísað til fjárlaganefndarinnar. Þó að menn kunni að þykjast vita, að aukalæknarnir verði ekki langgæðir, af því að praxis muni lítil, þá er reynslan enn svo stutt, að ekki er gott að gera sjer ljósa hugmynd um það. Enda var svo að heyra á þeim, er báðu um styrkinn til praktís. lækna 1883, sem þeir ljetu mikið yfir því, að þörfin væri svo mikil, að ekki mundi vanta praxis.

Arnljótur Ólafsson: Það er búið í rauninni að taka það flest fram, sem jeg ætlaði að segja. Það dugar ekki, að líta að eins á eitt hjerað. Ef settur er fastur læknir á þessum stöðum, þá mun reynslan sýna, að eigi að eins á fjórum, heldur átta öðrum stöðum er eins mikil nauðsyn á lækni, vegna þess, að allir vilja vera nálægt lækni. En það verður aldrei svo þjett skipað læknum, að allt af náist í þá á vetrum í hríðum og ófærð, nema þeir væru 60—70. Ef nú eru skipuð ný læknishjeruð, þá koma þegar fleiri til, eða ójöfnuður er sýndur þeim, sem búa á stöðum, þar sem þörfin er eins mikil. Það dugar ekki að segja, að þetta sje nauðsyn, og landssjóðurinn eigi þess vegna að borga, því það þarf að vega á vog nauðsynina á annan bóginn, og skattþol þjóðarinnar á hinn. Jeg vona, að h. þingdeild finni til þess, að það er ekki gerandi, að auka skatta og skyldur í þessu árferði. Það er ekki gott samræmi í því, að færa niður skattana á eina hönd, en biðja í sama vetfangi um ný gjöld úr landssjóði, því það er sama sem að biðja um nýjar álögur, svo sem nú stendur á fjárhag vorum. Fjórir læknar kosta 6000 kr., og það svarar þeirri tekjulækkun, sem yrði, ef ábúðar- og lausafjárskatturinn væri af numinn. Það er því tillaga mín, að þessu máli sje vísað til fjárlaganefndarinnar; hún þekkir bezt fjárhag landsins. Reynslan mun sýna, að það koma margar slíkar bænir; þess vegna er bezt að slá engu föstu nú þegar.

Þórarður Kjerulf: H. annar þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, að aukalæknir á Seyðisfirði gjörði sig ánægðan með 800 kr. og vildi ei þiggja Austur-Skaptafellssýslu. Þetta er misskilningur. Aukalæknirinn hefði líklega tekið hana, ef bæjarmenn á Seyðisfirði hefði eigi boðið honum aðrar 800 kr. að auk úr eigin vasa til að vera þar. Það er mikill munur á þessu og því, sem þingm. sagði, og þetta sýnir einmitt, að það er mikil þörf á lækni á Seyðisfirði. Jeg þykist sjá, að þingdeildin muni ætla sjer að fella þetta mál frá nefnd; en samt vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd sje kosin.

Jón Ólafsson: Jeg verð að álíta þetta ótímabært; nú sem stendur höfum við að eins einn kandídat í læknisfræði, og þó á hann eptir að fara til Kaupmannahafnar og getur þess vegna ekki komizt í embætti fyr en eptir 1 ár. Og hann veit jeg ætlar að sækja um það embætti, sem nú er til laust. Sá eða þeir, sem útskrifast kunna að ári af læknaskólanum, þurfa einnig að fara til

Kaupmannahafnar og dvelja þar einn vetur; við höfum því *engan mann til*, sem um embætti geti sótt, fyr en 1887. Til hvers er svo að búa til embætti, sem enginn er til í? Það verður nógur tími til að ræða um það 1887. Seyðfirðingar veit jeg vel að hafa lagt nokkurt fje til þess að útvega sjer lækni, og það hafa fleiri gert, og mundu gera, ef lagt væri dálítið til af hálfu hins opinbera. En þetta sýnir einmitt, að úr læknaþörfinni *má* bæta, án þess að hrúga upp óteljandi *embættum*. Og í sjálfu sjer er land vort af flestu snauðara, en embættismönnum.

— Uppást. um að setja sjerstaka nefnd í málið var felld, en samþykkt að vísa því til fjárlaganefndarinnar.

Frv. til laga um stofnun nýs læknishjeraðs á Seyðisfirði (C 120); 1. umr.

Því máli var sömuleiðis vísað til fjárlaganefndarinnar umræðulaust eptir ósk flutningsmanns.

Uppást. til þingsályktunar viðvíkjandi alþýðumenntun (C 120).

Samþykkt að hafa eina umræðu um það mál.

Afgreiðsla á nokkrum bænarskrám og fundargjörðum.

Bænarskrá frá fundi í Hraungerði um að gjöra seli ófriðhelga í Árnessýslu; afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Bænarskrá frá sýslunefndinni í Árnessýslu um fiskifræðing; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Gísla snikkara Guðmundssyni um styrk til framhalds á námi sínu; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá cand. jur. Birni Bjarnarsyni um styrk til að koma upp íslenzku litmyndasafni; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá um 500 kr. uppbót handa Hofi í Skagafirði; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá hreppsnefndinni í Engihlíðarhreppi um eptirgjöf á 408,75 kr.; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá hreppsnefndinni í Vindhælishreppi um uppgjöf á 549,25 kr.; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Dýrfirðingum um verzlunarstað á Haukadal við Dýrafjörð; afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Bænarskrá frá Benidikt Gröndal um styrk til framhalds vísindalegu fyrirtæki; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá um löggilding verzlunarstaðar á Fáskrúðsfirði; afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Fundargjörðir frá Sveinsstöðum; afhentar flutningsmanni sem afgreiddar.

Áttundi fundur, 9. júlí kl. 12. Allir á fundi nema Benedikt Sveinsson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um löggildingu verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu (C. 120); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vona að jeg þurfi ekki að mæla margt með þessu stutta frv., þar sem deildin að undanförnu ávallt hefir tekið svo vel í að stofna nýja verzlunarstaði sem víðast. Jeg er reyndar ekki á þeirri skoðun, að þetta sje rjett alstaðar, en jeg held að það sje sjerstaklega ástæða til að löggilda þessa höfn. Hinn næsti kaupstaður er Keflavík, og þó að Keflavík sje ekki langt frá Þórshöfn, og vegurinn til kauptúns því eigi svo langur, þá er hann á flestum tímum ársins alveg ófær, því maður verður að fara sjóveg, og liggur leiðin yfir röst og fram með skerjóttri strönd fyrir opnu hafi. Aptur er það nálega ókleyft, að flytja vörur sínar landveg, þar sem svo að segja engir hestar eru til, nema fyrir þá, sem búa mjög nálægt verzlunarstaðnum. Við þessa nauðsyn bætist það, að á Þórshöfn er ágætishöfn, og mjög mikill afli og fiskiver, og einnig á Suðurnesjum er mikil skipaútgerð. Það gefur því hverjum manni að skilja, að hjer er afarmikil nauðsyn á að fá vörur fluttar þangað, og aptur vörur þeirra, er þar búa, sóttar þangað. Þetta hafa menn líka viðurkennt, enda hafa skip frá kaupmönnum nú í langa tíð legið þar á hverju sumri, og hafa bændur með miklum erfiðleikum fengið kaupmenn til þess að senda

skip þangað. Menn geta nú komið með þá mótbáru, að menn nú fái vörur sínar bæði fluttar og sóttar og það megi vera nóg; en þrátt fyrir það óska bæði bændur og kaupmenn, að höfnin verði löggilt. En hvers vegna? Af því að sumir kaupmenn flytja að eins það sem lögin leyfa, og þeir eru óánægðir við hina, sem grunaðir eru um að flytja meira en lögleyft er. Aptur eru bændur óánægðir við þá, sem ekki flytja allt, sem hinir flytja. Jeg vona, að deildin taki vel í þetta mál, og skal jeg ekki að svo stöddu fjölyrða meira um það; en að eins óska að því sje vísað til 2. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg stend ekki upp til þess að mæla sjerstaklega á móti þessu frv., heldur til þess að tala um málið yfir höfuð, því hjer er einnig annað frv. á ferðinni, sem fer í sömu stefnu, og enn eitt liggur fyrir í Ed. Jeg gat þess á þinginu 1883, að forstöðumenn ábyrgðarfjelaga erlendis mundu verða hræddir við að ábyrgjast skip á alla þá staði, sem þá átti að löggilda. Þetta hefir líka komið fram, því bæði ábyrgðarfjelögin í Danmörku, Hamborg og víðar hafa komið sjer saman um að ábyrgjast ekki skip og vörur á alla staði, sem löggiltir hafa verið síðan 1879, nema með sjerstöku leyfi ábyrgðarstjórans. Það getur nú verið, að menn segi, að þetta komi ekki þinginu eða landsmönnum við; en jeg held að það sje þó eigi, þegar rjett er skoðað. Jeg gæti nefnt fleiri hafnir, þar sem ábyrgðarfjelögin hafa neitað að ábyrgjast skip og farm; hafa því þær sveitir, er þar liggja í grennd, misst af þeim hagnaði, sem hefði getað orðið af skipkomu þangað. Á sumar af þessum mörgu löggiltu nýju höfnum hafa ábyrgðar-forstjórarnir reyndar gengið inn á að ábyrgjast skip og vöru með því móti, að eigandi greiddi 1% auk hins vanalega ábyrgðargjalds, og verður því gjaldið af skipi og farmi, sem kostar 24,000 kr., 240 kr. hærra. Þar sem það kostar svona mikið að fá skip vátryggð á þessar smáhafnir, auk hættunnar að það farist, þá vilja kaupmenn ekki vinna til að senda þangað skip, þar sjaldan er um mjög mikla verzlun að tala. Þetta hefði nú ekki komið fyrir, ef þingið hefði ekki löggilt allar þessar hafnir. Ef menn hefðu viljað láta sjer nægja með að nota verzlunarfrelsi það, er fjekkst með lögunum frá 7. nóv. 1879, þá hefðu kaupmenn án aukakostnaðar getað verzlað þar sem þeir hefðu viljað. Jeg veit af einum manni, sem hefir byrjað verzlun á Hjalteyri við Eyjafjörð, og fengið skip með vörur frá Frakklandi, og getur hann verzlað með allar vörur, nema vínföng, og þau held jeg megi missa sig. Þó er staður þessi ekki löggiltur, en maðurinn hefir keypt leyfi til þess að reka sveitaverzlun samkvæmt nefndum lögum frá 7. nóv. 1879. Þetta sýnir, að þau eru fullnægjandi fyrir þá, sem eru að biðja ár eptir ár um þessar mörgu löggildingar, ef menn að eins vildu nota þau, því eptir þeim má verzla með allar vörur, nema vínföng, hvar sem vera skal. Hinir löggiltu verzlunarstaðir hafa því það eitt fram yfir aðra staði, að þar má selja vínföng, og útlendingar geta komizt að til að verzla á skipum; en mjer finnst fremur ástæða til að hlynna að innlendri verzlun en útlendri. Þó jeg þannig hafi talið fram nokkuð af því, er mjer virðist gjöra löggilding á þessum stað óþarfa, þá vil jeg þó ekki ráða til að fella þetta frv., bæði af því, að jeg veit að slíkt er ekki til neins fyrir mig, og eins af því, að mjer finnst, að það færi vel á því, að hafa frumvarpið sem fylgiskjal til meðmælingar tollfrv. því, sem rætt var hjer í deildinni í gær, þegar það verður sent stjórninni.

Egill Egilsson: Flutningsm. (Þ. Böðv.) hefir, að jeg held, tekið fram flesta þá kosti, sem mæla með því, að löggilda þessa höfn, hvað verzlunina snertir; en það má einnig skoða málið frá fleirum hliðum, og þá má finna fleiri ástæður, sem mæla með þessari löggilding. Við vitum, að einkum hjer á Suðurlandi er mesta vöntun á höfnum; en þótt á Þórshöfn sje nokkuð þröng innsigling, þá er þar lífhöfn þegar inn er komið. Höfnin er reyndar nokkuð þröng sjálf, en á fjörunum í kringum höfnina geta legið svo mörg skip, sem vera skal, þó með því móti, að flest þeirra verða að liggja á þurru um fjöruna; en það gerir þeim ekkert til. Þetta

eru því mikil meðmæli með því að löggilda höfnina. Annað sem mælir með því að löggilda þessa höfn er það, að fyrir utan hana liggur einhver sá veiðisælasti sjór sem til er kringum allt landið, Hafnasjór að sunnan og Miðnessjór fyrir framan og norðan undan, og þar bregzt fiski um bil aldrei. Ef staðurinn yrði löggiltur og þar yrðu byggð kaupstaðarhús, þá mundi það laða sjómenn þangað og mundu menn þá fara að byggja þar verbúðir; við það ykist krapturinn og »omsætningen« yrði meiri, því eins og nú stendur geta ekki fleiri komizt að, þar sem enn er byggð, á svæðinu milli Reykjaness og Skaga, og er því nauðsynlegt að stuðla til mannabyggða þar sem þær ekki eru þar enn. Flutningsmaður. (Þ. Böðv.) gat þess, að frá Þórshöfn væru fluttar vörur af kaupmönnum; það er satt, það er optast gert í júlímánuði, en það er ekki nóg, því saltflutning þangað vantar alveg, enda er ekki til neins að flytja salt þangað meðan engin salthús eru byggð þar til þess að geyma saltið í. En saltið er mönnum þó ómissandi þar, til þess að geta gert fisk sinn að verzlunarvöru. Flutningsm. tók það fram, að þó leiðin til Keflavíkur væri ekki löng, þá væri hún þó mjög örðug sjóleið. En ef litið er til vegalengdarinnar á landi, þá verður hjer ekki skemmra milli kauptúna, en víða annarsstaðar við Faxaflóa, og þó að Þórshöfn verði löggilt, þá verða ekki fleiri kauptún fyrir það að sunnanverðu við Faxaflóa, en nú eru að norðanverðu við hann, og ætti það því ekki að verða löggildingu þessari til fyrirstöðu. Í fyrra, þegar jeg kom þar, lágu þar 4 skip, sem vóru að sækja vörur þangað; má af því sjá, að vörumagnið og verzlun er þar töluverð, og gæti þó orðið tífalt meiri en nú er. Jeg óska því frv. allra heilla og greiðustu meðferðar í deildinni.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Þar sem h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) var að tala um erfiðleika á því, að fá skip vátryggð á þessar smáhafnir, sem sífellt væri verið að löggilda, þá nær slíkt ekki til þessarar hafnar. Skip hafa hingað til legið á þessari höfn, hvort sem það hefir verið með leyfi ábyrgðarstjórnarinnar eða ekki. Viðvíkjandi því, hve erfiða leið er að sækja nú til næsta kauptúns, skal jeg geta þess, að prestur sá, sem nú þjónar Útskálaprestakalli, hefir sagt, að 7 menn hafi orðið úti á kaupstaðarleið þar sunnan að.

Th. Thorsteinsson: Það var eitt atriði í ræðu h. þm. Mýr. (E. E.), sem jeg vildi minnast á; hann sagði, að ef þessi staður yrði löggiltur, mundi verbúðum fjölga þar. Þetta finnst mjer einmitt ástæða á móti frv., því sú eina afleiðing, sem verður af því að fjölga löggiltum verzlunarstöðum, er sú, að auka brennivínssölu. Þar sem hann gat þess, að þar vantaði salthús, þá þarf ekki að löggilda staðinn til þess að fá það, því eptir núgildandi lögum er hverjum sem er heimilt að setja þar upp salthús. Þar sem hann talaði um, að þar mundi verða svo mikil verzlun, þá efast jeg ekki um, ef svo er, að einhver duglegur maður muni setja sig þar niður og byrja verzlun, því til þess hafa menn fullt leyfi, að setja þar á stofn sveitaverzlun. Sú ástæða, að þetta sje gott fiskipláss og því þurfi að löggilda það, finnst mjer einskisverð, því með löggildingunni er ekkert annað fengið en vínsalan, en afleiðingin af henni verður aptur opt sú, að menn gleyma að fara á sjó og brúka þetta leyfi sjer til skaða. Mjer finnst líka mjög varhugavert, að vera að fjölga mjög löggiltum verzlunarstöðum í sömu andránni og menn eru að tala um að leggja útflutningstoll á landvarning, því auðvitað verður eptirlitið með tollgreiðslunni því erfiðara, því fleiri sem kaupstaðirnir eru. En sje leiðin til næsta kauptúns svo hættuleg, að það gæti frelsað margra manna líf, að löggilda þennan stað, þá vil jeg ekki mæla á móti því að það sje gert; en jeg skil ekki í að svo sje. [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að minnast á ræðu h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) í fám orðum, þótt jeg reyndar skildi ekki mikið í henni, og jeg reyndar ekki fyndi neitt í henni, sem jeg áleit að jeg þyrfti eiginlega að svara. Þm. sagði, að ef byggður yrði kaupstaður þar, mundu

menn gleyma að fara á sjó; á hverju er þetta byggt? Ekki á reynslunni. Reynslan hefir einmitt sýnt það, bæði hjer í Rvík og í Hafnarfirði, að í kaupstöðum eru opt hinir duglegustu sjósóknarmenn, og ekkert hætt við, að þeir gleymi að fara á sjó. Jeg vona annars að ræða þessa þm. verði heldur skoðuð sem meðmæling með frv. en mótmæli móti því.

— Var málinu því næst vísað til 2. umr. m. 14 atkv.

Frv. um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu (C. 120); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorvarður Kjerulf): Það er vitaskuld, að jeg ætlast ekki til þess, að nefnd verði sett í þetta mál, en hins vegar vona jeg, að þingdeildin veiti því liðlegri undirtektir, en málinu sem jeg flutti í gær; að öðru leyti ætla jeg ekki að tala um frv. í þetta sinn, en vísa til ástæðanna, sem fylgja því, og óska jeg, að málið verði látið ganga til 2. umræðu.

— Málinu var síðan vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um friðun fugla og hreindýra (C. 120); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Af því að mjer er kunnugt, að þingmaður einn í Ed. ætlar að koma fram með líkt frv., sem jeg hef sjeð og líkar að ýmsu vel, bið jeg h. forseta að taka þetta mál út af dagskránni, þangað til menn sjá, hvernig hinu frv. reiðir af í Ed.

— Síðan var það mál tekið út af dagskrá.

Frv. til laga um breytingu á 40. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 120); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Á þremur þingum, 1877, 1879 og 81, hafa komið fram frumv. um, að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufjelög. Ástæðan er sú, að íbúum Kjósarsýslu hefir fundizt gjaldið til sýslusjóðsins koma tiltölulega æði-þungt niður á sjer, eins og eðlilegt er, því íbúarnir þar lifa mest á landbúnaði, en íbúar Gullbringusýslu mest á sjávarútvegi, og hafa lítinn kvikfjenað og flestir litlar jarðir; það þarf eigi stóra jörð nje mikið lausafje til að stunda mikla atvinnu af sjó. Á þinginu 1881 kom fram greinileg skýrsla um um það, hvernig gjaldið til sýslusjóðs kemur hjer niður, og taldist þá svo til, að 18⅔ aur. kæmu á hvern mann í Kjósarsýslu, en 9½ í Gullbringusýslu, eða með öðrum orðum: gjaldið er hjer um bil helmingi þyngra á Kjósarsýslubúum. Málið komst fram í þessari deild þingsins, en fjell í Ed., og var helzta ástæðan til þess sú, að skipting þótti sundra kröptunum. Sami ójöfnuðurinn, sem verið hefir, er enn, og ekki minni, því fólkið er allt af að fjölga í Gullbringusýslu, en ekki í Kjósarsýslu. Þó er jeg nú horfinn frá því, að skipta sýslunum; jeg vil ekki sundra kröptunum, ef annað er hægt. Það er gott og heillavænlegt, að sem flestir vinni saman í bróðerni og sameiningu, ef orðið getur; jeg hef því kosið aðra aðferð, sem kemur fram í þessu frumv., nefnilega að jafna sýslusjóðsgjaldinu þannig niður, að helmingur sje lagður á eptir samanlagðri tölu allra lausafjárhundraða og allra jarðarhundraða í sýslunni eptir hinni nýju jarðabók, en hinn helmingur gjaldsins sje lagður á eptir tölu allra verkfærra manna í sýslunni eptir rjettri tiltölu í hreppi hverjum. Með þessu næst meiri jöfnuður en verið hefir; það bætir nokkuð úr fyrir Kjósarsýslubúum, og jeg fæ ekki sjeð, að Gullbringusýslubúar geti verið óánægðir með þetta. Mál þetta er ekki umfangsmikið, og getur gengið umræðulítið gegnum þingið, ef deildin vill rjetta ljúfa hjálparhönd til að ljetta ósanngjarnri byrði af. Vilji hún það ekki, þá er bezt að fella frv. sem fyrst. Jeg veit, að h. samþingismaður minn (Þ. Böðv.) er þessu máli allra manna kunnugastur, og af því jeg treysti sanngirni hans og rjettsýni, er það ósk mín, að hann vildi láta skoðun sína í ljósi.

Þórarinn Böðvarsson: Af því h. flutningsm. (Þ. Bjarn.) hefir svo gott sem skorað á mig, ætla jeg stuttlega að lýsa áliti mínu um málið. Jeg rengi engan veginn skýrslu hans; jeg veit það er rjett, að

verulegur ójöfnuður hefir verið í því, að jarðarhundruð og tíundarhundruð eru miklu færri að tiltölu í Gullbringusýslu en Kjósarsýslu; Kjósarsýsla hefir því orðið hart úti, einkum í beztu búnaðarárum. Í seinni tíð hef jeg ekki veitt því svo mikla eptirtekt; jeg hjelt málið væri fallið niður, eða væri ekki kappsmál að minnsta kosti. Jeg vil sjálfur varast alla smámunasemi, eins í opinberum gjöldum, eins og við einstaka menn. En vilji aðrir reikna, þá hef jeg ekki á móti því. Vil jeg þá vekja athuga manna á því, þegar litið er til þessa frumvarps, að verulegustu gjöldin eru alls ekki sýslusjóðsgjöldin; þau nema, að mig minnir, optast um 700 kr. Það er annað gjald, sem er þyngra, og það er vegabótagjaldið. Það mun vera 16—1700 kr. árlega, og fellur það miklu þyngra á Gullbringusýslu. Jeg verð að bera það af Gullbr. s., að hún hafi sýnt smámunasemi við Kjósars. Hún hefir t. d. látið búa til brýrnar á Elliðaárnar, sem eru fyrir allan almenning, en sjerstaklega fyrir Kjósarsýslu, en Gullbringusýslubúar fara mjög sjaldan yfir þær. Kostnaður við þær var yfir 7000 kr., og eru þær eitt hið mesta mannvirki, sem sýslufjelög hafa gjört. Hvað það snertir, að leggja gjöld á alla verkfæra menn, þá verður að athuga það, að verkfær er hver maður, sem er fær í vegabótavinnu; verkfærir menn eru miklu fleiri í Gullbringusýslu en Kjósarsýslu; margir þeirra eru vinnumenn efnaðra bænda og að því leyti rjettvíst, að leggja gjaldið á með tilliti til þeirra, en fjöldamargir þeirra eru líka fátækir þurrabúðarmenn, sem eru byrði hreppanna. Annað er það, sem einnig gæti verið athugavert, að eins eða líkt gæti staðið á í öðrum sýslum. Þó segi jeg það ekki. En hitt segi jeg hiklaust, að fyrst Kjósarsýslubúar álíta sjer ofþyngt í samanburði við Gullbringus., og það er að því snertir sýslusjóðsgjaldið, þá er jeg hinn fúsasti til að styðja að því, að það gæti lagast, og mun jeg greiða atkvæði með því, að málið gangi til 2. umræðu.

— Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 11 atkv. gegn 7.

Uppástunga til þingsályktunar um alþýðumenntun (C. 120); ein umræða.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg hefi ávallt álitið menntun alþýðu eitt hið mesta áhugamál landsins, jeg meina sanna menntun, sem eykur sjóndeildarhringinn, skýrir sjónina og styrkir viljann, og leiðbeinir til þess, sem gott er og rjett. Sama munu allir meina. Það er gott og blessað að fá lög um fugla og fiska, vegi og samgöngur, verzlunarstaði og banka; en æskilegast af öllu er þó, að sá landslýður, sem vegina fer, og peningana brúkar, sje sem siðsamastur, vitrastur og framtakssamastur. En til þess er menntun bezta meðalið. Það eru margir vegir til menntunar: kenning prestanna, blöðin og bækur ýmsar, sem út koma; en öll veruleg fræðsla fer fram annaðhvort á heimilum eða í skólum. Á heimilum er líkt farið nú og að undanförnu: frá góðum heimilum koma góðir menn, frá framkvæmdarheimilum framkvæmdarmenn, frá siðlitlum heimilum því miður siðlitlir og ódugandi menn. Frá skólum, ef þeir eru góðir, læra menn ekki annað en það, sem gott er og nytsamlegt. Skólar eru hvervetna álitnir nauðsynlegir, og líka hjer á landi. Það sýnir ýmislegt, sem gert hefir verið á síðari árum, bæði á þingum og af landsbúum. Vjer höfum og nokkra skóla, en oss vantar allar reglur fyrir skólum, vantar yfir höfuð þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess, að skólamenntunin geti orðið að fullum notum. Til skóla þarf fyrst skólahúsin. Fyrsta krafa til þeirra er heilnæmi, svo heilsa nemenda spillist ekki. Jeg segi það ekki löndum mínum til lýta, en get þó ekki dregið dulur á, að ýms af skólahúsum vorum eru ærið ófullkomin. Kennendur verða sumstaðar að sitja á kistum og vondum bekkjum, sem eru spillandi fyrir heilsu manna, og lopt er hvergi nærri eins gott, eins og vera ber. Hvað kennara snertir, þá verður að taka þá, eins og þeir eru til. Þeir hafa verið teknir af öllu tagi, menn, sem hafa reynt að ganga gegnum latínuskólann, en ekki getað lokið námi, og jafnvel menn, sem ekkert annað hafa getað unnið. Jeg lasta ekki kennarana, en

valið hefir stundum verið óheppilegt, og fje því, sem veitt hefir verið til alþýðumenntunar, hefir ekki jafnan verið varið eins vel og vera ber. Þá er í þriðja lagi stjórn skólanna; jeg á við hina lægri alþýðumenntun. Hún hefir verið nokkuð á reiki. Biskupar höfðu áður mest ráð yfir menntamálum eða kennslumálum, sem þá voru eingöngu latínuskólarnir, og lasta jeg það ekki. Jeg mæli sízt á móti því, að hin andlega stjett hafi hönd í bagga með uppfræðslu almennings. Svo á að vera, og presturinn getur haft og hefir meiri áhrif á hana, en nokkur annar embættismaður.

Þegar til uppástungunnar kemur, eru tveir vegir. Annar er sá, að þingið skori á stjórnina, að setja nefnd milli þinga til að rannsaka málið, og leggja frumvarp fyrir næsta þing. En jeg álít, að miklir kostir sjeu við, að málinu sje hreyft þegar, svo þingið geti látið skoðun sína í ljósi. Jeg er sannfærður um, að ekki að eins þingið, heldur þjóðin, álítur þetta velferðarmál; og hugsaði jeg sem svo, að geti þingið eða nefnd ekki komizt að niðurstöðu, þá er allt af sá vegur opinn, að biðja stjórnina að setja nefnd milli þinga, er vinni að málinu fyrir næsta þing.

Hinn annar vegur er sá, að koma þegar fram með frumvarp, og er sá vegurinn, ef til vill, formlegri. En enda þótt jeg hefði til frv., kaus jeg þó heldur að fara þessa leið, til þess að forðast þráttanir um það hjer á þinginu, af því jeg hafði ekki getað sýnt neinum þingmönnum það áður. Jeg óska þess, að 5 manna nefnd sje sett í málið.

Þorlákur Guðmundsson: Það gleður mig, að þessi uppástunga er komin fram hjer á þinginu. Jeg kom, eins og kunnugt er, með uppástungu um sama mál 1881, og var þá nefnd sett í það, og lauk hún starfi sínu allvel, og það svo, að nefndarálitið fjekk meðhald blaðanna, og stjórnin áleit sjer skylt að taka tillit til þess, þó jeg síðan hafi sjeð í blöðunum, að hún (nefndin) hefir fengið ámæli fyrir það, sem hún gerði. Eptir tillögum þeirrar nefndar var landinu skipt í 14 alþýðuskólahjeruð, og er það hallærinu mest að kenna, að nefndarálitið hefir ekki orðið að tilætluðum notum, því hallærið dregur úr því eins og öðru. *(Lárus Blöndal:* Hallærið er ekki búið enn!). Nei, en málið má ekki deyja fyrir það; það verður samt að halda því í rjettri stefnu, og þess vegna er það gott, að því er hreift nú. Það er áreiðanlega harðærinu að kenna, að nefndarálitið 1881 varð ekki að notum; það hefði sýnt sig, ef gott hefði verið í ári, að einhver af hjeruðum þeim, er þar eru nefnd, mundu hafa komið til móts við nefndina. Við þingmenn Árn. höfðum á síðasta þingi frv., samið af prófastinum í Árnessýslu, vel og viturlega, eins og við má búast af honum, en þorðum eigi að koma fram með það vegna þess, að það auðsjáanlega var að leggja þungan skatt á hjerað, en óvíst um samsvarandi aðsókn að skólanum í harðærinu. Skoðanir manna eru enn margvíslegar, og þjóðin er enn ekki komin á neina fasta stefnu í alþýðufræðslumálum. Það gerir hjer heldur ekki það rjetta útslag, hvað skólar eru nefndir, heldur hitt, hvað þeir kenna. Mitt álit hefir verið og er, að fyrsta stig uppfræðingarinnar eigi að fara fram á heimilinu, og tel ófært og skaðlegt, að snara kristindómsuppfræðingunni upp á skólana. Allir foreldrar eiga að vera lesandi, og hafa opinberlega gert grein fyrir sinni kristilegu trú, og þess vegna á ekki að taka það af þeim, að uppfræða börn sín. Það er til að ala upp ómennsku og slökkva og útiloka hinn síðasta neista kristilegrar trúar í landinu, að fela barnaskólum slíkt. Jeg get ekki fallizt á það, að foreldrar komist ekki til þess, að kenna börnum sínum, og jafnvel í sjóplássunum hafa þeir nægan tíma til þess. Jeg segi engan veginn, að barnaskólar sjeu ónauðsynlegir, en þeir eiga ekki að kenna það, sem hvert heimili getur kennt, og á að kenna.

Þetta mál er vandamikið og umfangsmikið; held jeg því varla, að nefnd á þingi geti afkastað því, svo í nokkru lagi sje, en nefnd milli þinga hefir miklu meira ráðrúm, og þó hún kann ske geti mislukkast, hefir

hún þó tímann lengri, og held jeg því, að sá vegur sje heppilegri. Jeg vil því leggja það til, að nefnd milli þinga verði sett, og ætti það helzt að vera 5 manna nefnd.

Þorkell Bjarnason: Jeg er nú einn af þeim, sem fagna því, að þessi uppást. skuli vera komin fram, og er jeg uppástm. (Þ. Böðv.) mikið þakklátur fyrir hana. En jeg vil taka það fram, að jeg er alls ekki samdóma h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), því ræða hans gekk út á það að sumu leyti, að mjer virtist, að skýra fyrir mönnum, hversu óhentugir barnaskólar væru, og ekki einasta óhentugir, heldur jafnvel skaðlegir. (*Þ. Guðm.*: Það sagði jeg aldrei. *H. K. Fr.*: Jú, hann sagði það einmitt). En jeg er á allt annari skoðun; jeg vil leyfa mjer að taka fram, að það virðist svo, sem þgsál. 1881 hafi ekki fengið fullt traust eða fylgi þjóðarinnar; því þrátt fyrir það, þótt alþingi lýsti því yfir 1883, að það vildi færa styrkinn til barnaskólanna töluvert niður, þá fjölgar þó barnaskólunum óðum, og þó bæði þingið 1881 og eins 1883 hafi veitt mikið fje til stofnunar alþýðuskóla, þá hafa alþýðuskólar alls ekki verið stofnaðir, og jeg vil segja, að fjeð til alþýðuskóla sje sá eini liður, sú eina fjárveiting í fjárlögunum, sem ekki hefir gengið upp, og það sýnir fullljóst, að það hefir ekki verið einlægur vilji þjóðarinnar eða unnið hennar hylli, sem þingið gerði 1881; það er satt, sem máltækið segir: að »holt er heima hvað», og því verða heimaskólarnir affarasælli en alþýðuskólarnir, og ef börnin læra það nauðsynlegasta heima, og fara ekki í skólann fyr, en þau kunna sæmilega að lesa og skrifa, þá álít jeg barnaskólana hinar happasælustu menntunarstofnanir fyrir unglinga. Jeg vil því óska þess, að nefnd verði sett í málið, og leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Forseti: Það hafa fleiri en einn þm. stungið upp á nefnd, en jeg get ekki sjeð, að það hafi hina minnstu þýðingu að kjósa nefnd í þetta mál, sem að eins gengur út á það, hvort kjósa skuli nefnd eða ekki til að íhuga alþýðumenntunarmál landsins, og leyfi jeg því frekari umræður.

Jón Ólafsson: Það getur vel verið, að skólamálsnefnd sú, er sett var hjer á þingi 1881, hafi, ef til vill, ekki sem skyldi tekizt að hitta upp á hinar bráðustu þarfir alþýðu, og víst er um það, að þessi liður í fjárlögunum hefir ekki verið notaður alveg; en bæði er það, að eins og nú lætur í ári, er mönnum ekki fært að ráðast í stór fyrirtæki, og svo er annað, að jeg ætla, að oss nefndarmönnum hafi helzt mistekizt í því, að vjer höfum eigi ráðið til að leggja nógu ríflega til hins *fyrsta* kostnaðar við stofnun skólanna, en sá kostnaður er einmitt hinn erfiðasti og tilfinnanlegasti. En svo er nú þess að geta, að hjer út um landið eru þó á nokkrum stöðum komnir á þeir skólar, sem nefndin hafði ráð fyrir gert, því hún gerði ráð fyrir alþýðuskólum, bæði karla og kvenna skólum o. s. frv., bæði sameinuðum og sínum í hverju lagi. En þar sem þó í blöðunum hefir verið mikið talað um það, hversu nefndinni hafi verið mislagðar hendur, og að hún hafi um of viljað draga landssjóðsstyrk frá barnaskólunum, þá álít jeg það ekki rjett, því þegar við förum að gæta að sumum af þessum röddum, sem fram hafa haldið barnaskólunum, eins og sjera Jens Pálsson, en þykja alþýðuskólar óþarfir, þá sjáum við, að þeir vilja nema burtu úr sínum barnaskólum t. d. kristindómskennslu, og enda skript og reikning, en þó engu að síður kalla skólana barnaskóla; hjer er því eingöngu um tómt *nafn* að ræða, og það mega menn ekki láta villa sig, því þessara manna *barna*-skólar eru þá hjer um bil sama, sem skólanefndarinnar *alþýðu*-skólar. Annað er það, að vel getur verið, að nefndin hafi ekki verið sem heppnust í skiptingunni á skólahjeruðunum, en í því efni gat hún þess að eins, hvað sjer þætti heppilegast, án þess að það væri fast eða bindandi fyrir fjárveitingarvaldið. Það er enginn efi á því, að mjög mikil þörf er á menntun unglinga, en það getur varla verið meiningin, að kasta upp á landssjóð að leggja fje til kristindómsuppfræðslu og hinna fyrstu undirstöðuatriða, sem að lögum hvíla á foreldrum og sveitum. En í tilefni af þessu vil jeg, með allri virðingu fyrir klerkastjett-

inni, láta þá meiningu mína í ljósi, að þótt sumir af þeim kunni að hafa gott eptirlit með því að þeim lögum sje framfylgt, þá eru þeir þó ekki fáir, sem í þessu efni vanrækja skyldu sína, og jeg verð að segja það, að jeg bar kinnroða fyrir klerkastjettina, er jeg einu sinni sem safnaðarfulltrúi á hjeraðsfundi heyrði prest koma fram með þá tillögu, að mótmæla þessum lögum, sem leggja húsbændum og foreldrum á herðar þá skyldu að mennta unglingana, og skylda presta til að hafa eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt, og allir prestarnir, sem mættir voru, tóku í sama streng, sökum þess, hvað eptirlitið með þessu væri erfitt, og þetta væri svo fjarskylt stöðu presta. En að lögunum um uppfræðing barna í skript og reikningi er svo illa fram fylgt, það liggur í sljóleika þessara presta sjálfra og yfirboðara þeirra, og það er ekki mikið gagn í neinum lögum, hversu góð sem eru, ef þeim er ekki fram fylgt. Jeg vona því, að ef nefnd verður kosin í þetta mál, hvort sem hún verður kosin milli þinga, eða nú þegar hjer í deildinni, að hún þá taki til nákvæmrar íhugunar ekki eingöngu barnauppfræðslu og hin allra fyrstu undirstöðuatriði, heldur menntun unglinga yfir höfuð.

Þorlákur Guðmundsson: H.2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) misskildi algjörlega ræðu mína, að jeg hefði álitið, að barnaskólar væru skaðlegir; nei, það var langt frá, að jeg segði það, en hitt sagði jeg, og segi enn, að á barnaskólunum er alls ekki gott fyrirkomulag, niðurskipun kennslunnar er alls ekki hentug, og lögunum hvergi nærri vel fram fylgt. Jeg tek það fram aptur, að jeg álít ekki nauðsynlegt að láta barnaskólana kenna það, sem hvert heimili getur kennt, heldur einmitt það, sem hvert heimili getur ekki kennt; en fyrirkomulagið er hreint ekki eins og það ætti að vera; skólarnir lenda hjá einstökum mönnum, og á einstöku stöðum, og fjöldi manns fer þannig á mis við kennsluna, og kemur hún því ærið misjafnt niður; jeg álít t. d. það skólafyrirkomulag ekki rjett, þegar maður með fullum launum er haldinn heilan vetur til að kenna 8 til 10 börnum. Kvennaskólarnir eru heldur ekki, að mínu áliti, á rjettri hyllu; margt hvað það, sem á þeim er kennt, heyrir til hinnar fínni heimsmenntunar, en miklu síður til hins nauðsynlega, verklega, og þess, sem heyrir til að verða góð og dugleg kona; þetta er sorglegt, en svona er það. Mjer fyrir mitt leyti finnst, að rjett væri að sameina kvennaskólana góðum búnaðarskólum; og eitt dæmi vil jeg enn taka: það má gjöra ráð fyrir því, að það komi fyrir flestar pær, er á kvennaskólana fara, að eiga börn, en hvar er svo þeirra lærdómur? Þær kunna ekkert til að meðhöndla sitt eigið barn; en ef nokkur hlutur er nauðsynlegur, þá er það, að geta hlynnt að ungbörnunum; í slíkum skólum fyndist mjer sjálfsagt að kenna meginatriði heilbrigðisfræðinnar; og ætla kvennfólkinu væri ekki nær að kaupa og kynna sjer aðrar eins bækur eins og t. d. Um eðli og heilbrigði mannlegs líkama, eða hina nýútkomnu lækningabók Dr. Jónassens, heldur en að kaupa einhvern hjegómann eins og nú gerist? Það dugar lítið tómt nafnið: *skóli;* það er höfuðatriðið, að það sje kennt, sem er verulega nauðsynlegt og verklegt, og hefir það sanna gildi fyrir lífið, og að það sje látið sitja í fyrirrúmi fyrir þeirri fínni menntun; hún er góð, ef hún getur komizt að á eptir, og það er langt frá, að jeg lasti það, þótt menn vilji, að hinar fínni hannyrðir ekki leggist niður í landinu. Í þessu, ásamt fleiru, finnst mjer nú stórlega ábótavant, og yfir höfuð er þetta mál vandasamt og stórt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er samdóma h. þm., er síðast talaði, að þetta mál er vandasamt og stórt; jeg álít hina andlegu menntun nauðsynlega, samfara hinni líkamlegu menntun í landinu, og því vil jeg fyrir mitt leyti styðja þetta mál. En hitt er efunarmál, hvort sem nú nefnd verður kosin hjer á þinginu eða skipuð af stjórninni milli þinga, hvort hún þá muni geta gert það, sem verulegt gagn er að fyrir alþýðumenntunarmál vor; því sú nefnd yrði að setja fastar reglur, sem gilda fyrir og snerta alla skóla, barnaskóla, alþýðuskóla, gagnfræðaskóla, latínuskóla, setja eina reglu, sem gildir fyrir

hverja af þessum tegundum skóla. Mjer finnst nú satt að segja, að ekki sje enn kominn tími til að fara svona langt, að setja niður þingnefnd. Hjá oss er enn allt í byrjun; skoðanir manna á barnaskólum og alþýðuskólum svo ýmislegar; engin almenn skoðun kemur enn fram, að minnsta ekki eptir blöðunum að dæma. Sumir eru á móti alþýðuskólum, sumir eru á móti barnaskólum. Reikningur og skript og kristindómsuppfræðing, segja sumir, hvílir á heimilunum undir yfirumsjón prestanna, og þetta er alveg satt, og jeg veit, að Norðlendingar líta heldur hornauga til barnaskólanna hjer syðra, sem njóta ekki svo lítils styrks af landssjóði til að veita kennslu í því, sem eptir lögunum ætti að kenna á hverju heimili. Það hefir verið ritin löng ritgjörð mót aðgjörðum nefndar þeirrar, sem sett var 1881 í þetta mál, en ágreiningurinn er eiginlega mestur um nafnið, eins og h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) tók fram. En meðan engin föst allsherjarskoðun hefir komið fram í þessu efni, og meðan efnahagur vor er eins veikur og hann er, og meðan vjer höfum svo örfáa menn, sem hafa lært nokkra uppeldisfræði *(Pædagogik)*, og geta því ekki orðið góðir kennarar nema eptir náttúrufari sínu, þá finnst mjer ekki tími til kominn að setja fastar allsherjarreglur um alþýðumenntamál vor, sízt skoðuð ein sjer. Mjer kemur til hugar eitt dæmi frá frændþjóð vorri, Dönum. Þar veitir ríkisdagurinn mikið fje til lýðskólanna, og lætur þá ráða sjálfa kennslunni, einungis að skólarnir standi undir yfirumsjón einhvers yfirvalds; en svo er sendur maður um hjeraðið til þess að kynna sjer kennsluaðferðina, og fleira þar að lútandi. Þetta held jeg gæti vel heppnazt hjer á landi, og engu síður en þar, að einn maður væri sendur af landshöfðingja um landið til þess að athuga kennsluna, siðferðið, og hversu fyrirmælum forstjórnarinnar væri fram fylgt við hvern skóla. Að öðru leyti er jeg allri menntun mjög hlynntur, og er h. uppástm. mjög þakklátur fyrir þessa uppást.

Lárus Blöndal: Jeg ætla að eins víkja fáum athugasemdum til h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) viðvíkjandi fyrirkomulaginu á kvennaskólunum, hvernig það væri, og hvernig það ætti að vera; jeg veit, að h. þm. er kunnugra en mjer fyrirkomulagið á og kennslan við kvennaskólann hjer í Reykjavík, en jeg get skýrt frá því, hvað viðvíkur kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga, að þar er gert ráð fyrir, að námsstúlkum sje kenndur bæði matartilbúningur, fatasaumur, og yfir höfuð ýmislegt fleira, sem húsmæðrum er þarft að kunna; skólastofnunin hefir keypt jörðina Ytri-Ey, og hefir þar búnað. En hvort heppilegt væri, eins og h. 1. þm. Árn. rjeði til, að sameina búnaðarskóla og kvennaskóla, tel jeg mjög vafasamt; það gæti reyndar orðið til þess, að maður gæti búizt við, að við það kæmi upp nokkurs konar fæðingarstofnun, svo að stúlkurnar gætu, ef til vill, fengið verklega æfingu í því, að fara með ungbörn.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Mjer hefir heyrzt á ræðum þeirra, er talað hafa, að þær lýstu því ljóslega, að bráð nauðsyn sje á því, að koma þessu máli áleiðis. Þm. Árn. (Þ. G.) tók það fram, að eptirlitið með skólunum væri hvergi nærri gott, og er það rjett; en hin sanna menntun á einmitt að koma frá skólunum; frá heimilunum koma menn eins og heimilin eru, en frá skólunum ættu að koma góðir menn, og þeir, sem hefðu sanna menntun. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) nefndi ýmsa þá skóla, sem frv. ætti að ná yfir, t. d. búnaðarskóla og gagnfræðaskóla; en það held jeg sje ekki rjett; sá gagnfræðaskóli, sem við höfum, nfl. á Möðruvallaskólinn, hann hefur sína stjórn og sitt skipulag sjerstakt. Þessi sami þm. (A. Ó.) sagði, að þetta kæmi allt of snemma; en jeg verð að geta þess, að þegar fyrsta tillagan kom um Möðruvallaskólann, þá komu fram einmitt þær sömu mótbárur, að tími væri ekki kominn til slíks; þá komu fram 6—8 frv. hvert eptir annað, og það sýnir, að þótt frv. í fyrstu sje ófullkomið, þá má ávallt breyta því og laga það, en bjargast við það að sinni, og í slíku máli álít jeg nauðsynlegt að semja eitthvert frv., jafnvel þótt því yrði að breyta á næsta þingi. Það, að skoðanir

manna í þessu efni sjeu á reiki, það styrkir einmitt mitt mál, því fastar reglur um alþýðumenntun ættu einmitt að af nema allt reik í því efni, og koma fastri stefnu á það mál. Efnahagur vor veit jeg vel, að ávallt er á veikum fótum, en föst stefna og skipulag getur komizt á einhverja stofnun eptir því, sem hún er að efnum búin, eins á pær, sem hafa lítil efni. Þar sem svo fáir eru til, sem geta kennt á þess konar skólum, þannig að hinir ungu öðlist verulega og sanna menntun, þá er þetta einnig sönnun fyrir því, hversu nauðsynlegt það er, að koma upp þeim mönnum, er sjeu þeim starfa vaxnir. Það er ný sönnun fyrir því, að eigi beri að fresta þessu máli, heldur sje nauðsyn að taka það fyrir nú þegar. Sjeu föst skilyrði sett fyrir því, hvað til þess heyri, að geta verið skólakennari, þá fara menn heldur að búa sig undir það, þó ekki verði stofnaðir kennaraskólar, sem eru nauðsynlegir, þótt þeir að líkindum komist ekki á að sinni.

Jón Sigurðsson: Jeg er einn af þeim mönnum, er vil styðja þetta mál með tillögum mínum. En mjer líkar ekki uppástunga þessi, eins og hún hjer liggur fyrir. Jeg veit ekki hvort h. uppástungumaður ætlast til, að þessi fyrirhugaða nefnd skyldi setja nokkurs konar þvingunarlög fyrir landið, sem gerði það að skyldu fyrir almenning að nema vissar námsgreinir til þess að geta orðið fullgildur borgari í þjóðfjelaginu; en þess konar er óhugsandi og óframkvæmilegt. Það getur heldur ekki verið meiningin, að þessi nefnd skuli semja lög um alþýðuskóla, því þeir eru fáir til, eða rjettara sagt: engir. Jeg ímynda mjer því, að meining hins h. uppástm. sje sú, að nefndin ætti að finna einhver góð ráð til að hrinda þessu máli áfram í rjetta stefnu. Með því einu móti, að h. uppástm. leggi þennan skilning í verksvið nefndarinnar, gef jeg atkvæði mitt með henni og legg til að kjósa 3 manna nefnd. Gæti þessi nefnd fundið einhver ráð til að vekja áhuga almennings á þessu máli og beina því í rjett horf, þá álít jeg mikið unnið. Aðra þýðingu en þessa get jeg heldur eigi sjeð, að nefnd millum þinga geti haft.

Eiríkur Briem: Jeg vil leggja það til, að umræðunum um þetta mál verði frestað til morguns, vegna þess, að mjer geðjast ekki að þessari uppástungu, eins og hún liggur nú fyrir. Jeg er á sömu skoðun, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.), að nefndin ætti eigi að vera bundin við að koma fram með fullkomin lagafrumvörp. Málið er mjög umfangsmikið, en skoðanir manna á því dreifðar, og þess vegna er mjög tvísýnt, hvort nefnd gæti samið lög og gert málið vel úr garði í þetta sinn. Að þessu leyti virðast meiri líkur til, að nefnd milli þinga væri betri. Mjer skildist líka á h. flutningsmanni (Þ. Böðv.), að hann hjeldi, að nefnd hjer á þinginu kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að þörf væri á að setja nefnd í málið milli þinga; en jeg sje eigi, hvernig hún gæti látið við það lenda eptir þeirri uppástungu, sem hjer liggur fyrir; því samkvæmt henni yrði hún að koma með frumvarp til laga, hvort sem hún sæi sjer fært eða eigi að gera þau viðunanlega úr garði. Jeg hafði hugsað mjer að koma með breytingartillögu við þessa uppástungu, en varð of seinn til þess, og legg því það til, að málinu verði frestað í þetta sinn.

Jón Ólafsson: Jeg stend upp vegna þess, að jeg kom í ræðu minni áðan með *ásökun* á prestana fyrir slælegt fylgi laganna um uppfræðingu barna, — því jeg vil ekki gjarnan hafa komið fram með hana án þess að taka fram jafnframt *afsökun* þá, sem þeir hafa, og það eru landslögin. Það er vonlegt og skiljanlegt, að prestar kynoki sjer við, að fylgja fast fram fyrirmælunum um uppfræðingu barna, þar sem þeir eiga við fátæka foreldra að gera, með því styrkur til kennslu handa þeim er talinn sveitarstyrkur. Og von er að mönnum þyki ísjárvert að gera menn, sem *annars* geta bjargazt, sveitarstyrksþegja fyrir þá sök eina, að þeir geta eigi sjálfir veitt börnum sínum lögboðna fræðslu. Þessi lagafyrirmæli, að skólastyrkur sje reiknaður sem sveitarstyrkur, vil jeg vekja máls á, að verði úr lögum numin. *(A. Ó.:* Því?). Af

því að það er mannúðlegt að gera það, af því vegna þeirra ummæla kynoka menn sjer við að framfylgja uppfræðingarlögunum, og af því að þjóðfjelagið mun hafa *hag*, þótt óbeinlínis sje, á því.

Eiríkur Kúld: Lýsing hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) á safnaðarfundinum á Austurlandi er víst fádæmi. Að minnsta kosti er mjer kunnugt um að fyrirmælum tjeðra laga er vel fylgt víða á Vesturlandi. Jeg vil annars feginn styðja þessa uppástungu, sem hjer liggur fyrir, en jeg skal játa það, að jeg er í dálitlum vafa, hvernig henni bezt verður framgengt. Mjer er eigi vel ljóst, hvað uppástm. (Þ. Böðv.) hugsar sjer. Hvort hann meinar uppfræðingu ófermdra barna, eða hann vill fara lengra fram á aldursskeiðið. Jeg álít barnaskóla nauðsynlega, en það þó misjafnlega, sjálfsagt nauðsynlegasta yfir höfuð í sjóplássum og stærri verzlunarstöðum, en mjer leikur efi á, hvort þeir í sveitum geta ekki orðið sumstaðar til þess, að draga úr þeirri heimakennslu, sem það er að þakka, að Íslendingar hvað alþýðumenntun snertir hafa verið taldir með hinum jafnmenntuðustu þjóðum, þrátt fyrir alla skólafæðina. Barnaskóla álít jeg mikilvæga, einkum á sínum stöðum, og vil jeg því styðja þá líka. H. 1. þ. Árn. (Þ. G.) sagði, að öbyrgðin væri orsök í því, að fleiri skólar hafa eigi komizt á fót síðan í hitt eð fyrra; það er alveg rjett. En þingið á líka dálitla sök í því; það hefir verið svo tregt á að hjálpa mönnum til að byrja, sem ætíð er örðugast og fyrst viljað styrkja skólana þegar skólahús væru byggð og skóli kominn á fót, en til þess hefir þurft meiri fjársamskot í fyrstu, en svo, að menn hafi á stuttum tíma sjeð sjer fært að ná þeim. En mikið getur unnizt með góðum vilja. Jeg skal nefna eitt dæmi: Það er barnaskólastofnun í einhverju hinu fátækasta hjeraði landsins, í Ólafsvík. Örbyrgðin er þar svo mikil, að helmingur íbúa veit opt ekki að kveldi, hvað borða skal að morgni. Samt voru samskot þeirra til barnaskóla þar orðin á þriðja þúsund krónur í fyrra. Húsi hafa þeir að sönnu eigi enn komið sjer upp og er það sökum þess, að kaupmaður sá, sem hafði lofað þeim að annast um að koma með húsið, gat eigi framkvæmt það í þetta sinn, því undirtektir sameigenda hans fóru í aðra stefnu þegar til kom. En þetta vona jeg að lagist næsta ár. Þessi samskot þeirra eru að miklu til orðin sumpart af samskotum og einkum því, að þeir tóku vel þeirri tillögu, að hver bátur þar gæfi einn málsfisk af hverjum róðri, þegar fengist 5 fiska hlutur; það mál og framkvæmd þess til þessa hefir átt þar hinn bezta liðsmann, kaupstjórann í Ólafsvík. Og ímynda jeg mjer, að víðar mundu skólar komast á, ef líkri aðferð og samtökum væri beitt. Og þessi skóli væri nú án efa kominn á, ef hann hefði fengið dálítinn styrk í fyrstu af landssjóði. Hvað því viðvíkur, að setja nefnd í þetta mál, álít jeg að það yrði henni alveg ókleyft, og alls eigi yrði mögulegt að útkljá það mál á þessu þingi, svo að almenn lög um það yrðu vel úr garði gjörð. Nefnd milli þinga yrði því að líkindum happasælli, en — það hlyti að kosta talsvert fje, því alls eigi væri það heppilegt, að allir í þeirri nefnd væru teknir hjer úr Reykjavík, því þeir þyrftu líka að vera kunnugir hvernig til hagar víða hvar út um landið. Ef jeg man rjett, eru til í Danmörku skólar, sem eru stofnaðir af einstökum mönnum, og hygg jeg að einn sje á Bogö, sem Berg hefir stofnað. Mjer eru eigi kunnugar reglugjörðir þessara skóla, en jeg ímynda mjer að skólastjóri hvers skóla semji þær handa sínum skóla, og láti svo einhverja æðri samþykkja. Ef nú þessi fyrirhugaða nefnd ætti að semja lög fyrir alla skóla, barnaskóla, kvennaskóla, alþýðuskóla og máske latínuskóla, þá held jeg að það yrði allt of mikið verk til þess að það gæti orðið útkljáð á þessu þingi. En hitt álít jeg mjög æskilegt, að þessu máli sje hreyft hjer á þingu.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg finn ástæðu til að svara h. þm. S.-Þing. (J. S.) nokkrum orðum. Jeg á alls ekki við nein *þvingunarlög*; þótt hjer standi »lög« í þessari uppást., var jeg í vafa um, hvort jeg skyldi ekki sjálfur setja

heldur »reglur« en lög, þar sem hjer er um að ræða. Hann getur því óhræddur þess vegna gefið uppást. atkv. sitt. En jeg þarf líka að svara h. 2. þm. Húnv. með fáeinum orðum. Hann spurði, hvað nefnd milli þinga ætti að gjöra? Jeg vantreysti alls eigi landstjórninni til að gefa henni reglur, þær sem hún geti farið eptir. Að máli þessu er hreyft á þingi, álít jeg heldur ekki skaðlegt, því ef nefnd á þingi kæmist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri, að setja nefnd í málinu milli þinga, gæti sú nefnd haft styrk í því, að hafa heyrt umræður manna á þinginu. (*H. Kr. Fr.*: Í hverju? í engu). En jeg verð að vera á móti því, að málinu sje frestað. Þar sem h. h. þm. Barðstr. talaði um, að þetta væri ókleyft verk fyrir nefnd hjer á þingi, þá má máske kalla það ókleyft, þegar það er teygt og togað svo langt, að jafnvel lærði skólinn er kominn inn í með. En hitt er víst, að þingið getur hrundið málinu töluvert í lag. Jeg vil því biðja h. þingd. að ganga til atkv. um nefnd. Falli hún, getur h. 2. þm. Húnv. (E. Br.) komizt að með sína þingsályktun.

— Samþykkt með 11 atkv., að fresta umræðunni.

Afgreiðsla á bænarskrám o. fl.

Tveim bænarskrám úr Vestur-Skaptafellssýslu um nýtt læknishjerað þar — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Birni Árnasyni gullsmið um styrk til að nema trjeskurð — vísað til fjárlaganefndar.

Bænarskrá um verzlunarstað við Þórshöfn í Gullbringusýslu; afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Bænarskrá um styrk til unglingaskóla í Stykkishólmi — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Dýrfirðingum um að Haukadalur verði eigi löggiltur sem verzlunarstaður — afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Þrjú skjöl um mat á Brekku í Garði í Gullbringusýslu; var þeim vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

Fundargjörðir úr Skagafjarðarsýslu — afhentar flutningsmanni sem afgreiddar.

Fundarskýrsla frá hjeraðsfundi í Skagafjarðarsýslu dags. 22. oktbr. 1884, — afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið ósk frá reikningsnefndinni um, að deildin kysi hinn 3. mann í nefndina í stað 2. þm. Árn. (M. Andrjessonar), er enn væri ókominn til þings.

Níundi fundur, 10. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat þess, að til sín væri komin bænarskrá um uppgjöf á skuld Lundarbrekkukirkju, frá þm. S.-Þing. (Jóni Sigurðssyni), og mundi hún verða lögð fram á lestrarsalinn.

Enn fremur kvaðst forseti hafa fengið frá forseta efri deildar bænarskrá frá þingmönnum Rangvellinga um eptirgjöf á hallærisláni nokkurra hreppa í Rangárvallasýslu, að upphæð 1000 kr.

Forseti: Jeg vil vekja athygli h. þm. á því, að nú þegar eru komin fram í báðum deildum um 40 frv. Þótt nú ldsh. lengi þingið um 14 daga, eru vinnudagar þess þó að eins 45. Nú má gjöra ráð fyrir, að 4 frv. verði á dagskrá til hvers dags, og sakir þess að hvert frv. þarf að vera þrisvar fyrir í deildinni, tekur hvert mál að minnsta kosti 5 til 6 daga. Með mesta fylgi og dugnaði má gjöra ráð fyrir, að þau mál, sem nú þegar eru komin fram, geti orðið útkljáð, og þó tæplega, einkum þar sem mörg af þeim eru stór mál og umfangsmikil. Ef því h. þm. skyldu enn koma með fleiri frv., þá sjá þeir, að það er mjög hæpið, að þeim verði aflokið, allra sízt viðunanlega. Þetta hefir einnig hinn fyrverandi forseti hjer í deildinni brýnt fyrir þingmönnum, að það er mjög óhaganlegt, að hlaða meiru inn á þingið en mögulegt er að afljúka; og jeg vil enn fremur leiða athygli þm. að því, að jeg álít það skyldu mína, að reyna til, að þau mál, sem þegar eru komin, verði afgreidd, en læt hin, sem hjer eptir kunna að

koma, mæta afgangi.

Þá var tekið til dagskrár:

Frumvarp til laga um nýtt læknishjerað í Dyrhólahreppi (C. 127); 1. umræða.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg býst ekki við góðum undirtektum undir þetta mál, og get þess til, að það sje forlög þess, að fara sömu leiðina og frv. þau, er hafa komið hjer fram og gengið í líka stefnu og þetta. En þó vil jeg til skýringar málinu fara um það fáum orðum, með því líka jeg ímynda mjer, að fáir af hinum h. þm. sjeu vel kunnugir þar austur frá. Orsökin til þess, að þetta frv. er komið hjer fram, er sterk beiðni frá fundi, sem haldinn var á Leiðvelli í mínu kjördæmi, og kom mönnum þar saman um, að ómögulegt væri fyrir einn mann að þjóna bæði Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu (Leiðvallarhreppi og Dyrhólahreppi); vegurinn frá Sólheimum og austur að Horni er mjög langur, og þar að auki ógreiðfær sökum sanda og vatna. Jeg get nefnt eitt dæmi, að læknirinn var einu sinni sóttur í vetur til sjúklings í Dyrhólahreppi, og í þeirri ferð varð hann að vaka í 6 til 7 dægur; þetta sjá allir, að er ókleyft til lengdar, enda fyrir ötulan mann, eins og þann, sem við nú höfum. Jeg hef í höndum vottorð frá báðum læknunum, bæði í Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu, um, að þetta sje mjög nauðsynleg breyting. Annars vildi jeg nú gjarnan breyta frv. þannig, að það yrði praktíserandi læknir með frá 8 til 12 hundruð kr. launum, og held jeg það yrði betra en fastur læknir með venjulegum launum í erfiðu læknisumdæmi. Jeg hef hjer ekki fleira fram að færa, en óska að þessu frv. verði vísað til fjárlaganefndarinnar, og að mjer gæti gefizt kostur á að tala einhvern tíma við nefndina um þetta mál.

— Samþ. að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar.

Frumv. til laga um að skipta 6. læknishjeraði í 2 læknishjeruð (C. 126); 1. umr.

Frv. var *tekið aptur* af flutningsmanni þess.

Frumv. til laga um afnám hinna svo nefndu Maríu- og Pjeturslamba (C. 128); 1. umræða.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki halda langa tölu í þessu máli. Þetta sama mál kom fyrir í Ed. 1877, og var þá fellt frá 2. umr. þar í deildinni, og það, að þessi beiðni skuli nú aptur vera fram komin, sýnir, að hlutaðeigendur ekki geta gjört sig ánægða með þessi málalok, sem ekki er heldur von. Það eru að eins mjer vitanlega 5 sóknir á öllu landinu, nefnilega tvær í Þingeyjarsýslu: Sauðanessókn og Svalbarðssókn, og þrjár í Norður-Múlasýslu: Hjaltastaðasókn, Desjamýrarsókn og Klippstaðarsókn, að eins í þessum 5 sóknum á öllu landinu á sjer þessi óheyrilega kvöð stað, að bændur fyrir utan prestslamb einnig verða að fóðra þessi lömb, þessi aukalömb, Maríu eða Pjeturslömb. Þessi skylda, þessi kvöð er svo óeðlileg — mjer liggur við að segja illgresi liðinna tíma, — að jeg vona að h. þingdm., og ekki sízt þeir, sem eru andlegrar stjettar, sjái að það muni ekki vera til mikillar blessunar, eða sæmdar, að láta standa lengur óupprætt. Jeg verð að biðja menn að gæta að því, að hjer liggur ekki fyrir að svipta þá presta, sem nú þjóna þessum brauðum, neinu, nei, hreint ekki; það er að eins við næstu prestaskipti, að frv. fer fram á, að þessi sjerstaka kvöð sje afnumin. Það er heldur ekki meining frv. að leggja neina byrði á landssjóð, til endurgjalds, heldur hreint og beint að afnema þessa kvöð við næstu prestaskipti. Jeg vona sem sagt að frv. fái að ganga til 2. umr.

Jón Jónsson: Ef jeg skoðaði þetta mál frá sjónarmiði prestanna, þá mundi jeg sjálfsagt vera með því, því það hefir opt verið mikil óánægja með þetta gjald og það frá hálfu prestanna sjálfra, og jeg veit til að sumir þeirra hafa stundum gefið það alveg eptir. En það verður líka að skoða málið frá öðru sjónarmiði, nefnilega frá sjónarmiði landssjóðs, því ef prestar þessara brauða eru sviptir þessum tekjum, þá verður nauðsynlegt að bæta brauðin upp úr landssjóði. Maður verður líka að gá að, í hverju þetta gjald er fólgið; það er

kvöð, sem eigendur þessara jarða hafa í fyrstunni af frjálsum vilja lagt á jarðirnar, og er því líkt ástatt með það, eins og ef kirkjan ætti 1 hndr. í þessum jörðum hverri um sig. Jeg get sannarlega ekki skilið, að það sje ætlun þingsins, að fara að gefa einstökum mönnum fje; en væri þetta gjald afnumið, væri það hið sama sem að gefa það einstökum mönnum, líkt og ef taka ætti ítök frá vissum kirkjum og gefa þau einstökum jarðeigendum. Það mundi þó líta skrítilega út, ef alþingi semdi lög um slíkt, og jeg efast um að þingið gæti það. Þetta er ekki eiginlegt prestsgjald, sem liggi á öllum, heldur að eins á einstökum jörðum, og er því eins og nokkurs konar ítak, sem kirkjan á. Vil jeg því ráða til að þetta mál sje fellt.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að svara h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) fáeinum orðum. Hann sagði, að þetta gjald væri fríviljug kvöð, sem eigendur jarðanna hefðu sjálfir lagt á sig. Nær hefði mjer þótt liggja fyrir h. þm., að hann hefði skýrt frá því afdráttarlaust, hvernig þetta gjald væri undir komið. Þessi kvöð var upprunalega lögð á sem *þóknun fyrir góðgjörðir*, sem sóknarbændur áttu að fá hjá prestinum. Ef nú hinn háttvirti þingmaður getur sannað mjer, að bændur í þeim 5 sóknum, sem jeg nefndi áðan, njóti meiri góðgjörða hjá prestum sínum í þessum sömu 5 sóknum, en annarstaðar gjörist á landinu, þar sem þessi kvöð ekki er, já, þá skal jeg vera með því að láta þessi blessuð Maríu- eða Pjeturslömb lifa. En þessu er ekki þannig háttað, heldur er sú skylda, sem hvíldi á prestunum að veita bændum, alveg niðurfallin, og þá á líka sannarlega iðgjaldið eða borgunin, Maríu- eða Pjeturslambafóðrið, einnig niður að falla. Því jöfnuður er allur beztur. Og af þessu sjá menn einnig hins vegar, að landssjóður þarf enga byrði af því að bera, þótt þessi Maríu- og Pjeturslömb sjeu afnumin, eins og jeg sting upp á. Jeg vona þannig, að þingd. eigi svo marga talsmenn rjettlætis og sanngirni, að málið fái að ganga til 2. umr., eins og jeg hef stungið upp á. Ef h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) getur sannfært mig um það, að jeg hjer hafi ranglátt mál með höndum, þá er nógur tími til, að eyða þessu máli á seinni stigum þess.

Þorkell Bjarnason: Jeg verð að vera þessu máli hlynntur, því jeg þykist ávallt hafa fundið til þess, að gjöld til prests og kirkju komi mjög ójafnt niður yfir höfuð á gjaldendur; en hjer á þetta sjer þó enn frekleg-ar stað, þar sem þetta sjerstaka gjald hvílir að eins á fáeinum einstökum mönnum. Mjer er ætíð illa við allan ójöfnuð, og vil því ávallt reyna til að bæta úr honum, er kostur er á því. Ef brauðin rýrna svo mikið við að missa þessar tekjur, að bæta þurfi þau upp, þá finnst mjer miklu meiri jöfnuður í því, að þetta sje goldið úr landssjóði og hvíli þannig á öllu landinu í staðinn fyrir á fáeinum mönnum. Eins og h. flutningsm. (B. Sv.) tók fram, verður að skoða þetta mál frá jafnaðarins og sanngirninnar sjónarmiði, og þegar litið er til þess, held jeg hver verði að játa, að rjett sje að málið nái fram að ganga.

Eiríkur Kúld: Jeg man eptir því, að þegar mál þetta kom fyrir í Ed. 1877, þá var það ekki tekið svo skýrt fram, hvernig á þessu gjaldi stæði, að allir þingdeildarmenn þættust nógu kunnugir málinu til þess að geta greitt atkv. með því. Þegar nú þess er gætt, hvernig þetta gjald er undir komið, að það má álíta sem nokkurs konar þóknun fyrir greiða, sem presturinn lætur kirkjufólki í tje, þá finnst mjer gjaldið mjög óviðkunnanlegt og óeðlilegt. Það á sjer hvergi annarstaðar stað, að prestar hafi þannig eins og nokkurs konar greiðasölu, og það er næsta óviðkunnanlegt, að þessir prestar einir gerist »vertar« sóknarbarna sinna og taki borgun fyrir kaffi og þess háttar, því bæði á það illa við stöðu prestsins, enda á það sjer hvergi stað annarstaðar. Óeðlilegt er gjald þetta einnig að því leyti, að þótt það upprunalega hafi verið lagt á jarðirnar, þá er það nú, að mjer skilst, komið yfir á ábúendurna í stað jarðaeigendanna, og kemur þar enn fram mikill ójöfnuður og ósanngirni. Aptur er

mjer eitt ekki nógu ljóst í þessu máli, og það er, hversu miklu þetta gjald mundi nema, og hvort menn ekki mundu sækja um brauðin, sem hjer ræðir um, eins eptir sem áður, þótt þetta gjald væri af numið, án þess að bæta þyrfti brauðin upp úr landssjóði, því mjer finnst mjög óheppilegt ef grípa þyrfti til þess. Ef gjaldið er lítið, þá ímynda jeg mjer, að eins verði sótt um brauðin, þótt það sje af numið. Jeg hef á-vallt álitið þetta gjald einhvern kaþólskan óvana, sem fyrir löngu hefði átt að vera búið að útrýma úr lútherskum sið. Jeg vil því mjög styðja þetta frv. og mæla með því, að því sje vísað til 2. umr.

— Samþykkt, að málið gengi til 2. umræðu.

Frumvarp til laga um breyt. á 2. gr. laga um vegina á Íslandi 15. októbermán. 1875 (C. 126); 1. umr.

Flutningsmaður (Þór. Böðvarsson): Mjer skilst svo, að h. samflutningsmaður minn (Þork. Bj.) vilji að jeg mæli með þessu frv., og vil jeg þá ekki skorast undan því. Aðalbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er fólgin í orðunum: »Með þeim (ɔ: fjallvegum) skal og telja alla aðalpóstvegi í byggðum«. Orðin eru ljós og ekki löng, en gjöra samt ekki svo litla breytingu, sem er, ef ekki nauðsynleg, þá praktisk og skynsamleg. Það er viðurkennt, að vegabætur hjer á landi eru mjög erfiðar; sumir hafa jafnvel haldið að það væri ókleyft að koma vegum hjer í viðunanlegt ástand, af því hve strjálbyggt landið er, og vegir milli byggða langir, en vegirnir undirorpnir skemdum af snjó og vatnagangi. Reynslan hefir þó sýnt, að það má miklu afkasta í þá stefnu, og það er ekki svo lítið, sem gjört hefir verið á síðustu 10 árum. En það er eins orðið ljóst, að alstaðar verði ekki vegir bættir, og þess vegna er einmitt praktiskt, og því hef jeg fylgt í mínu hjeraði, að taka fyrir þá vegi, sem eru nauðsynlegastir. En þegar litið er til landsins alls, þá eru það einmitt póstvegirnir, sem eru nauðsynlegastir. Ef því yrði þá framgengt, sem frv. þetta fer fram á, að eitt gengi yfir póstvegina á fjallvegum og í byggðum, þá kæmi samkvæmari stefna í alla vegagjörð landsins. Jeg álít eigi þörf að mæla meira um þetta mál að svo stöddu; jeg ætla að eins að bæta því við, að tilgangur með allar vegabætur er að efla samgöngur, og samgöngur eflast bezt með póstgöngum, og póstgöngur verða því greiðari og ódýrari, sem vegirnir eru betri. Jeg óska þess, að h. þingdeild láti málið ganga til 2. umr.

— Málinu vísað til 2. umr. með meiri hluta atkvæða.

Kosning á 3. nefndarmanni í reikningsnefndina, í stað hins ókomna 2. þm. Árn. (M. Andr.).

Kosningin samþ. með atkvæðafjölda og hlaut kosningu: E. Egilson með 17 atkv.

Afgreiðsla á fundarskýrslum, sem lagðar voru fram á fundi 8. júlí.

Fundarskýrsla frá Hjalteyri við Eyjafjörð, — afhent flutningsmanni sem afgreidd.

Fundarskýrsla frá Akureyri, — afhent flutningsm. sem afgreidd.

Fundarskýrslu frá hjeraðsfundi í Hafnarfirði, — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Tíundi fundur, 11. júlí kl. 12. Allir á fundi, nema Ólafur Pálsson, er hafði fengið leyfi forseta að vera af fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í reikningamálsnefndinni væri kosinn formaður Eiríkur Kúld, og skrifari Egill Egilsson; en í nefndinni í málinu um útflutningstoll formaður og framsögumaður Arnljótur Ólafsson, og skrifari Þorvarður Kjerulf.

Uppástunga til þingsályktunar um nefndarkosningu til að semja frv. til almennra laga um menntun alþýðu (C. 120); framhald einnar umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um breytingaruppást. þær, sem fram hafa komið við þessa till.; um málið sjálft skal jeg eigi tala, með því alllangar umr. urðu um það, þá er það var síðast fyrir. Mjer er það einnig ljóst, að ef nefnd, sem sett er hjer á þingi, getur ekkert þokað þessu máli áfram, muni heldur eigi umr. þm. geta

það. En jeg vil tala fáein orð um breytingaruppást. h. 2. þm. Húnv. (E. Briem; C. 139). Jeg lýsi því yfir, að jeg er samþykkur aðalbreytingaruppást., og álít að hún eigi að fá framgang, því að hún fer fram á það sama, sem jeg hefi talað áður um í ræðum mínum að gæti komið fram, sem sje það, að nefnd á þingi kæmist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri, að setja nefnd í málið milli þinga. Um varauppást. skal jeg geta þess, að jeg vona, að til hennar þurfi eigi að koma; en skyldi svo fara, mun jeg gefa henni atkv. mitt. Jeg segi: jeg vona það, því ef h. þingd. eigi vill sjálf gera tilraun, og gefa bendingar í þessu máli, þá lítur svo út, að henni sje eigi fjarskalega annt um að flýta fyrir, að þetta mál komist í sem æskilegast horf. Um breytingaratkv. h. þm. Eyf. (A. Ó.; C. 137) er öðru máli að skipta. Jeg get ekki skilið, að það sje rjettnefnd breyttill., því að hún fer fram á allt annað og miklu meira en sú upprunalega. Jeg álít því vafasamt, hvort hún eiginlega liggur hjer til umr. í dag; að minnsta kosti er formið óvenjulegt, því að annað og nýtt atriði er hjer komið inn í. Hans breytingartill. fer fram á að setja nefnd til að íhuga og semja frv. og till. um *alla* skóla, þar sem hin upprunalega uppást. fer að eins fram á, að hlutverk nefndarinnar sje, að gera ákvörðun um og koma fram með tillögur um menntun *alþýðu*. Þetta er að mínu áliti allt of langt farið, því að reglur eru þegar til um latínuskóla, læknaskóla og prestaskóla, en um alþýðuskóla og alþýðumenntun eru nálega engar reglur settar.

Eiríkur Briem: Jeg hefi lítið að bæta við ræðu h. flutningsmanns (Þ. B.), því að mín breytingartill. fer í líka átt og uppást. hans, en hún tekur það að eins fram með berum orðum, er flutningsmaður ljet í ljósi að væri meining sín. Hið eina, sem jeg hygg að h. þingd. geti fundið sem ástæðu fyrir að fella hana, er það, að nefnd hjer á þingi mundi ekki hafa nógan tíma til að búa þetta mál svo vel úr garði, sem æskilegt væri, og koma fram með þær tillögur, sem *verulega* þýðingu hafi, og þess vegna kom jeg með þessa varauppást., er hjer liggur fyrir. Nú liggur hjer og fyrir breytingartill. frá h. þm. Eyf. (A. Ó.); eins og h. flutningsm. tók fram, fer hún í nokkuð aðra átt, og hygg jeg, að hún sje óheppilegri, þar sem hún leggur annað og meira verkefni fyrir þessa nefnd, en alþýðumenntunina, sem sje allar skólastofnanir. Jeg óttast, að þessi fyrirhugaða nefnd yrði samkvæmt þeirri breytingartill. öðruvísi skipuð mönnum en æskilegt væri með tilliti til menntunarmála almennings; mikill hluti af starfi hennar mundi þá einnig verða önnur skólamál, og óttast jeg þá, að menntun almennings mundi eigi verða gefinn sá gaumur í nefndinni, er óskandi væri, enda álít jeg, að menntunarmál almennings í öllum greinum sje svo þýðingarmikið og vandasamt mál, að það sje nægilegt verkefni fyrir nefndina.

Arnljótur Ólafsson: Mjer hefir heyrzt á h. þm., sem talað hafa, að þeir geti ekki verið samþykkir breyttill. minni, og að þeim finnist hún vera of yfirgripsmikil. Jeg hefi aptur það á móti þeirra tillögum til þingsályktunar, að þær eru of ofirgripslitlar, og líkindi því til, að þessi fyrirhugaða nefnd hafi óverulegt og ónægilegt verkefni. Jeg tók það fram við fyrri umr. þessa máls, að skoðanir manna á barnaskólum væri mjög svo á reiki, og eins skoðanir manna á skólamálum yfir höfuð. Þess vegna er enn eigi tími til kominn, að gera lagafrumvörp um barnakennslu eða gera tillögur til að veita fje til þeirra, eða synja um fjárveitingar. Þingið sjálft getur eigi gert annað en þetta tvennt: semja lagafrv. og veita fje. Hið annað er fyrir utan verkahring þingsins. Nú sem stendur eigum vjer ekki til nema 2 alþýðuskóla, skólann í Flensborg og gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Hvorugan þennan skóla getur nú nefndin rætt til nokkurs gagns, og hvorugum sett reglur. Möðruvallaskólinn er skipaður með lögum, og stendur því fyrir ofan svið hennar, en Flensborgarskólinn er tekinn upp á fjárlagafrv., og ímynda jeg mjer, að h. flutningsmaður (Þ. Böðv.) sje ekki óánægður með sæti hans þar. Mjer hefir

því komið til hugar, að kosin yrði 5 manna nefnd til að íhuga öll skólamálefni, og býst jeg við, að í þá nefnd yrðu kosnir þeir menn, sem einna hæfastir væru til að skoða öll skólamálefni, eins hinna æðri sem hinna lægri. Það er kunnugt, að latínuskóli vor hefir eigi náð þeim framförum og þeirri fullkomnun, sem þess háttar skólar náð hafa bæði í Danmörku og í Svíþjóð. Hann er enn í hinum gamla stíl og hefir í sjer sameinaða, en alveg ósundurgreinda bæði latínukennsluna og gagnfræðakennsluna. Nú vitum vjer, að margir sækja um hann, og fjöldinn í honum er orðinn svo mikill, að langt er frá, að allir geti búizt við, að verða embættismenn hjer á landi, jafnvel ekki meira en helmingurinn. Þessi menntalöngun getur því annaðhvort ekki haldizt, því þeir geta ekki búizt við, að fá endurgjald þess kostnaðar, sem þeir hafa bakað sjer með skólanáminu, á þann hátt, að þeir fái launuð embætti, — eða greina verður latínukennsluna, kennslu hinna fornu suðrænu mála, frá gagnfræðakennslunni, svo sá, sem læra vill nýju málin, náttúrufræði eður aðra gagnfræði, þurfi ekki að taka á sig byrði gömlu málanna suðrænu. Það er nú því fremur nauðsynlegt fyrir oss að greina gagnfræðiskennsluna frá gömlu málunum í latínuskólanum, sem hann er vor *eini* skóli, svo þeir sem útskrifast hjerna, geti staðið jafnfætis þeim, sem próf taka í skólum erlendis, hvort sem þeir svo ætla sjer að ganga í Höfn á fjölfræðisskólann (Polytechnisk Anstalt) eða háskólann, til að verða embættismenn.

Um prestaskóla vorn vitum vjer það, að hann vantar hebresku-kennsluna, sem þó eptir lúterskum sið er álitin nauðsynleg fyrir presta. Jeg verð þannig að lýsa því enn yfir, að jeg sje ekki, að það geti verið verkefni fyrir þingnefnd að skoða barnaskólamál vor, og til annara alþýðuskóla er eigi fje til tekið nú í fjárlögunum en til þeirra tveggja alþýðuskóla, skólans í Flensborg og alþýðuskóla Guðmundar Hjaltasonar á Akureyri eður á Norðurlandi. Jeg verð að bæta því við: jeg get ekki álitið það hentugt, að rífa þessa tvo skóla út úr sambandinu við hina æðri skóla; það væri sama sem að kippa lim úr lið til þess að geta skoðað hann betur út af fyrir sig. Öll sundurliðun og einræningsskapur í þá stefnu miðar til þess, að koma mönnum til að gleyma heildinni. Vjer megum ekki gleyma því, að allir skólar eru ein festi, þar sem hver skóli er hlekkur í, hvort sem eru barnaskólar, alþýðuskólar, eða gagnfræðaskóli eða latínuskóli, prestaskóli o. s. frv. Þeir eru þó allir hlekkir í sömu festi.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að fara fáum orðum um ræðu h. þm. Eyf. (A. Ó.). Nú kom það fram hjá honum, að honum þótti hlutverk nefndarinnar of yfirgripslítið, en áður þótti honum það of yfirgripsmikið. *(A. Ó.:* Nei, of óákveðið). Nú talar hann um tóma barnaskóla; *(A. Ó.:* Sjá ritgjörð sjera Jens á Þingvöllum); barnaskólar einir geti komið til umræðu. Hefir þá h. þingm. (A. Ó.) gleymt lýðskólunum í nefndarálitinu 1881? Ætli þeir geti ekki komið til skoðunar? H. þm. (A. Ó.) talaði um, að skoðanir manna á skólamálum væru á reiki. Er það ekki einmitt sönnun fyrir því, að nauðsyn beri til, að beina skoðunum manna í þá átt, hvernig þeim sje bezt að haga og hvernig þeir eigi helzt að vera? Hann talaði um, að alþýðuskólar væru óviðkomandi fjárveitingarvaldinu. Það get jeg ekki skilið. Og að Flensborgarskólinn og Akureyrarskóli stæði fyrir utan verkahring nefndarinnar. *(A. Ó.:* Allt tómur misskilningur!). Alls ekki. Það ber eigi að skoða þá sem undirbúningsskóla undir æðri skóla, eða til að búa til stúdenta, heldur til að búa menn undir að vera dugandi alþýðumenn. Hinir æðri skólar eiga því ekkert skylt við þetta mál. Jeg get því eigi betur sjeð, en það yrði að eins til þess að spilla fyrir málinu, ef breyt.till. h. þm. Eyf. (A. Ó.) næði fram að ganga. Jeg verð að lýsa því yfir, að vilji h. þingd. ekki samþ. tillögu h. 2. þm. Húnv. (E. Br.), þá segir hún, ef ekki beinlínis, þá samt óbeinlínis, að henni sje málið ekki áhugamál, og vilji ekkert eiga við það. Nær sem eitthvert mál er manni áhugamál, þá tala menn ekki eins og hinir háttvirtu

þingmenn nú tala í þessu máli. Menn gera þá ekki allt að grýlu, menn tala þá »í tíma og ótíma», og reyna og freista alls sem mögulegt er, og vinna í voninni, þó árangurinn sje óviss. Jeg neyðist til að álíta, að þeir þingmenn, sem ekki vilja sinna uppástungunni, láti sig litlu skipta menntan alþýðu; en jeg vona að þeir verði færri.

Forseti bar síðan málið undir atkv.

1. Breyt.till. Eiríks Briems (C. 139) var felld með 11 atkv. móti 7.
2. Uppástunga Þórarins Böðvarssonar, aðaluppástungan (C. 120) var felld með 12 atkv. móti 4.
3. Breyt.till. Arnlj. Ólafssonar (C. 137) var felld með 12 atkv. móti 4.
4. Varauppástunga Eiríks Briems (C. 139) var samþ. með 14 samhljóða atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu (C. 120); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla mjer ekki að fara mörgum orðum um þetta mál við þessa umr. Jeg skal að eins bæta því við það, sem jeg sagði við fyrstu umr., að hjer er í rauninni ekki að tala um að stofnsetja nýjan verzlunarstað, heldur að eins að löggilda stað, þar sem verzlun hefir verið rekin nú í langa tíð, og þar sem kringumstæðurnar gera það nauðsynlegt, að þar sje stöðugt rekin verzlun. Af því jeg þykist vera viss um, að frv. muni verða samþykkt, ætla jeg mjer ekki að mæla fleira því viðvíkjandi.

Þorkell Bjarnason: Af því jeg veit til, að hjer eru fleiri frv. á ferðinni, sem ganga í sömu stefnu og þetta frv., nefnil. að löggilda nýja verzlunarstaði, þá virðist mjer bezt, að nefnd væri sett í málið, því það tefur of mikið tímann, að sjerhvert þeirra tínist þannig eitt og eitt gegnum þingið. Jeg vil því stinga upp á 3 manna nefnd í málið, svo vísa megi hinum öðrum frv. til hennar á sínum tíma.

Jón Ólafsson: Þótt jeg sje flutningsm. að öðru sams konar máli, þá óska jeg engan veginn að vísa því frv. til slíkrar nefndar; jeg held að það sje einungis tímatöf að fara að skipa nefnd í þessi mál, og miklu greiðlegra sje að koma öðrum verzlunarstöðum að með breytingaratkv. við þetta frv.

Forseti: Mjer finnst að það verði að eins tímatöf að fara að skipa nefnd í þetta mál, og finnst mjer rjettara fyrir þá, sem vilja koma nýjum atriðum inn í frv., að gera það með breytingaratkv. Tíminn leyfir heldur ekki, að margar nefndir sjeu kosnar hjeðan af.

Eiríkur Briem: Jeg er einnig á þeirri skoðun, að ef menn vilja bæta fleirum nýjum verzlunarstöðum við í þessu frumvarpi, þá sje bezt að gera það með breytingaratkv. við frv., án þess að til þess þurfi neina nefnd í málið.

Þorkell Bjarnason: Jeg hefi einmitt eitt sams konar mál með höndum; en með því jeg hefi ekki enn fengið nægar skýrslur um málið, get jeg ekki komið því að nú þegar sem breytingaratkv. við þetta frv.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að mæla á móti því, að nefnd sje kosin í þetta mál, því mjer finnst mjög óheppilegt að gera það nú, þar sem málið er nú til síðustu umræðu.

Landshöfðingi: Þótt það eptir þingsköpunum ekki sje óleyfilegt að koma löggilding nýrra verzlunarstaða að með breytingaratkv. við þetta frv. við 3. umr., þá verð jeg að álíta slíka aðferð mjög óheppilega og gagnstæða anda þingskapanna, því löggilding nýrra verzlunarstaða verður þó ávallt að skoða sem sjerstakt löggjafarmál, sem á að ræðast þrisvar sinnum eptir reglum þingskapanna um lagafrumvörp, en ef verzlunarstaður er settur inn í frumvarp við 3. umræðu, þá fengi málið um löggildingu þess staðar einungis eina umræðu. Jeg álít því, að æskilegt væri að komast hjá því, að gera slíkt með breytingaratkv. Annars eru þessi mál næsta yfirgripslítil, en þau geta þó þurft nokkrar íhugunar við, og því væri rjettara að draga málið nokkuð, til þess að menn geti hugsað um það, og væri þá ólíklegt, að langar umræður þyrftu að spinnast út af því, er menn væru búnir að yfirvega það, og gætu því óhikað vitað, hvort þeir ættu að greiða atkv. með því eða

móti. Með þessu móti mundi málið ekki tefja tímann mjög, en að fara að setja nefnd í málið, verð jeg að álíta miður nauðsynlegt.

Jón Ólafsson: Frv. það, sem h. 2. þm. G.-K. (Þork. Bj.) hefir í huga að koma fram með, mun vera um að löggilda Vogavík í Gullbringusýslu, sem nýjan verzlunarstað, (*Þ. Bj.*: Já), og þegar það frv. kemur til 1. umr., finnst mjer megi gera breytingaratkvæði við það; það er þegar prentað, og heitir það »frv. til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða»; það frv. mætti einnig láta taka yfir alla þá aðra verzlunarstaði, er sjerstök frv. hafa komið fram um. Með því móti gæti og löggilding allra þessara staða orðið rædd þrisvar sinnum. Þá mætti og setja nefnd til þess að íhuga hið yfirgripsmesta af frv., og koma svo hinum öðrum frv. að sem breytingaratkv.

Forseti: Það er skylda mín að taka hvert það frv., sem lagt er fram sem sjerstakt lagaboð, á dagskrá, sem sjerstakt mál.

Uppást. Þork. Bjarnasonar um nefnd var felld, en frv. samþ. og vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Frv. til laga um breytingu á sveitastjórnarlögunum (C. 120); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, því þess gerist ekki þörf. Jeg þakka h. háttvirta samþingismanni mínum (Þór. Böðv.) fyrir undirtektir hans undir þetta mál, og vona að atkvæði hans við 1. umr. verði fyrirmynd fyrir aðra þm. hjer í deildinni, sem, ef til vill, ekki eru þessu máli eins kunnugir eins og hann er. Jeg vil þó leyfa mjer að gera fáeinar athugasemdir við ræðu hans. Jeg efast ekki um, að hann hafi sagt allt það, sem hann sagði, af rjettsýni, en ef til vill hefir hann sagt sumt af því hann hefir vantað nægan kunnugleika. Hann sagði, að sýslusjóðsgjaldið næmi einum 700 kr., og væri því hjer ekki um mikið gjald að ræða. Það er satt, að gjaldið mun ekki opt hafa farið mikið fram úr þessari upphæð, en það getur þó farið svo, að það verði tilfinnanlegt. Eins og h. þingd. er kunnugt, hefir Gullbringusýsla nú beðið um 40,000 kr. lán úr landssjóði, og ef það fæst, og að því kemur, að það verður að borgast úr sýslusjóði (sem jeg vona að ekki þurfi að koma til, heldur borgi hver hreppur aptur sinn skerf), þá getur það orðið fulltilfinnanlegt fyrir hina fátæku Kjósarsýslu. Þar sem h. samþingismaður minn sagði, að vegabótagjaldið væri miklu meira í Gullbringusýslu en Kjósarsýslu, þá sannar það, að vinnukrapturinn er meiri í Gullbringusýslu en Kjósarsýslu, en hann er undirstaða undir atvinnunni, og má af því ályktа, að atvinna Gullbringusýslu sje betri. Jeg vil og leyfa mjer að benda á, að megnið af þessu vegabótagjaldi hefir runnið inn til Gullbringusýslu; Kjósarsýsla hefir ekki fengið eins mikið af því til vegabóta, eins og hún geldur. Hann sagði og, að sumar af þessum vegabótum væru miklu meira gerðar fyrir Kjósarsýslu en Gullbringusýslu, og tók til dæmis brúna yfir Elliðaárnar. En Kjósarsýsla notar ekki þessa brú fremur en Árness- og Rangárvallasýsla og margar fleiri sýslur á landinu, nema minna sje, því úr miklum hluta Kjósarsýslu fara menn vanalega sjóveg til Rvíkur, og nota því ekki þessar brýr á Elliðaánum, enda eru þær gerðar fyrir mikinn part af landinu fremur en einstakar sveitir. Hann sagði, að sýslunefndin hefði ekki verið ósanngjörn við Kjósarsýslu, og jeg veit að það hefir sýslunefndin ekki viljað vera. En jeg vil þó til færa hjer eitt dæmi, sem gæti skoðast á þá leið. Því fje, er ætlað var til landbúnaðar, var fyrst varið til þess að gera lending suður í Garði. Þetta var nú mikið gott, og mjer þótti vænt um þessar framkvæmdir, því jeg álít, að maður eigi ekki að vera smámunalegur í þess háttar efnum, og vera ánægður, ef það, sem gert er, miðar til sannarlegs gagns fyrir almenning. En hjer var ekki því að heilsa, því síðar hefir sannazt, að þessi lendingarsmíð hefir mistekizt, og hefir því því fje, sem til hennar hefir farið, verið í sannleika í sjóinn kastað. Jeg get og nefnt annað dæmi. Í fyrra rjeð sýslunefndin búfræðing til þess að ferðast um 5 hreppa sýslunnar, og var honum þannig

skipt niður af oddvitum viðkomandi hreppsnefnda, að hann væri sína vikuna í hverjum hrepp, til þess hver hreppur fengi hann bæði vortímann og sláttinn. En nú í ár skipti sýslunefndin honum þannig niður, að hann væri í 2 hreppum allan vortímann, nefnil. Seltjarnarness- og Álptaneshreppi. Menn í Kjósarsýslu ætluðu að framkvæma ýmsar miklar jarðabætur, en urðu að hætta við það allt saman, af því þeir fá ekki búfræðinginn fyr en sláttur er kominn. Jeg ætla mjer ekki að fara að bera neinar sakir á sýslunefndina, en jeg álít, að þessi ráðstöfun hennar hafi verið mjög óheppileg, og hafi hjer sem optar sýnt sig, að Kjósarsýsla hefir of fáa fulltrúa í sýslunefndinni, svo að þeir verða jafnan ofurliði bornir. Jeg vona, að menn líti á, að hjer þarf að koma meirum jöfnuði á, og vísi frv. til 3. umr.

Landshöfðingi: Mjer virðist þetta frv. vera nokkuð athugavert bæði frá almennu og sjerstöku sjónarmiði. Frá almennu sjónarmiði virðist mjer það varhugavert, að setja sjerstök lög og reglur um almennt gjald fyrir eina sýslu á landinu. Það er mjög viðsjált og óheppilegt, að setja þannig sjerstakar reglur um almenn gjöld, sem greidd eru um land allt, fyrir einstök hjeruð, og láta þannig sín lögin gilda í hverri sveitinni um almenn málefni; þetta gæti valdið miklum ruglingi í almennri lagasetning. Þegar litið er á málið frá sjerstöku sjónarmiði, þá efast jeg um, að þeim tilgangi, sem ætlazt er til að náist, verði náð með þeim ákvörðunum, sem þetta frv. hefir inni að halda. Það hefir verið tekið fram, að ástand og hagir manna væru ólíkir í Kjósarsýslu frá því sem er í Gullbringusýslu, og sem eðlileg afleiðing af þessari skoðun hefir áður komið fram uppástunga um að skipta þessari sýslu í tvö sýslufjelög. Nú hafa menn hætt við þessa uppástungu, og það að öllum líkindum af yfirgnæfandi ástæðum. Nú finnst mjer það ekki hafa verið sýnt og sannað, hvort menn ná þeim tilgangi, sem til er ætlazt, með þessu frv., nefnilega að koma meiri jöfnuði á á milli sýslnanna í ýmsum gjöldum. Í þessu frv. er sett sama regla fyrir báðar þessar sýslur, sem þó er sagt að búi undir mjög ólíkum kjörum, og getur mjer því ekki skilizt, að nein líkindi sjeu til, að þetta frv. komi á meira jöfnuði milli sýslnanna en verið hefir að undanförnu. Jeg verð stórlega að efast um, að jöfnuðurinn verði meiri en eptir núgildandi lögum. Jeg held því, að þótt maður ekki leggi áherzlu á hitt atriðið, að sett sjeu sjerstök lög um almenn gjöld fyrir eitt hjerað, þá sje rjett að leggja áherzlu á það, hvort náð verði með þessum ákvörðunum þeim jöfnuði milli þessara tveggja parta sýslufjelagsins, sem menn ætla sjer að ná; ef engin vissa er fyrir því, að hann náist, þá er engin bót í þessu frv., og engin ástæða til að samþykkja það.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, en af því mjer fannst ræða hins h. flutningsm.. (Þ. Bj.) vera nokkurs konar kæra til sýslunefndarinnar, og af því mjer í sumum atriðum þótti hann ekki fara alls kostar rjett með, — það kann nú að vera af því hann er ekki sjálfur í sýslunefndinni —, þá verð jeg að koma með stuttar athugasemdir. Hvað þá fyrst snertir lán það, sem sýslan hefir tekið, og það lán, er hún enn fremur nú hefir beðið um, en sem enn er tvísýnt, að hún fái, þá vil jeg geta þess, að það er eindreginn og fastur vilji sýslunefndarinnar, að láta endurborgun þess ekki lenda á sýslusjóði, heldur á þeim hreppum, sem lánið fá, eptir rjettri tiltölu. Þar sem hann minntist á fje það, er sýslunni hefir verið veitt til búnaðar, þá var það rjett, að fyrst var veitt til sjávarútvegsins af því fje, engan veginn af því, að nefndin vildi gera landbúnaðinn afskiptan, heldur af því, að sjávarútvegur er atvinnuvegur flestra sýslubúa, og jeg verð að játa, að það er leiðinlegt að heyra það, að því fje, sem varið er til að bæta þá lendingu, sem heita má þrautalending, líflending, þar í hjeraðinu, sje kastað í sjóinn; verkið var óneitanlega vel unnið, og til mikils gagns, og þótt lendingin hafi skemmzt dálítið af hinu mikla

sjávarróti, sem þar er, þá veit jeg með vissu, að við hana verður gert, ekki fyrir fje úr sýslusjóði, heldur annað fje. Í fyrra og í ár hefir nefndin ákveðið að verja fjenu til búnaðarins, og eins og h. flutningsm. (Þ. Bj.) tók fram, þá var ákveðið, að jarðyrkjumaður skyldi vera fyrst í Garðahreppi, þar næst í Seltjarnarneshreppi og svo í röð sinn tímann í hverjum hreppi, og jeg vil taka það fram, að það var með *fullu* samþykki allra sýslunefndarmannanna, og var það alls ekki af því, að nefndin vildi afskipta Kjósarsýslubúa, heldur kom mönnum saman um, að láta byrja á öðrum endanum, enda er meiri garðyrkja í Garðahreppi en í Kjósarsýslu almennt, og frostin í vor voru svo mikil, að jeg er hræddur um, að hann hefði á þeim tíma ekki unnið mikið gagn, þótt hann hefði byrjað þar upp frá.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla mjer nú ekki að tala margt í þessu máli; jeg vil að eins taka það fram, að jeg skil ekki vel í þessum tvennum 20,000 krónum, sem beðið hefir verið um úr landssjóði. Það var á sýslunefndarfundi fast ákveðið, að biðja um 20,000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri, og var það skýlaust tekið fram, að lánið væri tekið upp á hvern einstakan hrepp, að svo miklu leyti viðkomandi hreppur notaði lánið, enda höfðu hreppararnir gert það tilboð, að lánið skyldi taka upp á þeirra ábyrgð, svo framarlega sem kraptar þeirra ekki þrjóta; en sem sagt, jeg skil ekki í þessum *tvennum* 20,000 kr., og þótt einhver fundur hafi um það verið haldinn í Hafnarfirði, þá finnst mjer það ekki koma þessu máli við. Hvað Elliðaárnar snertir, og brýr þær, er gerðar hafa verið á þeim, þá er það auðvitað meir fyrir Kjósarsýslu en Gullbringusýslu, en í raun og veru fyrir almenning, en engir nota þær þó eins mikið eins og Mosfellssveitarmenn. Hvað búnaðarstyrknum viðvíkur og lendingunni þarna suður frá, þá heyrði jeg á síðasta sýslunefndarfundi talað um það, og það af manni úr Rosmhvalaneshreppi, þar sem lendingin er; lendingin hefir verið bæði rudd og flóruð, og stendur sig yfir höfuð vel; jeg hefi reyndar heyrt, að hún hafi skemmzt nokkuð, en það er víst ekki til muna. Hvað viðvíkur búfræðing þeim, sem hjer var í sýslunni í fyrra, þá þótti það fyrirkomulag, sem þá var, mjög óhaganlegt; hann þurfti allt af að vera að flytja sig til og frá, og þess vegna var ákveðið á sýslunefndarfundi í vor, án þess að nokkur einasti sýslunefndarmaður mælti á móti, að breyta þessu fyrirkomulagi þannig, að búfræðingurinn skyldi nú dvelja 3 vikur — ekki mánuð — í hverjum hreppi, Garðahreppi fyrst, og svo í Seltjarnarneshreppi, en svo seinna í sumar, þegar dagurinn er styttri, þá var ákveðið að láta hann vera mánuð í Kjósarhreppi; þetta var ákveðið án þess nokkur sýslunefndarmaður mælti hið minnsta á móti, og jeg held að það sje ekki full ástæða til að álasa sýslunefndinni neitt fyrir það.

Atkvæðagr.: Frumvarpið fellt með 15 samhljóða atkvæðum.

Frv. til laga um stækkun verzlunarstaðar á Seyðisfjarðaröldu (C. 120); 2. umr.

Flutningsm. (Þorv. Kjerulf): Jeg óska þess, að málið gangi umræðulaust til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil að eins vekja athygli h. flutningsmanns á því, hvernig frv. er orð að: »Hjer eptir skal land það, er reisa má á verzlunarhús á Seyðisfjarðaröldu, aukið um ströndina frá Fjarðará o. s. frv.«; það má skilja það svo, sem stækka eigi Ölduna. Að eins vegna þessa, hvernig frv. er orðað, get jeg ekki gefið atkvæði með því í þetta sinn.

— Frv. var sþ. og vísað til 3. umr. með 19 at.

Frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 123); 1. umræða.

Landshöfðingi: Áður en umræður byrja, ætla jeg að benda á, að eins og h. deild er kunnugt, hefir verið lagt fram í efri deild stjórnarfumvarp um borgaralegt hjónaband, sem í mörgu er sama efnis eins og þetta frv. Jeg ætla því að skjóta því til h. h. flutningsmanns og forseta, hvort eigi muni mega koma þessum tveim frv. saman, eða geyma þetta, þangað til hitt kemur, því ef þessi tvö frv. væru rædd sitt í hvoru lagi, þá gætu þau ef til vill komizt í bága hvort við annað.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Út af því, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að þessi 2

frv. ættu að koma saman, skal jeg geta þess, að jeg hef tekið eptir, að það er töluvert sameiginlegt í báðum. En þetta frv. er ekki samið af mjer; það er óbreytt eins og það kom úr kjördæminu. Hefði það ekki haft annað inni að halda en frumvarp stjórnarinnar eða sem hægt væri að setja inn í frv. stjórnarinnar, þá hefði jeg geymt það, þangað til hitt hefði komið. En líklega verður ekki komið svo langt fram í umræðurnar í þessari deild, þegar frumvarpið kemur frá Ed., að ekki megi fella úr það sem óþarft verður. Ástæða til þess, að taka þetta frv. sjerstakt, er það, að auk þess, sem er talað um í stjórnarfumvarpinu, er annað, sem þetta frumvarp ber með sjer, og hafði jeg hugsað mjer að laga frumvarpið í hendi mjer undir meðferð málsins, þannig, að það, sem í þessu frv. er sjerstaklegt, verði einka-efni þess, en hitt falli burt, sem nægilega er ákveðið í stjórnarfrv. Stjórnarfrumvarpið talar um alla í einu, sem eru utan þjóðkirkju; en í lögum annara landa, t. d. í Danmörku, er þeim, sem eru utan þjóðkirkju, skipt í viðurkennda trúarflokka t. d. reformerta o. fl., og trúarflokka, sem ríkið að vísu líður eða leyfir, en *viðurkennir* ekki, svo sem t. d. mormóna; var nú meining mín, að hið eina safnaðarfjelag, sem þegar er til hjer á landi utan þjóðkirkju, gæti fengið lík lög eins og þau, sem gilda í Danmörku um viðurkennd trúarfjelög; trúarfjelög, sem eru ekki viðurkennd, geta haft sína presta, en það, sem þeir gjöra, hefir ekkert borgaralegt gildi. En rjetti lögleyfðra trúarfjelaga í Danmörku, t. d. Gyðinga, reformeraðra, baptista og methodista, er skipað með ýmsum sjerstökum lögum, sem sum eru eldri, sum yngri, en stjórnarskrá Dana; þessi viðurkenndu trúarfjelög geta t. d. kosið sjer presta, og veitir svo konungur kjörinu staðfestingu sína eða »konfirmatión«, sem kallað er, ef trygging þykir fyrir, að prestarnir sjeu valinkunnir menn, sem trúandi þykir fyrir að færa kirkjubækur, gefa skýrslur, fremja hjónavígslur o. s. frv. Þetta eða líkan rjett vildi jeg söfnuðurinn fyrir austan gæti fengið, og það er tilgangurinn með að halda frumvarpinu sjerstöku; en jeg játa með h. hæstv. landshöfðingja, að ýmsra breytinga þarf eptir hinu frumvarpinu. En jeg treysti nefnd þeirri, sem jeg síðar mun stinga upp á og vona að kosin verði, til að koma þessu fyrir.

Svo jeg snúi mjer að málinu í heild sinni, skal jeg fyrst taka fram dálítið *formsatriði*. Meðan menn höfðu meiri trú, en nú gjörist, trúðu menn því meðal annars, að draugar væru stundum sendir mönnum. Nú hef jeg heyrt, að jeg ætti von á einni slíkri sending, með því sumir menn hefðu vakið þann draug upp, að málið sje ekki rjettilega upp borið, með því það komi í bága við stjórnarskrána, þar sem 47. gr. segir: »Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, *nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu*«, en 1. gr. frv. færi fram á, að utanþjóðkirkjumenn skuli lausir við öll gjöld til þjóðkirkju af persónum sínum og persónulegum eignum; þetta á að vera sama sem að »*skorast undan*« almennri fjelagsskyldu! Jeg skal ekki fara að þrefa um, hvort skattar sjeu almenn fjelagsskylda; í dönsku þýðingunni er almenn fjelagsskylda lagt út »almindelig Borgerpligt«, og í dönsku grundvallarlögunum § 79 stendur alveg orðrjett sama greinin. Orðin í íslenzku stjórnarskránni hljóta því að þýða sama eins og þar í sama sambandi. Það kunna að vera misjafnar skoðanir um, hvað sje »*almindelig Borgerpligt*« eptir dönsku grundvallarlögunum, en helzt er skilið við það skyldan að skorast ekki undan gildandi lögum, svo sem landvarnarlögum, nje koma í bága við almenn lagaboð; þannig gætu betlimúkar ekki leyfzt hjer, því að betl og húsgangsskapur er bannað, nje fjölkvæni, sem stríða þykir mót almennu siðgæði, o. s. frv. En hjer er annað, sem alveg kollvarpar þessari viðbáru, og það er það, að það er sitt hvað, að »*skorazt undan*« að hlýða gildandi lögum, og að vera undanþeginn einhverri skyldukvöð *með lögum*. Það dettur þó víst ekki neinum heilvita manni í hug, að það

sje meining stjórnarskrár vorrar, að *banna löggjafarvaldinu* að undanþiggja vissa menn eða vissar stjettir frá vissum lögum. Stjórnarskráin gjörir sjálf ráð fyrir því í 17. gr. a, að einhverjir kunni með sjerstakri ákvörðun að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, og segir, að þeir skuli ekki fyrir það missa rjett sinn. Stjórnarskráin leyfir að undanskilja hvern og hverja, sem vera skal, frá einstökum gjöldum, og þá má vafalaust líka undanskilja utanþjóðkirkjumenn frá þjóðkirkjugjöldum. Eptir því, sem 47. gr. hlýtur að þýða, eru menn að eins, þrátt fyrir trúarbrögð, skyldir til að *hlýða landslögunum*. En ef landslögum er *breytt*, er það ekki lög lengur, sem afnumið er með lagabreytingunum.

Jeg hef talað fyrir þessu máli á tveimur þingum áður, og eptir þeim undirtektum, sem það hefir fengið í þessari deild, vona jeg það fái góðan framgang í þetta sinn líka; sjerstök atriði í frv. ætla jeg ekki um að tala, fyr en mótmæli koma. Á sínum tíma mun jeg stinga upp á nefnd, en ekki strax, til þess að fella ekki niður umræður. En jeg skal leyfa mjer enn nokkur orð.

Tilgangur minn er einkum sá, að fá skipað með sjerstökum lögum rjetti þess safnaðar, sem nú þegar er fyrir utan þjóðkirkjuna. Hann hefir leitað rjettar síns á tveimur þingum, en það hefir ekki gengið enn. Því meiri ástæða er til að álíta, að það geti nú komizt fram, enda væri á því engin vanþörf, því landstjórnin hefir ekki verið honum blíð hingað til. Hann hefir fengið 2 ráðgjafabrjef, 8. nóv. 1883 og sama dag 1884. 8. nóvember er merkisdagur fyrir frísöfnuðinn eystra. Þegar þeir höfðu fyrst ráðið sjer prest, kom ráðgjafabrjef sem skýrði frá, að biskupinn hefði óskað ráðgjafaheimildar til að banna fríkirkjuprestinum, — fríkirkjuprestinum, sem söfnuðurinn sjálfur hafði ráðið sjer á sinn kostnað, og sem í engu stendur undir yfirráðum biskups — að banna honum, segi jeg, að framkvæma prestsverk fyrir þá, sem höfðu ráðið hann. Þetta gat komið fram í landi, sem átti að heita að hafa *trúarbragðafrelsi!!!* Ráðgjafanum þótti þetta þó of langt gengið, og gat sjeð það, að þetta var þvert á móti stjórnarskránni, að banna prestinum að framkvæma prestsverkin, en segir hins vegar, að prestsverk sjera Lárusar Halldórssonar, svo sem *skírn*, ferming og gipting, hafi ekkert borgaralegt gildi. Mjer er að vísu óljóst og jeg ætla ráðgjafanum hafi verið það jafn-óljóst, hvaða *borgaralegt* gildi skírn hefir yfir höfuð eptir *núgildandi* lögum vorum; en hann um það. Í brjefinu 1884 var hanu þó kominn svo langt, að skírnin í sjálfu sjer væri gild.

Þessir menn, sem hafa myndað þennan söfnuð utan þjóðkirkjunnar, hafa ekki gjört það að gamni sínu. Þeir hafa fyrir það lagt á sig mikinn kostnað, og — jeg má líka segja, eins og skiljanlegt er, talsverðan ófrið, sem þeim ef til vill ekki er geðfelldari en hverjum öðrum; þeir hafa haft margt við að stríða. Þeim hefir verið gjört það til skapraunar, að láta þá standa skör lægra að rjetti, en jafnvel þá sem miklu fjarlægar standa þjóðtrúnni, t. d. kaþólska menn. Hjer í Reykjavíkur-kirkjugarði hafa opt og einatt verið jarðaðir kaþólskir menn af kaþólskum prestum eptir kaþólskum reglum með krossburði og vígsluvatnsdreypni og öðrum kaþólskum helgisiðum, án þess nokkuð væri því til fyrirstöðu. En Reyðfirðingar eru öðru lögmáli háðir. Þeirra prestur má ekki ausa þá mold, ekki gjöra neitt við greptrun þeirra. Ef þeir eiga ekki að vera greftraðir »í kyrþey«, eins og sjálfsmorðingjar og örgustu óbótamenn, verða þeir nauðugir að leita þjóðkirkjuprestsins, og svo getur *hann neitað* að moldausa þá! En ekki nóg með það! Nei, þjóðkirkjupresti er veittur enn meiri rjettur í þessu makalausa ráðherrabrjefi, því að hann má ausa þá moldu, ef *hann* vill, þó að hinn dauði, sem í lífinu ef til vill hefir verið í mesta stríði við hann og ekkert prestverk getað af honum þegið, hafi látið gagnstæða ósk í ljósi, og aðstandendum hins látna sje það ef til vill hin mesta skapraun, að þjóðkirkjuprestur sje að moldausa hinn framliðna. En, nei! Ekki framliðinn nárinn á líkfjölunum einu sinni má í friði vera fyrir þjóðkirkjuprestinum, ef hann langar í líksöngseyrinn! Þetta er þó æði-harðneskju-

legt, og það því fremur, sem hjer er um trúarbræður að gjöra og samlanda. *(H. Kr. Friðriksson:* Söfnuðurinn er ekki viðurkenndur). — Jeg heyri, að þingm. Reykvíkinga er að tauta, að söfnuðurinn sje ekki viðurkenndur; en það eru kaþólskir söfnuðir ekki heldur hjer á landi, því að þeir eru ekki til. En það, að frísöfnuður sá, sem til er nú, er ekki viðurkenndur, er einmitt ástæðan til þessa frumvarps; hann þarf einmitt að verða viðurkenndur!

Jeg hef heyrt þá viðbáru í blöðunum, og má vera að hún komi og fram hjer, nefnilega, að þeir menn geti ekki verið fyrir utan þjóðkirkjuna, sem sjeu evangelisk-lúterskrar trúar. Þetta er ekki rjett, og skal jeg máli mínu til sönnunar með leyfi forseta lesa upp fáeinar línur úr »*Statsret*« Matzens prófessors, sem er talinn mikill lærdómsmaður í þeirri grein (*L. Blöndal:* Mikill hægrimaður) — já, hægrimaður og átrúnaðargoð stjórnarinnar í lögskýringum. Hann segir á 259. bls. í III. bindi »Statsrets« síns: Iövrigt kan endnu paa dette Sted fastholdes, at Forskriften i Grundlovens § 76 kommer alle Trosbekendere til Bedste, deriblandt ogsaa Bekjendere af den evangelisk-lutherske Religion. Det maa nemlig vel fastholdes, at skönt Grundlovens § 3 siger: den evangelisk-lutherske Kirke er den danke Folkekirke, og understöttes som saadan af Staten, maa disse Ord dog, som vi senere skulle se, forstaaes med den Begrænsning, at til Folkekirken henhörer ikke ethvert Trossamfund, der kalder sig selv evangelisk-luthersk, men kun ethvert saadant, der er ordnet af Staten, eller i al Fald anerkjendt af den som evangelisk-lutersk. Dette indlyser klart nok af den Omstændighed, at Personer kunne udtræde af Folkekirken, og dog vedblive at være evangelisk-lutherske Kristne«. Það er í suttu máli: það þarf enga frábreytni í trú, til þess að vera fyrir utan þjóðkirkjuna. Til þessa þarf ekki annað, en að vilja ekki hlíta borgaralegri skipun *þjóðkirkjunnar*, til þess að vera fyrir utan hana. Þegar stjórnarskráin segir, að enginn megi neins í missa vegna trúarbragða sinna, þá er siðferðisleg skylda, að skipa með lögum stöðu þessara manna. Á síðasta þingi settu menn fyrir sig mörg smáatriði, t. d. það, að ef fríkirkjumenn yrðu lausir við þessi gjöld, mundu prestar missa tekjur svo, að landssjóðurinn yrði að bæta þeim það upp. En það er alveg eins ástatt í Danmörku, og þar fá prestar enga uppbót; enda eru prestum veitt brauðin með tekjum eptir þeim lögum, sem gilda og gefin kunna að verða síðar eða gilda á hverjum tíma, en þeim eru ekki gefnar sóknir með vissum íbúafjölda, sem ekki má fækka, og menn mega þó allt af fara burtu úr sóknunum, og sálast frá þeim. Og ekkert er þeim upp bætt fyrir það, þótt menn leysi sóknarband. Og þó einhverjar uppbætur kynnu að þurfa, er það svo mikilsvert? Menn hafa áður ekki horft í slíkt, og þó meira hafi verið um að ræða, án þess að svo mikil siðferðisleg hvöt hafi verið til eins og nú.

Enn hef jeg heyrt þá viðbáru, að þessi söfnuður eigi enga viðurkenningu nje hjúkrun skilið, því að hann hafi enga ástæðu haft til, að fara út úr þjóðkirkjunni. En ástæður koma engum við, þegar lagaheimildin er til að fara. Enginn hefir rjett til að rannsaka þær — engan varðar um þær! Og þeir höfðu ástæðu. Jeg veit um það, því jeg var einn af þeim mönnum, sem sögðu sig út, og hef jeg síðan ekki gengið inn í þjóðkirkjuna. Söfnuðurinn hafði góðan þjónandi prest, sem gat fullnægt þörfum hans og fullnægði þeim, en fengu ekki að halda honum, heldur fengu mann, sem var, ef ekki annars vegna, þá sakir heilsubrests og ellilasleika, óhæfur til þess, því hann getur ógreiðlega komizt út af heimilinu á sumardag og alls ekki á vetrardag, en Reyðarfjörður er víðlend sókn mjög, og sumt af henni ekki fært yfirferðar á vetrardag nema fullhraustum manni. Hann hefir sýnt það síðan hann kom, því hann hefir ekki gjört nein prestsverk síðan, heldur hefir kapelán gjört þau. Jeg tel það ekki mikið verk, þótt hann einu sinni eða tvisvar á ári stauti út í kirkjuna, eða komist kannske út í garðinn til að moldausa einhverja af þeim, sem sálast í sókninni. Kristnir menn heimta

fleira en stólræður í kirkjum af prestum sínum; þeir heimta húsvitjanir, huggun fyrir sorgbitna, styrking fyrir efasama, í stuttu máli þeir heimta *sálusorgara*, sem getur komið á hvert heimili nær sem með þarf. Þetta vissum við að var *ómögulegt* fyrir síra Daníel, þótt hann hefði verið allur af vilja gerður; hann hafði ekki getað einu sinni húsvitjað í sínum fyrri sóknum um mörg ár áður, vegna elli og heilsulasleika. Nú hafa Reyðfirðingar ekki að eins sömu hvötina og þá, heldur hafa þeir nú fengið sjer prest sjálfir, sem sjálfur er áhugamaður um trúarefni og hefur vakið þar nokkurt trúarlegt líf, sem viðurhlutamikið væri að reyna að slökkva. Það er allt of víða, sem svefn og doði ríkir í þeim efnum. Og það væri öll ástæða til að hlynna að hverju trúarlegu lífsmarki í landinu með öllu móti. Enn hef jeg heyrt af mönnum, sem vel þykjast til þekkja, að nú þurfi ekki neins við framar, því að hreyfingin sje að dofna, menn sje að ganga sem óðast úr frísöfnuðinum, og áhuginn á fríkirkjunni alveg að lognast út af. En jeg er kunnugri þessu en flestir ef eigi allir aðrir háttv. þingmenn; þó jeg hafi ekki verið eystra nýlega, þá hef jeg staðið í brjefaviðskiptum við svo marga menn og á þar svo marga vini og vandamenn, að jeg veit vel, hvað þar gerist, og jeg veit, að það hefur frá því frísöfnuðurinn hófst ekki einn einasti maður gengið úr frísöfnuðinum, nema þeir, sem andazt hafa, ekki einu sinni þeir, sem burt hafa flutt úr sókninni. Þvert á móti hafa heilar fjölskyldur gengið inn í frísöfnuðinn, og á fleirum slíkum mun von þegar í ár. Tala safnaðarmanna er á 4. hundrað.

Hvernig sem þingið tekur nú í mál þetta, þá má ekki halda, að nein rjettarsynjun þess deyfi fríkirkjumenn, heldur munu þeir harðna við hverja plágu. En sízt ætti þetta samt að vera hvöt fyrir þingið til að stælast upp í að synja þessum mönnum um það, sem þeir eiga eðlilega heimting á. Jeg veit, og jeg vona, að jeg þurfi ekki annað en skírskota til hinnar helgustu tilfinningar í brjósti þingmanna um það, að menn eiga ekki að vera lögbundnir nje lögfreistaðir í neinu, sem snertir trúarefni manna. Það veit jeg allir þingmenn finna til og vilja.

Jeg veit, að þetta mál ætti skilið betri framsögu og formæli en jeg hef getað komið fram með, en jeg veit líka, að við lifum á síðasta fjórðungi 19. aldar, sem oft hefir kölluð verið öld umburðarlyndis og mannúðar; og ef þingið gjörir nú enn einu sinni ekkert við þetta mál, þá verður sú aðferð það minningarmark fyrir þingið og landið, um hve langt vjer erum á eptir öldinni, að slíkt mundi ekki minnum firrnast í margar ókomnar aldir.

Þórarinn Böðvarsson: Af því enginn tekur til máls, ætla jeg að mæla fáein orð. Jeg vildi helzt óska, að hjer á voru landi væri ein trú og ein skírn, eins og einn er guð, faðir allra, af því jeg er sannfærður um, að þetta gegnir landinu bezt; jeg hef enga trú á neinum utankirkjuflokkum, neinni sundurliðun úr kirkjunni; en hjer eru þó þeir tímar, að það virðist nauðsynlegt, að setja einhverjar fastar reglur fyrir þessa flokka; jeg hefði helzt óskað, að ekki þyrfti lög um borgaralegt hjónaband, nje um rjettindi utanþjóðkirkjumanna; en þingið hefir nú einu sinni sjálft stigið hið fyrsta spor í þessa átt, með því að samþykkja lög um leysing á sóknarbandi, og jeg heyri sagt, að frv. um borgaralegt hjónaband fái nú góðan byr í Ed. ,og þess vegna finnst mjer þetta eðlilegt framhald í þessa stefnu; en jeg held að þetta frv. verði að vera sjerstakt, en geti naumast tengzt við stjórnarfrv. um borgaralegt hjónaband, því þetta frv. er talsvert yfirgripsmeira; jeg vil styðja að því, að þetta frv. fái framgang, af því jeg álít að það sje rjettara af h. h. deild, að reyna að koma hjer betra skipulagi á. — En breytinga þarf það.

Jón Ólafsson: Jeg er h. h. 1. þm. G.-Kjósars. innilega þakklátur fyrir undirtektir hans undir málið, og að svo mæltu leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Eptir uppástungu Lárusar Blöndals var 3 manna nefnd samþykkt og þessir kosnir:

Þórarinn Böðvarsson 19 atkv.
Jón Ólafsson 18 —
Arnljótur Ólafsson 13 —

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 125); 1. umræða.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Það er nú almenn skoðun, þar sem laxveiði er, að hún sje alstaðar að minnka; gamlir menn minnast fyrri tíma eins og nokkurs konar gullaldar í laxveiðinni á þeirra yngri árum; þá segja þeir, að lax hafi stokkið í hverjum fossi og leikið sjer í hverri vík; þá hafi laxarnir getað gengið svo langt óhindraðir sem náttúran hafi leyft. Það getur verið, að heldur mikið sje gjört úr þessari apturför; en víst er það, að hún er nokkur. Orsakirnar eru þær hinar helztu, að nú, síðan lax fór að verða verzlunarvara, er hann mjög mikið eptirsóktur; önnur er sú, og hún mikilvæg, að lög þau, sem nú eru, friða ekki nóg þennan atvinnuveg, sem er svo mikilvægur, en gæti þó verið miklu arðsamari; virðist laxveiðinni því vera mikil hætta búin, og það einmitt frá þessu sjónarmiði. Þetta frv. er að miklu leyti byggt á áliti fiskifræðingsins Arthurs Feddersens, og kemur hans skoðun í þessu tilliti alveg heim við þá skoðun á málinu, byggða á nokkurri reynslu, sem jeg hef. Laxafriðunarlögin frá 11. maí 1876 vantar 2 atriði, sem mjer virðast nauðsynleg; fyrst, að lax skuli vera friðaður einhvern vissan tíma í hverri viku; þessa ákvörðun vantar algjörlega, og þar af leiðir, að veiðivjelar og net liggja allt af í ánum, svo laxinn hefur aldrei tíma til að ganga upp eptir ánni; og þar af leiðir aptur, að þeir, sem veiða neðst í ánni, sitja að miklu leyti einir að veiðinni. Annað er það, að þar er ekkert talað um ádráttarveiði; en sú veiðiaðferð getur verið hættuleg, því menn geta, án þess að brjóta lögin, allt af verið að draga á, en þar með er það fyrirbyggt, ef dregið er á í árósum, að laxinn geti gengið lengra upp eptir ánni. Einn gallinn enn er það, að lögin leyfa laxveiði oflengi fram eptir sumrinu. Reynsla mín og samtal um þetta efni við laxfróða menn hafa sannfært mig um, að í flestum tilfellum er það nóg, að leyfa laxveiði til 1. ág., og er það einnig samkvæmt skoðun Feddersens á því atriði. Jeg ætla þá ekki að fara fleirum orðum um frv., en vona að það nái fram að ganga, og er það töluverð bót frá því, sem nú er; gallar geta vel verið á því, og vona jeg að nefnd verði sett í málið, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

— Var það samþykkt og þessir kosnir:
Þorkell Bjarnason með 15 atkv.
Jón Sigurðsson — 12 —
Egill Egilsson — 10 —

Afgreiðsla á bænarskrám, framl. 9. júli.

Bænaskrá úr Dalasýslu um borgunarfrest á hallærisláni, frá forseta efri deildar, — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá hjeraðslækni Dr. J. Jónassen um 600—800 kr. styrk til að ferðast til Englands, — sömul. vísað til fjárlaganefndar.

Bænarskrá frá yfirrjettarmálafærslumanni Páli Melsted um 2000 kr. styrk til sagnfræðisstarfa, — sömul. vísað til fjárlaganefndar.

Ellefti fundur, mánudag 13. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frv. til laga um breyt. á 2. gr. laga um vegina á Íslandi 15. d. okt. 1875 (C. 126); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg finn ekki ástæðu til að mæla margt um þetta frv. að svo stöddu; mjer virtist það fá góðan byr hjer við 1. umr.; málið hefur verið skýrt af háttvirtum höfundi og ástæðurnar fyrir því teknar fram; jeg hef heldur eigi heyrt enn neinar mótbárur móti því. Þær einu, sem jeg máske gæti hugsað mjer, væru þær, að nauðsyn bæri til, að taka alla vegalöggjöfina þegar til umræðu og breytingar, en jeg hef óttazt fyrir, að ekki mundi tíminn nú á þingi endast til þess, að afkasta svo miklu málefni, þar sem þegar er inn kominn svo mikill fjöldi af frv.

Stefna þessa frv. er samkvæm hugsun þings og landsstjórnar. Á undanfarandi þingum hefur talsvert fje verið veitt á fjárlögunum til póstveganna og má enn búast

við að fje verði veitt til þeirra; og þar sem nú veitt er af almannafje til póstvega eins og fjallvega, virðist það liggja beinast við, að stjórn og umsjón þeirra vega sje í höndum hinnar sömu stjórnar. Vegagjörð hjer á landi er mjög erfið og kostnaðarsöm, og þess vegna er nauðsynlegast að láta þá vegi sitja í fyrirrúmi, sem mest eru notaðir, og það eru póstvegirnir; og þótt þeir á sumum stöðum kunni að vera nokkuð lengri fyrir ferðamenn, en fjallvegir, þá mun samt flestum virðast betra, að fara góðan veg, þótt lengri sje, en stuttan og ógreiðan. Auk þess verða fjallvegir eigi farnir nema lítinn hluta ársins, um hásumarið, en póstvegi verður að fara á öllum árstímum. Nú gjöri jeg ráð fyrir, að ef hin sama stjórn ræður bæði fjallvegum og póstvegum, þá muni hún taka það nauðsynlega fyrst, og bæta þá fremur vegi í byggðum en á fjöllum, ef þess er meiri þörf. Því mest ríður á, að byggðarvegir sjeu greiðir, að eigi að eins hinar stærri ár, heldur einnig hinar smærri ár og gil sjeu brúaðar. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta mál að sinni, því jeg verð að álíta, að það fái meðmæli h. þm. og að landsmenn fagni því, og álíti það mikla bót.

Landshöfðingi: Þetta frv. hefir fengið svo góðar undirtektir í þessari h. deild, að jeg býst við, að það muni fá framgang, enda hygg jeg að það eigi það skilið, því jeg tel það þess kost, að það fer fram á, að aðalpóstvegir í byggðum verði undir sömu stjórn sem fjallvegir, og kostaðir á sama hátt. Við þetta er vonandi, að meiri eining náist í þær endurbætur, sem nauðsynlegar eru á vegum landsins. Það er mjög óviðkunnanlegt, að þegar fjallvegir eru gerðir, þá sje áframhald þeirra, vegirnir í byggðunum, lítt færir. Þessi eining næst bezt með því, að þeir vegir í byggðum, sem eru áframhald hinna helztu fjallvega, sjeu undir sömu stjórn og þessir vegir. Jeg skal að endingu taka það fram, að þar sem stendur í niðurlaginu: »Landshöfðingi ákveður eptir tillögum hlutaðeigandi amtsráðs, hverjir vegir skuli vera fjallvegir», þá skilst mjer svo, að þetta gildi ekki um hina núverandi fjallvegi, þannig, að ekki sje meint, að ldsh. yfir höfuð nú fari að ákveða, hverjir vegir sjeu fjallvegir, heldur, hverjir vegir í sveit eigi að teljast sem aðalpóstvegir, og þar með eptir þessu frv. teljast til fjallveganna.

Eirikur Briem: Jeg var ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls, svo að jeg heyrði ekki umræðurnar þá; ræðum h. flutningsm. (Þ. Böðv.) og hæstv. ldsh. er jeg að vísu að mestu samdóma. En jeg held, að öll vegalöggjöf vor þurfi yfir höfuð endurbótar og endurskoðunar við. Lögin frá 1861 eru orðin úrelt, og lögin frá 1875 hafa að sumu leyti aldrei komið til framkvæmdar, því þá voru það aðrir vegir, sem hafðir voru í hyggju en þeir, sem hugur manna stefnir nú einkum að. Jeg er samdóma þeirri stefnu frv., sem h. flutningsm. tók fram, að gera aðalpóstvegina að landstjórnarmáli, og verja yfir höfuð meiru fje til vegabóta í sveitum en á fjöllum. Því nú sem stendur eru sveitavegirnir á vegunum milli landsfjórðunganna víða lakastir, og þeir þó miklu fjölfarnari; þess vegna kemur það fje, sem til þeirra er varið, að meiri notum. En þó jeg álíti, að vegalöggjöf vor þurfi bráðrar breytingar, þá álít jeg þó, að þingið sje í þetta sinn þegar búið að taka sjer svo umfangsmikil mál til meðferðar, að eigi sje farandi í þetta sinn út í að bæta því við að laga vegalöggjöfina, enda er eigi að þessu sinni mjög brýn nauðsyn á breytingu þeirri, er hjer ræðir um. Tilgangur þessa frv., sem jeg yfir höfuð aðhyllist, gæti náðzt án lagabreytingar næsta fjárhagstímabil, því á fjárlögunum mætti til taka eins og áður fje til vegabóta á póst- og sýsluvegum, en hafa það fje, sem varið er til sýsluvega á aðalpóstleiðum, ef svo sýnist, dálítið ríflegra en áður, og þannig mætti án lagabreytingar koma fram hinu sama, sem frv. þetta fer fram á; þótt jeg þannig sje málinu í aðalstefnunni samþ., þá þykir mjer rjettara að komast með þessu móti hjá lagabreyt. í þetta sinn, svo þingið geti því fremur gefið sig við hinum öðrum umfangsmiklu málum, er það þegar hefir tekið til meðferðar.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að þakka hæstv. ldsh. fyrir hinar

góðu undirtektir hans á þessu máli, og veit jeg, að hans atkvæði gildir mikið hjer í þessari h. deild. Þar sem hann talaði um niðurlag frv., skal jeg taka það fram, að hjer er eigi meint neitt nýtt, heldur er það tekið upp eptir hinum gömlu lögum. Jeg verð því að álíta, að það sje bæði nægilegt og skiljanlegt. H. 2. þm. Húnv. (Eir. Briem) kvaðst vera samþ. þessu frv. í sjálfu sjer, og að endurskoðan vegalaganna væri nauðsynleg, en tími væri eigi til þess nú á þingi, og vildi hann einnig komast hjá þeirri lagabreytingu, sem frv. þetta fer fram á. Jeg er honum samdóma um það, að eigi sje nú tími til, að taka alla vegalöggjöf vora fyrir, en engu að síður verð jeg að halda því fram, að sú breyting, sem hjer ræðir um, er nauðsynleg nú þegar. *(H. Kr. Fr.:* Nei!). Jú, fullkomlega nauðsynleg. Á málinu er eigi fullkomin bót ráðin, þótt meira fje yrði veitt á fjárlögunum til sýsluvega, því eins og hæstv. ldsh. tók fram, þarf að komast meiri samkvæmni á í þessu máli, og það nú *þegar*. Það er mjög nauðsynlegt, að hver hafi sinn afmarkaða verkahring, að sýslunefndirnar viti, hvað þær eiga að gera, en þurfi ekki að bíða eptir og doka við eptir veitingu samkvæmt fjárlögunum í hvert skipti. Jeg verð að taka það fram, að jeg verð að álíta það málið miklu skipta, að þetta sje ákveðið *strax;* það er, hverja vegi sýslunefndir eigi að annast og hverja landstjórnin. Ef því verður framgengt, að vegfróður maður komi hingað upp, eins og stjórnin hefir stungið upp á, þá er æskilegt, að hann ráði miklu um, hvar vegir verði lagðir, og það er enn fremur ástæða fyrir þessu máli.

Jón Sigurðsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. þm. á því, hvort ekki er lögð of þung byrði á landssjóð með þessu frv. um, að taka á sig alla aðalpóstvegi landsins. Jeg ímynda mjer, að þegar það er gert að lögum, muni sýslunefndir máske alveg hætta að skipta sjer af þeim vegum, og það er þó enn verri afleiðing, því við það gæti vegagjörð vorri farið mjög aptur. Í mörgum sýslum getur svo verið háttað, að aðalvegurinn um þær, þverar eða endilangar, sje einmitt póstvegurinn; jeg veit að svo er háttað t. d. í Þingeyjarsýslu. Landssjóður má þó ekki taka meira á sig í þessu efni, en hann sjer sjer fært, og vil jeg því biðja h. þingd. að íhuga þetta mál, hvort þetta tvennt einmitt leiðir ekki af þessu frv.: 1., að of þung byrði sje lögð á landssjóð; og 2., afskiptaleysi og apturför í vegagjörðum frá sýslunefndanna hálfu.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að leyfa mjer að svara h. þm. S.-Þing. (J. S.) nokkrum orðum. Hann var hræddur um, að með þessu frv. yrði lögð of þung byrði á landssjóð. Jeg verð að álíta, að þetta sje alls eigi óbærileg byrði fyrir landssjóð; hann er nú að mestu leyti búinn með fjallvegina, og getur því haldið áfram í sveitunum og þá eðlilegast á póstvegunum, og sú byrði verður honum eigi þyngri en hann vill; það fje, sem hann leggur til, verður brúkað; meira ekki. Að sýslunefndir leggi árar í bát og verði afskiptalausar, er heldur engin ástæða til að óttast. Því þótt svo sje í sumum sýslum, að aðalpóstvegurinn sje þar aðalhjeraðsvegur, þá hefir sýslunefndin nóg að starfa samt, að þeim vegum, sem báðum megin liggja að póstveginum, og ef hann er langur, hljóta þeir að vera margir. Svo er ástatt í Gullbringusýslu, og efast jeg samt ekki um, að sýslunefndin þar hafi nóga vegi til að annast. Þetta getur því ekki verið nein ástæða móti frv. Það er ljóst, að eptir því verða vegirnir betri, en fer ekki aptur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er þessu frv. meðmæltur að stefnunni til, en verð þó að álíta, að það sje ekki svo fullkomið, sem jeg hefði óskað. Jeg verð að álíta, að nauðsynlegt sje að taka þetta mál í heild sinni fyrir, því vegalöggjöf vor þarf öll umbætur, og því jafnhliða er nauðsynlegt að fá vegfróðan mann til að segja fyrir, hvar veginn skuli leggja. Þótt hann kæmi árið sem leið, hafði suðurland ekkert gagn af því, þó undarlegt mætti virðast; hann kom hjer ekki. Og það er mjög illt, ef svo fer með vegi, eins og of opt hefir gengið hing-

að til, að ærnum peningum er eytt til þess að leggja þá; síðan má ske reynist, að þeir sjeu í svo óhentugum stað, að ekki eru tiltök að nota þá framvegis. Þeim peningum er kastað í sjóinn. Jeg held að Svínahraunsvegurinn eigi að vera mönnum til viðvörunar í því efni, að flasa ekki að vegagjörðum út í bláinn, án þess að ráðfæra sig við þá, sem vit hafa á eða kunnugir eru, því opt eru deildar meiningar um, hvar rjettast sje að leggja vegina, meðan verulegur vegfræðingur ekki er í verkinu með. Þó jeg, sem sagt, sje samþ. stefnu frv., álít jeg að rjettast sje, að taka þetta mál fyrir í heild sinni, en klípa ekki út úr því svona eitt atriði. Jeg get því ekki gefið því atkvæði mitt, þó jeg gjarnan hefði viljað, að vegamál þetta eða það, að landssjóður tæki að sjer póstvegi, hefði náð fram að ganga á þessu þingi.

Eirikur Kúld: Jeg verð að taka í sama streng, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.). Það er mikil spurning um, hvort ekki er með þessu frv. lögð of þung byrði á landssjóð. Það er ekki tími til á þessu þingi að taka vegabótamálið allt fyrir í heild; en jeg álít, að það sje lítið bætt í sjálfu sjer með þessu frv., þótt sýslunefndirnar sjeu losaðar við þessa vegi. Það eru auðvitað gallar á vegagjörðarmálinu, og það þarf endurskoðunar við innan skamms, en eins og þetta frv. liggur hjer fyrir, er það lítill útdráttur úr stórri heild; er hjer hreinasta *smámál*, og þingm. ættu ekki að gera leik til þess, að fjölga smámálum á þingi, þar sem það hefir svo mörg stórmál til meðferðar. Jeg vil því ráða til að geyma þetta mál, þangað til vegagjörðarmálið getur komið fyrir í heild sinni. Þingið hefir fengið þegar áskorun um, að verja kröptum sínum fyrir hin nauðsynlegu mál, og þó jeg sje samþ. því principi, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., get jeg samt ekki gefið því atkvæði mitt.

Eirikur Briem: H. þm. S.-Þing. (J. S.) hugði, að það mundi verða lögð of þung byrði á landssjóð með því, að hann tæki á sig aðalpóstvegina; það er víst, að vegabætur þær, sem þörf er á, eru næsta þung byrði fyrir þjóðina yfir höfuð, en hvort það er landssjóður eða landsmenn, sem kostnaðinn bera á annan hátt, gerir minna til. En orð hins háttvirta þingmanns gáfu mjer tilefni til að taka fram dálitla athugasemd. Eptir frumvarpinu á landstjórnin að hafa alla umsjón með aðalpóstvegunum öllum. En á næsta fjárhagstímabili verður þetta varla komið fyllilega í kring, og þá gæti svo farið, ef t. d. brotnaði brú, eða eitthvað þess háttar, og landstjórnin gæti eigi snúizt við, yrði, ef til vill, alls eigi úr því bætt, því sýslunefndin mundi hika við að verja fje sýsluveganna til aðgjörðar á vegum landssjóðs, og gæti það orðið til mikils óhagræðis fyrir samgöngurnar.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg neyðist til að svara h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) og h. þm. Barðstr. (E. K.). Þeir þykjast báðir vera hlynntir þessu máli, en eru þó á móti því. H. þm. Árn. (Þ. G.) segir, að það sje of snemma upp borið, og vill bíða með það eptir vegfræðingnum. Mjer virðist, að ekkert geti verið eðlilegra, en að póstvegirnir sjeu komnir undir yfirráð landstjórnarinnar einmitt þegar vegfræðingurinn kemur, svo landstjórnin geti látið vegfræðinginn skoða og segja fyrir um vegina; það er því ný uppástunga. H. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að tími væri eigi til kominn. Jeg vissi eigi til hvers. Jeg álít, að ætíð sje tími til kominn að samþ. sannarleg velferðarmál. Honum þótti þetta smámál; en jeg hygg, að hann hafi ekki meint það; því þetta mál er stórmál, en í engu tilliti smámál. Það er principsmál, sem hefir mikla þýðingu fyrir landið, svo framarlega sem samgöngur eru nauðsynjamál fyrir landið. Tilfelli það, sem h. 2. þm. Húnv. (E. Br.) tók til, er mjer ekki ljóst. Landstjórnin veit, hvað henni ber að gera, þegar líkt tilfelli kemur fyrir, sem hann kom fram með, eins og sýslunefndirnar hafa vitað það, og jeg efast ekki um, að h. þm. sýnist það með mjer. Það skyldi vera merkilegt, ef brú brotnaði, svo allar samgöngur væru á enda, og enginn vildi bæta hana, og þó vissu allir, að landstjórnin ætti að bæta hana og vildi bæta hana.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal geta þess,

að jeg skil þetta frv. svo, að lögin frá 15. d. okt.m. 1875 sjeu hjer endurtekin og einungis bætt við 2. gr. laganna öllum aðalpóstvegum í byggðum. Síðari partur frv.: »Landshöfðingi ákveður eptir tillögum hlutaðeigandi amtsráðs, hverjir vegir skuli vera fjallvegir», ákveður, að fleiri vegir sýslna á milli skuli teljast með fjallvegum, en hingað til hefir verið venja, því hjer getur eigi verið átt við þá vegi, sem þegar er búið að ákveða að skuli vera fjallvegir, svo sem eru einkum aðalpóstvegir og kaupstaðarvegir, en ekki aðrir fjallvegir milli sýslnanna. Ef þett frv. verður að lögum, þá verður afleiðingin sú, virðist mjer, að í viðbót við alla fjallvegi komi allir aðalpóstvegir í byggðum, og í framkvæmdinni verða einnig taldir fjallvegir sýslna í milli fleiri en hingað til; þá segir það sig nú sjálft, að sýsluvegasjóðirnir vilja þá, svo sem náttúrlegt er, vera undanþegnir að leggja fje til þeirra vega, sem landssjóður hefir tekið að sjer; þeir verða fegnir að smokka sjer undan því gjaldi, og koma því upp á landssjóð, eða með öðrum orðum, koma sem flestum vegum milli sýslna inn undir þá vegi, sem landssjóður á að kosta. Það er eðlileg afleiðing. Mjer finnst mest ríða á, eins og líka fjárhagsnefndin hefir allt af haldið fram, að reyna til að bæta aðalpóstvegina sem mest og bezt, en ef á að fara að bæta alla póstvegi, hvort sem þeir liggja yfir fjöll eða í byggðum, í einu orði alla aðalpóstvegi og aukapóstvegi, þá þyrfti að taka alla vegalöggjöfina til nákvæmrar rannsóknar, til þess að fella þá vegi úr, sem hvorki eru aðalpóstvegir eða aukapóstvegir. Jeg treysti h. flutningsm. (Þ. Böðv.) til að laga frv. til 3. umr. eitthvað í þessa átt.

Þórður Magnússon: Jeg er á þeirra manna skoðun, sem vilja fresta þessu máli, af því mjer finnst landsstjórnin eiga stórkostlega mikið eptir að gera við þá vegi, sem fjallvegir eru áður kallaðir; jeg þekki það bezt fyrir vestan; þar hefir landsstjórnin nóg að gera í 10 ár, og er því engin þörf á að bæta við það; Þorskafjarðarheiði og Steingrímsfjarðarheiði eru langir og örðugir fjallvegir, sem að mestu er ógert við. Það er því meining mín, að þingið ætti að gera sitt bezta til í þessu með því að bæta dálitlu fje við það, er lagt er til aðalpóstveganna, en fara ekki lengra að sinni. Af þessum ástæðum mun jeg ekki samþykkja frv.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla að eins að víkja fáeinum athugasemdum að nokkrum orðum í ræðu h. þm. Eyf. (A. Ó.), þar sem hann talaði um skilning sinn á þessu frv., og vil jeg þá geta þess, að bæði hæstv. ldsh. og jeg höfum minnzt á skilning frv.; jeg tók það fram við 1. umr., að breytingin er engin önnur en sú, að landssjóður tekur að sjer alla póstvegi í sýslunum; að þetta komi í bága við vegalögin, get jeg alls ekki skilið; það má ekki álíta, að landsstjórninni sje gefin hvöt til að bæta þá vegi, sem ekki sje nauðsynlegt að bæta; ekki má heldur ætla, að nein sýslunefnd finni sjer ástæðu til að skjóta sjer undan að gjöra við vegi á aðalpóstleiðum milli sýslna frekar en nú; eða vill þm. fræða mig um það: hver getur neytt sýslunefndirnar til að gera við vegi milli sýslna, ef þær vilja ekki gera það sjálfar, þótt lögin sjeu eins og þau eru nú? Það getur víst enginn. Þær eru alveg sjálfráðar. Mjer skildist h. þm. (A. Ó.) vilja óska breytingar á frv., og vil jeg fúslega eiga samkomulag við hann með breyt.atkv. til 3. umræðu, bæði hvað snertir orðfæri og efni. Þar sem h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.) sagði, að landsstjórnin ætti enn fjarskamikið óunnið, þá er það að vísu rjett hermt; en hvað Þorskafjarðarheiði snertir, þá hefir hún tekið miklum bótum; jeg hefi heyrt Ísfirðinga sjálfa, sem eru sannorðir menn, segja, að Þorskafjarðarheiði hafi miklar umbætur fengið, og að hún sje nú vel fær.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að taka fram eina ástæðu, sem hefir komið fram hjá flestum þeim, er á móti frv. hafa mælt. Þeir hafa álitið frv. gott og þarft, en sagt, að þetta væri ekki nema lagakák. Vegalögin í heild sinni þyrftu endurskoðunar við; en við verðum að gæta að því, að á okkar litla

landi og hjá okkar litlu, fátæku og fámennu þjóð, og þar sem í tilbót þingið er bæði svo fámennt, svo stutt og ekki háð nema annaðhvort ár, þá er heppilegra að hugsa ekki upp á stóra lagabálka í einu, heldur reyna að kippa því bráðnauðsynlegasta í lag með smálögum og hugsa um lagabálkana síðar; jeg get nefnt tvö dæmi, sem mjer finnst sanna ljóslega, að þingið hafi færzt of mikið í fang í þessa átt; við höfum lög um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880, og eru þau ljós vottur þess, að þar hafa verið sett of snemma allsherjarlög um svo yfirgripsmikið efni, því að við höfum víst engin lög, sem sjeu jafnilla undirbúin, og sem jafnmiklar breytingar sjeu gerðar við og sem fleiri hafa beðið um á hverju þingi. Annað stórmál, sem þingið hefir haft til meðferðar, það er landbúnaðarmálið; reynslan hefir þegar kennt, eða ætti að hafa kennt oss, að eigi er unnt að komast yfir slík stórmál, nema með því, að afgreiða slík stórmál í pörtum, og að þingið er því ekki vaxið eða hefir ekki tök á, að búa til stóra bálka í einu; við sjáum nú í efri deildinni einn lítinn part af landbúnaðarmálinu: það er frv. til laga um innsetning á skepnum. Á þá mótbáru, að endurskoða yrði alla vegalöggjöf í einu, hefir mjer því fundizt h. þm. leggja of mikla áherzlu. Sú mótbára er lítilsverð; en rjettarbót sú, sem hjer er fram á farið, er mikilsverð.

Þórður Magnússon: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd við ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.), af því jeg held að hann sje ekki vel kunnur Þorskafjarðarheiði, eins og hún er nú; það er vitaskuld, að endurbót hefir verið gerð á veginum yfir hana, en hún er þó enn mjög ófullkomin; aðalheiðarvegurinn er að miklum hluta ólagður, liggur þar að auki í allt aðra átt en gamli vegurinn, og þarf því að fara langan veg og vondan til þess að geta notað gamla veginn nokkurn part af heiðinni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er hvorki samdóma þm. Barðstr. (E. K.), sem álítur þetta of snemma fram borið mál, efnisins vegna, nje heldur 2. þm. Ísf. (Þ. M.), er vill ekkert eiga við málið að sinni. Landsstjórnin ætti að fá tíma til næsta þings, til þess að ákveða, hvar vegina skyldi leggja, því að reynslan sýnir, að opt hafa verið lagðir vegir þar, sem svo seinna hefir þótt ófært að þeir lægju; jeg álít nauðsynlegt, að láta vegfróðan mann skoða, hvar leggja skuli aðalvegi, og hvort þeir vegir, er þegar eru lagðir, sjeu á hentugum stöðum. Annars er jeg samdóma þm. Eyf. (A. Ó.) um það, að mjer falla ekki vel orð frv. Póstvegir í byggð geta aldrei orðið fjallvegir, og eru því ekki rjett taldir með þeim, en eigi að síður er rjett, að landssjóður kosti þá. Jeg vildi helzt, að málið yrði tekið fyrir í heild sinni á næsta þingi, hverjir sem þá verða hjer til þess að fjalla um það, og það hlýtur fram að ganga fyr eða síðar, og enda áður en langt um líður.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg veit það vel, að jeg er ekki vel kunnugur Þorskafjarðarheiði, eins og hún er nú, en kunnugir menn úr Ísafjarðarsýslu hafa sagt mjer, að nú megi ríða hana á 3 tímum, og er það full sönnun fyrir því, að vegur á henni hefir tekið miklum umbótum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil að eins gera þá athugasemd, að jeg hefi heyrt amtmanninn segja, að enn vantaði 6000 kr. til þess að fullgera veginn á Þorskafjarðarheiði; — hann er eptir því ekki fullgjör.

Atkvgr.: Frv. fellt með 13 atkv. gegn 7.

Frv. til laga um afnám foðurs hinna svo nefndu Maríu- og Pjeturslamba (C. 128); 2. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Mjer virtist h. þingd. vera frv. svo hlynnt við 1. umr., að jeg þykist mega vera sannfærður um, að hún leyfi því að ganga til 3. umr. Jeg tók það þá fram, að eptir minni sannfæringu, byggðri — að jeg held — á gildum sönnunum, væri hjer að ræða um óeðlilega kvöð, mjög óeðlilega, því þótt hún í öndverðu væri byggð á samningi, þá vitum vjer, að þegar annar liðurinn í tvíliðuðum samningi fellur burtu, þá *hlýtur* og á hinn liðurinn, eptir hlutarins eðli, líka að falla burtu. Þetta er svo eðlilegt og rjett-

látt, sem nokkur hlutur getur verið. Jeg vil biðja menn að gleyma því ekki, að upprunalega var þetta ekki fremur prestinum til góðs en bændum; sóknarbændurnir áttu sem sje að fá góðgjörðir á prestsetrinu, hjá prestinum, ef hann bjó þar, annars hjá kirkjubóndanum, og fóðra svo lömbin í staðinn. Þótt nú þessi kvöð sje orðin lögrík, — jeg veit það vel, að hún er orðin svo lögrík, að dómstólarnir yrðu að dæma hana gilda —, en þótt hún frá dómstólanna sjónarmiði sje gömul og lögrík, þá get jeg ekki sjeð, að hún hljóti að vera það einnig frá sjónarmiði löggjafarvaldsins, því allir vita, að sumar af þessum gömlu venjum, þær eru *óvenjur*, sem *á að uppræta*. Viðvíkjandi þeim vafa, sem menn hafa hreift um það, hvort þetta gæti orðið af numið án endurgjalds, eður að kvöðin skyldi endurgoldin úr landssjóði, þá skal jeg — þó jeg, eins og áður er á vikið, ekki álíti landssjóð endurgjaldsskyldan — þeim, sem eru á gagnstæðri skoðun til huggunar geta þess, að hjer er sannarlega ekki um neitt stórfje að ræða. Eptir því, sem jeg veit rjettast í þessu augnabliki, þá geta þessi Maríu- og Pjeturslömb ekki verið *fleiri* í Svalbarðssókn en 30; í Sauðanessókn 25; í Hjaltastaðasókn 23; í Desjamýrarsókn 18 og í Klippstaðarsókn 12, samtals 108 lömb, og ef við nú gerum lambsfóðrið kring um 4 kr., þá fáum vjer út mest hjer um bil 400—450 kr.; það er það heila, og þó mun hjer miklu fremur vera oftalið en vantalið; og þegar svo þessari upphæð er skipt niður í 5 sóknir, þá kemur ekki mikið á hverja, en óendanlega miklum mun minna kæmi á landsmenn yfir höfuð, ef það væri endurgoldið úr landssjóði. Vitaskuld er á hinn bóginn, að brauðin rýrna nokkuð, og að prestana muni dálítið um að missa þetta úr vasa sínum; en jeg er viss um, að þeir háttvirtu herrar vilja heldur hafa sennilegt og rjettlátt gjald í vasanum, þótt það sje minna, en ranglátt gjald, þótt það sje ofurlítið meira, og held jeg því fast fram, að jeg get ómögulega ætlað, að gengið sje svo næri rjetti einstakra manna við afnám þessara fóðra, að landssjóður verði skyldugur að endurgjalda þau, og *þótt* svo væri, *þótt* landssjóður ætti að bæta prestunum þenna tekjumissi, þá held jeg að hann hafi opt orðið að borga annað eins og þetta til uppbótar prestaköllum landsins, ef — jeg segi *ef* — menn skyldu komast að þeirri niðurstöðu, að hann ætti að gera það. Jeg hefi svo ekki fleira að mæla í þetta sinn, en óska að málið gangi til 3. umr.

Jón Jónsson: Jeg tók það fram við 1. umr., að mjer þætti það ísjárvert, að af nema þessi auka-lambseldi, þessa ískyld eða lögkvöð, sem frá fornu fari er komin á einstakar jarðir, og sem eigendur þeirra eiga ekki hina minnstu heimtingu á að sje af numin endurgjaldslaust frá þeirra hálfu; jörðin rýrist auðvitað við kvöðina, og verður óútgengilegri, en hún er keypt og seld með þessari kvöð, og bæði kaupandi og seljandi vita af henni. Jeg gat þess einnig, að það mundi hljóta að koma til landssjóðs að bæta upp, ef kvöð þessi væri numin af. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að þessi fóður mundu nema hjer um bil 400 kr., og er það víst hjer um bil rjett; að eins vil jeg gera þá athugas., að jeg álít lambsfóðrið of lágt reiknað 4 kr. í sveitum þeim, sem hjer er um að ræða; það mun vera vanalegt að gjalda lamb með lambi, og mun óhætt að meta lambið á 5—6 kr.; yrði þá endurgjaldið fyrir öll fóðrin um 500—600 kr., og þótt það væri ekki meira en 400 kr., þá er það þó jafnmikil upphæð, sem vextir af 10,000 kr. H þm. Barðstr. (E. K.) sagði við 1. umr. þessa máls, að þetta væri víst kaþólsk óvenja, sem því ætti að útrýma; en jeg held, að ef ætti að fara að útrýma öllu því, sem er frá kaþólsku tímunum, þá mundu t. d. kirkjujarðirnar fækka, því að þær munu flestar hafa verið gefnar í kaþólskum sið, og jeg sje ekki, að mikill munur sje á því, hvort kaþólskur jarðeigandi hefir sagt: »í þessari jörð skal Maríukirkjan hjer í sókninni eiga eitt hundrað, skógarítak, rekaítak eða engjaítak», eða hann hefir ákveðið svo: »á þessari jörðu skal ávallt fóðrað lamb fyrir Maríukirkjuna hjer í sókninni». Jeg tek það fram að síðustu, að jeg furða mig hálfvegis á því, að h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) skul

koma með þetta mál, sem jeg álít lítið mál og einstaklegs eðlis, og vil jeg mælast til þess, að hann annaðhvort taki frv. aptur, eða breyti því á þá leið, að eigendurnir geti keypt jarðirnar undan þessari kvöð, er á þeim hvílir.

Erikur Kúld: H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) þótti reikningur flutningsmanns (B. Sv.) heldur lágur, þar sem hann gjörði, að þessi lamsfóður næmi 400 kr. rúmum; en þótt það nú væri hækkað upp í 500 kr., þá verður það að eins 100 kr. rýrnun á hverju af þeim 5 prestaköllum, sem hjer er um að ræða, en það get jeg eigi sagt með vissu, hvort sótt mundi verða um þessi brauð, ef 100 kr. væru teknar frá hverju þeirra, en þó held jeg að varla þyrfti að kvíða því, að ekki yrði sótt um þau fyrir það, þar sem vænta má, að prestaefnum fjölgi innan skamms, og þá þarf landssjóður eigi að bæta upp þessar 400 kr.; en ófært virðist mjer, að þetta rangláta gjald, þessi rangláta kvöð liggi á ábúendunum. Þar að auki væri jarðeigendunum mikill hagur að þessu afnámi. Það hefir verið kvartað um það, að þeir gætu varla fengið jarðirnar byggðar, meðan þessar kvaðir liggja á þeim, en þær byggjast auðvitað miklu fremur, ef þessar kvaðir væru numdar af; einnig hefir verið sagt, að menn einmitt þessara kvaða vegna flyttu sig margir til Vesturheims (*A. Ó.*: Far vel, Franz;); en því mundi heldur linna, ef þessar kvaðir væru af numdar, sem líka eru, eins og jeg tók áður fram, kaþólsk venja, sem ætti að af nemast.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) sagði, að þetta væri lögkvöð, sem lægi á jörðinni; misskilningur; helber misskilningur; hún liggur beinlínis á ábúandanum. Ef t. d. ábúandinn getur ekki fóðrað lambið og getur ekki borgað fóðrið, heldur þá h. þm., að það megi ganga að jörðinni eða eiganda hennar fyrir fóðrinu? Ef h. þm. ekki svarar þessu, þá verð jeg að álíta, að hann hafi talað út í hött. Nei, það eru persónulegir, ef jeg svo mætti að orði kveða, títuprjónar, þessar kvaðir, sem stinga bændur í þessum 5 sóknum á nyrztu útkjálkum landsins, og því einmitt þar, sem mest synd er að láta bændur búa undir ólögum, þótt þeir sjeu lítilsviðri í augum h. þm. A.-Skaptf. (J. J.). Hann furðar sig á því, h. þm., að jeg skuli koma með slíkt frv. inn á þingið, en jeg svara því einu, að kjósendur mínir, sem líða undir ólögunum, hafa beðið mig fyrir málið, og hefði h. þm. ekki andæft því svona mikið, þá hefði það tekið minni tíma upp, og það er því honum að kenna ekki síður en mjer, að þetta smámál kostar landið svona mikið fje með óþörfum og ástæðulausum umræðum.

Gunnlaugur E. Briem: Þegar þetta mál var fyrir til 1. umr., var mjer ekki ljóst, hvernig rjettast væri að taka í málið, og langaði þess vegna til, ef unnt væri, að kynna mjer uppruna þessarar fóðurskyldu eða kvaðar, og þess vegna gaf jeg þá atkv. með því, að það gengi til annarar umr. Síðan hefi jeg kynnt mjer málið dálítið; það kom fyrir efri deild þingsins 1877, og var þá tekið fram, að þetta sje kvöð, sem hvíli á jörðunum, og þó ekki sje komin fram nein sjerstök sönnun fyrir því, þá er það þó ómótmælt enn, og ekki sannað það gagnstæða. Flutningsm. færði raunar nokkrar ástæður með frv., en þær voru ljettvægar, og var frv. fljótlega fellt. Það, er snertir hið sjerstaklega, þá er það mjög óeðlilegt, að það sjeu ábúendur, er eigi að bera þetta gjald, því það virðist vera til orðið af hálfu eiganda, en ábúendur eru ekki skyldir til, að gjalda þess, sem þeir gera, nema sjerstakar ástæður sjeu t. d. samningar. Það var svo um alþingistollinn, að jeg veit ekki betur en það hafi verið lögboðið, að ganga skyldi eptir honum hjá leiguliðum, en leiguliðar aptur eiga aðgang að landsdrottnum; hins vegar veit jeg þess mörg dæmi, að leiguliðum veitti erfitt að fá alþingistollinn endurgoldinn af landsdrottni, og hefi jeg opt orðið til að styrkja leiguliða í því tilliti. Sama er um þetta, að þó leiguliðarnir sjeu skyldir að fóðra lömbin, þá ímynda jeg mjer, að þeir eigi aðgang að landsdrottnum um endurgjald, og það er nauðsynlegt, að mönnum

verði það ljóst, hver þeirra, leiguliða eða landsdrottins, eigi að bera þessa kvöð, sem hvílir á jörðunum, og sje leiguliðar ofurliða bornir af landsdrottnum, veitti ekki af að kippa því í liðinn. Eptir minni meiningu eru það eigendurnir, sem í raun rjettri eiga að bera þessa kvöð og endurgjalda leiguliðunum lambsfóðrið, nema það sje sjerstaklega tekið fram í leigusamningnum, að þetta gjald eigi að leggjast á þá, auk þess, sem þeir gjalda eptir jarðirnar, og efast jeg ekki um, að þeir mundu geta fengið dóm fyrir því, ef í mál færi. Að öðru leyti hljóta leiguliðar að vita af þessari kvöð, er hvílir á þessum vissu jörðum, og geta tekið tillit til þess, þegar þeir semja um eptirgjaldið. Það, sem h. þm. Barðstr. sagði, get jeg með engu móti fallizt á. Það er hverjum heimilt að leggja þá kvöð á eign sína, sem hann vill. En hann verður sjálfsagt að bera hana sjálfur, og það gerir hver sanngjarn landsdrottinn, þegar hann byggir jörð sína eða ákveður eptirgjald eptir hana, að hafa tillit til allra kvaða eða ískyldna, er á jörðinni hvíla, annaðhvort á þann hátt, að setja afgjaldið lægra eða endurgjalda leiguliða þessar kvaðir á annan hátt. Það er engin sönnun komin fyrir, að þetta gjald sje lagt á sem borgun fyrir góðgjörðir, enda liggur það ekki á öllum jörðum í sóknninni, heldur sumum, og þó svo kynni að vera, að beztu bændur befðu byrjað á þessu, af því þeir hefðu notið mestra góðgjörða, þá getur það þó ekki hafa verið gert að skilyrði fyrir greiða, því slíkt væri undir virðingu prestanna. Jeg tala þetta ekki til þess að hafa áhrif á meiningu neins þingmanns, heldur að eins til þess að lýsa yfir minni skoðun, og gera grein fyrir stefnu minni í málinu. Jeg álít, að það sje mjög varhugavert, að af nema með lögum gamlar kvaðir og gömul rjettindi, nema maður hafi skýlausa vissu fyrir því, að það sje til orðið einungis af vana eða fyrir yfirgang annara.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir komið fram tvenns konar skilningur á þessu máli, einn hjá h. flutningsm. (B. Sv.), og annar hjá h. þingmönnum A.-Skaptf. og Skagf. (G. E. Br.). Flutningsm. skoðar það svo, sem þetta sje persónuleg skylda, sem hvíl á ábúendunum, en hinir halla sjer heldur að því, að það sje kvöð, sem hvíli á jörðunum. Jeg skal ekki nú þegar segja um, hvort jeg aðhyllist af þessu tvennu; en það sje jeg, að ef það er persónuleg, þ. e. mannlæg skylda, sem fylgir ábúendunum, þá dugar þeim eigi, til að koma sjer undan skyldu þessari, að strjúka til Ameríku (hlátur), því skyldan fylgir þeim hvert á land þeir fara. En jeg get kennt h. flutningsmanni gott ráð til að af nema lömbin. Þetta ráð er, að hafa ábúandaskipti á jörðunum, með því að þessi mannlæga skylda fellur þá sjálfsagt niður eptir hans skilningi, ef einhver nýr ábúandi kemur, sem ekki hefir þennan óþægilega, persónulega djöful að draga. (Hlátur). Þetta fannst mjer vera höfuðástæða h. flutningsm. (B. Sv.), og gef jeg honum það ráð, að skrifa beiðendum sínum til, og ráða þeim, að hafa ábúandaskipti. Annars blandast mjer ekki hugur um að fylgja þeim, sem álíta, að fóðurskylda þessi hvíli á jörðunum. Því er eins varið og með prestsmötuna. Jeg hefi altjend heyrt, að þær jarðir, sem prestsmata er goldin af, sjeu minna virði fyrir þá sök. Það rýrir auðsjáanlega verð jarðanna fyrir eigandanum, að hann fær eigi nema hálfar leigurnar. Sama er að segja um hvert annað ítak eður ískyld í jörð, er notað er af öðrum en landeiganda, þannig að hans tekjur verða minni að sama skapi, sem ábúandinn gelður meira öðrum mönnum. Og sje nú þetta gjald tekið af, þá munu eigendurnir þegar færa upp afgjaldið, en ábúendum er ekkert betra að borga þeim lambsfóðrið eður ígildi þess, heldur en prestinum. Það kemur í sama stað niður. Jeg held því, að það sje ekki gjörlegt, að fallast á þetta frumvarp að svo stöddu, því þó að lömbin sjeu ekki nema 108 í allt, og þótt brauðin misstu ekki svo mikils, að prestar fengist í þau uppbótalaust eins eptir sem áður, þá kemur það þó niður á landssjóð, bæði að því, er meira þarf að bæta upp tillagsbrauðunum, og að því, sem landssjóður missir í gjaldi af afgjaldsbrauðunum, þeim, er hjer ræðir um. Ójöfnuður getur þetta heldur enginn

verið í rauninni. Þeir, sem nú eiga jarðirnar, hafa keypt þær með þessum annmarka, eins og bændajarðir eru keyptar með prestsmötunni, og hafa því gefið þeim mun minna fyrir þær. Það er hjer eins og opt, að það, sem sýnist ójöfnuður, er einmitt jöfnuður, og orð h. flutningsm. (B. Sv.) um þetta mál, *rjettlæti*, *sanngirni* og *jöfnuður*, mega að mínu áliti skrifast með dálitlu *ó*-i fyrir framan.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Mjer sýndist þessi ræða þingmannsins koma þeim til að brosa nokkurum, hinum megin í salnum. Skarpleikurinn í sönnun hans var í því fólginn, að hann bar fram, að ef gjöldin væri persónuleg skylda, þá yrðu menn að fóðra Pjeturslömb og Maríulömb, þó þeir færu til Ameríku. Ef svo er, þá er sama um allar aðrar þess konar skyldur um land allt, og þá líka um prestlömbin í Bægisárprestakalli, (hlátur), og eins um offrið. (*A. Ó.*: Prestslömbin liggja á ábúð, en eru ekki persónuleg). Ef offurgjaldendur færu til Ameríku, þá yrðu þeir eptir því líka að senda offrið þaðan; jeg efast ekki um það yrði *per post* og skilvíslega! Nei, þó kvöðin sje persónuleg, segir það sig sjálft, að ef einhver fer að búa fyrir utan þessa sókn, þá fellur hún ekki lengur á hann, heldur fellur þessi persónulega kvöð á alla þá, sem mann fram af manni búa á jörðunum. Það er allt annað, en að kvöðin hvíli á jörðinni. (A. O. o. fl.: Allt á ábúð!) Jeg skal líka segja hinum h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) að hafi þessum lambsfóðrum verið lofað fyrir kaffibolla eða einhverjar góðgjörðir, þá hafa það ekki verið jarðarskeklarnir, sem drukku kaffið, heldur þeir, sem komu lifandi, á tveimur fótum til kirkjunnar, til þess að heyra guðsorð! (hlátur). Sje það borgun fyrir persónulegan samning við prest, er það persónuleg skylda. Jeg skýt því málinu óhræddur til rjettdæmis deildarinnar. Hjer ræðir sannarlega um gamla óvenju, sem prestar sízt ættu að vilja halda við sjer til eigin hagsmuna.

Arnljótur Ólafsson: H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) hefir gefið æði víða *ummerking (definition)* á því, hvað persónuleg gjöld sjeu. Eptir henni ætti allt að vera persónuleg gjöld, sem einhver geldur úr sínum eigin vasa. Prestmatan yrði persónulegt gjald, af því að það er persóna, sem borgar. Mjer heyrðist hann álíta, að ábúð væri sama sem persóna. En ábúð í raun rjettri er jörð, jafnvel þó að enginn búi á henni, ef að eins einhver hefir umráð yfir og afnot af henni. Offrið er í Danmörku persónulegt gjald, af því það er óákveðið, og hver gefur það, sem honum sýnist, en hjer er nokkru öðru máli að gegna.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla mjer ekki að fara út í það, hvort þetta gjald á að lögum að hvíla á ábúanda, eða er beinlínis kvöð á jörðunum, en jeg hygg að það sje nú orðin kvöð á ábúanda að minnsta kosti fyrir venjuna. Jeg held að gjald þetta þyki svo lítið, að eigandinn taki ekkert tillit til þess, þegar hann leigir jörðina, og setji því afgjaldið ekki niður fyrir það. Jeg tek t. d. kirkjujarðirnar; þær eru tíundarfríar, og ættu því að vera hærra leigðar en aðrar samsvarandi jarðir; en eptir því sem jeg framast þekki til, er það ekki svo, af því að tíundarupphæðin er svo lítið fje, að kirkjuhaldaranum hefir ekki þótt taka því að færa eptirgjaldið upp fyrir það. Eins er með þetta, að eigandinn mun ekki setja afgjaldið niður fyrir eitt lambsfóður, og þannig er það orðin persónuleg kvöð, sem rjett er að afnema, og betra er að landssjóðurinn hjálpi til að bera, en það leggist, þó ekki sje mikið, á einstaka menn, sem ef til vill eru fátækir.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að vekja athygli á því, gagnvart h. 2. þm. G.-K. (Þork. Bj.), að kirkjujarðir eru ekki alstaðar tíundarfríar, t. d. ýmsar á Vesturlandi, og þær sem er tíundarfríar eru sumstaðar þess vegna leigðar töluvert hærra. En það sem menn einkum greinir á um, er það, hvort gjaldið hvíli á eiganda eða ábúanda. Það er skakkt, að bera það saman við prestsmötuna. Hún liggur auðvitað beinlínis á eiganda. Það er sama eins og hann segi leiguliða að flytja helming afgjaldsins til sóknarprestsins. Jeg hef kallað þetta gjald óeðlilegt og leiðinlegt, ef það er laun

til prestsins fyrir góðgjörðir, því jeg vil ekki, að prestar sjeu gestgjafar. En persónulegt gjald er það þá. Jeg set svo, að h. 2. þm. Skagf. (G. E. Br.) eigi jörð þar eystra, þá er það ekki hann, sem fóðrar Pjeturslömb, heldur ábúandi jarðarinnar. Það er ekki efi á, að sú skylda er á ábúandanum, en ekki eigandanum; eða hvernig fer ef taka ætti gjald þetta lögtaki? ætli það yrði eigi tekið hjá ábúanda? Um uppbót fyrir afnám gjaldsins er ekki að ræða nú, því þetta verður að haldast meðan þeir prestar sitja, sem nú eru. Jeg veit ekki hvort nokkra uppbót þyrfti síðar meir af landssjóði, þó þetta óeðlilega gjald væri af numið; jeg held að ójöfnuðurinn sje ekki svo háskalega mikill.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held að það sje líkt ástatt með þetta gjald og með jarðartíundina. Upprunalega var ætlazt til, að landsdrottnarnir gyldu hana, en hvernig er nú komið? Nú lendir það á ábúendunum; ef samþykkt verður að ljetta þessari kvöð af, þá á jeg, sem geld jarðartíund, líka fulla heimting á að verða laus við hana, af því að hún er ekki gjald sem hvílir á öllum; þannig veit jeg dæmi til, að þar sem tvíbýli er á jörð, að annar ábúandinn verður að gjalda jarðartíund en hinn ekki; en að þrátta um það hvort þetta lambseldi hvíli á landsdrottni eða leiguliða, virðist óþarft; það er auðvitað ábúandinn sem það hvílir á meðan hann er ábúandi, en lengur ekki. Þetta kemur því út eins og tíundarfrelsið. *(Þorkell Bjarnason:* Tíundarfrelsið ætti að afnemast). Eða þá eins vel öll jarðartíund. Þess utan mundu brauðin rýrna mjög, ef þau yrðu svipt þessum tekjum; prestar hafa opt kvartað þótt þeir hafi misst minna en 20 lambsfóður, enda mundi það sannast, að þeir koma með bænarlúkur til landssjóðs og biðja að leggja í lófa karls, og enginn efi á, að þeim prestum, sem nú eru í brauðunum yrði dæmd uppbót, og svo mundu eptirmennirnir halda því.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að ætla, að það sje mikill misskilningur, sem komið hefir fram hjá þingmönnum, að þessi gjöld sjeu komin yfir á ábúendurna, en hvíli alls ekki á jarðeigendunumm. Það hlýtur þó að liggja hverjum manni í augum uppi, að þegar maður á tvær jarðir, og þessi kvöð kvílir á annari þeirra og ekki á hinni, þá gengur honum betur að leigja þá jörðina, sem engin slík kvöð hvílir á, og getur fengið hærri leigu eptir hana. Það er því hreinasti misskilningur að þetta gjald hvíli á ábúendunum, því í raun rjettri hvílir það á jarðeigendunum, þar sem jarðirnar verða ekki eins útgengilegar fyrir þær sakir, og þeir fá minni leigu eptir þær. Menn hafa talað um, að þetta gjald væri ranglátt, en jeg finn ekkert ranglæti í því. Eigendurnir hafa upprunalega gefið kirkjunni nokkuð úr jörðum sínum með þessari kvöð, og við það rýrna jarðirnar í verði, svo þeir verða bæði að selja þær og leigja fyrir minna verð, og þetta hefir gengið mann fram af manni, svo að síðasti eigandinn hefir keypt jörð þá, sem kvöðin liggur á, fyrir minna verð en hann annars hefði gefið. Þessi gjöf er gjörð af frjálsum vilja, og því á hjer ekkert ranglæti sjer stað. Ef farið væri að afnema þetta gjald og bæta brauðin svo upp úr landssjóði, þá væri það sama sem að gefa eigendunum aptur þann part úr jörðunum, sem þeir hafa aptur fyr meir gefið kirkjunum. Menn hafa sagt, að þetta sje ekki tekið til greina við byggingunna, og því lendi það á ábúendunum. Menn mega ekki ganga út frá því, að svo sje, því það væri sama og að segja, að leiguliðarnir væru menn, sem ekki hefðu fullt vit. Og þótt menn kunni að þykjast vita þess einhver dæmi, að slíkt hafi einhvern tíma átt sjer stað, þá má með engu móti ganga út frá slíkum barnaskap sem almennum. Það verður svo á að líta, að gjaldið sje komið undir frjálsum samningi, og því finnst mjer það ekki geta orðið ósanngjarnt, heldur miklu fremur sanngjarnt. Það hefir verið tekið fram, að það munaði litlu, þótt gjald þetta væri af numið, en það er ekki svo lítið, þar sem það nemur um 500 kr. á ári. Ef það hefir verið nauðsyn á að bæta upp hin smærri brauð áður, svo að þau næðu

þeirri upphæð, sem lögin ákveða, þá yrði víst eins nauðsyn á því, að bæta sínum 100 kr. við hvert þessara 5 brauða, svo að tekjurnar næmu hinni ákveðnu upphæð, og það hlýtur að reka að því, að bæta verði brauðin upp úr landssjóði, ef þau verða svipt þessum tekjum. Jeg get alls ekki ætlað það rjett að vera, að gera sjer leik að því, að íþyngja landssjóði með þessu gjaldi; það væri að eins ívilnun við jarðeigendurna sjálfa og til þess að gefa þeim það, sem þeir aldrei hafa átt.

Jón Ólafsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gera. Það er alveg rjett ályktað hjá h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), að sú kvöð, sem þannig liggur á ábúendunum, hlýtur að koma fram í afgjaldinu á jörðunum, og þannig koma niður á jarðeigendunum, ef þetta gjald er greitt; en þessari kvöð er nú hvergi fullnægt, þar sem mjer er kunnugt. Þvert á mót veit jeg, að prestar í sumum af þessum sóknum hafa hver af öðrum fram ekki viljað þiggja þetta gjald, af því hve óvinsælt það var. Hjer ganga því ábúendurnir að því vakandi, að þeir sakir venju þurfi ekki að greiða gjaldið, og því leggst það hvergi á. Hjer er því að eins að tala um að *tryggja* það með *lögum*, að það haldist, sem komið er á og orðið að föstum vana; því án slíkra laga er engin trygging fyrir, að ekki geti nýir prestar tekið upp aptur, að heimta kvöð þessari fullnægt nær sem verkast vill. Hvað það snertir, hvort þetta sje persónulegt gjald eða ekki, þá held jeg menn geti talað æðilengi um það án þess að komast að nokkurri niðurstöðu, þegar hver leggur sína þýðingu í orðið. Slíkt lengir að eins umræður að óþörfu. Menn verða að gjöra sjer grein fyrir, hvað menn leggja í orðið; annars geta menn haldið áfram eilífum hráskinnsleik í orðum, eilíflega klifað á: »Klippt«, »Nei, skorið!« Jeg þekki ekki nema eina þýðingu á þessu orði í lagamálinu, mótsett »real«-kvöð, hlutleg kvöð; en hlutleg kvöð er það eitt, er hafa má aðgang að hlutnum sjálfum til fullnægju; allar aðrar kvaðir eru persónulegar.

— Þá var eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. samþykkt, að umræðunum um málið skyldi hætt, og var frv. síðan fellt með 11 atkv. gegn 10.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu (C. 120); 3. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ímynda mjer að jeg þurfi ekki að mæla neitt með þessu frv.; það hefir fengið svo góðan undirtektir hjer í deildinni við 1. og 2. umr., að jeg vona að það verði samþykkt orðalaust.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla mjer nú ekki að tala um, hve nauðsynlegt það er að löggilda þessa verzlunarstaði í heild sinni; það hefir svo opt verið sýnt fram á það, hver hagur muni vera að því. En af því það var tekið fram við 1. umr., að hjer væri nauðsynin svo mikil, með því fólk ætti svo örðugt með að ná í salt frá hinum kaupstöðunum, þá vil jeg geta þess, að í Höfnunum eru ekki minna en 4 salthús, í Kotvogi 3 og 1 á Merkinesi, sem kaupmenn eiga, og hinumegin við voganaeru 4 upplagsstaðir, þar sem salt er lagt upp hjá bændum frá kaupmönnum, og held jeg, að sú ástæða, að það sje nauðsynlegt vegna saltskorts að löggilda þennan verzlunarstað, fari nú að falla. Auk þessa er það, að þeir einir, sem ættu að nota þennan verzlunarstað, væri Hafnahreppur og nokkur hluti af Rormhvalaneshreppi. Mjer finnst, þegar litið er til alls þessa, engin ástæða vera til að löggilda þennan verzlunarstað, þar sem það líka, eins og kunnugt er, er leyft með lögum hverjum sem vill að sigla inn á þessa höfn og verzla þar með allar nauðsynjavörur, enda senda kaupmenn skip þangað suður eptir á hverju sumri, og bæði selja þar útlendar vörur og kaupa innlendar.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Af því nokkur mótmæli móti frv. mót von minni hafa komið fram, finn jeg mjer skylt að taka til máls. Jeg hefði sízt vonazt eptir mótmælum frá h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), því mjer er kunnugt, að einmitt kaupmenn í hans kjördæmi óska mikillega að staður þessi verði löggiltur, af því sumir

flytja þangað að eins það sem lögin heimila, en aðrir setja þar upp reglulega sölubúð og selja alls konar vörur og af því rís ónægja bæði hjá kaupmönnum og bændum sitt á hvern hátt, eins og jeg hef tekið fram við fyrri umræður málsins. Hvað þá ástæðu snertir, að þar sje svo mikil þörf á salthúsi, þá er hún ekki frá mjer; en jeg held að hún hafi þó við töluvert að styðjast. Jeg er viss um það að hver þm. sem þekkti vel allar þær ástæður, er liggja til þessa frv., mundi óhikað samþykkja það. Þetta frv. fer í rauninni ekki fram á að stofna nýjan verzlunarstað, heldur að eins að gjöra það lögheimilað, sem um ára tugi hefir verið gjört af sumum, án þess að lögin heimiluðu það. Kringumstæðurnar hafa gjört það nauðsynlegt.

— Frv. var síðan samþykkt með 14 samhljóða atkv., og afgreitt til Ed.

Frv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu (C. 120); 3. umr.

Flutningsmaður (Þorvarður Kjerulf): Jeg skal ekki vera að tefja tímann með því að tala fyrir þessu frv., en að eins óska, að það sje samþykkt.

— Frv. var samþykkt með öllum þorra atkv., og afgreitt til Ed.

Frv. til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (C. 127); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal ekki tefja tímann með því að mæla með þessu frv. fyr en jeg heyri mótmæli móti því. Jeg ímynda mjer annars, að allir sjeu farnir að kunna utanbókar mótmæli þau, sem vanalega eru fram flutt hjer í deildinni móti þess konar frv., og þá sjálfsagt líka svörin til að hrekja þau.

Þórður Magnússon: Það eru að eins fáar athugasemdir, sem jeg vildi gera, og það er viðvíkjandi 2. tölulið um Haukadal. Höfnin við Haukadalsbót er fyrir margra ára reynslu og uppmæling álitin einhver sú bezta höfn á vesturlandi, enda sækir þangað mesti fjöldi skipa úr stormum og stórsjóum, og hefir þar aldrei rekið upp skip af öllum þeim fjölda, sem þangað hefir sótt. Það er því fullsannað, að það er engin áhætta að löggilda þessa höfn. En hjer hefir komið nokkuð óvanalegt fram í þessu máli, sem líklega aldrei hefir komið fyrir þingið fyr, að bændur í sama hjeraði biðja um að höfnin verði ekki löggilt, því jeg veit að í hinni háttvirtu þingdeild sitja verzlunarfróðir menn og marg-getspakir. Menn geta nú getið sjer til sjálfir, hvort hjer muni allt með felldu, að margir bændur skuli biðja um að staður sje ekki löggiltur rjett við hliðina á einokunarverzlun. Þeir menn, sem biðja um löggildinguna, eru einmitt þeir menn, sem eiga mikinn skipastól, og þurfa á miklum vörum að halda til þess að byrgja skip sín; og þótt nú einhver bóndi vildi setja þar upp sveitaverzlun, þá mundi það verða ónóg, því bændur hafa fáir svo mikinn krapt, sem með þarf til þess að hafa nokkra verulegar vörubyrgðir. Mjer getur ekki betur skilizt en þjóðin hafi það traust til þingsins, að það geri svo lítið fyrir þilskipin, að það leyfi þilskipaeigendum að hafa þar höfn og verzlunarstæði, er þeir helzt á kjósa; mjer finnst líka að styrkur frá þingsins hálfu til þilskipa megi varla minni vera, en þetta sje látið eptir þeim. Þar sem menn allt af eru að staglast á þeirri mótbáru að menn geri þetta að eins til þess að fá upp brennivínssölu, þá finnst mjer hvergi nærri sæmandi að láta slíkt sjást í þingtíðindunum. Það eru engin vandræði að ná í brennivín með öðru móti ef menn svo vilja, þeir hafa nóg skip til aðflutninga til þess að flytja það á heim til sín. Jeg ætla ekki að mæla fleira í þetta skipti, af því jeg vona að deildin samþykki þetta frv.

Tryggvi Gunnarsson: Það er að eins smámál þegar ræða skal um, hvort einn verzlunarstaður er löggiltur eða ekki, en verzlunarmálið í heild sinni er eitt af aðalmálum landsins. Jeg vil því leyfa mjer að fara nokkrum orðum um verzlunarmálið yfir höfuð, og líta á, hvort það muni vera í æskilegu horfi; jeg fyrir mitt leyti álít að því fari svo fjarri, að nauðsynlegt sje, bæði fyrir þingið og þjóðina, að eitthvað sje gjört til þess, að reyna að kippa þessu í lag.

Jeg vil leyfa mjer að spyrja, hvernig

hefir þingd. hugsað sjer að verzlunin ætti að vera, svo viðunandi sje? Eða hver eru höfuðatriðin? Jeg ímynda mjer að flestir muni játa, að þau eigi að vera þessi: 1. að verzlunin sje sem *mest innlend*, 2., að hún sje öflug, svo hún geti gefið sem hagfelldasta prísa og haft sem mestar vörubyrgðir á vetrum, og 3. að þar sem að sú stefna er komin inn hjá þinginu, að afnema alla beina skatta, og snúa þeim upp í óbeina tolla, þá verði fyrirkomulagið að vera þannig, að einhver trygging sje fyrir því, að þessir tollar náist inn, og hægt sje að hafa eptirlit með framtali kaupmanna. Ef þingið álítur þessi atriði ákjósanleg, hefir það þá stutt að því, að fá þeim framgengt? Nei! jeg álít það hafi gjört það gagnstæða, að undanteknu þingi 1879. Jeg ætla stuttlega að skoða meðferð þingsins á verzlunarmálum landsins næstl. 10 ár. Þingið hefir í seinni tíð tekið þá stefnu, að löggilda alla þá verzlunarstaði, sem beðið hefir verið um. 1875 og 1877 voru að eins löggiltir 2 verzlunarstaðir hvort árið; en aptur 1879 og 1881 5, og 1883 10 staðir. Á þingi 1877 kom fram frv. frá 2. þm. N.-Múl., um að engum væri leyfilegt að reka verzlun hjer á landi, nema hann væri búsettur; var þetta gjört til þess að vernda innlenda verzlun gegn útlendingum. Frv. þetta gekk í gegn um Nd., en var fellt í Ed., og það af þeim ástæðum, að enn þótti ekki tími kominn til að setja slíkar ákvarðanir, með því nægar samgöngur vantaði, gufuskipaferðir og frjettaþræði frá útlöndum o. s. frv. Árið 1879 kom þingið aptur með lög, sem gengu í sömu stefnu. Þar stendur í 4. gr.: »Þeim sem eigi reka fasta verzlun hjer á landi er heimilt að verzla að eins af skipum sínum sem lausakaupmenn á lögggiltum höfnum«. Og í 5. gr.: »Rjett er hverjum þeim *búanda*, er sýslunefnd hans telur til þess hæfan, að verzla með allan varning, nema vínföng og áfenga drykki«. Þessi lög ganga í þá stefnu að hlynna sem mest að verzlun búsettra manna en bægja útlendingum frá verzluninni í landinu. Þessi lög eru mjög frjálslyg og landsmönnum þarfleg, ef þeir vildu nota þau. Síðan 1879 hefir þingið 1881 og 1883 gengið í gagnstæða stefnu; og jeg get ekki glöggvar sjeð, en það síðan hafi verið móthverft því að styðja innlenda verzlun. Hvor stefnan er nú rjettari? Jeg held að allir verði að játa, að sú stefna, sem þingið tók 1879, sje rjettari. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að menn mundu kunna utanað þau mótmæli, sem vanalega kæmu fram á móti þessu löggildingarmáli; en jeg held að ekki sje vanþörf á að endurtaka þau, þar til menn vilja breyta skoðan sinni, og taka þau til greina. Menn hafa opt getað bjargað lífi manna og búpenings í hörðum vetrum, þegar verzlanirnar hafa haft nægar byrgðir af matvöru, en því minni sem sem verzlanirnar eru, því minna hafa þær vanalega af nauðsynjavörum; þetta atriði er mikilsvert. En það gefur að skilja, að ekki getur orðið jafnöflug verzlun á 5 stöðum eins og þegar hún er sameinuð á einum stað fyrir sama svæði. Í öðru lagi er það eðlilegt, að þessar 5 smáverzlanir hljóta að selja dýrara, en 2 stórar, því 5 kaupmenn með 5 familíur þurfa meira sjer til viðurhalds en 2 kaupmenn með 2 familíur. Auk þess sem hætt er við að samkeppnin hverfi, ef verzlaninni er skift í margar smáar verzlunarholur hjer og þar um sveitirnar. Mjer mun verða svarað: þetta er flest ef til vill satt, en eigi að síður vegur það ekkert móti þeim ljettir, er landsmenn hafa í flutningum við þessar löggildingar. Þetta mætti ef til vill segja, ef verzlunarlögin frá 7. nóv. 1879 væru ekki til, og ef nokkur hefði byggt og byrjað verzlun á þessum mörgu nýu löggiltu stöðum; en af öllum þeim 15 stöðum, sem löggiltir hafa verið síðan 1879, hefir ekki verið byggt á einum einasta. Þessar löggildingar eru því óþarfar og gjöra viðkomandi sveitum ekkert gagn fram yfir lögin 7. nóv. 1879, nema að víkur og vogar eru opnaðir fyrir útlendingum og frelsi fengið til þess, að kaupa vínföng sem hvern lystir. En þá framför kalla jeg litla. Þegar menn byrja að byggja þorp án þess að hafa hugsað sjer nokkra húsaskipun eða beinar götur, þá kemur fram síðar, þegar á að fara að koma skipulagi á

bæinn, að ýms hús standa í veginum, svo nauðsynlegt verður að rífa þau niður. Jeg er hræddur um að líkt fari fyrir þinginu í þessu verzlunarmáli, að margt reki sig síðar á annars horn, ef þingið ekki tekur sjer fasta stefnu, og hugsar um fyrir fram, hvernig og með hverju það vill hrinda í lag því ólagi, sem nú er á verzlaninni.

Jeg vil biðja h. þingd. að skoða vandlega, hvort henni ekki sýnist að stefna sú, sem þingið tók 1879, sje heppilegri, heldur en sú, er það hefir fylgt síðan; sje svo, þá vona jeg að það hætti við þessar mörgu löggildingar og felli þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get gefið nokkrar upplýsingar viðvíkjandi Dýrafirði og Haukadalsbót. Það er rjett, að Haukadalsbótin er ágæt höfn, en hún er ekki betri en Þingeyrarhöfn; Þingeyrarhöfn er eins í hlje við eyri og Haukadalsbót, þar sem engin alda getur til náð, og er hið öruggasta lægi, og ekki nema hálfa viku sjávar þaðan út að Haukadalsbót. Nú eru ekki nema 7—8 búendur, sem ættu skemmri leið að Haukadal en að Þingeyri, og fáeinir bæir hinum megin við fjörðinn, sem jeg held jeg geti talið upp alla saman, sem eiga dálitlu styttra að sækja þangað en á Þingeyri. Ef Haukadalsbót yrði löggilt, þá yrði hún þannig verzlunarstaður fyrir örfáa bæi. Í báðum hreppunum til samans eru 8—900 manns, og það má eptir þessu öllu geta nærri, hve mikil þörf er til að setja upp 2 verzlunarstaði með ½ viku millibili fyrir þessar fáu hræður, og hve öflugur sá verzlunarstaður yrði.

Það er talið til meðmælis Haukadalsbót, að margir útlendingar hleypi inn á Haukadalsbót. Það er satt, en þeir gera það af því, að það er dálítið skemmra að hleypa inn þangað og komast út aptur, og þeir láta sig muna um krókinn, því höfnin er örugg þar líka, þó að hún sje ekki öruggari en við Þingeyri, nje betri að neinu leyti. Jeg er svo kunnugur þar vestra, að sjálfur þm. Ísfirð. mun ekki vera kunnugri, og jeg veit ekki, hvað það skyldi vera, sem gerði Haukadalsb. öruggari en Þingeyri. Jeg skal ekki þrátta um þetta *princip*, að koma upp verzlunarstað hvar sem vera skal; það hlýtur að liggja í augum uppi, að því minni sem hver verzlunarstaður er, því minni kraptur verður í verzluninni, og því minni kraptur, sem er í verzluninni, því minni er kraptur landsins. Allt verður hokur og okur. En jeg býst ekki við að menn verði fúsari til að skoða þessi rök nú en áður, og tala því ekki meira um það.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla mjer ekki að fara að tala sjerstaklega um Vogavík, sem er 3. töluliður, á þessu stigi málsins, sem er 1. umræða. Jeg ætla að eins að skýra frá, að jeg hefi fengið greinilegar skýrslur um þessa vík, sem jeg mun leggja fram á lestrarstofunni, svo að að þingmenn geti kynnt sjer þær, en við 2. umræðu, mun jeg, ef mjer þykir þörf, skýra málið.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Mjer finnst ræða h. varaforseta (Tr. G.) vera að mestu sama ræðan, sem hefir verið flutt hjer í deildinni í sams konar málum jafnan áður, er tilefni hefir gefizt. Og af því jeg hefi heyrt hana áður bæði 1881 og 83, og henni var svarað þá, þarf jeg ekki að taka það allt upp aptur; einstöku höfuðatriði skal jeg þó rifja upp. Hann segir, að verzlunin sje komin út í ógöngur. Jeg veit ekki í hverju þær ógöngur ættu að vera fólgnar. Skyldi þær vera það, að við fáum nú alstaðar betri borgun fyrir vörur okkar í hlutfalli við sannvirði þeirra á erlendum markaði en fyr, og fáum vörur með betra verði frá útlöndum, nær því verði sem þar er? Það hefir einmitt sjaldan verið eins hagstæð *verzlun*, eins og hin síðari árin, og þingið hefir því í engar ógöngur rekið hana. H. varaforseti, sem er svo verzlunarfróður, mun heldur ekki hafa meint það, heldur mun hafa vakað fyrir honum líkt og fyrir þm. Reykvíkinga, að verzlunin væri komin of mjög á dreif, komin á of marga staði, og væri það rangt, að dreifa henni þannig. Hann tók fram, að í harðæri væri gott að hafa stórverzlanir, sem gætu byrgt menn; jeg held hann hafi brúkað orðin: »varið okkur sulti». Langar hann þá aptur til fornra tíma? Muna menn ekki ekki enn

eptir einokunarverzluninni? Þá voru verzlanirnar nógu strjálar og nógu stórar og öflugar. Hvernig byrgðu þær landsmenn og björguðu frá sulti? Muna menn ekki til þess? Jeg meina hjer með einokunarverzlun, ekki verzlanir á undan verzlunarfrelsinu eingöngu, nei, þær eru til enn í dag, þar sem einn er um hituna og langt í næsta kaupstað. Jeg gæti bent hjer út um gluggann. Við mundum sjá þangað, sem slíkt á sjer stað, ef húsin skyggðu ekki á. Hvar var meiri þröng á í vetur en á Snæfellsnesi? Eins var fyr á Austurlandi, meðan Eskifjörður var einn, en hvorki Seyðisfjörður nje Vopnafjörður voru til. Jeg held hinir nýju verzlunarstaðir hafi bætt, en ekki spillt. Lítum á Reykjavík sjálfa. Það getur skeð, að ein eða svo af stórverzlununum hjer hafi verið byrgar í vetur af nauðsynjum, en smákaupmenn voru hjer *sumir* miklu byrgari að sínu leyti, og þeir munu jafnt sem hinir líta á hag landsmanna. Hvorirtveggju líta á hann að svo miklu leyti, sem hann fer saman við hag sjálfra þeirra—ekki meira. Menn verzla til hags sjer, en ekki af kristilegum kærleika. H. varaforseti sagði enn fremur, að staðafjölgunin hefði miðað til að greiða fyrir útlendingum að komast alstaðar að að verzla. En spurningin er: Eigum við að vinna það til að hindra *okkar eigin landa* frá því að verzla eins og þeim er hagkvæmast, til þess, að hindra útlenda menn frá að koma líka, einkum ef við að eins hindrum ímyndaða útlendinga, sem ekki sækja hingað hvort sem er? (*Tr. G.*: Sveitaverzlun). Það eru fáir sveitamenn, sem hafa bolmagn til að stofna sveitaverzlun, og reynslan sýnir, að fáir byrja verzlun fyr en löggilt kauptún eru komin. Verzlun þarf og að lærast sem hvað annað; það er ekki hvers manns að hlaupa að því að verzla, *ef vel á að fara!* Jeg sje heldur ekki, að nokkur hagur sje að útiloka norska timburkaupmenn, og eiga við Dani eina um öll timburkaup. Útlendir spekúlantar koma varla hjer til lands, og það eru ekki *þeir*, sem halda uppi brennivínssölu í landinu, heldur miklu fremur innlendu og hálfdönsku og heildönsku verzlanirnar; jeg vona þingmaðurinn skilji mig. Þetta var um það almenna. Jeg tek það fram sjerstaklega, að þegar bænarskrár koma frá *bændum* um, að löggilda *ekki* einhvern stað, sem um er beðið, þá verður mjer fyrst fyrir að gæta að, hvort ekki sje sjerstök ástæða til þess einmitt að löggilda hann. Og um þessa bænarskrá, sem fyrir liggur um einn þessara staða, sagði mjer þingvallafundarmaður að vestan, að hún væri svo undir komin, að Gramsverzlun á Dýrafirði gerði það að skilyrði fyrir *láni í* vor, sem leið, að menn skrifuðu undir beiðnina um, að þessi staður væri ekki löggiltur. Þetta er *sterk* ástæða! Kaupmaðurinn á Dýrafirði hefir keypt upp af landssjóði sjálfum allan grunn í kring um sig, svo ómögulegt er, að koma verzlun upp við hliðina á honum. Þetta sama hefir komið fyrir síðar, svo að þegar einhver nýr hefir komið, hefir verið ómögulegt að fá þumlungspláss, t. d. á Vopnafirði. Þar er þetta orðið að dómsmáli og rekur víst með miklum kostnaði til hæstarjettar. Það er merkilegt, að h. varaforseti, sem sjálfur hefir fengið löggilta Vestdalseyrina, sem er ekki nema 20 mín. gang frá Seyðisfirði, skuli telja þetta svona mikið úr. Það má ekki allt af reikna eptir því, þó skammt kunni að verða milli verzlunarstaða, heldur verður að fara eptir því sem á stendur að öðru leyti í hverju einstöku tilfelli.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg stend að eins upp til þess, að gera grein fyrir, hvers vegna jeg hafi fyrir nokkrum árum verið meðmæltur löggilding Vestdalseyrar, með því h. 2. þm. S.-Múl. skoraði á mig að skýra frá því. Jeg skal í því efni skýrskota til frv. þess, sem nýlega hefir verið samþykkt hjer í deildinni. Það var um stækkun verzlunarsvæðis á Seyðisfjarðaröldu. Þegar talað var um löggilding Vestdalseyrar, sást fyrir, að á Seyðisfjarðaröldu var hættulegt pláss vegna snjóflóða, sem nú er fram komið; þess vegna var það, að þar sem húsin voru til á Vestdalseyri, þá þótti rjettara að halda verzluninni áfram þar, heldur en flytja þau inn á Seyðisfjarðaröldu. En af því jeg stóð upp, skal jeg svara öðru

atriði í ræðu þingmannsins. Hann segir, að þessir 15 löggiltu verzlunarstaðir hafi bætt verzlunina stórkostlega. Það getur verið að *hann* gæti sagt það, ef nokkur verzlunarhús hefðu verið byggð á nokkrum af þessum 15 stöðum, en nú er á alls engum af þessum stöðum byggt, og getur því *ekki* verið bót að því, sem *ekkert er* og *ekki* til. Sigling á þessa staði er ekki að þakka löggildingunni, því búsettir kaupmenn gátu eins verzlað á þeim stöðum eptir lögunum 7. nóv. 1879; meira að segja, jeg hefi sjálfur látið lausakaupmenn verzla á 4 þeirra, einmitt áður en þeir voru löggiltir. Það má kann ske segja gegn mjer, að það geri þá ekkert til, þótt þingið samþ. þessar löggildingar, þar sem þessar hafnir sjeu svo lítið notaðar; en það er samt ekki svo; það getur orðið hættulegt fyrir landssjóð, og innheimtu tollsins, að opna svona margar verzlunarholur, því eptir því sem þess konar holur eru fleiri, eptir því er örðugra eptirlitið fyrir tollheimtumennina. Jeg tek það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að það væri æskilegt að þingið tæki ákvörðun um, hvort heldur það vill halda þeirri stefnu, sem það fylgdi 1879, en þá ætti það að fella þetta frv., eða það vill halda áfram þeirri stefnu, sem það hefir haft síðan 1881, en þá vildi jeg ráða til að taka skarið af, og löggilda allar strendurnar, hverja vík og vog umhverfis landið.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það á við um ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), að sá, sem sannar of mikið, sannar ekkert. Hann sagði, að eptirlitið yrði örðugt, ef svona margir staðir yrðu löggiltir, vegna tollanna. Eptir þeirri reglu ætti enginn staður að vera löggiltur nema þeir, sem lögreglustjórar eru búsettir á, og þá yrði að af taka meira en helming þeirra staða, sem þegar eru löggiltir. Jeg hefi ekkert á móti því, að allir staðir með nokkurn veginn brúklegri höfn væru löggiltir, — *nema* þeir, sem svo eru afskekktir, að sjerstökum örðugleikum sje bundið, að hafa þar tolleptirlit, — því hreppstjórarnir geta gætt lögreglunnar á þessum nýju stöðum eins vel eins og á svo mörgum öðrum. Jeg sagði að verzlunin hefði batnað, síðan löggiltir hefðu verið fleiri staðir, og stend við það. Jeg tók til dæmis á Austfjörðum, og það getur víst engum blandazt hugur um, að þar hafi batnað verzlun, síðan fleiri staðir en einn urðu þar löggiltir. Jeg miða ekki við árið 1881, heldur fyrri, frá því fyrst var farið að fjölga að mun verzlunarstöðum. Eins og fjölgun verzlunarstaða hefir bætt hingað til, eins mun hún bæta hjer eptir, og það jafnvel þótt eigi sjeu reist föst verzlunarhús.

— Málinu var síðan vísað til 2. umr.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra (C. 120); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason) tók það aptur, af því líkt frv. var komið fram í Ed.

Frumvarp til laga um prentsmiðjur (C. 124); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frv. þetta fer fram á 2 atriði, sem eru hvort öðru óskild. Annað er það, að heimila hverjum, sem er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, að reka prentiðn borgunarlaust, en það leyfi hafa sumir þurft að kaupa hingað til, en sumir ekki. Ástæður fyrir þessu atriði eru 2. Önnur stjórnarskráin; þar stendur í 51. gr.: »Öll þau bönd, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu — skal af taka með lagaboði». Þetta er því að eins framkvæmd á einu boði stjórnarskrárinnar. Hin 2. ástæðan er það, að stjórnin sjálf virðist vera á reiki um það, hvort borga skuli fyrir þau leyfi eða ekki. Nokkuð er það, að af þeim 7 prentsmiðjum, sem leyfi hafa fengið í stjórnartíð hins núverandi ráðgjafa, hefir borgun verið tekin fyrir 2, liðugar 60 kr. fyrir hvora, en fyrir hinar 5 engin borgun. Annaðhvort er nú, að ráðgjafinn hefir veitt þessum 5 leyfið borgunarlaust *án heimildar*, og þannig haft fje af landssjóðnum, eða hann hefir tekið fje ranglega af hinum 2. Annaðhvort *er* skylda að borga fyrir þetta leyfi, eða þá *ekki* skylda að greiða neitt fyrir það. En ráðgjafinn hefir ekki leyfi til að gefa neitt eptir af því

fje, sem landssjóður með rjettu hefir tilkall til, en heldur ekki rjett til að heimta fje heimildarlaust fyrir leyfin. En sem sagt á þetta atriði legg jeg ekki neina sjerstaka áherzlu.

Hið 2. atriði legg jeg meiri áherzlu á. Við eigum landsbókasafn, og af þessum 7 prentsmiðjum er að eins 1, prentsm. Einars Þórðarsonar, sem skyld er til að gefa exemplar af því, sem þar er prentað. En það sem merkilegast er, er það, að allar prentsmiðjurnar eiga að gefa háskólabókasafninu og hinu kounglega bókasafni exemplar af því, sem þær prenta, en samt *ekki* okkar landsbókasafni. Jeg tel það víst, að allir vilji styðja landsbókasafn vort og auka það að íslenzkum bókum, og það því fremur, sem landssjóður verður að kaupa þessar bækur handa því, sem frv. fer fram á, að það fái fyrir ekki neitt. Það er einkum vegna þessa 2. atr., sem jeg vil biðja um gott veður fyrir þetta frv. Jeg álít, að nefnd þurfi ekki í það. Það, sem þurfa kynni að leiðrjetta, það má gera með breytingartill. Jeg skal benda á, að í næst síðustu línunni stendur »Brot», í staðinn fyrir »Mál um brot».

Landshöfðingi: Jeg vil taka það fram, að jeg álít þetta frv. ekki sjerlega nauðsynlegt, enda var það einkum eitt atriði, sem h. flutningsm. (J. Ó.) lagði áherzlu á í ræðu sinni, og sem jeg verð líka að álíta, að sje hagfelld ákvörðun, nefnilega það atriði, að prentsmiðjur þær, er nú eða síðar verði stofnaðar, skuli skyldar að láta landsbókasafninu ókeypis í tje tvö eintök af hverju því, er prentað er; en viðvíkjandi þessu atriði, er það þó auðvitað innanhandar að gera þetta að skilyrði við þær prentsmiðjur, er síðar kunna að verða leyfðar, án þess það sje til skilið með lögum; en hvað aptur á móti snertir hitt atriðið, að hverjum manni sje heimilt að setja niður prentsmiðju og reka prentiðn, þá kemur það mjög sjaldan fyrir, að menn óski að stofna prentsmiðju, því þetta er ekki almennur atvinnuvegur, og því hefir þetta ákvæði enga almenna þýðingu; þetta er að vísu frjáls atvinna í Kaupmannahöfn og í kaupstöðunum í Danmörku, og þar þarf ekki konungsleyfis til að setja niður prentsmiðju, en fyrir utan Kaupmannahöfn og bæina þarf þess aptur á móti; hjer álít jeg ekki nauðsyn á ákvæði um þetta, því, eins og jeg gat um, þetta tilfelli kemur varla fyrir optar en einu sinni á 10 árum, að stofnaðar sjeu prentsmiðjur. Viðvíkjandi því, er h. flutningsm. (J. Ó.) tók fram, að stundum hefði verið tekin borgun fyrir slík leyfisbrjef, en stundum ekki, þá held jeg að það sje ekki nákvæmlega rjett; reyndar get jeg ekki nú þegar greinilega skýrt frá því, með því líka málið er hjer fyrir til 1. umr.; en jeg get, ef þarf, gefið skýrslu um þetta síðar; en hitt er víst, að stjórninni er heimilt að undanþiggja menn frá hinu venjulega gjaldi fyrir leyfisbrjef. Eins og jeg tók fram áðan, álít jeg þessa ákvörðun í frv., að prentsmiðjurnar skuli láta landsbókasafninu í tje ókeypis eitt eintak af því, sem prentað er, þó með þeirri athugasemd, að mjer finnst það, jeg vil ekki segja, hart, en þó ekki að öllu leyti sanngjarnt, að leggja slíka kvöð á prentsmiðjur þær, sem þegar eru stofnaðar, og þetta hefir þá ekki verið gert að skilyrði, enda er landsbókasafninu það ekki um megn að kaupa bækur þær, er út koma hjer á landi fyrir utan Reykjavík; það nemur ekki svo miklu verði á ári; og yfir höfuð álít jeg ekki neina brýna nauðsyn á þessu frv., enda hefir þingið þegar fengið til meðferðar svo mörg mál, sem að mínu áliti eru nauðsynlegri en þetta frv.

Jón Ólafsson: Jeg verð að leyfa mjer að svara hinum hæstv. ldsh. fám orðum. Hvað snertir hið fyrra atriði, skal jeg taka það fram, að það er samkvæmt 51. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo: »Öll bönd þau, er hamla frelsi á atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði». Jeg skal nú ekki keppa mikið um það við h. hæstv. landshöfðingja, hvort *þörf* sje á að hlýða þessum fyrirmælum stjórnarskrárinnar; en jeg verð að álíta, að aldrei sje óþarft að hlýða fyrirmælum hennar, þótt í smáu sje, einkum

þar sem það er eins fyrirhafnarlítið eins og hjer á sjer stað. Jeg skal geta þess, það er áreiðanlega rjett, sem jeg sagði, að ekkert gjald hefir verið greitt fyrir 5 prentsmiðjuleyfi, nefnil. Skuldarprentsmiðju, prentsmiðju Björns Jónssonar í Rvík (Ísafoldarprentsmiðju), prentsmiðju Björns Jónssonar á Akureyri, prentsmiðju Norðanfara og prentsmiðju sjera Sigurðar heitins á Hallormsstað; þar á móti hafa bæði Sigurður Jónsson á Vestdalseyri og Sigmundur prentari Guðmundsson orðið að greiða fje fyrir leyfi til að setja á stofn prentsmiðjur sínar. Það getur verið, að stjórnin geti stundum gefið eptir ýms gjöld, en þó hygg jeg, að til þess þurfi konungsúrskurð, og ekki er það eðlilegt, að hún megi haga slíku alveg eptir geðþótta sínum, og þannig gefið eptir gjöld, sem enginn hefir beðið að gefa sjer eptir, því þá gæti hún beitt sömu aðferð með tilliti til fleiri gjalda en leyfisgjalda. Jeg veit, að *konungur* getur gefið slík gjöld eptir eða veitt undanþágur frá þeim, en þá ætti slíkt að eins að vera eptir beiðni, og þess að vera getið í leyfisbrjefunum, en í þessum leyfisbrjefum er ekki minnzt einu orði á slíkt. Þetta mun heldur ekki vera þannig að skilja, að stjórnin hafi viljað hafa suma menn undanþegna frá gjaldinu, heldur hefir hún verið í vafa um, hvort nokkurt gjald ætti að greiða fyrir þessi leyfi, og því fylgt sínu í hvert skiptið. Finnst mjer að það væri æskilegt, að taka hjer af allan vafa. En jeg skal játa, að jeg legg ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði.

En með tilliti til hins síðara atriðis, þá er það satt, sem hæstv. ldsh. tók fram, að það má gera það að skilyrði fyrir þeim prentsmiðjuleyfum, sem framvegis yrðu gefin, að prentsmiðjurnar láti landsbókasafnið fá eintök af öllu því, sem prentað er í þeim; en þetta nær ekki til þeirra prentsmiðja, sem þegar hafa fengið leyfi og nú eru stofnsettar, og það er einmitt með tilliti til *þeirra*, að ákvarðanir þessa frv. eru settar. Það er auðvitað satt, að landsbókasafnið getur keypt þessar bækur, en það dregur þó ætíð nokkuð frá öðrum bókakaupum, og það er sannarlega ekki vanþörf á að styðja safnið svo, að ekki sje verið að láta það kaupa þær bækur, sem hreinasti óþarfi er að láta það kaupa, því fjártillagið til landsbókasafnsins er svo lítið, að það verður að eins varið með fátækt landsins, hve lítið það er. Enda er h. ldsh. kunnugt, að erlendis hafa *landsbókasöfn* þessi hlynnindi. Jeg álít, að betra væri að verja því fje, sem annars gengi til þess að kaupa innlendar bækur, til þess að kaupa einhverjar útlendar bækur, sem full þörf er fyrir.

— Síðan var málinu vísað til 2. umr. með 15 samhljóða atkvæðum.

Uppástunga forseta um, hvernig ræða skuli þingsályktunartillögu um Spánarsamninginn (C. 130).

Samþykkt að hafa eina umr. um þá þingsályktunaruppástungu.

Afgreiðsla á bœnarskrá.

Bænarskrá um uppgjöf á skuld Lundarbrekkukirkju, — vísað til fjárlaganefndar.

Tólfti fundur, þriðjudag 14. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frv. til laga um takmörkun á sölu áfengra drykkja (C. 140); 1. umr.

Arnljótur Ólafsson: Eins og vjer sjáum á fyrirsögn frv., þá hljóðar það um takmörkun á sölu áfengra drykkja. En hvers vegna vilja menn takmarka sölu áfengra drykkja? Og hver er yfir höfuð tilgangur þessa frv.? Er það tilgangurinn, að menn skuli drekka *minna* eptirleiðis en hingað til? Þykir mönnum of mikið í landssjóði fyrir áfenga drykki? Jeg verð að leggja fyrir mig þá spurning, og mjer liggur við að leggja hana fyrir h. þingd.: Hver er eiginlega tilgangur frumvarpsins? Mjer finnst allt undir því komið, að tilgangur laganna sje rjettlátur og þarflegur og gagnlegur og haganlegur, og jeg vil ekki gefa atkvæði mitt fyrir þeim frv., er mjer finnst tilgangur þeirra vera órjettlátur, óþarflegur, ógagnlegur og óhaganlegur. Svo

jeg nú víki mjer að frv. sjálfu, til þess að reyna að komast að því, hver tilgangur frv. sje, þá stendur í 1. grein, að enginn megi selja minna — og þá heldur ekki kaupa minna— í einu en 10 potta af víni, öli eða öðrum áfengum drykkjum. Er það þá tilgangurinn, að menn hjer eptir skuli í einu allt af drekka 10 potta í staðinn fyrir, er menn hingað til hafa látið sjer nægja með 1 staup, eða ½ pela, eða að minnsta kosti pela? Þetta er kátleg takmörkun. Hjer eptir verða menn þá neyddir til að kaupa annaðhvort 10 potta eða alls ekkert, fyrst enginn má selja minna en 10 potta; nú stendur opt svo á, að vjer þurfum minna en 10 potta; vjer getum þurft svo sem ½ staup t. d. í skósvertu, eða þá til þess að kveikja á spirituslampa, að jeg ekki tali um homöopathana. Það er nauðsynlegt að fá svertu á skóna sína, nauðsynlegt að geta kveikt á lampanum sínum, og þessir menn verða að kaupa 10 potta í staðinn fyrir í mesta lagi pela. Sem sagt, jeg skil ekki tilgang frv. Afleiðingin aptur á móti er sú, að margur kaupir 10 potta, sem annars mundi hafa keypt miklu minna. Vjer þekkjum það líka vel, að margir bændur, og jafnvel prestar kunna ekki við að eiga ekki einn dropa í staupinu, þegar kunningi þeirra kemur, og til þess nægir þeim langa lengi 1 flaska eða í mesta lagi 1 pottur. En svo koma lögin og segja: Þú verður að gera svo vel og kaupa 10 potta ellegar ekkert. Maðurinn, hvort sem það er nú bóndi eða prestur, verður annaðhvort að bregða út af gömlum vana, eða afleiðingin verður sú, að hann kaupir 10 potta í stað 1 flösku. Hvort sem nú *tilgangur* frv. er, að menn skuli hjer eptir kaupa *meira* eða *minna* af öli og áfengum drykkjum, þá virðist *afleiðingin* verða sú, að menn kaupi víðast *meira*, *ef* menn á annað borð fara nokkuð eptir frv. Það yrði langt mál, að fara nákvæmlega út í það, hvort þessi lög sjeu heppileg eða haganleg, eða ekki, til þess að útrýma drykkjuskap; en hitt sjá allir, að þar sem sýslumenn hafa svo stórar sýslur, að þeir komast varla yfir þær einu sinni á ári, þá muni þeir ekki geta haft gott eptirlit með sölunni, og hreppstjórarnir eiga heldur ekki gott með að passa vel upp á þessa 10 potta sölu, allra sízt þar sem þvílíkur aragrúi er til af 8 potta kútum í landinu, en mjög fáir eða enginn 10 potta kútur, og ef hreppstjórarnir ættu að sjá um, að þessir 2 pottar, sem þá verða fram yfir, yrðu drukknir þar á staðnum, þá þyrftu þeir að fylgja hverjum manni í kaupstað svo að segja, og það væri ókleyft fyrir þá. Jeg ætla þá ekki að taka fleira fram, en þykist hafa gjört grein fyrir því, hvers vegna jeg muni gefa atkvæði á móti frv., af því jeg sje ekki í því neitt rjettlæti, neina sanngirni, neina gagnsmuni, og mannfrelsið er þar að auki skert við það, að mega ekki kaupa minna en 10 potta í einu, og meðan jeg ekki heyri yfirgnæfandi ástæður með frv., þá mun jeg greiða atkv. mitt á móti því.

Egill Egilsson: Jeg varð nærri því hissa, þegar jeg sá þetta frv. koma frá h. Ed.; h. þm. Eyf. (A. Ó.) skoðaði málið frá hinni hlægilegu hlið; en jeg hefi hugsað mjer að líta einnig á málið frá hinni alvarlegu hlið þess. Þetta frv. einskorðar söluna við 10 potta eða meira, og tilgangur þess á víst að vera sá, að minnka ofdrykkju hjá oss. Tilgangurinn er auðvitað góður; en við þurfum ekki ný lög um þetta efni; við höfum fullströng lög, sem banna alla smáskammta-vínsölu, ef þeim lögum að eins væri hlýtt; hitt skyldi það vera, að við þyrftum ný lög um strangara eptirlit með hinum fyrri lögum; það vil jeg líka halda; en löggjafarvaldið hefir gert sitt til að gefa út þessi lög, sem banna stranglega kaupmönnum að selja eða veita í smásopum, og meira gat það ekki gert; en jeg vil hjer taka það fram, að jeg álít lítt þolandi, hvernig þessum lögum er fram fylgt af hendi lögreglustjórnarinnar. Það er ótrúlegt, — en það er þó tilfellið —, að kaupmenn hjer í höfuðborginni skuli láta drekka hjá sjer brennivín í staupatali við búðarborðið, aldeilis eins eptir að fyrnefnd lög komu út eins og áður; þeir selja og skenkja meira öl heldur en á sjálfum hótellunum; þeir láta menn drekka inni hjá

sjer um hábjartan daginn, og hafa hálfbyrgt fyrir gluggana, því það er svo sem auðvitað, að samvizka þeirra — ef nokkur er — segir þeim, að þeir sjeu að fótum troða lögin; enda næturdrykkjur fram yfir hinn lögboðna tíma hjá veitingamönnum munu jafnvel eiga sjer stað hjá sumum hverjum; mjer finnst líka þetta frv. koma svo mjög í bága við leyfisbrjef þau til veitinga, er veitingamenn hafa þegar áður fengið. Þeir hafa fengið leyfi til að selja vín, mat og kaffi o. fl., og skuldbundið sig til að hafa til reiðu til tekinn fjölda af rúmum fyrir ferðamenn, og láta þá fá það, sem þeir biðja um og þurfa; þetta er ærinn kostnaður fyrir þá, jafnframt því að þeim eru gerð sveitarútsvör afarhá í því skyni, og hvaðan eiga þeir svo að fá þennan kostnað, þegar nú á að taka af þeim þetta leyfi, og skylda þá til að kaupa nýtt leyfisbrjef, vilji þeir hafa vínsölu sem fyr? Nei, þetta frv. finnst mjer ekki einasta *óparft*, heldur *óhafandi;* h. Ed. fær annan blæ í mínum augum, en jeg hefði óskað, eptir að hafa komið með slíkt frv. sem þetta, og legg jeg það til, að því sje sem fyrst vísað frá.

Eiríkur Kúld: Jeg álít ekki vel sæma, að kasta þungum steini á h. Ed., þótt manni kunni að finnast niðurstaða sú, sem Ed. hefir komizt að, ekki sem heppilegust; jeg ber svo mikla virðingu fyrir deildinni, að jeg er viss um að henni hefir gengið gott eitt til að samþykkja þetta frv.; en mönnum getur yfirsjezt og missjezt. *Errare humanum est*, segir gamla máltækið; henni hefir eflaust gengið það eitt til, að takmarka ofdrykkjuna, og er það mjög æskilegt, að svo gæti orðið; en jeg er hjer mjög hræddur um enda gagnstæðar afleiðingar, að þetta verði fremur til að auka ofdrykkju en eyða henni. Fyrir þá sem eru hneigðir til ofdrykkju, er það hættuleg freisting til að kaupa 10 potta, að þeir ekki geta fengið minna. Annað er það, að jeg held að þetta verði mjög torvelt í framkvæmdinni, og er jeg í því tilliti samþykkur h. 1. þm. Eyf.(A. Ó.). Bindindisfjelög eru mjög lofsverð; en þau eru ekki samt einhlít til að útrýma ofdrykkju. Jeg get borið fyrir mig reynslu merkra manna í því, að hið heppilegasta meðal til að útrýma ofdrykkju muni vera að takmarka öldrykkjuna sem minnst. Hvað sektunum viðvíkur, þá álít jeg þær heldur háar, 200 krónur. En það verð jeg að segja, að það er sá ábatamesti skaði fyrir landssjóð, ef drykkjuskapur minnkaði, því þó tekjur landssjóðs minnkuðu eitthvað við minni ofdrykkju, mundu menn því færari um að bera önnur gjöld í þess stað. En yfir höfuð felli jeg mig ekki vel við frv.

Jón Sigurðsson: Mjer þykir Ed. hafa orðið hjer fyrir heldur þungum dómi hjá h. þm. (*Lárus Blöndal*: Svo?). Jeg veit það með vissu, að henni hefir gengið gott til með þetta frv. Það er öllum kunnugt, að vjer eða vor þjóð hefir optar en einu sinni fengið álas fyrir, að vera um of hneigð til ofdrykkju, og hagfróðir menn hafa sagt mjer, að í hinu mikla hallæri árí 1882, þegar hingað voru gefnar hátt á 4. hundrað þúsund krónur til að forða landsbúum við hungursdauða, þá hafi hátt á 5. hundr. þúsund kr. gengið út úr landinu fyrir áfenga drykki; þetta þykir mjer ekki lofsvert eða gott afspurnar, og því finnst mjer það ekki undarlegt, þótt einhver eða einhverjir hafi— jeg vil segja — þá *sómatilfinningu*, að vilja setja þessum ósóma einhverjar skorður. Það getur vel verið, að Ed. hafi ekki verið heppin í tillögum sínum í þessu máli, en þingdeildinni er innan handar að bæta frumvarpið, ef þess þarf með. Menn sögðu, að ómögulegt yrði að fá sjer í staupinu, ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum; en það er misskilningur; það getur að eins enginn selt minna en 10 potta í einu, nema hann leysi leyfisbrjef til þess, og greiði það gjald, sem ákveðið er í frumvarpinu. (*A. Ó.:* Þá heldur ekki keypt). Jú; — jeg legg ekki svo stranga þýðingu í frv., að það sje gagnstætt því, þótt einhver, t. d. homöopath, panti frá útlöndum eina flösku af spiritus eða þess konar; hann má að eins

ekki selja sem það áfengan drykk, en í læknisdóma má hann sjálfsagt brúka það. Mjer finnst málið mikilsvert, og vil óska, að h. þingd. lofi því að ganga til 2. umr. *(Margir*: Nei).

— Málið var fellt frá 2. umr. með 14 atkv. gegn 7.

Frv. til laga um nýjan þingstað á Úlfljótsvatni (C. 127); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg vil að eins geta þess viðvíkjandi þessu frv., að íbúarnir í Grafningshreppi hafa þegar fengið leyfi til að hafa sjerstakt manntalsþing, en með þessu frumvarpi óska þeir, að það verði fast sett með lögum, að Grafningshreppur skuli vera sjerstök rjettarþinghá, og virðist sanngirni mæla með því að þeir fái þessi rjettindi, og vona jeg, að h. þingd. lofiþessu máli að ganga umræðulítið, svo það ekki tefji tímann.

Landshöfðingi: Það er er ekki ætlun mín að mæla á móti þessu frv., en að eins skýra frá því, að þá er mál þetta kom til landsh. og leyfi það fjekkst, sem h. flutningsm. (Þ. Guðm.) gat um, þá var ekki farið fram á meira, og því ekki heldur spurning um að veita meira, en að íbúar Grafningshrepps mættu hafa sjerstakt manntalsþing í hreppnum, án þess að þurfa að sækja þing austur að Stóruborg í Grímsnesi, og fyrir þeirri beiðni sinni töldu þeir sem ástæðu vegalengdina á hinn fyrri þingstað að Stóruborg, og þar af leiðandi óþægindi; en hjer er farið fram á meira; hjer er farið fram á sjerstaka rjettarþinghá, sem hefir það í för með sjer, að varnþing breytist; þetta er löggjafarmál. Jeg ímynda mjer nú, að þessi breyting sje ekki miklum annmörkum bundin; en jeg vil að eins taka það fram, að áður hefir ekki komið fram frá hendi hlutaðeigenda beiðni um meira en sjerstakt manntalsþing. H. flutningsm. (Þ. Guðm.) er sjálfsagt kunnugt, hvort það nú er ósk íbúanna í Grafningshreppi, að fá þessa frekari breytingu, sem hjer er farið fram á.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg vil um leið og jeg þakka hæstv. ldsh. skýringu hans og undirtektir undir málið, skýra frá því, að 1883 kom fram bænarskrá einmitt um þetta sama atriði, sjálfsagt af því, að menn hafa vitað, að til þessarar breytingar þurfti lagaboð, og að landsh. ekki gat veitt meira en að þessi hreppur fengi sjerstakt manntalsþing; en þá komst málið ekki fram sakir naumleika tímans.

— Málinu var síðan vísað til 2. umr.

Frv. til laga um vottorðsbók vinnuhjúa (C. 138); 1. umr.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Þetta frv. er til orðið af þeirri ástæðu, að jeg hef heyrt marga bændur tala um, að það væri ákjósanlegt að hafa eitthvað slíkt milli húsbænda og hjúa til þess að tryggja, hvað húsbændur og hjú semdu með sjer, og hvernig þeim samningi yrði fullnægt. En um leið og jeg samdi ákvörðun um þetta, datt mjer í hug að bæta við hinum öðrum ákvörðunum einungis til þess að koma á góðri reglu og viðhalda henni. Í Danmörku er það siður, að hjú haldi vitnisburðarbók, sem kölluð er á dönsku máli »skudsmaalsbog«, og þótt hún nú reyndar sje ekki sem vinsælust, þá ber þess að gæta, að hún er einungis vitnisburðarbók, og þeir vitnisburðir, sem í henni standa eru ef til vill opt og tíðum misjafnlega undirkomnir og máske ekki sem áreiðanlegastir. En hjer á landi held jeg varla yrði hætt við neinni slíkri misbrúkun. Hjer kemur það opt fyrir, að hjú leita sjer vistar í fjarlægri sveit, og þá væri það gott að þau geti sýnt hjá hverjum þau hafa verið, og hafi vitnisburð sinn og önnur vottorð við hendina, sem eru þó bezt geymd innrituð í slíka bók. Jeg segi fyrir mig, að ef jeg sæi vitnisburð um hjú frá heiðvirðum og sanngjörnum bónda, sem jeg þekkti, og vitnisburðurinn væri góður mundi jeg hiklaust veita hjúum viðtöku, í vist, þótt jeg að öðrum kosti kannske ekki hefði gert það. Jeg held því að þessar ákvarðanir mundu verða til þess að stuðla að góðri reglu og jafnframt verða nokkurs konar aðhald fyrir vinnuhjúin, að þau reyndust sem bezt og þannig verða öllum hlutaðeigendum að gagni. Þetta mundi og leiða til þess að greiðara yrði eptirleiðis að vita hvar

vinnuhjú hefðu dvalið í löglegri vist, en nú verður opt mikill rekstur út úr því að komast fyrir hina löglegu verustaði þeirra, þá það kemur fyrir að þau verða upp á aðra komin, til þess að vita hvar þau eiga hrepp. Hef jeg nú talið það aðalaugnamið, sem jeg hafði með þessu frv. og vil jeg skjóta því til deildarinnar, hvort hún ekki vilji vísa því til 2. umr.

Jón Ólafsson: Þetta frumvarp er eitt af þeim frumv., sem í öllu falli ekki eru nauðsynleg, og eitt af þeim, sem mættu bíða. H. flutningsm. (G. E. Br.) tók það fram sem ástæðu fyrir frv., að lík lög væru í Danmörku um vottorð hjúa. Það kann að vera mikið gott, að vísa til Dana til fyrirmyndar, þegar um eitthvað eptirbreytnisvert er að ræða, en Danir hafa lagt svo mikil og hörð bönd á allan atvinnurjett, að sá lögbálkur þeirra það er heil bók um alla þá vafninga. Við erum, guði sje lof, lausir við þá enn að mestu, og er ekki ástæða til að fara að bæta við óþörfum rekistefnum, málalengingum og höptum. Það er vita skuld, að það getur hugsazt, að stundum sje torvelt eða sanna að komast fyrir, hvar vinnuhjú hafa átt heimili, en vafi sá sem stundum kemur fram, þá er um sveitfesti manna er að ræða, mun þó optar rísa um aðra stjett manna, en hjú, nefnil. um húsmenn og lausamenn. Frá formsins hlið er sá galli á þessu frv., að ef hjúin týna þessum vottorðsbókum, þá liggur eptir frv. ekki annað við, en sífelldar sektir í það óendanlega, og það gæti orðið ærið útdráttarsamt. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að húsbóndanum komi nokkuð við, hvenær hjúið er fætt, eða hvort það er fermt; að minnsta kosti er hart að búa nú til lög um, að láta þau sæta sekt, ef þau geta ekki lagt fram fermingarvottorð í sömu andránni sem þingið er að fást við önnur lög, sem Ed. hefir nú til meðferðar, sem nema fermingarskylduna úr lögum, svo að hún er ekki allra skylda lengur, nje skilyrði fyrir nokkrum borgaralegum rjettindum. Hvort hjúið er gipt, er innan handar fyrir húsbóndann að komast að. Ráði þingmaðurinn sjer vinnumann, leynir það sjer varla til lengdar, ef kona fylgir honum, eða ráði hann vinnukonu, getur það naumast dulizt fyrir honum, ef hún hefir eiginmann í eptirdragi. Vjer vitum, hvernig einatt er farið að því að fá vottorð hjer á landi. Ætli það væri ekki hætt við, að margur fengi gott vottorð, sem miður ætti það skilið, ef hann gjörir húsbóndanum einhvern greiða eða tilslökun fyrir? En aptur yrði öðrum neitað, sem ætti fulla siðferðislega heimting á því, ef húsbóndi t. d. vildi hefna sín þannig á hjúinu fyrir t. d. það, að það vill ekki vera hjá honum lengur? Í Danmörku er það lögboðin skylda fyrir húsbændur, sem varðar sektum, að gefa hjúum þau vottorð, er þau eiga heimting á, en í þessu frv. er ekkert slíkt tekið fram. Eptir því getur húsbóndi gjört hjúi það til ills, að neita um vottorð, ef hann t. d. vill halda því hjá sjer, eða gefið svo ill, að þau spilli fyrir framtíð hjúsins. Það er álit mitt, að bezt sje að láta þetta vera óbundið enn.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) vjek ekki að því, sem er höfuðatriðið í þessu máli, sem er að tryggja kaupsamning milli hjúa og húsbænda, og sýna, að honum hafi verið fullnægt. Það er ekki fremur húsbændanna en hjúanna vegna viðtekið, að vottorð um fæðing, ferming og gipting skuli innfærast, en það liggur í augum uppi, að hafi ferming eða gipting ekki átt sjer stað, þá verður ekki gefið vottorð um slíkt. Viðvíkjandi því, að ósönn eða röng vottorð verði gefin, sem geti spillt fyrir framtíð hjúanna, álít jeg Íslendinga yfir höfuð svo vandaða, að ekki sæmi að gjöra ráð fyrir því, að það komi fyrir, eða að þeir vísvitandi vilji draga nokkurn á tálar með röngum vitnisburði í gagnstæða átt. En það er ætíð gott fyrir hjúráðanda, að geta sjeð af vottorðunum, hvaða vinna hjúinu er helzt lagin eða hvort hjúið er færara um eina vinnu en aðra, eða t. d. hvort vinnumaður er hneigðari fyrir sjó eða landvinnu, hvort hann er góður fjármaður, sláttumaður eða hvaða verk honum er lægnast. Þetta er meining mín. Jeg álít, að menn eigi ekki að fella það, sem gott er og rjett, fyrir það

að tími sje naumur, heldur miklu fremur láta það þá fá sem flýtastan og mest óhindraðan framgang.

Arnljótur Ólafsson: Þrátt fyrir meðmæli h. flutningsm. (G. E. Br.) liggur mjer við að ætla, að frv. þetta sje með öllu óþarft; og þrátt fyrir það, þótt samskonar vottorðsbækur sjeu hafðar í Kaupmannahöfn, eiga þær ekki við á þessu landi, enda er mjer ekki kunnugt um, að þær sjeu viðhafðar til sveita eða úti á landinu í Danmörku. Frumv. líkt þessu hefir eitt sinn áður komið fram á alþingi meðan það var ráðgefandi, og var þá fellt með miklum atkvæðamun. Það dæmi ætti að liggja okkur nær en Kaupmannahöfn. Það er líka meiri þörf á þessum vottorðabókum í stórum bæjum en til sveita; því í stórbæjum getur húsbóndinn sjaldnast þekkt hjúið, en í sveitum þekkir hann það, að meiru eða minnu, hefir annaðhvort talað sjálfur við það, eða að minnsta kosti heyrt um það talað og þess hæfileika. En sje hjúið í öðrum sýslum, ræður hann það ekki sjálfur, heldur lætur þá kunningja sinn þar ráða hjúið eptir hans þekkingu. Sje nú þetta rjett og jeg hygg það vera svo, vil jeg ætla, eins og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að þessi vottorðsbók verði fremur villandi en leiðbeinandi, og hvers vegna? Af því að að eins annar málsaðili, þ. e. húsbóndi hjúsins, er heyrður, en það er góð og gömul regla að heyra líka hinn aðilann. (Audiatur et altera pars). Hjer er hjúið útilokað og að eins húsbóndinn tekinn trúanlegur, því, ef hann er ekki *trúanlegur*, er bókin ónýt. Annaðhvort er, að fara eptir bókinni, og þá er húsbóndans framburður tekinn full-gildur, eða að setja hana til hliðar, og þá er hún ekki til neins gagns. Jeg hef sjálfur búið yfir 20 ár og ráðið mörg hjú, og jafnan farið, sumpart eptir því orði, sem hjúin hafa fengið, og sumpart eptir því hvernig mjer hefir litizt á þau. Hafi jeg orðið var við, að húsbóndi hafi viljað halda hjúinu eða ei verið sem trúanlegastur, hefi jeg farið meira eptir vitnisburði annara, eða orðum hjúsins sjálfs. Af þessu er jeg frv. mótfallinn; jeg vil eigi leggja bönd á mannfrelsið, og frjálsa samninga manna, nema jeg sjái í hendi minni að það sje til gagns.

Þar sem h. flutningsm. (G. E. Br.) sagði, að þetta væri til að tryggja kaupsamninga og kaupreikninga hjúsins, þá játa jeg að slíkt er góður tilgangur. En þar með er eigi sagt, að frumv. sje þarflegt. Látum oss athuga í hverjum tilfellum það er gott fyrir hjúið að geta sannað, hve mikið kaup það hefir haft hjá fyrra húsbónda sínum. Jeg tek til dæmis: hjú fer frá húsbóndanum A. til húsb. B. og þræta verður milli B og hjúsins um kaupið. Nú segir flm., að ef hjúið getur sýnt í vitnisburðarbókinni, að það hafi fengið jafnmikið hjá A og það fer fram á við B, verði B dæmdur til að borga þá upphæð, nema sannist, að öðruvísi hafi verið um samið. Þetta er alveg rjett. En hjúið getur haft fyllilega sömu not af vottorði frá B um að það hafi fengið í kaup hjá honum svo eða svo mikið. Það er jafn fullnægjandi, svo að fyrir þessa ástæðu er engin nauðsyn á þessari vottorðsbók. Þess vegna verð jeg að ætla, að þessi skriffinnska sje óþörf og jafnvel leiði til þess, að í þessum bókum standi ekki sem sennilegust vottorð á stundum. Og þegar frá líður munu vottorðabækurnar því falla í gleymsku og leggjast niður eins og hundalöggjöfin, sem engin sinnir nú, því hundabókina vantar. Eins fer hjer, ef vottorðsbókina vantar. En þessi lög geta líka orðið til ógagns á annan hátt. Það getur komið fyrir einhvern tíma síðar, að einhver húsbóndi vilji halda hjúi sínu, en það vilji fara. Hugsar hann sjer þá að gjöra því einhvern grikk; en einmitt af því að lögin eru þá gengin í fyrnsku og gleymsku, getur hann sagt við hjúið: »Jeg skal sanna, að þú hefir ekki haldið reglulega vitnisburðarbók; ef þú þá ekki gjörir að mínum vilja, skal jeg láta sekta þig um allt að 50 kr.«. Því ef klagað er á annað borð, verður dómarinn að fara eptir lögunum, þótt þau hafi legið í láginni.

Jeg get eigi stillt mig um um, þótt mál þetta sje lítið, að lýsa yfir skoðun minni á frelsinu. Hið sanna mannfrelsi sem er undir-

staða alls frelsis, er ekki það frelsi, sem er útdeilt með lögum. Landsmenn eru frjálsir að öllu því, sem landslögin ekki banna eða bjóða og eigi er andstætt almennri siðsemi nje allsherjarreglu, og meira frelsi getur enginn gefið en þetta meðskapaða mannfrelsi. Jafnskjótt sem lög koma og skipa manni eitthvað að gjöra eða að láta eitthvað ógjört, þá er honum snúið úr manni í þegn. Hann verður þá að setja til hliðar sinn eiginn vilja og hlýða annarlegum vilja. Jeg vil spyrja alla, sem hjer eru inni sem kristna menn: Hvert er annað siðferðislögmál, hver er annar siðsemisandi í kristindóminum en sá, að skerða hið ytra lögmál, hið ritaða lögmál, en styrkja dyggðarlögmálið: efla dug viljans, skýra rödd samvizkunnar, lypta huganum, milda og stilla geðið, og gjöra hjartað prútt og hreint, svo menn af eigin vilja gjöri hið rjetta, sanna, góða og fagra, en þurfi ekki bókstafinn, sem deyðir, til að þvinga, kúga og neyða mann til þess.

Jón Ólafsson: H. flutningsmaður (G. E. Br.) sagði, að með þessu frv. væri hjúunum veitt trygging gagnvart húsbændunum. En það er alls ekki svo, því fyrst og fremst getur hjúið ekki neytt húsbóndann til að skrifa inn í bókina, og í öðru lagi ætti húsbóndinn að skrifa kaupsamninginn inn í hana, þegar hann vistar hjúið, því þá semur hann við það um kaupið, en ekki þá, þegar það fer úr vistinni. Ef þetta er höfuðatriði frv., þá er ekkert bætt með því, og þessi tilgangur gæti miklu greiðlegra náðst með einnar línu viðaukalögum við hjúalögin, þar sem væri ákveðið, að engin vistráð væru gild nema skriflega sje gjörð. Auk þess er nú sem stendur öllum frjálst að gjöra skriflegan kaupsamning við húsbónda sinn, en að það ekki er gjört kemur til af því venjulega, að mönnum þykir það óþarfa tortrygging. En að á því atriði yrði breyting, skal jeg ekki neita að væri æskilegt. En með þessu frv. er úr engu bætt, og því vil jeg láta fella það.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): H. þingd. hefir nú heyrt skoðanir manna á þessu frv., bæði með og mót, og skal jeg ekki bæta neinu við, en óska að gengið sje til atkv. um það.

Frv. var síðan fellt frá 2. umr. með; 5 atkv. gegn 4.

Frumvarp til laga um gjöld af útfluttum vörum (C. 134); 1. umr.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson) óskaði að málinu væri vísað til nefndarinnar í málinu um aðflutningstoll á landvarningi; en

Arnljótur Ólafsson skýrði frá, að sú nefnd hefði þegarar lokið starfi sínu og væri álit hennar nú í prentun.

Flutningsmaður tók þá frumvarpið aptur.

Frumvarp til laga um gjöld af aðfluttum vörum (C. 133); 1. umr.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Jeg verð með nokkrum orðum að gjöra grein fyrir þessu frv. Hinn 22. okt. f. á. var hjeraðsfundur haldinn í Skagafjarðarsýslu af prestum og bændum, til þess að ræða um laun presta og kirkjumál, og á þeim fundi varð sú niðurstaða, að æskilegt væri, að breyta prestalaunalögunum og umsjón á kirknafjám. Síðan var 3 manna nefnd sett í málið og lagði hún fram álit sitt 19. júní næstl., og var okkur þingm. Skagfirðinga síðan sent þetta frv. og önnur fleiri, sem við höfum meðferðis frá sömu nefnd. Jeg get ekki komizt hjá því að tala um laun presta í sambandi við þetta frv., þótt það frv. sje ekki komið á dagskrá. Það getur víst engum blandazt hugur um það, að launalög presta eru mjög ósanngjörn og í mörgu tilliti æskilegt að þeim yrði breytt. Og einkum væri æskilegt að þau kæmust í annað form, því hvað er tíund af jörðum til prests og kirkju annað en ábúðarskattur, sem flestir munu nú vilja afnema sem mjög ósanngjarnan? Sama má segja um flest önnur gjöld til prests og kirkju, að þau koma ójafnt niður, og virðist því fyllsta ástæða að afnema þau, og láta annað sanngjarnara koma í staðinn, og því er frv. þetta komið, en engan veginn í þeim tilgangi að leggja meiri gjöld á landsmenn. Ef gengið er út frá launum presta eins og þau nú eru og frv. þetta yrði samþykkt, er engin hætta fyrir því, að fje þetta ekk

hrökkvi, sem frv. fer fram á, því nefndin í hjeraði hefir ekki reiknað til afgjalds þau rúm 14,000 jarðarhundruð, sem kirkjan á, nema 50,000 kr.; þó er víst full ástæða til að reikna það allt upp að 70 þúsundum kr., einkum þar sem venjan er til, að prestarnir sitja hinar beztu jarðirnar í sveitunum. Jeg álít að þetta mál eigi það skilið að það sje vel íhugað, og leyfi mjer að stinga upp á því að 5 manna nefnd sje kosin og mætti þá laga frv. og færa niður tolla þá, sem það ráðgerir á sumum aðfluttum vörum.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að benda h. flutningsmanni (F. St.) á, að frv. hans um laun presta er þegar fram lagt, þegar útbýtt fyrir nokkru síðan meðal h. þingmanna, en það er ekki á dagskrá í dag og er þess vegna ekki heldur til umræðu.

Uppástunga um nefnd var felld með 12 atkv. gegn 3.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Jeg varð að tala um laun presta í sambandi við þetta frv., eins og jeg hef áður tekið fram, en að öðru leyti skal jeg nú gera deildinni það til hægðarauka, að taka frv. aptur, svo hún geti sparað sjer ómak við atkvæðagreiðsluna.

Frv. til laga um að hjeraðslæknar hafi á hendi bólusetningar (C. 133); 1. umr.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Jeg ætla ekki að tala margt fyrir þessu frv. Frv. er sprottið af því, að síðan læknarnir fjölguðu, virðist öllum eðlilegra að þeir hafi umsjón með bólusetningum en prestarnir. En öðru máli var að gegna meðan læknarnir voru svo fáir, að 1 var í 4 sýslum; þá var það skiljanlegt, að þetta væri lagt upp á prestana; en nú er allt öðru máli að skipta. Hverja tilsjón geta líka prestar haft með bólusetningum, þegar brauð standa laus kann ske árum saman, eins og nú er farið að verða títt. Mjer finnst ekki eðlilegt, að slengja þessari byrði upp á prestana, enda verð jeg að álíta, að miklu meiri trygging sje í því, að læknarnir hafi umsjón með þess konar störfum.

Jón Ólafsson: Þar sem við höfum svo fáa lækna en marga presta, held jeg að þessi skipti sjeu mjög svo óheppileg. Læknisumdæmin eru ekki svo þjett hjá okkur enn þá, og jeg held að ef læknarnir ættu sjálfir að bólusetja hvern mann, þá yrðu margir óbólusettir, því það geta verið mörg þau heimili í einu læknisumdæmi, sem læknirinn kemur aldrei á, þótt hann búi í því alla sína æfi. Þar sem h. flutningsm. (Fr. St.) talaði um, að ekki væri rjett að slengja þessari byrði upp á prestana, þá held jeg að þessi byrði yrði töluvert þyngri fyrir læknana en prestana. Þótt nú brauð kunni að standa laus, þá er það nokkuð hægra verk fyrir nágrannaprest að annast um bólusetning í nágrannasókn sinni en læknirinn í öllu læknisumdæminu. Auk þess eru aðstoðar-bólusetjarar skipaðir þegar þurfa þykir. Ef menn því álíta bólusetningar nauðsynlegar, held jeg að þetta frv. sje stórum skaðlegt. Jeg ímynda mjer að þetta frv. sje komið upp á hjeraðsfundi heima í kjördæmi flutningsm. (Fr. St.), og sje fóstur einhverra presta, sem hafa verið þungir á sjer og vilja helzt losast við þetta ómak, og held jeg að flutningsm. (Fr. St.) flytji frv. meira af eins konar kurteisi við þessa kjósendur sína, en af innri hvöt hjá sjálfum honum. Vil jeg því skjóta því til flutningsm (Fr. St.), hvort hann ekki vill gera þingd. þann greiða að taka frv. aptur.

Þórarinn Böðvarsson: Þar sem deildin hefir nú sökum tímaleysis vísað svo mörgum áríðandi málum frá, þá hefði jeg ekki búizt við, að hún hefði tíma til að taka þetta frv. fyrir, því að mjer finnst þetta mál bæði lítilsvert og óþarft. Sú eina ástæða, sem færð hefir verið fyrir frumvarpinu, er sú, að prestaköll sjeu nú svo opt laus, að hætt sje við að bólusetningin fari í handaskolum. En ef svo stendur á, að presturinn getur af einhverjum ástæðum ekki sinnt bólusetningum, getur hann beðið um að fá bólusetjara settan og látið hann framkvæma þetta fyrir sig. Það er satt, að þetta er gömul regla frá þeim tíma, er læknarnir voru svo fáir; en jeg efast um, að það færi betur, þótt breytt væri til, og jeg óttast fyrir, að það færi miður. Presturinn

hefir líka sjerstaka hvöt til að ganga eptir bólusetningum, því að það kemur fyrst til hans kasta, við ferminguna, hvort börnin eru bólusett eða ekki. Jeg álít rjett annaðhvort að fresta þessu máli eða láta það ekki lengra fara.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Frv. þetta er að sönnu frá hjeraðsfundi, en á honum sitja fleiri en prestar, svo það er ekki þeirra verk, fremur en leikmanna, og jeg verð að halda því fram, að það sje meiri trygging í því, að læknarnir hefðu umsjón með bólusetningum en prestarnir. Aptur er ekkert á móti því, að prestarnir eða aðrir góðir menn væru þeim hjálplegir. Jeg held því enn fram, að gengið sje til atkvæða um frumvarpið, og tek það ekki aptur.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins leyfa mjer að gefa þá upplýsing, að eptir nú gildandi reglum hafa læknar umsjón með bólusetningum, og er þeim upp á lagt þetta í konungsbrjefi 24. marz 1830. En prestar og þeir aðrir, sem skipaðir eru bólusetjarar, eru settir til að hafa á hendi framkvæmd bólusetningarinnar. Jeg held, að það væri mjög óheppilegt, ef læknum væri gert það að skyldu, að framkvæma sjálfir bólusetningar, enda mundi það auka störf þeirra meir en sanngjarnt væri, og meira en svo, að þeim væri unnt að komast yfir slík störf; og afleiðingin yrði, að bólusetningunum væri að líkindum lakar farið eptir en áður. Þar á móti er læknum skylt að hafa umsjón með bólusetningunum. Prestar geta líka orðið lausir við bólusetningar, ef þeir í einstökum tilfellum óska þess, og ástæður eru til þess; þetta hefir opt komið fyrir; prestar hafa með samþykki hjeraðslæknisins fengið annan mann settan í sinn stað sem bólusetjara. Að því mjer er kunnugt, hefir aldrei verið synjað um þetta, er læknirinn hefir lagt meðmæli sín með því. Verð jeg því að leggja til, að málinu sje ekki sinnt, því að jeg álít það óþarft, og að eins til að eyða tíma þingsins.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Það hlýtur að vera á valdi h. þingd., hvað hún gerir við þetta frumvarp, en jeg tek það ekki aptur, þó hægt sje nú að geta sjer til, hver forlög þess muni verða, og virðist því óþarft að eyða um það fleiri orðum.

— Frumvarpið var síðan fellt frá 2. umr. með 16 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um nám yfirsetukvenna (C. 138); 1. umr.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Það virðist vera óhappadagur fyrir frumvörp, þessi 14. júlí; það gengur svo ört með niðurskurð frumvarpa hjer í deildinni, að það væri næstum ástæða fyrir mig að taka þetta frumvarp aptur, heldur en eiga á hættu, að það verði fyrir sömu afdrifum. En jeg vil þó ekki gera það, því að það mælir svo mikil sanngirni með, að það fái fram að ganga. Mjer kom til hugar, að það þyrfti að rýmka um skilyrði, sem sett eru í lögum 17. des. 1875 fyrir fræðslu yfirsetukvenna, þannig að þær þyrftu ekki að ferðast langar leiðir til að nema yfirsetukvennafræði, heldur gætu fengið kennslu í hjeruðunum sjálfum, og vildi jeg þannig upphefja þá ákvörðun, að yfirsetukonum væri gert að skyldu að læra og taka próf hjá læknum einungis á þeim 5 stöðum, sem tilgreindir eru í yfirsetukvennalögum 17. des. 1877, 5. gr.

Eiríkur Kúld: Jeg vil leyfa mjer að styðja þetta frumvarp, því að jeg veit til, að það hefir orðið mörgum til fyrirstöðu, hve kostnaðarsamt það er að ferðast svo langa leið til að sækja kennslu í yfirsetukvennafræði, og vil jeg því stinga upp á, að frumvarpinu sje umræðulítið vísað til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg get ekki álitið æskilegt, að þetta frumvarp verði samþykkt, því að mínu áliti miðar það til að draga heldur úr þeirri tryggingu, sem próf það á að veita, er yfirsetukonur eptir hinum gildandi lögum eiga að ganga undir, áður en þær verði skipaðar yfirsetukonur. Yfirsetukonur þurfa að hafa fengið góða menntun, og því er áríðandi, að tryggingin fyrir því sje sem áreiðanlegust. Jeg hefði álitið miklu rjettara, að frumvarpið hefði farið í gagnstæða stefnu, ef ákveðið hefði verið í því, að allar yfirsetukonur ættu að taka

próf hjá landlækninum, því að það má álíta, að með því væri fengin betri trygging fyrir kunnáttu þeirra og hæfilegleikum. Það er satt, að það er ekki sagt, að þeir hjeraðslæknar, sem nú er ákveðið að skuli prófa yfirsetukonurnar og kenna þeim, sjeu færari til þess en allir aðrir hjeraðslæknar, en það er þó líklegt, að þegar yfirsetukvennanámið er bundið við þessa fáu lækna, þá fái þeir meiri æfing í að kenna hana en hver hinna við að kenna fáum hver, og því sje meiri trygging fyrir kennslunni og prófinu með þessu móti. Þar sem það hefir verið fært sem ástæða með þessu frumvarpi, að nauðsynlegt væri að gera breyting á þessu sakir erfiðleikanna að komast á kennslustaðina, þá get jeg ekki gert svo mikið úr þessari ástæðu, þar sem yfirsetukonurnar fá ferðakostnaðinn jafnan endurgoldinn úr landssjóði. Jeg get því ekki lagt svo mikla áherzlu á þessa erfiðleika, nema ef frumvarpið skyldi miða til þess að ljetta þessari byrði af landssjóðnum. En mjer finnst minna varið í það, en að sem mest trygging sje fyrir kunnáttu yfirsetukvennanna. Jeg verð því að vera frumvarpinu mótfallinn, og álít það ekki gott, að það yrði að lögum.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Jeg álít þó gott fyrir landssjóðinn, að spara þessar fáu krónur, og með tilliti til erfiðleikanna fyrir yfirsetukonur að fara til þessara vissu lækna, skal jeg geta þess, að þótt þær fái ferðakostnaðinn endurgoldinn, þá geta ferðirnar opt verið þeim erfiðleikum bundnar, að óhentugt sje og ekki tilvinnandi, að gera sjer langa og erfiða ferð, þótt þar af leiðandi ferðakostnaður fáist endurgoldinn. En með tilliti til tryggingar fyrir kunnáttunni, held jeg að það sje nóg trygging í því ákvæði í niðurlagi frumvarpsins, er segir: »ef landlæknir tekur gilt».

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal lýsa því yfir, að mjer finnst ákvæði 5. gr. í yfirsetukvennalögunum ekki eins og það ætti að vera, en jeg get þó ekki verið með þessu frumvarpi. Jeg kann ómögulega við þá ákvörðun: »ef landlæknir tekur gilt».

Jeg skal annars ekki mæla fleira móti frumvarpinu, því að jeg ætla, að það gangi ekki til annarar umr. En væri nokkur breyting gerð frá því sem er, þá ætti hún að vera í þá átt, að gera próf yfirsetukvenna tryggilegra, og það yrði bezt gert með því, að allar yfirsetukonur tækju próf í Reykjavík.

— Málinu var vísað til 2. umr. með 11 atkv. gegn 5.

Afgreiðsla á bænarskrám m. m.

1. Bænarskrá um uppgjöf á árgjaldi frá Stað á Reykjanesi.

Eirikur Kúld: Jeg verð að leyfa mjer að skýra dálítið frá, hvernig stendur á þessari bænarskrá. Þegar brauðamatsmálið var til meðferðar, kom fram uppástunga, að gjalda skyldi 400 kr. árlega af þessu brauði, en það var með því skilyrði, að Garpsdalsprestakall yrði sameinað við Stað á Reykjanesi. Nú hefir þetta eigi orðið, þótt prestaskipti hafi orðið, og Staður eins og hann var áður. Þetta afgjald af brauðinu er mjög tilfinnanlegt. Þess vegna hefir prestur farið fram á, að hann fengi uppgjöf á þessu gjaldi, og hafa allir sóknarbændur hans skrifað undir vottorð um, að það væri nauðsynlegt. Með þessum skýringum vil jeg óska, að bænarskránni sje vísað til fjárlaganefndarinnar, með þeirri von, að þótt hún gefi ekki allt gjaldið eptir, þá muni hún þó að minnsta kosti finna ástæðu til að lina þetta ósanngjarna árgjald af brauðinu.

— Var bænarskránni síðan vísað til fjárlaganefndarinnar.

2. Fundarskýrsla frá Leiðvelli; afhent flutningsm. sem afgreidd.

3. Bænarskrá frá Sigfúsi Eymundssyni um 12—1500 kr. styrk til að gefa út »Ísland í myndum»; var henni vísað til fjárlaganefndarinnar.

Þrettándi fundur, miðvikudag 15. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frv. til laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu bréfi 27. maí 1859, verði

teknar upp í Stjórnartíðindin, deildina B (C. 156); 1. umr.

Forseti: Af því að sumir h. þm. fóru nokkuð hörðum orðum um Ed. í gær hjer í deildinni, vil jeg, áður en umræður hefjast, mælast til þess, að menn gæti hófs í orðum sínum um það, sem fram hefir farið í Ed. Því þótt sumum kunni stundum að virðast, að ástæða sje til áfellisdóms að efninu til, þá er æskilegt vegna samvinnunnar og sóma þingsins, að hver deildin sýni hinni virðingu.

Landshöfðingi: Með því að frv. liggur hjer fyrir óbreytt, eins og það kom frá stjórninni, skal jeg að eins leyfa mjer að gera fáar athugasemdir við það. Frv. var samþykkt óbreytt í Ed. og með litlum umræðum, af því það þótti ekki áhorfsmál að samþykkja það. Skal jeg leyfa mjer að skýrskota til athugasemda þeirra, sem prentaðar eru aptan við stjórnarfrv. Er þar þess getið, að farið sje fram að fá þessi ákvæði til þess að trygging sje fyrir því, að ávallt sje til hæfilegt og nógu útbreitt rit, þar sem hinar opinberu auglýsingar verði birtar, af því ekki sje víst, að jafnan muni koma út í Reykjavík þjóðblað, er sje vel lagað til þessa.

Jeg skal taka það fram, að þótt frv. þetta verði að lögum, þá er það engan veginn sagt, að til þess komi, að heimild þessi verði notuð; það er komið undir því, hvort þess gerist nokkurn tíma þörf. Jeg vona h. þingd. sje ljóst, hvað hjer er farið fram á, og mun ekki finna neina meinbugi á, að stjórninni verði veitt þessi heimild. Jeg skal geta þess, að ef þessi heimild yrði veitt og til þess kæmi, að það þyrfti að nota hana, þá mætti haga útgáfu Stjórnartíðindanna nokkuð öðruvísi en nú er gert, t. d. þannig, að það kæmi að eins út ½ örk í einu, og því miklu optar en nú gerist. Hvað útbreiðslu Stjórnartíðindanna snertir, þá get jeg fullvissað þm. um, að þau hafa svo ákveðna og vissa útbreiðslu um allt landið, að kunnugleiki um þessar auglýsingar hlyti að verða nægilega viss og jafnvel vissari, en í einhverju blaði. Jeg skal enn fremur geta þess, að þessi ráðstöfun mundi ekki valda landssjóði neinum kostnaði, þótt tíðindin yrðu nokkru stærri eptir en áður, því þótt Stjórnartíðindin tækju ekki nema lága og sanngjarna borgun fyrir auglýsingarnar, þá mundi þó það, sem kæmi inn fyrir þær, verða nægilegt til þess að borga þann kostnaðarauka, sem stækkun tíðindanna fyrir auglýsingarnar hefði í för með sjer.

Th. Thorsteinson: Jeg verð að vera á annari skoðun í þessu máli en hinn hæstv. landshöfðingi, og það af þeirri ástæðu, að Stjórnartíðindin eru enn svo lítið útbreidd, þar sem að eins eru seld af þeim um 150 eintök, eins og sjá má af landsreikningunum, og þótt margir fái þau gefins t. d. hreppstjórar o. fl., þá eru þau samt ekki nærri því eins útbreidd eins og blöðin. Að öðru leyti álít jeg ákvörðunina heppilega, ef Stj.-tíðindin væru svo útbreidd, að þetta gæti þess vegna látið sig gera. En að Stjórnartíðindin hafa eins litla útbreiðslu eins og þau hafa, það álít jeg meðfram því að kenna, að stjórnin ekki hefur tekið tillit til uppástungu þeirrar, sem kom fram frá fjárlaganefndinni 1883, um að gera tilraun til þess að auka meira útbreiðslu þeirra með því að setja þau niður í 1 kr. í staðinn fyrir 1 kr. 66 au., eins og þau nú eru seld fyrir. Mjer getur því ekki fundizt, að Stjórnartíðindin sje nógu útbreidd til þess að ástæða sje til að taka þessar auglýsingar frá öðrum blöðum og setja þær í þau. Annars finnst mjer ekki þurfa að gefa stjórninni þessa heimild, því jeg verð að álíta að hún hafi nú sem stendur heimild til að láta prenta þær auglýsingar í Stjórnartíðindunum, er henni þykja nauðsynlegar. Jeg get af framangreindum ástæðum ekki verið með þessu frv. nú sem stendur.

Jón Ólafsson: Það sem mjer æfinlega verður fyrst fyrir, er jeg sje nýtt frv., er að spyrja: hvernig stendur nú á þessu frv.? Er nokkur þörf á lögum um þetta efni? Og þegar þessa er spurt um frv. stjórnarinnar, sem hjer liggur fyrir, þá virðist svarið hljóta að verða: Frv. er alveg *ástæðulaust* og *óþarft*. Það eru einmitt til gildandi lög í opnu brjefi

27. maí 1859, sem veita stjórninni heimild til að birta þessar auglýsingar í þjóðblaði, sem komi út í Reykjavík, og stjórnin hefir hingað til ekki orðið í neinum vandræðum með að fá þær birtar á prenti, og jeg sje engar líkur til, að henni muni verða vandræði úr því framvegis, þar sem nú koma út margfalt fleiri blöð í Reykjavík en verið hefir að undanförnu, og fjórfalt fleiri en þegar opna brjefi 27. maí 1859 var gefið út. Hinn hæstv. landsh. gat þess, að þessi heimild mundi ekki verða notuð, nema til hennar þyrfti að taka. Hvernig á að skilja það? Annaðhvort er stjórnin auðsjáanlega hrædd um, að það blað, sem auglýsingarnar eru nú birtar í, leggist niður, eða þá svo er komið, að stjórnin getur nú loksins ekki lengur verið þekkt fyrir að láta prenta þær lengur í því blaði, sem hún útvaldi sjer fyrir nokkrum mánuðum, er hún tók auglýsingarjettinn frá blaðinu »Þjóðólfi», sem hefir flutt þessar auglýsingar frá 1859 til nýárs 1885, og aldrei verið eins útbreitt eins og einmitt árið, sem stjórnin tók af því auglýsingarnar. Mjer finnst þetta vera eins konar »*falliterklæring*» hjá stjórninni, að hún játi, að sjer hafi tekizt svo hraparlega, er hún breytti til, að hún geti ekki verið þekkt fyrir að birta auglýsingarnar ári lengur í þessu sína nýja útvalda keri. Eða er hitt heldur, að »Suðra» hafi orðið svo bumbult af þessum stjórnarbita, að stjórnin sjái fram á, að hans dagar sjeu nú þegar taldir? Það lítur helzt út fyrir, að allt ætli að verða »fallit», sem kemur nærri því blaði, sem stjórnin hefir valið sjer til þess að láta birta í auglýsingar sínar. Og skyldi þessi ódæmi fylgja auglýsingum stjórnarinnar, vil jeg allra sízt fá þær í Stjórnartíðindin, því jeg vil fyrir engan mun andlát þeirra eða skammlífi.

Það er sjerstaklega eitt, sem mælir á móti þessu frumvarpi, og það er, að hávaðinn af landsmönnum sjer aldrei þessar auglýsingar, þótt þær komi út í Stjórnartíðindunum, þar sem þau eru svo lítið útbreidd. Hinn h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) sagði, að það mundu seljast um 150 eintök af þeim á ári; en það mun vera of mikið í lagt, því sú upphæð, sem jeg hefi fundið tilgreinda sem innkomna fyrir seld Stjórnartíðindi, nemur eitthvað um 150 eintaka virði; en þess ber vel að gæta, að á hverju ári selst töluvert af *eldri árgöngum* af tíðindunum, og andvirði þeirra er talið með í þessari upphæð. Má af þessu sjá, að tíðindin eru mjög lítið útbreidd, að fráteknum þessum fríexemplörum, sem nokkrir embættlingar og önnur stjórnvöld fá. Þar á móti koma út 4 blöð hjer í Reykjavík, hvar af 3 hafa yfir 1000 kaupendur og 2 þeirra um og yfir 1500. Að eins auglýsingablað stjórnarinnar hefir talsvert undir 1000 kaupendum. Hjer er ekkert tekið tillit til þarfa almennings, sem opt getur verið bráðnauðsynlegt fyrir að fá að vita af birtingunni. Það getur t. d. komið fyrir, að birt sje arfsinnköllun í dánarbúi, sem viðkemur mönnum, sem alls eigi halda Stjórnartíðindin. Hinn hæstv. landsh. sagði, að útbreiðsla Stjórnartíðindanna væri svo jöfn og viss, og því væri þetta fyrirkomulag haganlegra, því það væri engin sókn til í landinu, sem þau ekki kæmu í. En miklu heldur má nú segja þetta um hin Reykjavíkurblöðin; það er víst ekki ein einasta sókn á landinu, þar sem þau ekki eru haldin; líklega enda vandfundin sókn, sem hin útbreiddustu blöð vor, »Þjóðólfur» og »Ísafold», hafi ekki *margfalt fleiri* kaupendur en Stjórnartíðindin. Auk þess er þess að gæta, að þeim mönnum, sem fá Stjórnartíðindin gefins, er gert að skyldu að halda þeim saman. En ættu auglýsingar í þeim að verða kunnar alþýðu, þá yrði hreppstjóri eða hreppsnefndaroddviti að láta eintak sitt af Stjórnartíð. ganga að láni bæ frá bæ, eins og sveitarbola; er þá hætt við að lítið yrði eptir af þeim til innbindingar á eptir. En einmitt þetta á sjer stað með hin almennu frjettablöð; þau eru lánuð bæ frá bæ, svo það eru víst sárafáir bæir á öllu Islandi, þar sem hin stærri blöðin sje ekki lesin. Hvað beinlínis kostnaðinn við að prenta auglýsingar í Stjórnartíðindunum snertir, þá ímynda jeg mjer að vísu, að hægt væri að rísa undir honum, því tíðindin mundu varla stækka svo mikið fyrir þessar aug-

lýsingar, þar sem þær ekki eru meiri en svo, að það, sem borgað er undir þær, mun jafnaðarlega vera fyrir innan 40—50 kr. á ári af öllu landinu og mörg ár frá 25—40 kr. En þar sem hinn hæstv. landsh. gat þess, að bæta mætti úr því, hve Stjórnartíðindin kæmu strjált út, með því að láta koma út ½ örk í einu, þá yrði það talsverðum kostnaði bundið að láta koma út hálfa örk á hverri viku. En það er líka annað, sem hjer kemur til greina, og það er, að það líður opt langur tími frá því Stjórnartíðindin eru dagsett, þangað til þau koma út meðal manna. Þau hafa opt ekki komið hjer út um bæinn fyr en viku eða hálfum mánuði eptir að þau voru dagsett; og hvað skyldi þá vera út um landið? Það er ekki nóg, að tíðindin komi út úr prentsmiðjunni; það þarf líka að senda þau út, og þótt auglýsingarnar kunni að borga kostnaðinn við stærðarauka tíðindanna, þá eykst kostnaðurinn við að senda út að eins hálfa örk í einu að svo miklum mun, að allur kostnaðurinn mundi fara margfalt fram úr þeirri upphæð, er kæmi inn fyrir auglýsingarnar. Ef þar að auki ætti að senda tíðindin út með hverri lausaferð, sem fellur, eins og á sjer stað með blöðin, þá fengi skrifstofa landsh. töluverð aukastörf, og mun hún þó þykjast hafa nóg á sinni könnu. Jeg get af eigin reynslu borið um, hve mikla fyrirhöfn útsending hefir í för með sjer, og hve kostnaðarsöm hún er, eigi hún að vera í góðu lagi. Jeg hefi sjálfur borgað manni 250 kr. á ári fyrir að annast útsending á blaði mínu, og til þess að borga undir það hafa gengið á *þriðja hundrað* kr. Nei! þá gæti stjórnin eins vel látið slá auglýsingunum upp á einhverjum vatnspóstinum hjerna í Reykjavík, og þannig sparað sjer allan kostnað; það leiddi að eins til hins sama, sem orðið hefir síðan stjórnin fór að birta auglýsingarnar í blaði, sem varla nokkur sjer eða les, nefnil. að hin stærri blöðin verða neydd til að gefa lesendum sínum útdrátt úr þeim. Jeg verð því að ráða til að fella þetta frv., og situr þá stjórnin við ákvæði hins opna hrjefs frá 27. maí 1859; það er líka dá-hentugt fyrir stjórnina, ef hún álítur einhverja snöp eða aukabitling í þessum auglýsingum, að hafa þær á lausum kili til þess að stinga þeim að einhverju því blaði, sem henni kann að vera geðþekkt og sem leggur sig í líma til að flytja skoðanir hennar og dýrka gæðinga hennar.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. Ísf. (Th. Th.) áleit, að stjórnin þyrfti ekki heimild þá, er um er getið, til þess að gefa auglýsingarnar út í Stjórnartíð., því hún hafði þessa heimild, þá er þetta ekki skoðun stjórnarinnar. Stjórnin þarf að fá tíðindin löggilt til þessa, því eptir nú gildandi lögum á að gefa þær út í einhverju blaði, sem út kemur í Reykjavík. Sami h. þm. gat þess, að útbreiðsla Stjórnartíð. væri svo lítil, að þessi ákvörðun væri fyrir þær sakir óheppileg, og kæmi það af því, að stjórnin hefði ekki farið eptir tillögum fjárlaganefndarinnar með að setja verðið á tíðindunum niður. Með tilliti til þessa skal jeg geta þess, að verðið á tíðindunum er mjög lágt eptir stærð bókarinnar, og það er ekki líklegt, að þau væru keypt mikið meira, þó þau væru sett niður; það er ekki verðhæð tíðindanna að kenna, hve lítið er selt af þeim, heldur miklu fremur af því, að þeir, sem helzt mundu kaupa þau, fá þau gefins, eða af því að menn eru of skeytingarlausir um að eignast þau. Hinn h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) áleit það engum vafa undir orpið, að stjórnin gæti ávallt átt aðgang að einhverju blaði til að birta í auglýsingarnar. Stjórnin hefir nú verið á annari skoðun; hún hefir haldið, að út af því gæti brugðið, og það sýnist líka vel geta komið fyrir, að ekki komi út blað í Rvík, sem fullnægi þeim kröfum, sem hægt er að gera til þess blaðs, sem taka á slíkar auglýsingar. Það er heldur eigi víst, að stjórnin geti ávallt fengið þau blöð, sem til eru, til að taka auglýsingarnar með svo aðgengilegum kostum, sem æskilegt er. En eins og jeg sagði áður, verður þessi heimild ekki notuð nema þetta komi fyrir. Hvað útbreiðslu tíðindanna snertir, þá er það villandi, að vera tala um eina 150 kaupendur, þar sem svo miklu er útbýtt gefins af tíðindunum, sem ekki á sjer stað með blöðin. Tíðindunum er útbýtt gefins til

allra sýslumanna, presta, alþingismanna, hreppstjóra, hreppsnefnda og sýslunefnda. Það eru því mjög margir, sem fá tíðindin í hendur, og þeim er ávallt útbýtt eptir föstum reglum, svo almenningur veit, hvar þau er að finna, og getur því leitað sjer upplýsinga þar. Hvað útsendingu á Stjórnartíðindunum snertir, þá eru þau send reglulega út með póstferðunum, eins og optast mun líka eiga sjer stað með blöðin, að minnsta kosti til hinna fjarlægari hjeraða landsins. Póstferðirnar eru líka þær vissustu ferðir. Ef auglýsingarnar yrðu prentaðar í tíðindunum, yrði ný nauðsyn á og sterkari hvöt til að senda þau sem optast út. Jeg get því ómögulega sjeð nein vandkvæði á, að menn geti fallizt á frv. eins og það liggur fyrir. Jeg ítreka það aptur, að þessi heimild mun ekki verða notuð, nema á þurfi að halda, en að það geti komið fyrir, held jeg menn verði að játa, og þá er auðvitað mikils virði að geta gripið til þessarar heimildar.

Jón Ólafsson: Hinn hæstv. landsh. áleit, að það gæti komið fyrir, að ekki væri hægt að fá auglýsingarnar birtar í blöðum hjer, með því ekki væri trygging fyrir því, að ávallt kæmi hjer út blað, sem vel væri lagað til þessa. Þegar opna brjefið frá 27. maí 1859 var út gefið, kom ekki út nema alsendis *eitt* blað hjer í Reykjavík, og þá var stjórnin óhrædd að setja þau ákvæði, sem nú gilda. Nú koma út 4 blöð í Rvík, og öll líkindi eru til að þeim muni heldur fjölga en fækka framvegis. Síðan 1859 hefir stjórnin aldrei komizt í nein vandræði með að fá auglýsingarnar birtar í blöðunum, en nú er hún allt í einu orðin hjartveik út af því, að hugsanlegt sje, að öll blöð leggist hjer niður. Bíðum eptir að þetta komi fyrir; þá má fara að hugsa um að sjá ráð við því. Það hefir opt verið haft á móti frv. hjer í deildinni, að það væri óþarfi að búa til lög um það, sem aldrei hefði komið fyrir. Ef þessi mótbára á nokkurstaðar við, á hún fyllilega við þetta frv., því sú ástæða sem færð er fyrir því, hefir aldrei komið fyrir, og það eru *engin minnstu líkindi* til, að hún muni *nokkurn tíma* koma fyrir. Hinn hæstv. landsh. gat þess, að það væri ekki nóg, að blöðin væru til; það væri ekki víst, að þau vildu birta auglýsingar með hæfilegum kjörum. Jeg verð að segja, að þetta hefir *heldur* aldrei komið fyrir. Þegar stjórnin tók auglýsingarnar frá Þjóðólfi, þá var ekki minnzt á kjörin einu orði, enda eru þau engu betri hjá blaði því, er nú flytur þær. En eins og hæstv. ldsh. veit, fór hann, *þvert á móti því, sem nokkurn tíma* hefir tíðkazt í Danmörku í slíkum tilfellum, alveg á bak við blað það, er hann svipti auglýsingunum, og hann hefir ekki heldur enn í dag spurt hitt útbreiddasta blaðið hjer, Ísafold, um, með hvaða kjörum hún vildi taka þær. Það var bara farið með þær í blað það, sem minnsta hafði útbreiðslu og öllum almenningi var andstyggilegt, án þess að minnzt væri á það við hin blöðin. Þetta frv. er einungis vandræða-úrræði, af því stjórnin sjer, að hún er komin í ógöngur með þessar auglýsingar. Þar sem h. hæstv. ldsh. sagði með tilliti til útsendingarinnar á Stjórnartíð., að þau væru send með póstferðunum, sem væru hinar vissustu ferðir, þá verð jeg að álíta, að aðrar ferðir sjeu opt eins vissar og póstferðirnar, og opt miklu greiðari til mikils hluta af landinu; en æskilegt væri, að auglýsingarnar væru sendar með *hverri ferð*, sem fyrst fellur, svo þær kæmu mönnum sem fyrst í hendur. Það eru líka margar ferðir, sem eru fullt eins vissar og póstferðirnar; í vetur t. d. lá allt krossband ɔ: öll blöð, í Hjarðarholti og Arnarholti í 1—3 mánuði, og má af því sjá, að póstferðirnar eru ekki vissari en hverjar aðrar ferðir. Þess utan var mörgu týnt af blöðum þeim, sem send voru, og held jeg, að aldrei hafi orðið önnur eins óskil á póstsendingum hjer á landi. Það gegnir annars furðu, hvernig getur gengið með póstsendingar hjer. Jeg hefi sjálfur afhent blöð á pósthúsið og horft á þau stimpluð, og daginn eptir hefir pósturinn farið, en þó hafa þau fundizt af krökkum upp með stíg, stungin inn í veggjarholur; geymi jeg þessa blaðapakka enn óupprifna, og hefi vitni að því, hvar þau fundust. Komið hefir það og fyrir í vetur,

að nokkrum póstferðum eptir að bögglar hafa verið afhentir hjer til flutnings á pósthús, hafa þeir legið niðri í búðum kaupmanna. Bæði í Rangárvalla- og Árnessýslu, Gullbringu, Kjósar, mestan hlut Borgarfjarðar, og stundum í nokkurn hlut Mýrasýslu komast blöð miklu fyr með ferðum prívatmanna, en með póstferðunum; h. hæstv. landsh. sagði, að það mundi verða hvöt til að senda Stjórnartíð. út optar og greiðara en nú gerist, ef auglýsingarnar væru birtar í þeim, en þau yrðu þó send út frá skrifstofu landshöfðingja, sem hefir mjög mikið annríki, eins og hann mun sjálfur kannast við, og því varla getað náð eins vel í allar ferðir eins og blaðamennirnir. Það er líka ein hvöt, sem blaðamennirnir hafa, sem stjórnin ekki hefir, til þess að senda blöðin út sem fyrst, og það er *eiginhags-hvötin*, og sú hvötin er optast hin sterkasta hjá mönnum. Eins og jeg hefi þannig sýnt, er þetta frv. algjörlega óþarft, og vona jeg, að hin h. þingd. lofi því að lognast út af.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít mjer skylt að geta þess, að á fundi, sem haldinn var í kjördæmi mínu, var rætt um þetta mál, með því menn höfðu sjeð í blöðunum, að von væri á slíku frumv. Á þessum fundi varð sú skoðun ofan á, að þessi ráðstöfun mundi ekki hagkvæm. Að hinu leytinu, þegar jeg skoða málið frá mínu sjónarmiði, dylst mjer ekki, að tilgangur þessara auglýsinga er sá, að þær verði sem fyrst og óhultast kunnar. Gamli vegurinn til þess er sá, að setja þær í blöð, og það getur skeð, að sú birting sje opt fljótlegri, en orðið getur í Stjórnartíðindunum, og enn fremur, þegar á útbreiðsluna er litið, eru færri expl. af Stjórnartíðindunum. En hjer kemur annað til greina, að Stjórnartíðindin eru til á vissum, tilteknum stöðum, hjá hverjum presti, hreppstjóra, alþingismanni o. s. frv.; þess vegna er vissa fyrir, að auglýsingarnar komi að sjálfsögðu í hvert prestakall, og að líkindum tíðast í hverja sókn. Jeg verð því að álíta mögulegt, að auglýsingarnar verði landsmönnum sem bezt kunnar með þessu móti, en þá þarf viðauka, ef ekki við þetta frumvarp sem lög, þá af stjórnarinnar hálfu, t. d. að hreppstjórum væri gjört að skyldu að gera auglýsingarnar kunnar. Ef því væri við bætt, þá væri meiri trygging fyrir, að þær kæmust út til almennings, en í hverju þjóðblaði. Frv. hefir líka annan kost. Auglýsingarnar varðveitast bezt í Stjórnartíðindunum, af því það er lagaskylda að varðveita þau, en engin lagaskylda til að geyma blöðin. Jeg tek það fram að síðustu, að með því skilyrði, að það sje á einhvern hátt gjört að skyldu að kunngjöra auglýsingarnar, mun jeg greiða atkvæði með frv.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er einn af þeim, sem eru á móti óþörfum frumv., en einkum þó ef þau þrengja frelsi manna, en gera enga bót. En þó þetta frv. sje lítið og ekki mikilsvert, þá gerir það þó umbót á því sem er, einkum þar sem það blað, sem nú hefir hinar opinberu auglýsingar, er svo lítið út breitt, að það er ómögulegt að fá það í heilum sveitum. En Stjórnartíðindin eru til hjá hverjum hreppstjóra og á hverju prestsetri, svo allt af er hægt að fá vitneskju um auglýsingarnar við sóknarkirkju sína, eða hjá hreppstjóranum, svo jeg ekki tali um hjá sýslunefndum og amtsráðum. Að þessu leyti er vinningur við frumv. Það er og tilhlýðilegt, að auglýsingar frá stjórnarvaldinu sje prentaðar í þess eigin tíðindum. Og auk þess væri það ný hvöt fyrir almenning, að kaupa Stjórnartíðindin, ef þetta kæmist á. Það er hryggilegur vottur um afskiptaleysi alþýðu, hvað Stjórnartíðindin eru lítið keypt. Hryggilegu vottur, segi jeg, því hvernig eiga þeir menn að geta dæmt um landslög og landstjórn, sem aldrei hafa sjeð annað um málin en einstakar greinar í dagblöðunum, að þeim ólöstuðum? Það er auðvitað: blöðin geta ekki talað öðruvísi en þeim þykir bezt fyrir sitt leyti, en geta ekki skoðað málið frá báðum hliðum.

Þorsteinn Thorsteinson: H. hæstv. landshöfðingi hefir misskilið mig dálítið, að jeg hafi sagt, að stjórnin þyrfti ekki heimild til, að breyta þessu. Jeg sagði, að hún gæti sett þar líka það sem henni þætti nauðsynlegt, en þar fyrir utan er hún skyld-

ug til, að auglýsa í blaði. Jeg álít, að verðmunurinn hafi töluverða þýðingu, og það er ekki að eins mín skoðun, heldur líka fjárlaganefndarinnar 1883, og þingsins sjálfs, því það samþykkti tillögur hennar um það, að setja niður verðið á stjórnartíðindunum. Að vísu má 1 kr. 66 aurar ekki heita mikið verð, en þegar uppástungan var að selja þau fyrir eina krónu, er munurinn þó 66 af hundraði, og það er ekki svo lítilvægt í kaupum og sölum. Jeg er h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) samdóma um það, sem hann tók fram, að þó að 2 expl. af Stjórnartíðindunum komi í einhverja sveit, þá er það minna en 1 expl. hefði komið af blaði, því blöðin ganga bæ frá bæ, en það er lagaskylda að halda Stjórnartíðindunum til haga. Jeg er því á móti frv., af því að útbreiðsla Stjórnartíðindanna er of lítið. Það er snertir útsendinguna, er jeg samdóma h. hæstv. landsh. um, að Stjórnartíðindin koma venjulega í reglu á póststöðvarnar, en á leiðinni þaðan út í sveitirnar fara þau opt illa, því, eins og kunnugt er, höfum við enga innansveitarpósta. Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sagði, að heppilegt væri, að hreppstjórar kunngjörðu auglýsingarnar, er skoðun mín sú, að það væri of mikið á þá lagt. Þeir hafa nógan starfa auk þess. Og hvernig ætti að haga þeirri skyldu? Ætti að skylda þá til, að koma í hvert skipti á kirkjustaðina til að auglýsa þar? Það væri opt ómögulegt fyrir þá, því messuföll verða opt, og er ómögulegt fyrir presta að kunngjöra það fyrir fram. Að senda út um allar sveitir yrði of dýrt og opt ómögulegt. En jeg skal fallast á, að ef það blað, sem nú hefir auglýsingarnar, er svo lítið út breitt, sem sagt er, sem mjer er ókunnugt um, þá væri heppilegra að ákveða, að þær skyldu þá birtast í einhverju blaði, sem er meira útbreitt.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki samdóma h. 1. þm. Ísf. (Þ. Th.) um að Stjórnartíðindin komist optast fljótt og vel frá póststöðvunum. Stundum er það sýslumönnunum að kenna, að þeir senda tíðindin ekki strax frá sjer; stundum vantar pósta algjörlega, t. d. er svo í Snæfellsnessýslu, að enginn póstur gengur frá sýslumanninum í Stykkishólmi út undir Jökul. En jeg játa, að auglýsingarnar eru betur geymdar í Stjórnartíðindunum.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi útbreiðslu Stjórnartíðindanna, að það er vissa fyrir því, að þau komi í hvern hrepp og hverja sókn á landinu, en engin vissa er fyrir því um hvert af dagblöðunum, og það kunna að vera til sóknir eða hreppar, þar sem sum þeirra ekki koma. Þar sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) talaði um vanskil á póstsendingum í vetur, þá eru honum eins og öðrum kunnugt, hve miklum örðugleikum póstferðir eru bundnar á vetrum, og opt er eigi unnt að sigrast á þeim tálmunum, sem náttúran leggur í veginn fyrir þær. Um óreglulega útsending frá pósthúsinu er mjer ekki kunnugt, og engar kvartanir um það hafa komið til mín. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) hreyfði því, að æskilegt væri, að hreppstjórar birtu þessar auglýsingar. Jeg get eigi sjeð neitt á móti því, að svo væri, og álít þá tillögu vera bætandi. Þeir gætu birt auglýsingar þessar á sama hátt, og þau lög, sem prentuð eru í A-deild tíðindanna, á kirkjufundum eða öðrum almennum samkomum. En þetta gæti umboðsstjórnin fyrir skipað hreppstjórunum, svo ekki þyrfti neina sjerstaklega lagaákvörðun til þess. Og get jeg ekki sjeð, að þetta sje neinum sjerstökum erfiðleikum bundið fyrir hreppstjórana. Jeg verð að leggja áherzlu á það, að það hefir praktiska þýðingu, að almenningur geti gengið að þessum auglýsingum á vissum stöðum. Og þegar menn fengju að vita, að Stjórnartíðindin hefðu þessar auglýsingar meðferðis, og þau eru jafnan á sínum vissu stöðum, þá hafa menn ætíð vissan aðgang að þeim.

— Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna var umræðunum hætt og frv. því næst fellt frá 2. umr. með 12 atkv. gegn 4.

Frumvarp til laga um prentsmiðjur (C. 124); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Við 1.

umr. þessa máls komu engin mótmæli fram gegn þessu frv. að því er innihald þess snertir. Reyndar þótti h. hæstv. ldsh. það ónauðsynlegt, en hann taldi það þó eigi óþarft. Jeg skal því eigi tefja h. þingd. með umtali um það, en að eins geta þess, að jeg varð of seinn með breyt. atkv. við næst neðstu línuna, »Brot« í staðinn fyrir: »Mál um brot«, og mun jeg koma fram með breyt. atkv. því viðvíkjandi við 3. umr., sem jeg óska að það megi ganga til.

Landshöfðinginn: Við 1. umr. þessa máls kom h. flutningsm. (J. Ó.) fram með þá ástæðu fyrir þessu frv., að hann vildi með því samkvæmt stjórnarskránni leysa þau bönd, sem lægju á atvinnu manna. Jeg vil leyfa mjer að benda h. flutningsm. (J. Ó.) á, að það mun ei vera meiningin í þessum tilvitnuðu orðum stjórnarskrárinnar, að leysa öll bönd í yfirgripsmesta skilningi, heldur þau bönd, sem eru atvinnuvegum manna til tálmunar. Að nú sjeu tálmanir fyrir því, að prentsmiðjur sjeu settar hjer á landi, hefir reynslan ekki sýnt. Frv. þetta leysir heldur ekki þetta svo kallaða band með öllu, því gengið er út frá því, að ldsh. veiti leyfið í sumum tilfellum. Það virðist og ekki gjörlegt, að þessu bandi sje að öllu leyti sleppt. En mjer sýnist ekki ósanngjarnt, að allir fái þetta leyfi kauplaust, og í því er jeg h. flutningsm. (J. Ó.) samdóma, því á þann hátt minnkaði það, sem hann kallar band. 1. gr. frv. ætti því að vera orðuð þannig, að til þess að setja upp prentsmiðju þyrfti leyfi ldsh., en það veittist ókeypis. Því það er nokkuð öðru máli að gegna með prentiðn en aðrar iðnir, jeg vil taka til trjesmíði og járnsmíði. Sú formskylda hvílir á prenturum, að þeim ber að senda lögreglustjóra exemplar af því sem prentað er. Enn fremur hafa þeir ábyrgð á hinu prentaða, hvað efnið snertið, þegar svo á stendur, að höfundur eða útgefandi er eigi tilgreindur í ritinu, eða skilyrðin fyrir að ábyrgð verði gerð gildandi gegn þeim ekki eru fyrir hendi. Það verður því að vera maður, sem er hæfur til að bera þessa ábyrgð, og eru því ekki nóg þau ummæli frv. að hann sje fjár síns ráðandi og hafi óflekkað mannorð. Í Danmörku má setja upp prentsmiðjur án sjerstaks leyfis í Kaupmannahöfn og í kaupstöðunum, en hlutaðeigandi verður að hafa borgarabrjef; en út á landinu er það bundið því skilyrði, að viðkomandi hafi leyst konunglegt leyfisbrjef. Hjer á landi virðist mjer heppilegt, að það væri bundið sama skilyrði.

Eins og jeg sagði við 1. umr., álít jeg hagfellt hið 2. atriði frv., um að prentsmiðjur skuli láta landsbókasafnið fá ókeypis exemplar af því sem prentað er í þeim, því sú skylda er þeim ekki þungbær. En þær ættu og, eins og prentsmiðjur að undanförnu hafa gert, að láta exempl. í tje til háskólabókasafnsins og hins kgl. bókasafns, og mætti skjóta því inn í frv. þetta. Það er svo lítil kvöð, að þær getur ekki munað það svo sem neinu.

Jón Ólafsson: Jeg þakka hinum hæstv. ldsh. fyrir undirtektir hans undir málið, og er jeg fús á að taka flestar bendingar hans til greina til 3. umr. Þar sem stendur í 51. gr. stjórnarskrárinnar: »Öll bönd, þau er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, *og eigi eru byggð á almennings heillum*, skal af taka með lagaboði«, þá vakti fyrir mjer sú spurning: Er þetta byggt á almennings heillum? Mjer fannst það nú ekki vera byggt á almennings heillum, að það skuli þurfa kgl. leyfi til þess að setja prentsmiðju á stofn. Jeg játa, að það er æskilegt, að prentsmiðjur sjeu einkum þar, sem lögreglustjóri er við hendina, og þess vegna vil jeg að leyfi landsh. þurfi til þess að stofnsetja prentsmiðjur fyrir utan kaupstaði þá, þar sem þetta á sjer stað. Það er satt, að í Danmörku þarf ekki konunglegt leyfi til þess að stofnsetja prentsmiðjur í borgunum, en til þess útheimtist borgarabrjef, og ef þetta frv. yrði nokkru aðgengilegra fyrir stjórnina við það, þá er jeg fús á að bæta því inn í með viðaukaatkv. til 3. umr., að í kaupstöðunum útheimtist til þess að mega setja niður prentsmiðju, að hlutaðeigandi hafi leyst borgarabrjef; en hinu atriðinu vil jeg

halda, að landsh. veiti leyfi til þess að stofnsetja prentsmiðjur fyrir utan kaupstaðina, því að þurfa að sækja um slíkt leyfi til Kaupmannahafnar getur opt valdið miklum kostnaði og óhentugleikum fyrir hlutaðeigandi leyfisbeiðendur; en í kaupstöðunum sje það gert að skilyrði, að leyfisbeiðandi sje fjár síns ráðandi og hafi leyst borgarabrjef. H. hæstv. landsh. virtist ætla, að stjórnin þyrfti að gæta þess, að sá, er um leyfi sækti, hefði til að bera hæfilegleika til að bera ábyrgð. En stjórnin getur, einkum á óróleigum tímum, farið eptir allt öðru í synjun sinni, en því, hvort maðurinn sje »hæfur« til að bera ábyrgðina. Jeg get nefnt dæmi þess, að manni hefur verið neitað um slíkt leyfi, og það er minn háttv. sessunautur (B. Sv.), og hefur það sjálfsagt ekki verið af því að hann ekki væri »hæfur« til að bera þá ábyrgð, sem h. hæstv. landsh. talaði um að prentsmiðjueigendur yrðu að bera eða geta borið, því til þess útheimtist ekki mikið; það veit jeg. Enda getur hver maður, þótt ekki sje prentsmiðju-eigandi, komið til að bera ábyrgð eptir prentfrelsislögunum, og getur stjórnin engan hindrað í, að taka slíka ábyrgð á sig, enda verður hver að gæta sín sjálfur í því sem öðru. En þótt ekki sje hætt við því nú, geta þeir tímar komið, einkum þegar stríðstímar eru í landinu, að stjórnin (sem þá yrði) yrði drjúgtæk í að neita um slíkt leyfi, og yfir höfuð vona jeg, að ekki sje neitt verulegt frv. þessu til fyrirstöðu.

Jeg hugsaði einmitt um þetta atriði, sem hinn hæstv. landsh. tók fram, nefnilega, að prentsmiðjur skyldu vera skyldar til — fyrir utan eitt expl. til landsbókasafnsins hjer, — þá eins og áður að leggja ókeypis 1 expl. til háskólabókasafnsins, og mig minnir 2 expl. til hins stóra kgl. bókasafns í Kaupmannahöfn, og datt mjer fyrst í hug að láta þá ákvörðun halda sjer, en hvarf þó frá því aptur, af því mjer fannst óeðlilegt, að leggja þá kvöð á frjálsan atvinnuveg, að íslenzkar prentsmiðjur skyldu vera skyldar til að leggja expl. til bókasafns í Danmörku, meðan engin skylda liggur á prentsmiðjum þar, að láta hið eina landsbókasafn, sem vjer höfum, fá 1 expl. af því sem þar er prentað, og væri, ef til vill, ekkert á móti því, að setja inn í frv. svo fellda ákvörðun, að prentsmiðjur hjer væru skyldar til þessa, þá er prentsmiðjum í Danmörku væri gert að skyldu að láta landsbókasafnið fá eitt expl. af því sem þar er prentað, og er jeg viss um, að Danir, svo velviljaðir sem þeir eru, tækju það vel upp.

Landshöfðinginn: Mjer finnst þó ekki ástæða til að gera það að skilyrði, að prentsmiðjur í Danmörku sendu expl. til landsbókasafnsins hjer, en hitt finnst mjer eðlilegt, að ef þessi ákvörðun, að prentsmiðjur hjer skyldu senda þessum söfnum í Kaupmannahöfn expl. eins og að undanförnu, ef sú ákvörðun kæmi fram sem bein ákvörðun í íslenzkum lögum, þótt það væri skilyrðislaust, þá væri það hvöt til þess að Danir tækju upp líka ákvörðun hjá sjer, og jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti að hreifa því við stjórnina, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, ef þessi regla fær viðurkenningu löggjafarvaldsins hjá oss, að þá verði settar líkar reglur í Danmörku hvað þetta atriði snertir.

Jón Ólafsson: Jeg er h. hæstv. landsh. þakklátur fyrir það, að hann tjáir sig fúsan til þess að styðja að því við stjórnina, að hún stuðli til að koma lögum á í Danmörku í þessa átt, og í því trausti er jeg fús á að taka þetta atriði upp í 3. gr. til 3. umr.

Atkvæðagr.:

1. gr. frv. samþ. með 18 samhljóða atkv.
2. - — — — 18 —»— —
3. - — — — 18 —»— —
4. - — — — 17 —»— —

— Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkvæðum.

Frv. til laga um stofnun landsbanka (C. 67); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): H. þingd. er það kunnugt af nefndarálitinu (C. 148) og breyt. þeim, sem nefndin hefir gert við það (151), að nefndin hefir í engu vikið frá undirstöðugreinum stjórnarfrv., heldur haldið þeim öllum óbreyttum; en þær efnisbreyt., sem nefndin hefir gert,

koma fyrst til umræðu við 2. umr. og ætla jeg því að geyma mjer þangað til, að gera grein fyrir þessum efnisbreyt. nefndarinnar.

Landshöfðinginn: Af því þetta er framhald 1. umr., finn jeg ekki ástæðu til að tala um hinar einstöku breyt. sem nefndin hefir gert á stjórnarfrv., en lýsi yfir ánægju minni yfir meðferð nefndarinnar á frv. yfir höfuð, og skal jeg við 2. umr. taka fram þær aths., sem jeg vildi gera við breyt. nefndarinnar.

— Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um Spánarsamninginn (C. 130); ein umr.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Jeg er nú reyndar ekki vel fær um að tala langt í þessu máli, en vil að eins geta þess að þessi tillaga er ekki sprottin af vantrausti til stjórnarinnar, langt frá, heldur til þess — ef jeg mætti svo að orði kveða — að halda stjórninni vakandi, og svo til þess að láta hana vita að við værum vakandi, og ætlaðist jeg til að umræðurnar um málið sýndu stjórninni og öllum öðrum sem þingtíðindin sjá og heyra, hvílíkan skaða við höfum af þessu samningsleysi. Jeg hef aflað mjer þeirra upplýsinga, að tollurinn af íslenzkum fiski muni um næstl. 3 ár hafa verið 6 kr. meir af skpnd en af fiski Norðmanna, þeim er til Spánar hefir flutzt, og er það svo mikið fje að það mun nema 274,142 kr. á ári hverju; þetta er svo mikið fje, að mjer blöskrar, þegar jeg á hina hliðina hugsa til fátæktar landsins, og þótt ekki væri nema eins árs upphæð, þá gæti það orðið til stórmikilla bóta í þessu harða árferði. Kaupmenn hafa einnig stóran óhag af þessu. Þeir geta ekki fengið vöru-umsetningu fyrir þetta fje; en það þriðja og versta er það, að jeg get búizt við að sjómenn hætti að leita fiskjar þegar svona illa gengur. Það eru kallaðir meðalhlutir, þegar þeir ná 300, og það eru þó ekki meira en 3 skpd., og á svo lítilli upphæð munar ekki lítið um 18 krónur. Það er sagt, að Norðmenn hafi boðið sinn fisk fyrir 38 kr. skpd, en þá áttu íslenzkir kaupmenn ekki að fá nema 32 kr. fyrir skpd., og þegar draga má frá 9 til 10 kr. fyrir salt og verkun, þá verður ekki mikil atvinnan. Nú hef jeg í fám orðum tekið það helzta fram sem jeg hef að mæla með þessari tillögu, en óska að aðrir betur færir taki betur fram það mikla tjón, sem við bíðum af þessu samningsleysi, einkanlega í þessu árferði og af því að geta hjer ekki notið sömu hlunninda sem Norðmenn og aðrir.

Landshöfðingi: Það er kunnugt h. þingd., að stjórninni er umhugað um þetta mál, enda er það tekið fram í boðskap konungs til alþingis, að stjórninni hafi heppnazt tilraunir sínar til að koma á samningi við Spán, en svo hafi málið strandað á öðru skeri, nefnilega ríkisþinginu. Stjórnin og alþingi eru samhuga um það, að þetta sje mikið nauðsynjamál fyrir Ísland, og að æskilegt væri sem fyrst og bezt að ráða bót á því, sem ekki hefir enn heppnazt að koma fram í þessu efni, og jeg efast ekki um, að ef stjórnin fær áskorun frá þinginu, þá muni hún þar með fá nýja hvöt til að leitast við að koma því máli fram, að því leyti hún sjer sjer með nokkru móti fært; hvort það tekst, er ómögulegt að segja nú, því ekki er víst, að stjórn Spánverja gangi nú að sömu kjörum, sem hún gekk að í marzmánuði 1884. En hitt er víst, að stjórnin vill leggja og hefir viljað leggja mikið í sölurnar af dönsku tollgjaldi, og þess vegna komst líka þessi samningur á, svo sem jeg áður hefi um getið, og hefir stjórnin gert þetta af því, að henni er ljóst, hversu mikla þýðingu þetta mál hefir fyrir Ísland; en það hefir einnig talsverða þýðingu fyrir Danmörku. Jeg fyrir mitt leyti er ekki mótfallinn þessari áskorun, og er þess fullviss, að stjórnin tekur tillit til hennar svo sem unnt er; en viðvíkjandi forminu skal jeg geta þess, að jeg kynni betur við, að það kæmi fram sem áskorun frá alþingi, heldur en frá neðri deild.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er sannfærður um, að h. hæstv. landsh. gerir allt

sitt til að styðja þetta mál, jafnframt og jeg veit með vissu, að stjórninni þykir leitt, að hafa ekki getað leitt þetta mál til fullnustu, og er það ný hvöt fyrir stjórnina að gera allt, sem í hennar valdi stendur í því efni, ef ný áskorun kæmi frá alþingi, og það er auðvitað mikil nauðsyn fyrir oss að hjer komist samningur á. Frakkar hafa nú lengi fiskað hjer við land, og eru farnir að verka fisk sinn á sama hátt sem Íslendingar og Norðmenn, og hafa þegar fengið talsverða útsölu á sínum fiski á Spáni. Frakkar standa miklu betur að vígi en vjer, bæði af því að þeir fá beinlínis styrk til fiskiveiða, og auk þess fá þeir gjald fyrir útflutning á fiski. Það er líka mun hægra og haganlegra fyrir Spánverja, að kaupa af Frökkum svo mikið og lítið sem þeir vilja og geta selt þá þegar, eða að verða að kaupa heila skipsfarma, sem óvíst er hvort þeir geti nokkurn tíma komið öllu út; að þessu leytinu stöndum vjer einnig ver að vígi. Hjer er ekki um lítið fje að ræða. Reyndar vil jeg geta þess, að þótt út úr landinu flytjist um 40 þús. skpd af saltfiski, þá fer sá fiskur ekki allur til Spánar; þangað getum vjer gert að ekki fari meira en 25 til 30 þús. skpd, og þótt það sje ekki gert meira en 25 þús. skpd á ári, og þegar þessi upphæð er margfölduð með 6 kr., sem íslenzkir kaupmenn verða að gjalda hærri toll en t. d. Norðmenn, þá fáum vjer út ekki minni upphæð en 140 þús. krónur, sem Íslendingar fá minna fyrir tollinn á Spáni, en þeir fengju, ef tollurinn væri eigi, og þá sjáum vjer, að það er frágangssök fyrir íslenzka kaupmenn að flytja þennan fisk hjeðan, nema þeir gefi lítið verð fyrir hann, og þegar lítið er verðið á fiskinum, þá getur vel verið, að útgjörðarmenn fái eigi svo mikið fyrir fiskinn, sem svarar kostnaðinum. Jeg vil taka til dæmis, að afli sje ekki mikill, og svo fá Norðmenn fyrir skpd. af sínum fiski 38 kr., en íslenzkir kaupmenn 32 krónur, þá hrökkur þetta tæplega fyrir veiðarfærum og öllum kostnaði, svo það verður eintómt tjón í stað ágóða á veiðarfærunum; þar af leiðir, að atvinnan verður næsta lítil, þegar veiðarfærahlutur-inn hrökkur eigi fyrir kostnaðinum til þeirra. Jeg vona því, að hin h. þingd. gefi þessari uppást. góðan róm, því hún er hvöt fyrir stjórnina til að gjöra allt sitt til, til þess að þessi tollur verði minni. *(Lárus Blöndal:* Það er búið að taka þetta fram áður). Það skemmir eigi, það má gjarnan taka það upp aptur.

Afgreiðsla á bænarskrám m. fl., sem fram var lagt á fundi 13. júlí.

Bænarskrá frá sjera Matth. Jochumssyni um eptirgjöf á árgjaldi frá Oddabrauði, — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Bjarna Guðmundssyni ættfræðing um styrk við ættfræðisstörf, — vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá kand. phil. Hallgr. Melsteð um þóknun fyrir aðstoð hans á landsbókasafninu. — Vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá landlækni Schierbeck um launaviðbót. — Vísað til fjárlaganefndarinnar.

Bænarskrá frá Sig. Jónssyni fangaverði um launaviðbót. — Vísað til fjárlaganefndarinnar.

Fundarskýrsla frá Sandgerði í Gullbringusýslu; afhent flutningsm. sem afgreidd.

Fjórtándi fundur, fimmtudag 16. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frv til laga um löggilding nokkurra verzlunarstaða (C. 127); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal ekki tala langt um þetta frv. að þessu sinni. Það hefir komið viðaukatill. frá h. þm. S.-Þing. (J. S.), og er jeg henni samþykkur. Br.till. hefir líka komið frá h. 1. þm. Ísafj.sýslu. Jeg vona að h. deild samþykki hana ekki; skal ekkert tala um hana nú, en ímynda mjer að h. 2. þm. sömu sýslu muni vega að henni.

Þokell Bjarnason: Það hefir nú um hríð legið frammi á lestrarsalnum skýrsla viðvíkjandi 3. tölul. þessa frv., nefnil. Vogavíkinni. Skýrsla þessi er vel og greinilega samin og vel sannfærandi; en þótt h. þm. hafi haft tækifæri til að kynna sjer hana,

skal jeg samt taka fram hin helztu atriði hennar. Höfnin er 6 faðma djúp, botninn leirbotn, mjúkur en þó fastur. Innsigling á höfnina er breið, en sker fyrir utan tryggja hana fyrir sjógangi, og svo umgirt, að hún er að eins opin fyrir útnyrðingi, sem þó sjaldan er langvarandi þar; og þótt stormur kæmi af þeirri átt, er botninn sem sagt svo haldgóður, að ekki er hætta fyrir því, að skip reki þar upp.

Að því er vegalengdina snertir frá Vogavíkum og Vatnsleysuströnd, þá eru 3—4 mílur þaðan inn í Hafnarfjörð. Þetta er ekki svo lítil vegalengd, einkum þegar þess er gætt, að bændur þurfa að fara þessa leið og það að vetrinum til í misjöfnum veðrum, og að fara þessar ferðir er ekki svo litlum kostnaði bundið, einkum ef fiskiafli er og verður að vanrækja róðra fyrir þær sakir. Kaupmenn hjeðan úr Reykjavík hafa reyndar salthús þar syðra, en sökum kostnaðar, sem á því er, að flytja það þangað og afhenda það, selja þeir tunnuna 1 kr. dýrari þar, en hjer í kaupstöðum. Ef maður nú gerir ráð fyrir, að útvegsbóndi hafi 30 skpd. af fiski eptir vertíðina, þá er þetta hjer um bil 30 kr. tollur á slíkan bónda. Enn fremur hafa kaupmenn menn þar syðra til að veita fiskinum móttöku frá bændum, og fyrir það þurfa þeir (kaupmenn) að gjalda 1 kr. 33 a. af hverju skpd. til móttökumannanna; og þetta gjald er þá af 30 skpd. 40 kr. Ef þess nú er gætt, að kaupmaður, búsettur þarna syðra, gæti samkvæmt þessu selt salt sitt 1 kr. ódýrara en nú er gert, og enn fremur staðið sig vel við að gefa 1 kr. 33 aura meira fyrir skpd af fiskinum, en Rvíkur- og Hafnarfjarðarkaupmenn geta að rjettu lagi gert, þá sparaðist hóndanum, sem keypti 30 tn. af salti, 30 kr., og fengi 40 kr. meira fyrir sín 30 skpd. af saltfiski, en nú gerist, og er þetta til samans 70 kr. Það getur engum blandazt hugur um það, að kostnað þann, sem kaupmenn hafa af því, að ná í saltfiskinn þar syðra, verða þeir að fá endurgoldinn á einhvern hátt, og hvaðan? Sjálfsagt frá bændum, með því að leggja það, sem honum svarar, á vörurnar, annaðhvort þær sem þeir taka hjá bændum eða selja þeim. Þessi tollur, 70 kr. á 30 skpd., mundi þykja tilfinnanlegur, ef alþingi legði hann á, og það mundi skoðað þungt aukaútsvar á manni, sem að eins hefði 30 skpd. af fiski í árstekjur, ef hann ætti að borga 70 kr. til sveitar, en þetta er þó borgað óbeinlínis af þeim mönnu, sem hjer eiga hlut að máli. Þetta er nú hið helzta í skýrslu þessari, og vona jeg að h. þingd. sjái, að það er ekki að ástæðulausu, að farið er fram á löggilding Vogavíkur. Jeg vonast því eptir, að h. þingd. verði hlynnt málinu og löggildi eins þennan stað og aðra fleiri, sem hún hefir áður löggilt; því hjer virðast eins miklar ástæður fyrir hendi sem annarstaðar.

Þorsteinn Thorsteinson: Það mun flestum h. þingmönnum kunn mín skoðun á þessum löggildingum og fjölgun verzlunarstaða. Jeg álít fjölgun þeirra staða nauðsynlega, þar sem langt er kaupstaða milli, en þar sem skammt er á milli, álít jeg hana jafnvel skaðlega, ef hún er um of. Jeg segi skaðlega, því reynslan hafi sýnt, að þeir sem búa mjög nærri kaupstöðum, þeim hættir við, bæði að brúka tíma sinn optar en skyldi til lítt nauðsynlegra kaupstaðarferða, og eins er hitt, að margur peningur fer hjá þeim mönnum fyrir drykkjuvörur, og annan ónýtingsvarning, sem hinir geta sparað sjer, sem lengra eru burtu og fara færri kaupstaðarferðirnar. Menn hafa komið fram með þá ástæðu, að við kaupstaðafjölgun aukist verzlunarkeppnin. Það er ekki rjett ástæða, því hún dreifir einmitt verzluninni. Á mörgum af þessum smáverzlunarstöðum eru vörurnar einmitt dýrari en í stórverzlununum, og svo þegar fólk er komið á þessi smákauptún, vill það ekki ómaka sig lengra og kaupir svo vörurnar þar með mun dýrara verði.

Jeg skal því næst fara nokkrum orðum um breyt.till. mína. Við 1. umr. þessa máls fundu sumir h. þingmenn köllun hjá sjer til að hlaupa fram í veginn og fara að tala um einstök atriði þessa frv. Jeg verð að segja það, að það var mjög sorglegt, að einn h. þm., 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) gat ekk

þess bundizt, að koma þá fram með á-stæðulaus meiðyrði um saklausan, fjarverandi mann, og misbauð með því virðingu hins h. þings og hinnar h. deildar. Hann talaði þá um, að undarlegt væri og iskyggilegt, að þessi bænarskrá, móti löggilding Haukadals, væri fram komin, og kom fram með ósæmilegan áburð um, hvernig hún hafi orðið til. En hvernig stendur þá á henni? Á þann hátt, að almenningur er farinn að vakna, farinn að sjá það, að of mikil fjölgun verzlunarstaða er skaðleg, og að það er tilfellið hjer meira en annarstaðar. Hægðin fyrir sveitamenn er hjer um bil sú sama, því ekki er lengra milli en svo, að róa má á ½ tíma frá Haukadal að Þingeyri. En af því Haukadalur er nær útsjónum, láta Frakkar sig draga það, og koma þangað því hópum saman. Afleiðingarnar eru því í augum uppi hjer, ef löggilt verður, og það er — brennivínssala; á þessum stað er það sjálfsögð afleiðing.

Þótt mjer þyki leitt, verð jeg að minnast á ummæli h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) við 1. umr. viðvíkjandi kaupmanni á Dýrafirði — og leiðrjetta þau. Að þau sjeu ósönn, er ljett að sýna, því kaupm. Gram var síðastliðinn vetur í Kaupmannahöfn, og gat því ekki sett það skilyrði, sem h. þm. bar honum á brýn. *Hann gat því ekki vitað neitt* um þessa bænarskrá, og þótt hann hefði þekkt til hennar, er hann svo innrættur, að honum hefir vissulega ekki komið til hugar að þvinga menn til undirskriptar. Um faktor hans á Dýrafirði er það einnig kunnugt, að hann er heiðvirðasti sómamaður, oddviti í sveitastjórn hjeraðsbúa sinna, og er elskaður og virtur af öllum þar. Hann vissi ekki af, að þessi bænarskrá væri á ferðinni fyr en seint í vor. H. þingm. bar fyrir sig, að einn þingvallafundarmaður, mig minnir hann segði úr Isafjarðarsýslu, hefði sagt sjer þetta, nefnilega að menn hefðu verið bundnir við borð um lántöku til að skrifa undir. En hver sem sagt hefir slíkt, þá eru hans ummæli ósannindi. Og hjer er ekki sá staður, sem menn eiga að kasta fram ósæmilegum áburði á menn, án þess full rök sjeu fyrir.

Jeg vona svo að jeg þurfi eigi að mæla meira fram með þessari breyt.till. minni. Jeg vil biðja h. deild að hugsa sig vel um, áður en hún fjölgar meir verzlunarstöðum að óþörfu; og hvað þá ástæðu snertir, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kom fram með, að pláss væri eigi til á Þingeyri, þar sem kaupmaðurinn hefði keypt af kirkjunni lóðina, þá er það að vísu satt, að herra Gram á jörðina Þingeyri, en þar er nóg pláss til að stofnsetja fleiri verzlanir, og á hinn bóginn er það víst, að kaupmaðurinn mun viljugur til að láta af hendi með sanngjörnum kjörum grunn handa þeim, sem kynnu að vilja byggja þar. Auk þess sem jeg enn fremur skal geta þess, að þótt Haukadalshöfn sje góð höfn, hefir þar þó farizt skip, og var það eign bænda þar vestra; en jeg veit ekkert dæmi til þess að skip hafi farizt á Dýrafirði.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): H. h. ræðumaður kvaðst vera mótfallinn fjölgun verzlunarstaða, af því, að af því leiddi tímaspillir og efnamissir fyrir þá sem næst búa. Það lítur því svo út sem hann vilji gerast fjárráðamaður landsmanna og tímastjóri. Þeir biðja um og vilja fá löggilta staði til að spara sjer tíma og fje; mjer virðist því h. þingm. svara í austur, þegar þeir biðja í vestur. Þingsins skylda er að eins að gera þeim mögulegt að spara þetta hvorttveggja; svo geta þeir sjálfir ráðið hvernig þeir nota þann mögulegleika. Frá 1881 hefir það verið stefna þingsins að verða við þessari ósk landsmanna, ef engin sjerstakleg ástæða hefir verið til hins gagnstæða, svo sem erfiðismunir um að halda tollgæzlu. En þeir erfiðismunir eru ekki hjer. H. sami þm. sagði og að annað, sem leiddi af löggilding, væri brennivínssala; og tók hann til sjerstaklega á þeim stöðum, sem Frakkar sæktu mikið á, og tók til dæmis Haukadal. Það getur verið. En þó þekki jeg þá staði, þar sem Frakkar koma einna mest, Fáskrúðsfjörð og Norðfjörð, að þar koma þeir á brennivínssölu í leyfisleysi, og svo mun vera víðar, þar sem þeir koma. Og það er lítt mögulegt að hindra ólöglega verzlun við Frakka á þeim stöðum, þar

sem þeir koma, því að flestallir bændur í nánd komast varla undan að hafa viðskipti við þá. Hið bezta ráð til að afnema þessa óleyfilegu sölu er það, að láta menn fá löggiltan stað, sem þeir geti haldið sjer til með sín vínkaup, því þar með hverfur freistingin og jafnvel mögulegleikinn til ólöglegrar sölu. Það mundi og spara tíma og efni margra, sem mök eiga við Frakka, því opt kveður svo rammt að, að þeir þurfa að verja nótt og dag með mannafla eigur sínar fyrir áleitni þeirra. H. sami þingm. bar mjer á brýn, að jeg hefði við haft meiðyrði um kaupmann á Vesturlandi (*Th. Th.*: Já). En það var hvorki rjett sem hann hafði eptir mjer, nje heldur nefndi jeg þingvallafundarmann frá Ísafirði. En það er satt að einn af þingvallafundarmönnum, (og skal jeg nefna hann ef þörf gerizt) og það trúverðugur maður, sagði mjer þetta, að bænarskráin væri svo undir komin, að skuldunautum verzlunar Dýrafjarðar hefði í vor verið örðugt að fá þar lán, nema þeir skrifuðu undir hana. Mjer var það kunnugt, að hr. Gram var erlendis, svo jeg vissi að það gat ei hann verið sem var þess valdandi, en hitt vissi jeg og veit, að hann á sjer einn verzlunarstjóra á Dýrafirði. Og það, sem jeg sagði um hann, er svo fjarri því að vera óhróður, að það þvert á móti vottar að eins húsbóndahylli mannsins. Jeg er meira að segja sannfærður um að þessi saga er varla tilhæfulaus, og hefir auk þess h. 2. þm. Ísf. sagt mjer, að hann hafi fengið í brjefi úr Dýrafirði samskonar frjettir, og það frá mjög málsmetandi manni. Þar sem þessi kaupmaður Dýrafjarðar hefir keypt upp alla lóðina við fjörðinn, þá hugði jeg að hann hefði keypt hana til þess, að forðast samkeppni í verzluninni. Nú, máske hann hafi gert það til guðs þakka til að »skaffa« kirkjunni peninga og sjá um, að þeim, sem vilja keppa við hann, gefist jafnan kostur á lóð!!! Jeg hjelt nú og held það enn, að hann hafi gert það af verzlunarhyggindum, og að grunnur sje honum því ekki útfalur, að minnsta kosti ekki undir verzlunarhús. En þessi bænarskrá er einkennilgg; það hefir víst aldrei önnur komið fram á þingi á móti löggilding nokkurs staðar. Eitthvað þykjast þeir beiðendurnir eiga í húfi eða á hættu, og það meira en lítið, þar sem þeirra beiðni er gagnstæð beiðni meðbræðra þeirra; það gefur grun um, að kaupmaðurinn hafi þó ekki keypt upp alla lóðina til guðs þakka! Svo hefir líka reynzt á Vopnafirði, að kaupmenn eru ekki svo fúsir á að láta af hendi grunn fyrir aðra kaupmenn. Þar hafa þeir Örum et Wulff farið í mál, af því að annar kaupmaður hafði beðið um útmældan blett undir verzlunarhús. Jeg vona því að þessi bænarskrá verki í öfuga átt við tilgang sinn. Þótt skip hafi farizt á Haukadalshöfn, sannar það lítið; jeg hef sjálfur sjeð skipi siglt upp í mjög góðu veðri af því að menn hafa viljað af einhverjum ástæðum losna við það; og h. 1. þm. Ísf. *(Th. Th.)* sagði sjálfur að höfnin væri einkar góð.

Þórður Magnússon: Jeg hjelt að ástæðurnar fyrir Haukadal hefðu verið nákvæmlega teknar fram við 1. umr. En af því að vísað var í brjef, sem jeg hafði fengið að vestan, skal jeg skýra frá að í því stendur: »Oss er kunnugt af sannsöglum mönnum, að faktorinn á Þingeyri sje búinn að búa til nýja bænarskrá móti okkar bænarskrá, og fá þá menn til að skrifa undir hana, sem voru skuldugir þar í vetur og ekki fengu lán með oðru móti«. Jeg skal ekki gefa þetta út fyrir fullkominn sannleika, en brjefið er þó frá vönduðum og sannorðum manni; en þar sem h. samþingismaður minn sagði, að á Þingeyri mætti fá nóga lóð, þá lítur ekki út fyrir að þeir sem skrifuðu undir bænarskrána, álíti svo. Jeg fyrir mitt leyti ímynda mjer að til þess mundi þurfa lögsókn, og það yrði sjálfsagt hæstarjettar mál. Ef h. samþingismaður minn gæti fullvissað mig um, að lóð fengist þar með bærilegum kjörum, þá gæti jeg fallið frá frv., en meðan hann ekki getur það, vil jeg óska að h. þingd. felli þessa breyt.till. og leyfi málinu að ganga sinn gang. Það er eitt líka ískyggilegt við þessa bænarskrá hans; jeg hef tekið eptir því, að undir henni standa sum hin sömu nöfn sem undir þeirri sem jeg hef meðferðar. Þetta er nokkuð

undarlegt, þar sem önnur biður um að löggilda Haukadal en önnur biður um að gera það ekki. Jeg verð því að rengja afskriptina af hans bænarskrá.

Th. Thorsteinson: Jeg vildi gjarnan geta orðið við tilmælum 2. þm. Ísf. að láta þetta mál ganga orðalaust gegn um deildina, en jeg finn mig þó knúðan til að svara fám orðum. Þar sem 2. þm. Ísf. vogar að rengja afskriptina af bænarskrá þeirri, er jeg hef til flutnings, þá þykir mjer slíkt nokkuð ósvífið; en til frekari fullvissu getur hann fengið að sjá hinar upphaflegu undirskriptir hjá mjer. Þar sem hann taldi það ónáttúrlegt, að 2 sömu mennirnir hefðu skrifað undir bænarskrána, held jeg ekkert sje óskiljanlegt í því, þegar þess er gætt að önnur bænarskráin er undirskrifuð í apríl, en hin ekki fyr en í júní, og hafa þá þessir menn þegar þeir hafa farið að hugsa málið ýtarlega, breytt skoðun sinni, og komizt að þeirri niðurstöðu, að bezt væri að láta allt sitja við það sem er. (*Jón Ólafsson*: Þeir hafa þurft á láni að halda í millitíð). Jeg vil biðja h. þm. að geta sjer ekki ætíð til hins versta um fólk. Það er ofboð eðlilegt, að þessir menn hafi, þegar þeir fóru að hugsa málið betur, sjeð, að 2 verzlanir mundu varla þrífast vel á svo litlu svæði, þar sem einasta er um tvær sóknir að ræða, og því fallið frá sinni fyrri skoðun. Jeg get fullvissað deildina um að einmitt kaupmaðurinn á Þingeyri óskar sjálfur eptir að þessi höfn sje löggilt, og að kaupstaðurinn sje fluttur út á Haukadalsbót. Það er hægt að fleygja fram ástæðulitlum óhróðri, og það svo, fyrir þá sem lægnir eru á slíkt, að sögn þeirra líti út sem hreinn sannleiki. Þannig kom h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) í gær, þegar tilrætt varð um útsending Stjórnartíðindanna, með sögu um afgreiðslu hjer á pósthúsinu, og tilfærði sögu um pakka, sem fundizt hefði hjer upp með stíg, en verið þó stimplaður af póststofunni. Jeg hef seinna fengið að vita, hvernig á þessu stóð, og er slík framsetning mjög villandi, og það því óskiljanlegri, sem þingmanninum mun kunnugt um, hversu á þessu stóð. En til að koma aptur að málinu sjálfu, skal jeg láta það álit mitt í ljósi, að ef nokkursstaðar er ástæða til þess að neita um löggilding verzlunarstaða, þá ætti sú neitun við um Haukadal, því vegalengdin til næsta kaupstaðar er svo stutt, að það munar engu, og vil jeg því leyfa mjer að mæla með breytingaratkv. um að fella þennan tölulið burtu; líka skal þess getið að þjóðvegurinn liggur einmitt yfir Þingeyri, svo almenningur ætti þeim mun lengra sem hinir fá fá styttra.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki fyr tekið til máls í þeim málum um löggilding verzlunar staða, sem fram hafa komið á þessu þingi. Það eru að eins stuttar athugasemdir, sem jeg vildi leyfa mjer að gera, ekki sjerstaklega um þá verzlunarstaði, sem þetta frumvarp hljóðar um, heldur um löggildingarmálið almennt. Jeg skal geta þess, að eins og kunnugt er, hefir stjórnin ekki hingað til sett sig á móti löggildingum verzlunarstaða, þegar þær hafa verið samþykktar af þinginu. Af þessu má þó ekki ályktа, að stjórnin álíti, að takmarkalaus fjölgun verzlunarstaða sje heppileg fyrir landið. Þvert á móti er henni það fullljóst, að þessi fjölgun er mjög ísjárverð, og telur hún til þess einkum tvær ástæður. Fyrst, að það dregur afl úr verzlunum, að fjölga þeim mjög, en að verzlunin verði kraptlaus er mikill óhagur fyrir landið. Hin aðalástæðan er sú, að þessi mikla fjölgun verzlunarstaða gerir allt eptirlitið með því að verzlunarlögunum sje hlýtt og sjerstaklega allt eptirlit með tollgreiðslunni, mjög erfitt. Þessa skoðun stjórnarinnar á málinu vildi jeg gera h. þm. kunna. En það er enn ein athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gera. Jeg vildi leyfa mjer að hreyfa því, hvort menn hafi eiginlega gert sjer ljóst, hvað menn meina með löggilding verzlunarstaða. Hjer hefir komið fram tvenns konar skoðun á því, hverja þýðingu löggildingin hafi. Sumir hafa sagt að maður geti reist verzlunarhús og hafið verzlun á Þingeyri, hvort sem lóðareigandinn vill eða ekki. Aðrir hafa sagt, að menn gætu það ekki, og gengið út frá því, að löggildingin hafi ekki þá þýðingu, að lóðareigandanum sje skylt að láta lóð af hendi

þótt þess sje krafizt. Nú væri það mjög óhentugt og óviðkunnanlegt, að löggilda verzlunarstað, ef það kæmi upp á eptir, að lóðareigandi legði bann fyrir, og gæti lagt bann fyrir, að þar yrðu reist verzlunarhús. Hvaða þýðingu hefir þá löggildingin? Hefir slíkt bann heimild í 50. gr. stjórnarskrárinnar? Í 50. gr. segir svo: »Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir». En það er nú að vísu ekki vafalaust, hver þýðing liggur í löggilding verzlunarstaða, hvort með henni er að eins leyft að verzla á hinum löggiltu stöðum, þannig, að það ekki lengur sje brot móti verzlunarlögunum, eða hvort sú kvöð með löggildingunni jafnframt er lögð á lóðareigandann, að hann verði að sjá af lóð sinni, ef þess er óskað, til verzlunarhúsastæðis. Spurningin um þetta er dómsmál, en hefir mjer vitanlega enn ekki fengið úrlausn dómstólanna; en hin síðari skoðunin er að mínu áliti eðlilegri. Þótt þessu sje þannig varið, væri gott að það sæist, hverja þýðingu þingið í hinu umrædda tilliti leggur í þessar löggildingar; hvort það er meiningin, að veita rjett til að heimta lóð af lóðareiganda til að byggja verzlunhús, eða einungis að leyfa verzlun, ef lóðin fæst.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að eins að tala nokkur almenn orð um málið í heild sinni. Jeg hefi að undanförnu verið töluvert hlynntur löggilding verzlunarstaða, þar sem jeg hefi álitið hana nauðsynlega, og jeg hef sjálfur nýlega flutt frv. um sama efni og mælt með því, af því jeg áleit löggilding þess staðar nauðsynlega, sem þar var um að ræða. En jeg verð að álíta rjett og skylt, að taka tillit til þeirra radda, sem heyrast frá kaupmannastjettinni um þetta efni, en jeg heyri menn af þeirri stjett bæði hjer í deildinni og utan þings segja, að með of mikilli fjölgun verzlunarstaða sje verzlunin komin á ringulreið. Jeg segi, að mjer finnst skylt að taka tillit til þeirra radda, sem koma frá þessari stjett, einmitt af því jeg álít þessa stjett, nú sem stendur sjerstaklega, mjög áríðandi stjett fyrir landið. Ef verzlunarstjettin væri ekki, væri ekki minni neyð hjer í landi en áður stundum, þegar mannfall varð í landi. En hvers vegna er nú verzlunarstjettin á móti þessum nýju kauptúnum? Af því að þeir verða þá annaðhvort að byggja á þessum nýju verzlunarstöðum eða missa af verzlun sinni að öðrum kosti. Þegar nú sú stefna er komin inn hjá þinginu, að breyta sem flestum sköttum í tolla, þá finnst mjer ástæða til að ofþyngja ekki þessari stjett, svo hún ekki geti staðizt, og því fleiri, sem kauptúnin eru, því erfiðari verður innheimta skattanna. Verzlunarstjettin hefir hjálpað landinu mikið, svo hún á útistandandi í lánum hjá landsmönnum fleiri miljónir kr. Þegar jeg vík að sjálfu frv., þá skal jeg sleppa að tala um tölul. 1, af því jeg er ekki nógu kunnugur þeim stað, er þar ræðir um. Hvað snertir 2. tölul., þá ætla jeg mjer ekki að blanda mjer í kappræður við h. 2. þm. Ísf. um, hvort sú löggilding sje nauðsynleg eða ekki, en jeg segi það eitt, að í vesturhluta Isafjarðarsýslu er svo skammt milli verzlunarstaða, að þeir eru þar nálega á hverjum firði, og einnig á þeim firði, er hjer ræðir um, er kaupstaður. Hvað hinn 3. tölul. snertir, um Vogavík, þá vil jeg sízt rengja allar þær skýrslur, sem komið hafa til þingsins um þennan stað. En þegar jeg lít til þess, hve margir verzlunarstaðir eru í Gullbringusýslu, þá efast jeg um nauðsynina á að löggilda þennan stað. Jeg hygg, að það muni vera um 30 verzlanir í Gullbringusýslu og Reykjavík, og verða engin vandræði að ná til verzlunar, þar sem svo skammt er milli verzlunarstaða. En þótt verzlunin sje orðin svona margskipt, kaupmannastjettinni til meins, þá er hún alls eigi laus við að hafa komið þessu ólagi á sjálf. Þannig á einn kaupmaður 1 verzlun í Rvík, 1 í Hafnarfirði, og 3. í Keflavík. Annar á verzlun í Reykjavík og aðra í Keflavík, og að nokkru 2 í Hafnarfirði. Jeg vil mæla með því, að þingið ekki ofþyngi þessari stjett; en jeg vil aptur áminna

kaupmannastjettina um, að vera ekki að stofna óþarfa verzlunarstaði. Því fleiri og því dreifðari sem verzlanirnar eru, því fleiri menn og verzlunarhús þurfa þær, og hver borgar kostnaðinn við það allt, nema viðskiptamennirnir? Jeg skal geta þess, að salt er lagt upp í Strandarhreppi mjög skammt frá Vogavík, og þangað hefir að undanförnu verið flutt og sótt kaupstaðarvara, mjer liggur við að segja, eins og viðskiptamenn hafa óskað um sumartímann. Mjer liggur við að segja, að það sje að bera í bakkafullan lækinn að löggilda verzlunarstað við Vogavík. Jeg skal taka það fram, að það hefir ekki svo litla þýðingu, ef margir verzlunarstaðir kæmu upp þar suður frá, því það hlyti að draga úr verzluninni í Hafnarfirði, en hann virðist vera eins og kjörinn af náttúrunni til þess að hafa mesta verzlun næst Rvík, og það hefir mikla þýðingu fyrir landið allt, að kaupstaðir verði stórir.

Þorkell Bjarnason: Mjer kom nokkuð undarlega fyrir að heyra ræðu hins h. 1. þm. G.K.(Þ. Böðv.), af því hann mælti nýlega fast fram með löggilding á öðrum verzlunarstað í sömu sýslu, og áleit hana mjög nauðsynlega. Nú þar á mót mælir hann á móti löggilding staðar í sömu sýslunni, af því kaupstaðir sje þar allt of margir, og því ekki þörf að bæta við. Mjer datt fyrst í hug, hvort það gæti haft nokkur áhrif á skoðun þm., að tengdasonur hans á verzlun í Hafnarfirði, en jeg hvarf fljótt frá því aptur, því jeg þóttist vita, að það gæti ekki haft áhrif á tillögur hans sem þm., hvort venzlamenn hans hefðu óhagnað af löggildingunni eða ekki. Sami h. þm. kom með þá ástæðu, að það þyrfti að hlynna að kaupmannastjettinni, af því að hún væri svo mikill bjargvættur fyrir menn í hörðum árum og eymdinni. Þetta er rjett, að það er nauðsyn að hafa ekki verzlunarstjettina að olnbogabarni. En svo bezt verður að henni hlynnt með sanngirni, að bændur hafi ekki skaða af, og að hagur þeirra geti batnað á viðskiptunum. En hagur manna batnaði varla mikið fyrir það, þótt menn verði að tefja sig mikið við að sækja vörur um langan veg, eða menn verði að kaupa salt 1 kr. dýrara af því að þarf að flytja það langt að, í stað þess að fá það keypt nærri sjer; hagur bænda batnar ekki fyrir það, þótt þeir fái 1 kr. 33 au. minna fyrir hvert skippund af fiski, af því þeir hafa ekki verzlunarstað hjá sjer. Jeg held það hljóti að liggja í augum uppi, að sá kostnaður, sem þannig leggst á bændur eða vörurnar, hlýtur að auka eymd landsmanna. Hinn h. 1. þm. Ísf. sagði, að verzlunarkeppnin mundi minnka, ef verzlunarstöðum fjölgaði. Þetta er ný kenning og jeg held ekki á rökum byggð. Eru það þeir staðir, sem liggja nærri hver öðrum, sem til eru nefndir, þegar talað er um óhagstæða verzlun. Nei, það eru einmitt þeir, sem liggja úti á einhverjum annesjum langt frá öðrum verzlunarstöðum, þar sem bændur eru svo að kalla ofurseldir kaupmanninum, af því annara úrkosta sökum vegalengdarinnar á aðra verzlunarstaði er ekki völ. Þeir, sem kunnugir eru við Faxaflóa, vita, hve miklu getur munað með verð á vörum í Keflavík og í Rvík. Þær eru sumar opt miklu dýrari í Keflavík. Væri þá ekki æskilegt, að einhver kaupstaður kæmi upp nálægt Keflavík, sem keppti við hana? Þeir, sem mundu verzla á Vogavík, mundu verða um 150—200 menn, sem verzla með sjávarvöru, og ef maður gerir ráð fyrir, að hver þeirra leggi inn 20 skippund af fiski að meðaltali, sem ekki mun of mikið í lagt, þá nemur vörumagnið frá 100—200 þúsundum króna á ári, og yrði það enginn smákaupmaður, sem hefði slíka verzlun alla. Vogavík er líka einmitt bezta höfnin við Faxaflóa, næst eptir Hafnarfjörð. Í Keflavík er þar á mót ekki góð höfn; nú á hinum síðustu árum hafa farizt þar 3 skip, og af 2 af þeim hafa mennirnir drukknað, því landtakan er mjög vond. Það er mín skoðun, að bezt sje að löggilda þá staði, sem menn óska eptir, og láta svo reynsluna skera úr, hvar hentugt sje að hafa verzlun eða ekki, því þar sem það er hentugt, munu kaupstaðir ná vexti og viðgangi, en þar sem það er ekki hentugt, munu þeir leggjast niður. Jeg vona,

að ef hin h. þingd. samþykkir hina aðra verzlunarstaði í þessu frv., að hún þá ekki setji Vogavík hjá.

Þórarinn Böðvarsson: H. samþingismaður minn virðist vera reiður af því, að jeg mælti með Þórshöfn en eigi Vogavík. En það er af alveg sjerstökum ástæðum. Sú óhægð, sem er að sækja kaupstað frá Vogunum, er ekkert í samanburði við hitt; það mundi bæta úr mjög mikilli óhægð, ef verzlunarstaður kæmist upp í Þórshöfn, en það er öll hægð á, að sækja úr Vogunum í Hafnarfjörð. Það er ekki 3—4 mílur; mjer er kunnugt um, að það hefir verið siglt á rúmum klukkutíma. Og samgöngur eru miklar; þeir, sem búa um þær slóðir, eiga þilskip sumir hverjir, sem þeir geta siglt á hvert sem þeir vilja. Jeg hefi lengi búið miklu fjær kaupstað, og haft eins miklar vörur að flytja, eins og nokkur í kring um Vogavík. Jeg vil fjölga verzlunarstöðum þar sem veruleg vandræði eru, en ekki þar, sem eins hægt er að ná í það sem menn þurfa, eins og þar. Þar sem hann ljet í ljósi, að jeg hafi haft í huga tengdason minn, vil jeg að eins segja, að þó að honum detti slíkt í hug, má hann ekki koma fram með slíkt í deildinni. Hann má gjarnan hugsa það, sem hann vill, en jeg vil lýsa því yfir, að jeg frábið mjer, að hann láti sjer slíkt um munn fara hjer. Tengdasonur minn á sem stendur eina verzlun í Hafnarfirði, en jeg get ekki vitað, hve lengi það verður. Allt af verður það ekki. Og það sje fjarri mjer, að taka þannig tillit til hagsmuna einstakra manna í almennum málum. Jeg fæ ekki skilið, að saltkaupin geti verið nein ástæða. Bændum er innanhandar að fá salt beina leið frá útlöndum. Það er mjög hægt við Faxaflóa, og hefir líka verið reynt. Hvað það snertir, að menn þar syðra fái krónu minna fyrir skpd. af fiskinum, þá hefi jeg heyrt það gagnstæða. Hjer innra er einmitt megn óánægja yfir, að kaupmenn hjer og í Hafnarfirði kaupi dýrara fisk sunnan að, en í kring um þá. Kaupmaður, sem enn er á lífi, hefir sagt mjer, að hann hafi einu sinni gefið 10 kr. meira fyrir skpd. sunnan að, að öllum tilkostnaði meðtöldum. Vogavík kann að vera góð höfn, en skip hafa þó slitnað þar upp. Jeg hefi sjálfur haft þá æru, að eiga part í fiskiskipi, sem slitnaði upp þar syðra. Þar sem þm. kemur með þá hugmynd, að láta reynsluna skera úr, hvaða staðir sjeu hentugir, þá kann hann að hafa töluvert til síns máls; en jeg held, að ef alstaðar ætti að fara að setja upp verzlunarstaði, til þess að sjá hvað reynslan segði, mundi það verða nokkuð dýrt fyrir alla málsparta.. Jeg er ekki sterklega mótmæltur Vogavík, en jeg álít hana ekki nauðsynlegan verzlunarstað, og held það gæti orðið til ógagns að löggilda hana, jafnvel fyrir Vogamenn sjálfa, og þá sem þar eru í grennd.

Jón Sigurðsson: Þingmönnum þykir víst viðkunnanlegra, að jeg tali nokkur orð með þessari viðaukatillögu, sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með, því fremur, sem öllum þorra þingmanna mun vera ókunnugt um, hvernig til hagar með þessa Svalbarðseyri. Svo stendur á, að Svalbarðseyri er við sama fjörð og Akureyri, nefnil. Eyjafjörð, spölkorn út með honum að austanverðu, en Akureyri er inn undir botni að vestanverðu. Menn kunna því að álíta, að óþarfi sje að löggilda verzlunarstað svo nálægt sjálfum höfuðstað norðurlands. En svo hagar til, að Eyjafjarðará rennur í fjörðinn að innan, sem opt er ófær yfirferðar fyrir ísreki, ísalögum og vatnavöxtum haust og vor, og getur því opt komið fyrir, að menn, sem koma austan yfir Vaðlaheiði, og ætla til Akureyrar, komist ekki yfir hana, og verða stundum að liggja við hana dögunum saman, eða þá kaupa sjer far yfir fjörðinn, sem bæði er dýrt, og opt ómögulegt, einkum þegar fjárrekstrar eru gerðir til kaupstaðarins. Þetta er aðalástæðan fyrir ósk manna, að fá Svalbarðseyri löggilta sem verzlunarstað, að það yrði miklum mun hægra fyrir allan vesturhluta Þingeyjarsýslu, að sækja verzlun á Svalbarðseyri en á Akureyri. Á seinni árum hefir það farið mjög í vöxt, að selja fje á fæti

til Skota, einkum í Þingeyjarsýslu, og má svo að orði kveða, að lifandi fje sje orðið aðalverzlunarvara flestra Suðurþingeyinga. Skal jeg geta þess til skýringar þessu máli, að jeg hefi heyrt marga, sem reka sláturfje til Akureyrar, segja, að þeir vildu fegnir selja hverja kind krónu minna austan við fjörðinn, vegna þess kostnaðar og þeirra hrakninga, sem skepnurnar verða fyrir, að hrekja þær vestur yfir. Það eru nokkur ár síðan þessu máli var hreift fyrir norðan, en mest hefir þó verið talað um það í vetur, og það komst svo langt, að það var farið með það til sýslunefndarinnar í Þingeyjarsýslu, og þess beiðzt, að hún vildi hlutast til um, að höfnin væri mæld upp. Sýslunefndin tók vel í málið, og skrifaði amtinu, og fór fram á, að einhver skipstjóri, helzt skipstjórinn á danska herskipinu, væri fenginn til að mæla upp höfnina í sumar, og vonast jeg eptir, að það sje nú um garð gengið. Jeg hefi reyndar ekki fengið skýrslur um það enn þá, en á fasta von á því með næsta skipi. Jeg ætlaði því ekki að bera þetta mál svona fljótt upp, og ekki fyr en hin umgetna skýrsla væri fengin, en gerði það þó vegna þess, að þetta frumvarp um löggilding 3 annara verzlunarstaða kom fram. Enn fremur var málið rætt á sýslufundi að Einarsstöðum; fundarskýrslurnar hafa legið frammi á lestrarsalnum, og hafa þingmenn getað kynnt sjer þær þar. Á þeim fundi var með öllum samhljóða atkvæðum skorað á mig, að flytja málið á þingi, og álít jeg það ekki svo lítið velferðarmál fyrir mitt kjördæmi, að minnsta kosti fyrir vesturhlutann af sýslunni. Jeg skal til enn frekari skýringar geta þess, að á hverju hausti er rekið fje til slátrunar og til að selja á fæti svo þúsundum skiptir úr Suðurþingeyjarsýslu. Jeg ætla mjer ekki að fara út í aðalefnið í þessu máli, það er búið að tala svo mikið um það áður. En mjer virðist h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) vera nokkuð mislagðar hendur. Hann talaði svo einkar-hjartnæmilega fyrir Þórshöfninni sinni í fyrra dag, en nú er annað hljóð í bjöllunni, þegar um Vogavíkur er að ræða. Eptir þeim glöggu og góðu skýrslum, sem fram eru komnar um þennan stað, finnst mjer jafnvel miklu meiri ástæða til að löggilda Vogavík en Þórshöfn. (*Þ. Böðv.*: Er það botninn á Vogavík, sem þm. lízt svo vel á?). Jeg skal ekki lengja umræðurnar meira, en að eins biðja þingdeildina, að fara vel með þetta meinlausa viðaukaatkvæði mitt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg veit, að margir þingmenn munu segja, að þessar umræður sjeu orðnar allt of langar, og þær væru það líka, ef verið væri að tala um einstaka staði og einstök atriði, en jeg álít hjer sje verið að tala um, hverja stefnu þingið skuli taka í þessum löggildingarmálum. Jeg tala því um málið í heild sinni. Jeg held jeg hafi skilið rjett það, sem á undan er gengið, að það sje meining þingsins, að kaupmannastjettin sje tollheimtumenn fyrir landssjóð; allt svo hans aðstoðarmenn; en jeg hefi aldrei heyrt koma fram á þinginu, hvorki nú eða undanfarin ár, neitt orð í þá átt, að vert sje að líta á málið frá hlið þessara aðstoðarmanna eða kaupmannanna, heldur að eins frá hlið hinna svo nefndu landsmanna. Það er mín skoðun, að landsstjórn og þing sjeu þó skyldug til að líta á hag hvers þegns í landinu, jafnt kaupmanna sem annara landsmanna. Man nokkur, sem hjer er í deildinni, eptir því, að nokkurn tíma hafi verið sagt: þetta er kaupmannastjettinni óhentugt? Viðkvæðið er allt af: þetta er bændum hentugt. Jeg er ekki með þessu að áfella þingið, því hef jeg sjálfur að mestu fylgt þeirri stefnu í ræðum mínum, að líta á hag bænda, en ekki kaupmannanna, því jeg álít, að hagur þeirra einstöku eigi að víkja fyrir almennings hag; bændurnir eru fleiri, og því verður minna tillit tekið til kaupmanna. Jeg vil þess vegna enn þá skoða málið frá þessari hlið, og skal hafa þá stefnu, að skoða, hver kostnaður leggst yfir á almenning við það, að stofna nýja verzlunarstaði. Jeg tek til dæmis það, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) talaði um Svalbarðseyrina. Hún er að eins tæpri viku sjávar utar en Akureyri. Verði eptir löggildinguna engin verzlunarhús sett þar upp, þá er ekki til neins

að löggilda; en verði byggt þar, þá er kostnaðurinn í fyrsta lagi húsabygging, sem nemur að minnsta kosti 3—4000 kr. Auk þess verður árlegur kostnaður laun til verzlunarstjóra, sem með rentum af hinu fjenu nemur að minnsta kosti 4000 kr. Það eru 2 sóknir með hjer um bil 56 búendum, sem eiga lengra að sækja sjóveg að Akureyri en að Svalbarðseyri; og aðrar 2 sóknir, sem eiga lítið eitt lengri landveg, og eina á yfir að fara. Nú er að gæta að, hvað það kostar þessa menn að róa þessari mílu lengra, og hina, að komast yfir Eyjafjarðará, og vega svo þá upphæð móti hinni. Það kostar kaupmennina á Akureyri svo og svo mikið að halda verzlunina þar, en skipti þeir henni, og flytji nokkurn hluta út á Svalbarðseyri, þá eykst kostnaður hvers þeirra um 4000 kr. En er nú það, sem búendur vinna á að róa styttra og fara ekki yfir ána, svo mikils virði? Ef það er ekki, og ef vörurnar á Svalbarðseyri verða meira en þeim mun dýrari, þá er ekki tilvinnandi fyrir bændur þar í kring, að fá Salbarðseyrina fyrir kaupstað. Því þingmenn vita þó, að kaupmenn eru skynsemi gæddar verur; þeir leggja ekki kostnaðinn á eigið bak, nje fara að gera mönnum hægra fyrir að ná vörunum af einskærum kristilegum kærleika, heldur byggja þeir nýja verzlunarstaði af eigin hagsvon, og taka kostnaðinn hjá bændum. En þótt nú stæðist á endum sparnaður fyrir bændur á flutningskostnaði, og það sem vörurnar verða dýrari fyrir aukinn verzlunarkostnað, þá verður fleira að koma til álita, þegar þetta er metið. Landssjóðurinn verður að vera með á vogaskálinni. Ef taka á af beinu gjöldin, og leggja aptur á tolla í staðinn, verður landssjóður að hafa trygging fyrir, að hann nái sínum tekjum, en það verður því torveldara, sem fleiri smástaðir eru löggiltir. Og enn þá verður að leggja á vogaskálina, já, ef til vill það sem mest ríður á að taka tillit til, og það er *heilbrigðisástand* landsins, sem h. hæstv. landsh. sleppti, þegar hann talaði um, hvað stjórnin hefði á móti þessum löggildingum. Áður voru að eins 7 staðir, sem útlend skip máttu koma á beina leið frá útlöndum. En eptir því sem þessum stöðum er meira fjölgað, því meiri hætta er fyrir heilbrigði manna, ef skæðar sóttir ganga erlendis, og því ómögulegra að vernda heilsu landsmanna, sem löggiltum verzlunarstöðum er fjölgað fjarri yfirvöldunum. Það verður að vega allt, og gæta þess, að ekki er nóg, þó að kostnaður og ágóði alþýðu standist á endum, heldur þarf jafnframt að líta á hag landssjóðsins og heilbrigðisástand landsmanna, með mörgu fleiru.

Áður jeg enda, verð jeg að bera sannleikanum vitni viðvíkjandi kappræðunum milli h. þingmanna Ísafjarðarsýslu. Gram kaupmaður kom heim til mín í vetur sem leið, í Kaupmannahöfn, og bað mig að mæla með því, að Haukadalsbót yrði löggilt, og færði fyrir því ástæður. Jeg sagðist ekki geta það vegna stefnu minnar í slíkum málum; hann yrði að eiga um það við aðra; en þetta er mjer nóg til þess, að jeg er sannfærður um, að Gram er saklaus af þessu, sem á hann var borið.

H. 2. þm. S.-Þing. (J. S.) kvartaði yfir, að ekki væri komin skýrsla frá útlendum kapteinum, sem hefðu verið fengnir til að mæla, hvort höfnin væri góð við Svalbarðseyri. En um þetta get jeg borið. Jeg þekki þar til, og jeg veit að h. þingd. muni trúa mjer, þegar jeg, sem mótmælandi, segi, að höfnin sje góð. En því, sem hann sagði um fjárrekstrana, get jeg ekki verið samdóma. Það er ekki nein ástæða til að löggilda verzlunarstað á Svalbarðseyri þess vegna, því að það er innanhandar, að skrifa kaupsamningana á Akureyri, og skipa fjenu út við Svalbarðseyri.

Það var eitt ágætt í ræðu h. hæstv. ldsh., sem jeg vil taka upp. Hvað meinar þingdeildin með öllum þessum löggildingum? álítur hún, að eigendur þeirra jarða eður landshluta, sem löggiltir eru, sjeu skyldir til að láta landið af hendi til byggingar eður eigi? Ef það er ekki, þá eru löggildingarnar meiningarlausar og »humbug», því þá getur svo farið sumstaðar, að menn, þó vildu, ekki gæti byggt þar sem nýlega væri löggilt, ef eigandi bannaði. En, sje svo,

að þeir, sem eiga land, sem nú er löggilt, verði skyldaðir til þess, að láta land af hendi til byggingar, þá eru líka þeir, sem eiga staði, sem löngu áður hafa verið löggiltir, t. d. Gram á Þingeyri, skyldir til að láta af hendi pláss til byggingar við hlið sjer, ef einhver annar vill setja niður verzlun þar; en þá getur það eigi verið næg ástæða til nýrra löggildinga á nýjum stöðum: að pláss sje ekki fáanlegt á hinum eldri verzlunarstöðum.

Eiríkur Briem: Jeg ætla að tala fáein orð, ekki um málið yfir höfuð, því að er búið að tala svo mikið um það; en það var eitt atriði í ræðu h. hæstv. landsh. sem er þess ollandi, að jeg stend upp til að gera grein fyrir atkvæði mínu í máli þessu, og það var það, hvort sú þýðing lægi í löggildingu verzlunarstaða yfir höfuð, að þar af leiddi, að þeir, er byggja vildu á hinum löggiltu stöðum, ættu rjett á að fá þar útmælda lóð, jafnvel gegn mótmælum eigendanna, og áleit h. hæstv. landsh. æskilegt, að meiningar þingmanna um það atriði kæmi fram í meðferð máls þessa, á þinginu; nú hefir h. þm. S.-Múl. (Tr. G.) látið í ljósi þá meiningu sína, að hann áliti, að með löggildingunni veittist rjettur til þess að fá lóð til byggingar að sjálfsögðu, og lík meining kom fram hjá hinum h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.); en til þess að ekki liti svo út, sem jeg og þeir sem greiða atkvæði eins og jeg, með því að greiða atkv. með frv., ljeti í ljósi þá skoðun, að löggildingunni fylgdi ekki þessi umgetni rjettur til lóðar, þá stóð jeg upp, og vil jeg geta þess, að þótt jeg skilji löggildinguna svo sem henni fylgdi rjettur til að fá útmælda lóð til verzlunar, þá greiði jeg samt atkvæði með löggilding nýrra verzlunarstaða, er ef til vill væri eigi þörf á, ef fyrirstöðulaust væri að setja nýjar verzlanir á öllum hinum eldri verzlunarstöðum; og þetta geri jeg af því, að reynslan sýnir, að þeir, sem byggja vilja á hinum löggiltu stöðum, mæta svo mikilli mótspyrnu, bæði af eigendunum og öðrum; get jeg nefnt sem dæmi þess á Vopnafirði; þar hafa eigendurnir sett sig með öllu móti gegn því, að sett væri ný verzlun, og þótt nú þegar sje kominn landshöfðingjaúrskurður í þessu máli, og fyrir hann sje byrjað að byggja verzlunarhús þar, þá hefir sá, er byggja vill, orðið að setja veð, og sæta málssókn, er ef til vill gengur til hæstarjettar, og eru þetta ekki lítil óþægindi; og þótt hann að öllum líkindum vinni það mál, þá hefir það ærinn kostnað í för með sjer, og slíkt kynni mörgum að þykja eigi vinnandi fyrir.

Jón Sigurðsson: Mjer brást að miklu leyti von sú, sem jeg bar til h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), að hann mundi verða hlynntur löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri; vonaði jeg það, bæði af því að hann er kunnugur þar nyrðra og borinn og barnfæddur í því hjeraði, er mestan hag hefir af því, ef þar yrði löggiltur verzlunarstaður. Það sem jeg legg mesta áherzlu á, er gagn það, sem af löggildingunni getur orðið fyrir almenning þar í grennd. Hinn h. þingmaður fór eigi alveg rjett með það er hann skýrði frá, og verð jeg að leiðrjetta það. Hann sagði að það væru að eins 2 sóknir sem á sjó mundu heldur sækja að Svalbarðseyri en inn á Akureyri; en það er ekki alveg rjett; þær eru víst 4; jeg er viss um, að menn úr Svalbarðs, Laufás, Grýtubakka og Höfðasóknum mundu miklu fremur sækja þangað en á Akureyri, og þótt vegalengdarmunurinn sje ekki mikill, þá er það ekki svo lítill hægðarmunur; þar að auki nefndi hann að eins tvær landsóknir, er sækja mundu verzlun á Svalbarðseyri, en þær eru víst fleiri; jeg get nefnt víst 6—8 sóknir, svo sem Draflastaða sókn, Háls sókn Illugastaða sókn, Ljósavatns sókn og Þórustaða sókn, Lundarbrekku sókn, sem allar eiga hægra með að sækja til Svalbarðs eyrar en Akureyrar, enda úr Reykjadal og Mývatnssveit, því jafnaðarlega verzla nokkrir menn úr þessum sveitum á Akureyri. Einkanlega legg jeg áherzlu á löggildingu þessa staðar sökum fjársölunnar, til Englendinga, enda hafa nokkrir Eyfirðingar austan Eyjafjarðarár sagt við mig, að þeim væri mjög annt um að Svalbarðseyri yrði löggilt einmitt þess vegna, og hafa þá sagzt mundu reka allt fje, er þeir seldu,

út á Svalbarðseyri; h. þm. sagði, að það væri mönnum innan handar, að gera samning við Akureyrarkaupmenn um að sækja fjeð frá Svalbarðseyri; en það er alls ekki tilfellið, því mjer er kunnugt, að það hefir verið reynt og það einmitt við sjálfan verzlunarfulltrúa Gránufjelagsins á Oddeyri, en ekki fengizt. Hann talaði um kostnaðinn við að reka verzlun á Svalbarðseyri og taldi hann mundi verða 4000 kr. á ári, og get jeg vel skilið, að svo kunni að geta orðið; en ef verzlunin hefir svo mikinn kostnað í för með sjer, þá hlýtur það að verða mikil verzlun og mikið í aðra hönd; en það er ekki þessi hlið málsins, sem jeg skoða mest, heldur hitt, hvaða hag landsmenn geti haft af löggildingunni. Jeg sagði það, að það mundi óhætt að telja það 1 kr. virði fyrir hverja kind, að geta afhent fjeð austanmegin Eyjafjarðar á Svalbarðseyri. Næstliðið haust mun hafa verið rekið vestur yfir Vaðlaheiði allt að 2500 fjár til sölu á fæti og í fyrra haust allt að 3000, auk alls skurðarfjár, og nemur þetta 2500 til 3000 kr., og ef ekki verður því verra árferði, er líklegt að útsala á lifandi fje fari heldur vaxandi framvegis. Hversu margir hestburðir af vörum sjeu fluttir til og frá Akureyri á ári, það get jeg ekki sagt með vissu, en gera má ráð fyrir, að allt að 2 kr. hagnaður mundu verða fyrir hvern hest, sökum þess, að hægra er að flytja frá Svalbarðseyri, en Akureyri, og þá held jeg að þetta geti orðið nokkuð upp í þann kostnað, sem þingmaðurinn taldi til. Annars vil jeg fela þingd. þetta mál, og ef hún lofar hinum töluliðunum í frumvarpinu að standa, vona jeg að hún lofi þessum að vera með.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg ætla fyrst að bera af mjer áburð h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), sem hann bar upp á mig í ræðu sinni áðan, þótt þetta sje málinu, sem fyrir liggur, alveg óviðkomandi. Var það út af óreglu í skilum á sendingum, er sendar hefðu verið hjeðan með pósti, og jeg vil geta þess, að jeg talaði í ræðu minni í gær, þar sem jeg minntist á þetta mál, ekkert um, hverjum þessi óregla væri að kenna; hún átti sjer stað, og það er nóg; móti því mun enginn bera; en jeg get tekið það fram nú, að jeg álít að þetta sje ekki póstmeistaranum hjer að kenna, heldur sjálfum póstunum. Í ræðu h. hæstv. landshöfðingja gladdi það mig mikið, að heyra það, að stjórnin viðvíkjandi löggildingu verzlunarstaða gengi fram eptir sömu reglu sem jeg tók fram, að væri hin eina rjetta, og sem þingið hefir fylgt síðan 1881; hæstv. ldsh. setti sjer einkum fyrir augu hið örðuga tolleptirlit, sem leiðir af fjölgun verzlunarstaða. H. þm. S.-Múlas. (Tr. G.) hjelt langa ræðu, sem reyndar hefði betur átt við að koma með við 1. umr. þessa máls, því hún gekk út á málið í heild sinni; en þó var það sumt í henni, er jeg vildi svara, þótt ekki væri það nýtt. Hann sagði meðal annars, að hjer væri aldrei litið á hag kaupmanna, heldur að eins bænda; en má jeg spyrja: Er Ísland til vegna kaupmannanna, eða eru kaupmennirnir til vegna sjálfra sín og Íslands? Á hvorra hag eigum vjer fremur að líta? Hann sagði enn fremur, að við löggildingu hinna mörgu verzlunarstaða yrðu kaupmenn nokkurs konar tollheimtumenn landssjóðs; en það er ekki, því það eru einmitt sýslumennirnir og umboðsmenn þeirra, en kaupmennirnir eru tollgjaldendur landssjóðs. En svo verður í öllum löndum, þar sem tollar eru til. Hvað viðvíkur þessari bænarskrá frá Dýrfirðingum um að löggilda ekki Haukadalsbót, þá má geta þess, að það er í rauninni engin bænarskrá, heldur er þar að eins látið álit í ljósi við þingmanninn. Niðurlagsatriði eru engin. Það atriði, að h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) sagði, að Gram kaupmaður hefði komið til sín í Höfn, og beðið sig að mæla með löggildingu Haukadalsbótar, sannar ekki, að það, sem jeg og annar þm. höfum sagt, sje rangt; það eina, sem það ætti að geta sannað, er það, að verzlunarstjóri Grams á Þingeyri hefði verið um of húsbóndahollur, sakir þess hann hafi ekki til fulls þekkt vilja húsbónda síns.

Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. var umr. um málið hætt.

Atkvæðagr.:

1. tölul. frv. (C. 127) samþ. með 15 atkvæðum.

Breytingaratkv. Th. Th. (C. 158) fellt með 14: 4

Annar tölul. frv. þannig samþ.

Þriðji tölul. frumv. sömul. samþ. með 12 atkv.

Viðaukatill. J. Sig. (C. 158) samþ. með 14 atkv.

— Málinu vísað til 3. umr. með 12 atkvæðum.

Frv. til laga um nám yfirsetukvenna (C. 138); 2. umr.

Br. till. (C. 159), sem útbýtt var á fundinum, var leyfð með atkvæðafjölda.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Jeg tók það fram við 1. umr., að það væri aðaltilgangurinn með þetta frv., að gera yfirsetukonum bæði ljettara fyrir og kostnaðarminna, en auðvitað hafa þó nægа tryggingu fyrir náminu, er mjer virtist fást með því, ef landlæknir tekur gilt, að þær gangi undir próf hjá þessum og þessum lækni. Jeg geng út frá því að landlæknirinn þekki hæfilegleika hinna ýmsu lækna til að kenna yfirsetukonum. Þetta virðist mjer full trygging fyrir því, að námið og prófið sje svo af hendi leyst, að það verði ekki að sök. Það er heldur engin vissa fyrir því, að læknar á öllum hinum tilteknu stöðum sjeu ætíð duglegri eða áreiðanlegri til að kenna yfirsetukonum heldur en hjeraðslæknar hjer og hvar annarsstaðar. Breyt.till. fer í þá átt, að tryggja námið, að það verði sem vandaðast, og að yfirsetukonan nái sem vandaðastri og beztri þekkingu; en mjer sýnist það enn þá meiri takmörkun en áður, að gera hverri yfirsetukonu það að skyldu, að þurfa að taka próf hjá landlækni; við það get jeg ekki fellt mig og vona jeg að h. þingd. samþykki frv. óbreytt, ef hún annars vill nokkra breytingu gera á yfirsetukvennalögunum.

Þórarinn Böðvarsson: Fyrst og fremst er mjer ekki vel ljóst, hverjir þessir »aðrir læknar« eru, og eins er ekki tekið fram, hvort landlæknir á að »taka gilt« fyrirfram eða eptir á. Maður skyldi halda, að hann ætti að gera það fyrir fram, það er að segja, að hann leyfði að þessi tiltekni læknir mætti halda próf í yfirsetukvennafræði, en ef það á að vera eptir á, get jeg ekki skilið að það geti öðruvísi verið, en með því að hann prófi sjálfur, eins og farið er fram á í breytingaratkv. Uppástm. þessa frv. hefir sagt, að hann vildi gera yfirsetukonum hægra og kostnaðarminna námið og prófið, og er það hvorttveggja gott, en jeg óttast, að með því að gera það nám og það próf ljettara, en það er, þá verði það gert of ljett; að það verði kostnaðarminna, get jeg ekki vel skilið, en þó getur það nú verið, en jeg er hræddur um að próf út um landið hjá læknum verði ekki eins áreiðanlegt og hjer hjá læknunum í Reykjavík; en því neitar víst enginn, að slíkt nám og próf er mjög þýðingarmikið og er opt mannslíf eða tveggja komið undir þekkingu eða að eins heppilegu handtaki yfirsetukonunnar, og er það sorglegt að verða að játa, að vankunnátta í þessum efnum hefir opt orðið að miklu tjóni. Í öðrum löndum er mikil áherzla lögð á, að yfirsetukonur verði sem mest og bezt fullnuma í þeirri grein. Til tryggingar fyrir þessu vil jeg leggja það til, að yfirsetukonur verði látnar taka próf hjer í Reykjavík hjá landlækninum og yfir höfuð læknaskólakennendunum; kostnaðurinn við það próf liggur mest í ferðakostnaði, sem ekki ætti að verða mjög tilfinnanlegur, þar sem gufuskipaferðir eru svo tíðar, og svo má gera ráð fyrir, að læknarnir hjer mundu taka tillit til þessara ástæðna og prófa yfirsetukonur þá er þær annars kæmu. En þó það yrði kostnaðarauki, þá álít jeg að alls eigi ætti að horfa í hann í svo áríðandi máli. Það er líka sparaður kostnaður með því, ef yfirsetukonan er áreiðanleg, að hún sendir ekki að óþörfu eptir lækni.

Jón Jónsson: Jeg vil styðja þetta mál. Í mínu kjördæmi er engin lærð yfirsetukona enn sem komið er, því að engin hefir orðið til að nema yfirsetukvennafræði, þar sem það hefir ærinn kostnað í för með sjer að ferðast annaðhvort til Eskifjarðar eða Reykjavíkur. Þetta er ekki nærri gott ástand, þar sem enginn læknir er í þeirri sýslu heldur nú sem stendur, og vil jeg

sterklega mæla með því, að ef læknir skyldi koma þangað, þá geti yfirsetukonur fengið að læra hjá honum, því það er mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir konu, sem t. d. er gipt og hefir bú, að þurfa að fara langar leiðir til lærdóms, koma sjer þar fyrir á ókunnum stað og vera þar langan tíma og komast svo heim aptur; líka held jeg að þetta gæti orðið talsverður fjesparnaður fyrir landssjóð; jeg skil heldur ekki, hvernig menn geta talið meiri tryggingu í prófi því, sem kaupstaðarlæknir heldur, heldur en í því prófi sem læknar út um landið halda, og jeg veit ekki í hverju þeir eru betri til að kenna; það er að minnsta kosti engin trygging fyrir því, að þeir sjeu betur að sjer í yfirsetufræði en hinir, og ef að hjeraðslæknar út um landið eru ekki færir um að kenna yfirsetukonum, þá álít jeg að þeir sjeu ekki færir um að vera læknar; jeg álít það eins og nokkurskonar vantraustsatkvæði til þeirra, að efast um að þeim sje trúandi fyrir þessu. Jeg vil því mæla fram með því, að frv. fái framgang óbreytt eða að minnsta kosti þá að eins með orðabreytingum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að eins að taka það fram, viðvíkjandi breytingartillögu minni, að konum er heimilt í rauninni að læra yfirsetukvennafræði hvar sem þær vilja, þær þurfa að eins að taka próf. H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) sagði, að það væri vantraustslýsing til læknanna, þeir væru eigi færir um að lækna, ef þeir væru ekki færir um að kenna yfirsetufræði. Þetta álít jeg eigi rjett skoðað. Læknaefni læra hjer yfirsetukvennafræði alls eigi til hlítar. Að vísu eiga þeir að fara á fæðingarskólann í Kaupmannahöfn eptir að þeir hafa lokið námi sínu hjer, og ef þeir nota vel þann stutta tíma, sem þeir eru þar, og jeg efast ekki um að þeir geri það flestir, þá geta þeir orðið vel að sjer að vísu, en þó alls ekki til jafnaðar við læknana í Reykjavík, sjerstaklega þann, sem hefir svo mikla reynslu í þeim efnum. Próf eru nauðsynleg trygging. Reykjavík hefir þann forrjett, að þær yfirsetukonur sem hjer eru, þurfa að hafa lært í Kaupmannahöfn. Jeg vona að allir sjái, hve áríðandi þetta er, og að breyting mín verði samþykkt. Læknarnir geta verið góðir læknar, þó að þeir sjeu ekki fullnuma í þeirri grein, sem þeir fara hjeðan ófullnuma í, til þess að læra betur erlendis. Þegar kona liggur á sæng, þá er það mikilsvert og getur sparað mikinn kostnað, ef yfirsetukonan getur sagt, svo treysta megi, hvenær sækja þarf lækni. Geti hún það ekki áreiðanlega, getur það verið ekki einungis hættulegt, heldur og kostnaðarsamt.

Eirikur Kúld: Jeg er eigi alveg samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.); orðfærið má laga í hendi sinni; en mjer finnst hann gera of lítið úr þeim kostnaði, sem það hefir í för með sjer að fara til Rvk. að taka prófið; þó að yfirsetukonurnar eigi ekki að standast hann sjálfar, þá má heldur ekki baka landssjóðnum óþarfan kostnað. Mjer er kunnugt um einn lækni, sem hefir þegar kennt mörgum yfirsetukonum, sem reynzt hafa vel. Hann hefir tekið með sjer til að vera við stadda við prófið 2 valinkunna menn, og yfirsetukonur sem hafa lært í Khöfn.: *(Þ. Böðv.* Gera það allir?). Það mætti gera það að skyldu. Það er nauðsynlegt, að prófin sjeu tryggileg, en trygging væri það nóg, ef annar læknir, sem næstur er, væri fenginn til að vera við prófin. Það væri kostnaðarminna en að kosta þær allar hingað suður til yfirheyrslu. Jeg gef frv. eindregið atkv. mitt.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Í lögum um nám yfirsetukvenna 17. des. 1875 5. gr. er það tekið fram, að engin geti orðið skipuð yfirsetukona nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá landlæknunum í Reykjavík eða hjeraðslæknunum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, og þó konum sje auðvitað heimilt að læra yfirsetukvennafræði hjá öðrum læknum, þá er þeim það ekki til neins, þar eð

þær geta ekki þar fyrir orðið skipaðar yfirsetukonur. En það er eigi nálægt því, að mjer dytti í hug að vinna það fyrir hægðina og sparnaðinn, að leggja það í sölurnar, ef vantrygging er á, að námið og prófið verði vel af hendi leyst hjá læknum út um landið. Þetta er mjer ekki það kappsmál, ef hinir háttv. þingm. álíta þeim læknum ekki treystandi til þessa starfa, að jeg vilji að þeir hafi neitt á samvizkunni fyrir það. Jeg vil auk heldur skora á þingmenn, að hver íhugi vandlega ástandið í því hjeraði, sem hann þekkir til. Jeg fyrir mitt leyti treysti vel mínum lækni. Hann hefir kennt og gefizt vel. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta, en óska að frv. komist fram.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að eins að koma fram með eina spurningu. Er til þess ætlað, að þessi kennsla læknanna sje kauplaus? *(Flutningsm.:* Já, meiningin er, að hún sje lögð þeim á herðar). Þá þarf að taka það fram; því að eptir lögunum 17. des. 1875 skal öll kennsla yfirsetukvenna greidd úr landssjóði. Til þess að fá rjett til að vera löggild yfirsetukona, á hún eiginlega að hafa lært í Kaupmannahöfn á fæðingarstofnuninni. En þó er gefið eptir, að fullgilt sje, ef hún tekur próf hjá landlækninum í Reykjavík, eða 4 tilteknum læknum, og þeir eiga að fá borgun af landssjóði. Ef þeir læknar, sem ekki eru nefndir í lögunum 1875, eiga enga borgun að fá, þá verður það að vera tekið fram í þessum lögum. Annars hafa þeir fullan rjett til að heimta borgun. Það er þegar hæstarjettardómur fyrir því. Jeg vil þess vegna biðja h. flutningsm. að koma með breytingaratkvæði um þetta við 3. umr.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Jeg mun hafa það í huga, ef málið kemst svo langt.

Atkvæðagr.: Þá var gengið til atkvæða um breytingartillögu þ. Böðv. (C. 159), og var hún felld með 11 atkv. gegn 9. Því næst var gengið til atkvæða um höfuðfrumvarpið (C. 138), og var það einnig fellt með 11 atkv. gegn 9.

Frv. til laga um nýjan þingstað á Úlfljótsvatni (C. 127); 2. umr.

Flutningmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg óska, að þingd. lofi frv. að ganga lögboðna leið.

Atkvæðagr.: Frumvarpið var samþ. með 18 atkv.

— Málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Frv. til laga um útflutningstoll á landvarningi og afnám ábúðarskatts og lausafjárskatts (C. 127); framhald 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Mín ræða er: Jeg óska, að málið gangi til 2. umr.

Atkvæðagr.: Samþykkt með 14 atkv.

Frv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 159); 1. umr.

Eiríkur Kúld: Þótt jeg standi upp, hugsa jeg samt ekki til þess, að mjer muni takast að kveða enn þá niður þann draug, sem nú í mörg þing hefir verið sendur hjer inn á þingið. Jeg vil samt tala nokkur orð til þess að h. þingd. sjái, að meining mín í þessu efni er enn hin sama, sem hún áður hefir verið að undanförnu.

Hvernig er nú þetta margumtalaða brjef til komið, sem mönnum er nú orðið svo annt um að af nema? Það er komið fram af þeim ástæðum, að bjargræðisvegi fjölda margra heimila var hætta búin, þrátt fyrir tilskipun 20. júní 1849. Og af hverjum var honum hætta búin? Flettum upp alþ.tíð. 1853, og þá munum vjer sjá, hverjir það voru, sem spilltu honum. Og hvaðan eru nú þessar raddir komnar? Allt af úr hinni sömu átt, frá hinum sömu mönnum, sem þetta opna brjef átti að friða selinn fyrir, og sem allt af blæðir það í augum, að geta ekki svalað heipt sinni á aumingja selnum, og eyðilagt þennan bjargræðisstofn fyrir öðrum, úr því þeir höfðu eyðilagt hann fyrir sjálfum sjer. Og allt af er þetta sama viðkvæðið, að selurinn sje argasta rándýr. En hvaða selur? Ekki allur selur, ekki láturselur og landselur, þótt jeg játi, að hann taki einstaka fisk, því aldrei synda látur- og útselir í stórhópum, heldur einn og einn í einu á stangli. Það er farselurinn, sem kemur frá Grænlandi, sem ber

þetta nafn með rjettu. Hann syndir í hópum svo hundruðum skiptir og má ske þúsundum saman; hópurinn stingur sjer allur í einu, er hann sækir fæðu sína til botns, og fælir svo fisk burtu með busli sínu og æðigangi. Reynslan er deginum ljósari í þessu efni, og á Ísafirði sjest það bezt, að eins getur fiskast fyrir látursel, því þar er hann enn hinn sami og hann var í fiskileysisárunum, en farselurinn er flæmdur þaðan, en það var hann, sem flæmdi fiskigöngur út af Ísafjarðardjúpi. Og enn fremur sýnir reynslan það, að við Breiðafjörð fiskast ekkert framar þar sem búið er að flæma selinn burtu; þar getur það þó ekki verið selnum að kenna. Það er hlægilegt, þegar menn eru að koma fram með þess háttar ástæður. Sannleikurinn er sá, að það er ekki selurinn, sem fælir fiskinn, heldur hitt, að útlend og innlend þilskip bera niður fyrir utan í flóanum slægingu af afla sínum, og inn fyrir það fara svo fiskigöngurnar ekki, heldur leggst fiskurinn þar við þann niðurburð; og annað hitt, að Breiðafirði er svo háttað, að fiskurinn getur ekki eptir eðli sínu farið innst um hann. Inn eptir firðinum gengur hinn svo nefndi Kolláll, og út úr honum smáþverálar; en þar fyrir innan, einkum norðanfram innarlega, eru einlægir hryggir, sem eru eins og þvergirðingar í ám, og inn fyrir þá fer alls eigi nema einn fiskur á stangli, því þar er svo grunnt, að víða sjer í botn.

Að selur spilli laxveiði á Breiðafirði, er líka undarleg ástæða, þar sem öllum er kunnugt, að engin veruleg laxá er þar til, nema 2 eða 3 sprænur litlar á Hvammsfirði, og þaðan er fyrir löngu búið að flæma því nær allan sel af Hvammsfirði, nema frá Staðarfelli.

Vjer skulum nú athuga þessar bænarskrár, sem oss hafa sendar verið í þetta sinn, og sem hafa verið fluttar með svoddan mælsku í h. efri deild, að í villu hafa leiðzt jafnvel útvaldir. Það er þá fyrst athugavert við þær, að þær eru allar skrifaðar með sömu hendi, hendi manns eins í Stykkishólmi, og sumar ódagsettar. Þær bera það allar með sjer, að það þurfi að fylgja þeim önnur eins orð og aðrar eins fráleitar endaleysur, eins og borið hefir verið á borð fyrir hina háttv. efri deild, af hinum háttvirta flutningsm. þar, til þess að nokkrum manni með heilbrigðri skynsemi geti dottið í hug að fara eptir þeim, eða byggja á þeim. Tökum bænarskrána frá Eyrarsveit; hún er undirskrifuð af 22 mönnum, og af þeim er að eins 1 að nafninu til lagneigandi. Bænarskráin frá Neshreppi innan Ennis er með 36 undirskriptir; enginn lagneigandi; bænarskráin frá Neshrepp utan Ennis með 33 undirskriptum; enginn lagneigandi. Þá er bænarskrá, sem er undirskrifuð af 13 mönnum í Barðastrandarsýslu, sem flutningsmaður hefir kallað alla lagneigendur. Þetta er ekki satt. Af þessum 13 mönnum eru 4, sem alls enga selveiði hafa, og 4, sem grunaðir hafa verið um selaskot. Bænarskrána frá Dalasýslu hefi jeg ekki sjeð; en mjer er grunsamt, að á öðrum þeim fundi, er flutningsm. vitnar til, hafi að minnsta kosti ekki verið nema 1, sem nokkrar selalagnir hafi átt. Um vottorð frá sýslunefndinni í Stykkishólmi vil jeg helzt ekkert orð tala, en get þess þó, að enginn af sýslunefndarmönnum getur talizt lagneigandi á Breiðaflóa. Jeg skal eigi lengja umræður um þetta mál, en leyfa mjer að benda h. þm. á grein í Ísafold, sem út kom í gær, eptir merkan og fróðan mann á vesturlandi, 65 ára gamlan, sem þessu máli er nákunnugur, en nú er hættur við bú. Af þessari grein gætu menn sjeð og sannfærzt, ef menn annars láta sannfærast, að það er ekki að ástæðulausu fyrir Breiðfirðinga, að farið er fram á að halda þessu opna brjefi. Jeg skal játa það, að það er óviðkunnanlegt, að hafa sjerstök lög fyrir eitt hjerað, en »nauðsyn brýtur lög». En verði þetta opna brjef af tekið, þá standa afleiðingarnar opnar fyrir mjer. Það er hryggilegt, að menn skuli taka nokkuð tillit til annars eins og sumt það, er h. flutningsm. hefir komið fram með í Ed., því það er lítið betra en sleggjurnar undir Jökli, sem talað var um hjer á þingi 1881.

það er slæmt að byggja of mikið á kunnugleik þeirra manna, sem, já, máske þekkja sel frá sauð; en ætli hinn h. flutningsm. þekki látursel frá farsel? Þekkir hann hringanóru, selkóng, gransel og fleiri selakyn? Nei, mjer er óhætt að segja nei. Það þurfa ekki nema fáein skot þar sem haustselur kæpir, til að eyðileggja þar allan sel, flæma hann á burtu; og á einni jörð, Reykhólum, yrði þá með 1 eða 2 skotum eyðilögð 2 þúsund króna veiði á ári, að kostnaði frádregnum, eptir 20 ára meðaltali. Þar er selveiðin mest; en jarðir eru þær á Breiðafirði, sem eiga allt að helmingi, allt að fjórða parti við þetta. Jeg vil segja, að ef þetta opna brjef er af numið, þarf að áttfalda sektir þær, sem við eru lagðar í tilsk. 1849, og ýta undir uppljósturinn með því, að láta uppljóstrarmanninn fá helming sektanna. Jeg skal fúslega játa, að selurinn er slæmur þar sem laxveiði er. En jeg hefi talað við laxfróðan mann, sem ferðaðist nýlega til að skoða árnar í Dölum við Hvammsfjörð, og var það álit hans, að það ætti að eyðileggja selinn, ef svo væri, að arðurinn af honum væri minni en arðurinn af laxinum þar. En það er alls ekki tilfellið á Breiðafirði. Jeg vil benda mönnum á, að það er minnst selurinn, sem eyðileggur laxveiðina; það eru toppandirnar og fleiri fuglar og einkum veiðibjallan; það er hún, sem tekur smálaxana í árósunum og jetur hrognbúin. Jeg get ekki skilið, hvað mönnum getur gengið til af lofa eigi Breiðfirðingum að halda arðinum af selveiði sinni, af því það er margsannað á mörgum stöðum, að selurinn á ekkert skylt við fiskigöngur þar. Nú fiskast aldrei nálægt Stykkishólmi, og þó er þaðan allur selur að mestu burtflæmdur nú, en áður var þar nógur selur og engin skot, og fiskihjallar sjást þar víða enn í eyjum og víðar, sem sýnir fiskiveiðarnar þá. Jeg hefi nú látið skoðun mína í ljósi, af því jeg er þessu máli gagnkunnugur, og það er sannarlega samvizkusök, að eyðileggja þann bjargræðisstofn, sem er eins viss og ærnar í kvíunum, þótt menn segi að hann sje ekki eign; og jeg held, að með því sje nokkuð nærri höggvið 50. gr. stjórnarskr., því það er ekki meiri ástæða til að friða æðarvarpið, heldur en selinn á Breiðafirði. Jeg veit, að til mín munu koma bænarskrár frá Barðastrandarsýslu, því þeir vissu í vor af kappinu og fundarhöldunum sunnan megin fjarðarins. Jeg hefi gaman að sjá, hvort ekki verður eitt sama nafn undir þeim, sem nú er hjer undir einni af þessum bænarskrám, því jeg þekki, að sá maður hefir ekki skrifað það sjálfur. Jeg álít óheppilegt, ef þetta verður leitt til lykta, áður en þær bænarskrár koma, og vil því beina máli mínu til hins háttv. forseta um, að þetta mál sje geymt þangað til.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal nú ekk vera langorður, því umræður eru orðnar langar, en jeg vil að eins gera þá athugas., að jeg sje ekki, að Breiðfirðingum sje gerður neinn órjettur með því, þótt opið brjef 22. marz 1855 sje af numið, því það finnst mjer svo eðlilegt, að allir lifi undir sömu lögum, og það er nú tilætlunin. Það á ekki að drepa selinn upp í selalátrum þeirra, heldur út á firði og langt burtu frá látrunum, og vona jeg að h. þingd. verði á sömu skoðun og áður, og einkum þar eð h. Ed. hefir nú látið loksins sannfærast.

Eirikur Kúld: Jeg skal nú ekki biðja þingd. að fella þetta frv., eins og h. þm. G.-Kjós. (Þork. Bj.) hefir beðið hana að samþykkja það, og eyðileggja þar með bjargræðisútveg margra manna. Honum þótti óviðurkvæmilegt, að allir skyldu ekki vera undir sömu lögum, en hjer er beðið um undanþágu frá lögunum; Barðstrendingar hafa beðið um friðun, en bænarskrárnar um afnám fyrirmæla opna brjefsins eru allar frá Snæfellsnessýslu. Mjer finnst nú að hvorirtveggju geti fengið bæn sína, ef dregin væri lína frá Gassaskerjum í Klofningshyrnu, og láta ekki sel vera friðaðan fyrir sunnan þá línu. Annars vildi jeg biðja h. forseta að fresta síðari umræðum málsins um nokkra daga.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 156), hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á að hafa eina umr., og var það samþ.

Frv. til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C. 146); 1. umr.

Flutningsmaður (Lárus Blöndal): Eins og hin háttvirta neðri deild fær sjeð, er þetta frv. því nær samhljóða því frv., sem samþ. var í einu hljóði 1883, og með því mönnum einnig mun kunnugt, að þetta er áhugamál víða um land, þá vona jeg, að h. þingd. sýni málinu nú hina sömu velvild og áður, og óska jeg málinu vísað til 2. umr.

— Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Afgreiðsla á bænarskrám o. s. frv., sem fram var lagt 14. júlí:

1. Skjöl viðvíkjandi þjóðjarðasölunni; afhent flutningsmanni.

2. Bænarskrá úr Leiðvallarhreppi í Vestur-Skaptafellssýslu um lækkun á eptirgjaldi þjóðjarða. Vísað til fjárlaganefndarinnar.

3. Bænarskrá úr Vatnsleysustrandarhreppi um löggilding Vogavíkur til verzlunar. Afhent flutningsm. sem afgreidd.

4. Tillaga um fjárveiting til að gefa út Jónsbók, frá Arnljóti Ólafssyni; var hún afhent fjárlaganefndinni.

Fimmtándi fundur, föstudag 16. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frv. til laga um stofnun landsbanka (C. 67; nefndarálit 148); 2. umr.

Framsögum. (Arnljótur Ólafsson): Eins og h. þm. er kunnugt, hefir nefndin að eins gert fáar efnisbreytingar við frv. stjórnarinnar. Flestar breytingarnar eru í raun rjettri að eins orðabreytingar, en efnisbreytingar eru ekki nema eitthvað 2 eða 3, og eru þær einkum við 2. og 3. gr. frv. Breyt. við 2. gr. er fólgin í því, að bankanum er eigi ætlað að greiða meira en 1% af seðlaskuld sinni til landssjóðs ár hvert, í stað þess að stjórnarfrv. fer fram á 2%, og svo bætir nefndin því við, að þessi lúkning skuli eigi byrja fyr en 5 ár eru liðin frá stofnun bankans. Þessa tillögu sína byggði nefndin á því, að hún áleit, að tilgangurinn með þessu gjaldi til landssjóðs væri ekki sá, að útvega landssjóðnum tekjur, heldur hitt, að endurgjalda landssjóði þann kostnað, sem hann hefði af tilbúningi seðlanna, og enn fremur fyrir þá trygging, sem landssjóður veitir seðlaeigendunum, ef svo kynni að fara, að bankinn legðist niður samkvæmt 32. gr. Nefndin áleit reyndar, að litlar líkur væru til að bankinn legðist niður, eða til þess kæmi að bankaþrot yrði, því bæði er það, að hann er stofnaður með mikilli varúð, og stendur sífellt undir yfirumsjón landstjórnarinnar, og enn fremur er þingmönnum ætíð innanhandar samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, að hafa gát á gjörðum hans, ef þeim þykir þurfa. Nefndin varð að álíta það nauðsynlegt, að bankinn hefði og verði sem allra mestu af því fje, sem honum áskotnast, til útlána. Jeg vona líka, að það geti ekki dulizt h. deild, að fyrst í stað muni verða meira um lánbeiðslu en um lánboð. Það sjest meðal annars á hinum mörgu bænum, sem koma til landssjóðs og þingsins, og lenda hjá fjárlaganefndinni. Nefndin bætti við í niðurlag 2. gr.: »og leggur 2% árlega af henni í varasjóð». Þetta gerði nefndin til þess, að fjarlægjast stjórnarfrv. sem minnst. Það kemur alveg í sama stað niður, hvort hjer er ákveðið, að 2% eður 3% skuli ganga í varasjóð, því afgangstekjurnar eiga þangað að fara eptir 31. gr. Varasjóðurinn er eins konar saldo í bankanum. Ef bankinn sem sje tapar fyrst í stað, þ. e. vinnur ekki eins mikið og hann þarf til þess, að launa sinni stjórn og fyrir húsaleigu og þess háttar, þá verður það tap fært eptir 31. gr. til í varasjóðnum, allt svo með ÷, en þegar afgangurinn kemur, er hann þar færður með +, og sömuleiðis þessar 2% vaxtafjárins af seðlunum.

Hin breyting nefndarinnar er við 3. gr., og er um upphæð seðlanna. Frv. stjórnarinnar hefir 3 upphæðir, þ. e. 100—50—10. En nefndin stingur að eins upp á fyrst um sinn 2, sem eru 50 og 5 kr. seðlum. Nefndin athugaði sem svo: Hjer á landi eru mjög fáar stórlúkningar, svo að mjög lítil not eru að 100 kr. seðlum, nema þegar keypt er jörð eða eitthvað þess konar stórt. Því yfir höfuð eru viðskipti manna hjer á

landi í smærri stýl en t. a. m. í Danmörku. Því áleit nefndin, að 50 kr. væri mátuleg eður nægileg sem hin hæsta upphæð til að nota hjer að nokkrum mun. Hin breytingin, 5 kr. seðlar í stað 10 kr. seðla, var og af sömu ástæðu, því það er mikið af smáskuldum, bæði til vinnuhjúa o. fl., sem landsmenn þurfa að lúka. Annað var það og, að nefndin hafði í huga ákvæði það, sem stendur í 4. gr. í niðurlaginu, það ákvæði, að bankinn skyldi skipta bæði stærri seðlum í smærri og smærri seðlum í smápeninga. En nú er auðsætt, að því stærri sem minnstu seðlarnir eru, því meiri smápeninga þarf bankinn að láta af hendi til að skipta fyrir þá. Ef nú minnstu seðlar eru 10 kr., þá þarf optar að skipta í bankanum; jeg vil segja meira en helmingi optar, ef 10 kr. er minnsti seðill heldur en ef 5 kr. er minnsti seðill. Það eru svo margar greiðslur manna á milli fyrir neðan 5 kr. eða upp að 5 kr. og svo milli 5 og 10 kr.; en sá, sem hefir 10 kr. seðil, en þarf að greiða minna en 10 kr., þarf að skipta annaðhvort við bankann eða sinn skuldeiganda. Reyndar er aðgæzluvert, að í 4. gr. stendur: »eptir því sem tök eru á». Bankinn er því ekki skyldugur að skipta fyrir smápeninga, og þarf þess ekki nema hann sje byrgur af þeim, því seðlarnir eru eigi endurkeypilegir. En nefndin hugði, að það mundi að mun rýra traust bankans, ef opt væri komið til hans að skipta smáum seðlum, og bankinn segði: »nei, það get jeg ekki». Fyrir þá, sem þessu mæta, er þá næst að hugsa sem svo: »Hvað ætli sje til í bankanum, fyrst hann getur ekki skipt einum 10 kr. seðli?» Jeg játa, að þetta er ekki rjett ályktað, því bankinn getur haft talsvert af gulli, þó hann hafi ekki silfur. En þegar grunur er á annað borð kviknaður um eitthvert atriði, þá fara menn venjulega ekki eptir hinum skynsömustu ástæðum til að þagga niður gruninn, heldur finna allt það til, sem getur aukið hann. Enn fremur gerði nefndin það af ásettu ráði, að hafa tegundir seðlanna að eins 2, því hægt er að bæta þeirri þriðju við, þegar reynslan hefir sýnt, hvort heldur þarf fyrir neðan 50 eða fyrir ofan. Breyting nefndarinnar við 4. gr. fyrri málsgr. er eiginlega að eins orðabreyting. Jeg skal fyrst geta þess, að orðið *skuldgengur* er reyndar rjettmyndað orð, en það er nýmæli, og er alveg sömu merkingar, sem hið gamla orð *gjaldgengur*, en til frekari fullvissu bætir nefndin við *löglegur*, og þýðir þá *löglegur gjaldeyrir* (»legal tender»), sama sem í stjórnarfrv. *skuldgengur greiðslueyrir*, það er, að seðlarnir skuli vera löglega gjaldgengir í hverja þá skuld, sem ákveðið er að lúka skuli í krónum og aurum. En hafi aptur á móti skuldunautur lofað að lúka skuldina í skileyri, svo sem í gulli, í pundum sterlings, eður í ull, tólg eða smjöri, þá stendur að sjálfsögðu við skileyri þann, er um er samið. Nefndin hefir bætt einu orði inn í 6. gr. 4. tölul. Í stjórnarfrv. stendur í 4. tölul.: »lánar fje móti handveði», en aptur í 6. tölul.: »veitir lánstraust móti handveði og sjálfsábyrgð». Jeg skal fyrst geta þess, að nefndinni þótti skýrara orð *sjálfskuldarábyrgð*, heldur en *sjálfsábyrgð*, því það tekur betur fram merkingu orðsins »Selvskyldnerkaution». En hvað efnisviðaukann snertir, gat nefndin ekki sjeð annað en að það væri meiri samkvæmni, að bankinn lánaði upp á sjálfskuldarábyrgð eins og handveð, með því að hann samkvæmt tölul. veitir *lánstraust* móti handveði og sjálfskuldarábyrgð. Því að lána og veita lánstraust er í rauninni mjög líkt. Því ef bankinn lánar A einhverja peningaupphæð og B tryggir, sem sjálfskuldarmaður, heimtar bankinn skuldina af B, ef A eigi getur greitt. Hins vegar, ef bankinn veitir A lánstraust, t. a. m. með því að hann ábekir (endosserer) víxil hans, til þess að B kaupi víxilinn, þá er bankinn orðinn í rauninni sjálfskuldarmaður A's við B, og á jafnmikið á hættu, sem hann lánaði A víxilfjeð. Það er auðvitað, að bankastjóri verður að vera mjög vandlátur við sjálfskuldarábyrgð, en hann verður að vera það jafnt eptir tölul. 4. sem tölul. 6. Við 9. gr. er efnisbreyting. Frv. stjórnarinnar gefur að eins *heimild* til að stofna fleiri aukabanka eður framkvæmdarstofur, en nefndinni þótti þau ummæli

heldur lin, þótt þau að líkindum hafi sömu þýðing í framkvæmdinni, sem nefndarinnar ummæli. Hún vildi vekja athygli á því, að þar sem samgöngur eru svo strjálar hjer á landi, væri æskilegt, þótt það í fyrstunni yrði nokkur byrðarauki, að koma sem fyrst upp framkvæmdarstofum á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði; einkum þar sem þetta er ekki svo vandasamt verk, og mannval nóg til, að minnsta kosti á Akureyri og líklega á hinum stöðunum. Þá er næst breyting nefndarinnar við 16. gr. Þá gr. var nefndin reyndar að hugsa um að fella burtu, því henni var ekki kunnugt, að sá lagastaður úr norsku eða dönsku lögum, sem þar er tilgreindur, væri gerður gildandi hjer á landi, heldur varð hún að ætla, þótt hún hefði ekki mikið lagavit, að NL. 5—7 hefði aldrei verið lögleiddur hjer. En til þess þó, að fara sem styzt, tók hún að eins efnið, en felldi burtu tilvitnanina. Við 24. gr. er það eiginlega engin breyting hjá nefndinni, heldur er að eins tekið skýrara fram það, sem nefndin hugði að væri hugsun stjórnarfrv. Við 25. gr. hefir nefndin að eins bætt því, að framkvæmdarstjóri og fjehirðir skuli setja hæfilegt veð, eptir því sem ldsh. ákveður. Að lokum er við 32. gr., þar sem talað er um, að landssjóður skuli leysa til sín seðla bankans, ef hann skyldi hætta störfum sínum fyrir fullt og allt, einungis bætt þeim þrem orðum við til nánari skýringar. Því þótt það standi ekki í stjórnarfrv., að landssjóður skuli leysa seðlana »með fullu ákvæðisverði», hlýtur það þó að vera merkingin.

Landshöfðingi: H. framsögum. (A. Ó.) hefir nú greinilega skýrt frá breyt.till. nefndarinnar; eins og hann tók fram, þá eru breytingar h. nefndar ekki mjög verulegar breytingar, og raska ekki aðalákvörðunum frv., og skal jeg nú með fám orðum víkja að þessum breytingum eða nokkrum þeirra. Hvað snertir breytingar h. nefndar við 2. gr., þá er það að vísu veruleg breyting, þar sem landssjóður enga vöxtu á að fá í 5 fyrstu árin af láni sínu, og því næst að eins 1% af því, í stað þess að stjórnarfrv. ætlast til, að landssjóður þegar fái 2%; en þótt þetta sje nokkuð veruleg breyting, þá legg jeg ekki svo mikla áherzlu á hana, nje álít, að það geti orðið máli þessu til fyrirstöðu, þótt landssjóður missi þessa vöxtu; hann hefir auðvitað því minni ábyrgð af bankanum, þar sem hjer af leiðir, að viðlagasjóður bankans verður stærri; því betri verður hagur bankans, og því síður verður hann gjaldþrota, og enda þótt æskilegt væri, að landssjóður fengi sem fyrst eitthvað upp í kostnað þann, sem hann hefir af stofnun bankans, þá get jeg ekki annað sjeð, en að mikið mæli með uppást. h. nefndar í þessu atriði, enda álít jeg það mjög illa farið, ef til þess kæmi, meðan bankinn er að komast á fót og ná föstum grundvelli, að hagur hans stæði ekki vel eða að hann skorti efni. Hvað snertir breytingar h. nefndar við 3. gr., um seðlaupphæðina, þá skal jeg játa það, að talsvert mælir að vísu með því, að hafa seðlana eins lága og h. nefnd hefir stungið upp á, nefnil. 50 og 5 kr.; en aptur er það ekki álitið hagkvæmt, enda ekki ætlazt til þess, að seðlarnir gangi milli manna sem smámynt, heldur að þeir komi í stað gulls, og því hefði það verið samkvæmara almennum grundvallarreglum, að hafa seðlaupphæðina ekki lægri en 10 kr., og í Danmörku eru seðlarnir ekki lægri en 10 kr.; reyndar eru efni hjer minni og borganir yfir höfuð smáar, svo að jeg held, að álíta megi 5 kr. seðil hjer eptir hlutfalli eins háan og 10 kr. seðil í Danmörku. En þó nú það verði samþ., að minnsta seðlaupphæð skuli vera 5 kr., þá vildi jeg leyfa mjer að vekja athygli h. deildar og sjerstakega h. nefndar á því, hvort ekki væri ástæða til að hafa einnig 10 kr. seðla, enda er mögulegt, að jeg til 3. umr. komi með breytingaratkv. í þá átt; reyndar er, eins og h. framsögum. (A. Ó.) tók fram, allt af innanhandar síðar með lögum að ákveða fleiri seðlaupphæðir, því vonandi er, að einhvern tíma komi að því að fjölga þurfi seðlum fram yfir þess hálfu miljón, sem bankinn byrjar með eptir því, sem hjer er gert ráð fyrir. H. framsögum. (A. Ó.) tók skýrt fram, að breytingin við 4. gr. væri ekki efnisbreyting, en eins

og orðin í þessari breytingu liggja, þá má þýða þau á tvo vegu, en jeg læt mjer nægja yfirlýsingu h. framsögum. (A. Ó.), að það sje að eins orðabreyting. Hvað snertir sjálfskuldarábyrgðina, sem nefndin hefir viljað bæta við 4. tölul. í 6. grein, þá er það auðvitað mjög nauðsynlegt fyrir bankann bæði í þessu tilfelli og einnig í þeim tilfellum, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. 6. tölul., að gæta *mikillar* varkárni; en það sem kynni að vera ísjárvert við þessa sjálfskuldarábyrgð, mætti gera ákvarðanir um í reglugjörð bankans og setja þar ýmsar takmarkandi varúðarreglur, sem sjálfsagt yrðu nauðsynlegar. Stjórn bankans verður að vera mjög vandlát, þegar hún tekur sjálfskuldarábyrgð manna gilda, hvort heldur fyrir láni eða lánstrausti. Við 9. gr. hefir h. nefnd gert þá breytingu, að ákvörðunin yrði skarpari: Bankinn *skal*, þar sem stjórnin veitir heimild til þess og segir: Bankinn *getur* sett á stofn o. s. frv.; en þar sem nefndin hefir bætt því við: Svo fljótt sem auðið er, þá liggur þar í hin nauðsynlega takmörkun, að stofnun þessara útibúa er komin undir því, hvernig hagur bankans er og hvernig kringumstæðurnar yfir höfuð eru. Þar sem efnið í 16. gr. stjórnarfrv. er tekið upp í 16. gr. nefndarfrv., þá finnst mjer ekki standa á miklu, þótt sleppt sje tilvitnun þeirri í norsku lög og dönsku lög, sem h. nefnd leggur til að sleppt sje, því úr því að ákvörðunin er til í þessu frv., þá þykir það nægja, en hjer álít jeg ekki nauðsynlegt að fara út í það, hvort hinn tilvitnaði lagastaður sje gildandi hjer, þótt jeg reyndar álíti, að n. l. 5—7—1 mundu gilda hjer á landi, en það gerir ekkert til, enda liggur sú spurning ekki fyrir, en hitt finnst mjer nægja, að ákvörðunin er hjer tekin upp í frv. Breytingaruppást. h. nefndar við 24. gr. er ekki stórvægileg, *og* sal jeg lýsa því yfir, að jeg er henni samþykkur. Þar sem h. nefnd hefir gert þá viðaukauppást. við 25. gr., að framkvæmdarstjóri og fjehirðir skuli setja hæfilegt veð, sem landshöfðingi ákveði, þá er þessi ákvörðun í fyrsta áliti æskileg og eðlileg; en þó finnst mjer hún athugaverð, því ef heimta ætti mjög hátt veð af þessum embættismönnum bankans, veð, sem stæði í hlutfalli við það fje, sem þeir hafa umsjón yfir, eða fjármagn bankans, þá er næsta líklegt, að fáir gætu sett það veð, og þessi ákvörðun yrði þá því til fyrirstöðu, að fengizt gætu þeir menn, sem að öðru leyti þættu til þessa hæfilegastir. Mjer finnst að líkri tryggingu mætti ná með því, að enginn einn af embættismönnum bankans hefði aðgang að fjárhirzlum hans, heldur 2 í einu, líkt og nú á sjer stað með jarðahókarsjóð; landshöfðingi og landfógeti hafa ekki aðgang að honum hvor í sínu lagi, heldur báðir í einu, og líka ákvörðun mætti hafa viðvíkjandi bankanum. En ef spurning er hjer um lítið veð, sem stæði í hlutfalli við það fje, sem daglega er haft milli handa í bankanum, þá hefði jeg ekki eins mikið á móti þessari ákvörðun, og yfir höfuð álít jeg ekki hentugt að gera stórar kröfur til veðs, þar sem slíkar kröfur æfinlega munu gera erfiðara að fá hinn hæfasta mann fyrir framkvæmdarstjóra bankans. Það mundi hentugast, að sleppa þessari ákvörðun alveg. Það er að eins lítil breyting við 28. grein um birtingu á ársreikningi bankans, en þar er mjer ekki fullkomlega ljóst, hvort það er upp á lagt stjórn bankans sem skylda, að birta reikninginn í helztu blöðum landsins, eða það á að gefa helztu blöðum landsins kost á að fá reikninginn til að birta hann, þótt mjer þyki hið fyrra líklegra. Ákvörðunin í stjórnarfrv., að reikninginn »skuli» birta o. s. frv., finnst mjer meira ákveðin, og ekki finnst mjer nauðsynlegt að gera stjórn bankans að skyldu að birta ársreikning hans í fleirum en einu blaði, en ákvörðunin þarf að vera bjóðandi, eins og í stjórnarfrv., hvort sem það þætti heppilegast að birta þær í því blaði, sem hefði hinar opinberu auglýsingar, eða ekki. Það, sem h. nefnd hefir bætt við 32. gr. »með fullu ákvæðisverði», álít jeg einungis sem skýring, og til þess að auka traust landsmanna á bankanum, enda hefi víst verið hin sama meiningin í stjórnarfrv.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg hafði hugsað mjer að gera sömu breytingu við 2. gr., sem h. hæstv. landsh. tók fram, að koma

10 kr. seðla upphæðinni inn í, og vona jeg að sú breyting komist inn til 3. umr. Jeg veit, að það gleðjast margir, já máske allir yfir, að fá þessa bankastofnun, og það geri jeg reyndar líka, þótt gleðin hjá mjer sje nokkuð blandin, og skal jeg láta álit mitt í ljósi því viðvíkjandi, ekki til þess að reyna að koma breytingum fram á frv., því það veit jeg að ekki er tiltækilegt, heldur til að skýra frá meiningu minni, og álít jeg það fyrst og fremst óheppilegt að bankinn skuli ekki vera skyldugur að innleysa seðlana. Þetta verður þó mest tilfinnanlegt fyrir þá, sem búa í fjarlægð við Reykjavík; jeg ímynda mjer nefnilega að peningarnir lendi mikið opt hjá kaupmönnum; þeir sem hjer búa eða hjer í grennd og þurfa að senda peningana erlendis á pósthúsið, fara með sína seðla og geta þar fengið póstávísanir fyrir, þó dýrt sje, en þeir sem fjær búa, verða í vand ræðum með sína seðla; vitaskuld eru þeir góðir í opinber gjöld, en ef maður t. d. á að borga fragt, þá neitar skipstjórinn að taka við þessum seðlum, af því hann geti ekki farið með þá erlendis, og hvað á svo hinn að gera? En á þetta gæti nú komizt betra skipulag; einkum þætti mjer mikil bót, ef bankinn stæði í sambandi við banka í Kaupmannahöfn og jafnvel líka í Skotlandi, svo að bankinn gæti gefið út ávísanir þangað, og það ætti að geta lagazt með tímanum, og það er sjerstaklega tilgangur minn að benda á þessa nauðsyn, að hin hæstvirta landstjórn og sú tilkomandi bankastjórn vildi gera allt til að slíkt samband næðist. Sú breyting, sem h. nefnd hefir gert, að bankinn skuli ekki borga landssjóði neina vexti fyr en eptir 5 ár, hana hefir h. hæstv. landsh. tekið fram, og er jeg þar alveg á sama máli og hann; þetta er líka að taka úr einum vasa í annan og því skaðlaust. Þar sem stendur í 6. gr. 7. tölul., að bankinn eigi að heimta ógreiddar skuldir, vildi jeg óska upplýsingar um, hvort þar með eru meintar hans eigin skuldir, eða að hann skuli heimta inn skuldir fyrir aðra. (*Nokkrir*: Já). Sje svo, þykir mjer það mjög óheppilegt, enda mjög örðugt, þar sem bankinn hefir ekki öðru vísi launaða menn (*A. Ó.*: það er ekki skylda); það stendur að það sje hans verk, eitt af hans störfum; það munu margir koma til hans, og hann á illt með að neita því, þegar það er eitt af hans störfum. Þessar bendingar vil jeg biðja hina heiðruðu nefnd að íhuga. Þar sem stendur í 12. gr., að fje það, sem lagt er í bankann, sje undanþegið kyrsetningu og löghaldi, þá er slík ákvörðun venjuleg, en er hún heppileg eða — jeg vil segja rjett? Má ekki hugsa sjer, að maður leggi sína peninga inn í bankann rjett til þess að þeim verði ekki náð upp í skuldir eða gjöld? Og þá álít jeg það ekki heppilega ákvörðun. Þar sem bankanum í 13. gr. er leyft að áskilja sjer hærri vöxtu en 4%, eins og líka sparisjóði, þá finnst mjer það ætti að geta leitt til þess, að fleiri gætu fengið það leyfi; í það heila tekið væri jeg á að gefa rentufótinn frían. Um framkvæmdarstjóra og fjehirði, og veð það, er þeir skuli setja, hefir h. hæstv. landsh. látið í ljósi alveg hið sama álit, eins og jeg hef á því atriði, og skal jeg svo ekki tala fleira um þetta mál í þetta sinn.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal játa, að þegar jeg sá í blöðunum, að von væri á lögum um banka, gladdist jeg yfir því, að nú mundu menn ekki lengur þurfa að ganga um og leita að peningum til þarflegustu fyrirtækja, með fulla trygging í höndunum, án þess að fá; en hver sem þyrfti á þeim að halda, gæti nú fengið þá, ef hann gæti sett trygging. En þegar jeg fór að lesa frumv., varð gleðin að minnsta kosti stilltari og rólegri, meira gleði í voninni en vissunni í voninni um það, að það, sem mjer virðist helzt að frv., verði ekki til skaða, og að því verði breytt, ef það reynist nauðsynlegt. Þessi rósemi í gleði minni spratt sjerstaklega af því, þegar jeg sá, að seðlarnir voru óinnleysanlegir. Enn er eigi gleymt það mikla tjón, sem menn biðu á seðlunum forðum; því niðjarnir lifa, þó þeir menn sjeu dánir, sem fyrir því urðu. Jeg álít það mjög mikils varðandi, að bankinn verði sem tryggilegastur í augum lands-

manna, og það verður bezt með því móti, að þeir eigi jafnan kost á, að fá seðlana innleysta. Jeg þykist vita að ástæðan til þessa fyrirkomulags er sú, að sem mest af seðlum geti verið í veltunni. En bezta skilyrði fyrir, að seðlar geti verið í veltunni, svo að enginn hafi á móti því, er innleysanlegleikinn. Seðill, sem jeg veit að jeg get fengið gull eða silfur fyrir hvenær sem jeg vil, er mjer eins kær eins og gull, og jafnvel kærari, því að hann er handhægri, og má gera við hann allt hið sama. *(B. Sv.*: Smíða úr honum?). En brjef, sem er ekki annað en brjef, er mjer hvergi nærri eins kært. Annað finnst mjer þar að auki óaðgengilegt eða óviðkunnanlega orðað, þar sem stendur í 4. gr.: »Í bankanum má fá seðlunum skipt móti öðrum seðlum, en gegn smápeningum eptir því sem tök eru á«. En hvað eru smápeningar, eptir því sem tíðkast í venjulegu máli alþýðumanna? Það eru koparpeningar og smáskildingar úr silfri, minni en króna. Jeg tek aptur fram, að æskilegt er, að bankinn sje gerður sem tryggilegastur, svo tryggilegur, að þeir, sem eiga ríkisskuldabrjef, selji þau, og setji fjeð í bankann. Jeg hef ekki vakið umtal um þetta, af því jeg ætli mjer að gera neina beina uppástungu. Jeg hef ekki heldur vakið það til að draga úr því þakklæti, sem hið hæstvirta stjórnarráð og hinn hæstvirti landshöfðingi eiga skilið fyrir að koma fram með frumvarp þetta. Er það því meira þakklætisvert, sem þingið hafði áður verið tvískipt í máli þessu. Nú má vona, að allir verði á þetta sáttir. En jeg vil skjóta til nefndarinnar, hvort hún áliti ekki ástæðu til að íhuga sjerstaklega um smápeningana fyrir 3. umræðu. Um einstakar aðgerðir nefndarinnar skal jeg ekki tala, en að eins lýsa því áliti mínu, að breytingar hennar sjeu yfir höfuð til bóta. Jeg vona að frv. verði samþykkt með ánægju og verði til mikilla framfara fyrir landið.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer í fyrsta lagi að snúa mjer að þeirri verulegustu mótbáru, sem komið hefir fram, að seðlarnir sjeu ekki innleysanlegir. Sú mótbára var fyrirsjáanleg, og jeg vissi hún mundi koma frá ýmsum. Ástæðan til, að hún getur komið fram, liggur að nokkru leyti í þeim undirbúningi, sem frumv. hefir haft. Mönnum hefir verið óljóst, hve mikla upphæð viðskiptaþörf landsins útheimtir; því að stærð viðskiptaþarfarinnar mun vera öllum ókunn; að minnsta kosti hefir það atriði aldrei komið fram hvorki á þingi nje í umræðum annarstaðar um málið, og fyrir því hefir stjórnin ekki getað rökstutt það í ástæðum sínum, hvers vegna hún áliti þessa upphæð (500,000 kr.), sem hún hefir sett, óhulta. Það liggur í augum uppi, að meðan útgáfa óinnleysanlegra seðla er langt fyrir innan þá upphæð, sem, hvernig sem á stendur, er nauðsynleg til viðskipta manna á meðal í landinu sjálfu, þá eru seðlarnir hættulausir, því að þá er *óþarfi* að leysa þá inn. En um þessa upphæð segir í ástæðum stjórnarinnar, að »stjórnarráðinu virðist *eigi ólíklegt*, að þar sem á Íslandi sjeu 70,000 íbúa, sem þar að auki búi mjög strjált, og tiltölulega á mjög stóru svæði, þá hljóti þeir jafnan að hafa þörf fyrir seðlaupphæð þá, sem frv. nefnir, hálfa miljón kr.«. Af því að menn kunna að hræðast, að upphæðin sje þannig af handahófi gripin, eða úr lausu lopti, og sje ef til vill hærri, en samsvari viðskiptaþörf vorri, þá vil jeg leyfa mjer að reyna að færa hjer nokkur rök fyrir því, að upphæðin, sem tiltekin er, sje ekki of há, og reyna að sýna fram á, að því er næst verður komizt, hve há *að minnsta kosti* sje viðskiptaþörf landsins, þ. e. sú peningaupphæð, sem ávallt mun haldast í landinu, fyrir utan það, sem flyzt út úr því. Það hefir ekki verið rannsakað, og er örðugt að dæma um, en má þó fara nokkuð nærri. Af því að vitneskja um, hve há viðskiptaþörf landsins sje, er, eins og jeg sýndi fram á í vetur, er leið, í »Þjóðólfi«, eina vissa undirstaðan, er menn vilja gera sjer hugmynd um seðlaþörf þjóðar, og hve mikið seðilmagn sje *jafnan óhult*, þá hef jeg reynt að rannsaka þetta, og á jeg upplýsingarnar um þetta efni að þakka vini mínum, hinum umboðslega endurskoðara, sem hefir gefið mjer skýrslur þær, er jeg hefi beðið hann um, um það,

hve miklu fje var víxlað, þegar peningaskiptin urðu og krónumyntin var innleidd. Það er það einasta faktiska atriði, sem menn hafa til að halda sjer við. Það sannar að vísu að eins upphæðina um eitt ár, en það má þó miða við það, því fremur sem ár þetta var ekkert undantekningarár eður óvanalegt ár. Þessir peningar hafa þá verið í landinu. Skýrslan sýnir, að upphæðin, sem víxlað hefir verið fyrir meðalgöngu landfógeta, er 1,200,000 kr., og kemur svo niður á árin:

árið	1873	var	víxlað	80,000 kr.
—	1874	—	—	250,004 -
—	1875	—	—	255,173 -
—	1876	—	—	533,086 -
—	1877	—	—	82,264 -
				1,200,527 kr.

Að eins getur leikið vafi á þeim 80,000 kr. sem standa við 1873, því það verður nú ekki með fullri vissu sjeð lengur, hvort þessi upphæð hafi verið send til þess að víxlast; en þó eru öll líkindi til þess. Það er nú þannig víst, að þessir peningar að minnsta kosti hafa verið í landinu, og auk þess hafa margir sjálfsagt skipt sjálfir privat. Jeg hef til þess að komast eptir því spurt h. samþingism. minn úr Suðurmúlasýslu, hvort það verzlunarfjelag, sem hann er fyrir, og sem hefir mest útbreidda verzlun á landinu, hafi býttað nokkru sjerstaklega. En hann hefir skýrt mjer frá, að hann hafi raunar sent allt gegnum yfirvöldin; en mjer er hins vegar kunnugt um, að ýmsir kaupmenn hafa flutt sjálfir inn krónumynt og sent út dalamynt; svo að óhætt má telja, að upphæðin hafi verið töluvert fram yfir 1,200,000 kr., sem innanlandsviðskiptin hafa þurft á að halda; mjer þykir líklegt. að hún hafi í allra minnsta lagi numið 1½ miljón. Jeg játa, að þetta er ekki viss mælikvarði; en það sannar þó eitt, og það er það: að viðskiptaþörfin hjelt ekki minnu en 1,200,000 kr. föstum hjer í landi um þessar mundir. En tilgangur seðla er sá, að vera verðmiðill *innanlands*, ekki utan. Þess vegna mun ei þurfa á seðlainnlausn að halda svo lengi sem seðlaupphæðin er svo langt undir því, sem á þarf að halda, þegar minnst er viðskiptaþörf, því þá fyrst verður þörf á gullinu, þegar seðlarnir eru orðnir fleiri en til að fullnægja peningaþörfinni í landinu. Það verða ætíð til svo miklir peningar í landinu, sem nemur því, sem viðskiptaþörfin er meiri en seðlaupphæðin; sje þannig viðskiptaþörfin 1,200,000 kr., er vissa fyrir, að 700,000 kr. sje til í peningum til innanlandsþarfa, þó að 500,000 kr. komi í seðlum, og ætti þá ekki að vera vandi að fá skipt því, sem senda þarf út úr landinu. Það fer líka mikið (um 340,000 kr. árlega) af seðlum í landssjóð, í skatta, tolla, auk lánborgana til landssjóðs og annara opinberra sjóða, og þetta dregur úr þörfinni til að skipta, því að því færri seðlar verða manna á meðal, sem fleiri ganga stöðugt inn aptur í landssjóð. Jeg játa, að ef reynslan sýnir, að meira þarf í seðlum, en 500,000 kr., þá þyrfti að tryggja að nokkru leyti með gulli það sem verður fram yfir þessa upphæð, og þarf tryggingin að verða því hærri, sem nær dregur viðskiptaþörfinni; en reynslan verður að kenna þetta, og bankinn gerir sjálfur miklu ljettara fyrir að komast eptir henni, en áður hefir verið.

Jeg álít gott að þetta kæmi fram, því að það gæti dregið úr ótta, sem ekki er á rökum byggður, og fyrir því vildi jeg skýra frá þessu hjer, því fremur sem jeg veit ekki til, að aðrir hafi athugað það — stjórnin að minnsta kosti hefir ekki gert það; það sýna athugasemdir hennar, þar sem hún kvartar um, að hún hafi enga vitneskju um, hver sje viðskiptaþörf landssins.

Jeg skal bæta við athugasemdum um það, sem h. 1. þingm. Ísf. (Th. Th.) talaði um, hver vandræði gæti orðið fyrir skipstjóra, sem fengi borgaða »fragt« í þessum seðlum, af því þeir sje óinnleysanlegir. En yrði nokkur bót í fyrir hann, þótt þeir væru innleysanlegir? Sá skipstjóri, sem kemur inn á Vopnafirði t. d., gæti samt ekki víxlað þar, þó að seðlarnir væru innleysanlegir, heldur yrði að fara til Reykjavíkur, og fá

þeim víxlað í bankanum sjálfum, því að eins í Reykjavík yrðu þeir innleystir, þótt innleysanlegir væru, og getur hann þá alveg eins sent þá á pósthúsið, og fengið þar póstávísun fyrir þá. Einkum vona jeg þetta yrði auðveldara, ef hækkuð yrði porto á gulli, svo að jafndýrt yrði að senda það eins og póstávísanir. Og nefndin hefir í huga að koma með sjerstaka tillögu í þessa átt. Í annan stað talaði hann um, að mikið mundi batna, ef bankinn hefði viðskipti við banka erlendis. Þekkir þingm. nokkurn banka, sem ekki hefir viðskipti við aðra banka? Jeg held hver einasti banki útvegi sjer skiptavini meðal annara banka, sem hann skiptist á við víxlum og ávísunum. En slíkt á alls ekki við að fyrirskipa með lögum. Jeg held ekki að kaupmenn yfir höfuð eða almennt flytji peninga út úr landinu nema í Reykjavík, heldur flestir inn í það, að minnsta kosti er svo fyrir austan; í Reykjavík er nokkuð öðru máli að gegna; en fyrst meiri hluti af viðskiptaupphæðinni er í peningum, þá er víst hægt að fá í peningum það sem þarf til þess. Enda geta þeir vonandi keypt ávísanir hjá bankanum upp á útlenda banka, keypt víxla upp á útlönd, sent póstávísanir, því pósthúsið tekur seðla. Viðvíkjandi 10 kr. seðlunum er það álit mitt, að okkar viðskipti eru í svo miklu smærra stíl en annara þjóða, að 5 kr. seðlar eru eins mikið fyrir okkur eins og 10 kr. seðlar fyrir Dani. Við borgum sjaldan mjög mikið út í einu, og þó að 50 kr. seðlar sjeu ekki stórir, álít jeg þó að þeir sjeu hæfilegir eptir okkar úrborgunum. Og þó að Danir hafi ekki fimm króna seðla, þá getum við þó verið þekktir fyrir að sníða okkur stakk eptir Ameríkumönnum, sem hafa dollarsseðla og þaðan af minna, og Svíum, sem hafa mikið af 5 kr. seðlum.

Breytingin á 4. tölulið í 6. gr. er ekki einu sinni efnisbreyting, því það er beinlínis tekið fram í brjefi því, sem etazráð Levy, höfundur frumv., hefir sent landshöfðingja, og sem hann hefir látið nefndinni í tje, að nauðsynlegt sje að lána líka mót sjálfskuldarábyrgð. Jeg álít að við höfum að eins bætt inn í því, sem fallið hefir burt af gleymsku við hreinskript frv. hjá stjórninni og leiðrjett misgáning.

Það er snertir framkvæmdarstofur, þá er reynslan sú, að þær optast borga sig von fyrri. Skotar hafa það fyrir venju, að setja þær þegar upp á sem flestum stöðum, þó að þeir viti, að tap sje á þeim í byrjun, því eptir 5—6 ár borga þær sig, og síðar meira, og það er tilgangur bankans, að efla atvinnu manna, en efld atvinna eykur aptur störf bankans. Þó nokkuð sje lagt í framkvæmdarstofur fyrst, þá er eins um það eins og kellingin sagði, þegar hún gaf svíninu sínu flesk: »Það kemur aptur«.

H. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) hefir misskilið 12. gr. Hann talaði um, að menn kynnu að leggja fje inn í bankann til þess, að því yrði ekki náð upp í skuldir eða gjöld, og þótti óheppilegt að fjeð skyldi verða undanþegið kyrsetning og löghaldi. En svo er mál með vexti, að hafi jeg sett fje í bankann, þá get jeg gefið handveð í bankabókinni, og jafnvel selt hana; og af því peningarnir verða ekki borgaðir öðrum en handhafa bókarinnar, er mjög ísjárvert að leyfa mínum kredítor að leggja löghald á þá þar, þegar bankinn getur ekki vitað, hver er rjettur handhafi bókarinnar.

Jeg veit ekki, hvort jeg hef skilið rjett, það sem hann hafði móti 13. gr. Jeg veit ekki hvort honum þótti ísjárvert, að bankinn skyldi mega taka hærri rentu en 4%, eða að allir skyldu ekki mega það. Hafi hann viljað láta rentufótinn verða frían fyrir alla, þá er jeg honum hjartanlega samdóma; en það liggur fyrir utan þetta frumv. En hafi hitt verið meining hans, þá þekki jeg engan banka í heimi, sem hafi ekki fríar hendur um vaxtahæð.

Viðvíkjandi því veði, sem framkvæmdarstjóri og fjehirðir eiga að setja, skal jeg geta þess, að það er ekki meiningin, að þeir setji veð, sem samsvari öllu, sem þeir hafa undir höndum, því það gæti verið ómögulegt, eins og landshöfðinginn tók fram. En aptur á móti er gott að miða það við það fje, sem þeir daglega hafa undir höndum; það geta komið stórar innborganir stundum á einum degi. Annars er það almennt, að

þau veð, sem gjaldheimtumenn almennt setja, standa ekki í neinu hlutfalli við það fje, sem þeir í raun rjettri hafa undir höndhöndum. Viðvíkjandi því, sem lsdh. talaði um birting ársreikninganna samkvæmt 28. gr., skal jeg geta þess, að það vakti fyrir nefndinni, að það styrkti tiltrú alþýðu, að hún fengi sem greiðast að vita um hag bankans. Í öðrum löndum eru slíkir reikningar birtir sem allra víðast. Norski bankinn birtir t. d. reikninga sína eigi að eins í blöðum í Noregi, heldur einnig að minnsta kosti í einum tveimur blöðum í Kaupmannahöfn. Jeg álít það efli mjög mikið traust almennings á bankanum, að geta vitað sem greiðast um hann.

Halldór Kr. Friðriksson: Það gleður mig, eins og fleiri, að þetta frv. er fram komið. Jeg hef áður ekki haft mikið traust á bankastofnun hjer á landi, og jeg skal játa það, að jeg hef ekki fullt traust á henni enn, þótt jeg játi að þetta frv. sje það langbezta, sem komið hefir fyrir þingið í þá átt, og jeg ætla, að hjer sje engin hætta búin, þótt þetta frv. verði samþykkt. Þess vegna gleður það mig, að þetta frv. hefir komið fram til þess að fullnægja óskum landsmanna, og það er ekki einungis allt frv. í heild sinni, sem gleður mig, heldur svo að segja hver einstök ákvörðun í því. Það gleður mig líka, að hin h. nefnd hefir fallizt á stjórnarfrv. í öllum aðalatriðum, og mjer finnst deildin ekki hafa ástæðu til annars en vera ánægð með aðgerðir hennar. Það eru þó sumar breytingar hjá nefndinni, sem jeg sje enga þörf á, en sem jeg játa að heldur ekki geta gert neinn skaða. Þær eru reyndar ekki margar. Það er t. d. breytingin við 2. gr., sem fer fram á að landssjóður fái ekkert endurgreitt af láni sínu í fyrstu 5 árin. Jeg vil gjarnan færa leigurnar til landssjóðs niður í 1% um árið, en jeg sje ekki ástæðu til að bankinn skuli vera alveg gjaldlaus til landssjóðs í 5 ár. Það er þó ekki lítið fje, sem landssjóður leggur til bankans, og sem ætlazt er til að bankinn endurborgi með tímanum. En það er ekki einungis, að landssjóðar leggi tillag til bankans, heldur á hann mikið í hættu, og þess vegna finnst mjer ástæðulaust að gefa meira eptir í þessu efni, en að bankinn sje ekki skyldur til að greiða meira en 1% af láninu á ári. Að bankinn getur staðizt í 5 ár með því að borga ekkert til landssjóðs, er villandi fyrir menn, því þar með er ekki sýnt í raun og veru, hvort hann getur staðizt, þegar hann þarf að fara að borga lán sitt, án aðstoðar landssjóðs. Þá segja menn sem svo: »Við sjáum nú, að bankinn getur vel staðizt, því það hefir hann sýnt í þessi 5 ár«; en menn gleyma því, að honum hefir verið gefið eptir allt það gjald, sem hann átti að greiða til landssjóðs. Landssjóður leggur 10,000 kr. í sölurnar, sem er beinlínis lagt til stofnunar bankans, en að auki 10—15,000 kr. til að gefa út seðlana, og leggur hann þannig alls til bankans um 25,000 kr. Þegar nú bankinn er sviptur þessari vaxtaeptirgjöf, getur svo farið, að menn fyrst sjái, að hann getur ekki staðizt nema með þessum styrk frá hálfu landssjóðs. Þar sem talað var um, að bankinn væri ekki sem tryggilegastur, af því seðlunum væri ekki skipt, þá finnst mjer ekki að menn geti fundið neina hættu í þessu, úr því landssjóður ábyrgist seðlana, og hann á svo mikinn viðlagasjóð, að nemur öllum seðlunum og meira til. Hitt er satt, að þegar búið er að jeta upp allan viðlagasjóðinn, þá getur allt farið á höfuðið. En aptur hefir þingið með þessum ákvörðunum skuldbundið sig til að eyða ekki viðlagasjóðnum. Þegar landssjóður á að ábyrgjast 500,000 kr. og eign hans er um 800,000 kr., þá er hún ekkert of mikil til þess að upphæð seðlanna sje fulltrygg. Hve mikil viðskiptaþörf landsmanna sje, getur enginn sagt, og ræða hins 2. þm. S.-Múl. sýndi það ekki í einu nje neinu, heldur einungis, hve miklir peningar vóru hjer í veltu manna á meðal þegar peningunum var skipt. Hvað breytinguna við 9. gr. snertir, þá kann jeg ekkert betur við þetta »skal« í staðinn fyrir »getur«, því að þegar svo bætast við orðin: »svo fljótt sem auðið er«, það er að segja, undir eins og ástæðurnar gera það auðið, þá er það orðið skylda, hvort sem

það er hagfellt eða ekki; bankanum er gefið þetta vald, sem tekið er til í stjórnarfrumvarpinu, og er auðsætt, að hann muni stofna þessa aukabanka, þegar hann sjer sjer fært, og hann sjer að hann að minnsta kosti hefir engan óhag af því. Hjer er bankanum gert að lagaskyldu að stofna þessar framkvæmdarstofur undir eins og ástæðurnar leyfa, og það þykir mjer hart. Ef nefndin vill bæta við orðunum: »og hagfellt þykir«, þá skal jeg fallast á breytingu hennar, en fyr ekki. Að því er snertir 7. tölul. í 6. gr., þar sem talið er sem eitt af störfum bankans »að heimta ógreiddar skuldir«, þá er þessi ákvörðun alveg rjett í sjálfu sjer, því meiningin er að kaupa víxla upp á aðra menn, en mjer þykir þetta nokkuð áljóst orðað. Jeg vildi heldur að staðið hefði: »að kaupa útistandandi skuldir«, því mjer þykir þetta orðatiltæki ekki heppilegt. Að því er 12. gr. snertir, þá finnst mjer ekki ástæða að undanþiggja það fje, sem lagt er í bankann, kyrsetning og löghaldi, fremur en hverja aðra eign. Þetta getur orðið misbrúkað mjög. Ef einhver á t. d. 1000 kr. og setur þær í bankann, en skuldar öðrum manni viðlíka upphæð, en á meðan sá, sem skuldina á, er að höfða mál á móti hinum, veðsetur hann öðrum manni fje það, sem hann á í bankanum til málamynda, en hinn getur ekki sannað það, þótt hann viti það eins og af höndunum á sjer, og getur þetta orðið til þess að sá, sem skuldina á, missi fje sitt. Þótt þessi ákvörðun sje víða höfð í lögum um banka, þá er hún mjög óviðkunnanleg og getur orðið til mikils skaða. Þar sem hin h. nefnd hefir bætt þeirri ákvörðun við í 25. gr., að framkvæmdarstjóri og fjehirðir eigi að setja veð, þá finnst mjer hún mjög óheppileg og ísjárverð, því það hlýtur ávallt að ganga svo mikið fje á hverjum degi gegnum höndur framkvæmdarstjórans og fjehirðisins, að eigi er auðið að sjá um, að það fje sje æfinlega fyrir hendi; það er eigi auðið, að heimta svo hátt veð, að það nægi. Menn verða líka miklu ófúsari á að taka að sjer þessi störf, ef mikið veð er heimtað, og getur það orðið til þess, að þeir menn, sem einmitt eru færastir til þessa starfa, fáist ekki til að taka starfann að sjer. Þess vegna álít jeg þessa ákvörðun mjög óheppilega, og jeg skora fastlega á nefndina, að taka þessa ákvörðun burtu. Að því er hin önnur ákvæði þessarar 25. gr. snertir, þá held jeg geti verið spurning um það, ef menn vilja fá mann, sem megi treysta, hvort menn geta fengið nokkurn til þess að ganga að þessum launum, einum 2000 kr. *(Arnljótur Ólafsson:* Jú). Hinn h. framsögum. getur sagt jú, en jeg hef eins mikinn rjett til að segja nei. Hjer er að tala um að fá áreiðanlegan mann, mann, sem sje alþekktur að dánumennsku, og slíkan mann held jeg varla menn fái fyrir 2000 kr. laun á ári. Því þótt gert sje ráð fyrir, að þetta embætti megi vera samfara öðru embætti, þá bætist mikið annríki og mikil ábyrgð við þann, sem þetta starf tekst á hendur. Auk þess eru ekki margir kunnugir þessum störfum hjer á landi, og ekki víst, að einmitt þeir menn fáist fyrir þessi laun. Það er mjög áríðandi að fá einhvern í fyrstunni fyrir framkvæmdarstjóra, sem er fullkunnugur öllum bankastörfum, því ef hann er ekki kunnugur þeim, getur það eitt orðið til þess að bankinn fari á höfuðið. Það er því varhugavert að einskorða þessi laun við 2000 kr. Fyrst þingið er búið að gera sjer svo góðar vonir um þennan banka, þá væri nauðsynlegt að fá í fyrstunni einhvern útlendan mann, sem væri gagnkunnugur þessum störfum, því það er margt við þau að athuga. Þetta eru að eins bendingar til hinnar h. nefndar, án þess jeg ætli mjer að gera breytingaratkv. við frv. En jeg vil fastlega skora á nefndina að athuga vel kröfu sína um veðið, og hvort ekki er ástæða til að sleppa henni. Annars stendur mjer hjer um bil á sama með allar aðrar breytingar.

Landshöfðingi: Það hafa komið fram ýmsar mótbárur gegn frv., en mjer hefir virzt það eiginlega vera tilgangurinn með þær fremur að skýra málið, en að koma til leiðar breytingum við frv., og því síður að fella það. Sú mótbára, sem mest áherzla hefir verið lögð á, og sem komið

hefir fram hjá tveim h. þm., er það, að seðlarnir sjeu ekki innleysanlegir. Það er tekið fram í athugasemdunum við stjórnarfrv., hvers vegna það ekki sje gjörlegt, að seðlarnir sje innleysanlegir, og er það af því, hve mikil vandkvæði eru á því að hafa tilsvarandi peningaupphæð í gulli við seðlaútgáfuna liggjandi í bankanum. En af því þetta atriði sýnist hafa vakið geig hjá mönnum, þá vil jeg biðja menn að gæta þess, á hverju bankinn er byggður; hann er byggður á lánstrausti landssjóðs; seðlar hans eru eins konar óuppsegjanleg landssjóðsskuldabrjef, og meðan menn hafa það traust á landssjóði, að hann muni geta innleyst seðlana, þá er ekki ástæða til að hafa vantraust á seðlunum. Hvað það snertir, hve viðskiptaþörf manna sje mikil hjer á landi, þá er ekki hægt að segja, hve mikil upphæð sje alveg nauðsynleg; en það mun óhætt að treysta því, að upphæð sú, sem frv. fer fram á að veita stjórninni heimild til að gefa út í seðlum, sje ekki of hátt sett, enda sýnast skýringar þær, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) tók fram áðan, að benda á þetta, og þótt ekki verði fyllilega byggt á þeim, hversu mikil viðskiptaþörfin sje, þá er varla líklegt, að peningar hafi verið miklu meiri í landinu, þegar peningunum var skipt, en þörf hefir verið fyrir. Þar sem mönnum hefir þótt ísjárvert að undanþiggja það fje, sem lægi í bankanum, frá kyrrsetning og löghaldi, þá get jeg ekki sjeð, að þetta ákvæði megi missa sig, enda mun þessi regla vera sett í lögum flestra banka, ef ekki allra. Hættan er ekki mikil, þótt menn geti ekki farið inn í sparisjóðinn og gert þar fjárnám, þá eru engin ákvæði í frv. á móti því, að menn geti lagt löghald á sparisjóðsbók, og þannig náð trygging fyrir skuld sinni. Það gæti verið mjög óþægilegt fyrir bankann, ef hann gæti átt von á rjettarins þjónum á hverri stundu til þess að gera fjárnám hjá honum. Það væri sjálfsagt æskilegt, eins og h. þm. Rvk. tók fram, að landssjóður geti strax fengið goldna vexti, til þess að fá nokkuð upp í fje það, sem hann leggur til bankans, enda er það samkvæmt frv. stjórnarinnar. En stjórninni er líka annt um, að bankinn geti staðizt og blómgazt, og að hann komist ekki strax í ógöngur og gjaldþrot, og henni er annara um það, heldur en þó landssjóður missi nokkrar prósentur. Það er ekki við að búast, að menn læri strax að nota bankann, og ef til vill, einkum þau störf, sem ábatamest eru fyrir hann; það má búast við, að það verði lítið fyrst í stað, og þótt bankinn gæti átt góða framtíð fyrir höndum, þá gæti hann átt erfitt uppdráttar fyrst í stað. En það er sjálfsagt að hækka vextina, ef bankanum gengur vel. Landssjóður leggur sannarlega mikið í sölurnar fyrir bankann; en það má líka búast við, að landið hafi mikinn hag af bankanum. H. 1. þm. G.-K. tók það fram, að þar sem sagt væri, að seðlum yrði ekki skipt nema móti smámynt, þá mundi það vera að skilja um koparpeninga eina. En hjer er meint með smámynt ekki einungis koparpeningar, heldur einnig silfurpeningar, og er það svo alstaðar, þegar myntarfóturinn er gull, að þá er silfur og kopar kallað smámynt. Það hefir komið fram sú athugasemd, að seðlarnir ekki mundu ganga erlendis og kaupmenn geti því lítið notað þá. Jeg held þessir seðlar komi þá til að hafa það sammerkt við aðra seðla. Danskir seðlar t. d. hvíla á mjög góðum og föstum grundvelli, og eru þeir þó mjög lítið notaðir í öðrum löndum en Danmörku. Bjóði maður danska seðla í Englandi, munu þeir varla verða teknir, af því markaður þeirra er nú ekki þar; markaður þeirra er einungis í landinu sjálfu. Hvað það snertir, að kaupmenn hafi lítil not af seðlunum, þá held jeg það þurfi ekki að vera. Það er mjög almennt, að bændur leitast við að fá peninga hjá kaupmönnum upp í almenn gjöld, og þá geta kaupmenn látið þá fá seðlana og þannig borgað með þeim vörur bænda. Enn fremur geta þeir borgað tolla sína með seðlunum, og til þess þurfa þeir talsverða upphæð. Seðlarnir geta enn fremur orðið notaðir í öllum viðskiptum manna á milli í landinu. Mjer finnst allgott, að þessar mótbárur hafa komið fram; þær sýna, að menn hafa hugsað um málið

frá öllum hliðum, og miða til að skýra þetta mikilsvarðandi málefni; en jeg er viss um, að þessar mótbárur ekki eru þannig að skilja, að menn vilji leggja nokkrar tálmanir í veginn fyrir að frv. verði framgengt, og að nokkurn veginn vissa sje fyrir því, að það verði staðfest. Þegar allir játa, að málið sje svona mikilsvert, þá er það nauðsynlegt að takmarka sem mest breytingaruppástungur við frv., og raska ekki í neinu þeim grundvelli, sem frv. er byggt á, en honum álít jeg að væri raskað, ef sett væri inn sú ákvörðun, að seðlarnir skyldu vera innleysanlegir, því það er eitt aðalundirstöðuatriðið í stjórnarfrv., að seðlarnir eru byggðir á lánstrausti landssjóðs, en ekki á gulli og silfri í sjóði bankans.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg þarf ekki að tala langt nú, því hinn hæstv. landsh. hefir svarað flestum þeim mótbárum, sem fram hafa komið. Jeg skal geta þess, að jeg fyrir mitt leyti er ekkert á móti breyt. við 3. gr. viðvíkjandi þrenns konar seðlum: 50 kr., 10 kr. og 5 kr., eins og hæstv. ldsh. benti til. En jeg verð að fara nokkrum orðum um 2. gr., því hún hefir mætt mótmælum, einkum af h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Fyrst er þá að athuga: Hve mikil er þessi skuld, sem bankinn stendur í við landssjóð? Samkvæmt 1. gr. er það 10,000 kr. En skilningur nefndarinnar er sá, að þetta væri gjöf eða styrkur af landssjóðs hálfu í eitt skipti fyrir öll til að koma þessu þarflega fyrirtæki á fót, og það er ekki svo mikið í samanburði við það, sem landssjóður leggur fram til annara fyrirtækja. Skuld bankans við landssjóð er þá eingöngu kostnaður sá, sem landssjóður hefir af því, að búa til þessa hálfu miljón seðla, setjum frá 10 til 20,000 kr., og vextir af þeim í 5 ár. En hvað fær landssjóður aptur, þegar þessi hálfa miljón er komin í bankann? Hann fær 1%, sama sem 5000 kr. ár hvert, svo lánið eður skuld bankans við landssjóð verður lokið á 4 árum. Og hvernig sem á þetta er litið, er auðsjeð, að landssjóður fær sitt fullkomlega endurgoldið á fáum árum. Það hafa líka komið fram andmæli móti veði því, er nefndin ætlast til, að framkvæmdarstjóri og fjehirðir setji. Þessi mótmæli komu frá hæstv. landshöfðingja; en hann gat þess um leið, að veðið ætti ekki að vera fyrir stofnfje bankans, heldur miðað við hið sjerstaklega fje, sem þeir framkvæmdarstjóri og einkum fjehirðir hafa yfir að ráða. Jeg skal lýsa yfir því, að það var einmitt það, sem nefndin hafði fyrir augum. Því þegar vjer skoðum 29. gr. og berum hana saman við 20. gr., þá getur landshöfðingi vikið forstjórnarmanni bankans frá um stundarsakir, og þá sjálfsagt einkum fyrir snögga fjeþurð, eða óglögga bókfærslu, og þá er það einkum gott, að veð sje til, sem landshöfðingi geti kyrsett. Það er ekki tilgangurinn, að veðið sje svo stórt, að það geti bolað hæfa menn frá þessum störfum, því jeg skal fúslega játa, að jafnan sje mest trygging í manninum sjálfum, í ráðvendni hans, trúfesti og viturleik; en engu að síður gefur veðið nokkurt aðhald. Það er og siður hjer á landi og víðar, að þeir menn setja veð, er hafa almannafje með höndum, þótt veðið sje lítið að upphæð í samanburði við allt það fje, sem maðurinn geymir. Jeg fellst á skoðun h. hæstv. landsh. í því, einkum á meðan seðlaupphæðin er svo lítil, að engin hætta sje á, að seðlarnir missi gjaldtraust sitt, því að gjaldtraust þeirra er byggt á lánstrausti landssjóðsins. Nú er óhætt að segja, að $\frac{1}{2}$ miljón er hin allra minnsta gjaldeyrisþörf í viðskiptum manna hjer, og allir bankar eru ásáttir um það, hvort sem þeir styðja seðla sína eður eigi, og á hvern hátt sem þeir styðja þá, að seðlarnir geti komið í staðinn fyrir helming eður meir en helming af gjaldeyrisþörfinni. Á þeim er það byggt, þegar bankar eru skyldaðir til að hafa $\frac{2}{5}$ af seðlamagni sínu fyrirliggjandi í peningum, því það er sama sem að segja, að $\frac{3}{5}$ komi ekki til lausnar. Jeg skal bæta því við, að eptir fjárlögunum nú innihalda 2. til 5. gr. hjer um bil 340,000 kr., sem landsmenn greiða í landssjóð árlega af lánum, vöxtum, sköttum, tollum og ýmislegum þess konar gjöldum, sem landsmenn lúka. Og dragi menn þessa upphæð frá seðlafje bankans, 500,000 kr., þá er að

eins eptir 160 þúsundir handa landsmönnum til að hafa í veltunni sín á milli. H. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) spurði, hvað mikið mundi verða gefið fyrir íslenzka seðla í Kaupmannahöfn? Jeg ímynda mjer, að ráðgjafinn mundi ekki vera mjög á móti því, að taka við íslenzkum seðlum í landssjóðsreikninginn; en um það get jeg þó eigi borið.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að bæta við lítilli athugasemd viðvíkjandi því, sem h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) talaði um, að nauðsynlegt væri, að fá þann mann fyrir bankastjóra, sem kunnur væri bankastörfum. Þetta er rjett athugasemd hjá h. þm., og mjer þykir vænt um, að því máli er hreyft hjer. Jeg skal geta þess, að það mun nauðsynlegt, að þingið legði fram fje til þess, að maður gæti ferðast hjeðan og dvalið í Khöfn til að kynna sjer bankastörf og bókfærslu og reikningsfærslu við þann starfa. Þetta þyrfti ekki að verða mikill kostnaður, en það yrði sjálfsagt að taka hann af landssjóði, og mun jeg að líkindum koma fram með breyt. viðvíkjandi því á fjárlögunum.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd viðvíkjandi því, að h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) sagði, að dæmi það, sem jeg kom með, sannaði ekki viðskiptaþörfina í landinu. Hann talar mjög óhagfræðislega. Það getur vel verið, að landsmenn geti siðferðislega komizt af með minna; en hagfræðingar geta ekki tekið það til greina; þeir þekkja þá eina viðskiptaþörf, sem reynslan sýnir, að þjóðin lætur sjer nægja; þeir líta að eins á, hvað hún *brúkar*, en ekki, hvort hún *gæti* látið sjer nægja minna, úr því hún *gerir það ekki*. Dæmið sýnir að sjálfsögðu ekki annað en það, að svo mikið er brúkað, en ekki minna; en ekki það, hvort menn geti brúkað minna. En í þessu efni kemur það fyrir eitt, þótt þingmaðurinn skilji það ekki.

Atkvæðagr.: 1. gr. frv. (C. 67) samþ. óbreytt í einu hljóði.

Breyt. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 18 atkv., og 2. gr. með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.

3. gr.: breyt. nefndarinnar samþ. með 18 atkv.

3. gr. með breyt. nefndarinnar samþ. í einu hljóði.

4. gr.: breyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

4. gr. með breyt. samþ. með atkvæðafjölda.

5. gr. með breyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

6. gr.: breyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

6. gr. með breyt. samþ. með 20 atkv.

7. gr. með orðabreyt. samþ. í einu hljóði.

8. gr. — —— — — — —

9. gr.: 1. breyt. nefnd. samþ. 16 atkv.

—— 2. — — — 18 —

—— 3. — — — 19 —

9. gr. með breyt. nefnd. — í einu hljóði.

10. gr.: breyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

10. gr. með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.

11. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. í einu hljóði.

12. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. með 19 atkv.

13. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. í einu hljóði.

14. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

15. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. í einu hljóði.

16. gr.: Orðabreyt. og burtfelling nefnd. samþ. með 19 atkv.

16. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv.

17. gr.: Burtfelling og orðabreyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

17. gr. með áorðinni breytingu samþ. með atkvæðafjölda.

18. gr. óbreytt samþ. með 19 atkv.

19. gr. —— — í einu hljóði.

20. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

21. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.

22. gr. með orðabreyt. nefnd. samþ. í einu hljóði.

23. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.

24. gr.: breyt. nefnd. samþ. með 20 atkv.

24. gr. með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði.

25. gr.: Viðbótin samþ. með 14 : 5.

25. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 14 atkv.

26. gr. með orðabreyt. samþ. í einu hljóði.

27. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.

28. gr.: Orðabreyt. og viðbót nefnd. samþ. með 19 atkv.

28. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 19 atkv.

29. gr. með orðabreyt. samþ. í einu hljóði.

30. gr. — ——— —— - — —

31. gr. — ——— —— - — —

32. gr.: Viðbót og orðabreyt. samþ. með 20 atkv.

32. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um prentsmiðjur (C. 124); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg ætla að eins að geta þess, að allar breytingartillögur (C. 163) nema 2. breyttil., eru gerðar eptir bendingum hæstv. landsh. við 1. umr. þessa máls, en 2. breyttill. er gerð eptir tillögum einstakra þingmanna, og vona jeg að þær mæti ekki mikilli mótstöðu.

Atkvæðagr.: Viðaukatill. við 1. gr. samþ. með 20 atkv. og greinin sjálf með áorðinni breytingu sömul. samþ. með 20 atkv.

1. viðaukatill. við 2. gr. samþ. með 17 atkvæðum.

2. viðaukatill. við 2. gr. samþ. með 16 atkvæðum.

2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.

Breytingartill. við 4. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði og síðan sent til Ed.

Uppástunga til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 156), ein umr.

Eiríkur Kúld: Jeg vil spyrja þá sem hafa komið með þessa tillögu og sömuleiðis breyttill. við hana (C. 168), að þar sem stendur: »Alþingi skorar á ráðherra Íslands að hlutast til um að mældur verði Húnaflói og Hvammsfjörður« með sjerstaklegu tilliti til þeirra hafnarstæða, sem þar eru nefnd, hvort meint er að mæla skuli hafnirnar eingöngu, eða hvort eigi einnig skuli mæla innsiglinguna? Jeg álít ekki nóg að höfnin sjálf sje mæld, og ef til vill álitin góð, heldur þarf einnig að aðgæta nákvæmlega, hvort hægt sje að komast inn á höfnina. Á Borðeyri er t. d. góð höfn, en innsigling er þar ekki góð. Á Hvammsfirði er mjög slæm innsigling og fyrir skömmu hefir þar strandað skip í góðu veðri og hafði þó fengið kunnuga menn til leiðsagnar.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal gera grein fyrir því, hvernig stendur á þeirri breyttill., sem gerð hefir verið við þessa þingsályktunartill.; orsökin er sú, að einn h. þm. í Ed. hefir óskað, að því yrði bætt við að skorað verði á ráðherrann að mældur verði Húnaflói ásamt Hvammsfirði; en viðvíkjandi spurningu h. þm. Barðstr. (E. K.) þá stendur það í tillögunni, að »Alþingi skorar á ráðgjafann að hlutast til um, að mældur verði Húnaflói og Hvammsfjörður«. Það er: að mældir verði báðir þessir firðir. Í öðru lagi er beðið um að hafnirnar við þessa tilteknu staði, Vestliðaeyri, Búðardal og Borðeyri, verði mældur. Um leið og einn fjörður er mældur, þá er könnuð innsiglingin inn eptir honum inn á hafnirnar; jeg játa það, að breyttill. er ekki sem bezt orðuð, en þó vil jeg ráða til, að hún verði samþ., einkum af því, að ef hún skyldi ekki verða samþ., þá kemur frá Ed. ný þingsályktunartill. um að mældur verði Húnaflói; spara menn sjer því umr. um hana með því að samþ. þennan viðauka.

Landshöfðingi: Eins og kunnugt er, þá kom frá hinu síðasta alþingi áskorun til stjórnarinnar um uppmælingu, og stjórnin vildi verða við þessari áskorun, og fór fram á fjárveitingu við ríkisþingið til þess að sent yrði 1 skip sjerstakt til þess að mæla upp, en ríkisþingið neitaði að leggja fje til slíkra starfa og fórst það af þeim orsökum fyrir, en jeg get fullvissað h.

þingd. um það, að stjórnin tekur sjálfsagt vel í þetta mál aptur og tekur vilja þingsins til greina að því leyti hún getur, og það, sem ekki gat heppnast í þetta sinn, getur ef til vill heppnast í annað sinn.

Atkvæðagr.: Viðaukatill. nr. 113 (C. 168) samþ. í einu hljóði, og var hin upphaflega tillaga þar með fallin.

Þingsályktunartillagan þannig orðuð var síðan send efri deild.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði handa æðarræktarfjelaginu á Breiðafirði og við Strandaflóa (C. 143); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Með því fundur er þegar orðinn svo langur, sje jeg mjer ekki fært, sem jeg þó hafði ætlað mjer, að skýra málið nú til hlítar, en leyfi mjer að stinga nú þegar upp á 5 manna nefnd.

— Var það samþykkt og þessir kosnir:

Eiríkur Kúld	með 16	atkv.
Jón Jónsson	— 15	—
Arnljótur Ólafsson	— 13	—
Egill Egilsson	— 12	—
Th. Thorsteinson	— 11	—

Sextándi fundur, laugardag 18. júlí kl. 12. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti skýrði frá, að til sín væru komnar þessar bænarskrár, er mundu verða lagðar fram á lestrarsalinn:

1., frá læknaskólakennara Tómasi Hallgrímssyni, um 600 kr. launabót.

2., frá Sigurði Vigfússyni um 500 kr. til forngripasafnsins.

Því næst skýrði forseti frá, hvernig ástatt væri með mál þau, er komin væri til þingsins. Tólf mál væru nú þegar felld af deildinni eða aptur tekin. Afgreidd væru til Ed. 3 frv. og 2 þingsályktanir, og 1 þingsályktun afgreidd til landshöfðingja. En eptir væru nú enn hjá deildinni 10 stjórnarfrv., 20 þm. frv., 3 þingsályktunartillögur og 15 mál frá Ed. Af því málin væru svona mörg eptir enn, þ. e. 48 mál, þá tæki hann nú daglega á dagskrá sem flest mál, að auðið væri að afgreiða, meðan hin stærri mál væru enn þá ekki komin úr nefndum; til þess að reyna að koma í veg fyrir, að svo færi nú, sem því miður hefði of opt átt sjer stað á undanfarandi þingum, að síðustu daga þingsins þyrfti allt að ganga í ósköpum, og við það liðu að sjálfsögðu málin, að því er vandvirknina snertir, — til þess nú að geta þetta, óskaði hann að þingmenn vildu gefa sitt leyfi til að fundir byrjuðu á morgnana annaðhvort kl. 11 eða 11½ f. h.

Þingmenn samþykktu síðan, að fundir í deildinni skyldu byrja kl. 11 f. h.

Frumv. til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (C. 165); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson) kvaðst eigi finna ástæðu til að tala meira um þetta mál, og vonaðist eptir að h. deild leyfði því að ganga sinn gang, fyrst það væri svona langt komið.

Egill Egilsson: Jeg stend nú upp til að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg sat síðast þegar gengið var til atkv. um Vogavík og greiddi ekki atkv. með henni. Eins og öllum er kunnugt, er vegalengdin mjög stutt á báða bóga, bæði inn til Hafnarfjarðar og út til Keflavíkur, en af þeim ástæðum virðist nauðsynin ekki vera brýn að löggilda Vogavík. En einkum er það annað, sem mjer gengur til að vera móti löggildingunni. Jeg verð að vefengja skýrsluna, að því er snertir lýsinguna á höfninni, einkum um botn hafnarinnar. Reynslan segir það mótsetta sem þessi skýrsla. Mjer er það kunnugt, að fyrir fáum árum fóru norskir síldveiðamenn hjeðan þangað suður með síldarvoð og ætluðu að draga hana þar, en það reyndist ómögulegt, því víkin er full af hraunblettum, og mundi þar varla holt að varpa akkerum.

Þorkell Bjarnason: Jeg þarf ekki að svara ræðu h. þm. Mýr. (E. E.), því skýrslan er til sýnis og er ljós og greinileg og hrekur fullkomlega mótmæli hans

Arnljótur Ólafsson: Það er dálítið leiðinlegt, að standa upp, og vita fyrirfram, að orðum manns muni enginn gaumur verða gefinn; en þó ætla jeg að láta skoðun mína í ljósi, ekki um einstök atriði þessa frum-

varps, heldur um málið í heild sinni, um löggildingar þessara verzlunarstaða í heild sinni. Jeg trúi því sem sagt er, að fjölgun kauptúna spari landsbúum tíma og kostnað, af því að vegalengdirnar verði minni. Þessir eru hagsmunir fjölgunarinnar, og því aðalmeðmælin. En þó nú þetta sje satt, þá er spurningin: geta landsmenn sparað sjer þennan tíma og kostnað án þess að þurfa að endurgjalda hann aptur? Geta þeir velt þessum kostnaði yfir á kaupmennina, eða ekki? Þegar vjer vitum, að fjöldi af þeim stöðum, sem hafa verið löggiltir undanfarin ár, eru enn óbyggðir, sjáum vjer, að kaupmenn sigla ekki þangað beina leið, heldur hljóta að fullnægja ákvæðum laganna um sóttvarnir og tollgreiðslu á öðrum höfnum. Þessir óbyggðu löggiltu staðir stytta því eigi vegalengdina fyrir kaupmanninum. Ef kaupmaður sendir skip á óbyggðan stað, þar sem ekkert yfirvald er, og ekkert gert til þess að sjá um tolla og sóttvarnir, halda þingmenn að nokkur trygging sje þá fyrir tollgreiðslu og viðspornan við innflutningi sjúkdóma, ef skipin koma beint þangað? Og í öðru lagi ef engin hús eru í landi, verða skipin að liggja á höfninni og verzlunin að vera alveg sem lausaverzlun. Þar sem nú kaupmenn geta ekki verzlað öðruvísi en sem lausakaupmenn á þessum óbyggðu stöðum, þar geta landsmenn ekki velt byrðinni yfir á þá. En þá væri það óskiljanlegt, að kaupmenn skyldu bera þessa byrði bótalaust, ef þeir lagt hafa mikið fje í byggingu á staðnum. Vjer megum til að játa, að kaupmenn ákveða sjálfir í rauninni verðlag á öllum stöðum, eigi að eins á sinni vöru, heldur líka einnig á innlendu vörunni, að minnsta kosti allan þann tíma, sem lausakaupmenn eru ekki á höfnunum, og er þá auðvelt fyrir þá að sjá um, að þeir beri ekki kostnaðinn endurgjaldslaust. Verðlagið er og misjafnt; það er talsvert hærra í þessum smáu einokunarholum á flestöllum smávarningi. En þó að menn vilji álíta, að landsmenn geti kastað byrðinni yfir á kaupmennina, þá mæta oss aðrar spurningar, sem vjer sem löggjafar eigum að hafa fyrir augum. Vjer vitum, að þegar verzlunin var gefin laus 1786, var hlynnt að kaupstöðunum, og ástæðan var sú, að það var haft fyrir satt, að öflugir kaupstaðir yki iðnað allan, drægi fje saman, til öflugra fyrirtækja, líkamlegra og andlegra. Og vjer sjáum, að það er að eins í hinum stærri verzlunarbæjum vorum, Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, sem iðnaðarmenn geta þrifizt. Vjer verðum einnig að hugsa um sóttvarnir og um tollgreiðsluna eða hagsmuni landssjóðs. Ef lögin 7. nóv. 1879 væru notuð, og sveitaverzlanir kæmust á, held jeg allir verði að játa, að búendur þeir, er fengið hafa verzlunarleyfi, hafi allan hinn sama rjett sem kaupmenn, að því tvennu undanskildu: annað það, að þeir mega ekki selja áfenga drykki, og hitt, að lausakaupmenn mega ekki sigla upp nema löggilt kauptún. Ef nú lausakaupmönnum væri leyft, svo sem farið er fram á í frumvarpi í efri deildinni, að sigla upp á aðra staði en löggild kauptún, þá verður vínsalan eini munurinn. Má jeg nú spyrja: ef nú lausaverzlunin fengist, hvers vegna er þá verið að opna hverja smugu, hverja vík og vog fyrir útlendingum, utan úr öllum heimi? Hvers vegna vilja menn það? (*Halldór Kr. Friðriksson:* Til þess að gera allt hringlandi vitlaust). Ástæðan til þess hlýtur, að minni hyggju, að vera sú, að vjer treystum ekki landsmönnum vorum til þess að hafa þann hug, þann dug og það magn, að setja upp sveitaverzlun, treystum ekki viti landsmanna vorra, heldur þurfum að fá það hjá útlendingum. (*Jón Ólafsson:* Nei). Jú, að opna öðrum þjóðum hvern vog og hverja vík, að bjóða sem á uppboðsþingi mönnum út um allan heim til að koma, hingað til verzlunar — til þessa eins miða allar þessar löggildingar. Af þessari ástæðu er jeg einkum á móti að löggilda fleiri staði; því að þó jeg játi, að vjer sjeum skammt á veg komnir, og fáir færir um, að stofna sveitaverzlun sem stendur, þá vil jeg ekki gefa rjettinn frá alþýðu um tíma og eilífð. Jeg vil að vjer lærum að stunda atvinnuvegi landsins og leggjum öllu fremur kapp þar á, en að vera að búa til þjóðrjettindi á

pappírnum, sem kannske aldrei verða notuð um tím nje eilífð.

Atkvæðagr.: Síðan var gengið til atkvæða, og frv. samþykkt með 13 atkv. gegn 7. Sent síðan Ed.

Frv. til laga um nýjan þingstað á Úlfljótsvatni (C. 127); 3. umr.

Frv. var samþykkt umræðulaust með öllum þorra atkvæða, og sent síðan Ed.

Uppástunga til þingsályktunar um verðlagsskrár, hvernig ræða skuli.

Samþykkt, að ræða málið í einni umræðu.

Frumvarp til laga um útflutningstoll á landvarningi og um afnám ábúðarskatts og lausafjár (C. 121); 2. umr.

Þorsteinn Jónsson: Fyrst enginn annar stendur upp, ætla jeg að gera grein fyrir því breytingaratkvæði, sem jeg hefi komið með (C. 168). Það er ekki af því, að jeg álíti ekki, að við höfum ekki nógu mikla tolla, heldur til þess, að þeir komi jafnara niður á vörur, þar sem þeir eru lagðir á, t. d. á ullinni, og standi í betri hlutföllum eptir venjulegu verðlagi; það á sízt að vera minni tollur af þessum vörutegundum. Tollar eru í fyrsta lagi til að útvega tekjur, en líka til þess að stemma stigu fyrir of miklum útflutningi af því, sem ekki má missast, og þessar vörur, kjöt og tólg, held jeg að við megum sízt missa af landinu. Jeg er sannfærður um, að sjávarmenn hafa of lítið kjötfæði og of mikið af fiski, og þegar vjer erum svo ólukkulegir að hafa útflutningstoll á fiski, sem líka er flutt of mikið af út úr landinu, þá virðist mjer hentugt að leggja ekki minni toll á kjötið, ef vera kynni að það gæti orðið til þess, að það yrði meir innlend verzlunarvara, svo sjávarmennirnir gætu keypt af sveitarmönnum kjöt og feiti, og sveitarmenn gætu aptur fengið fisk. Jeg álít, að breyting mín geti stuðlað til, að kjötinu væri haldið meira inni í landinu, og vil jeg svo fela deildinni hana til beztu meðferðar.

Tryggvi Gunnarsson: Fyrst enginn tekur til máls, þá ætla jeg að tala nokkur orð fyrir máli minni hlutans. Eins og sjá má af nefndarálitinu (C. 152), þá ber minni hlutinn nafn með rentu, þar sem í honum er að eins einn maður, og 4 í meiri hlutanum. En mjer líður mikið vel, og þykir náttúrlegt, að jeg sje í minni hluta, eptir stefnu meiri hlutans; því þegar jeg á fje hjá manni, og spyr hann, hvort hann vilji nú heldur greiða mjer að eins helminginn af skuldinni eða hana alla, því svarar hann náttúrlega já með því, að hann vilji heldur borga að eins helminginn. Ef jeg spyr hann aptur, hvort hann vilji nú ekki helzt vera laus við að greiða nokkuð af skuld sinni, heldur láta aðra borga fyrir hann hinn helminginn, þá svarar hann náttúrlega líka jú. Þannig segir nú meiri hlutinn við landsmenn: Viljið þið ekki helzt vera lausir við hálfan ábúðar- og lausafjárskattinn, og að kaupmenn greiði svo fyrir ykkur hinn helminginn? Það er meir en vorkunn, þó alþýðu og þingmönnum lítist í fljótu bragði vel á þetta, og segi já við því. Jeg vona, að h. þingd. skoði ekki það, sem jeg segi, sem jeg sje að tala máli kaupmannastjettarinnar, því jeg sje gjörla, að þetta gjald leggst ekki á hana. Menn mega ekki álíta, að hún sje svo skyni skroppin, að hún reyni ekki að vinna tollinn aptur upp á landsmönnum. Nei! hún leggur gjaldið og það ríflega á verzlunina. Eigi má heldur álíta, að jeg sje svo harðbrjósta, að jeg eigi fúslega vilji ljetta gjöldum á alþýðunni, þegar þess er kostur. En það sem jeg segi hjer, tala jeg sem forsvarsmaður landssjóðsins. Jeg hefi verið í fjárlaganefnd síðan 1875, og er búinn að taka, — mjer liggur við að segja — svoddan ástfóstri við hann, að mig tekur sárt til hans, þegar á að rýra tekjur hans. Meiri hlutinn viðurkennir, að með frv. hans missi landssjóður helminginn af þessari tekjugrein sinni í meðalári, og er það eitt næg ástæða til þess, að jeg sje á móti því. En það er ekki hjer með búið; jeg álít að landssjóður missi talsvert meira, en sem svarar hálfum ábúðar- og lausafjárskattinum, því hann missir líka innan skamms bæði húsa- og tekjuskattinn. Þegar til fjárlaganefndarinnar koma eins margar fjárbænir eins og nú hafa komið í 55 bænarskrám, þá held

jeg þingd. geti varla aðhyllzt að minnka mikið tekjur landssjóðsins; hún mun sanna það, þegar fjárlagamálið kemur hjer til umræðu, að hún mun þykjast heldur hafa of lítið en of mikið fje til að skipta milli manna. Jeg verð líka að biðja menn að athuga það, að tillagið frá ríkissjóði fer árlega minnkandi, þar til það er komið niður í 60,000 kr. Í öðru lagi verður maður að vona, eptir þeirri stefnu sem byrjuð er, að drykkjuskapur í landinu fari minnkandi. Jeg er viss um, að hinir h. þingmenn samhuga óska þess; en þá um leið minnka líka talsvert tekjur landssjóðsins af vintollinum. Í þriðja lagi er það, að 1881 var mikill síldarafli hjer við land, og þyrptust Norðmenn hingað þá til síldveiða, og hafði landssjóður þá miklar tekjur af veiði þeirra; en nú er svo komið, að þeir hafa tapað svo skiptir miljónum á þessum veiðum, og selja þeir því ýmist hús sín eða rífa þau til burtflutnings um þessar mundir; hjer við missir landssjóður og svo eigi alllitlar tekjur. Þar sem þannig er ástatt, að sýnilegt er, að landssjóður missir talsvert af þessum þremur tekjugreinum sínum, auk beinu skattanna, sem meiri hlutinn fer fram á, þá er jeg hræddur um, að fari að grynnast í landssjóðnum, og því álít jeg mjer skylt að koma fram sem talsmaður hans, og reyna að koma í veg fyrir að tekjur hans sjeu stórkostlega minnkaðar. Jeg veit að meiri hlutinn og þeir, sem honum fylgja, segja, að landssjóðinn muni ekki mikið um að missa svo sem 20,000—25,000 kr., því hálfur lausafjár- og ábúðarskatturinn sje ekki meir en því svarar. En hjer er um meira að ræða, eins og jeg sagði við 1. umræðu. Ef þingdeildin ætlar að bæta úr þessum tekjumissi, sem meiri hluti telur 20,000 til 25,000 kr., en sem í reyndinni verður 60 til 70,000 kr., þegar búið er að af nema ábúðar- og lausafjárskattinn, tekjuskattinn og húsaskattinn, þá þarf hún að leggja allt að þrisvar sinnum meira á landvarninginn en hjer er gert ráð fyrir, til þess að sú upphæð náist, sem landssjóður missir. Eptir því þyrfti að leggja 2½ eyri á ullarpundið o. s. frv.; en þá má búast við, að mönnum þætti það tilfinnanlegt gjald. Til þess að hafa alveg rjettlátan samanburð, og geta sjeð, við hvern gjaldmátan almenningur mundi betur una, þá verður að koma með jafnhátt gjald, eins og það sem burt er fellt; væri þetta gert, mundi það koma fram, að gjald á útfluttri vöru yrði of hátt, og almenningi ekki að skapi, svo framarlega sem það kæmi beinlínis á útflutta vöru. Meiri hlutinn álítur tollgjaldið meira jafnaðargjald, en ábúðar- og lausafjárskattinn; en jeg gat þess við 1. umræðu, að ýmist greiða þeir engan skatt nje toll, sem ekki selja afurðir bús síns til útlanda, eða kaupmenn jafna tollinum á alla viðskiptamenn sína. Jeg get ekki betur sjeð, en þegar ábúðar- og lausafjárskatturinn er af tekinn, þá hljóti menn, — ef þeir vilja fara eptir nokkrum rjettlætisreglum —, einnig að af nema húsaskattinn og tekjuskattinn. Jeg skil ekki, á hverju það ætti að vera byggt, ef jeg ætti að svara af 4000 kr., sem jeg ætti í húsi eða kgl. skuldabrjefum til landssjóðs, en engu af 4000 kr., sem jeg ætti í lifandi peningi; sama er að segja um skatt af atvinnu embættismanna og bænda. Að sönnu er ábúðar- og lausafjárskatturinn nokkuð hár, því t. d., ef maður á 4000 kr. í húsi eða kgl. skuldabrjefum, þá þarf hann nú að gjalda 6 kr. þar af, en ef hann á sömu upphæð í lausafje, þá þarf hann eptir nú gildandi lögum að svara þar af liðugt 19 kr. En ef hálfur lausafjárskatturinn væri eptir gefinn, þá þyrftu menn að eins að gjalda 9 kr. 60 a. af sömu upphæð, og stendur það í nokkurn veginn jöfnu hlutfalli við húsaskattinn og tekjuskattinn. Jeg verð því að álíta, að tillaga mín um eptirgjöf á hálfum skattinum sje bæði rjettlát og hagfelld fyrir landsmenn. Jeg verð að geta þess, að mig furðar á því, að meiri hlutinn skuli segja, að búendur beinlínis borgi lausafjárskattinn með því að borga útflutningstollinn. H. háttvirti framsögumaður er þó svo verzlunarfróður, að hann mun ekki álíta, að kaupmenn fari að gefa 18⅕ úr eyri fyrir hvert pund af kjöti, og 32⅓ fyrir tólg o. s. fr.; hann mun sjá, að kaupmenn muni í flestum tilfellum jafna tollinum niður á

alla verzlunina, líkt því sem á sjer stað við tollinn af fiski og lýsi; þar af leiðir, að sá, sem borgar húsaskattinn og tekjuskattinn beinlínis, svo framt hann ekki er af tekinn, þá kemur hann til að borga þennan lausafjárskatt í verðhækkun á vörum, alveg eins og hinir, sem sleppa við að greiða ábúðar- og lausafjárskattinn; því er það alveg ófært, að af nema ekki líka þessa skatta, ef ábúðar- og lausafjárskatturinn er af numinn, og útflutningstollur af landvarningi settur í staðinn. Jeg hefi áður talað um, hversu þessi útflutningstollur er fjarskalega óeðlilegur, og því skal jeg ekki fara langt út í það. Því hefir verið hreift, að jeg hafi þá verið með því, að leggja útflutningstoll á fisk og lýsi; en jeg vil minna á, að jeg tók þá fram, að jeg gengi að eins inn á þann toll, af því ómögulegt væri á annan hátt að ná inn spítalagjaldinu, sem hann kom í staðinn fyrir. Ef þetta frv. nær fram að ganga, þá mun jeg koma með frv. um að af taka tollinn af fiski og lýsi. Frakkar borga mönnum premíur fyrir að flytja út fisk, en vjer leggjum toll á útfluttan fisk; þingd. getur ekki annað en fallizt á það, þar sem hún hefir nýlega samþ. þingsályktun um það, að skora á stjórnina, að af nema sem fyrst toll af innfluttum íslenzkum fiski til Spánar. Lítur það ekki skrítilega út, að vjer ætlumst til, að Danir gefi eptir af tekjum ríkissjóðsins nálægt 700,000 kr. til þess að lækka toll á fiski okkar, sem til Spánar kemur, um nálægt 100,000 kr.; en sjálfir leggjum vjer toll á útflutninginn í stað þess að aðrir gefa premíur. Jeg held rjettast sje, að leggja engin bönd eður gjöld á viðskipti manna, heldur lofa þeim að selja og kaupa eins og þeir vilja, allt nema skaðlegar vörur, svo sem vínföng; af þeim er rjett að menn borgi, þegar þau eru flutt inn í landið. Vildi jeg því heldur aðhyllast að hækka aðflutningstoll á brenniví́ni, heldur en að leggja toll á þá vöru, er menn nauðsynlega þurfa að selja.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg verð að lýsa því yfir, að þótt nefndin hafi klofnað, þá er hún þó í rauninni á sama máli um aðalgrundvöll þessa máls, sem er að ábúðar- og lausafjárskatturinn sje of hár, einkum nú, þegar eins árar og nú gerist. Þetta játar minni hlutinn, eins og breytaratkv. hans sýnir, er fer fram á, að þessi skattur verði færður niður um helming, annaðhvort fyrir fjárhagstímabilið, eða þá alveg framvegis. Geta menn fljótt gengið úr skugga um, að hjer er enginn aðalágreiningur; meiri hlutinn gengur að eins feti framar. Báðir svipta landssjóðinn jafnmiklu, og í raun rjettri sviptir minni hlutinn hann meiru. Þegar ábúðar- og lausafjárskatturinn hefir komizt hæst, sem var 1879—81, þá nam hann 51,285 kr., en síðan fór hann að falla og komst niður í 46—48000 kr. á ári, og að líkindum fellur hann enn meira. En setjum nú svo, að hann falli ekki nema niður í 5000 kr., þá sviptir minni hlutinn landssjóð 23000 kr., þegar hann færir ábúðar- og lausafjárskattinn niður um helming, eða skilur að eins eptir 23000 kr., sem renna í landssjóð. Meiri hlutinn gefur landssjóði hjer um bil 26000 kr. eður 25,912 kr., og í rauninni líklega meira, því það er vitanlegt, að útflutningur á sauðfje og hrossum muni fara heldur vaxandi. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Hver veit það?). Það vita nú svo sem allir, því eptir skýrslunum 1879 er ekki talin ein sauðkind flutt út úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, en nú í haust mun flutt út þaðan fje upp á 80,000 kr., því þeir hafa tekið vörur til láns upp á fje, sem nemur þeirri upphæð. Meiri hlutinn rýrir því ekki tekjur landssjóðsins meira en minni hlutinn, og það gleður mig að geta glatt hinn gamla forseta fjárlaganefndarinnar með því, að meiri hlutinn er enn vægari við landssjóðinn en minni hlutinn, og lætur sjer fullt eins annt um hann. En hitt er satt, að meiri hlutinn fer feti framar en minni hlutinn, þar sem hann vill af nema ábúðar- og lausafjárskattinn, úr því vjer getum ekki haldið honum eins og hann er, ef vjer vera viljum rjettlátir við bændur.

Nú með því að frv. minni hlutans vill nálega eins fyllilega sem frv. meiri hlutans auðsýna þetta rjettlæti við bændur, þá e það frv. bezt, næst frv. meiri hlutans. Meiri

hlutinn getur ekki verið með því að setja toll af aðfluttum vörum í stað samlagningsskattsins, því það væri að taka skattinn af einstökum mönnum, sem eiga að gjalda hann, og fleygja honum upp á alla landsmenn. Eptir frv. meiri hlutans er skatturinn aptur á mót færður af verkfærum búnaðarins yfir á arðinn af búinu, af sauðkindinni, hrossinu o. s. frv. yfir á arðinn, að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við. Jeg vil nú spyrja hina h. deild og sjer í lagi minna hlutann, hvort það eru nokkrir meiri annmarkar á því, að leggja útflutningstoll á landvarninginn, heldur en þegar hann var lagður á sjóvarninginn með lögum 4. nóv. 1881. Þá var spítalagjaldið flutt yfir á útflutninginn. Hvað gerðu menn þá? Kom minni hlutinn þá og sagði: Tarna er dáfallegt, þarna komi þjer með bátana yðar og veiðarfærin, sem þjer eigið að gjalda af til sjúkra og fátækra, leysið þau undan öllu gjaldi og dembið þessu gjaldi upp á blessaða kaupmennina. Nei, þá var alveg saklaust þótt kaupmenn ætti að borga. Nú kemur minni hlutinn aptur og segir: Æðimikið mun ullin falla, þegar kaupmenn eiga að fara að borga þennan toll. Kaupmenn greiða tollinn af hendi fyrir landsmenn, en taka hann aptur og eyri að auki af viðskiptamönnum sínum. Í síðara hluta ræðu sinnar gekk h. varaforseti (T. G.) aptur á mót að því vísu, að tollinum væri fleygt yfir á kaupmenn endurgjaldslaust. Hjer koma því fram tvær setningar öndverðar hvor annari. En jeg skal játa, að þessi tvíbenda eður mótsetning sje eigi að kenna hugsunarvillu nje skilningsskorti h. varaforseta, heldur hitt, að mótsetningin liggi í málinu sjálfu. Það er auðsætt, að kaupmanninum er ómögulegt að leggja 10 aura verðhækkun á hver 100 pund af saltfiski, nje 20 au. á hver 100 pund af hertum fiski, og eins getur orðið um sumar tegundir landvarningsins, t. d. hver 5 pund af kjöti og 3 pund af tólg o. s. frv., og þá mun kaupmaður jafna þessum tolli niður sem öðrum verzlunarkostnaði. En aptur á móti getur kaupmaður lagt tollinn beint á þær vörutegundir eptir þessu frv., er 1 eyrir eður meira er lagður annaðhvort á 1 pund eður á einn hlut tilgreindan. En af þeim 8 vörutegundum, sem taldar eru í frv., eru að eins tvær, sem hann ekki getur lagt tollinn beint á með verðhækkun. Það er kostur á þessum útflutningstolli fram yfir útflutningstollinn á sjóvarningi, að rjettur hlutaðeigandi hlýtur að greiða tollinn af 6 vörutegundum að minnsta kosti. Ef einhver kaupmaður hefir gefið eitt ár of mikið fyrir ull, og hún gengur illa út utanlands, svo hann tapar á henni, þá kemur hann næsta ár og segir: þetta tapaði jeg á ullinni í fyrra, og það er ekkert betra útlit nú en þá var, og því get jeg ekki gefið meira en þessu minna fyrir ullina nú að tollinum meðtöldum. Svona hefir það gengið til og svona mun það ganga; það, sem kaupmaðurinn tapar í ár, vinnur hann upp næsta ár. Eptir þessu frv. verður bóndinn að greiða tollinn alveg af 6 tegundum og af 2 tegundum að nokkru leyti. Það er líka mín ætlun og vilji, að bóndinn komist ekki undan gjaldinu, heldur gjaldi einungis eptir rjettari mælikvarða en áður, meðan hann varð að gjalda ábúðar- og lausafjárskattinn, því skatturinn kom þyngst niður á þeim fátæku, eins og vitanlegt er, með því að því fleiri ábúðarhundruð, sem bóndinn hefir gegn hverju lausafjárhundraði, því þyngri er skatturinn. En óhæfa er að leggja þyngstan skatt á þá, sem aumastir eru og vesalastir.

Í nefndarálitinu voru teknir fram ýmsir gallar, sem væru á lausafjárskattinum, og úr því enginn hefir haft á móti þeim ummælum, þá get jeg ekki verið að auka á tölu þessara ókosta, sem eru ómótmælanlegir. Mjer finnst ekki geta verið áhorfsmál að taka heldur útflutningstollinn, fyrir því að hann hefir alla kosti fram yfir ábúðar- og lausafjárskattinn. Eptir honum greiðir sá, sem færastur er og greiða á, og eins þegar hann bezt getur. Jeg segi fyrir mig, að jeg þekki prestinn á Bægisá svo vel, að jeg veit, að heldur vill hann greiða þá er hann getur, heldur en þá er hann getur ekki, þótt hann gjaldi jafnmikið eður enda meira; hann vill heldur gjalda

fyrir fátæklingana, en vita að þeir verði kúgaðir með lögtakinu til að gjalda þennan ójafnaðarskatt, sem þingd. getur af numið, og sem er því skylda hennar að af nema.

Landshöfðingi: Jeg skal gera þá almennu athugasemd, að það að mínu áliti engan veginn er neinn ógjörningur, að leggja lítilfjörlegt útflutningsgjald á landvarninginn, ef það væri álitið nauðsynlegt. Sú nauðsyn, sem þetta frv. byggir slíkt útflutningsgjald á, er byggð á annari nauðsyn, sem þykir vera fyrir hendi, þeirri, að taka af ábúðar- og lausafjárskattinn. Hvað hina seinni nauðsyn snertir, skal jeg fúslega játa, að þessi skattur getur verið tilfinnanlegur, eptir því ástandi sem nú er, og það er rjett af h. nefnd, að hún hefir viljað gera hann bændum ljettari. Meiri hluti nefndarinnar vill gera það með því móti, að af nema þennan skatt alveg, og lögleiða nokkra óbeina skatta í staðinn. Þetta nær sjálfsagt tilganginum, að ljetta byrðina, en við það missast tekjur frá landssjóði, sem eru ekki svo litlar. Þetta er nú í sjálfu sjer að vísu ekki nægileg ástæða til að halda skattinum, því að ef hann væri mjög ósanngjarn, þá væri betra að leitast við að útvega landssjóði tekjur á annan hátt. En jeg verð nú reyndar að álíta, að þessi ábúðar- og lausafjárskattur væri engan veginn tilfinnanlegur nje ósanngjarn, ef landbúnaður stæði í blóma í góðu ári. En eptir því árferði, sem nú er, virðist mjer vera ástæða til að gera hann ljettbærari, og þá er snjallasta ráðið að fara að, eins og síðasta þing, og gefa eptir nokkurn hluta af honum. Í þá átt fer tillagan frá hinum h. minna hluta nefndarinnar. Jeg álít aðaltillögu hans ágæta, og ráðlegg h. þingd. að samþykkja þá tillögu. Það sem h. meiri hluti vill setja í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn, er útflutningsgjald; með því bætist engan veginn að fullu það tap, sem landssjóðnum er að því, að missa skattinn, og þó hallinn sje eigi mjög stórkostlegur, er hann þó tilfinnanlegur, þar sem að tekjur landssjóðsins einnig að öðru leyti munu rýrna, en þarfirnar ávallt vaxa. Að það sje æskilegt, að taka alla beina skatta af landsbúum, get jeg ekki fallizt á. Það hefir ávallt legið, frá því fyrstu skattalög voru sett hjer á landi, beint gjald á lausafje og fasteign, svo það er eigi nýr skattur, heldur gamall. Það er að vísu eigi nóg ástæða út af fyrir sig, en þó nokkur ástæða, og bendir til að fara varlega í að breyta, nema bersýnileg nauðsyn sje til. Tímarnir hafa breytzt, og þeir þrír gömlu skattar til landssjóðs, sem lágu á lausafje og jörðum, kóngstíund, skattur og gjaftollur, voru orðnir ósanngjarnir; þeim var því breytt með hinum nýju skattalögum svo, að gjöldin kæmu jafnara og sanngjarnara niður. Það er því eigi rjett, að hin nýju skattalög hafi lagt á bændur nýtt gjald með ábúðar- og lausafjárskattinum. Þetta eru í rauninni sömu skattarnir og áður hvíldu á gjaldendunum, en þeir hafa nú annað nafn, og þeir eru lagðir á með meiri jöfnuði og sanngirni, en hinir eldri skattarnir, sem þeir koma í staðinn fyrir. Að nema nú af að öllu leyti þetta gjald, er ísjárvert; en það er full ástæða til að gera gjaldið svo sanngjarnlegt og lítið, sem hægt er, og sem hið bága ástand í landinu gerir æskilegt og nauðsynlegt. Það hefir verið tekið fram, sem einnig er rjett, að ábúðar- og lausafjárskatturinn sje atvinnuskattur, lagður á bændur eptir öðrum reglum heldur en þá sem hafa annað að lifa á en landbúnað, t. d. embættismenn o. fl. Ef maður ber ábúðar- og lausafjárskattinn saman við atvinnuskatt annara, þá virðist hann ekki í þessu tilliti mjög ósanngjarn. H. minni hluti hefir að nokkru leyti gert þennan samanburð, og nú tek jeg til samanburðar embættismenn, eða þá, sem eiga að lifa af föstum launum. Bóndi, sem tíundar 30 hundr. af lausafje, og því má gera ráð fyrir, að búi á allstórri jörð, svo sem 45 hundr., eptir því sem ætlast er á um hlutfallið milli lausafjártíundar og ábúðar, á að greiða í ábúðar- og lausafjárskatt 26 kr. 40 au., þegar alinin er metin 55 au. Það er enginn smábóndi eptir því sem gerist á suður- og vesturlandi, og þó víðar sje farið. Beri menn nú þetta sam-

an við embættismann, sem hefir 3000 kr. í laun, sem ekki eru há laun, þá sjest, að þeir hafa hjer um bil jafnan skatt, því að embættismaðurinn á að greiða 25 kr. í atvinnuskatt. Bóndi, sem tíundar 40 hundr., og er það heldur stórbóndi, á að gjalda í ábúðar- og lausafjárskatt 35 kr. 20 au. eptir sama mælikvarða og embættismaður, sem hefir 3500 kr. laun, eins og sýslumenn af 1. flokki, á að borga 35 kr. Þessir menn hafa jafnt, svo menn sjá, að þetta er ekki sjerlega mikill jöfnuður. Bóndi, sem tíundar 20 hundruð, og sem er þá meðalbóndi, geldur rúmar 17 kr., en embættismaður, sem hefir 2500 kr., geldur rúmar 17 kr. Það sýnist því ekki vera ójöfnuður að þessum skatti, þegar menn bera saman tekjur embættismanna og bústofn búenda. Hjer hefi jeg tekið ábúðar- og lausafjárskattinn með sinni fullu upphæð. Nú stendur báglega á fyrir bændum í landinu vegna harðindanna, lakara en fyrir þeim, sem eiga að lifa á föstum launum. Þess vegna er ástæða til að lækka gjöld þeirra sem á landbúnaði lifa, og finnst mjer sanngjarnt að lækka þau til helminga, svo að bóndi, sem tíundar 20 hundruð, gjaldi 8 kr. 80 au., þar sem embættismaður með 2500 kr. gjaldi rúmar 17 kr.; þá er þess gætt, sem sanngjarnt er, nefnil. að færa niður atvinnuskatt þeirra, sem báglegar stendur á fyrir með atvinnuvegina. Með þessu álít jeg, að ná megi þeirri sanngirni, sem bæði frv. og álit meiri hlutans er byggt á; en að kippa burtu föstum skattstofni, er ísjárvert; það gerir tekjur landssjóðs óvissari, því óbeinir skattar eru óvissari en fastir skattar af ábúð og lausafje, og jeg get því eigi annað en verið h. minni hluta samdóma. Jeg verð einnig að telja það ólíklegt, að tollálaga sú, sem sett væri fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn, kæmi einatt niður á þeim búendum, sem ábúðar- og lausafjárskattinn greiða. Kaupmenn munu, eins og tekið hefir verið fram, leggja gjaldið á þær vörur, sem hægast er að ná því á, en minna hugsa um, að líta á að lækka verðið á þeim vörutegundum, sem gjaldið er miðað við. Það er sjálfsagt, að ef hár skattur er lagður á eina tegund, hlýtur hún að falla í verði, því að þá verður það tilfinnanlegur aukakostnaður fyrir kaupmanninn að fá þá vörutegund, þar sem verzlanirnar verða að svara háu gjaldi, til þess að geta flutt hana út; en allt öðru máli er að gegna, þar sem um lágan toll er að ræða, og hjer eru allir samdóma um, að tollurinn verði að vera lágur. Eins og jeg hefi áður tekið fram, finnst mjer ísjárvert að upphefja beinu skattana. Það getur verið, að óbeinu skattarnir reynist svo hverfulir, að aptur þyrfti að leggja skatt á ábúð og lausafje; en þá mundi eigi vera vinsælt að leggja aptur gjald á það, sem búið er að losa frá gjaldi. Jeg held gjaldendur álíti allrar sanngirni gætt, er skatturinn er lækkaður svo, að hann sje eigi tilfinnanlegur í þessu bága ári, og vil jeg ráða deildinni til að færa hann niður, og ef til þess skyldi koma, vil jeg heldur lækka hann meira en um helming um stundar sakir, en aftaka hann alveg, og setja útflutningstoll af landvarningi í staðinn fyrir hann.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það gleður mig, að hæstv. ldsh. er ekki hörundsár, þótt landssjóður missi helming af þessum ábúðar- og lausafjárskatti, og að hann er í því samdóma síðustu gr. frv. En það gladdi mig ekki, að hann var meðmæltur minni hlutanum, en fann ekki kostina hjá meiri hlutanum. H. hæstv. ldsh. talaði um, að þessi skattur væri gamall. Jú, það er satt. Tíundin er þó eldri, og hún var rjettlátari en ábúðar- og lausafjárskatturinn, því hún var lögð á eign. En að leggja rækt við ábúðar- og lausafjárskattinn eingöngu fyrir þá sök, að hann er gamall, það er ekki samkvæmt tíðarandanum nú. Því þótt ræktarsemi við gamla menn sje rjett og verð allrar virðingar, þá er öðru máli að gegna um ræktarsemi við skatta. Jeg get nefnt h. hæstv. landsh. jafnvel hvert land sem er, svo sem Noreg, England, Ameríku, Þýzkaland; alstaðar eru tollar smátt og smátt að komast á, eigi fremur til þess, að veita ríkjunum nýjar tekjur, heldur en til þess að rýma burt hinum föstu sköttum og koma í staðinn

fyrir þá. Í Noregi eru engir beinir skattar, nema afgamlar eptirleifar á stöku jörðum. Og hæstv. ldsh. mun kunnugt, að stjórnfræðingurinn Bismarck berst fyrir tollum, en ekki fyrir lausafjár- og ábúðarskatti. H. hæstv. ldsh. sagði enn fremur, að tollarnir væru óvissir. Já, að nokkru leyti og að nokkru leyti ekki. Það er satt, að tollur á fiski og lýsi og öllum sjávarafla er óviss, af því að aflinn getur brugðizt. En tollur af landvarningi er viss að því leyti, að hann fer eptir því, hve mikils er aflað í landinu sjálfu af hinum tollskylda varningi; lausafjártíundin er þar mælikvarðinn. Eptir því sem meira er til af sauðum, hestum o. s. frv., eptir því munu landsmenn selja fleiri sauði og hesta. Meðan vjer lifum, þurfum vjer að selja og kaupa. Sama er um ull; því fleiri sem bjórarnir eru í landinu, því meiri verður ullin, og líkt er með kjöt og tólg.

En að því er snertir dæmi þau, sem h. hæstv. ldsh. tók, skal jeg að eins taka hið fyrsta. Hann sagði að bóndi, sem býr á 45 hndr. jörð og tíundar í lausafje 30 hndr., hann eigi að greiða í skatt 26 kr. 40 au., og embættismaður með 3000 kr. launum eigi að greiða 25 kr. Dæmið er rjett, en jeg er ekki samþykkur þeirri ályktun, sem h. ldsh. dró af dæminu. Hversu mikinn ágóða hefir nú þessi bóndi af sínum 30 lausafjárhundr., þegar allur kostnaður er dreginn frá? Jeg þori að segja: nje einn eyri í þessu ári. Vjer megum þakka fyrir, og það jafnvel stórbændurnir, ef vjer getum haldið nokkurn veginn við; hvað þá heldur að þetta bú gefi af sjer 3000 kr. Bændur gátu naumast haldið við 1882, og sama útlitið er enn. Jeg vil bæta við: Hvað gjalda embættismenn í sýslusjóð, jafnaðarsjóð, búnaðarskólasjóð? Eða kann ske þetta sje lítið gjald? Þessi þrjú gjöld hvíla eingöngu á lausafje og jörðum, og sýsluvegagjaldið á vinnumönnum eða bændum, sem halda vinnumennina. Þessi gjöld voru árið 1876 nálega 45,000 kr., sem kom á alla bændur, og eptir því er hægt að reikna, hvað komið hefir á hvern búenda, en sem embættismenn eru lausir við. Þetta sýnir, að þótt kaupmenn legðu ögn — mjög lítið — á aðfluttar vörur, og sem embættismenn eins og aðrir, yrðu að gjalda, þá held jeg að það mundi ekki gera mikið til. Ef vjer nú skoðum sýslusjóðs og sýsluvegagjaldið, þá finnum vjer að það var 1876 21600kr., en árið 1881 var það orðið 28000kr., og hafði þannig vaxið á þeim árum um 6,400 kr. Þetta gjald mun hjer eptir fara sívaxandi, og líkur eru fyrir því, að það vaxi enn þá meira að tiltölu en hingað til. Skyldi nú koma meira á embættismenn eptir þessu tollfrumv. en það, sem þessu nemur? Nú fyrir því, að bændur og alþýða eru mesti hluti landsmanna, kaupa þeir þess vegna mest af vörum kaupmanna, svo gjaldið kemur samt mest niður á alþýðunni, þótt svo færi, sem h. minni hluti gat um, að kaupmenn legðu þá upphæð, sem tollinum nemur, á aðfluttan varning sinn. Það dugar eigi að mæla móti tollinum með þeim mótbárum, að kaupmenn leggi tollinn á aðfluttan varning, því þótt það væri satt, sem það eigi er, nema að einhverju meira eður minna leyti, þá kemur tollurinn samt mest niður á almenning, af því að hann kaupir mest af aðflutta varningnum. Það dugar eigi að stöðvast við það sem næst liggur auganu, heldur verða menn að gæta að, hvar skattabyrðin lendir síðast, þegar henni er velt af einum hlut á annan.

Jeg verð að minnast á breyt.till. h. þm. Vestm. (Þ. J.). Hann vill færa þrjá töluliðina upp um helming (C. 168). Jeg var eigi svo heppinn að vera inni, þegar hann talaði fyrir sinni breyt.tillögu, svo jeg heyrði ekki ástæður hans. En jeg ímynda mjer, að ástæða hans hafi ekki verið sú, að þessi tollur kemur langmest niður á Múlasýslum og Norðlendingafjórðungi, og það svo mjög, að það er eins og 8 : 1, að því er kjötið snertir. Það væri því mjög ósanngjarnt að hækka tollinn enn þá meira á 2. tölul., þar sem sjómenn sleppa svo vel, því þeir losna við að greiða skatt af bátum sínum, og eins þeim púfum, sem þeir kunna að búa á. Skattur á tólg er eins hár tiltölulega og á fiðri, og tollurinn er hæstur á ull

og hrossum. Jeg vona því, að h. uppástungumaður taki breyt.till. sína aptur, því hún er ekki sanngjarnleg. Mig furðar á, að hún skuli koma frá eins sanngjörnum manni og h. þm. Vestm. (Þ. J.) í sannleika er.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefir nú þegar verið talað margt í þessu máli bæði með og mót, og sjer í lagi hefir h. framsögumaður (A. Ó.) varið svo vel frv. eða meiri hlutann, að jeg hefi þar litlu við að bæta, og skal jeg því ekki vera langorður. Jeg sný mjer fyrst að breytingaratkv. h. þm. Vestm. (Þ. J.), því að framsögumaður (A. Ó.) var ekki við, þegar hann færði ástæður fyrir hreytingaruppástungu sinni. Ástæður hans eða tilgangur með þessa breytingu, var tvenns konar eptir orðum hans, 1. að ná gjaldi inn, sem næmi meiri upphæð; og 2, að stemma stigu fyrir útflutningnum. Breyt.till. fer fram á, að hækka útflutningsgjaldið af þessum vissu vörum; en mín skoðun er sú, að þetta sje ekki mikið tekjuspursmál, og á hinn bóginn geti svona lítil hækkun enga verkun haft á, hvort flutt er út mikið eða lítið af þessum vörutegundum eða ekki; þess vegna finnst mjer þessi breyt.till. lítið gera til, hvort sem hún verður samþ. eða ekki. Jeg ætla því fremur að snúa mjer að því, sem h. framsögum. minni hlutans (Tr. G.) tók fram. Ef jeg man rjett, þá byrjaði hann ræðu sína á þeirri spurningu, hverju maður, sem er í einhverri skuld, mundi svara, ef annar kæmi til hans og byði honum að borga fyrir hann hálfa eða heila skuldina, og svarar hann sjer sjálfur og segir, að hver maður mundi hiklaust taka sjer til þakkar; en jeg er ekki eindregið á þeirri skoðun, því það getur opt verið mikið komið undir kringumstæðum, og svo því, hvort sá, sem þetta er boðið, hefir stóra sál eða ekki. Jeg er t. d. viss um, að h. varaforseti (Tr. G.) hefir svo stóra sál, að hann tæki sjer ekkert til þakkar, þó jeg eða aðrir mínir líkar kæmu til hans og byðu honum að borga fyrir hann krónu, eða fleiri, ef til vill, honum fátækari menn. *(H. Kr. Fr.:* Já, því ekki það?). Hafi þingmaðurinn sína skoðun, jeg hefi mína. Og jeg segi því fyrir mig, að jeg kærði mig heldur ekki um slíkt meðan jeg get borgað; en jeg ætla nú ekki að fara lengra út í þetta; þetta var nú að eins útúrdúr í sjálfu sjer. Hvað því þessu næst viðvíkur, að af nema skatt af húsum og eignartekjuskatt, þá stendur allt öðruvísi á með þessa skatta en með ábúðar- og lausafjárskatta; það veit þingmaðurinn, að þinglesnar veðskuldir dragast frá, þegar um skatt af eign og húsum er að ræða; þó að öll lausafjáreign manna sje í skuldum eða veðsett, kemur ekki til greina; sama er að segja um ábúðarskattinn; þó að maður búi á sjálfseign, verður hann jafnt að gjalda skattinn, þó eignin sje veðsett. H. framsögum. minni hlutans (Tr. G.) hefir líka, ef mig minnir rjett, einhvern tíma verið bóndi; en það lítur út fyrir, að hann hafi gleymt því, hve valt er vörubeinið á fjenaðinum. Lausafjárskatturinn er hreint ekki áreiðanlegt gjald í þessu árferði, og getur auðveldlega gengið mikið niður á þessu næsta fjárhagstímabili, og gjörir vafalaust eptir því grasleysi, sem nú virðist ljóslega komið í augsýn, jafnvel um land allt, ef slík harðindi halda áfram, þá er mjög líklegt, að margar jarðir muni leggjast í eyði, og ef til vill, einhverjar af jörðum landssjóðs, sem h. framsögum. (Tr. G.) aldrei hefir viljað selja, og þá fær landssjóður ekki mikinn skatt af þeim jörðum; það má heldur pressa eitthvað út af hinum einstöku jarðeigendum, þó að jarðir þeirra leggist í eyði. Eins og h. framsögum. (Tr. G.) tók fram, þá getur það satt verið, að meira útflutningsgjald leggist á norður- og austuramtið; en það byggist á meiri og hetri landbúnaði, og er því alveg rjett. H. hæstv. ldsh. talaði bæði margt og nærgætnislega um þetta mál, enda þótt hann kæmist að dálítið annari niðurstöðu en mín meining er eða meira hluta nefndarinnar, og einkum fannst mjer hann ekki taka nógu mikið tillit til, á hve lágu stigi landbúnaðurinn er nú sem stendur hjá oss, og bændur þola því illa samanburð við embættismenn, því embættismennirnir hafa eins í harðærinu sem endrarnær sín vissu mánaðarlaun úr landssjóði, og verzlunin er nú á móti pen-

ingum einhver hin hagkvæmasta, er hún hefir nokkru sinni verið hjer hjá oss. En landbúnaðurinn er á því aumasta stigi, sem hann hefir lengi verið á, og það lítið sem til er af vörum, er í allramesta niðurlægingarstandi á heimsmarkaðinum. Jeg vona því, að þingd. hugsi sig um, áður en hún gengur til atkv. um þetta frv., því ef ekkert verður gert eða reynt að gera í þá átt, að ljetta hinum þungu sköttum af bændum, þá mun það verða mjög óvinsælt, og getur haft skaðleg áhrif á hinar bágu kringumstæður þjóðarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði áðan, að það væri óþægilegt, að standa upp til að tala í einhverju máli, þegar sá, sem vildi tala, ætti það víst fyrir fram að það hefði engan árangur; en það er nú einmitt eins fyrir mjer í þessu máli. Það er auðvitað, að hagur landsins er ekki glæsilegur nú sem stendur; en má jeg spyrja: Batnar hann nokkuð við það, að nema einn skattinn burtu, og leggja annan á? *(A. Ó.*: Ef hann er lægri). Tollurinn, hvort sem hann heitir tollur eða skattur, leggst á landsmenn; hitt er satt að hann gelzt öðruvísi, það er hinn eini munur; en hvernig öðruvísi? Þannig, að kaupmennirnir borga út tollinn frá sjer, en hinir borga aptur tollinn óbeinlínis á þeim vörum, sem þeir kaupa. (*Margir*: Nei). Kaupmenn hljóta að fá toll sinn einhversstaðar frá endurborgaðan; annars gætu þeir ekki staðizt og þeir fá hann annaðhvort með því að lækka innlendu vöruna eða með því að hækka útlendu vöruna, og það gerir hann einmitt heldur, og þannig koma þessir smátollar ekki á þá vöru eða þær vörutegundir, sem lögin ætlast til að hann sje lagður á, heldur á útlendu vöruna. Ef ullarverðið er 55 aura fyrir hvert pund, þá gefa kaupmenn eins 55 aura eptir sem áður, þótt þessi tollur leggist á, en þeir setja útlendu vöruna upp, sem tollinum nemur, eða rúmlega það. Meðan brennivínstollurinn var einn, þá lögðu þeir hann einmitt á brennivín og önnur vínföng, en þegar tollarnir fara að verða svona margir, þá hætta þeir að elta þá alla hvern í sínu lagi, en leggja sem þeim svarar á útlendu vöruna; enda er því örðugra fyrir þá, að elta uppi þessa smátolla, sem þeir verða fleiri. Landssjóður hefir ekki meira, en hann þarf, og frv. stjórnarinnar til fjárlaga fyrir næstu 2 ár gerir ekki ráð fyrir neinum afgangi; þvert á móti. Mismunur á hæsta og lægsta lausafjár- og ábúðarskatti held jeg ekki hafi farið yfir 7 þúsund kr., frá rúmum 50 þús. niður í 43 þús., og árið sem leið var hann 46 þús. allur saman; því að sá helmingur, sem heimtur var, nam rúmum 23,000 kr., og þótt hart sje í ári, eru ekki líkur til að hann næsta ár verði minni en 1884. Það er satt, að landbúnaðurinn er ekki í góðu lagi, en hann hefir þó aukizt nokkuð síðan 1882, og eykst enn, og þótt honum færi aptur sumstaðar í fyrra, og ef til vill í ár, þá fer honum rúmlega að því skapi fram annarstaðar. Vjer getum talið ábúðar- og lausafjárskattinn nokkurn veginn vísan; en þessir tollar eru mjög svo óvísir. Ef reikningur h. framsögum. meiri hlutans (A. Ó.) er rjettur, þá minnka tollarnir alveg að sama skapi sem fjenaðurinn í landinu. Annað er það, að ef enn harðnar í ári, þá er ekki sagt, að þessir útflutningar verði eins miklir, og þótt h. framsögum. (A. Ó.) ljeti þá skoðun í ljósi, að þeir mundu heldur aukast, þá held jeg það ekki; en ef þeir aukast allt af, þá sýnir það ekki mikið harðæri. (A. Ó.: Svo?). Nei, sá, sem ekkert hefir til, hann flytur heldur ekkert út; ef h. þm. (A. Ó.) sker fje sitt allt í haust, þá flytur hann ekki út næsta haust. *(A. Ó.:* Jeg tíunda þá ekki heldur). Af þessu öllu leiðir, að varla verður búizt við, að fá það inn í landssjóð, sem nauðsynlega þarf, hvað þá meira, með tollunum, og ef undir eins á að fara að jeta út viðlagasjóðinn, þá er ekki mikil trygging fyrir bankaseðlunum. Afleiðingin af harðærinu í ár sýnir sig einnig næsta ár, enda þótt gott ár yrði þa, og þá þarf líka sannarlega að gera ráð fyrir því. Jeg mun nú hallast að skoðun minni hlutans, að lækka skuli ábúðar- og lausafjárskattinn, eins og hann gerir ráð fyrir. Jeg er svo fastheldinn, að jeg vil ekki fleyja burtu ábúðar- og lausa-

fjárskattinum, sem er reyndar ekkert annað en sá sami skattur, er áður lá á landbúnaðinum með öðru nafni og í öðru formi; þessum skatti vil jeg ekki kasta burtu, og þurfa svo, ef til vill, eins og h. hæstv. landsh. tók fram, að grípa til þeirra aptur; því þá mundu þeir verða miklu óvinsælli. H. framsögum. meiri hluti (A. Ó.) veit það þó, að flestir menn, sem fengizt hafa við »Statsöconomie«, telja beina skatta miklu eðlilegri í sjálfum sjer en óbeina. *(A. Ó.:* Þvert á móti). Og jeg vil segja, að það eru fá lönd, sem hafi mjög mikið af útflutningstollum. Ríkissjóðurinn í Danmörku veitir fje til útflutnings sumum varningi, t. a. m. brennivíni. Frakkar gjalda fiskimönnum sínum talsvert fje fyrir þann fisk, sem þeir flytja út úr landinu, en við erum allt af að leggja toll á landsmenn, ef þeir geta flutt eitthvað út. — Þar að auki er eitt atriði, sem jeg vildi taka fram, og áskil mjer rjett til að koma með breytingaratkvæði því viðvíkjandi, og það er, að allur atvinnuskattur skuli þá afnuminn, því að ábúðar og lausafjárskatturinn er sannarlega atvinnuskattur, og það er ósanngjarnt að afnema atvinnuskattinn af sumum, en ekki af sumum. Eitt vil jeg enn taka fram, og það er það, að embættismenn fara sannarlega ekki á mis við harðærið, og ef bóndinn borgar til sýslusjóðs, eins og nýlega var tekið fram, en sem embættismenn eru lausir við að gjalda, hvað geldur embættismaðurinn þá í sveitarsjóð á móts við bóndann? Þrefalt og fjórfalt. *(Margir*: Nei!). Það eru auk þess mörg gjöld, sem hvíla á embættismönnunum, sem hinir ekki þurfa að gjalda, og vita ekki einu sinni af, svo jeg get ekki sjeð að embættismaðurinn sleppi betur en bóndinn. En hitt finnst mjer, að skattur af eign manna þurfi ekki að afnemast með, því að hann er ekki atvinnuskattur; en hvort embættismaðurinn geldur af launum sínum eða bóndinn af tekjum sínum, það finnst mjer vera hið sama; og yfir höfuð felli jeg mig ekki við skoðanir meiri hlutans; það er líka merkilegt, að menn skuli vilja fella skatta í burtu með þeim formála, að hægt sje að leggja þá á aptur, eða þá nýja skatta; en ef gömlu skattarnir eru óvinsælir, þá eru nýir eða auknir skattar miklu óvinsælli. Það er betra að halda hinum eldri sköttum, en að sleppa þeim, og þurfa svo, ef til vill, innan skamms að leggja þá á aptur. Þegar vjer lítum á tollinn, þá höfum vjer hjer um bil sama upp úr honum eins og upp úr hálfum ábúðar og lausafjárskattinum, og vil jeg því aðhyllast uppástungu minni hlutans, og fella helming þessa skatts burtu nú í 2 ár hin næstu; en, eins og jeg sagði, áskil mjer breytingaratkv. til 3. umr. um allan atvinnuskatt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að mjer fyndist ekki þetta gjald koma rjettlátt niður á landsmenn; því gjaldið flyttist meira af sumum landsfjórðungunum yfir á aðra, og sumir yrðu nær því fríir fyrir gjaldi. Þetta tollgjald verður líkast aukaútsvari í sveitum, sem jafnað er á alla. H. framsögumaður (A. Ó.) vildi bera mjer á brýn ósamkvæmni í þessu máli; en jeg skal skýra honum frá því, hverjum orðum meðal annars jeg fór um þetta mál 1881, og sem standa í Alþt. á bls. 240. Þá hef jeg sagt: »Jeg mundi því alveg vera á »móti þessu frv., ef jeg sæi ráð til að inn»heimta hið svo nefnda spítalagjald; en jeg »sje það ekki, og þess vegna verð jeg að »vera með frv.«. Jeg hef því þá eins og nú verið stefnu máls þessa mótfallinn. Þar sem hinn sami h. þm. sagði, að jeg hefði talað um, að tollurinn mundi stundum verða lagður á beinlínis en stundum óbeinlínis, þá forsvaraði hann mig þar svo sjálfur, að jeg þarf ekki að gera það frekar. Það er að eins á 3 af þessum vörutegundum, sem gjaldið getur komið beinlínis á; en hitt er eins og auka-útsvar, lagt á alla þjóðina. Þennan gjaldmáta get jeg ekki fellt mig við. Þar sem framsögumaður talaði um, að landssjóði væri eigi meiri hagur að því, að mín tillaga yrði samþykkt en frumv. hans, þá vil jeg geta þess, að jeg gleymdi áðan að skýra frá, að jeg hafði hugsað mjer ráð til þess, að landssjóðurinn ekki skuli missa allt of mikið. Jeg ætlaði ekki að láta verzlunina alveg sleppa, heldur hafði jeg ásett

mjer að koma fram með frv. um farmgjald af skipum, líkt og lestagjaldið var, en h. 2. þm. N.Múl. (B. Sv.) hefir tekið af mjer ómakið, og þegar lagt það fram; þetta ætti að koma í staðinn fyrir gjald það, sem skip nú greiða fyrir áteiknun skipaskjala, og nemur hjer um bil 11—12 þús. kr. Ef farmgjald skipa væri sett 1 kr. af hverri smálest, þá mundi það, eptir tölu þeirra verzlunarskipa, er nú ganga, nema hjer um bil 24 þús. kr., og ef maður svo gerir ráð fyrir að fiskiveiðar Norðmanna ekki hætti hjer við land, þá má gera ráð fyrir 4—5 þús. kr. af þeim skipum, svo það verða um 28 þús. kr. hvorttveggja. Ef tillögur minni hlutans í þessu máli yrðu samþ. um afnám helmings lausafjárskattsins, og svo þetta fyrirhugaða frv. um farmgjaldið, þá missir landssjóður lítið af tekjum, og þá hafa báðir partar að nokkru leyti fengið vilja sinn. Meiri hlutinn nær því, að verzlanin sleppur ekki alveg, en minni hlutinn nær því að fá þau gjöld í landsjóð sem hægra er að ná og eru bæði meiri og vissari; jeg álít því heppilegast, ef hin h. deild vildi samþ. þetta tvennt, nefnilega breytingartill. minni hlutans og frv. þm. N.-Múl. um farmgjaldið; jeg get þess, þó það reyndar liggi hjer ekki fyrir nú.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að eins að geta þess, að þetta ráðgerða frv. snertir bæði meiri hlutann og minni hlutann. Ef farmgjaldið verður hækkað, hækkar verð á aðfluttum vörum, og jeg ímynda mjer að almúgamönnum verði ekki vilnað í. Þann aðflutningstoll greiðir hver maður, sem kaupir aðfluttar vörur, á sama hátt eins og toll af tóbaki eða brennivíni.

Atkvæðagr.: Af því ekki tóku fleiri til máls, var umr. lokið og fjellu atkvæði þannig:

Breytingartill. Tryggva Gunnarssonar (C. 177) felld með 13 atkv. gegn 5.

Varauppástunga sama þm. felld með 14 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagr., og

sögðu já:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórður Magnússon.
Þorsteinn Jónsson.
Þorsteinn Thorsteinson.

En hinir allir nei, nema Þorkell Bjarnason, er eigi var viðstaddur.

1. gr. frv. (C. 121) samþ. með 12 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu.

Nei sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.
Gunnlaugur E. Briem.
Friðrik Stefánsson.
Jón Sigurðsson.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórður Magnússon.
Þorsteinn Thorsteinson.

Þorkell Bjarnason var eigi við staddur, og atkvæði Jóns Ólafssonar var talið með meiri hlutanum, með því hann vildi eigi greiða atkvæði.

Breytingartill. Þorsteins Jónssonar (C. 168) við 2. gr. 2. tölulið felld með 13 atkv. gegn 1.

Breytingartill. Þorsteins Jónssonar við 2. gr. 3. tölulið felld með 12 atkv. gegn 1.

Breytingartill. Þorsteins Jónssonar við 2. gr. 7. lið felld með 12 atkv. gegn 2.

1. töluliður 2. gr. frv. samþ. með 12 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og

sögðu nei:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.
Friðrik Stefánsson.
Gunnlaugur E. Briem.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórður Magnússon.
Þorsteinn Thorsteinson.

Þorkell Bjarnason eigi viðstaddur.

2. töluliður sömu gr. samþ. með 12 atkv. gegn 8.

3. töluliður sömu gr. samþ. með 11 atkv. gegn 5.

4. töluliður sömu gr. samþ. með 11 atkv. gegn 5.

5. töluliður sömu gr. samþ. með 12 atkv. gegn. 5.

6. töluliður sömu gr. samþ. með 11 atkv. gegn 5.

7. töluliður sömu gr. samþ. með 12 atkv. gegn 5.

8. töluliður sömu gr. samþ. með 14. atkv. gegn 3.

2. gr. í heild sinni samþ. með 11 atkv. gegn 5.

3. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 5
4. — — — 11 — — 4
5. — — — 11 — — 5
6. — — — 11 — — 5
7. — — — 12 — — 4
8. — — — 12 — — 5
9. — — — 14 — — 4

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv. gegn 3.

Frv. til laga um breytingu á mati nokkurra jarða i Rangárvallasýslu (C. 154); 1. umræða.

Landshöfðingi: Eins og h. þm. er kunnugt hefir samkv. lögum 8. nóv. 1883 verið undirbúið og framkvæmt nýtt mat á þeim jörðum í Rangárvallasýslu, er einkum höfðu skemmzt af sandfoki. Þetta mat kemur nú fram í frumvarpi, er af stjórnarinnar hálfu var lagt fyrir efri deild þingsins; frumvarp það, er efri deild hefir samþykkt, liggur nú hjer fyrir, og er það í öllum grundvallarreglum og öllu verulegu samhljóða stjórnarfrv., en mismunar eins í því, að stjórnarfrv. leggur til grundvallar álit þeirra manna, er möttu jarðirnar og til þess voru kvaddir, en h. Ed. hefir aðhyllzt breytingar þær er sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir stungið upp á við þetta mat, en þessar breytingar eru óverulegar. Enn fremur hefir h. Ed. fellt í burtu seinni hluta 2. gr. þessar breytingar eru eins og jeg sagði eigi verulegar, og væri því æskilegt að h. deild vildi samþ. frumvarpið eins og það er; málið er mjög einfalt, og þarf eigi frekari útskýringar.

Ólafur Pálsson: Jeg hef komið fram með í þessari deild frv., sem fer í líka átt, og þetta, um breytingar á mati skemmdra jarða í Skaptafellssýslu, og hef jeg í hyggju, að koma með viðaukatill. við þetta frv. um þetta efni, til þess að þetta hvorttveggja geti fylgzt að framvegis sem eitt frv.

— Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkvæðum.

Frv. til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C. 146); 2. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Frv. þetta er orðrjett eins og frv. það sem var samþ. hjer í deildinni á síðasta þingi. *(H. Kr. Fr.:* Það var fellt í Ed.). Það var ekki fellt í Ed.; því var einungis breytt þar, og síðan fellt í Nd. Málið er áhugamál, og það hafa komið fram góð orð um frv. þetta, því mönnum hefir líkað stefna þess; jeg hygg að meiningar manna í þessari deild hafi eigi breytzt svo mikið síðan 1883; fyrir því vona jeg og óska, að málið fái góðan framgang hjá h. þm.

Atkvæðagr.: 1. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 2.

2. gr. samþ. með 14 atkv.
3. — — — 16 —
4. — — — 15 —

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Afgreiðsla á bænarskrám, framlögðum 15. og 16. júlí.

1. Bænarskrá frá Jóni bókaverði Árnasyni um 1200 kr. styrk á ári. Vísað til fjárlaganefndarinnar.

2. Bænarskrá frá E. Waage um 1000 kr. styrk handa Guðrúnu dóttur sinni, til þess að fullkomnast í söng. Vísað til fjárlaganefndarinnar.

3. Bænarskrá frá sýslunefnd Árnessýslu um fje til brúargerðar á Ölvesá. Vísað til flutningsmanns, 1. þm. Árn.

Seytjándi fundur, mánudaginn 20. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að þeir tveir h. þm., sem ókomnir hefðu verið, væru nú loks komnir, h. 2. þm. Árnesinga, Magnús Andrjesson; og h. þm. Snæfellinga, Holger Clausen.

Holger Clausen: Jeg hef lauslega kynnt mjer það, sem talað hefir verið hjer í deildinni út af burtveru okkar tveggja þing-

manna. Jeg vil geta þess, að jeg hafði tilkynnt h. hæstv. landsh. forföll mín, en það, að jeg ekki tilkynnti forföll mín einnig h. forseta, er vanþekkingu minni að kenna, en hreint ekki af því, að jeg hafi viljað sýna þinginu hina minnstu ókurteisi. Jeg sje, að h. þm. Barðstr. (E. K.) hefir skýrt frá, að jeg hafi verið veikur snemma í vetur, eða í fyrra eða hitt eð fyrra, en það finnst mjer málinu alveg óviðkomandi. Einnig hefir hann sagt, að mjer hafi verið farið að batna þegar hann fór; það er líka málinu óviðkomandi, enda hugsaði jeg að hann ætti nóg með að gegna starfi sínu sem sálarlæknir, þótt hann ekki færi að fást við líkamalækningar líka. Hitt vil jeg taka bert fram, að jeg hafði fulla ástæðu til að vera fjarverandi, og hef alls ekki gert það af leik við þingið, því jeg álít það sjálfsagða skyldu mína að sýna þinginu hina mestu kurteisi. Þar sem h. þingm. Barðstr. (E. K.) kvað mig hafa skýrt sjer frá, að það væri önnur forföll, en veikindi, sem hindruðu mig frá að koma á þing, nefnilega verzlunarannir, þá verð jeg að kveða skýrt upp með það, að þetta hlýtur að vera gersamlegt misminni hins h. þingm., svo að jeg gefi því ekki annað nafn, því að jeg hef aldrei innt í þessa átt við hann.

Uppástunga til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna (C. 132).

Forseti stakk upp á, að hafa eina umr. um þessa uppást., og var það samþ.

Frv. til laga um friðun hvala (C. 41), framh. fyrstu umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal ekki, sízt að svo stöddu, fjölyrða um þetta mál; nefndarálitið liggur hjer fyrir hinum háttvirtu þingdeildarmönnum (C. 160), og þar að auki er málið hjer til framh. 1. umr. og verða því ekki ræddar hinar einstöku gr. Eins og kunnugt er kom fram í Ed. 1883 frv. til laga um friðun hvala frá 2. þm. Eyf. (E. Á.) og þm. Strandas. (Á. E.). Jeg tek þetta fram af því, að þessir h. þm. eru báðir mjög greindir menn og hafa þar að auki búið við sjó í mörg ár, svo vitnisburður þeirra og reynsla er þýðingarmikil fyrir málið. Þetta frv. gekk í gegn um báðar deildir, og var samþ. og afgreitt sem lög frá þinginu í því formi, sem það hefir í alþingistíðindunum 1883 C á bls. 233. En þetta lagafrv. náði ekki staðfestingu hans hátignar konungsins. Það er þetta frv. sem nefndarálitið vitnar til. En jafnframt því, sem stjórnin fann ástæðu til að ráða til synjunar á þessu frv., hefir hún einnig fundið ástæðu til að leggja nýtt frv. fyrir þingið, sem nú liggur hjer fyrir. Nefndin hefir nú reynt að miðla svo málum á milli þessa stjórnarfrv. og frv. 1883, sem henni var unnt, og eins og það er viðurkennt, að meðalvegurinn sje sá bezti, eins vonast jeg eptir að menn við nákvæmari rannsókn á málinu kannist við, að vegur sá, er nefndin hefir valið, sje heppilegur. Yfir höfuð er það skoðun nefndarinnar, að opna ekki um of faðminn móti útlendum mönnum, að minnsta kosti ekki á meðan vjer sjálfir enn ekki erum færir um að nota oss auðsuppsprettur landsins bæði til lands og sjávar jafnhliða þeim, en jafnframt að reyna að sjá um að landsmenn sjeu ekki útilokaðir frá ýmsum hagnaði og höppum, t. d. að veiða hval í ís, hvalreka o. s. frv., sem algerlega væri útsjeð um, ef hvölunum væri eytt af útlendum mönnum. Það er líka sannfæring mín og allrar nefndarinnar, að hjer sje um mál að ræða, sem einungis sje komið undir löggjafarvaldi alþingis. Í stöðulögunum 2. jan. 1871, 2. gr. 7. stafl. stendur svo, þar sem talin eru upp hin sjerstaklegu málefni Íslands: »Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir«, — og hjer hlýtur með orðinu: »fiskiveiðar«, að vera meint fiskiveiðar yfir höfuð eða í yfirgripsmesta skilningi, og þá einnig hvalveiðar. Þetta álít jeg því fastan grundvöll, sem alþingi hlýtur að byggja á. Þetta er sjerstaklegt málefni Íslands. Sje þetta rjett, þá er ástæða til þess fyrir þingd. aðfara varlega og viturlega með það vald sem hún hefir; alþingi getur sem sje í þessu efni sett þau lög, sem eru bindandi ekki einungis fyrir alla landsmenn

heldur einnig alla útlenda menn og þar á meðal samþegna vora í Danmörku. Það er eins í þessu sem öðru, það er hægra að koma óvana og ágangi á en að afnema hann aptur, sjer í lagi þegar maður á við öflugri, útlendar þjóðir. Jeg vona að hin h. þingd. taki tillögur nefndarinnar til greina, en hvað viðvíkur hinum einstöku greinum, þá er nefndin fús á við 2. umræðu málsins að taka breytingar til greina við þær, ef aðalstefnunni ekki er í neinu verulegu breytt.

Eiríkur Kúld: Jeg er þakklátur að sönnu við nefndina fyrir tillögur hennar í máli þessu; jafnvel þótt jeg hefði heldur kosið, að nefndin hefði sjeð sjer fært, að fara feti lengra en hún hefir gjört til að friða hvalina. Það er orðin almenn trú á Vestfjörðum, að hvaladráp Norðmanna tálmi fiskigöngum inn á firðina, og eru menn þar komnir á líka skoðun og bent er á í ástæðum fyrir frv. stjórnarinnar, að háskólakennari Sars hafi látið í ljósi um þetta mál. Jeg skal og bæta því við, að jeg hefi sjálfur átt tal við Norðmann einn, er áður hafði verið síldveiðarmaður, og þekkti einnig til hvaladráps Norðmanna á Vestfjörðum, og spáði hann mjer því, að yrði eigi sem fyrst spornað við slíkri aðferð, mundu fiskigengdir hætta inn á Vestfirðina. Hann hafði þá trú, að hvalir rækju síldina nær landi; en það vitum vjer, að fiskurinn eltir síld. Jeg skal enn fremur taka það fram, að hvaladráp Norðmanna ætti því heldur að mæta hjer mótspyrnu, sem telja má víst, að Vestfirðir þegar hafa beðið af þeim skaða sjálfir, hvað hvalaveiðina snertir. Á Arnarfirði og jeg ætla enda á Dýrafirði voru hrafnreiður, sem komu inn á fjörðinn með kálfa sína á víxl á vissum árum; voru þá kálfar þessir veiddir með skutlum eða járnaðir, sem Vestfirðingar svo kalla, þegar þeir þóttu nógu stórir. Nú hafa þær ekki komið þar síðan að hvaladráp Norðmanna byrjaði. Þykir því mega telja víst, að hrefnur þessar sjeu þegar skotnar af Norðmönnum þessum, og hafa þeir þá með slíku spillt fyrir Íslendingum þar eigi alllitlum arði, er áður var talinn viss. Af þessum og fleiri ástæðum hefði jeg kosið, að hin h. nefnd hefði sjeð sjer fært, að binda hvalafriðunina enn meira en hún hefir þótzt geta.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vildi að eins æskja mjer upplýsingar um eitt atriði. Eptir 2. gr. stjórnarfrv. er svo að sjá, sem öllum mönnum utanríkis og samþegnum vorum sje gefinn jafnmikill rjettur til að veiða hvali á fjörðum inni sem landsmönnum sjálfum. Við þessa grein hefir nefndin enga breytingu gert, og því virðist mjer dómararnir hljóti að skilja svo síðari klausuna í 1. gr., að enginn munur sje á veiðirjetti samþegna vorra, útríkismanna og allra búsettra manna hjer, eður á búsettum og óbúsettum, og vil jeg gera breytingaratkv. hjer að lútandi við 2. umr.

Benedikt Sveinsson: Athugasemd h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) getur tekizt til greina við 2. umr. málsins.

— Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frv. til laga um stofnun landsbanka (C. 148); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með 2 breytingaratkv. (C. 177), og eru þau þannig löguð, að hægt er að átta sig fljótt á þeim. Fyrra breyt.atkv. gengur út á að setja inn seðla með 10 kr. upphæð, svo að seðlaupphæðirnar verði þrjár, 50, 10 og 5 krónur. Þetta álít jeg hagfellt, að ein seðlaupphæð komi á milli 50 kr. og 5 kr., með því að margar útborganir eru þar á milli, enda er það líka samkvæmara stjórnarfrv., að hafa seðlaupphæðirnar þrjár. Vona jeg, að þingd. eigi verði þessu breyt.atkv. mótfallin. Hin breyt.till. snertir veð það, sem h. nefnd hefir stungið upp á, og samþ. var við 2. umr., er framkvæmdarstjóri og fjehirðir skuli setja; gat jeg þess við 2. umr., að jeg væri fremur mótfallinn þessu, þótt jeg vildi ekki mæla sterklega á móti því; því ef stórt veð yrði heimtað, gæti orðið mjög erfitt að fá þann mann, sem hæfur væri til að takast þennan starfa á hendur. Það er því mín tillaga, að þessari ákvörðun sje alveg sleppt, því bæði er það, að erfitt mundi að

fá hentuga og áreiðanlega menn í þessi embætti, ef mikið veð væri heimtað, en launin fremur lítil, og svo finnst mjer það að hinu leytinu ekki nauðsynlegt; einkum legg jeg áherzlu á það, að framkvæmdarstjórinn ekki þurfi að setja neitt veð; framkvæmdarstjórinn fær svo sem ekkert fje beinlínis milli handa; það er fjehirðirinn, sem það hefir. Til þess að gegna störfum framkvæmdarstjóra, er nauðsynlegt að fá duglegan og áreiðanlegan mann, og því erfiðara er að finna slíkan mann, þess hærra sem veðið er. Vilji h. þingd. ekki sleppa þessari ákvörðun með tilliti til þeirra beggja, bæði framkvæmdarstjóra og fjehirðis, þá hefi jeg stungið upp á til vara, að fjehirði einum verði gert að skyldu að setja veð, og þótt erfiðleikar kunni að verða á, að fá mann til þessa starfa, ef veð skal setja, þá held jeg að það verði þó ekki eins erfitt, eins og með framkvæmdarstjórann. Fel jeg svo h. þingd. breyt.atkv. þessi til meðferðar.

Arnljótur Ólafsson: H. hæst. ldsh. hefir komið með 2 breytingaratkv., og skýrt frá ástæðum sínum fyrir þeim. Að því er snertir breytingaratkv. við 3. gr., þar sem 10 kr. seðla upphæðinni er skotið inn í, svo að seðlastærðirnar verða 3, þá álít jeg reyndar enga þörf á því, en vil þó ekki gera það að prætuefni, en fel það þingd. á vald. En hvað breytinguna við 25. gr. snertir, getur nefndin ekki fallizt á hana, og heldur ekki á varauppástunguna. Ástæður nefndarinnar fyrir því, að heimta þetta veð, voru þær, að hún vildi tryggja þau málefni, sem talað er um í 20. og 23. gr. Í 20. gr. stendur, að landshöfðingi geti vikið hverjum forstjóra bankans frá um stundarsakir, og í 23. gr. stendur, að landshöfðingi geti vikið bókara og fjehirði frá eptir tillögum forstjórnarinnar. Í 24. gr. stendur, að framkvæmdarstjóri og annar gæzlustjóri skuli undirskrifa svo að skuldbindi bankann, og sjest af öllu þessu, að mest ríður á framkvæmdarstjóranum, því ekki er gilt eða bindandi nema hann hafi undirskrifað. Hann ræður meðfram, hver sje bókari og fjehirðir, og hann bæði á og hlýtur að ráða mestu um stjórn bankans. Nú álítur nefndin, að gott sje, að framkvæmdarstjóri eigi það víst, að verði honum vikið frá, þá muni landshöfðingi kyrsetja þetta veð, og verði það aðhald fyrir hann. Þar sem h. hæstv. ldsh. sagði, að erfitt mundi verða að fá menn til að gegna þessum störfum, þá er það satt, ef heimtað væri hátt veð; en það er ekki meining nefndarinnar, að heimta skuli hátt veð, heldur hæfilegt. Og úr því eptirlitið á að vera svo stöðugt og iðuleg rannsókn á fram að fara, eins opt og landshöfðingi krefst þess, þá getur ekki mikið fje verið í hættu, því síður tapazt. Og þar eð allir, sem eru gjaldheimtumenn fyrir landssjóð, setja eitthvert veð, þá er ósamkvæmni í því, að æðsta stjórn bankans setji ekkert veð, þar sem hún þó hefir í raun rjettri allt að hálfri miljón af landssjóðsfje með höndum. Ef framkvæmdarstjóri er sá maður, að honum sje trúandi fyrir að standa fyrir bankanum, þá má ætla, að hann hafi það traust hjá mönnum, að einhver verði til þess að lána honum þetta hæfilega veð, þótt hann vera kynni fátækur sjálfur; það er auðvitað ætíð mest komið undir ráðvendni mannsins sjálfs, og svo er þetta veð eins og nokkurs konar ábætir ofan á traust það, er menn bera til framkvæmdarstjóra. Jeg skal ekki nefna dæmi þess, sem þó liggur oss nærri, að óskandi hefði verið, að gjaldheimtumenn hefðu stundum sett hærra veð, en þeir hafa gert. Jeg vil því heldur mæla með því, að ekki verði fallizt á þessa breytingartillögu hins hæstv. landshöfðingja.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar þetta mál kom inn á þingið, varð 2. þm. úr Suðurmúlasýslu fyrstur til að heilsa því, og þakka stjórninn kærlega fyrir sendinguna; mjer finnst því ekki eiga illa við, að hinn þingmaðurinn úr sömu sýslu kveðji það nú, þegar það er að fara frá deildinni.

Menn hafa sagt, að það væri óvanalegt logn í deildinni í þessu máli; engir byljir nje hvassviðri; en jeg hefi svarað þessu, að það væri náttúrlegt, því nú væru allir þrír

málspartar búnir að fá höfuðatriðin af því, sem þeir hefðu óskað eptir, og áður fylgt fram.

Landsmenn hafa óskað að fá banka, og fá hann nú, seðlamenn fá seðla, og þeir, sem voru varasamir landssjóðsins vegna og vildu hafa lánstofnun, hafa fengið peningastofnun, sem er hættulítil fyrir landssjóðinn. Þeir varasömu hafa þannig fengið þá trygging og þann kostnaðarsparnað fyrir landssjóðinn, er þeir láta sjer nægja, því þessi banki er að nokkru leyti reistur á sama grundvelli sem lánsstofnunin, einkum að því leyti, að hann er byggður á trausti til landssjóðsins, og seðlarnir, sem hann gefur út, eru pappírsmiðar, sem hafa verðgildi, en sem hann ekki er skyldugur að innleysa, þegar þess er krafizt; þar af leiðir, að hann þarf ekki að hafa gull rentulaust liggjandi í kassanum í stórum hrúgum. Skuldabrjef lánsstofnunarinnar var landssjóðurinn ekki skyldugur að innleysa, en varð árlega að ábyrgjast borgun fyrir rentuseðlana. Seðla þessa banka er landssjóður heldur ekki skyldugur að innleysa, en verður að ábyrgjast þá, ef bankinn kemst í gjaldþrot. Í þessu tvennu liggur mikill skyldleiki milli bankans og lánsstofnunar (heyr! heyr!), sem jeg vona að menn sjái. En eigi að síður er kröfum seðlamanna líka að mestu fullnægt, því þessi banki er fullkomlega banki, og fullnægir líklega þörfum landsmanna í bráð. Jeg játa, að seðlar þessir eru heppilegri en skuldabrjef lánsstofnunarinnar gömlu; seðillinn er hentugri gjaldeyrir manna í milli, einkum af því, að upphæðin er minni á seðlinum en obligatíónunum. Jeg hefi ekki minnzt á lánsstofnunina og samanburðinn til að vekja upp draug hjer í deildinni, eða vekja kappræður, en jeg gat ekki látið vera að vekja athygli að því, hve furðanlega stjórninni hefir heppnazt að þræða á milli blindskerjanna, er menn steyttu á áður, svo að aðalkröfum allra partanna er viðunanlega fullnægt, og enginn hefir þurft að gefa eptir meira en góðum samverkamönnum sæmir að gera í samvinnu fyrir föðurland sitt. Jeg skal fyllilega játa, að mjer þykir bankinn með þessu fyrirkomulagi betri en lánsstofnunin, og álít, að tveggja undanfarinna þinga stríði í þessu máli hafi verið vel varið, fyrst þetta frv. kom, í samanburði við það, sem þá var á boðstólum. Jeg óska því til lukku í h. efri deild, að það verði ekki beinbrotið þar, svo að það þurfi að koma hingað í deildina aptur til lækninga; og jeg óska landinu til lukku með lögin. Já, jeg óska því til lukku með fullri alvöru, því jeg er ekki svo öruggur, sem sumir aðrir, að bankinn bæti fullkomlega úr peningaþörf manna, og verði ekki sumum hættulegur. Þó jeg vilji ekki líkja þessu máli við það, að fá ógætnum unglingi voða í hendur, þá vil jeg þó segja, að menn verði að vara sig. Engin þjóð hefir eins mikla tilhneigingn til að lifa fram yfir efni, eins og vjer Íslendingar. *(Arnljótur Ólafsson*: Jú, Grænlendingar). Gagnkunnugir menn, sem mikið ferðast í Danmörku, hafa sagt mjer, að það liti mjög óálitlega út fyrir bændum þar, og töldu það eina af aðalástæðunum, að þjóðbankinn og fleiri bankar í Khöfn fóru að setja útibú sín úti um landið; fóru bændur þá að lána og fá víxla hjá bönkunum gegn veði í jörðum sínum, en svo brást kornuppskeran, svo þeir gátu ekki innleyst víxlana, en urðu að endurnýja þá koll af kolli, þangað til allar jarðirnar voru pantsettar. Jeg segi nú ekki beinlínis, að þetta muni koma fram hjá okkur; en hætt er þó við því eptir þeirri náttúru, sem landsmenn hafa, og því ástandi sem nú er, að margir verði djarftækir á láninu. Það er gott að fá peninga gegn veði fyrir þá, sem vel kunna með að fara; en illt er það fyrir þá, sem vilja lifa yfir efni, og gæta þess ekki, að láta gjöldin verða minni en tekjurnar. Jeg er ekki svo auðtrúa, að jeg haldi, að allir hafi gagn af banka þessum; en þó nú svo færi, að 70 af 100 ýmist hefðu ekkert gagn, eða sumir, ef til vill, skaða af bankanum, þá vil jeg álíta samt, að það sje tilvinnandi að fá banka, ef 30% af bændum hafa gagn af því, t. d. koma upp þilskipum til fiskiveiða, því þá hafa þeir gagn af því um leið, sem verða hásetar á skipunum. Sömuleiðis, ef hyggnir

bændur lána fje til að gera að jörðum sínum. En gagn bankans er ekki hjer með búið; hann kennir mönnum að borga á rjettum tíma, en það þurfa landsmenn að læra. Í útlöndum lærir maður af járnbrautum og gufuskipum bezt, að fara af stað á rjettum tíma og passa mínútuna, og á líkan hátt kenna bankarnir þar mönnum að borga á rjettum tíma. Eru ekki margir samdóma mjer um það, að vjer landsmenn hefðum gott af að læra mínútuna í því efni? fyrir mitt leyti er það mjer hvöt, að samþykkja þetta frv. En áður en jeg skil við málið, vil jeg tala um breyt.atkv. h. hæstv. ldsh. Það var góð ástæða hjá h. framsögum. um daginn, þegar hann vildi ekki gefa út fleiri en tvær seðlategundir fyrst um sinn, að meðan menn væru óvanir við seðla, væri bezt að hafa tegundirnar sem fæstar, og á meðan reynslan væri að sýna, hve mikið væri óhætt að gefa út af seðlum; því kæmi fram, að þessar 500,000 kr. væri of lítið, þá væri hægt að bæta við síðar 10 kr. seðlum; annars játa jeg, að það stendur ekki á miklu, hvort þessum 10 kr. seðlum er við bætt nú eða síðar. Viðvíkjandi veðsetning framkvæmdarstjóra og gjaldkera, þá finnst mjer engin ástæða til, að þeir sleppi við að setja veð fyrir því fje, er þeim er trúað fyrir; mjer virðist ástæða til að þeir gerðu það eigi síður en sýslumenn, og aðrir umboðsmenn landssjóðsins; allrasízt sýnist mjer, að bankastjórinn ætti að komast hjá því frekar en fjehirðir, því jeg veit dæmi til þess í Danmörku, að þegar forstjóri eins sparisjóðs dó í fyrra, þá komst það upp, að hann hafði dregið í sinn eiginn sjóð svo hundruðum þúsunda kr. skipti; en þá var fjehirðir alveg saklaus, og hafði engan grun um svikin

Að síðustu óska jeg, að frv. þetta fái góðan byr, og að bankinn verði sem fæstum landsmönnum að fótakefli, en sem flestum að sem mestu gagni.

Benedikt Sveinsson: Jeg hjelt að jeg mundi eigi þurfa að svara hinum h. varaforseta (Tr. G.), eptir því sem hann byrjaði ræðu sína. Hann byrjaði á því, að hann vildi kveðja þetta frv.; en hvernig? Mjer var ekki ljóst, hvað hann meinti með kveðju sinni? Hann sagði fyrst, að mjer virtist, að hjer lægi fyrir lánsstofnun, eða að minnsta kosti sú stofnun, sem hefði svo mikið sameiginlegt við lánsstofnun, að hún líktist henni allmikið. Hann talaði um, að allir væru nú sáttir, nefnilega bankamenn og lánsstofnunarmenn, og það er satt; en þar af leiðir ekki, að hjer sje um lánsstofnun að ræða. Menn ættu heldur að gera sjer grein fyrir spurningunni: Er hjer lánsstofnun eða er hjer banki? Því þeirri spurningu yrði maður þá að svara annaðhvort já, eða nei. Og svari maður svo, að hjer sje um banka að ræða, þá útilokar það allt umtal um lánsstofnun og samlíking við þá stofnun, enda sýna þau tvö atriði, sem hinn háttvirti þingmaður tók fram, ekki einu sinni, að hjer geti verið spurning um lánsstofnun. Því þótt landssjóður standi hjer á bak við og tryggi með fje sínu og lánstrausti, þá er engin heimild til að leggja í þetta lánsstofnunarhugsun, eður að hjer sje fyrir þær sakir um lánsstofnun að ræða. Það sýnir heldur enga líking með lánsstofnun og banka, þótt bæði gefi út pappír, því það er allt of ólíkt, hvort pappírinn gildir peninga og er sama sem peningar, eða pappírinn er að eins skjöl, sem eigandinn þarf að selja til að geta sjer úr þeim peninga. Þetta er sá mikli og verulegi munur. Hin eina líking milli þessara stofnana skyldi þá vera sú, að seðlarnir eru óinnleysanlegir, en sú líking heimilar þó öldungis ekki það, að blanda þessum banka saman við lánsstofnun. Nei! Lánsstofnunin er steindauð, og það á hjer ekki við, að vera að reyna vekja hana upp aptur! Þingmaðurinn tók það fram, að hann að nokkru leyti hefði veikt traust til bankans, og að þjóðin mundi naumast vera vaxin því, að geta notað hann rjettilega, og líkti því við það, að fá barni voða í hendur! Það get jeg ekki sjeð, að hjer sje nokkur hætta á ferðum. Landsmenn hafa svo lengi hugsað um peninga og vantað peninga, að jeg vona, að þeir sýni það nú, þegar þeir fá þá, að þeir kunni vel með að fara. Því þeir hafa

hingað til sýnt, að þeir kunna að fara með það frelsi, sem þeir hafa fengið, og hið sama vona jeg þeir sýni einnig, hvað bankann snertir. Jeg óska þess og vona það, að þessi orð h. þm. verði eigi skoðuð sem spádómsorð, því þá yrðu landsmenn, ef til vill, ófyrirsynju hræddir við bankann, og því væri betra, að þessi orð þingm. hefðu verið ótöluð, og stæðu ekki í þingtíðindunum, því svo mikið traust bera landsmenn til varaforseta í peningamálum. Hann fann það gott við bankann, að hann kenndi landsmönnum að borga. En hvers vegna borga nú landsmenn ekki? Af því að þeir hafa ekki getað borgað; jafnvel auðmennirnir hafa orðið að standa rauðir og bleikir fyrir framan krambúðarborðið, af því þeir hafa ekki getað borgað fyrir sakir þess, að peningana hefir vantað. En nú fá þeir peningana, nú eru þeim veitt þau meðul, sem losa þá úr þessum nauðum, og á þann hátt vona jeg, að orð h. þm. rætist fremur en svo, að bankinn verði þeim siðferðislega vondur til að gera það, sem þeir annars hefðu gert bankalausir, hefði þeim verið það mögulegt. Jeg hefi frá öndverðu álitið þetta eitt hið mesta nauðsynjamál landsins, og er því öllum þakklátur, sem hafa stutt það á einhvern hátt, hvort sem það hefir verið með mikils til of miklu meðhaldi með lánsstofnun eða á annan hátt; en sjerstaklega þakka jeg stjórninni fyrir það, að hafa mætt oss á miðri leið í máli þessu. (*Lárus Blöndal*: Heyr!). Það er stjórninni til ævarandi sóma. En því ósæmilegra er það fyrir oss þingmenn, að taka þessu máli með grýlum og spádómum um, að það muni illa gefast. Jeg er og þakklátur hinum h. ldsh., því hann á sjálfsagt mikinn og góðan þátt í þessu máli, og þegar Íslands saga er skrifuð, mun þess verða getið, hver hjer var landshöfðingi, þegar banki var hjer stofnaður, honum til sæmdar. Jeg vona, að vondar spár komist hjer ekki að, hvorki frá vini mínum, h. varaforseta, nje öðrum, heldur að bankinn færi með sjer inn í hvers manns hús framtakssemi, sparsemi og atorku og dugnað, en ekki leti, eyðslusemi og óhóf. Jeg vona, að hin gamla gestrisni Íslendinga knýi þá til að taka þessum gesti vel, því það er sá bezti gestur, sem komið hefir í þeirra hús!

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg álít breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. mjög heppilega. Jeg hygg, að það sje nægilegt fyrir landssjóð, að fá 1%, auk þess sem ábyrgð hans verður því minni, því meiru sem bankinn getur safnað í sinn varasjóð. En jeg er í nokkrum efa viðvíkjandi breytingartillögunni við 25. gr. Það er öldungis rjett, sem h. ldsh. tók fram, að mest er í það varið, að fá samvizkusaman mann fyrir bankastjóra, og það er meira vert en nokkurt veð. Og jeg álít því óheppilegt, ef veðið gæti verið því til fyrirstöðu, að fær maður og hæfur fengist að standa fyrir bankanum, því, sem sagt, álít jeg, að hæfur maður veðlaus sje betri, en miður hæfur maður, sem þó hefir veð til að setja, og sem, ef til vill, dregur úr eptirlitinu. Jeg verð því heldur að hallast að breyt.till. hæstv. ldsh. En hina fyrri breyt.till. hæstv. ldsh. álít jeg alveg nauðsynlega. Smáir seðlar verða mest eptirsóttir, því þeir eru svo hentugir til smáviðskipta manna á millum, og því fleiri, sem þeir eru, því síður koma seðlar til innlausnar í bankann. Loks vil jeg líka kveðja þetta frv., og árna því góðs framgangs, og vona jeg, að mín ósk rætist, eins og h. varaforseti sjálfsagt vonar um sína ósk.

Ólafur Pálsson: Jeg hefi ekki áður talað í þessu máli, hvorki 1883 nje nú á þessu þingi. Jeg ætla mjer ekki að fara að rífa þetta frv. niður, heldur einungis láta í ljósi mína meiningu. Mjer þykir eitt undarlegt við þetta frv., og það er, að hjer er ekki nefnt neitt bankahús. Hvar á bankinn að vera? Á hann að vera undir berum himni? Á Austurvelli eða uppi á Öskjuhlíð? Um þetta vildi jeg gjarnan fá upplýsingar. Annað er það, að þegar launin eru sett eins lágt, eins og þau eru sett, hvort ekki muni skammt þess að bíða, að þessir embættismenn komi og biðji um launaviðbót; þetta munu ekki þykja há laun. Ef nú einnig á að byggja hús handa bankanum, þá í-

mynda jeg mjer, að kostnaðurinn fari nú að verða nokkuð mikill á móts við það, sem ráð er fyrir gjört. Þetta vil jeg biðja menn að athuga. Jeg hefi heyrt suma menn fleygja því, að bankinn ætti að vera hjer í þinghúsinu; en jeg sje ekki að hjer sje neitt pláss fyrir hann, að minnsta kosti ekki meðan þingmenn eru hjer, og jeg held ekki hvort sem væri. Samt sem áður ætla jeg mjer að gefa atkvæði mitt með þessu máli, því að úr því að almenningur álítur, að þetta sje til gagns fyrir landið, þá vil jeg ekki vera að berjast á móti því, þótt mjer finnist margt athugavert við það. En framtíðin kemur í ljós, og sýnir sig, hversu mikill hagurinn verður fyrir landið.

Jón Ólafsson: Hinn h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) áleit bankastofnunina glæfralega; að fá landsmönnum banka, væri eins og að fá barni voða í hendur; en hann tók ekki fram ástæðurnar fyrir því, hvers vegna hann áliti bankann svo glæfralegan; en ástæður hans fyrir þessari skoðun held megi sjá af þingtíðindunum fyrir 1881 og 1883, og munu vera þær, að samgöngurnar sjeu svo litlar hjer á landi og ferðir svo strjálar, að banki geti fyrir þær sakir naumlega staðizt hjer. Með tilliti til þess skal jeg taka það fram, að þegar Noregur fyrst fjekk banka, þá voru þar í landi hvorki járnbrautir til, nje gufuskipaferðir eða málþræðir upp fundnir, og getur þá hver maður ímyndað sjer, hvort samgöngur hafi verið fjörugri þar í landi þá, en þær eru hjer nú. Líkt stóð á í Ameríku þegar banki var fyrst stofnaður í vestur-ríkjunum og fylkjunum á Kyrrahafsströndinni; þá voru samgöngurnar svo erfiðar, að menn gátu ekki komizt til austurríkjanna á minna en missiri til árs. Þar sem sami h. þm. vildi líkja þessari bankastofnun við lánsstofnunina sælu, þá skal jeg segja honum það, að hjer er allt gagnstætt: engar vaxtaberandi oblígatíónir, engin útilokun allra annara en fasteignamanna frá lánum; þvert á móti hefir þetta frv. einmitt öll þau sömu atriði inni að halda, sem h. þingmaður og aðrir lánsstofnunarmenn hafa barizt á móti með hnúum og hnefum á undanfarandi þingum; hjer eru seðlar, meira að segja óinnleysanlegir, sem er þó naumast varasamlegra en að tryggja þá gulli og hafa þá innleysanlega, eins og vjer bankamenn fórum fram á bæði 1881 og 1883. Það erum vjer, sem höfum verið hinir gætnu, varasömu menn. En samkvæmt hinni gömlu og góðu reglu, að meiri gleði skuli vera yfir einum syndugum, sem bætir ráð sitt, heldur en yfir níu og nítíu rjettlátum, þá vil jeg að eins gleðjast yfir apturhvarfi lánsstofnunar-manna til bankans, og ekki fara að rifja upp allar þær mótsagnir, sem komið hafa fram hjá þeim í þessu máli. Þar sem hann gat þess, að bændur í Danmörku væru margir í þann veginn að fara á höfuðið, af því að þeir hefðu veðsett jarðir sínar, þá skal jeg geta þess, að þetta getur ekki verið rjett, að þeir hafi veðsett bönkum jarðir sínar, því bankar í Danmörku lána alls eigi á móti fasteignarveði, og þessir bændur hljóta því að hafa veðsett lánsstofnunum jarðirnar en ekki bönkum. Þm. hefir líka sjálfur flutt þann sannleik, að bankar mættu ekki lána fje út gegn fasteignarveði í Danmörku, enda lánar þar sem sagt nálega enginn banki fje, og alls enginn það, en neinu verulegu nemi, út gegn fasteignarveði. *(H. Kr. Fr.:* Sei sei jú, allir!). Hinn h. þm. Rvk. þarf ekki að segja mjer neitt um það, því það veit hver einasti maður, sem nokkuð þekkir til málsins, að það er alls ekki leyft í statútum flestra banka í Danmörku að lána gegn fasteignarveði, og þeir bankar, sem mega það, gera það nær aldrei. *(H. Kr. Fr.:* Jú!). Það er hægt að berja höfðinu við steininn, en maður sannar ekki mikið með því. Annars ætti þingm. Reykvíkinga ekki að ljúka upp munni um þetta mál, því hann veit ekki, hvað banki er, og þekkir ekkert, alls ekkert, til bankamála. Hvað snertir breytingartillögu hins hæstv. landshöfðingja við 25. gr., um að fella burt viðbót nefndarinnar um veðið, þá get jeg ekki gefið henni atkvæði mitt og heldur ekki varauppástungunni, og það vegna þess, að þótt framkvæmdarstjóri hafi ekki mikið fje undir höndum daglega,

þá hefir hann svo margt annað með höndum, sem gott er að hafa veð fyrir, ef út af bregður, að honum farizt samvizkusamlega störf sín úr hendi. Hann á t. d. að hafa umsjón með öllum öðrum embættismönnum bankans, og enn fremur gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar, sem með þarf, til þess að hann geti sjeð status bankans. Nú er það margreynt, að til hafa verið þeir menn, er vanrækt hafa skyldu sína í þessu efni, og það sama getur komið fyrir hjer, og þá er gott að hafa veð til að grípa til og kyrsetja, unz ljóst verður, hversu framkvæmdarstjóri hefir farið með ráði sínu. Að erfiðara verði að fá mann til þessa starfa fyrir veðið, get jeg ekki ætlað, því jeg ímynda mjer að sá einn verði settur til þessa starfa, sem svo mikla tiltrú hefir, að hann eigi hægt með að útvega sjer slíkt veð. Hafi hann ekki þá tiltrú prívatmanna, að hann geti fengið sjer veð, þá er hann naumlega heppilega valinn og verðskuldar tæplega tiltrú þá, sem staða hans heimtar. Það er líka því síður ósanngjarnt að framkvæmdarstjóri setji veð, þar sem hann hefir helmingi hærri laun en fjehirðir.

— Var þá gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

a. breytingaratkv. landshöfðingja við 3. gr. var samþykkt með 16 atkv. og greinin sjálf með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

b. breytingaratkv. hins sama við 25. gr. var fellt með 14 atkv. gegn 4.

c. varauppástunga hins sama við 25. gr. felld með 14 atkv. gegn 5, og frv. í heild sinni samþykkt í einu hljóði, og verður sent Ed.

Frv. til laga um breytingu á 1. gr. í l. 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 162); 1. umr.

Eiríkur Kúld: Jeg skal á þessu stigi málsins ekki lengja umr. en einungis áskilja mjer rjett til viðaukaatkvæðis við frv. þegar það kemur til 2. umr.

Til mím er komin bænarskrá frá Miklaholts prestakalli og sóknarprestinum þar, enn fremur bænarskrá úr Kolbeinstaðasókn um að Hítarnesprestakall, sem eptir lögum 4. október 1884 er skipt upp milli Miklaholts og Staðarhrauns prestakalls. Staðarhraunsprestakall í Mýraprófastsdæmi er ætlað til viðbótar Akra- og Hjörtseyjarsóknir, en Kolbeinsstaðasókn á að leggjast að Miklaholti. Presturinn í Miklaholti kvaðst ófáanlegur til að sætta sig við þessa tilhögun, sem gerir brauð hans langt um erfiðara, og þar að auki á hann fyrir sameininguna að greiða 400 kr. árgjald af brauðinu. En allt um það getur hann ekki skorazt undan að þjóna Kolbeinstaðasókn, ef Hítarnes bráðum losnar, en sem að eins settur (constitueret) verður hann eigi skyldaður til að greiða árgjaldið. Akra- og Hjörtseyjarsóknum ætti að þjóna af prestinum á Staðarhrauni, og mjer er tjáð, að hann vilji ekki sameininguna, sem sökum þess, að hann fjekk brauðið áður, ekki verður troðið upp á hann nauðugan. En jeg vona, að hinn h. 2. þm. Árnessýslu (M. A.), sem er prófastur í Mýraprófastsdæmi, finni hvöt hjá sjer, að skýra þetta nákvæmar fyrir deildinni við 2. umr., og máske að sameina sig við mig með viðaukaatkvæði.

Ólafur Pálsson: Jeg kom með þessa viðaukatillögu (C. 166) af því það er almenn ósk í sóknum þeim, sem jeg er í. Það var staðið á móti sameiningu þessara brauða á hverjum hjeraðsfundi, en hún komst samt á, og hefir nú reynslan sýnt, að hún er mjög óheppileg, og álíta allir, sem til þekkja, hana mjög óhentuga. Þótt nú fyrirkomulag það, sem farið er fram á, þyngi nokkuð á landssjóðnum, og jeg reyndar ekki sje mikið fyrir að ausa honum út að óþörfu, þá álít jeg svo brýna nauðsyn til að aðskilja þessi brauð, að vel sje til þess verjandi nokkru fje úr landssjóði. Það er svo erfitt að þjóna þessum brauðum, einkum á vetrum, að það getur enginn prestur haldið út, og þótt ungur prestur og í fullu fjöri kæmi þangað, myndi hann varla haldast þar lengi. Jeg álít því brýna nauðsyn á að hafa tvo presta í þessu brauði, þótt það þurfi þá að leggja því nokkuð úr landssjóði. Óska jeg svo að viðaukatillögu minni sje leyft að ganga til 2. umr. ásamt með aðalmálinu. Að end-

ingu get jeg þess, að prófasturinn úr Rangárvallasýslu ferðaðist um í þessum sóknum í vor, og áleit hann brýna nauðsyn til bera að skipta þessum brauðum í sundur, eins og áður var, og er hann ótrauður að ferðast, og sjer ekki ver en aðrir, hvað fyrir augun ber.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að nú sje 1. umr. þessa máls, og hefði jeg því búizt við, að þm. færu ekki út í einstök atriði. (*Forseti:* Það er nýstárlegt, að þm. áminni um slíkt; jeg hjelt að það væri forsetans að átelja slíkt). Að öðru leyti skal jeg stuttlega láta álit mitt í ljós um málið í heild sinni. Jeg held að það sje varlega farandi í það, að hnýta miklu aptan við frv., heldur láta það ganga gegn um deildina, eins og það kom frá hinni h. Ed. Því að þótt þingið, þegar það samdi prestakallalögin, fari eptir því, sem lagt var til á almennum hjeraðsfundum, þá vil jeg þó ekki vera á móti því, að þessar breytingar nái fram að ganga, en jeg vildi helzt óska, að breytingarnar yrðu ekki allt of margar. Annars sýnist það opt ráða miklu um, hverja meiningu hjeraðsmenn hafa í þessu efni, hver prestur er skipaður í prestakallið í það og það skiptið, því skoðanirnar breytast opt eptir því, og held jeg að þetta komi ljóslega fram við 1. tölulið í þessu frv. Skal jeg svo ekki mæla fleira að þessu sinni, en óska að málinu sje vísað til 2. umr.

Landshöfðingi: Eins og bent er á í athugasemdunum við stjórnarfrv. þá er reynslan búin að sýna það, að nauðsyn ber til að breyta skipun þeirri með tilliti til brauða þeirra, er hjer ræðir um, sem sett er í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, því það fyrirkomulag, sem fyrir er skipað í nefndum lögum, er mjög erfitt og ef til vill ómögulegt í framkvæmdinni. Er því eptir ósk sóknarnefnda og tillögum hjeraðsfundar, eptir að hann hafði ýtarlega yfirvegað málið, farið fram á að gera breyting á þessu fyrirkomulagi. Hin. h. Ed. hefir engar breytingar gert, þær er tálmi því, að tilgangi stjórnarfrv. verði náði. Held jeg því að heppilegast væri, að hin h. Nd. fjellist á frv. eins og það liggur fyrir, svo að vissa væri fyrir því, að það gæti orðið að lögum. Þetta frv. hefir aukizt nokkuð í meðferðinni síðan það var lagt fyrir þingið, og það lítur út fyrir, að það muni lengjast enn meira um það lýkur. Jeg held, að sá viðauki, sem hnýtt var aptan við frv. í Ed., sje nauðsynlegur, og frv. hafi tekið bótum við hann, og sje með honum girt fyrir, að nýtt frv. þurfi að koma um það efni, sem annars mundi verða óhjákvæmilegt. Viðvíkjandi viðaukatillögum hins h. þm. V.-Sk. (Ó. P.), þá skal jeg ekki tala um þær sjerstaklega við þessa umræðu málsins, en jeg skal þó geta þess, að jeg ætla að þær muni á rökum byggðar, og að það geti verið íhugunarvert, hvort þær ekki eru alveg óumflýjanlegar. En þetta getur nú komið nákvæmar til skoðunar við 2. umr. málsins.

— Síðan var málinu vísað til 2. umr.

Afgreiðsla á bænarskrám, sem fram voru lagðar 18. júli.

1. Bænarskrá frá lyfsala Krüger um eptirgjöf á tolli á vínanda; vísað til fjálaganefndarinnar.

2. Bænarskrá frá Vestmannaeyingum um styrk handa organleikara; vísað til fjárlaganefndarinnar.

3. Bænarskrá frá Rangárvallasýslu og Árnessýslu um fje til hafnargerðar á Eyrarbakka; vísað til fjárlaganefndarinnar.

4. Bænarskrá frá adjunkt Geir Zoëga um ferðastyrk til Frakklands; vísað til fjárlaganefndarinuar

5. Bænarskrá frá docent Tómasi Hallgrímssyni um launaviðbót; vísað til fjárlaganefndarinnar.

6. Bænarskrá frá landlækni Schierbeck um styrk til að prenta fyrirlestra sína; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Átjándi fundur, þriðjudag 21. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um friðun fugla og hreindýra (C. 165); 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg get þess, að jeg áskil mjer rjett til að koma með breytingaratkvæði við aðra umræðu.

Eirikur Kúld:. Jeg gæti verið h. Ed. þakklátur fyrir þetta frumvarp, ef ekki væru á því gallar, sem, eptir því sem jeg þekki til fyrir vestan, gera það óbrúkandi. Jeg veit ekki hvenær farfuglar koma hjer á suðurland, en geri þó ráð fyrir, að þeir komi hjer fyr en á Breiðafjörð. Hvers vegna eru þá lóur hjer friðaðar frá 20. apríl, þegar þær eru komnar um 8. apríl fyrir vestan? Mjer er líka óskiljanlegt, hversvegna lómar og himbrimi eru ófriðhelgir. Það er auðsjeð að Ed. hefir ekkert þekkt til lunda eða kofnatekju á Breiðafirði. Það er komin sú regla á Breiðafirði, að taka lundann á vorin fyrst þegar hann kemur, og það skaðar ekkert kofnatekju, þó það sje gert, því það sem verpir af lunda á Breiðafirði er ekki fjórði partur af þeim aragrúa, sem kemur, og spillir það ekkert veiðinni, þó hann sje tekinn þangað til hann verpir. Deildin hefir ekki haft hugmynd um, að hann verpir fyrst undir fardaga, og er þetta fyrirkomulag til mikils skaða fyrir Breiðafjörð. Jeg skil heldur ekki, hvers vegna skarfurinn er ófriðhelgur. Hann er til töluverðra hlunninda víða fyrir vestan, en er enginn gripfugl, og sje hann eyðilagður, er það sama sem að eyðileggja að óþörfu tekjustofn manna. Sú ákvörðun kemur með líkri vindgolu, eins og tilraunirnar til að fá að drepa selinn á Breiðafirði með skotum. Það getur verið að jeg komi með breytingaratkvæði, og get jeg ef til vill sameinað mig við h. 2. þm. G.-K. (Þork. Bj.).

— Samþykkt með 14 atkv., að málið gengi til 2. umr.

Uppástunga til þingsályktunar um verðlagsskýrslur (C. 138); 1. umr.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Eins og h. deild er kunnugt, eru mörg gjöld almennings, tíund, jarðarafgjöld o. fl. reiknuð til peninga eptir meðalalin, en meðalalin er reiknuð út eptir meðalverði á landaurum samkvæmt þar að lútandi skýrslum. Þess vegna er mjög mikið undir því komið, að verðlagsskýrslurnar sjeu sem nákvæmastar og rjettastar, og sjeu byggðar á rjettum grundvelli. Það virðist stundum bera út af þessu, er hefir vakið óánægju meðal almennings. Þess er ekki alstaðar gætt, að fara eptir því verði, sem vörurnar ganga kaupum og sölum gegn peningum, heldur virðist vera farið eptir því verði, sem gerist á uppboðum og eptir hæsta vöruverði í verzlunum í skýrslum fyrir dýrar útlendar vörur. Skrárnar eru samdar af presti og hreppstjóra, sínum í hvoru lagi og ber ekki ætíð saman, með því þeir fylgja sinni aðferðinni hvor. 1849 kom bænarskrá úr fjárríkri sveit í sömu stefnu og þessi uppástunga, með mörgum undirskriptum. Í þeirri bænarskrá var farið fram á, að þriggja manna nefnd væri falið að semja verðlagsskrárnar, sem gerði það í sameiningu opinberlega; en þessari tillögu var ekki gaumur gefinn. Almenningur hefir fullan rjett til að heimta, að landaurar sje tilgreindir í verðlagsskýrslunum með rjettu verði, þar sem það er aðalniðurstaðan, sem gjöld þau eru reiknuð eptir, sem á almenningi hvíla. Jeg ætla ekki að fara út í málið sjerstaklega, eða sýna fram á nein dæmi, fyr en ef mótmæli koma, en jeg vona að h. deild sjái sanngirnina í uppástungunni, og fylgi málinu vel fram.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg fæ ekki sjeð, að tilefni sje til, að fara að koma með þessa þingsályktun, og það því síður, sem verið er að tala um, að afnema skatt af ábúð og lausafje. H. flutningsmaður (G. E. Br.) talaði um, að skýrslurnar eigi að byggjast á rjettum grundvelli. En eru þær ekki einmitt það? Jeg skil ekki það geti verið betra skipulag en er, og væri gaman ef h. flutningsmaður gæti sýnt það mótsetta. Prestar og hreppstjórar ættu að vera fullhæfir menn til þess starfa; jeg skil ekki að menn geti ímyndað sjer, að prestur sje ekki eins vel fær um það og aðrir að minnsta kosti. Og þeir eru embættismenn, og treystandi til, að gæta að hag landssjóðs, og bæði þeir og hreppstjórarnir eru eiðsvarnir menn, sem hafa unnið eið að þessu verki, eins og öðrum verkum sínum, þegar

þeir unnu sinn embættiseið. H. flutningsmaður sagði óánægju með það fyrirkomulag sem er. En það getur komið upp óánægja með allt, og opt ástæðulaust. Er mögulegt að gæta peningaverðs, meðan engir peningar eru á gangi í landinu? Jeg efast ekki um, að hreppstjóri og prestur setja það verð á hesta og sauðfje, sem það er selt fyrir móti peningum. Mjer virðist flutningsmaður vilja, að verðlagið væri eigi byggt á sönnum og greinilegum skýrslum, heldur á áliti manna, svo það verði eins og hnoðuð kaka úr ýmsum meiningum um hvað hvað um sig kosti. Jeg skil ekki til hvers á að bæta hreppsnefndaroddvitanum við, óeiðsvörnum manni. Jeg get ekki sjeð það geri annað en vafninga. Og sje presturinn oddviti, þá kemur fram ójöfnuður og ósanngirni í samanburði við þá staði, þar sem hann ekki er það. Jeg leyfi mjer að kalla þetta smámál, og finnst því rjett að fella það sem fyrst.

Þorkell Bjarnason: Jeg get ekki verið á sama máli og h. þingm., sem seinast talaði; því jeg óska þess, að þingsályktunin fái fram að ganga. Prestar og hreppstjórar eiga að semja skýrslurnar, og munu þeir optast semja þær sinn í hvoru lagi, og það er galli, að þeir skuli hafa heimild til þess, já, meira að segja, þeir eiga í raun og veru að semja þær hvor út af fyrir sig. Einnig það, að enginn sjer þær, ef til vill, í hreppnum, nema þeir einir, sem semja skýrslurnar, vekur einatt grun hjá alþýðu um, að þær sjeu ekki rjettar, þó grunurinn að vísu sje optast ástæðulaus; bændur kenna, ef til vill, prestinum um, ef þeim finnst verðlagið of hátt, og getur það vakið kala. Þetta, að enginn sjer skýrslurnar, getur líka vakið freistni einmitt hjá þeim, sem búa þær til. Ef t. d. prestinn grunar, að hreppstjóri muni meta mjög lágt, þá getur hann, ef til vill, freistazt til að setja verðlagið heldur hátt. Gruni hreppstjóra, að prestur hafi verðlagið of hátt, þá er freistni fyrir hann að setja það niður í sinni skýrslu. Þeirri aðalbreytingu, sem uppástungan fer fram á, er jeg hlynntur. Það er betra, að þeir verði þrír en tveir, sem semja eiga skýrslurnar; en að vísu játa jeg, að opt verða þeir raunar að eins tveir, með því að annaðhvort presturinn eða hreppstjórinn er hreppsnefndaroddviti. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böð.) sagði, að þetta væri óþarft mál, af því að nú væri verið að af taka ábúðar- og lausafjárskattinn; en þó hann hverfi, eru eptir nóg gjöld, sem verðlagsskráin miðast við, nefnil. gjöld til prests og kirkju, sem sje tíund, ljóstollur, legkaup, aukaverkaborgun og ýms jarðargjöld. Jeg hefi komið með viðaukatillögu (C. 195) um það, að aptan við þingsályktunartillöguna bætist ákvörðun um, að skýrslurnar liggi hreppsbúum til sýnis á hentugum stað í 2 vikur áður en þær verða sendar hlutaðeigandi yfirvöldum, og álít jeg hana alveg ómissandi. Jeg get vel hugsað mjer, að sami grunurinn hvíli einatt á skýrslunum, þó þrír væri um að semja, ef enginn fengi að sjá þær. En því þarf að afstýra. Það er líka í alla staði eðlilegt, að almenningur hafi aðgang að sjá skýrslurnar, fyrst gjöld almennings eru byggð á þeim. Þá er hægt að fá leiðrjett, ef skýrslurnar reynast rangar, og það, að skylt sje að leggja þær fram, er siðferðislegt band fyrir þá, sem semja skýrslurnar. Jeg er ekki að gera neinum getsakir, en jeg vil, að allt, sem snertir almenning, sje svo frjálst sem hægt er. Jeg vona, að uppástungan nái fram að ganga. Þó að þetta sje kallað smámál, mælir þó öll sanngirni með því, að almenningur fái ljósa hugmynd um, hvernig skrárnar eru samdar, og ástæður allar þar að lútandi.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki á móti því, að hreppsnefndaroddvitinn sje með prestinum og hreppstjóranum. Það er eigi nauðsynlegt að vísu, en jeg er ekki á móti því, af því að það gæti fyrirbyggt tortryggni, og skýrslurnar verða meira samhljóða, ef þeir gera þær í sameiningu. Sumstaðar gera prestur og hreppstjóri þær í sameiningu, og þar eru skýrslurnar jafnastar. Jeg vona h. þingd. játi, að gamla reglan er sanngjörn, að setja lambsverð móti lambsfóðri. En jeg þekki dæmi til, að einn setti

lambsfóðrið á 2 kr., þegar lambið kostaði 4 kr. Þetta kemur mjer til að vera með uppást. En viðaukatillögunni er jeg á móti. Prestar hafa fidem publicam, og hreppstjórar eru líka eiðsvarnir menn, og það er ótilhlýðilegt að setja eiðsvarna menn undir dóm almennings eða gjaldendanna, sem eiga að greiða eptir verðlagsskránum. Almenningur óskar allt af eptir, að skráin verði sem lægst. Jeg held þessi viðaukatill. væri nokkuð tafsöm í sumum sveitum, þar sem engar póstgöngur eru, eins og t. d. í Snæfellsnessýslu, þar sem enginn póstur gengur frá sýslumanninum út undir Jökul. Skýrslurnar koma seint, stundum ekki fyr en í marz, og getur þá orðið naumur tími til að semja höfuðskýrsluna, sem senda verður með þessari póstferð til Reykjavíkur.

Jón Sigurðsson: Jeg finn mjer skylt að bera hönd fyrir höfuð stjettarbræðra minna, hreppstjóranna, gegn áburði þingm. Barðstrendinga (E. K.), því þó hreppstjórarnir sje neðsti liðurinn í embættismannakeðju landsins, munu þeir vera engu síður samvizkusamir í embættisfærslu sinni, en þeir, sem hærra eru settir. Þingmaðurinn sagði, að einn hreppstjóri hefði t. d. verið svo ósvífinn, að setja lambsfóður í skýrslunni til verðlagsskránna helmingi lægra en það í raun og veru hefði verið verið; jeg skal ekki rengja, að þingmaðurinn hafi rjett að mæla; en jeg verð að segja það, að þessa eru fá dæmi, ef það er ekki alveg einstakt. Jeg held að hreppstjórar gefi eins rjettar og samvizkusamlegar skýrslur, eins og aðrir embættismenn, enda sje jeg enga ástæðu fyrir hreppstjórana til að gera skýrslurnar til verðlagsskránna of lágar, þar sem það venjulega eru að eins nokkrar álnir, sem þeir eiga að gjalda eptir verðlagsskránum. Þar á móti er nokkru meiri ástæða fyrir prestana til að vera hlutdrægir í þessum skýrslugjörðum, þar sem mikill hluti af tekjum þeirra er miðaður við verðlagsskrár. Það er sannarlegt freistingarefni fyrir fátækan prest, að setja verðlagið í skýrslunum í hærra lagi. Jeg vil einnig með fám orðum benda á það, hvernig þessi regla um skýrslugjörðirnar til verðlagsskránna er orðin til; hún er mjög gömul, og hefir haldizt óbreytt síðan 1817, að hjer voru fyrst settar verðlagsskrár. Fyrst framan af mun það hafa verið presturinn einn, sem bjó til þessa skýrslu; reyndar áttu það að vera bæði prestur og hreppstjóri, sem semdu þær, en þá var opt svo ástatt, að hreppstjórar gátu ekki skrifað nafn sitt, hvað þá heldur að þeir gæti búið til slíka skýrslu; það er því óhætt að segja, að prestar hafi einir búið til þessar skýrslur lengi fram eptir. Og þó flestir hreppstjórar sjeu nú orðnir færir um að gera skýrslur sínar, án aðstoðar prestanna, þá er óhætt að segja, að þeir hafa mjög sjaldan gert þær í sameiningu, heldur þá sinn í hvoru lagi. Þetta frv. álít jeg því til mikilla bóta, jafnvel þótt jeg sje helzt þeirrar skoðunar, að enga svoleiðis skýrslu þurfi að gefa, því jeg álít að sýslunefndin sje bezt fallin til að setja verðlagsskrárnar, og þyrfti þá engra skýrslna með frá prestum eða hreppstjórum, því jeg get ómögulega efazt um, að sýslunefndarmennirnir hafi næga þekkingu á verðlaginu í sinni sýslu. Jeg ætla samt að gefa þessu frv. atkv. mitt, því jeg álít það þó bót frá því, sem er.

Þorkell Bjarnason: H. þm. Barðstrend. (E. K.) var á móti því, að skýrslurnar lægi frammi til sýnis, af þeirri ástæðu, að þeir, sem skýrslurnar gæfu, væru eiðsvarnir; en jeg get ekki sjeð, að þetta geti verið nokkur ástæða móti því, að almenningi gefist kostur á að sjá og athuga þessar skýrslur; svo miklir dýrðlingar eru ekki embættismenn þeir, er skýrslurnar semja, að almenningur megi ekki sjá gjörðir þeirra; ef eitthvað kynni að vera skakkt í skýrslunum, gefst almenningi þar með tækifæri til að leiðrjetta það, en ef ekkert er athugavert, þá sjer almenningur, að þær eru rjettar og allur grunur er þar með horfinn. Það atriði, að skýrslurnar eiga að liggja frammi í hálfan mánuð, get jeg ekki sjeð að geti orsakað það, að skýrslurnar komi 3 mánuðum seinna en annars; og yfir höfuð fundust mjer mótbárur h. þingm. eigi allmikilvægar.

Jón Ólafsson: Jeg skal fara fám orðum um viðaukatill. h. þm. G.-K. (Þ. Bj.), því ef aðaltill. sú, sem hjer liggur fyrir, verður samþ., þá vona jeg fastlega, að þessi viðaukatill. verði samþ. líka. H. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að það væri ótilhlýðilegt, að leggja skýrslur þessara eiðsvörnu manna undir alþýðudóm; en rjett í sömu andránni sagði hann, að hreppstjóri einn hefði í verðlagskránni sett lambsfóður á 2 kr., þótt hann hefði vitað vel, að það var alstaðar í sveitinni borgað með 4 kr. Þessi eiðsvarni hreppstjóri hefir þannig farið beint gegn betri vitund. Hvað er mótsögn, ef ekki þetta? *(E. K.:* Það er ekki *mótsögn).* Jú, það er mótsögn, að segja í öðru orðinu: mennirnir eru eiðsvarnir, og fara því eptir beztu vitund; en í hinu orðinu: mjer er kunnugt, að þessir eiðsvörnu menn sumir ganga þvert í móti betri vitund. Það er ómögulegt að búa sjer til með vilja skýrari mótsögn. Ef þeir, sem skýrslurnar semja, gera það rjett og samvizkusamlega, þá þurfa þeir alls ekki að blygðast sín fyrir að láta almenning sjá þær. Jeg er því fastlega á því, að almenningi sje gefinn kostur á að sjá skýrslurnar, áður en þær eru sendar til viðkomandi yfirvalda; það er líka ekki svo lítið aðhald fyrir þá sem skýrslurnar semja; og jeg geri ekki svo lítið úr hinu siðferðislega aðhaldi. Það er vitaskuld, að verðlagsskrárnar eru opt ærið skakkar; má nefna dæmi þess, að í verðlagsskránni fyrir 1876 og 1877 var dagsverk í Suður-Múlasýslu talið 2 kr. 25 aur., en það sumar var ómögulegt að fá dagsverk í þeirri sýslu fyrir minna en 3 kr. Jeg leyfi mjer því að mæla með viðaukatill., því jeg álít hana til góðs.

Arnljótur Ólafsson: Þessi þingsál.till. er þess efnis, að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að verðlagsskýrslur verði framvegis samdar af hreppstjóra, presti og hreppsnefndaroddvita í sameiningu. Nú er jeg í vafa um, hvort það er rjett, samkvæmt lögum, sem nú gilda, að breyta þessu, nema með lagaboði. Í konungsúrskurði frá 16. júlí 1817 stendur undir stafl. a., að stiptamtmaðurinn og amtmennirnir eigi að fá þessar skýrslur hjá sýslumönnunum, og biskupinn hjá próföstunum, og eptir stafl. b og c skuli þessar skýrslur gefnar af prestum og hreppstjórum, hverjum í sínu lagi, og aptur senda prófastar og sýslumenn þær til biskups og amtmanna hverjar í sínu lagi. Þetta held jeg sje skýr ákvæði lagaboðsins, sem ekki verði breytt nema með lagaboði. Fyrir því virðist mjer efasamt, að heimild sje til þess, að skýrslur þessar sjeu búnar til af þessum mönnum í sameiningu, nema hún sje veitt með lagaboði. Í annan stað vil jeg leiða athygli að þeirri spurning: hvert vald hafa nú þeir, sem semja þessar verðlagsskýrslur? Þeir hafa vald til að þyngja og ljetta allar þær álögur á landsmönnum, er ákveðnar eru eptir landauraverði; það er því nokkurs konar skattgjafarvald, og sem slíkt alveg sama sem löggjafarvald. Vil jeg svo beina þeirri spurningu til hinna lögfróðu hjer í deildinni, hvort ekki sje rjettara að taka þessa tillögu aptur, af því að hún sje ekki framkvæmileg af neinu umboðsvaldi, en koma þá heldur með lagafrv. þessu viðvíkjandi. Viðaukatill. h. þm. G.-K. (Þ. Bj.) er lögleg og byggð á stafl. f í konungsúrsk. frá 16. júlí 1817; það er að eins að setja í verk það, sem áður er lögboðið.

Landshöfðingi: Það er eins og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) tók fram, að ákvarðanirnar um setningu verðlagsskránna eru byggðar á kgsúrsk. 16. júlí 1817, og þar af flýtur, að breyting á þessum ákvörðunum yrði breyting á nefndum konungúrskurði, og slíka breytingu geta yfirvöldin ekki gert; en það getur aptur verið spurning um hitt, hvort ekki megi breyta þessum ákvörðunum með nýjum kgsúrsk., eða hvort til þess muni þurfa ný lög; mitt álit er, að nýr kgsúrsk. mundi vera nægilegur til að koma breytingu á þetta. Það er aðgætandi, að þessi ákvörðun, sem hjer ræðir um að breyta, það er ekki ákvörðun um að leggja á skatta, heldur ákvörðun um að gefa skýrslur um það verðlag, sem á sjer stað, sem svo sjálfsagt geta haft áhrif á skattana. En þótt nú stjórnin kæmist að þeirri niðurstöðu, að til þess að breyta þessu, þyrfti nýtt lagaboð, þá finnst mjer það samkvæmt þings-

ályktunartill., að stjórnin þá leggi fyrir þingið frv. þar að lútandi; mjer finnst því þessi till. vel geta staðizt, hvort sem ný lög þurfa til að breyta þessu eða ekki. Hvað efni þingsál. snertir, þá finnst mjer eðlilegra, að skýrslurnar sjeu samdar í einu lagi, heldur en að prestar og hreppstjórar semji þær sinn í hvoru lagi. Og þegar svo hreppsnefndaroddvitinn kemur í viðbót við þessa tvo, þá finnst mjer mjög líklegt og eðlilegt, að skýrslur þessar verði svo rjett samdar, sem auðið er. Hjer er ekki meiningin að búa til neitt verð, eða meta neitt til verðs, heldur á að eins að gefa skýrslur um verðlag; en þegar á að semja slíkar skýrslur, þá liggja fyrir mönnum ýmsar verðhæðir, sem sá og sá hlutur hefir verið seldur fyrir á ýmsum tímum ársins; og þá liggur fyrir sú spurning: Hvað af þessu er hið rjetta, hið eiginlega verð hlutarins? Og þá held jeg að það rjetta komi fremur fram, ef þeir eru allir saman, prestur, hreppstjóri og oddviti, og geta borið sig saman um málið, heldur en að þeir setji verð á hlutina sinn í hverju lagi, og svo sje tekið þar af meðalverðið. Viðaukatill. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) álít jeg næsta óþarfa, því það má ætla, að þessir menn hafi nægan kunnugleika og þekkingu á verði á þeim vörutegundum, sem eiga að tilfærast í verðlagsskránni, og hafi þegar, áður en þeir fara að semja skýrslurnar, leitað sjer allra hinna nauðsynlegu upplýsinga hjer að lútandi, svo almenningur geti vel verið ánægður með verðlagsskrárnar; mjer finnst það líka óþarfa vantraust á þessum mönnum, sem vanalega eru einna helztu mennirnir í sveitinni; þeir framkvæma starfa sinn eptir beztu vitund, og svo álít eg enga ástæðu til að tortryggja þá.

Holger Clausen: Það er leitt að þurfa að játa það, að vjer erum breyzkir, en vjer verðum þó að játa það; jeg er viss um að að vjer mundum dæma vægt, ef vjer ættum að dæma oss sjálfir, þegar vjer syndgum; þess vegna er ekki heppilegt að láta neinn dæma í sinni eigin sök, og þá ekki prestana heldur; prestarnir taka flest sín gjöld eptir verðlagsskrárverði; jeg vil því ekki, að prestarnir setji sjálfir verðið á þá hluti, sem þeir seinna meir eiga að fá upp í tekjur sínar; þeir ættu því helzt ekkert að fást við að semja þessar hjer um ræddu skýrslur, heldur ættu sýslunefndirnar að gera það, líkt og h. þm. S.-Þing. (J. S.) tók fram.

Eirikur Kúld: Jeg hefi heldur ekkert á móti því að losa prestana við þennan starfa, en hvort sýslunefndirnar svo eigi að takast hann á hendur, sú spurning liggur hjer eiginlega ekki fyrir, og kemur frá h. þingmanni eins og út úr sauðarleggnum; skal jeg því ekki fara út í það. Mjer fannst h. þm. S.-Þing. (J. S.) gruna prestana um græsku, og það fremur en hreppstjórana; um það skal jeg nú ekki eyða mörgum orðum; jeg skal að eins taka það fram, að stjórnin hefir þó haft dálitið aðra skoðun í því efni, en h. þm. Sýslumönnum er einmitt gefið leyfi til, mig minnir með kanselíbrjefi 1818, að binda sig ekki við skýrslur hreppstjóranna, en prófastar mega í engu víkja frá skýrslum prestanna, og virðist það benda til þess, að stjórnin hafi eigi grunað prestana í þessu tilliti um græsku. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að jeg hefði komizt í mótsögn við sjálfan mig áðan; jeg verð að taka það fram, um leið og neita að svo hafi verið, þá sagði jeg aldrei, að maður sá, er jeg gat um, hefði verið eiðsvarinn, enda veit h. þm. það, að sá, sem er settur, hefir á meðan ekki svarið eiðinn. Ef að skýrslurnar eiga að liggja frammi til þess að fyrirbyggja grun, eins og h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) sagði, og til þess, að mönnum gæfist kostur á að finna að þeim, þá finnst mjer það vera hjer um bil það sama, sem að hinir óeiðsvörnu væru settir hinum eiðsvörnu til höfuðs. H. þm. Eyf. (A. Ó.) misskildi ofurlitið áðan, þar sem hann sagði, að verðlagsskrárnar ætti að auglýsa fyrir miðjan maí; það er rjett, en hjer í viðaukatill. h. þm. G.-K. (Þ. Bj.), er ekki talað um verðlagsskrárnar, eptir að þær eru prentaðar, heldur að verðlagsskýrslurnar frá hreppstjórum og prestum skuli liggja frammi hreppsbúum til sýnis

2 vikur, áður en þær verða sendar hlutaðeigandi yfirvöldum.

Þórarinn Böðvarsson: Þrátt fyrir meðmæli h. þm., sem talað hafa fyrir þessu máli, get jeg ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess að aðhyllast þessa þingsályktun, eða nokkuð sje unnið við hana. Það mun vera algengast, að prestur og hreppstjóri tali sig saman um þessar skýrslur, og þótt þeir nú yrðu þrír, sje jeg ekkert unnið. Það gæti meira að segja orðið nokkuð skringilegt í sumum tilfellum, að atkvæðunum yrði að deila með 3 til að fá út verðlagið. Setjum svo, að presturinn sje líka hreppsnefndaroddviti; þá yrði hans atkvæði tvígilt, en sje hreppstjórinn hreppsnefndaroddviti, þá væri atkvæði hans orðið tvígilt; og þannig raskaðist sá jöfnuður, sem nú er milli atkvæðis prests og hreppstjóra. Það er víst alls eigi ótítt, að skýrslur prests og hlutaðeigandi hreppstjóra mismuni mjög lítið, og gæti jeg nefnt dæmi úr mínu prófastsdæmi, þar sem skýrslum þeirra hefir hjer um bil borið saman. Að því, er viðaukatill. h. 2. þm. K.-G (Þ. Bj.) snertir, er hún mjög þýðingarlítil, því hver gjaldþegn, sem vill, getur sjeð þessar skýrslur hjá hverjum sem hann vill, prestinum eða hreppstjóranum. Þar sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) talaði um, að rjettast væri, að sýslunefndirnar byggju þessar skýrslur til, þá mundi það víst líka hafa sína galla, að gjaldendurnir þannig sjáfir dæmi um það verðlag, sem þeir sjálfir eiga að greiða eptir. Það mundi varla nást meiri sanngirni eða meira rjettlæti á þann hátt, enda liggur það ekki fyrir og er ástæðulaust að tala um það. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) skildi svo þetta starf prests og hreppstjóra, sem þeim væri með því gefið vald til að ljetta og þyngja sköttum á gjaldendum. En það er hreinasti misskilningur, því hjer er eigi um neina skattaálögu að ræða. Þeirra verk er að eins, að gefa skýrslur um, hvaða gangverð sje á vörunum í þeirra sveit; allt hvað þeir fara lengra, eru þeir komnir út fyrir sinn verkahring.

Jeg álít sem sagt ekkert unnið með þessari fyrirhuguðu breytingu; jeg hefi heldur enga ástæðu til að efast um sannleiksást og rjettlæti presta og hreppstjóra í þessu efni. Jeg vil að endingu benda á eitt atriði. Eins og nú er, sendir prestur prófasti skýrslu sína, og býr prófastur eina skýrslu úr öllum skýrslum prestanna. Hreppstjóri sendir aptur sýslumanni sína skýrslu, og semur sýslumaður eina skýrslu úr öllum skýrslum hreppstjóra. Síðan semja amtmaður og biskup verðlagsskrárnar o. s. frv. En hverjum eiga nú þessir fyrirhuguðu 3 að senda sínar skýrslur? Á prestur, sem er oddviti, að senda prófastinum skýrslu þá, sem hann semur sem prestur, og hverjum á hann svo að senda þá skýrslu, sem hann semur sem oddviti? Og sama spurning kemur fram, þegar hreppstjórinn er oddviti.

Jón Sigurðsson: Mig greinir nokkuð á við h. þm., sem síðast talaði, og er sá ágreiningur undarlegur. Því svo virðist, sem jeg beri meiri virðingu fyrir prestastjettinni heldur en hann. Jeg álít, að prestastjettin sje hafin yfir það, að fást við þessar verðlagsskýrslur, og ætti helzt ekkert að hafa með þær að gera. Það sje langt frá mjer, að vilja bregða prestum um nokkra sjerdrægni, en þeir eru menn og Adamsniðjar, eins og við leikmennirnir, og því sjálfsagt breyzkir eins og við, og er því ekkert óeðlilegt, þótt það kynni að hafa, ef til vill, einhver áhrif á skýrslur þeirra, að þeir sjálfir eiga að taka sínar tekjur eptir þeim mælikvarða, sem skýrslurnar leggja grundvöllinn til. *(Þórarinn Böðvarsson:* Ekki hefir það sýnt sig, að það hafi komið fram). Jeg þekki engan prest, sem ekki hefir líka sína bresti, enda er það eitthvað undarlegt, ef prestar eru alveg lausir við þá tilhneigingu, sem aðrir menn hafa, að líta á sinn eigin hag. Og, ef til vill, gæti jeg komið með dæmi, gagnstætt því dæmi, sem h. þm. Barðstr. (E. K.) kom með. Það er sem sagt næst mínu skapi, að breyta alveg þessu fyrirkomulagi um tilbúning verðlagsskýrslnanna, en það liggur nú ekki hjer fyrir, svo um það er ekki til neins að tala. En jeg er alls ekki samdóma h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), að til þessarar breytingar þurfi

lagaboð, því jeg fæ eigi betur sjeð, en það heyri að eins undir hið umboðslega vald. Mjer er kunnugt um það, að hreppstjórar eiga að gefa margar og áríðandi skýrslur, og þessar skýrslur eru hreint ekki allar lögboðnar. Það hlýtur líka að vera misskilningur h. þm., að hjer sje að ræða um nokkurt vald til að ljetta og þyngja sköttum. Skylda prests og hreppstjóra er hjer að eins sú, að segja satt og rjett frá, hvaða verðlag hefir verið á þessum og þessum varningi í þeirri sveit árið áður; allt hvað þeir fara lengra, eru þeir komnir út fyrir sinn verkahring.

Flutningsmaður (Gunnlaugur E. Briem): Jeg er þakklátur öllum þeim, sem látið hafa skoðun sína í ljósi í þessi máli, hvort sem þeir hafa verið með þessari þingsályktunartillögu eða ekki, því það er nauðsynlegt að tala um málið frá tveim hliðum og að heyra ástæður manna með og mót. Sjerstaklega er jeg þakklátur h. hæstv. landshöfðingja fyrir sín ummæli, og einkum fyrir það, að hann gaf h. þm. Eyf. upplýsingar um, að ekki mundi þurfa lagaboð til að gera þá breytingu, sem hjer ræðir um, eða að minnsta kosti að það væri ekki víst, að til þess þyrfti lagaboð, enda virðist mjer það liggja í augum uppi, að það sem með konungsúrskurði er sett, megi breyta með konungsúrskurði. H. 1. þm. G.-Kj. (Þ. Böðv.) hneixlaðist hálfpartinn á því, að jeg skyldi hafa þau orð um verðlagsskýrslurnar, að þær væru ekki ætíð byggðar á rjettum grundvelli. Jeg kalla það t. d. ekki rjett að skýra frá verði eða ákveða verðlag á þeim hlut, þar sem hann er alls ekki seldur. Jeg veit til þess að menn hafa álitið það nokkurskonar skyldu, að tilgreina eitthvert verð við hverja vörutegund í hinum prentuðu eyðiblöðum, hvort sem hún hefir farið kaupum og sölum í sveitinni eða ekki, og það er óhætt að segja, að það verð muni hafa verið tilgreint af handahófi. Mismunur á skýrslum hreppstjóra og presta hefir og átt sjer stað; það sannaði dæmi h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Jeg skal líka taka annað dæmi, sem freistar manns til að ætla að verðið sje stundum sett nokkuð hátt. Í verðlagsskránni fyrir Barðastrandasýslu í fyrra var meðalverð á ull talið 66 aurar og í Ísafjarðarsýslu er verð á tólg talið 59 aurar; jeg get ekki annað en efast um, að þetta verð hafi almennt átt sjer þar stað, auk heldur að það hafi verið meðalverð móti peningum. H. sami þm. sagði, að það væri ómögulegt að meta varninginn til verðs móti peningum, af því að peningar væru ekki á gangi í landinu. Jeg verð að álíta þetta hálf-undarlega ástæðu. Í þessu finn jeg engan ómögulegleika, einkum þegar; því er þá ekki heldur þannig varið; peningar eru á gangi svo tugum þúsunda skiptir, og víða er annað gangverð á lifandi peningi og innlendum vörum móti peningum, heldur en t. d. móti útlendum vörum. Hann virtist yfir höfuð vilja drótta því að mjer, að jeg beindi því að prestunum, að þeir væru hneigðir til að setja verðlagið heldur hátt. Þetta gaf jeg reyndar ekki í skyn, en til þess að skýra frá, að slík tilgáta ekki er óheyrð, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að undir umræðum þessa máls á alþingi 1849 hreyfði konungsfulltrúi því, að hann hefði opt orðið þess var, að prestar hefðu hneigzt til þess að setja verðlagið nokkuð hátt, en hreppstjórar aptur á móti nokkuð lágt. Svo þegar tekið væri af því meðaltalið, ætlaði hann að verðlagið mundi nokkurn veginn verða nærri lagi. Þetta kalla jeg að eiga undir handahófi. Hins vegar gleður það mig, að verðið í verðlagsskýrslunum frá Garðaprestakalli og frá hreppstjóranum í Álptanesshreppi fer svo mjög saman. En þó þar sje svo ástatt, er ekki þar með sagt að það sje alstaðar. Jeg gæti ef til vill aðhyllzt tillögu h. þm. S.-Þing. (J. S.), en fyrst og fremst liggur það hjer nú ekki fyrir, að fela þetta sýslunefndum, og á hinn bóginn er það enn meiri breyting frá því sem nú er, og þurfa því meiri umsvif til þess að koma því í kring. Að öðru leyti þykist jeg finna á mjer, að það endi svo þetta mál, að tillaga þessi verði samþykkt hjer í deildinni, og skal jeg því ekki fjölyrða frekar um hana.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla að eins að

fara fáeinum orðum um meðferð þessa máls. Í fyrri ræðu minni tók jeg það fram, að jeg áliti þetta mál vera löggjafarmál, en ekki umboðsmál. Það er mjög áríðandi, að h. þingmenn reyni að gera sjer sem greinilegasta hugmynd um muninn á þessu tvennu. Jeg skildi h. hæstv. ldsh. svo, að hann hyggði, að hvorttveggja gæti verið, og ef stjórnin áliti það löggjafarmál, mundi hún semja frv. og leggja það síðar fyrir þingið. Jeg er því að vísu samþykkur; en jeg álít betra, að þingdeildin viti sjálf, hver mál sjeu löggjafarmál, og er jeg enn sem fyr fastur á þeirri skoðun, að þetta sje löggjafarmál. Eptir konungsúrskurði 1817 stafl. c. er svo ákveðið, að þegar búið er að safna þessum skýrslum og senda amtmönnunum, þá eiga þeir stiptamtmaður og biskup, eða amtm. og sá prófastur, sem biskup hefir þar til skipað, að taka verðupphæð hverrar landaurategundar í skýrslu presta og hreppstjóra, og leggja þær saman og skipta síðan með 2, og kemur þá út það verðlag, sem verðlagsskrárnar innihalda. Þess vegna er virðing eða verðupphæð prestsins og hreppstjórans á landaurunum skuldbindandi fyrir amtmanninn og prófastinn; landauravirðing þeirra er sá mælikvarði, sem skattarnir og eptirgjöld klausturjarðanna eru byggð á, og sjerhver breyting á upphæðinni og á undirstöðu hennar er jafnframt breyting á lögunum. Ef við nú skoðum 23. gr. stjórnarskrárinnar, þá stendur þar: »Engan skatt má á leggja, nje breyta, nema með lagaboði«, og eptir 1. gr. eru öll skattamál sjerstök mál. Jeg verð því að ætla svo, að þetta heyri undir löggjafarvaldið, og verði eigi breytt nema með lagaboði. Það er auðvitað á valdi h. þingd., hvernig hún lítur á málið, en jeg verð af þessum ástæðum að greiða atkvæði á móti þessari þingsályktun, einkum þar sem hún enn fremur er að eins stýluð frá neðri deild einni.

Atkvæðagr.: Eptir skriflegri ósk 9 nafngreindra þingmanna var samþykkt að hætta umræðunum, og var síðan aðaluppástungan (C. 138) samþ. með 15 atkv. gegn 4, og viðaukauppástungan (C. 195) sömul. samþ. með 12 atkv. gegn 8, en þingsályktunartillagan í heild sinni samþ. með 12 atkv. gegn 4, og afgreidd síðan til landsh. sem þingsályktun frá neðri deild alþingis.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikn. fyrir 1880 og 1881 (C. 39); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Gunnlaugur E. Briem): Nefndin (C. 166) hefir leitazt við að skýra svo þetta mál, að hinni h. þingd. gæti orðið það ljóst án mikilla umræðna, en jeg leyfi mjer að taka það fram, áður en umræður hefjast, að það hafa nokkrar prentvillur slæðzt inn í nefndarálitið, sem jeg bið hina h. þm. að laga, og eru þær þessar: Í gjaldabálkinum 2. málsgr., þar sem vísað er til alþingistíðindanna C., á að vera bls. 404 í stað 464, og í sömu málsgr. 3. l. »að þingið fari ekki« á að vera »þingið vilji eigi fara«. Enn fremur í síðustu málsgr., þar sem minnzt er á tekjueptirstöðvar landssjóðs, færist »rentur af viðlagasjóði«, er eiga að vera 108 í stað 810, fram fyrir »og erfðagjald 52 aurar«. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um nefndarálitið, fyr en hinn hæstv. landshöfðingi eða hinir háttv. þingmenn gefa mjer tilefni til þess.

Landshöfðingi: Jeg felli mig vel við aðgerðir nefndarinnar yfir höfuð, því hún fellst á frv. stjórnarinnar í öllum aðalatriðum. Það eru að eins fá atriði, þar sem nefndin fer í aðra stefnu, eins og niðurlagsatriði nefndarinnar sýna; þau eru að eins 4, og snerta ekki nein aðalatriði. Það skyldi þá helzt vera hið 1. niðurlagsatriði um að lækka II. 2. B í frv. um 49 kr. 7 aura. Eins og kunnugt er, snertir þessi upphæð nokkuð af því, sem greitt var sýslumanni Böving í laun árið 1880 í Norður-Múlasýslu, og sem álitið var að væri honum ofgoldið. Stjórnin hefir álitið, að það væri sanngjarnt, að hann þyrfti ekki að endurgreiða þessa fjárupphæð, og þar sem ekki hefir enn legið fyrir fullnægjandi úrskurður þingsins um þetta efni, með því málið ekki varð útrætt á síðasta þingi, þá hefir stjórnin ekki fundið ástæðu til að inn-

heimta þetta fje fyr en slíkur úrskurður lægi fyrir, ef hann þá færi í þá stefnu. Hvað snertir hið annað niðurlagsatriði nefndarinnar, þá get jeg ekki betur sjeð en það sje bein afleiðing af breytingum þeim, sem nefndin hefir stungið upp á að gera við frv. Í 3. tölulið hefir nefndin stungið upp á að breyta formi reikningslaganna, með að bætt sje við skýrslu um það, hver sje peningaforði landssjóðsins við lok fjárhagstímabilsins. Þetta atriði er alveg nýtt. Þessi skýrsla er gefin af landsstjórninni í fylgiskjali við landsreikninginn, en að það eigi við að fara að taka hana inn í reikningslagafrv., sem snertir að eins tekjur og gjöld landssjóðsins á fjárhagstímabilinu, get jeg ekki álitið, og það er nokkuð annað. Jeg skal þó enga sjerlega áherzlu leggja á þetta atriði; en mjer sýnist engin nauðsyn á þessari breytingu á formi frv., því yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafa það eptirlit, sem nauðsyn er á, með því að peningaforði landssjóðs sje rjett til greindur í fylgiskjali við landsreikninginn. Jeg vona nú að það aðalatriði, sem olli því að þetta frv. ekki varð samþykkt á síðasta þingi, sje nú svo skýrt, að það ekki geti orðið því til fyrirstöðu, að frv. nái samþykki þingsins. Jeg á hjer við »önnur útgjöld« Möðruvallaskólans 1880 og 1881. Á síðasta þingi varð málið ekki nógu vel upplýst, þar reikningar Möðruvallaskólans voru órannsakaðir. Nú er búið að endurskoða og úrskurða reikningana, en yfirskoðunarmenn landsreikningsins gátu ekki haft athugasemdir endurskoðanda fyrir sjer nje úrskurð reikninganna, þá er þeir yfirskoðuðu landsreikninginn, því hann var þá ekki fallinn enn, en reikningslaganefndinni hefir verið gefinn kostur á að sjá þessa reikninga, athugasemdir og úrskurði, og hefir hún kynnt sjer þessi skjöl. Vona jeg því að málið sje nú þannig skýrt, að þetta atriði verði því ekki til tálmunar, að frv. verði samþykkt. Finn jeg svo ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við nefndarálitið.

Framsögumaður (Gunnlaugur E. Briem): Með tilliti til þess, sem hinn hæstv. landshöfðingi sagði það vera óvanalegt og áleitt það jafnframt óþarft, að tilgreina peningaforða landssjóðs aptan við landsreikninginn, þá er það að vísu rjett, að það hefir ekki tíðkazt að undanförnu, en að það sje óþarft, getur nefndin ekki fallizt á. Nefndin álítur það einmitt nauðsynlegt, að það sje ákveðið með lögum, hversu mikill peningaforði landssjóðsins sje við lok hvers fjárhagstímabils, svo það eptir á ekki geti valdið neinum ágreiningi, og vil jeg leyfa mjer að sýna fram á, að það hefir ekki ætíð verið óhult, að eiga undir því, hvernig peningaforðinn hefir verið tilfærður. Þannig er í athugasemdum stjórnarinnar við reikningslagafrv. fyrir árin 1880 og 81, er lagt var fyrir þingið 1883, peningaforði landssjóðs 31. des. 1879 talinn með sömu upphæð eins og hann er talinn í frv. til reikningssamþykktarlaga fyrir árin 1878 og 79, er lagt var fyrir þingið 1881, eða 75,897 kr. 4 au., en á því þingi var það ákveðið, og síðan staðfest með lögum, að afgangur fjárhagstímabilsins 1878 og 79 skyldi í staðinn fyrir 114,054 kr. 51 eyr. teljast 116,125 kr. 91 eyr. eða 2071 kr. 40 au. hærri en í frv. stjórnarinnar, og er þá auðsætt, að það hefði átt að bæta sömu upphæð við peningaforðann og telja hann 77,968 kr. 44 au., sem ekki hefir verið gætt. Að öðru leyti vil jeg leyfa mjer að skýra nokkuð nákvæmar tillögur nefndarinnar. Að nefndin hefir leyft sjer að búast við, að þingið eigi vilji fara að gera gangskör eptir þeim 40 aur., sem á sínum tíma höfðu verið borgaðir þm. Austur-Skaptfellinga um of, kom til af því, að bæði er þetta lítilræði í sjálfu sjer, og svo er þingm. sá, er í hlut átti, dáinn, en óviðkunnanlegra að þurfa að krefja erfingja hans um þessa 40 au. Nefndinni virðist, að það megi búast við því, að hjeraðsfógeti Böving borgi umsvifalaust þær 49 kr. 7 au., sem um er að ræða, þegar honum verða tilkynnt þessi málalok. Nefndin vonar, að h. þingd. sje það ljóst, að þær 195 kr., er borgaðar voru fyrir uppdrátt til dómkirkjunnar, sjeu þegar samþykktar með aukafjárlögum 8. nóv. 1883, þar eð þær voru innifaldar í þeirri upphæð, er veitt var til óvissra útgjalda, enda kom það eig-

inlega í sama stað niður, hvort þær voru veittar á þennan hátt, eða fyrst færðar kirkjunni til útgjalda, og síðan taldar með skuld kirkjunnar til landssjóðs. Þá er að minnast á reikninga Möðruvallaskólans. Með tilliti til þess, að reikningar þessir eru ekki yfirskoðaðir af landsyfirskoðunarmönnum, þá hefir nefndin rannsakað þá nákvæmlega, og er þess getið í nefndarálitinu, að landshöfðingi hefir gætt hagsmuna landssjóðsins, er hann hefir úrskurðað, að reikningshaldarinn, sem var skólastjóri, skuli endurgjalda 39 kr. 81 eyr., sem hann varði af skólafje fyrir lækningar og meðul handa lærisveinum skólans. Að öðru leyti virtist nefndinni ekkert verulegt að athuga, því þótt það gæti verið vafamál, hvort 4 au. skyldu endurgjaldast landssjóði, þá er það svo ómerkileg upphæð, og kemur ekki skólanum í óhag. Enn fremur vil jeg leyfa mjer að geta þess, að útvegumaður að efni og áhöldum skólans, h. 1. þm. S.-Múl. (T. G.) hefir sleppt rúmum 30 kr. af reikningi sínum, auk margs annars kostnaðar, er skólabyggingin hefir haft í för með sjer, sem hann hefir ekki einu sinni reiknað, t. d. að reikna ekkert fyrir alla sína fyrirhöfn; en þótt þetta sje þakklætisvert, þá hefir víst ekki verið til ætlazt, að hann skyldi sleppa eðlilegum og sanngjörnum kostnaði í skólans þarfir, og sem má álítast að hafi verið nauðsynlegur. Að því er því næst snertir tekjueptirstöðvar landssjóðs, þá hefir nefndin lagt það til, að hin h. þingd. fallist á frv. stjórnarinnar í því tilliti, með því erfðagjaldseptirstöðvar 52 au. eru eptir skýrslu hins umboðslega endurskoðanda komnir landssjóði til inntektar; af þeim 108 kr., sem eru taldar að vera gamlar leigueptirstöðvar viðlagasjóðs, var þegar á síðasta þingi samþykkt að sleppa 8 kr. sem ófáanlegum, og hvað enn fremur snertir þær eptirverandi 100 kr., þá hefir nefndin sannfærzt um, að þær liggi í misreikningi, og beri því að nema þær úr eptirstöðvum. Hvað vitagjaldseptirstöðvarnar (18 kr. 21 eyr.) snertir, þá getur það verið dálítið álitsmál, hvort rjett sje að sleppa þeim eða ekki; en eptir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar í því máli, virðist nefndinni ekki næg ástæða til, að haldið sje fram ábyrgð fyrir þær, og hefir því lagt það til, að þeim sje sleppt úr eptirstöðvunum. Að endingu vil jeg geta þess, að þótt nefndin hafi ráðið til að samþykkja upphæð á eigum viðlagasjóðs, eins og þær eru tilgreindar í frv. stjórnarinnar 809,570 kr. 50 au., þá eru þær í raun og veru ekki svo miklar, með því að í þessari upphæð meðal afborgunarskuldabrjefa landssjóðsins er innifalin skuld Mývatnsþinga (Skútustaðabrauðs), sem samkvæmt lögum 27. jan. 1880 var eptirgefin frá fardögum 1881, að upphæð 3664 kr. 61 eyr.; en nefndinni þykir eiga bezt við að draga ekki þessa skuld frá, fyr en við lok fjárhagstímabilsins 1882 og 83, úr því það var ekki gert í landsreikningnum fyrir árin 1880 og 81. Frekara hef jeg ekki að athuga að svo komnu.

Eiríkur Kúld: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi hnýta við það, sem hinn h. framsögumaður sagði, að kaupstjóri sá, sem útvegað hefði efnivið til Möðruvallaskólans, hefði gefið eptir 30 kr. af upphæð þeirri, er honum bar. Jeg vildi geta þess, til þess að sýna, hvílíkt óskabarn þessi skóli er hjá þessum h. kaupstjóra, að auk þessa hefir hann á sinn kostnað látið gera akveg með trjám yfir mýri til þess að hægt væri að koma þessum efnivið til skólans, og hefir hún kostað ærna fje. Enn fremur hefir hann látið fjelag það, er hann er kaupstjóri fyrir, flytja efniviðinn ókeypis hingað til lands á skipum sínum.

Atkvæðagr.: Var þá gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Tekjubálkurinn samþykktur í einu hljóði.

2. II, 2 B. Breytingartill. nefndarinnar samþ. með 22 atkv.

3. II, 14. Breytingartill. nefndarinnar samþ. með 18 atkv.

4. Viðaukatill nefndarinnar samþ. með 20 atkv.

5. Gjaldabálkurinn með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.

6. Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði.

7. Að frv. gengi til 2. umr. samþ. í einu hljóði.

Frv. til laga um breyting á mati nokkurra jarða í Rangárvallasýslu (C. 154); 2. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg kom um daginn fram með frv. um mat á nokkrum jörðum í Skaptafellssýslu, en hefi nú tekið það aptur, og mun jeg síðar koma fram með annað um sama efni.

Atkvæðagr.: Síðan var gengið til atkv., og var

1. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

2. gr. — — — 20 —

— Málinu vísað til 3. umr. með öllum þorra atkvæða.

Frv. til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C. 146); 3. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Jeg óska, að þetta frv. fái nú sama byr og það hefir áður fengið, og að það verði samþ. við þessa 3. umr. hjer í deildinni.

Jón Ólafsson: Mjer þykir leitt, að eins gott frv. eins og þetta í sjálfu sjer er, skuli hafa 3. gr.; en vegna hennar get jeg ekki gefið því atkv. mitt, hversu sárt sem mjer þykir það; en jeg get ekki unnið það til, að greiða atkv. með því, því þótt það sje rjett að ákveða sem skýrast rjett hreppsnefnda gagnvart þurfalingum, er það öldungis ósanngjarnt hapt, sem 3. greinin leggur á, því eptir henni má kyrsetja mann frá ferð sinni, ef hann skilur eptir mann, sem ekki er sjálfbjarga. Sem sagt, mjer þykir sárt að þurfa að greiða atkv. móti frv., en jeg verð að gera það vegna þessarar gr.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Það er undarlegt, að h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir ekkert haft á móti þessu frv. við 1. og 2. umr., og enga breytingartill. komið fram með, og nú fer hann reyndar góðum orðum um frv., en þau góðu orð vega lítið, þegar hann samt ætlar að greiða atkv. móti því og óskar, að málið eyðist. Þetta er því undarlegra, sem jeg man ekki betur en hann lýsti ánægju sinni yfir alveg sama frv. á þingi 1883, og gæfi því þá atkvæði sitt.

Jón Ólafsson: Þetta er rangminni h. flutningsm. (E. Br.). Á síðasta þingi barðist jeg einmitt á móti þessari sömu 3. gr. með hnúm og knjám, með meira kappi en jeg er vanur að beita í öðrum málum. Að jeg ekki hefi komið með breytingartill., er af því, að jeg hef sjeð að svo margir hafa verið með frv., að það mundi ekki verða til neins, og hef jeg því ekki viljað eyða tíma og fje til ónýtis. En jeg stóð upp og talaði þetta áðan til að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg gæti ekki greitt atkv. með frv.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 16 atkv. gegn 4.

— Afgreitt síðan til Ed.

Uppástunga til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna (C. 163); ein umræða.

Halldór Kr. Friðriksson: Eins og h. þm. er kunnugt. er með lögum 12. maí 1882 gefið í vald sóknarbænda, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, og er það ætlun fjárlaganefndarinnar, að ástæða sje til, að fara fram á hið sama um kirkjur landssjóðs, þannig að hann sleppi umsjón á þeim. Þegar litið er á þær tekjur, sem landssjóður fær af þessum kirkjum, og á hinn bóginn á þau útgjöld, sem hann hefir af þeim, getur víst engum blandazt hugur um, að þetta væri æskilegt, því að þær eru þungur böggull fyrir landssjóðinn að dragast með. Jeg skal taka til kirkjuna í Vestmanneyjum. Hún fjekk í fyrra 1100 kr., og nú er beðið um 1600 kr. viðbót. Skoðunarmennirnir gerðu reyndar áætlun um 1950 kr., en síðar var þó boðið að taka að sjer aðgerðina fyrir 1600 kr., og er ekki ólíklegt, að einhver þriðji kynni að komast af með 1000 kr. Það má eigi skilja orð mín svo, að jeg vilji þó kasta steini á þá, sem umsjón kirkjunnar hafa, en það gengur nú svo, að allt verður margfalt dýrara fyrir hinu opinbera, heldur en það yrði, ef einstakir ættu í hlut, því að þeir geta haft betri gætur á, hversu með efni kirkjunnar er farið. Annað dæmið er Bjarnarneskirkja; hún hefir beðið um 5000 kr.,

en af hennar venjulegu árstekjum er afgangurinn 23 kr.; þetta hvorttveggja sýnir, hversu þungur böggull kirkjurnar eru fyrir landssjóðinn. Það virðist því vera fyllileg ástæða til þess að fara fram á að reyna, að losa landssjóð við þessar kirkjur. Það er vitaskuld, að landssjóður yrði að skila þeim í góðu standi og með tilhlýðilegu álagi, þannig að söfnuðurinn sjái sjer borgið, en jafnframt þó þannig, að landssjóður eigi þurfi að ganga að ósanngjörnum kjörum. Vjer getum að sjálfsögðu eigi með vissu sagt, hver árangur af þessu verður; en þegar söfnuðirnir hafa sagt til, með hvaða kjörum þeir vilji taka að sjer kirkjurnar, getur næsta þing hafnað eða aðhyllzt tilboðin, eptir því sem því þykir ástæða til.

Landshöfðingi: Jeg get verið h. flutningsmanni (H. Kr. Fr.) samdóma um það, að æskilegt væri að landssjóður gæti losast við þessa byrði, sem hann hefir af kirkjum sínum. En jeg er hræddur um, að menn megi ekki gera sjer mjög glæsilegar vonir um, að það muni takast svo, að landsjóði sje sannur ljettir að, því það mun standa ljóst fyrir bændum, að þeir með kirkjunum taka að sjer þunga byrði. Jeg vil þó vera hlynntur uppástungunni, þannig að tilraun verði gerð í þessa átt. Það lá í orðum h. flutningsm. (H. Kr. Fr.), að kostnaðurinn við kirkjurnar kynni að verða minni og byrðin þannig ljettari, ef söfnuðirnir hefðu sjálfir umsjónina; það getur líka vel verið, að kröfurnar til viðhalds þeim kynnu að verða takmarkaðri heldur en þá, er landssjóður á að bera kostnaðinn; þetta kemur meðfram af því, að mönnum er svo tamt að halda, að ætíð sje nóg fje í landssjóðnum, og eru þess vegna ekki ætíð svo hófsamir í kröfum sínum. Jeg er því ekki mótfallinn, að tilraun sje gjörð í þessa átt.

Eirikur Kúld: Jeg geri mjer ekki háfleygar vonir um árangurinn að vísu, en álít þó nauðsynlegt að gera tilraunina í þá átt, sem fram á er farið. Jeg geri ráð fyrir, að landssjóðurinn sleppi ekki við allt fyrir það, þó þetta komist á. Jeg þekki að eins eina kirkju, og jeg veit að hennar útgjöld eru mikil. Prófastur fjekk aldrei að sjá reikningana, því þeir eru undir annari revision. En eptir að lög 27. febr. 1880 komu út, og reikningar eiga að leggjast fyrir hjeraðsfund, hafa reikningar sömu kirkju á seinasta ári verið settir niður á hjeraðsfundi, og biskup hefir samþykkt. Jeg veit ekki, hvort sú kirkja á sjóð eða ekki. En það er eitt í uppást., sem þyrfti að breyta, og það er ákvæði um, að hverri kirkju sje látin fylgja hæfileg kirkju-*porzión*. Eptir lögunum 12. maí 1882 þurfa söfnuðirnir ekki að taka kirkjurnar að sjer nema eptir samkomulagi; vilji þeir það, þá skal gera úttekt, og ef kirkjan á ekki sjóð, þá er ekki að tala um kirkju-porzíón, heldur álag. Jeg er hræddur um, að söfnuðirnir verði tregir að taka kirkjurnar að sjer, einkum þar sem kirkjurnar eru stórar og alþýða blá fátæk. En það væri æskilegt, að landssjóður losnaði við þær, ef það gæti lánazt; því nú hvíla mikil útgjöld á honum. Jeg mun því gefa uppástungunni atkvæði mitt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er þessu fyrirkomulagi mjög hlynntur, og væri það æskilegt líka fyrir kirkjurnar sjálfar. Það hefir mikið við að styðjast, sem h. hæstv. ldsh. sagði, að það kæmist ekki á; en ekki er jeg þó vonlaus um það. Jeg vildi óska, að sú landssjóðskirkja, sem er í mínu prófastsdæmi, gæti komizt í hendur safnaðarins, og fulltrúar hans hafa gert sig líklega til að taka við henni, ef viðunanleg kjör bjóðast. Það væri æskilegt, að það kæmi fram um þá kirkju. Þá fá menn áhuga á, að gera kirkjunum vel til.

Ólafur Pálsson: Jeg er ekki mótfallinn málinu í sjálfu sjer, en jeg þykist sjá fram á, að það verður erfitt í mínu kjördæmi, þar sem eru 3 kirkjur landssjóðs, og setjum svo, að 1 eða 2 væru nú komnar að falli, þá ímynda jeg mjer, að söfnuðunum yrði erfitt í þessu árferði að taka þær að sjer, nema með miklu tillagi úr landssjóð, því þær kirkjurnar eru allar úr timbri og mjög vandaðar, eptir því sem sveitakirkjur gerast. Jeg held það geti aldrei komizt á í sveitunum, sízt almennt; jeg hefi þó ekki á móti því, að það sje reynt, þó að það

kunni að hafa lítinn, og, ef til vill, vondan árangur, vegna þess, að þar sem er langt frá kaupstað, eins og í mínu kjördæmi, verði söfnuðunum það svo erfitt, nema með miklu tillagi, og svo miklu, að landssjóði verði það varla tilvinnandi.

Eiríkur Briem: Jeg er glaður yfir þeim undirtektum, sem þetta mál fær, sjerstaklega hjá h. hæstv. ldsh. Sumir eru að vísu vonardaufir um, að uppástunga þessi hafi verulegan árangur, en jeg er það ekki svo mjög. Þar sem landssjóð væri hagur að láta töluverða kirkjuporzíón fylgja, þar gæti líka verið, að enginn óhagur væri fyrir söfnuðinn að taka við. Landssjóðskirkjur hafa eigi sjerstakan sjóð, og safna því ekki porzíón; það yrðu því að fara fram samningar millum safnaðanna og löggjafarvaldsins, með álitsgjörð að undirstöðu. Söfnuðirnir segja, með hvaða kostum þeir vilji taka við kirkjunum, og ef kostirnir þykja aðgengilegir, leggur stjórnin frv. þar að lútandi fyrir þingið næst, sem þá segir af eða á. Jeg fyrir mitt leyti álít mikið til þess vinnandi, að þetta komist á, því byrðin er svo mikil fyrir landssjóðinn, og jeg held, að þingið 1887 muni samþykkja þau tilboð, sem kunna að koma, þó með þeim væri sjeð við því, að söfnuðirnir bíði halla við að taka kirkjurnar að sjer. H. þm. Vestur-Skaptf. (Ó. P.) hefir 3 kirkjur í sinni sveit. Ef ætti að fara að byggja þær upp, þá yrðu ýmsar útvegur í þessu afskekkta hjeraði náttúrlega mjög erfiðar, og ákaflega dýrt, þegar komið væri á reikning. En jeg get vel ímyndað mjer, að kostnaðurinn yrði nokkuð minni, ef söfnuðirnir sjálfir byggðu. Reynslan sýnir, að slík útgjöld eru jafnan billegri fyrir prívatmenn, en fyrir hið opinbera.

Ólafur Pálsson: Mjer finnst að það sje nauðsynlegt, að söfnuðirnir viti fyrirfram, hve mikla sjóði kirkjurnar eigi. Þetta veit jeg að þeir vita ekki í mínu kjördæmi, í Skaptafellssýslu. Með tilliti til þess, sem h. 2. þm. Húnv. (E. Br.) sagði, að flutningur á timbri o. s. frv. mundi fást með ljettara móti til kirknanna, ef söfnuðirnir tækju það að sjer, það er enn ósannað; og mundi annað verða ofan á, ef sóknarmenn ættu að annast hann, þá held jeg að þetta yrði nú ekki hvað Skaptfellinga snertir. Hvað mundi það ekki kosta að flytja timbur til kirknanna þar alla leið frá Eyrarbakka, þegar varla fæst hestur innan sýslu, heldur verður að fá þá úr Rangárvallasýslu, og varla að fáist, og hvað mundi það kosta?

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem h. þm. Barðstr. (E. K.) talaði um, að það væri óviðkunnanlega orðað, að láta kirkjurnar fá hæfilega kirkjuporzíon, þar sem þessar kirkjur ættu enga kirkjuporzíón, þá skal jeg þó geta þess, að kirkjurnar eiga eptir tilætlun fjárlaganefndarinnar að fá fje til svo mikillar aðgjörðar, sem þarf til þess að kirkjan komist í gott stand, og ef ekki þarf að byggja kirkjuna þegar í stað, geta sóknarmenn geymt það, þangað til þarf að byggja kirkjuna, því að þeir ráða, hve nær þeir gera það. Hvort þetta fje, sem kirkjurnar fá, er nefnt porzíón eða ofanálag, stendur hjer um bil á sama, þó jeg sje á því, að rjettara sje að kalla það porzíón, því það verður eins og fastur sjóður við kirkjuna, sem sóknarmenn geyma og setja á vöxtu, þangað til þarf að byggja kirkjuna. Jeg er h. hæstv. ldsh. þakklátur fyrir, hvernig hann tók í þetta mál, og eins og uppást. ber með sjer, er hjer að eins farið fram á, að gerð sje tilraun til þess, að söfnuðirnir taki að sjer fjárhald kirknanna. Hjer er ekki að ræða um, hvort það er dýrt eða dýrt ekki. Það er að eins farið fram á að gera tilraun til samninga við sóknarbændur; þeir geta komið með sín tilboð, og svo getur þingið sagt, hvort það vill ganga að þeim eða ekki.

Uppástungan samþ. í einu hljóði, og verður send Ed.

Afgreiðsla á bœnarskrám o. s. frv., framl. 18. júlí.

Bænarskrá frá Birni Pálssyni á Akureyri um fjárstyrk til ýmissa áhalda; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Nítjándi fundur, miðvikudag 22. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um friðun hvala (C. 41); 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Það hefir komið fram að eins eitt breytingaratkv. við 1. gr. frá h. þm. Mýr. (E. E.). Jeg fyrir mitt leyti hef í fljótu bragði ekkert á móti þessu breyt.atkv., og það því síður, sem í sjálfu stjórnarfrv. er viðurkennt, að ekki sje hægt að segja á hverjum tíma árs síld geti komið. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið, fyr en ef umr. gefa mjer tilefni til þess.

Egill Egilsson: Jeg er yfir höfuð alveg samþykkur áliti nefndarinnar (C. 160), og finnst hennar frv. taka langt fram stjórnarfrv. Það er að eins eitt atriði, sem mjer finnst ekki nógu vel tekið fram, sem jeg því hef gert breyt.atkv. við (C. 196). Jeg skal ekki segja með vissu, hvort hvalir reka síld beinlínis upp að landinu; en hitt veit jeg bæði af eigin reynslu og eptir sögn kunnugra manna, að hvalir eru ómissandi til þess að reka síld saman í þjettari hnappa og grynna á henni á fjörðum, þar sem dýpi er annars svo mikið, að hún ekki getur náðst; án þeirra fer opt svo, að síldartorfur snúa aptur og fara út úr fjörðunum, án þess að tök sjeu á, að reyna að veiða hana, og má vel af þessu sjá gagnsemi hvalanna við veiði þessa. Síldarfjelögin hafa, eins og vjer vitum, kostað mjög miklu til, þar sem þau hafa setzt að, bæði byggt hús eingöngu til að reka þá veiði, og það með miklum kostnaði, og verða að hafa þar fólk ár út og ár inn, til að passa upp á síldina, því enginn veit nær gangan getur komið; síldarveiðarnar fara þar allt af fram að mínu áliti, og kostnaðurinn er mikill og fyrirhöfnin, þótt ekki veiðist, og er það því eðlilegt, að algjörleg friðun á hval eigi sjer stað á slíkum stöðum. Vil jeg því leggja til, að breyt.till. mín verði samþ., svo framarlega sem mönnum annars sýnist rjett, að hvalir sjeu friðaðir á nokkurn hátt, eða á nokkrum tíma árs. Prentvilluna í breyt.till., sem sje 2. gr. í stað 1. gr., vona jeg að menn geri svo vel að leiðrjetta.

Þórður Magnússon: Það eru að eins fá atriði viðvíkjandi reynslunni á Ísafirði á afleiðingum hvalveiða, sem jeg vildi taka fram, því jeg veit að hinn h. framsögum. (B. Sv.) muni að öðru leyti skýra málið svo vel fyrir þingd., sem þörf er á. Á Ísafirði eru allir á einu máli um það, að hvalveiðar spilli mikið síldarveiði, og ekki einungis síldveiðinni, heldur og sjálfri þorskveiðinni. Þetta hefir reynslan fyllilega sýnt á Ísafirði, og jeg ímynda mjer, að fleiri muni sannfærast um það, þegar tekið verður að stunda hvalveiði að sama skapi á öðrum fjörðum. Það er margreynt, að þegar fiskur hefir gengið upp á grunn og vel lítur út fyrir aflabrögð, og þegar hvalveiðamennirnir um sama leyti hafa fest sig í hval og hann hleypur með þá í fjörbrotunum um allar fiskistöðvarnar, þá er ekki fisk að fá eptir það. Það er margreynt, að fiskurinn styggist svo við þennan aðgang, að hann hrekkur til baka. Sama er og að segja um það, er hvalir hafa sokkið úti á djúpinu úti fyrir; þá fæst enginn fiskur. Fiskurinn liggur árum saman við marga hvalskrokka úti á djúpinu og gengur ekki upp á grunnin, svo ekki er hægt að ná í hann á bátum. Ísfirðingar eru orðnir svo bágstaddir sökum þessa fiskileysis, að ekki sýnist liggja annað fyrir en að þeir megi flytja burt í önnur hjeruð eða af landi burt, því ekki munu þeir hlaupa í landssjóð til þess að fá hallærislán fyr en í fulla hnefana. Allt þetta fiskileysi álíta menn að sje hvalaveiðunum að kenna. Jeg vildi því óska, að frv. þetta fengi byr á þinginu, því það mundi mikið hjálpa þessu hjeraði og líklega fleirum hjeruðum, því þótt útlendingar stundi hvalveiðar nú mest á Ísafirði, geta þeir vel sett sig niður annarsstaðar og gert sama óskunda þar. Jeg verð að álíta, að það sje mikil nauðsyn á að friða hvalina. Þegar fiskurinn er fældur þannig frá landi, þá er ekki von að fiskisælt verði, því það vita allir fiskifróðir menn, að þar sem fiskurinn er hættur að hrygna, þang-

að koma unglingarnir ekki eins. Hef jeg svo ekki fleira að segja, því jeg vona, að aðrir tali frekara í þessu máli.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg er hinum h. þingm. þakklátur fyrir, að þeim fellur sú niðurstaða, sem nefndin hefir komizt að, vel í geð. Jeg skal geta þess, að ef »og« í 1. gr. nefndarinnar verður fellt burt, sem jeg hef eiginlega ekkert á móti, þá þætti mjer heppilegra og laglegra að bæta aptan við orðið: »í landhelgi« orðinu: »utanfjarðar«, og áskil jeg mjer og nefndinni rjett til þessa breytingaratkv. til 3. umræðu.

Eirikur Kúld: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg get skrifað undir hvert orð, sem hinn h. 2. þm. Ísfirðinga (Þ. Magn.) sagði um skaða þann, er hvalveiðarnar gerðu með tilliti til fiskiveiðanna á opnum bátum. Hann sagði að líkt mundi fara á öðrum fjörðum eins og farið hefði á Ísafirði og reynslan hefði sýnt þar, að hvalveiðar eyðilegðu fiskinn. Jeg get sagt hinum h. þm., að í grun manna er, að þessi reynsla ef til vill muni rætast annarstaðar; sumir ætla að hvalaveiðarnar hafi með öðru fleiru átt sama þátt í fiskileysinu á Breiðafirði nú í ár, því í vor eð leið hafa hvalaveiðamenn sjezt þar úti fyrir framan til í flóanum. En það er ekki nóg með það, að þessir hvalaveiðamenn hafi spillt þorskveiðinni; þeir hafa líka eyðilagt hvalaveiðina fyrir Íslendingum sjálfum. Mjer er kunnugt að á Dýrafirði og Arnarfirði hafa þannig áður komið inn hrefnur með kálfa sína annaðhvort ár, sitt árið á hvern fjörðinn til skiptis, og menn voru orðnir svo kunnugir þessum hrefnum, að menn þekktu þær sundur og gáfu þeim nöfn. Ein hjet t. d. *Skjalda*, önnur *Skeifa*, ein Vilpa, ein Rafnseyrarkolla o. s. frv. Töldu menn sjer kálfa þeirra eins vísa eins og ærnar í kvíunum hjá sjer. Skutluðu menn eða járnuðu þessa kálfa og höfðu mikinn hag af, en síðan hvalaveiðamennirnir fóru að sveima þar um, hefir þessi veiði algerlega brugðizt, og hafa þeir þannig eyðilagt þennan vissa atvinnuveg þar. Jeg get ekki ímyndað mjer, að Danir, eða stjórn þeirra, sem hafa svo höfðinglega rjett okkur hjálparhönd í hallærinu, sje því mótfallnir, að ljetta þessu átumeini í atvinnuvegum vorum af oss. Danir geta heldur sjálfir ekki haft neinn óhag af því, þótt þetta yrði að lögum. Jeg vil því mæla með uppástungum nefndarinnar; en lengra sje jeg mjer ekki fært að fara, en hún hefir gert.

Landshöfðingi: Uppástungur þær, sem nefndin hefir komið fram með, fara í öllu verulegu í sömu stefnu eins og frv. stjórnarinnar, og tilgangurinn er hinn sami hjá nefndinni eins og hjá stjórninni; að eins hefir hin h. nefnd álitið nauðsynlegt að fara nokkuð lengra. Frv. stjórnarinnar miðar að því að friða síldveiðarnar, eða takmarka svo hvalveiðarnar, að þær geti ekki spillt síldveiðunum. Þetta er einnig aðalákvörðunin í frv. nefndarinnar, en hún hefir álitið nauðsynlegt að ganga nokkru lengra en stjórnin hefir farið í sínu frumvarpi, þar sem hún í 2. tölulið í 1. gr. stingur upp á, að allir hvalir, nema hnýsur og höfrungar, skuli vera friðaðir um nokkurn tíma ársins. Mjer finnst íhugunarvert, hvort þessi ákvörðun er nauðsynleg, því hún leggur einnig bönd á atvinnuveg Íslendinga, og takmarkar þann rjett, sem þeir hafa til að veiða hvali í landhelgi, og þótt hvalveiði sje nú sem stendur ekki mikið stunduð af Íslendingum, þá getur svo farið, að hún verði meira stunduð eptirleiðis af Íslendingum eða öðrum þegnum Danakonungs. Það er því íhugunarvert, hvort ekki er hjer lagt meira band á þessa veiði en nauðsyn ber til. Það er sjálfsagt, að það er nokkuð bætt úr þessari takmarkandi ákvörðun með því að leyft er að veiða hvalina á sama tímabili, ef það ekki er gert með skotum. En ef nú skotin eru álitin bezta aðferðin til veiðifangs, og þau einmitt bönnuð, þá er þó ef til vill lagður meiri tálmi fyrir veiðina, með því að banna þau, en nauðsynlegt er til þess að vernda síldveiðina. Hvað snertir breytingartillögu hins h. þm. Mýr. (E. E.), þá sje jeg ekkert á móti henni, því hún ákveður að eins nákvæmar aðaltilgang frv. Það hefir verið mikið talað um þann skaða, sem hvalveið-

arnar hafi gert fiskiveiðunum. Jeg skal nú ekki segja neitt um það, hvort sú skoðun er rjett, en jeg álít það mjög vafasamt, hvort þær gera eins mikinn skaða og sumir álíta. Það geta verið skiptar skoðanir um slíkt, og jeg held að það sje enda ólíklegt, að þær geri þorskveiðunum mikinn skaða. Að minnsta kosti þykir mjer það nokkuð djörf ályktun, að kenna hvalveiðunum um fiskileysið á Breiðafirði, þótt hvalveiðarnar hafi alls ekki farið fram á Breiðafirði, heldur að eins í nánd við hann úti fyrir. Þegar fiskileysi er, eða að einhverju öðru leyti lætur illa í ári, vilja menn finna orsakirnar til þess. Þetta er líka eðlilegt. Þegar þá eitthvað nýtt kemur fyrir, sem ekki hefir tíðkazt áður, hættir mönnum til að setja það í samband við óáranina, þótt ekki sje víst að það standi í nokkru sambandi við þetta bága ástand. Eins og jeg játa, að illt kunni að geta leitt af hvalaveiðunum á stundum, eins álít jeg að ekki sje rjett að leggja ofmikla þýðingu í skoðanir manna í þessu efni. Ef 1. gr. verður samþykkt, eins og nefndin hefir farið fram á, þá held jeg að nauðsynlegt verði að gera einhverja breytingu á henni, því landhelgi getur og átt við firðina. En hinn h. framsögum. hreyfði því, að hann vildi og gera breytingartillögu við þetta til 3. umr. Þar sem nefndin hefir stungið upp á að setja nýja grein (2. gr.) inn í frv., þá hef jeg yfir höfuð ekkert á móti henni, og þykir hún allgóð, en jeg vil þó geta þess, að mjer fyndist eðlilegra, að skilyrðið fyrir því, að sá, sem markið á, geti fengið hlut úr hvalnum, væri, að hann ætti að sanna, að hvalurinn sje »löglega« skotinn, í stað þess að sanna, að hann sje »ekki ólöglega skotinn«, en það getur verið, að nefndin hafi eitthvað fyrir augum með þessu orðatiltæki, sem mjer nú í svipinn ekki er ljóst. Jeg skal játa það, að meiningin verður hin sama, og hjer er að eins um orðamun að gera, en jeg hefði þó kunnað betur við að orða þetta eins og jeg nú hef bent á.

Tryggvi Gunnarsson: Hinn hæstv. landshöfðingi kom með sömu ástæður, sem teknar eru fram í athugasemdunum við frv. stjórnarinnar, fyrir því, að það sje varasamt, að hepta atvinnuveg landsmanna með því að takmarka um of hvalveiðarnar. En jeg verð að álíta, að skoðan nefndarinnar, sem tekin er fram í nefndarálitinu, verði heilladrýgri fyrir landsmenn. Nefndin fylgir þeirri skoðun, að takmörkunin sje hepting á atvinnuveg; þá get jeg nú samt ekki sjeð, að hún sje hepting á atvinnuveg landsmanna, heldur ef til vill útlendra manna, því nú sem stendur er þessi atvinnuvegur ekki stundaður af landsmönnum, og mjer sýnist ekki útlit fyrir, að þeir hafi föng á að stunda hann að nokkru ráði í næstu framtíð. Ef nú hvalirnir ekki verða verndaðir, þá býst jeg við að útlendingar verði búnir að eyða þeim, þegar sá tími er kominn, að landsmenn geti ef til vill sjálfir farið að veiða þá. Nefndin vildi því geyma hvalina þangað til landsmenn hefðu bæði afl og kunnáttu til að nota sjer þennan atvinnuveg. Að hvalirnir hafi mikla þýðingu fyrir síldveiði og fiskiveiði, held jeg sje engum vafa undirorpið. Jeg hef haldið norsk blöð í nokkur ár, og tekið eptir því, að þegar að því líður, að von sje á síldargöngunum, þá ganga telegrammar norður og suður með Norvegi, að nú sjáist síld, nú sjáist fugl, en þá vanti hvali til þess að reka hana saman, og svo hefir komið fregn um, að sjezt hafi til hvals, og þá sje von um, að nú fari að fiskast. Hvalurinn er nauðsynlegur til þess að reka síldina saman og upp á grynningar, þegar sú veiðiaðferð er höfð, sem nú tíðkast hjá Norðmönnum og eins hjer á landi, en ef höfð er sú veiðiaðferð, sem Hollendingar og Skotar hafa, þar sem síldin er veidd í reknótum úti á hafi, þá eru hvalir óþarfir. Breytingaratkvæði hins h. þm. Mýr. gengur lengra en nefndin. Stefna þessa breytingaratkvæðis er sú, að friða hvali á sumum stöðum allt árið í kring, en stefnan í uppástungum nefndarinnar er að friða þá að eins hálft árið frá 1. maí til 1. nóvember. Að fara að friða hvali allt árið á vissum fjörðum, þótt síldveiðafjelög hafi þar aðsetur, held jeg sje

ekki ætíð svo heppilegt og geti komið á ójöfnuði og ósamkvæmni. Setjum svo, að síldveiðafjelag hafi aðsetur á einum firði, og þá eru hvalir eptir breytingartill. friðaðir þar allt árið. Á næsta firði er aptur einn maður, sem og hefir síldarútveg, en þar er ekkert fjelag; þá má skjóta hvali þar helming ársins. Annað er það, að mjer finnst hjer geti verið mikil spurning um, hvort þess konar friðun ekki kemur í bága við hag landsmanna. Ef ís er við land á veturnar og hvalir í ísnum, þá mega fjarðarbúar ekki skjóta hvalina, ef síldveiðafjelag hefir aðsetur á firðinum, og getur þannig eitt einasta fjelag orðið því til fyrirstöðu, að allir fjarðarbúar hafi gagn af þessum hvölum. Jeg vil því ráða til að þetta breytingaratkv. verði ekki samþykkt, en flutningsmaður komi sjer saman við nefndina um breytingaratkv., sem sje betur orðað, til næstu umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Hinn h. varaforseti (T. G.) hefir tekið fram fyrir mína og nefndarinnar hönd ástæður nefndarinnar fyrir þeirri breytingu hennar á þessu frv., sem hinn hæstv. landsh. virtist fremur finna að, sem sje því, að hún hefði farið nokkuð langt í ákvæðum sínum um friðun hvalanna. Þessi ákvæði eru sem sagt byggð á því, að það í rauninni væri alls engin skerðing á atvinnufrelsi landsmanna í þeim fólgin, af því landsmenn vanti enn bæði fje og kunnáttu til að geta stundað hvalaveiðar, og ekki er annað sýnt en svo muni standa í mörg ár enn þá. Jeg veit að sönnu, að ummæli h. hæstv. landsh. hafa verið gerð í bezta skyni, því að hann vill eigi að ofmikið band sje lagt á atvinnu landsbúa, en nefndinni virtist það heldur ekki gert með þessu. Menn geta að vísu alls ekki með fullkominni vissu sýnt og sannað, að hvalir hafi meiri áhrif á fiskiveiðar og sjer í lagi síldarveiðar landsins en stjórnin hyggur, en á hinn bóginn er jafnörðugt að sanna, hve mikil þessi áhrif í rauninni eru. Það getur enn sem komið er og líklega aldrei nokkur maður með vissu sagt, hversu fiskifróður sem hann er, og þess vegna álítur nefndin sjálfsagt rjettast að friða hvalina sem menn segja ex tuto: til vonar og vara, til þess að spilla eigi þessum áhrifum, hvort sem þau eru mikil eða lítil, því öllum kemur saman um, að þau eru nokkur, síldarveiðunum til eflingar. Það er þessi hygginda- eða varúðarregla, sem nefndin lagði til grundvallar, og hún er sjálfsagt rjett. Menn verða vel að gæta að því, að það getur orðið og hlýtur að verða um seinan, »að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í«; eða með öðrum orðum: það hlýtur að verða um seinan að friða hvalinn hjer við land, þegar búið er drepa hann og flæma hann burtu. Það má álíta sannað og víst, að hvalurinn eltir síldina til þess að fá sjer æti, og þá er það auðvitað líka víst, að þetta getur orðið til þess að hann rekur að landi og inn á firði, og þegar svo er komið, er það sannreynt, að hann heldur síldinni í þjettum torfum upp í landsteinum, og gerir síldarveiðamönnum með þessu móti unnt að veiða hana. Sama gagn gerir hvalurinn, ef hann kemur inn á fjörð þar sem síld er fyrir, hvort sem hvalur hefur rekið hana á þær stöðvar eða ekki. Þó maður einnig geti hugsað sjer, að hvalur kunni að beina síldargöngu frá landinu, þá er það ekki nóg til þess, að gera hitt þýðingarlítið, því síður þýðingarlaust. Menn gæti og að því, að þetta eru heldur ekki eilíf lög, sem með þessu frv. eru sett; þeim má breyta, sem öðrum lögum, eptir bendingum reynslunnar, en nefndin áleit að heppilegra og hyggilegr aværi, að taka nógu djúpt í árinni fyrst, og slaka þá heldur til síðar meir, ef reynslan kynni að sýna, að of langt væri farið, heldur en að þurfa að herða á lögunum síðar, þegar útlendingar eru búnir að temja sjer veiðina eptir of vægum og óviturlegum lögum. Það var út frá þessu sjónarmiði, sem nefndin gekk.

Jeg er samdóma h. hæstv. landsh. um að orðin: »að hvalurinn sje ekki skotinn ólöglega« sje að forminu til óheppilegar orðuð, en orðin: »að hvalur sje skotinn löglega«. En það verð jeg að taka fram, að meiningin er alveg sú sama, hvort hjer stendur »ekki ólöglega« eða »löglega«, því sá

sem vill helga sjer hvalinn eða rjettara skotmannshlutinn með merki sínu eða kúlu, verður, samkvæmt hinum almennu reglum um sönnunarbyrðina, eins og hún verður eptir þessum friðunarlögum, að sanna, að hann hafi ekki skotið hann innan landhelgi á hinu tiltekna tímabili, þ. e. »ekki ólöglega«, og það getur hann eins og allir sjá ekki gert nema með því að sanna, að hann hafi skotið hann utan landhelgi, þ. e. »löglega«. Þessi orð innihalda því ekki, eins og menn í fljótu bragði kynnu að álíta, og mjer virtist hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu (J. Ó.), glæpast á, probationem diabolicam, heldur hafa þau af ógáti slæðzt inn í úr frv. alþ. 1883, sem áður er um getið. Jeg satt að segja veitti þeim ekki eptirtekt, en er mjög fús á að breyta þeim við 3. umr. eptir bending h. hæstv. landsh.

Eirikur Kúld: Hinn hæstv. landsh. áleit varasamt, að skoða það sem sannað, sem þó væri sennilegt, viðvíkjandi því, hvaða ógagn hvalir gerðu fiskiveiðum, einkum að því er snertir Breiðaflóa. Jeg skal fúslega játa, að fullkomnar sannanir eru ekki fyrir hendi; en þessi sannfæring er byggð á þeim sömu rökum, sem færðar eru í sjálfu frv. stjórnarinnar, þar sem talað er um vitnisburð Sars háskólakennara í Kristjaníu, og hann segir, »að eigi sje fjarri öllum sanni, að hvalir geti stuðlað til þess, að reka síldina inn á firði og sund«. Ef það er nú enn fremur satt, sem h. 2. þm. Ísfirðinga (Þ. Magn.) sagði áðan, að síðan hvalaveiðamenn komu þangað, hefði eigi síld fiskazt, því hvalina vantaði til að reka hana inn, og þorskur hefði ei fiskazt af því að síldina vantaði, — ef nú þetta er satt um Ísafjörð og aðra vestfirði, þá er eigi ósennilegt, að hið sama eigi sjer stað um Breiðaflóa. Jeg skal játa það, að orsakirnar eru fleiri, svo sem þilskip bæði innlend og útlend, sem hafa það fyrir sið, að slægja dýpra, svo fiskur leggst þar að niðurburði þessum og fer ekki lengra inn. En því fleiri sem ástæðurnar eru, því hættara er við að fiskur ekki komi inn, fiskileysið verði tíðara og landsmenn líði við það. Dæmi það, sem h. varaforseti (Tr. G.) tók móti breytingartill. h. þm. Mýr. (E. E.), virðist mjer ekki vera nægileg sönnun á móti því til að fella það. Jeg efast um að það hafi verið alveg nauðsynlegt að skjóta þennan hval, sem höndlaður var í nótinni. Mjer þykir líklegt að dugað hefði eins vel að járna hvalinn, eins og tíðkað er á vestfjörðum; jeg veit eigi hvort h. þingm. þekkir þá aðferð. Jeg verð því að ætla, að það dæmi sje ekki nóg til að fella það breytingaratkvæði.

Jón Ólafsson: Jeg hef ekki breytt skoðun minni á þessu máli síðan á síðasta þingi, en jeg skal þó ekki mæla móti þessu frv. í heild sinni, en jeg verð að mæla sterklega móti 3. breyt. nefndarinnar, eða 2. gr., þar sem stendur að skotmaður fær engan hlut nema hann sanni, að hvalurinn sje ekki skotinn ólöglega. Þótt breyting. h. hæstv. landsh. komizt að, verður það í rauninni alveg sama; það er öldungis óheyrt og óheyrilegt, að leggja sönnunarbyrðina á hinn ákærða; það er alveg gagnstætt fornu reglunni: *accusanti probatio incumbit. (L. Bl.:* Sanna kröfu sína). Eptir núgildandi landslögum hefir hann sannað kröfu sína, ef hans skeyti, með hans þinglýstu marki, finnst í hvalnum. Ef jeg hef skotið hval, og sanna það með skeyti mínu, þá er það hróplegt ranglæti, að jeg fái ekki minn hlut úr honum; fái jeg hann ekki, liggur í því grunur um að jeg hafi skotið hann á ólöglegan hátt, og þann grun eiga aðrir að sanna að sje á rökum byggður *(accusanti probatio)* og að þeir því hafi ástæðu til að banna mjer minn hlut; en hitt er óheyrt og ósanngjarnt, að heimta, að sá, sem grunaður er, eigi að sanna, að grunurinn sje ástæðulaus. Þetta er svipað eins og ef hreppstjóri seldi óskilalamb, og þegar eigandi kæmi, sem gæti sannað, að lambið væri með sínu löglega marki, þá segði hreppstjórinn við hann: »nei, góði, þú færð ekki andvirði lambsins, — nema þú getir sannað, að þú hafir ekki stolið því«. Einnig verður þessi ákvörðun sjerstaklega alveg ósanngjörn í framkvæmdinni. Jeg skal taka

dæmi: jeg er hvalveiðamaður og hef nú einusinni skotið á einn hval í þoku, og hugði að jeg væri fyrir utan landhelgi, jeg missi hvalinn, en þegar þokunni ljettir, sje jeg að jeg hef verið fyrir innan landhelgi. Jeg fer þá í land sem ráðvandur maður og segi frá óhappi mínu, og borga mína sekt. En svo stendur nú líka á, að jeg hef áður á sumrinn skotið á 10 hvali löglega og ekki náð þeim, en þennan eina innan landhelgi. Þó þá reki nú alla saman, þá missi jeg minn skothlut í þeim öllum, af því jeg get ekki sannað um hvern einn, að hann sje sá, sem jeg skaut í landhelgi, nje að nokkur einn þeirra sje ekki sá, sem jeg skaut í landhelgi. Þannig hef jeg misst þá alla, að eins vegna þessa eina hvals, sem jeg þó hef sjálfkrafa greitt sekt fyrir. Auk þess verður hvalveiðamanni opt og tíðum ómögulegt að sanna, að hann hafi eigi verið í landhelgi, þegar hann skaut, þótt hann sje viss um að hann hafi ekki verið það; hverja hefir hann, sem með vissu geta vitnað það með honum að hann hafi verið fyrir utan landhelgi? Hverjir hafa mælt það upp á faðm? Jeg verð því að mæla með því, að að minnsta kosti þessi ákvæði frv. verði úr því felld. Jeg get ella ekki gefið því atkvæði mitt.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Mig furðar á ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að hann skuli blanda saman svo ólíkum hlutum eins og ákæru til sektar og spurningunni um eignarrjett. Ef hið opinbera kemur og vill sekta fyrir brot gegn lögunum samkvæmt 3. gr., þá, já þá á það að sjálfsögðu að sanna, að veiði hafi farið fram ólöglega. Mig furðar mikillega á, að þingmaðurinn skuli ekki geta greint hið »civile« atriði frá þessu; hverjum dettur í hug, að sekta mann, þó hann geti ekki sannað, að hann hafi skotið löglega? *(Jón Ólafsson:* Missir veiðifangið). Öldungis rjett hjá þingmanninum; en jafn öldungis óskiljanlegt er það, að hann skuli ekki sjá, eða vilja viðurkenna, að hann sjái, að það er sitt hvað, sem svart og hvítt, að fá eigi veiðina, eða vera sektaður. Það er satt, að sönnunin, sem hann á að færa til þess að fá veiðifangið getur verið örðug, en hún á líka að vera það, af því hlutarins eðli og hinar almennu reglur um sönnunarbyrðina heimta, að það hljóti svo að vera, sem nefndin hefir ákveðið. Það er ekki til neins að búa til lög út í bláinn á pappírnum einum, heldur eiga þau að vera dugleg til framkvæmda, og það fyrsta skilyrði fyrir því er, að þau hvíli á almennum löggjafargrundvelli. Ef þingmaðurinn vill, að hver sá útlendingur, sem skotið hefir hval, sem rekur, skuli fá skotmannshlut úr honum, nema landsmenn eða rekaeigendur geti sannað, að hann sje ólöglega skotinn, þá yrðu þeir dag og nótt að halda vörð kring um allt land á landhelgislínunni út á sjó, og dygði þó ekki til. Þeim mundi eigi að síður optast ómögulegt að sanna, að ólöglega hafi verið skotið, og þennan bagga vill þingmaðurinn taka af herðum útlendra hvalveiðimanna, og leggja á bak landeiganda og rekaeiganda móti lögum og rjetti. Það er annars merkilegt um þennan h. þingm., hversu hann bæði nú og endrarnær dregur taum útlendinga gagnvart landsmönnum, þegar um fiskiveiðamál er að ræða. Dæmið, sem hann tók, sannar ekkert, minna en ekkert. Það er innanhandar fyrir skotmanninn að merkja kúlur sínar, setja númer á þær, svo að hann geti vitað nákvæmlega, hvort sá hvalur, sem rekur, er sá sami sem hann skaut á þann og þann dag, já þann og þann klukkutíma. Ef skotmaður kemur t. a. m. inn á Húsavík, og segist hafa skotið og drepið hval með kúlu, er hefir víst tiltekið númer, og þetta er um hábjartan dag fyrir utan Tjörnnes, og skipið hefir ekki sjezt frá landi, þá eru öll líkindi, ef eigi næg sönnun fyrir, að hvalurinn sje löglega skotinn, þ. e. ekki innan landhelgi. Það liggur í hlutarins eðli, að sönnunin verður að leggjast á skotmanninn, en það eru engin rangindi, þó að hún kunni að verða honum torveld. Þeir um það, þessir útlendu herrar, hvort þeir vilja vinna til að gera út hvalveiðaskip til Íslands eða ekki. Og ef það ætti að vera skilyrði fyrir, að þeir geri slíkt, að þeir fái skotmannshlut,

úr öllum hvölum, sem reka eður finnast dauðir á floti, að ónauðsynlegt sje að þeir sanni, að þeir hafi drepið hval þann löglega, þá vona jeg að h. þingm. verði einn um það hjer í deildinni, að færa þeim slíka fórn. Þeir geta gjarnan sparað púður sitt, kúlur, skip og mannafla, ef þeir eiga að vera of góðir til að hlýða landslögum og rjetti, sem byggður er á almennum og rjettlátum grundvallarreglum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki setið á mjer að geta þess, að margir þeir menn, sem hafa mælt með þessu frv., þykjast hafa meiri þekkingu á fiskigengdum, en auðið er að þeir hafi. Það er eigi unnt að sanna, hvers vegna fiskur kemur eitt árið á þá staði, þar sem hann ekki kemur hitt árið. Jeg tek undir með þeim, sem hafa á móti þessari nýju 2. gr., og tel jeg hana mjög óheppilega. Ef löglega þinglýst merki finnst í hvalnum, þá hefir skotmaðurinn með því sannað rjett sinn til hans. *(B. Sv.:* Nei. *J. Ól.:* Jú). Það þarf eigi annað. En sönnunin um lögmæti verknaðarins getur opt verið með öllu ómöguleg, og það er gagnstætt öllum laga-anda, að sá beri sönnunarskylduna, sem brot er borið á. *(B. Sv.:* Ekkert brot borið á hann). Það verður að koma sönnun fyrir því, að hann hafi veitt á ólöglegan hátt, ef hann á að missa nokkurs í. *(J. Ól.:* Alveg rjett. *B. Sv.:* Alveg rangt). H. framsögumaður (B. Sv.) sagði, að það væri munur á 2. og 3. gr., það er: munur á, hvort hann væri sektaður eða látinn missa eign sína. En eignamissirinn er partur úr sektinni. Jeg bið hann gæta vel að því, að sá, sem ekki getur komið fram með þá sönnun, sem lögin heimta, geldur eins konar sekt með eignarmissinum, en sá, sem sannað verður upp á brotið, missir bæði hlut sinn úr hvalnum og geldur sekt að auki, eða hann geldur tvöfalda sekt. Þeir gjalda báðir sekt, því eignarmissirinn er eins konar sekt. *(B. Sv.:* Nei). Það var eins og framsögumanni gæti ekki dottið í hug, að nokkur gæti skotið hval nema útlendingar. Það var eins og hann myndi ekki eptir neinum Íslendingi. *(B. Sv.:* Svo?). Ef hann vill snúa blaðinu við og segja, að enginn útlendingur megi drepa hval, þá skildi jeg, hvert nefndin ætlaði sjer. Þá kæmi fram allt önnur hugsun. En jeg get ekki fallizt á að segja, að útlendingar einir geti drepið hvali. Það er satt, að Íslendingar hafa enn ekki mikið af eiturkúlum nje góð föng á að skjóta hvali, en þeir geta lært það, og að minnsta kosti geta þeir æfinlega járnað hvali. Og mjer finnst Íslendingar eiga að vera undir sömu lögum og útlendingar að því er hvaladráp yfir höfuð snertir. Það getur opt verið alveg ómögulegt fyrir skotmanninn, að sanna, að hann hafi ekki skotið í landhelgi. Hann getur opt verið einn, þegar hann skýtur á hvalinn, eða þá með mönnum, sem ekki eru vitnisfærir, eða þá að minnsta kosti með mönnum, sem hafa gert sig seka í sama brotinu, ef nokkurt er. Hjer er verið að gera að skyldu það sem eigi er auðið að sanna. *(J. Ól.:* Rjett). Mig furðar á, að framsögumaður, sem er lögkænn maður, skuli geta talað fyrir öðru eins og þessu. Af þessum ástæðum er jeg alveg á móti frv.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer heyrist ekki veita af, að leggja nefndinni liðsyrði; svo harðan dóm fær hún. Jeg furða mig á, hve mikið h. þingmönnum hefir farið fram í lögkænsku seinustu tvö árin. 1883 kom þessi sama lagagrein fram í Ed. og gekk þá vel fram. Það er því ekki nefndin, heldur h. Ed., sem hefir greinina á samvizkunni, ef hún er svo óhafandi, sem af er látið. Í frumvarpinu, sem þar var samþykkt, stendur greinin svo: »Finnist skot með þinglýstu marki í hval, sem annaðhvort kemur á reka, eða finnst dauður á floti, skal skotmaður engan hlut úr honum fá, nema hann sanni, að hann skaut hval þann á tímabili því, sem eigi er bannað að skjóta hvali». Þessi grein gekk í hitt eð fyrra orðalaust í gegn um þingið, og frumvarpið komst til stjórnarinnar. Eptir langa umhugsun afræð hún að samþykkja ekki lögin, en þó af allt annari ástæðu en ákvæðum þessarar greinar, og þegar synjunin er komin, þá segir þing og þjóð: dæmalaus er þessi stjórn, að neita

svona góðum lögum samþykki sínu. En hvað heyrist svo, þegar greinin kemur orðrjett fram aptur á næsta þingi? Þá koma heiðraðir þingmenn fram, og segjast engan veginn geta samþykkt hana, af því hún sje óhafandi og öllum lagaanda gagnstæð. Mjer sýnist nú, að ef þingið fellir frumvarpið eða greinina, þá geti það ekki aukið álit þingsins hjá stjórninni; að minnsta kosti virðist mjer, að hún þá hafi verið afsökuð, þó hún ekki samþykkti þetta lagaboðið. Jeg fæ ekki sjeð, að nefndin eigi með nokkru móti þessar hörðu ákúrur skilið; hún hefir að eins tekið upp vilja þingsins, og lagt fyrir það þess eigin verk. Það væri rjettara af þingmönnunum, að mínu áliti, og meiri samkvæmni við sjálfa sig, að þeir samþykktu þetta frv. og þessa gr. nú, heldur en reyna að fella það. Þeir gætu þá heldur komið með breytingaratkvæði við 3. umræðu við það, sem þeim þykir óviðfeldið í frv.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla ekki að svara hinum h. þingm. Reykv. (H. Kr. Fr.); jeg vil ekki einu sinni eyða tímanum til þess, því jeg ímynda mjer, að h. þingd. skilji hvað við meinum báðir. Hann segir, h. þm., að ef sá, sem hefir drepið hval með kúlu eða skeyti, missir skotmarkshlut af því, að hann getur ekki sannað, að hvalurinn hafi verið löglega skotinn, þá verði hann fyrir sekt. Hjer við er að athuga, 1. að ómögulegt er að vita, hvort skotmaðurinn hefir skotið hvalinn löglega, ef það er ekki sannað, að svo hafi verið; 2. getur þingmaðurinn ómögulega kallað eignarmissi þann, sem af þessu kann að fljóta, sekt. Ef h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) skýtur á svölu, en svalan flýgur þrátt fyrir það í burtu, þingmaðurinn nær henni ekki, þá segir hann: Jeg varð fyrir sekt! Og ef h. þm. kæmi á fjöru til bóndans á Hjeðinshöfða, og segðist eiga þar hlut í hval, en getur ekki sannað, að hann eigi hann, eða hafi nokkurn tíma átt hann eða aflað hans á löglegan og leyfilegan hátt, og fær svo náttúrlega ekkert, þá segir hann: Jeg varð fyrir sekt! Hvaða sekt var þetta, spyr jeg þingmanninn? Hver dæmdi hann í þá sekt? Hvar var dómstóllinn? (*E. K.*: Líklega í tunglinu). H. þm. má ekki álíta samdeildarm. sína svo — jeg vil segja — blindaða, að hann geti talið þeim trú um, að það sje sekt, þó hann eða einhver annar missi eða rjettara sagt fái ekk það, sem hann ekki getur sannað, að hann sje eða hafi nokkurn tíma verið rjettur eigandi að. Nei! Hinn háttvirti þingmaður má til að þola, að allir nema hann sjá, að þetta er spurning, sem dómstólarnir afgjöra, ekki sem sektamál, heldur sem »vindications«-mál, eða þá sem skaðabótamál, ef búið er að eyða hvalnum. Yfir höfuð er þetta að minni ætlun sá dómadagsmisskilningur hjá h. þm., sem ekki mun auðvelt að finna dæmi til. Væri jeg ekki orðinn eins gamall, sem á grönum má sjá, þá kynni jeg að fara í skóla til hans til að læra slíka »undra«-lögfræði; en bæði er jeg gamall orðinn, og svo hefði jeg sjálfsagt ekki höfuð til að skilja annað eins og þetta!

Jón Ólafsson: H. varaforseti (Tr. G.) sagði, að ef þingmenn nú felldi þetta frv., þá bæri þeir ábyrgð fyrir þá ósamkvæmni milli þessara úrslita og undirtektanna undir þetta mál 1883. En jeg vil geta þess, að 1883 greiddi jeg atkvæði á móti öllu frv., af því mjer þóttu sumar ákvarðanir þess alveg óhafandi. (*Tr. G.*: Jeg talaði um þingið yfir höfuð, en ekki um neinn einstakan þingmann). En hann getur þó ómögulega talað um ósamkvæmni hjá öðrum en hjá þeim, sem hafa talað í þessu máli; hann hlýtur því að eiga við mig og aðra, sem hafa talað, og þá einmitt þá af þeim, sem talað hafa, sem hafa verið á móti frv. núna; en það er engin ósamkvæmni, ef þessir sómamenn hafa verið á móti frv. í líka átt 1883. Mjer finnst mega samþ. frv., en fella 3. tölul. í burtu, og fyrir því mun jeg greiða atkv. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að það væri rangt að kalla það sekt, þótt einhver væri látinn missa eign sína, því sú sekt væri ekki dæmd fyrir neinum dómstóli; það er að því leyti rjett; en hann er þó sviptur eign,

því ef hann getur sannað skotmarkið sem sína eign, þá á hann skothluta. (*B. Sv.*: Nei). Jú, eptir Jónsbók, sem enn gildir um þetta. Nefndin sjálf álítur skotið sönnun fyrir eign, og að eigandi skeytisins eigi í vissum tilfellum tilkall til skothluta, en svo vill hún láta hann missa þetta tilkall, ef hann ekki getur sannað, að hvalurinn hafi ekki verið skotinn ólöglega. En hvernig á hann að sanna það? Hvernig eiga vottar hans að mæla nákvæmlega, hvort hann er í landhelgi eða ekki? Og örðugast verður þetta, því nær sem hann er takmarkalínunni, en því hættara er einmitt við, að hann þurfi á slíkri sönnun að halda. Í flestum tilfellum verður skipstjóri sá eini, sem nærri getur farið um vegalengdina. Á hann þá að bera vitni í sínu eigin máli? eða er það meiningin, að hann hafi allt af vitnaskip siglandi á eptir sjer, hvert sem hann fer? Mjer finnst vel mega fella þessa einu gr., þótt frv. sje ekki fellt allt, eins og jeg tók fram.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Mig furðar stórlega á því, að h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skuli svona hvað eptir annað berja það blákalt fram, að sá, sem drepur hval með skoti, sje ekki skyldugur að vita, hvort hann hafi gert það í landhelgi eða ekki; því með þessu segir hann, að hvalveiðamaður þurfi alls ekki að skeyta um lögin; en að minnsta kosti verður hann að eiga á hættu að þurfa að sanna, að hann hafi skotið hval þann fyrir utan landhelgi á friðunartímanum, sem hann á að geta fengið skotmannshlut úr, hvað sem svo þingm. segir.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er nú reyndar ekki mikið inn í þessu máli; en þó finnst mjer nefndin mikið hafa bætt málið eða stjórnarfrumvarpið; að öðru leyti er jeg samdóma þeim, sem talað hafa á móti 3. tölul. Mjer finnst rjettur útlendinga og innlendinga eiga að vera sá sami, og yfir höfuð finnst mjer sönnunarbyrðin ekki geta legið á þeim, sem skotið hefir; hið opinbera eða einhver ákærandi einstakur maður hlýtur að þurfa að sanna í þessu tilliti. Það er virkilega hart, eins og h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram, ef hreppstjóri selur óskilakind, og eigandinn kemur fram síðar með sönnun, að hans sje mark og einkenni á kindinni, og getur ekki fengið kindina samt, af því hann getur ekki sannað, að hann hafi ekki stolið henni, þótt enginn geti sannað hið gagnstæða. (*B. Sv.*: Misskilningur!). Sömuleiðis, ef maður vinnur allan daginn, og fær svo ekkert kaup að kvöldi, af því maður getur ekki sannað, að maður hafi unnið löglega, þótt enginn sanni hið gagnstæða. Þetta mun gagnstætt okkar viðurkenndu rjettarfarsreglum. (*B. Sv.*: Misskilningur!). Jeg álít það því nokkurs konar sekt, að missa þannig sitt aflafje, sem hann hefir með merktu skoti náð rjetti á, þar til annar sannar, að hann hefir á lögbönnuðum stað skotið.

Holger Clausen: Það mun verða örðugt að ná í hvalveiðamennina, ef þeir veiða ólöglega, ef þeir eiga ekki að sanna, að þeir hafi ekki veitt ólöglega. En þeim er auðvelt að sanna þetta. Hvalirnir eru ekki merktir á eyrunum, eins og hestar og sauðfje. En menn geta sett tölur á kúlur sínar, haldið bók yfir hvar skotið er, og svo getur hver sannað, að hann hafi skotið löglega. Englendingar eru praktiskir, og sýnir þetta máltæki þeirra það meðal annars: *The best proof of the pudding is the eating of it.* Menn vita, að hvalveiðamenn hafa komið hingað, sezt hjer að, og gert oss heldur ógagn en gagn, reist hjer grindahjalla og borgað lítið til landssjóðs eða fátækra, (*J. Ól.*: Mikið!), skemmt okkar fiskiveiðar, (*J. Ól.*: Nei!), eða að minnsta kosti getur enginn sannað, að þeir hafi ekki gert það, þótt erfitt kunni að vera að sanna, að þeir hafi gert það. (Hlátur!). Vjer höfum því mjög lítið gott af þeim.

Atkvæðagr.: Breyting á fyrirsögninni samkv. tillögum nefndarinnar (C. 161) samþykkt með 16 atkv.

Viðbót og orðbreyting E. Egilsons (C. 195) við 1. gr. hjá nefndinni (C. 161) samþ. með 19 atkv.

Fyrsta gr. í frv. nefndarinnarinnar með áorðinni breytingu samþ. með 21 atkv., og

var 1. gr. stjórnarfrv. (C. 41) þar með fallin.

Þá var 3. liður nefndarinnar, sem varð 2. gr., samþ. með 14 atkv. gegn 6.

Fjórða breyt. nefndarinnar, sem varð 3. gr., var þá samþ. með 18 atkv., og þar með var 2. gr. stjórnarfrv. fallin.

Fimmta breyt. nefndarinnar, sem varð 4. gr., var samþ. með 17 atkv., og með því var 3. gr. stjórnarfrv. fallin.

— Málinu vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 1.

Frv. til laga um breyt. á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, 2. umr., var eptir ósk nokkurra þingm. tekið út af dagskrá.

Frv. til laga um fiskiveiðar í landhelgi (C. 108); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að eins að geta þess, að eins og h. þingd. sjer, þá hefir nefndin (C. 178) ekki getað fallizt á stjórnarfrv. um fiskiveiðar í landhelgi óbreytt, og því síður á stjórnarfrv. um bátafiski á fjörðum. Nefndin ræður því h. deild til að fella alveg frv. stjórnarinnar um bátafiski á fjörðum, því nefndin skoðar það að eins sem undantekning frá hinu frv. Nefndin hefir sett inn nýja gr. í staðinn fyrir 1. gr. í frv. stjórnarinnar um fiskveiðar hlutafjelaga í landhelgi, og grípur hún yfir efnið í frv. um bátfiski og meira til; þar af leiðir, að frv. um bátfiski á fjörðum má falla alveg niður.

Landshöfðingi: Jeg er að vísu h. nefnd samdóma í því, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að steypa saman í eitt lagafrv. ákvörðunum beggja þessara stjórnarfrv. En viðvíkjandi nefndarfrv. því, er hjer liggur fyrir, hefi jeg ýmislegt að athuga um hinar einstöku ákvarðanir þess; en jeg skal geyma mjer það til 2. umr. um málið.

Atkvæðagr.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um bátafiski á fjörðum (C. 61); framh. 1. umr.

Frv. var umræðulaust fellt frá 2. umr. með 13 : 6.

Tillaga til þingsályktunar frá bankamálsnefndinni (C. 158).

Samþ. að hafa 1 umr. um hana.

Tuttugasti fundur, fimmtudag 23. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 113, 180, 181, 196); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Það er gamall málsháttur, »að svo verður hver að koma til dyranna sem hann er klæddur», og tek jeg þau orð mjer í munn fyrir sakir þess, að jeg finn til þess og játa, að mig skortir mikið á að geta flutt þetta mál fyrir hinni háttvirtu deild, svo vel sje; í fyrsta lagi er mjer ljóst, hve mál þetta er þýðingarmikið fyrir land vort og lýð, og í öðru lagi finn jeg, hve kraptarnir eru veikir. Jeg finn glöggt, að byrðin er þung, en herðarnar veikar.

En það er annað atriði, sem engu miður aflar mjer áhyggju í þessu máli, og það er yfirlýsing sú, sem h. landshöfðingi bar fram af hendi stjórnarinnar viðvíkjandi endurskoðun stjórnarskrárinnar þegar í byrjun þessarar fyrstu umræðu málsins. Innihaldið eða kjarninn í þessari yfirlýsingu var sá, að einu leytinu, að stjórnarskráin væri fullkomin, góð og gild, að hún væri því eigi til fyrirstöðu, að landið og þjóðin gæti tekið öllum framförum í andlegum og líkamlegum efnum, og að hvers konar breyting á henni væri þess vegna ónauðsynleg, og ófáanleg frá stjórnarinnar hálfu; að hinu leytinu, að stjórnarskipunarlög hvers lands yrðu að vera byggð á föstum grundvelli, að brýna nauðsyn þyrfti þess vegna til að breyta þeim, og að menn yrðu að vera vissir um, að breytingarnar væru til bóta, en að skoðanir alþingis væru í þessu efni reikular, sem sjá mætti af samanburði milli stjórnarskrárfrumvarpa alþingis 1873, 1881, 1883 og nú 1885, sjer í lagi hvað hina æðstu stjórn landsins snertir. Að vísu var nú yfirlýsingu þessari svarað á stangli af nokkrum þingmönnum

þá þegar; en bæði sökum þess, að þessi yfirlýsing snertir þau atriði, sem í sjálfu sjer hafa allsherjarþýðingu fyrir málið í heild sinni, og fyrir sakir þess, að hún verður sjálfsagt sá einasti boðskapur og leiðarvísir frá stjórnarinnar hálfu — menn gleymi því eigi, að hún er ekki frá brjósti landshöfðingja —, sem vjer getum gert oss von um á þessu þingi, þá er sannarlega nauðsynlegt og áríðandi, að veita yfirlýsingunni og öllum atriðum hennar hið mesta athygli; en það verð jeg jafnframt að taka sterklega fram, að vjer verðum að gjalda varhuga við, að byggja frekar en nauðsynlegt og hóflegt er á þessari yfirlýsingu, í þá átt, er leiða mætti til að hika við að endurskoða hina núverandi stjórnarskrá Íslands, sjer í lagi með tilliti til þess aðalatriðis, er h. landshöfðingi tók svo skýlaust fram, »að *stjórnin áliti sjerhverja breytingu á stjórnarskránni ónauðsynlega að svo komnu, og mundi því eigi aðhyllast neinar breytingar á henni*». Jeg verð nú að leyfa mjer að dvelja eitt augnablik við þessa yfirlýsingu, og þó jeg verði að sumu leyti að taka það upp aptur, sem áður hefir verið sagt, þá verða hinir háttvirtu þingmenn að sýna þolinmæði og umburðarlyndi.

Jeg endurtek það þá, sem jeg í byrjun þessarar umræðu beindi til hins h. svonefnda ráðgjafa Íslands. Mjer virðist sannarlega, að þessi yfirlýsing sje ærið kynleg og ótímabær, að því leyti, sem hún sjálfsagt á að útiloka endurskoðun eða breytingu á stjórnarskrá Íslands. Á þessi mín orð vil jeg nú færa nokkrar sönnur: 1. Jeg tók fram, að í 61. gr. stjórnarskrárinnar sjálfrar væri skýlaus og vafalaus heimild gefin eigi að eins stjórninni, heldur einnig, og það sjer í lagi alþinginu, til að koma fram með breytingaruppástungur á stjórnarskránni, og viðauka við hana, á hverju helzt alþingi sem væri; enn fremur leiddi jeg athygli hinna háttvirtu þingmanna að því, að langan og lögákveðinn undirbúning þyrfti — einmitt eptir þessari sömu gr. — til þess, að slíkar breytingaruppástungur gætu komizt á það stig frá þingsins og þjóðarinnar hálfu, að þær yrðu einu sinni bornar undir atkvæði stjórnarinnar, eður á þeim leitað staðfestingar konungs, sem stjórnarskipunarlögum; og loks tók jeg fram, að stjórnin væri skyldug til að taka þann þátt í þessum undirbúningi, sem stjórnarskráin fyrirskipar. Við þetta allt vil jeg nú enn fremur bæta því, að hvívetna þar sem lögbundin konungsstjórn og constitutionelt líf hefir fest sannar og djúpar rætur, þar er að vísu stjórnarskipunin sjálf á föstum og stöðugum grundvelli byggð; en gæti menn vel að því, að einmitt þessi hin sama stjórn er völt og hvikul að mönnunum til eptir eðli sínu; það er með öðrum orðum sagt, að það er að minnsta kosti vel mögulegt, að jeg ekki segi líklegt, að sá ráðgjafi Íslands, sem nú er, einmitt vegna þess, að hann um leið er, eða eiginlega er ráðgjafi Dana, sitji ekki í þeim sama sessi, sem nú gerir hann, þegar þessar breytingar á stjórnarskrá vorri, sem vjer nú fyrirhugum, eiga að berast undir atkvæði hans eða ættu að öðlast staðfestingu konungs, *(Jón Ólafsson:* Það er vonandi), og þó hann sæti enn í þeim sessi, þá þekki jeg þann herra of illa, ef hann ljeti ekki sannfærast, þegar alþingi væri búið að koma fram með ratio sufficiens, fullnægjandi rök, fyrir breytingum sínum; að minnsta kosti er hann þá eigi svo gagntekinn af hinum »constitutionella» anda og lífi, sem sá ráðgjafi ætti að vera, sem til lengdar situr að völdum í Danmörku. Aðalmergurinn í yfirlýsingu h. landshöfðingja, sá, sem sagt, að stjórnin áliti enga breytingu á stjórnarskránni nauðsynlega, af því, að hún væri eigi því til fyrirstöðu, að þjóð vor gæti tekið framförum eptir atvikum, kemur nú sannarlega ekki sem bezt heim við anda og grundvallarreglur þessarar greinar, og þá engu heldur sú setning, að stjórnarskráin eigi að vera á föstum grundvelli byggð, það er að segja þannig skilin, að eigi megi breyta henni að þings og þjóðar vilja, þó það sje auðvitað, að ekki beri að breyta henni nema nauðsyn beri til og vissa sje fyrir því, að breytingin sje til bóta, eður það sje betra, er sett er nýtt, en það

sem af numið er, því þessar setningar, sem í sjálfu sjer eru sannar, og gilda um allar lagabreytingar, öll laganýmæli, og hafa því enga sjerstaklega þýðingu fyrir breytingu á stjórnarskipunarlögum.

En þegar nú fyrir alvöru er að ræða um það, hvort engin nauðsyn sje til að breyta stjórnarskrá vorri, þá ber svo vel í veiði, að vjer þurfum eigi að láta staðar nema við hina formlegu heimild í 61. gr. stjórnarskrárinnar, eður álit stjórnarinnar um þetta mál, eður hvort ástæða eða nauðsyn sje til að endurskoða eður breyta stjórnarskránni.

Hjer kemur fram á sjónarsviðið, gæti menn vel að því, 2. enn þýðingarmeira atriði, það atriði, sem h. þm. S.-Þing. að eins drap á í byrjun þessarar umræðu, og það er varauppástunga alþingis 1873. Þessi varauppástunga er, þegar hún er rakin til róta, þannig löguð, að jeg get naumlega ímyndað mjer, að það sje alvara h. háttvirta ráðgjafa Íslands, að það sje enga ástæðu eða nauðsyn að finna til þess að endurskoða stjórnarskrána 5. jan. 1874. Leggjum að svo stöddu ekki áherzlu á það, að frumvörp til endurskoðaðrar stjórnarskrár hafa komið fram á tveim undanfarandi þingum, 1881 og 1883, og á þessu síðara þingi verið samþ. með svo miklum atkvæðafjölda hjer í deildinni, að sárfá lagafrumvörp geta hrósað sjer af meiri atkvæðafjölda. Setjum eitt augnablik svo, að ráðgjafinn ekki þykist þurfa að gefa slíku gaum, einu út af fyrir sig, eptir grundvallarreglunni í 61. gr. En lítum þá á þessa varauppástungu í öllum hennar atriðum. Í henni, sem er ein heild í fleiri liðum, er með berum orðum það skilyrði sett, að stjórnin, einmitt sjálf stjórnin, skyldi leggja frv. til endurskoðaðrar stjórnarskrár fyrir Ísland fyrir hið 4. alþingi, sem saman kæmi eptir að hin fyrirhugaða stjórnarskrá, sem þingið gaf heimild tll að byggja á varauppástungunni, hefði öðlazt gildi; en nú er svo hið 6. alþingi byrjað, að stjórnin hefir ekki fullnægt þessu skilyrði frá þingsins og skyldu frá sinni hálfu. En hvað um það, þó þetta á skorti frá stjórninni, þá er varauppástungan engu að síður í fullu gildi fyrir þjóð vora og þing, því hún hefir inni að halda það skýlausa atriði, að alþingi geymdi sjer óskert landsrjettindi Íslands, og því einnig fullkomið löggjafarvald þeim viðvíkjandi, þrátt fyrir það, þótt stjórnin ekki uppfyllti sína skyldu gagnvart oss, og hvernig svo sem hin fyrirhugaða stjórnarskrá kynni að ganga á bug við landsrjettindi vor; og þannig hefir alþingi ekki sleppt einni hársbreidd af sönnum landsrjettindum Íslands, þann dag í dag. Þetta verð jeg að taka sterklega fram, og biðja hina háttvirtu þingmenn að láta sjer aldrei úr minni falla. Menn gæti vel að því, hvernig stjórnarmál Íslands horfði við árið 1873. Alþingi rjetti þá fram sáttfúsa hendi móti stjórninni, stjórninni, segi jeg, sem ætlaði að leggja stjórnarskipunarmál Íslands á hylluna, til þess að enda þetta dauðaþref og þauf um hina margfyrirheitnu stjórnarbót Íslands; til þess að eitthvað yrði gert landi og þjóð til viðreisnar, gaf alþingi stjórninni eins konar sjálfdæmi, en vel að merkja sjálfdæmi, sem var föstum og skýlausum skilyrðum bundið, meðal annars því skilyrði, að frv. um endurskoðun stjórnarskrár væri lagt af stjórnarinnar hálfu fyrir 4. þing. Það liggur í augum uppi, að það var skylda stjórnarinnar, samkvæmt þessu atriði, eður skildaga varauppástungunnar, að taka »initiativið», eður sjálfkrafa að koma fram með frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland! Nei, steinþögn hjá hinni háttvirtu stjórn! Það var að svo vöxnu máli, að alþingi sjálft tók og hlaut að taka endurskoðun stjórnarskrárinnar upp á dagskrá 1881; en — ekki í þá stefnu, sem það fór í frv. sínu til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, sem það gerði að aðaluppástungu sinni árið 1873, nei, heldur var hin endurskoðunin byggð á grundvelli stjórnarskrárinnar 5. jan. 1884, grundvelli þeirrar stjórnarskrár, sem stjórnin sjálf hafði samið, eins og henni bezt líkaði, já, meira að segja, alþingi þræddi svo nærri stjórnarskránni, sem það gat framast og sá sjer ýtrast fært, og vil jeg taka það til dæmis, að konungskosningunum til efri

deildar var haldið, og þær að eins takmarkaðar. Yfir höfuð fór það alþingi eigi fram á aðra verulega breytingu á meginatriði stjórnarskrárinnar um hina æðstu stjórn hinna sjerstaklegu Íslands mála en þá, að landshöfðinginn fengi ráðgjafavald og fullkomna stjórnlagaábyrgð fyrir alþingi. Það er nú deginum ljósara, að alþingi hafði fullkomna hvöt og ástæðu til þess, úr því stjórnin ekki hafði uppfyllt skildagann um endurskoðunina, samkvæmt varauppástungunni 1873, eins og jeg nú sagði, að draga hendina til baka, og hverfa til aðaluppástungunnar; en því fremur skyldu menn hafa ímyndað sjer, og talið það sem sjálfsagt, að stjórnin nú kæmi á móti þinginu á miðri leið. Nei! nei, steinþögn enn. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Frv. kom aldrei til stjórnarinnar). Frv. var samþ. í Nd. á því stigi, sem það náði, en hlaut að standa á sökum tímaleysis, með miklum atkvæðafjölda, og það gat stjórninni, sem þó líklega veit hvað fram fer á alþingi, ekki verið ókunnugt um; en sem sagt, steinþögn hjá hinni háttvirtu stjórn. En ekki þar með búið; svo kemur alþingið 1883. Það heldur sömu stefnunni, og byggir enn á grundvelli stjórnarskrárinnar 1874, býður enn hendina fram til samkomulags, eins og það hafði gert 1873; en steinþögn sem fyrri í þá átt; en þar á móti kemur hljóðið úr öðru horni, og það hljóð er um hjer um rædda yfirlýsing, sem dæmir stjórnarskrána, eins og hún er að bókstaf og framkvæmdinni blátt og beint áfram, án nokkurrar rannsóknar um málið sjálft, eða röksemdaleiðslu, góða og gilda að öllu leyti, og tilkynnir alþingi, að eigi sje til neins að hugsa til neinna breytinga á henni! Jeg segi það nú satt, að ef jeg vildi afsaka stjórnina, að jeg á ekki til í eigu minni betri afsökun fyrir hana í slíku en málsháttinn forna: »Hverjum þykir sinn fugl fagur!» Allt er gott sem jeg geri, segir stjórnin. Menn mega ekki skilja mín orð svo, að jeg þykist bera betra skynbragð á þetta mál, en stjórnin, hvað hana snertir; hún um sínar skoðanir og hvað henni er fyrir beztu; en þegar jeg, eins og jeg verð að gera, skoða þetta mál frá sjónarmiði Íslendinga, frá því sjónarmiði, er sjá má frá, og engum geta dulizt augljós stjórnlagalegrjettindi þeirra, þá ætla jeg, að happasælla hefði verið og sæmilegra og samboðnara, að stjórnin hefði í seinasta lagi nú á þessu þingi gert eitt af þrennu: lagt fyrir þingið frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, þó það aldrei nema hefði verið lagað eptir skoðun hennar að mestu, eða þá að ráðgjafinn hefði sjálfmætt hjer á þinginu til að sannfæra bæði mig og aðra þingmenn um gæði og gallaleysi stjórnarskrárinnar 1874, eða þá í 3. lagi gefið hinum h. ldsh., sem bæði stjórnin og þjóðin mátti treysta til hins bezta, sem óbundnast umboð til þess að semja við þingið og beina þessu máli í sem bezt og heillavænlegast horf á sem fljótastan og happasælastan hátt. Jeg ítreka það, að jeg tel það mjög óheppilegt, að stjórnin skuli eigi hafa gefið h. ldsh. neitt hið minnsta umboð í þessa átt, þeim manni, sem jeg fölskvalaust get sagt, að bæði stjórn og þing gat borið fullkomið traust til í þessu efni. Þessi hinn sami maður sá það í hendi sinni, og viðurkenndi eigi síður en aðrir á alþingi 1873, að stjórnarskrá sú, sem byggð mundi verða á hinni umtöluðu varauppástungu alþingis, mundi ekki geta orðið nein endileg stjórnarskrá, heldur að eins til bráðabyrgða, því honum var fullljóst, að alþingi slakaði til við stjórnina, til þess að fá nokkuð í staðinn fyrir ekki neitt. Hann segir þannig sjálfur á alþingi 1873: »Viðvíkjandi því, að í 3. tölul. 2. varauppástungu nefndarinnar er farið fram á, að stjórnarskráin sje ákveðin að eins til bráðabyrgðar, þá vil jeg leyfa mjer að áskilja mjer rjett til breytingaratkvæðis í þá átt, að hún skuli vera endurskoðuð á alþingi eptir tiltekinn tíma, svo sem 6 eða 10 ár». »Að öðru leyti felli jeg mig vel við þá stefnu, sem kemur fram í varaatkvæði nefndarinnar, og vona samkvæmt því, er h. konungsfulltrúi tók fram, að einmitt þetta varaatkvæði muni draga til sátta milli þeirra, sem áður hefir greint á í þessu máli». Þetta er vel mælt, þó

fyrir löngu sje; þetta sannar það líka, að h. ldsh. hefir eigi getað komið fram með yfirlýsinguna sem sína persónulega meiningu, heldur í umboði ráðgjafans í Danmörku, og það sannar jafnaugljóslega, hver meining og vilji alþingis 1873 var með tilslökun þeirri gagnvart stjórninni, sem kemur fram í varauppástungunni. Já, en nú eru þessi 6 og þessi 10 ár liðin og betur til! Jeg verð því að segja, að jeg fæ eigi betur sjeð, en að hjer sje augljós og óræk sönnun fyrir því, að þetta stjórnarfyrirkomulag, sem nú er, geti eigi verið vaxið því, að gróðursetja og efla eður auka þá konstitutionellu samvinnu, milli stjórnar og þings, sem er óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að stjórnfrelsi það, sem stjórnarskráin 5. jan. 1874 sannarlega átti að miða til, geti komið landi voru og þjóð að sönnum og verulegum notum. En ekki nóg með það, að varauppástunga alþingis 1873 er óefnd enn, með tilliti til endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Nei! Hún er líka óefnd enn í öðru engu miður umvarðandi atriði, og hefði skildagi hennar verið efndur eða uppfylltur, hvað það atriði snertir, mundi jeg að líkindum eigi hafa talað þessi orð, sem jeg nú tala hjer í dag. Gæti menn vel að því, að í varauppástungunni stendur (II b. alþingistíð. 1873, bls. 264), »að í stjórnarskránni skuli ákveða, að sjerstakur ráðgjafi skuli skipaður fyrir Íslands mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi«. Það er hverjum manni auðsætt, að það er ömögulegt að skilja svo þessi orð, að ráðgjafinn, sem sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, megi hafa eða geti haft önnur ráðgjafastörf á hendi, en að vera ráðgjafi Íslands, því þó ekkert væri annað því til fyrirstöðu, þá kostar það svo mikinn tíma og starfsemi, að setja sig, og það suður í Danmörku, inn í Íslands málefni, að mæta á alþingi úti á Íslandi, og yfir höfuð að geta staðizt sanna konstitutionella ábyrgð fyrir alþingi á stjórn Íslands mála, að það er engum manni einum meira ætlandi. Nei! En nú hefir það þó verið og er enn alveg öfugt, því ráðgjafi Íslands er ekkert annað en danskur ráðgjafi, að eins að nafninu til ráðgjafi Íslands, sem hefir enga ábyrgð fyrir alþingi. Hann situr í ríkisráði Dana sem ráðgjafi Íslands, og hve mikið, sem hann leggur sig í líma, þá er alls ekki sagt eða nein trygging eða vissa fyrir því, að hann geti komið sínum vilja fram. Jeg segi ekki, að hinir dönsku ráðgjafar sjeu illviljaðir Íslandi, en það er ómögulegt fyrir þá, að þekkja svo til Íslands mála; það er örðugt fyrir þann, sem á að setja sig inn í þau, og ekki hefir um annað að hugsa; en því örðugra fyrir þá, sem enga hvöt hafa til þess, tíma eður tækifæri, og þessi orð mín þurfa því ekki að verða til þess, að álasa í minnsta máta þeim háttvirtu herrum. Það er þessi drómi, þetta sambland á hinum sjerstaklegu stjórnarmálefnum Íslands, og á hinum almennu og sjerstaklegu stjórnarmálefnum Danmerkur, sem veldur hinu vonda meini á stjórnarhögum lands vors; hinc illæ lacrymæ (hjeðan tár Trójumanna); það er þetta mein, sem ávallt blæðir úr; það er þessu að kenna, að vjer þurfum svo opt að lesa í stjórnartíð. deild. B., að ráðgjafi Íslands kveðst æ ofan í æ hafa fundið ástæðu til að ráða hans hátign konunginum frá að staðfesta þau lög, sem vjer fulltrúar þjóðarinnar eptir bezta viti og vilja höfum íhugað, rætt og lagt samþykki vort á. Þetta er nú sannarlega ekki of hermt um þann tíma, sem liðinn er.

En nú er ekki þar með búið, því jeg get ekki betur sjeð, en að veðurmerki í þessa stefnu fari æ versnandi en ekki batnandi. (*H. Kr. Fr.*: Hvað segir þingm.?). Jeg skal bráðum segja það svo hátt, að h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) heyri. Jeg tel það þá fyrst, að h. þm. Reykv. hefir nýlega haldið sjálfur á skjali frá Íslendingum í Khöfn, undirskrifað meðal annara af hans eigin syni, sem láta það í ljósi með sterkum umkvörtunarorðum, að til vandræða horfi með stjórn mála vorra fyrir sakir þess, að danskur maður, sem líklega ekki skilur einu sinni íslenzku, sje nú tekinn inn í hina íslenzku stjórnardeild í stað hins dána landa vors, Oddgeirs sál. Stephensens. Hefir h. þm. Rv. heyrt þetta? Þá er engu minna vert um annað atriði, einmitt það, sem minni hlutinn, h. þm. Rv. tekur fram í ágreiningsáliti sínu,

þó furðu gegni, sem ástæðu fyrir því, að halda stjórnarfyrirkomulagi Íslandsmála óbreyttu, og það er ástandið núna í Danmörku. Það er einmitt það, sem jeg tel versta veðurmerkið, að vjer Íslendingar úti á Íslandi, svo friðsamir og konunghollir, sem vjer erum, og sem hafa að berjast við kulda, hafís og hret, og allar árásir og óblíðu náttúrunnar, að vjer, segi jeg, skulum vera bundnir við þá stjórnarbaráttu, sem nú á sjer stað í Danmörku, og sem ráðgjafi Íslands hlýtur líka alveg að vera óbeinlínis bundinn við, af því hann jafnframt er ráðgjafi í Danmörku. Stjórnar- og þingdeila Dana hlýtur að tvístra kröptum ráðgjafans, og þessi deila hlýtur að taka þann tíma frá honum, að honum er ómögulegt annað en að vanrækja meira og minna málefni Íslands? Hvert stefnir það, að vjer fáum þá menn til að fjalla um mál vor, sem eigi bera skynbragð á þau? Og hverju sætir það, að vjer skulum líða fyrir sundurlyndi og tvídrægni milli stjórnar og þjóðar í Danmörku? Nei! Þessi rekspölur er sannarlega allt annað en góður og glæsilegur, og svo sannarlega sem eigi er ráðin bráð og góð bót á þessari stefnu, þá sje jeg eigi hvar staðar nemur. En gagnvart öllu þessu segir stjórnin, að leiðrjetting á því sje óþörf, ófáanleg, ómöguleg.

Þá verð jeg að segja, að með þessum hætti gjöri stjórnin oss ómögulegt að byggja lengur á varauppástungunni 1873, því í staðinn fyrir að ganga áfram, þá göngum vjer bersýnilega aptur á bak á þessum grundvelli. Slíkan veg gat nefndin ekki gengið. Raddir þjóðarinnar, þjóðmeðvitund sjálfra vor, andi og kröfur tímans krefjast alls annars af oss. Nei! Jeg vil gjarnan ganga á leið til grafarinnar fyrir þjóð mína, en ekki með þjóð mína. Mjer þykir engin minnkun að játa, að þó aðrir gjöri lítið úr rödd þjóðviljans á Íslandi, þá vil jeg ekki skella skolleyrunum við honum, og á sama máli vona jeg að fleiri þjóðfulltrúar sjeu í hinni háttvirtu þingdeild.

Jeg vil alls ekki bera ófyrirsynju sakir á stjórnina; en það er henni að kenna, það er hennar ábyrgð, að grundvöllur varauppástungunnar 1873 hefir reynzt svo háll og viðsjáll, að þjóðin ekki vill byggja á honum lengur, og þetta ætla jeg að sje alveg nóg til að sýna, að hina brýnustu nauðsyn beri til þess, að bætt sje úr stjórnarfyrirkomulaginu hið bráðasta einmitt með því, að endurskoða stjórnarskrána. Hver hagur eða huggun getur það nú verið Dönum, samþegnum vorum og frændum, þótt vjer, þessi litla og fámenna þjóð, komumst ekkert áfram og dettum út af í örbyrgð og eymd, af því vjer eigi megum hafa ábyrgð vorra eigin gjörða í stjórnar- og löggjafarmálum vorum, sem frjálsri þjóð sæmir? Eða hver óhagur getur þeim verið í því, þótt Íslendingar komist áfram, blessist og blómgist sem mest þeir geta, einmitt með því eina ráði, sem til er og hugsast getur í þessa stefnu, því, að þeir hafi sem frjálsastar hendur með tilliti til landslaga sinna og landsstjórnar í hinum viðurkenndu sjerstaklegu málefnum landsins? Eða skyldu menn geta litið svo á, að Íslendingar hafi brotið af sjer þennan rjett síðan 1875 gagnvart stjórninni? Nei, sannarlega ekki. Jeg þori að skjóta því til allra þeirra, sem alþingistíðindin lesa, að þingið hefir, síðan það fjekk stjórnarskrá sína, sem hjer ræðir um, sýnt alla tilhliðrunarsemi við stjórnina og aldrei barið neitt blákalt áfram, það sem það vissi, að eigi mundi ná samþykki hennar, eður mundi valda misklíð milli þings og stjórnar. Jeg get í þessu efni sjerstaklega vitnað til h. hæstv. forseta, sem miklu fremur mjer — það játa jeg — hefir verið frumkvöðull að tilslökunarstefnu þingsins. Annað verður eigi með sanni sagt, en að Íslendingar hafa sýnt það, að þeir hafa vel kunnað að fara með frelsi sitt, það litla þjóðfrelsi, sem þeim og þingi þeirra var veitt með stjórnarskránni 1874, að þeir að sínu leyti hafi eflt hið »konstitutionella» líf, og leitazt við að vinna að framförum landsins og þjóðarinnar af ýtrasta megni; en það hefir ekki, því miður, reynzt einhlýtt, þar sem sú er orðin reyndin á, að alþingi hefir svo sára litlum mun meira að segja hjá stjórninni, en þó það væri að eins ráðgefandi; en þess vegna, einmitt þess vegna getur þingið heldur ekki

lengur staðið eða staðizt á þessum grundvelli.

En hvert á þá að snúa? hvert á þá að hverfa? Svarið liggur beint við: til aðaluppástungunnar 1873. En er þetta ekki að ganga aptur á bak, munu menn spyrja? Jú að vísu, að vissu leyti; en munurinn er þó sá, að þessi tími hefir ekki orðið oss ónýtur. Vjer höfum fyrir oss fullra 10 ára reynslu; vjer höfum sjeð, hve ráðgjafastjórnin í Danmörku hefir verið óheppin, hve henni hefir mistekizt að gera Íslendinga ánægða með stjórnarskrána 5. jan. 1874, og þessi reynsla á að gera oss hyggnari, og knýja oss til að halda fram landsrjettindum vorum á fastari grundvelli, á þeim grundvelli, sem samboðinn er eðlilegum stjórnarskipunarlögum lands vors. En eptir að jeg nú hefi gefið ástæðu, sanna og knýjandi ástæðu fyrir því, hvers vegna nefndin hefir vikið frá varauppástungunni, en ræður til að halla sjer að aðaluppástungunni 1873, með öðrum orðum: ræður til, að hjer verði skipaður landsstjóri með ráðgjöfum, sem hafi fullkomna ábyrgð á stjórnarstörfunum fyrir alþingi, þá geng jeg að því vakandi, að nefndinni muni mæta ýmsar mótbárur og spurningar, og það úr ýmsum áttum. Jeg geng að því vakandi, að menn munu spyrja: 1. Fullnægir þetta stjórnarfyrirkomulag hinum sönnu þjóðarþörfum Íslendinga? Jeg svara þá: þetta stjórnarfyrirkomulag og ekkert annað, sem um getur verið að ræða. Líti menn á afstöðu Íslands, og fjarlægð þess frá Danmörku, og landsháttu alla. Líti menn á, eða rjettara sagt, skynji menn rjettilega þjóðerni, tungumál, lundarlag og allt einkennilegt atgjörvi, hugsunarhátt og þjóðarmeðvitund Íslendinga. Rannsaki menn allar ræður og rit ágætismanna vorra, er talað hafa og ritað síðan dagsbrún frelsisins fór aptur að bregða fyrir á Íslandi með stofnun standaþinganna fram á þennan dag. Lesi menn spjalda á milli tíðindi hinna mörgu alþinga, og skyggnist menn loksins inn í hug og hjarta hvers viti borins manns á Íslandi! Sjerhvert eitt af þessu og allt til samans mun hátt og hátíðlega sanna mál mitt, bera vitni um, að það er satt, sem jeg segi. Menn munu þá sjá þess óræk vitni, að ekki einungis hinir þjóðkjörnu þingmenn, heldur og hinir konungkjörnu þingmenn hafi játað, að það sje að eins innlend stjórn á Íslandi, sönn og veruleg innlend stjórn, sem geti stofnsett þjóðlegar framfarir meðal vor. Oss Íslendingum hefir verið brugðið um það, að vjer værum fúsari á, að heimta rjettinn, heimta frelsið, en fullnægja þeim skyldum, þeim byrðum, sem frelsinu fylgja, og þó þessu mætti svara svo, að oss hingað til hafi eigi staðið frelsið til boða nema í sára skornum skamti, þá má þó búast 2. við þeirri spurningu: Getur hið fátæka Ísland staðizt kostnaðinn af þeirri stjórn, sem hjer ræðir um? er hún ekki of dýr fyrir land vort? Jeg er ekki reikningsmaður mikill, en án þess að fara út í krónureikning að þessu sinni, svara jeg: það getur verið, að stórauðug þjóð geti um tíma risið undir eður staðið straum af óhentugri, erlendri, seinfærri, óþjóðlegri og starflítilli stjórn, en alls eigi til lengdar; en hitt er víst og vafalaust, að innlend, frjáls, starfsöm og þjóðleg stjórn er sönn uppspretta auðæfanna, og að aptur á móti erlend, óþjóðleg, ófrjálsleg, óhagkvæm og framkvæmdarlítil stjórn er hyldýpisbrunnur fátæktar, örbyrgðar og volæðis, og má jeg spyrja: Mundi jeg geta nefnt betra dæmi, ómótmælanlegra dæmi upp á þennan sannleika, en einmitt sjálft Ísland?

Þessar spurningar snúa nú inn á við, eður lúta að oss Íslendingum sjálfum; en það eru líka aðrar hliðar þessa máls, sem snúa út á við, og geta engu síður valdið spurningum. Menn geta sagt, sem sje spurt: 3. Geta menn vænzt þess, að samþegnar vorir Danir muni vilja sleppa við oss svo lausum taumnum, að vjer getum fengið slíka stjórnarskipun, sem hjer ræðir um? Munu ekki koma fram mótspyrnur frá hinu almenna löggjafarvaldi í Danmörku? Við þessari spurningu kveð jeg hiklaust nei, því hjer er ekki að tala um önnur mál en þau, sem eptir stöðulögunum 2. jan. 1871 eru sjerstakleg málefni Íslands, þau hin sömu mál, sem Danir sjálfir hafa ákveðið, og hið al-

menna löggjafarvald hefir viðurkennt, að skuli vera sjerstakleg landsmálefni vor. Og því skyldum vjer að öðru leyti tortryggja frændur vora Dani um það, að þeir vilji unna oss fullkomins stjórnfrelsis í þessum málum? Jeg skal leyfa mjer að lesa upp fáar línur eptir danskan mann um þetta mál: »Á Íslandi ætti að vera maður, sem konungur nefndi til og hefði ábyrgð fyrir konungi einum, — köllum hann vicekonung eða landstjóra eða landræðismann eða stiptamtmann eða hvað sem menn vilja;—bezt væri að finna eitthvert gamalt íslenzkt nafn. Þessi maður ætti að hafa á hendi æðstu forustu Íslands sjerstaklegu mála, svo að konungs samþykki þyrfti ekki að koma þar til, nema í hinum allra helztu íslenzku málum. Undir honum ætti að standa einn maður eða fleiri, ef Íslendingar vildi, með öðrum orðum íslenzkur ráðgjafi eður íslenzkt stjórnarráð, sem hefði alla ráðgjafastjórn á hendi í öllum Íslands sjerstaklegu málum, og hefði ábyrgð fyrir alþingi. Ef hagað væri þannig til eða þessu líkt, þá gæti fyrst komið til mála um frjálsa framför Íslands». Hver vill nú efast um, að fleiri Danir hugsi eins og þessi ágætismaður? Einn Norðmaður, víðfrægur um allan heim, hefir einnig sagt: Ísland sofnaði (náttúrlega sem barn á brjósti) við hlið Noregs, en vaknaði við hlið Danmerkur (náttúrlega eins og reyndur og ráðinn maður). Loksins vil jeg gera ráð fyrir þeirri má ske mest umvarðandi spurningu: Gengur þessi breyting á stjórnarskránni 1874 ekki of nærri prærogativis hans hátignar konungs vors, og þessi spurning er þá sama sem: Getur hans hátign konungurinn staðfest þá stjórnarskrá fyrir Ísland, sem hjer er farið fram á? Þessa spurningu þurfa menn að gera sjer ljósa. En henni svara jeg á þessa leið: Ipse facit, qvod per alium facit: Það sem konungurinn lætur landsstjórann gera, það gerir hann sjálfur. Þessi setning á hjer við; það get jeg fullvissað hina háttvirtu þingmenn um. Jeg get sýnt og sannað, að þetta er alveg rjett. Jeg skal taka dæmi af drottningu Engla; ekki álítur hún of nærri höggvið sínum prærogativis, þótt hún nefni landstjóra, eigi að eins í hinum stærri nýlendum, heldur einnig í smáfylkjunum í þessum nýlendum, landsstjóra, sem einmitt staðfesta lögin í hennar nafni og umboði? Jeg vil taka til dæmis British Columbia og Manitoba í Canada, og hafði þó hið fyrnefnda fylki 1861 að eins 50,000 íbúa, en hið síðarnefnda að eins 12,000, allt svo bæði fólksfærri en Ísland. Frá þessu sjónarmiði er það því barnalegt, að koma með mótbárur eða spurningar til þess að hrekja og vefengja frumvarp nefndarinnar. En það er annað mál, hvort konungur vill veita Islandi þá náðargjöf, sem hjer ræðir um; efist um það, hver sem efast vill; en yfir því lýsi jeg í þingsal Íslendinga, að jeg skal vera síðastur manna til þess, að efast eitt einasta augnablik um það, að hans hátign Christian hinn IX. vilji veita Íslandi sjerhvað það, sem svo ómótmælanlega, sem þetta, eflir frelsi þess og hagsæld, og engu síður vegsemd sjálfs hans. Vjer höfum of mörg dæmi um hans sönnu og landsföðurlegu ást og umhyggju fyrir Íslandi til þess, að vjer í þessu tilliti þurfum að bera nokkurn kvíðboga. Hann hefir þar að auki í auglýsingu sinni 23. febr. 1864, ef jeg man rjett, við byrjun ríkisstjórnar sinnar lýst yfir því, að hann beri og muni bera sömu umhyggju fyrir öllum þegnum sínum, og hann hefir sýnt og sannað í verkinu, að Íslendingar eru eigi hans olnbogabörn.

Að svo mæltu um þessi aðalatriði málsins get jeg nú orðið stuttorður um það sem eptir er. Jeg tek að eins fram, að önnur aðalbreyting nefndarinnar er fólgin í því, að hún kom sjer saman um að fella burtu konungkjörna þingmenn. Jeg fylgi nefndinni í því tilliti, en legg eigi sjerstaka áherzlu á það, og mitt persónulega álit er, að þetta sje eigi verulegt atriði. Að öðru leyti hefir nefndin sett í staðinn fyrir konungskosningarnar tvöfaldar kosningar til Ed., og bundið kjörgengið sjerstaklega við 35 ára aldur, svo trygging skyldi vera fyrir því, að rosknir og ráðnir menn yrðu valdir til efri deildarinnar meðal beztu manna landsins, svo jeg sje ekki, að neitt sje í hættunni. Viðvíkjandi smábreytingum hjá

nefndinni vil jeg bíða boðanna. Jeg játa, að gallar geta verið á frv., því það er eigi auðgjört verk að gera slíkt frumvarp, sem þetta, vel úr garði á stuttum tíma. En betur sjá augu en auga, og nefndin er fús að taka hverri helzt bendingu og breytingu, sem til bóta miðar; að eins áskilur hún, að grundvellinum, sem hún byggir á, verði ekki raskað. Því verð jeg að halda fram, að þó menn breyti og þykist þurfa að breyta frumvarpinu, þá verða menn þó að standa bjargfast á þessum grundvelli, og leyfi jeg mjer að skora á hina háttvirtu þingmenn, að verða nefndinni samtaka í þessu, því jeg er sannfærður um, að undir þessu er komin hamingja og farsæld, framför og frelsi vor og niðja vorra um langan aldur!

Landshöfðingi: Við fyrri hluta þessarar umr. tók jeg eiginlega allt það fram, sem jeg þóttist þurfa að segja í þessu máli við 1. umr., og skal jeg því ekki vera langorður um málið nú. Þó vil jeg svara þeirri löngu og snjöllu varnarræðu, sem framsögumaður (B. Sv.) hjelt fyrir frumv. nefndarinnar, fáeinum orðum. Þar sem h. framsögum. (B. Sv.) áleit, að yfirlýsing sú, er jeg flutti þinginu í umboði stjórnarinnar í fyrra hluta þessarar umr., hefði komið of snemma og væri þannig ótímabær, þá get jeg ekki verið á sama máli um það. Jeg tók það fram þá, að stjórnin áliti enga breyting á stjórnarskránni nauðsynlega og að hún þess vegna ekki mundi aðhyllast neinar breytingar á henni að svo komnu; og í öðru lagi, að þótt stjórnin kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að einhverjar breytingar kynnu að koma hagfelldari skipun á í einhverju tilliti en nú er, þá gæti hún aldrei fallizt á þetta frv. eða annað eins. Jeg verð að segja, að jeg held, að þessi yfirlýsing hafi einmitt komið á rjettum tíma. Eins og h. framsögum. og þingd. er kunnugt, á, þegar báðar þingd. hafa samþykkt breytingar á stjórnarskránni, þegar að leysa upp alþingi og stofna til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og skal þá stefna alþingi saman næsta ár. Kemur þá málið til umræðu að nýju, og ef þingið þá samþykkir breytingarnar óbreyttar, þá er málið útrætt frá þingsins hálfu; en þá kemur til, hvort konungur vill staðfesta breytingarnar eða ekki. Ef málið nú gengur svo langt og menn hafa haft mikið fyrir því á tveim þingum, án þess að vita nokkuð um skoðun stjórnarinnar, og ef skoðun hennar reyndist þá gagnstæð áliti þingsins, svo hún gæti ekki ráðið konungi til að staðfesta breytingarnar, þá væri miklum tíma, kröptum og fje eytt til ónýtis, og þá gæti verið ástæða til fyrir þingið að ásaka stjórnina fyrir, að það hefði ekki fengið að vita skoðun hennar á málinu fyr. Jeg hef aldrei sagt það, að þingið hefði ekki rjett til að taka þetta mál til meðferðar, hvenær sem það vildi; en jeg hef að eins lýst yfir skoðun stjórnarinnar á því, til þess að þingið vissi, hvers það mætti vænta frá hennar hálfu. Þar sem h. framsögum. (B. Sv.) tók það fram, að ekki væri víst, að þessi stjórn sæti að völdum, er til þess kæmi, að samþykkja ætti breytingar þingsins á stjórnarskránni, þá skal jeg taka það fram, að ef menn ættu að fylgja þeirri reglu, að lýsa aldrei yfir skoðunum sínum, af því að menn kynnu að deyja eða fara frá embætti, þá færi vissulega ekki ætíð vel. Þess vegna verð jeg að vera á þeirri skoðun, að þessi yfirlýsing hafi komið á rjettum tíma. Jeg hefði búizt við, að h. framsögum. (B. Sv.) hefði viljað taka nokkuð tillit til þessarar yfirlýsingar; en þetta hefir ekki verið gert, því að meiri hluti nefndarinnar hefir aðhyllzt frv. hjer um bil óbreytt eins og það fyrst kom inn á þingið. Það er auðsætt, að nefndin heldur þessari stefnu óbreyttri; hvort þingið muni taka henni, er ekkert hægt að segja um, en maður verður að skoða málið eins og það liggur fyrir frá nefndinni.

H. framsögum. (B. Sv.) talaði mikið um varaatkvæði alþingis 1873, þar sem alþingi biður um, að hans hátign konunginum þóknist að gefa Íslandi stjórnarskrá, sem færi sem næst ósk þingsins, og jafnframt er tekin fram sú ósk, »að endurskoðuð stjórnarskrá, byggð á óskertum landsrjett-

indum Íslendinga verði lögð fyrir hið 4. þing, sem haldið verður, eptir að stjórnarskráin öðlast gildi«. Jeg neita því, að þetta sje nokkurt skilyrði. (*B. Sv.*: Svo?). Það er ósk eða bending, sem gat haft þá þýðing, að stjórnin hefði lagt frv. fyrir hið fjórða löggefandi þing, ef reynslan hefði verið búin að sýna, að breytingar á stjórnarskránni væru nauðsynlegar. En stjórninni virðist, að reynslan hafi sýnt, að engar slíkar breytingar væru nauðsynlegar, og því sje ekki ástæða til að fara fram á þær, og jeg held, að það verði margir fleiri á þeirri skoðun. Jeg veit, að h. framsögumaður (B. Sv.) álítur þessar breytingar nauðsynlegar og það eru ef til vill líka margir á sömu skoðun sem hann; en það hefir engin almenn ósk komið fram um það, að fá stjórnarskránni breytt. Það hefir líka komið fram mótsett skoðun og það í nefndinni sjálfri, því að h. minni hluti hefir haft aðra skoðun á málinu en meiri hlutinn og ekki álitið þessar breytingar nauðsynlegar; en þar á móti hefir hann hreyft öðrum atriðum, sem að hans áliti helzt þyrftu breytingar við frá hinu núverandi stjórnarfyrirkomulagi. Hvort það er mögulegt í framkvæmdinni, sem farið er fram á í uppástungu h. minni hluta, (H. Kr. Fr.), er annað mál; en ef það er mögulegt, þarf ekki til þess neina stjórnarskrárbreytingu. Mjer fannst hinn háttv. framsögum. (B. Sv.) leggja talsverða áherzlu á þetta sama atriði; en það lítur svo út, sem það hafi ekki verið neitt aðalatriði hjá nefndinni, því að frv. hennar fer miklu lengra og nokkuð í aðra stefnu. Þar sem h. framsögum. (B. Sv.) tók það fram, að meiri hluti nefndarinnar hefði aðhyllzt aðaluppástunguna frá 1873, þá er það að vísu satt, að meiri hlutinn hefir í sumu, já í mörgu tilliti aðhyllzt frv. frá 1873 og frv. hans er að mörgu leyti sniðið eptir því, en það fer miklu lengra og er miklu óaðgengilegra en frv. frá 1873. Frv. frá 1873 lætur þennan landstjóra eða sem þar er kallaður jarl vera umboðsmann konungs. Þetta frv. gerir það og í orði kveðnu, en í raun og veru getur hann naumast kallast svo eptir ákvæðum þess að öðru leyti. Eptir frv. 1873 þurfti undirskript jarls eða konungs til þess að lögin næði gildi; þar er gengið út frá því sem reglu, að konungur staðfesti lögin, en að hann gæti á stundum falið jarlinum að gera þetta. Hjer er þessu ekki þannig varið. Hjer þarf enga aðra staðfesting en undirskript landstjóra. Landstjóri getur upp á sitt eindæmi hafnað lögunum. Hann hefir algert en ekki einu sinni frestandi neitunarvald. Það er alveg á hans valdi, hvort hann vill samþykkja eða neita. Framkvæmdarstjórnin öll er í hans höndum og hann hefir eigi ábyrgð fyrir neinum, nema konungi. Jeg held, að það sje því ekki alls kostar rjett, sem stendur í 1. gr., að löggjafarvaldið sje hjá konungi og alþingi í sameiningu, heldur verður þetta vald eptir frv. hjá landstjóra og alþingi; sama er að segja um framkvæmdarvaldið; það er ekki hjá konungi, heldur hjá landstjóra. Jeg get því ekki betur fundið en að það sje mótsögn milli hinna almennu ákvarðana í upphafi frv. og þess, sem kemur fram þegar á að fara að útfæra þessar almennu ákvarðanir í því einstaka. Jeg hef tekið þetta fram, til að sýna, að þetta frv. er ekki öldungis samkvæmt frv. 1873, og hafi það ekki þótt aðgengilegt, þá er jeg viss um, að þetta hlýtur að verða það miklu síður. Það sje fjarri mjer að neita því, að þingið hafi síðan 1874 sýnt lempni og lipurleik í viðskiptum sínum við stjórnina. En þar sem h. framsögum. (B. Sv.) talaði um tilslökun frá þingsins hálfu, þá get jeg ekki fundið, hvar það getur átt við, því að stjórnin og þingið hafa ávallt í rauninni stefnt að sama marki og miði í öllum aðalatriðum. Stjórnin hefir viljað það, og fylgt því fram, sem hún hefir álitið landinu fyrir beztu, og það hefir þingið sjálfsagt gert líka. Stjórnina má ekki skilja á þann veg, að hún fram fylgi nokkru vissu sjálfrar sín vegna, heldur einungis því, sem hún álítur landinu fyrir beztu. Þegar því þingið leggur sig eptir því, að koma sjer saman við hana, þá get jeg ekki álitið, að það sje rjett nefnd tilslökun frá þingsins hálfu,

heldur geri þingið það af því, að það álítur skyldu sína að fylgja einnig fram því, sem landinu er fyrir beztu og sem eptir atvikum getur orðið framgengt. Þar sem h. framsögum. setti fram þá spurningu, hvort þetta frv. mundi fullnægja þörfum landsins, þá er ekki hægt að spá um það fram í ókomna tímann. Jeg álít að sú reynsla, sem við höfum, sýni ekki, að þessara breytinga sje þörf, til þess að landið geti tekið öllum þeim framförum, sem annars eru mögulegar, og mjer finnst, að h. framsögum. ekki hafi heldur sýnt fram á það. Jeg álít, að þess konar spádómar, að þessi stjórnarskrá mundi fremur uppfylla ósk Íslendinga, en sú stjórnarskrá, sem nú er í gildi, — að þessir spádómar sjeu eigi fremur sennilegir en ósennilegir.

Þá setti h. framsögum. (B. Sv.) fram þá spurningu, hvort væri með þessu frv. gengið of nærri rjetti konungs. Þar sem þetta frumv. fer miklu lengra en nokkurt frv. frá stjórninni, og yfir höfuð nokkurt frv. í þessu máli hefir farið fyr, þá má þegar þar af álykta, að hans hátign konungurinn vilji ekki veita þetta. Því að þetta er allt annað og meira en boðið hefir verið af hans hendi, og meira en alþingi hefir nokkru sinni farið fram á áður. Þar sem jeg tók fram við fyrri hluta þessarar umræðu, að stjórnarskipunarlög ættu jafnan að vera byggð á föstum grundvelli, þá meinti jeg, að þau ættu að standa svo föst, að ekki væri allt af verið að hreyfa við þeim og breyta þeim, og losa þannig um þann grundvöll, sem stjórn og löggjöf landsins á að byggjast á; og jeg álít, að þótt menn kynnu að finna einhver atriði, sem mönnum þætti ákjósanlegt að breyta, en sem minna væri um vert og engin aðalatriði væru, þá ætti heldur að hlíta því, sem er, en hreyfa við stjórnarskránni. Hvort stjórnarfyrirkomulag ápekkt því, sem hjer er farið fram á, eigi sjer stað í einhverjum enskum nýlendum, þori jeg ekkert um að segja; en þótt svo væri, þá gæti það því að eins verið hjer til nokkurrar fyrirmyndar, eða komið hjer til greina, að sýnt yrði fram á, að hjer væri líkt ástatt og þar. En jeg er ekki svo kunnugur, að jeg geti staðhæft neitt um þetta, og jeg held, að h. framsögum. (B. Sv.) sje það ekki heldur. Jeg skal svo ekki tala frekar að þessu sinni eða ganga inn á einstök atriði þessa frumv., heldur geyma mjer það til annarar umræðu, ef mjer þá finnst vera tilefni til þess.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla ekki að tala langt að þessu sinni, því að jeg talaði við fyrra hluta þessarar umr. um þetta mál, og lýsti þá skoðun minni á því; en með því að jeg gat ekki orðið samdóma h. meðnefndarmönnum mínum, þá finnst mjer skylt að fara enn nokkrum orðum um málið og lýsa eins minni skoðun á því. Þar sem h. framsögumaður (B. Sv.) talaði um, að þingið hefði fullan rjett til að koma fram með breytingar á stjórnarskránni, þá neitar því enginn, að þingið hafi þennan rjett, hvort heldur er á reglulegu þingi eða aukaþingi. En hitt er annað mál, hvort það er skyldugt til að koma fram með þessar breytingar. Það held jeg, að sje ekki. Jeg ætla, eins og h. hæstvirti landshöfðingi tók fram, að sjerhver stjórnarskrá eigi að vera svo föst fyrir, að það þurfi sem allra sjaldnast að breyta henni. En hjer liggur nú sú spurning fyrir, hvort uppástungur meiri hlutans sjeu þannig lagaðar, að nokkur líkindi sjeu til, að stjórnin mundi vilja ganga að þeim. Það er mjög áríðandi fyrir þingið, er það vill koma fram breytingum á stjórnarskránni, að það hafi gert sjer ljósa grein fyrir því, hvers þeir óska, og hafi fengið fulla festu í skoðunum sínum; því að það má að minnsta kosti vorkenna stjórninni, þótt þún verði treg til að samþykkja uppástungur þingsins, þegar breytingarnar eru sínar í hvert skipti. En hjer er gengið í allt aðra stefnu en verið hefir að undanförnu; þegar litið er á þetta frumv., þá er það allt annað en það, sem kom fram í frv. 1873, og uppástungurnar þannig sumar, að enginn getur búizt við, að konungur samþykki þær. Þótt breytingarnar væru nokkuð öðruvísi 1873 en 1881 og 1883, þá er raunar öll aðalstefnan og öll undirstaðan hin sama í öllum þessum þremur frumvörpum *(B. Sv.:*

Nei); því að hvað er farið fram á 1873? Það, að konungur eigi að staðfesta lögin, veita embættin og náða menn. Þar er konungi ætlað allt, samkvæmt venjulegum rjettindum konunga; einungis er það látið fylgja með, að konungur geti falið jarli sínum að staðfesta lögin, en það er þó allt annað en lögbinda konung til þess að láta hann gera það að lögbinda landsstjóra til að gera það. Þar er farið fram á hann »gæti«, en hjer, að hann skuli láta landsstjórann staðfesta lögin; konungi kemur það eptir frumvarpinu ekkert við. Mig furðar á, að h. framsögum. (B. Sv.) skuli ekki sjá eða ekki vilja sjá þennan mikla mismun. Í frv. 1873 segir: »konungur veitir öll embætti, sem hann hefir veitt hingað til«; en eptir þessu frv. á landsstjóri að veita þau öll. Jeg verð og að vera h. hæstv. landshöfðingja samdóma um, að 1. gr. frv. sje ósamhljóða við hinar sjerstöku ákvarðanir þess. Hvernig sem litið er á málið, þá er 1. kaflinn aðalatriðið; en þegar h. framsögum. ætlaði að fara að skýra, í hverju stjórnarskráin væri óhagkvæm, þá lenti allt í því, að oss vantaði sjerstakan ráðgjafa, sem hefði ábyrgð fyrir alþingi, og í rauninni erum við alveg á sama máli; því að öll hans ræða gekk út á það, að við þyrftum að hafa þann mann fyrir ráðgjafa, sem gæti samið við þingið fyrir hönd sjálfs sín, og það játa jeg. Það er nauðsynlegt, að þessi maður, sem ræður konungi, hvort hann á að staðfesta lögin eða ekki, geti sjálfur komið og samið við þingið, því að hann hefir ábyrgð á stjórnarstörfunum. Jeg skal ekki tala um einstök atriði, svo sem kosningar hinna konungkjörnu; það yrði ekkert verulegt ágreiningsatriði hvorki milli mín nje meiri hlutans, nje að jeg ætla milli þings og stjórnar. H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að þessi ráðherra, sem nú er, sitji ef til vill ekki að völdum, er til þess kæmi, að konungur ætti að fara að samþykkja stjórnarskrárbreytingarnar. Það getur vel verið; en það er óvíst, og vjer getum ekkert um það sagt, hvort hinn næsti stjórnarherra tekur öðruvísi í þetta mál eða verður fúsari á að verða við ósk þingsins. Ef það er rjett, sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði, að þessi stjórnarherra hefði sökum baráttu þeirrar, sem ætti sjer stað í Danmörku, svo margt að hugsa, að hann hefði ekki tíma til að hugsa um málefni vor, þá held jeg, að hann hafi heldur ekki tíma til að hugsa um breytingar á stjórnarskránni; ef hann hefir ekki tíma til að hugsa um smámálin, þá hefir hann víst ekki betri tíma til að hugsa um stórmálin. Þar sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði, að það stæði í varauppástungunni 1873, að stjórnarskráin skyldi endurskoðuð á 4. þingi þar frá, þá getur enginn með nokkru móti skoðað þetta sem skilyrði, því að ef það hefði verið beint skilyrði, þá væri þessi stjórnarskrá, sem vjer höfum, orðin ógild (*B. Sv.:* Nei); því að þegar skilyrðið er ekki uppfyllt, þá er það fallið, sem við skilyrðið er bundið. En að þessi stjórnarskrá sje ógild, held jeg að h. framsögum. (B. Sv.) vilji ekki fallast á, því að þar held jeg að hann verði mjer samdóma, að betra sje að hafa þessa stjórnarskrá en ekki neitt. Þar sem h. framsögumaður (B. Sv.) talaði um, að þingið 1881 og 1883 hefði haft þetta mál til meðferðar, en stjórnin hefði ekkert skipt sjer af því, þá þótti mjer hann heimta nokkuð mikið, úr því að hvorugt þetta frv. komst nokkru sinni til stjórnarinnar. Ef frv. hefði verið samþykkt af báðum deildum og sent til stjórnarinnar og stjórnin svo ekkert gert, þá hefði jeg getað skilið orð framsögum. (B. Sv.); en úr því þau komust aldrei til hennar, þá getur mjer eigi skilizt, að ámæla þurfi stjórninni fyrir það, að hún skipti sjer ekkert af því. Jeg get ekki betur sjeð, en, ef þingið samþykkir þetta frv., þá sje það fallið frá hinum fyrra grundvelli sínum, sem það hafði fyrir stjórnarskrárfrumv. 1881 og 1883, og hann var í rauninni hinn sami sem 1873; en hjer er allt annað. Allar aðrar breytingar eru eigi svo áríðandi, að þær geti verið nokkurt verulegt ágreiningsatriði milli mín og meiri hlutans eða þings og stjórnar. Það, sem okkur ríður á, ef vjer viljum breyta nokkru, er, að vjer

höfum sýnt það, að vjer höfum fengið þann grundvöll, sem vjer vildum halda föstum og ekki víkja þá. Það er því betra að taka þær uppástungur, sem hvað eptir annað hafa verið samþykktar, heldur en nú að breyta til, og einkum þegar breytingarnar eru þannig, að engin von getur um það verið, að þær verði samþykktar af konungi. Ef þingið heldur fast við eldri uppástungur sínar, sýnir það, að það hafi ljósa hugmynd um hvað það vilji; ef þingið er allt af að stinga upp á eilífum breytingum, sýnir það, að þingið er ekki búið að fá þá föstu stefnu, sem menn geta vænzt eptir og óskað, sýnir, að það er ekki búið að hugsa málið nóg. Þótt nú líka þetta frumv. verði samþykkt og lagt fyrir þingið 1886, er þá víst að það þing verði fremur á þessari stefnu en hinni fyrri? Nei, það er miklu meiri von til að það verði fremur á þeirri stefnu, sem optar hefir komið fram, og jeg held að það sjeu engin líkindi til, að það haldi fram sömu stefnu sem nú er haldið fram. Jeg skal nú ekki tala um, hvað tíminn er óhentugur nú. H. framsögum. (B. Sv.) gat þess, að ráðgjafinn hefði svo mörgu að gegna, einkum nú meðan stæði á stjórnarbaráttunni; einmitt þess vegna er tíminn óhentugur. Þegar sú barátta er búin og samkomulag er komið á, þá getum vjer fyrst búizt við, að stjórnin fari að hugsa um þetta mál, og þá fyrst gæti orðið einhver áraugur af starfi og viðleitni þingsins í þessu máli. Allt það, sem vjer eigum að gera á þessu þingi, er að sýna stjórinnni, að vjer vildum fylgja kröfum vorum fram, þegar oss þætti tíminn hentugur, en að vjer slepptum því nú, en færum að eins fram á það, sem er aðalatriðið bæði hjá meiri og minni hluta, og beiddum um að fá sjerstakan ráðgjafa; en til þess þarf enga breyting á stjórnarskránni, eins og h. hæstv. landshöfðingi tók fram. Ef vjer gerum þetta, þá sýnum vjer stjórninni, að vjer höfum sama áhuga á að koma stjórnarmáli voru í viðunanlegt horf, sem að undanförnu, en að vjer vildum heldur fá hið minna með góðu, en að berjast fyrir hinu meira, sem ekki fæst. Það er sannarlega ekki líklegt, að konungur sleppi öllum sínum einka-rjettindum, og því er ekki líklegt, að vjer fáum samþykki hans, til þessarar stjórnarskárbreytingar, því að jeg efast um, að vjer fengjum það frv. samþykkt, sem lá fyrir þinginu 1883, og var það þó miklu nær þeirri stefnu, sem áður hefir verið haldið fram, og því, sem vjer getum vonast eptir að næsta þing mundi samþykkja, og nær því, sem vjer getum gert oss von um, að konungur samþykki. Ef mín uppástunga verður samþykkt, þá er fengið allt hið verulega, sem menn óska eptir. Jeg ætla ekki að tala um það, hvort stjórnarskráin leggi tálmanir fyrir framfarir vorar; jeg sje þær ekki og framsögum. hefir heldur ekki sýnt þær. Jeg held, að vjer getum neytt allra vorra krapta og komizt vel af með það, sem vjer höfum. Það er víst, að hvernig svo sem stjórnin er, þá breytir hún hvorki loptslagi, veðurlagi, afstöðu, hugsunarhætti, nje starfsemi og iðjusemi vorri. Jeg skal svo ekki tala fleira að þessu sinni; en jeg taldi mjer skylt að segja frá minni skoðun, af því að jeg er í minni hluta. Þingið ræður, hvað það gerir, hvort það vill berjast fyrir því, sem er árangurslaust, eða hafna því, sem öllum kemur saman um að sje mest áríðandi og sem það ef til vill getur fengið.

Jón Ólafsson: H. þm. Reykvíkinga (H. Kr. Fr.) lagði út af, að þessi barátta væri vonlaus barátta fyrir alþing, og að það sje óhyggilegt, að eyða tíma og krapti til þess, sem lítil von væri til, að náð geti fram að ganga. Þetta var sú viðbára, sem snerti málið í heild sinni. En svo framarlega sem vjer erum sannfærðir um, að breytingin sje til bóta, að þörf og heill lands vors krefji hennar, þá vil jeg segja, það sje óhæfa að efast um, að stjórnin fyr eða síðar muni fallast á hana, og skil jeg ekki, að h. þm. Reykvíkinga skuli vænta svo ills af stjórninni, og ugði mig sízt, að jeg, sem ekki er því vanur, mundi þurfa að standa hjer til þess að verja stjórnina gegn honum. Jeg trúi henni til svo góðs, að hún muni samþykkja það á endanum, sem vjer höfum sanna þörf til, ef vjer getum sýnt fram á, að svo sje; að fá uppfyllta sanna

þörf vora, er vor siðferðislegi rjettur. Bæði h. hæstv. landsh. og h. þm. Reykv. hafa talað um, að farið sje fram á, að konungur afsali sjer sínum konunglegu prærogativum, svo að hann t. d. veitti ekki embætti framar. Sje það að afsala sjer præogativum eða frumtignarrjettindum, að fela öðrum að veita embætti í sínu nafni, þá hefir konungur vor þegar afsalað sjer talsverðu af þeim, því hann hefir þegar afsalað sjer veitingu allra prestsembætta hjer á landi, nema einna 10; hin veitir nú landshöfðingi öll í nafni konungs; og þá gerir víst ekki fjarska mikið til, þó að hann afsali sjer veitingarvaldinu að nokkru fleiri embættum. En þetta er allt misskilningur. Það er engin afsölun, þó menn gefi einhverjum umboð til að gera eitthvað í sinn stað og í sínu nafni. Það hefir enginn heyrt, að Bretadrotning hafi afsalað sjer nokkru af sínum konunglega frumtignarrjetti, þó að hún láti landstjóra sína staðfesta lög í öllum brezkum nýlendum utan Evrópu, eigi að eins í sumum, eins og h. framsögumaður sagði, — nei, í öllum! Englendingar lögþýða svo orðið »nýlenda«, að það sje »brezk landeign utan Evrópu, er hafi sitt sjerstaka löggjafarvald«. Það var svo að skilja á h. þm. Reykvíkinga, að hann ætlaði það allra meinabót, ef vjer fengjum sjerstakan ráðgjafa, sem mætti á þingi, og taldi því ekkert til fyrirstöðu, þó engu væri breytt, því að stjórnarskrá vor bannaði slíkt ekki! Þá þyrfti enga stjórnarskrá eptir sömu hugsunarreglu, því menn gætu fengið það allt, sem hvergi er bannað, og ef engin stjórnarskrá er til, þá er ekkert bannað í stjórnarskrá, og þá getum vjer fengið allt frelsi; þannig er þá bæði óþarft að hafa nokkra stjórnarskrá, og enda bezt að að hafa enga!!! En hvar er þá tryggingin fyrir því, að vjer fáum nokkurn hlut? Það er það sem þetta frv. fer fram á, að fá trygging fyrir því, sem oss þykir nauðsynlegt. H. framsögum. (B. Sv.) las upp nokkrar línur eptir nafnfrægan danskan mann, sem sjálfur hefir verið ráðgjafi optar en einu sinni, og það forsætisráðgjafi Dana, og ætla jeg að leyfa mjer að lesa upp 4—5 línur til úr sömu ritgerð eptir sama höfund; hann segir svo: »Þar með skulum vjer hyggja að því, að loptslagið á Íslandi er án efa mjög ólíkt loptslaginu í Kaupmannahöfn, en það hefir mikil áhrif á hina umboðslegu stjórn í hverju landi, að hún sje undir sama loptslagi og landið, sem hún er sett til að ráða yfir«. (Ný Fjelr. 1870 bls. 185). Það er viðurkennt, að það er sterkari trygging, en nokkur ábyrgðarlög, að stjórnin sje hjá þjóðinni sjálfri, undir sömu kjörum, svo að hún finni sig eins og lim á hennar líkama, barn sinnar þjóðar. Það þykir sumum gífurlegt að hugsa til þess, að konungur svipti sig þessu prærogativi, að undirskrifa lögin sjálfur. Jeg tók nýlega fram Bretadrottning; en nú vísa jeg til annars lands, sem ekki hefir þótt nein sjerlega gífurleg frelsisfyrirmynd til þessa, og þó hefir keisarinn þar afsalað því valdi til innlendra umboðsmanna. Það er Finnland og Rússakeisari, sem jeg á hjer við, og er þó Finnland hernumið land, en Ísland ekki. Í Finnlandi hefir ráðið, sem 1809—1816 hjet »*Regerings-Conseil*«, en síðan heitir »*Keiserlig Senat*«, löggjafarvald landsins milli þinga, undirskrifar það (ráðið) lögin þá í nafni keisarans, en hann undirskrifar alls ekki sjálfur; og þó er að eins ein dagleið milli Helsingfors og Pjetursborgar. Það hefir víst engin heyrt, að Rússakeisari sje svo sjerlega fús á, að sleppa sínum keisaralega prærogativum, og er það því óþörf grýla, að segja, að vjer förum fram á mikil glæfra- eða byltingaráð. H. hæstvirti landsh. tók fram, að lítið væri sagt með, þó vjer segðum, að stjórnin í Danmörku mundi ef til vill ekki verða lengi við, því allir gætu dáið eða farið frá embætti, og mætti því segja það jafnt um alla. En það er kunnugt, að ráðaneyti, og sjer í lagi í löndum með þingbundinni stjórn, yfir höfuð eru sjerstaklega stopul í embættum, og hið núverandi ráðaneyti í Danmörku stendur sjerstaklega fallandi fæti, bæði sakir þess öfugstreymis, sem það er í við þjóðina, og svo þar að auki er það orðið eldra í sessi en nokkurt annað þingbundið ráðaneyti hefir orðið þar í landi, og

því líklegt að þess dagar sje bráðum taldir; eilíft verður það þó aldrei! Og ef vitna á til ástandsins í Danmörku, þá er einmitt sakir þess öll ástæða til að reyna nú sem hvatast að koma þessu máli áfram, því að ástandið er svo, að varla eru líkindi til, að svo búið geti staðið í mörg ár enn. En það er nauðsynlegt, að þetta mál sje al-undirbúið, þá er stjórnarráðaskipti verða í Danmörku.

H. hæstv. landsh. sagði, að stjórnin mundi eigi hafa dregið að leggja frumv. til breytingar á stjórnarskránni fyrir þingið 1881, ef reynsla hennar hefði sýnt að þörf væri á því. En hver er þessi stjórn? og hver er hennar reynsla? Er stjórnin annað en ráðgjafinn? Er það þá hr. Klein, eða hr. Nellemann? Og hvaða reynslu hafa þeir? Hvað veit hr. Nellemann um ástand vort og þarfir? Les hann þingtíðindi? Heyrir hann raddir þjóðarinnar í ræðum og ritum? Nei! Hann skilur ekki einu sinni þá tungu, sem vjer tölum. Hvaðan getur þá slíkur maður haft reynslu um þarfir vorar og óskir? Stjórnin í Kaupmannahöfn getur sjálf enga — alls enga reynslu haft hjeðan nema fyrir aðra, — og fyrir hverja aðra? — Áður gat verið að tala um undirmann og aðalstarfstól ráðgjafans í hinni íslenzku stjórnardeild; nú er það úti. Nú er ókunnugleikanum skipað einnig þar í öndvegi. Nú sem stendur getur stjórnin (þ. e. ráðgjafinn) því ekkert um Ísland nje Íslands hag vitað nema það, sem landshöfðinginn yfir Íslandi skýrir honum frá. — Þessi er nú reynsla stjórnarinnar. Hún veit ekkert, og landshöfðingi skýrir henni frá því einu, sem hann heldur hún vilji heyra. Það getur verið satt og rjett, að hvorttveggja, þjóð og stjórn, vilji hið bezta. En að vilja og vilja er ekki hið sama; það er mikill munur á vilja út í bláinn, og vilja sem er byggður á skynsamlegum rökum. Jeg held það sje óyggjandi, að Íslendingar hljóti betur að geta byggt vilja sinn um Íslands hagi á skynsamlegum rökum, heldur en stjórnin, sem ekki getur þekkt til hjer á landi. Jeg hlýt alveg að neita því, að okkar danska ráðgjafastjórn geti, þótt hún hefði hinn bezta vilja, haft vit á, hvers vjer þurfum. Jeg leyfi mjer að efast um, að vjer hjer á landi, eða hæstvirti landshöfðingi eða stjórnin okkar geti haft nokkurt verulegt skynbragð á högum og þörfum Ungverja t. d. eða Tyrkja, eða annara fjarlægra þjóða, er vjer skiljum ekki mál þeirra og höfum aldrei fæti stigið á lönd þau, er þær byggja. En ef það er óhugsandi, sem jeg vona allir játi mjer, að vjer höfum betur vit á þörfum slíkra þjóða, en innlendir fulltrúar sjálfra þeirra, þá er líka jafnóhugsandi, að ráðgjafi í Danmörku, sem er jafnfjarlægur Islandi og ókunnugur, hafi betur vit á vorum málum en vjer sjálfir.

Satt er það að vísu, sem h. hæstvirti landsh. tók fram, að það er rjett að breyta ekki stjórnarskránni of opt eða að óþörfu. En Danir sjálfir, sem sífellt er vitnað til, hafa breytt sinni stjórnarskrá optar en þrisvar á 30 árum, og er þá eigi líklegt, að vjer höfum þörf til að endurskoða vora stjórnarskrá einu sinni á 10 árum? Það því fremur, sem vjer ekki höfum samið stjórnarskrá vora sjálfir, þar sem Danir sömdu þó sjálfir sín grundvallarlög. H. hæstvirti landsh. sagði, að tilvitnun vor til Kanada og annara nýlenda Engla hefði því að eins nokkuð að þýða, að líkt stæði á þar eins og hjá oss. Þetta er satt. En hver er mismunur ástandsins og hver er líkingin? Fjarlægðin er jafnt á komin, en ferðir eru tíðari milli Englands og Ameríku, eða Englands og Ástralíu, en milli Íslands og Danmerkur, og auk þess málþræðir milli nýlenda Engla og heimalandsins. Það sem að munumum er, er því oss í hag. Vjer höfum auðsjáanlega miklu meiri þörf til að fá innlenda stjórn. Auk þess er sama þjóðin í Englandi og Kanada og sama mál, svo að enskt ráðaneyti gæti miklu betur skilið Kanadamenn, en dönsk stjórn oss. Vor þörf er því sterkari, sem vjer erum afskekktari frá stjórninni í Danmörku og land vort ólíkara Danmörku. Hann sagði enn fremur, að sjer væri eigi kunnugt, að hjá þjóðinni væri vakandi meðvitund um mikla þörf til breytingarinnar, og h. þm.

Reykvíkinga hjelt það væri ekki víst, að næsta þing mundi samþykkja það, sem þetta þing gerir. Það er hægt að segja þetta, en jafnóhægt að sanna það sem að hrekja nú þegar. En ef breytingar þessar verða samþykktar á þessu þingi, þá svarar þjóðin þegar með nýjum kosningum, hvort hún vilji breytingarnar eða eigi, og þá sjest, hvort óskin og þörfin er almenn í landinu. Og að það svar falli okkur í vil, sem breytingarnar viljum, um það er jeg fyrir mitt leyti ekki smeikur.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst á þessu stigi málsins einkum vera tvær spurningar, sem koma til úrlausnar. Hin fyrri er sú: Hvern árangur er líklegt að tillögur þessar og umræður um breytingar á stjórnarskrá vorri hafi, hverjar fyrirsjáanlegar afleiðingar og hverjar getgátulegar afleiðingar geta þær haft í för með sjer? Önnur spurningin er sú: hversu nauðsynleg og gagnleg er breytingin? H. framsögum. talaði í rauninni lítið um hina fyrri spurninguna, lítið um hverjar vonir eða traust, því síður hverjar röksemdir væri fyrir nokkrum árangri þessa máls. Jeg þori að fullyrða, að enginn af h. uppástungumönnum nje deildarmönnum getur sagt fyrir með nokkurri vissu, hvort breytingarnar muni fást eða ekki, því h. þingdeildarmenn geta ekki einu sinni sagt, hvort næsta þing muni samþykkja það, sem þetta þing ef til vill samþykkir. En þó vjer getum að eins haft von um árangur, þá nægir það engan veginn; vjer þurfum að hafa fyrir oss skynsamlegar og röksamlegar ástæður, er vjer getum byggt á traust vort um árangur af þessum störfum vorum. Það gerir hver hygginn maður áður en hann leggur út í eitthvert starf eða fyrirtæki, að spyrja sjálfan sig: mun jeg jeg geta aflokið starfinu með góðum árangri, náð tilgangi mínum? »Endirinn skyldi í upphafinu skoða (respice finem)«, segir hið forna máltæki og heilræði. Athugum þá í fyrsta lagi: hverjar líkur eru til, að þetta frv., ef það verður samþ., geti haft heppilegan árangur, náð tilgangi sínum? Þær vissu afleiðingar af þessum umræðum eru þær, að sú óánægja með stjórnarskrá vora og landstjórn vex, sem nú er að eins hjá fáum, vanþakklætið til konungs fyrir gjöfina á stjórnarskránni vex, og hugir manna snúast frá því stjórnfrelsi, sem vjer höfum fengið, til þess, sem er enn að eins í loptinu. Önnur viss afleiðing er sú, að þeir, sem eru mestir þjóðskörungar eða stjórnmálaskörungar í landinu, fara að hugsa meira um þetta eina mál en öll önnur, álíta þetta eina mál meira velferðarmál en öll önnur, og þeir geta skrúfað sig svo hátt upp, að þeir sjái engar aðrar nauðsynjar landsmanna en þá einu að heimta nýja stjórnarskrá; þeim sýnist þá að öll þjóðheill sje þrotin, ef þessi breyting fæst eigi á stjórnarskránni; þeir binda allar framfarir við þetta eina mál, og gera það að hinu eina lífsakkeri þjóðar sinnar. Þessar afleiðingar eru vissar, í meira eða minna mæli. En getum vjer haft von um, þó vissa sje ekki, að þessi breyting, sem hjer liggur fyrir, nái fram að ganga? *(J. Ól.:* Já). Það gleður mig; en það er ekki nóg að hafa eintóma von; hún verður að vera byggð á röksemdum. Það þarf að hafa efnislegar (objective) ástæður, byggðar á málinu sjálfu. Jeg skal taka til eina röksemd. Er nokkursstaðar í heini önnur eins stjórnarskrá og þessi? Nokkrir þingmenn hafa nefnt til nýlendur Englendinga. Ástralía liggur langt frá Englandi, margfalt lengra en Ísland frá Danmörku, sem kunnugt er, svo að fjarlægðinni til er eigi jafnmikil þörf á valdmikilli innlendri stjórn hjer sem þar. En látum oss sjá! Er stjórnarskráin í Victoria og í New South Wales eins eður mjög lík þessu frumvarpi? Jeg skal taka enn fremur til dæmis jafnvel hið auðuga og fjölmenna Kanada. Er stjórnarskráin þar eins og þessi? Nei, alls ekki. Þær stjórnarskrár fyrir þessi lönd, sem jeg hefi sjeð, eru frumv. þessu mjög svo ólíkar, einkum að því, er konungsvaldið snertir. Konungsvaldinu er þar haldið óskertu, en svo er eigi hjer. Landstjórinn í þessum nýlendum Englendinga hefir að vísu vald til að samþykkja flest lög frá þingunum, en lögin standa ekki lengur en Englandsstjórn vill. Lögin eru send heim eigi að síður, og falla úr gildi, ef Englastjórn vill eigi láta þau

standa. Til samanburðar má skoða þau rjettindi, sem konungur vor hefir eptir þessu frumv. Hann hefir, látum oss sjá —:

1., rjett til að vinna eið að stjórnarskránni.
2., rjett til að vera ábyrgðarlaus; náttúrlega af því hann hefir engin stjórnarstörf.
3., rjett til að vera heilagur og friðhelgur á Íslandi. Mikið gleðilegt fyrir konunginn, sjer í lagi ef hann hefir eigi vitað það fyr en hann sjer það nú.
4., rjett til að náða menn og veita uppgjöf á sökum samkvæmt 17. gr.
5., rjett til að samþykkja stjórnarskrárbreytingar.

Önnur rjettindi hefir hann ekki, nema þau sem 6. gr. heimilar honum, það er að segja, að skipa landsstjóra hjer og búa til handa honum afsalsbrjef á öllu konungsvaldi sínu í eitt skipti fyrir öll. Þetta verður nú það vald, sem konungur fær að hafa eptir frumv.; það vona jeg allir sjái, sem lesa frumv. (*Þorv. Kjerulf:* Hver skipar landstjóra?) Það gerir konungur, og gefur honum afsalsbrjefið um leið. (*J. Ól.:* Hver setur hann af?). Um það stendur eigi eitt orð í frumv. Það getur verið, að háttv. framsögumaður og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þekki svona lagaðar stjórnarskrár; en af því að jeg þekki enga því líka, get jeg enga ástæðu haft til að ætlast til, að þetta frv. verði samþ. af nokkurri stjórn í Danmörku. Árangurinn af allri þessari stjórnarbaráttu verður því, að minni hyggju, eingöngu hitt, sem jeg gat um: óánægja alþýðu, hugsunarleysi um annað þarflegt, kostnaður við nýtt aukaþing, og svo umtalið á eptir um, hve líðileg Danastjórn sje, að fallast eigi á allt það, sem hinir frjálsu fundir, sem Þingvallafundurinn sjálfur og síðan alþingi vilja fá og vera láta.

Nú kemur hin næsta spurning: Hve nauðsynleg og hve gagnleg er breytingin í sjálfu sjer. Þetta hlýtur að hafa mikil áhrif á hið fyrra málsatriði, því að því nauðsynlegra og gagnlegra sem fyrirtæki manns er, því meira vill hann leggja í sölurnar og eiga á hættu til að fá því framgengt, en því ónauðsynlegra sem hann telur það, því síður vill hann leggja á tvær hættur. H. framsögum. (B. Sv.) taldi tvær ástæður fyrir þessu frumv. Var önnur sú, að efni frumv. felist í varauppástungu þingsins 1873. Jeg skal ekki fara út í, hver þessi »óskertu landsrjettindi« eru, sem varauppástungan frá 1873 talar um, hvort það voru þau landsrjettindi, sem voru hjer í landi áður en vjer fengum stjórnarskrá vora, í mótsetningu við þau skertu landsrjettindi, sem vjer fengum með og í stjórnarskránni. Nei, út í þá sálma skal jeg eigi fara. En hitt verð jeg að segja, að jeg álít varauppástunguna 1873 alls ekki bindandi fyrir þingið. H. hæstvirti landsh. hefir tekið það fram, og jeg er á sama máli, að þingið hefir jafnan rjett til að fara fram á þær breytingar á stjórnarskránni, sem það álítur hentugastar, og það hefir rjett til að láta vera að æskja breytinga. Þingið þarf eigi að binda sig við varauppást. 1873, og heldur ekki við frv., sem samþykkt var í Nd. 1883, hversu ýtarlega sem það var rætt þá í þingnefndinni.

En hver er nauðsyn á þessari stjórnarbót? H. framsögum. taldi það aðra aðalástæðu frv., eður að aðalmergurinn í frumvarpinu væri sá, að flytja landsstjórnina inn í landið. Jeg játa, að það væri í sumum efnum gagnlegt, að landshöfðingi hefði meira vald, svo sem þar sem skjótra úrræða þarf við, eður um smámál er að gera og úrlausn þeirra er komin undir staðarþekkingu (Local-Kundskab), t. d. ef þyrfti að taka upp nýjar póststöðvar eður færa þær eldri til. En í þess konar efnum gæti landsh. fengið vald sitt aukið án breytingar á stjórnarskránni. (*Jón Ólafsson*: Alveg án stjórnarskrár). Það er innanhandar fyrir þingið, að binda þess konar fjárveitingar sínar því skilyrði, að ldsh. sjái um vörzlu þeirra. Jeg skal benda að eins til fjárveitinganna á fjárlögunum til póststjórnarinnar, til barnaskólanna, til eflingar búnaði, til vísindalegra og verklegra fyrirtækja o.s.frv. Jeg verð að álíta, að það sje allt of langt farið, að álíta nauðsynlegt, að ldsh. samþykki hvert lagaboð. Ísland liggur eigi svo langt frá

Danmörku, og það gerir sjaldan nokkuð til, hvort eitthvert lagaboð er samþ. 1, 2 eða 3 mánuðum fyr eða síðar. Jeg vil einnig spyrja: Ef landsstjóri væri settur, ætli hann hefði þá ekkert erindisbrjef? Ætli konungur afsalaði sjer svo alveg öllu samþykktarvaldi í hendur landsstjóra, að hann setti honum engar reglur, bindi hann hvergi við borð? Jeg held ekki, og að minnsta kosti er engin trygging fyrir því í frv., að landsstjórinn verði ekki í reyndinni eins háður ráðaneyti konungs, eins og landsh. er það nú, þó hann að nafninu til samþykki lögin. Jeg segi ekki, að svo verði, en það er engin trygging fyrir, að það verði ekki. H. framsögum. sagði, að það væri verra að vera undir óhentugri, útlendri, fákænni og starflítilli stjórn, heldur en undir hentugri, innlendri, viturri og starfsamri stjórn. Þetta er alveg satt; en hvar eiga þessi orð heima? Ef h. framsögum. vill heimfæra þau á upp dönsku stjórnina, og hina tilvonandi íslenzku stjórn sína, þá væri það rjett sagt, að þörfin til stjórnarskrárbreytingar væri mikil; en sje orð þessi eigi svo að skilja, þá eru þau töluð út í loptið og eiga hjer hvergi við. Mjer finnst líka liggja á botninum hjá nefndarmönnum sú hugsun: að oss Íslendingum sje stjórnað of lítið, að vjer sjeum of sjálfráðir, of frjálsir, að vjer viljum meiri stjórn. Hugsun h. nefndar er því þessi: Mannfrelsið er of mikið hjer á landi, vjer Íslendingar erum of lítið reknir áfram; stjórnin býr oflangt í burtu; hún sjer eigi nægilega vel til; hún er of afskiptalítil; bezt væri í rauninni að fá rússneskan knút. Þetta er hið mikla þjóðfrelsi, að fá meiri afskiptasemi, meiri stjórn. *(J. Ól.:* Betri stjórn). Já, en til þess þarf betri menn, vitrari menn en hingað til, en eigi að eins meiri afskiptasemi. Að segja: jeg vil betri stjórn, er því hið sama sem að segja: Þeir menn, sem hingað til hafa stjórnað Íslandi, hafa verið óvitrir, og ekki eiginlega góðir. Getur h. þingm. þá sýnt mjer, að landsh. hafi jafnan verið mjög svo vitur, en landsstjórn vor utanlands hafi verið mjög svo óvitur og fáfróð, að dómarar hjer á landi hafi verið svo vitrir, en hæstirjettur óvitur og fákunnandi? Sýni hann mjer í lagasafninu og stjórnartíðindunum mörg dæmi upp á slíka fáfræði og óviturleik! Jeg skal taka dæmi, sem mjer er mest í óhag; það eru úrskurðirnir í fátækramálum vorum, með því að löggjöf sú er sjerstakleg. Jeg þori að leggja á vog úrskurði kansellíisins sáluga og ráðgjafastjórnarinnar á móti úrskurðum amtmanna og hins fyrverandi landshöfðingja, að þeim alveg ólöstuðum; og jeg get sýnt, að úrskurðir kansellíisins og síðar ráðgjafastjórnarinnar sje fullt svo rjettir og landslögum samkvæmir sem úrskurðir hinna. Það þarf meira en að segja, að stjórnin sje landslögum vorum ókunn; það þarf að sýna það og sanna. En hjer býr annað undir, og það er það, að stjórnin hefir neitað að samþykkja sum lög frá þinginu, sem þjóðviljanum — þjóðviljanum í blöðunum — hefir fallið illa að synjað væri. En hverjum er á stundum að kenna eður að þakka, að »hún Gunna flaut?» Það dugar þó ekki hvorki fyrir þing nje þjóð, að kasta ætíð allri skuldinni á stjórnina, og kenna henni um alla skapaða hluti. Það er bezt að kenna henni um sitt, og oss um vort. Í þessu máli, t. d. þar sem landsh. hefir fyrir fram sagt, að eigi sje til neins að fylgja frv. fram, hverjum verður þar um að kenna, ef vjer samt framfylgjum frumv., að stjórnin verður á síðan að ósamþykkja lögin? Hiklaust þinginu. Jeg skal biðja hina h. þingdeildarmenn að gæta þess vel, að meginreglan í hinum þingfrjálsu stjórnarskrám er jafnvægi valdsins, og því samkomulag milli tveggja eður fleiri jafnsnjallra valdshafanda; þannig er löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi í samfjelagi. Á löggjarþingum erlendis er því venja, að þingið hættir við það frv., er ráðgjafinn lýsir yfir því á þinginu með berum orðum, að stjórnin geti eigi samþykkt það á síðan. Vjer hljótum að játa, að vjer kunnum enn þá eigi þessa stjórnfrjálsu (constitutionelle) þingreglu, og eru lítil líkindi til, að vjer venjumst á hana fremur fyrir það, þó hinn

æðsti embættismaður hjer á landi verði landsstjóri í staðinn fyrir landshöfðingja. En eigi að síður, þótt jeg hafi enn engar ástæður heyrt fyrir því, að nokkur árangur verði þessa máls, muni jeg þó greiða atkv. fyrir, að málið gangi til 2. umr., svo það skýrist fyrir deildinni.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg stend nú upp, ekki til að verja frv., heldur til að gera grein fyrir afskiptum mínum af þessu máli og ætlun minni um það. Á hinum fyrri þingum, þá er jeg hafði afskipti af máli þessu, var jeg í flokki þeirra, er helzt vildu miðla málum, og ekki hafna þeim kostum, sem náð varð, og hver sem dómur almennings og einstakra manna er og hefir verið verið um mig og þá, þá hefir sagan sýnt, að það var það heppilegasta. Þessari deilu linnti, þá er konungur vor, Kristján hinn níundi, kom út til vors fátæka og afskekkta lands, og gaf oss stjórnarskrá þá, sem vjer nú höfum, sem kölluð hefir verið »frelsisskrá í föðurhendi», og sem landsmenn í einlægni þökkuðu honum fyrir; þessa stjórnarskrá höfum vjer haft frá 1874 og allt til þessa tíma, og nú er komið 1885, og mun enginn efast um, að hún hefir verið til mikilla bóta fyrir oss, og oss til mikilla framfara, þótt hún í sumu hafi ekki verið alveg að óskum sumra; en viðunanlega höfum vjer getað kallað hana. Vjer verðum vel að gæta að því, að stjórnarskráin er aldrei nema annar parturinn af stjórn sjerhvers lands; hinn parturinn, sem engu minna ríður á, er, hvernig þessi stjórnarskrá er notuð, og hvernig henni er beitt. Eptir mínu áliti er hvorki stjórnarskrá vor óbrúkandi, nje heldur hitt, hvernig stjórnarskráin er notuð og hefir verið notuð; það hefir ekki staðið oss fyrir sjerlegum þrifum. Það er víst, að það er æskilegt að hafa góða stjórn og stjórnarskrá, en það bezta verður að koma frá landsmönnum sjálfum; það sanna frelsi og þær sönnu framfarir eru undir landsmönnum sjálfum að miklu leyti komnar. Mjer fannst liggja 3 vegir fyrir h. nefndinni í þessu máli; sá fyrsti er sá, að hafna öllum breytingum á stjórnarskránni að sinni; annar sá, að taka fyrir hinar nauðsynlegustu breytingar á allri stjórnarskránni, líkt og gert hefir veri á hinum fyrri þingum; og þriðji vegurinn sá, að koma fram með þær uppástungur, sem væru hagkvæmastar fyrir landsmenn, nær sem þær fengjust, þær uppástungur, sem menn vildu halda fram, hvort sem mögulegleika væri að sjá til að fá þessar óskir uppfylltar eða ekki um lengri eða skemmri tíma. Hinn fyrsti vegurinn, sem jeg gat um, að hafna málinu alveg, þótti mjer ekki tiltækilegur, þar sem því hefir verið hreift á 2 undanförnum þingum og bænarskrár komið um það, og síðast frá Þingvallafundi. Hinn annan veginn, að breyta stjórnarskránni í smáatriðum, þótti mjer því síður gjörlegt að fara, sem það ástand, sem nú er, er vel viðunandi. Það hefir verið tekið fram, að þingið þyrfti að halda fast við einhverja vissa stefnu í þessu máli, og það er satt; það hefir þingið líka að miklu leyti gert í aðalatriðunum; því hefir allt af verið haldið föstu, að vilja fá stjórnina sem mest innlenda. Fyrir því barðist forvígismaðurinn í stjórnarbaráttu vorri, Jón sál. Sigurðsson, og fyrir það fjekk hann þann heiður, sem honum hefir verið sýndur, og þann minnisvarða, sem honum hefir verið reistur af öllum landsmönnum. Það hafa fleiri tekið fram, að nauðsynlegt væri að leggja fyrir sig þá spurningu: mun mjer takast þetta? mun jeg fá það, sem jeg bið um? mun jeg ná þeim tilgangi, sem jeg vil ná? Jeg er ekki á þeirri skoðun, að þessi spurning sje svo fjarska nauðsynleg, eins og nú stendur á, eins og hún áður var nauðsynleg, meðan stjórnarfyrirkomulagið var svo miklu óviðunanlegra, og sjaldan mun Jón sál. Sigurðsson hafa spurt sjálfan sig þannig; eins og einn háæruverðugur maður, sem talaði yfir líki hans, sagði svo heppilega, þá talaði hann í tíma og ótíma, af því hann talaði af lifandi sannfæringu, hvort sem fyrirsjáanlegt var þá í þann svipinn, að það mundi hafa framgang, sem hann barðist fyrir. Jeg verð að játa, að eins og þá stóð á, þótti mjer aðferð þessi ekki heppileg, þar sem þá var nauðsyn að breyta stjórnarfyrirkomulaginu. Nú er allt

öðru máli að gegna. Það er sjálfsagt óheppilegt mjög, að breyta stjórnarlögum sínum opt og lítið, því breytingar á þeim hafa ýmsa annmarka í för með sjer, bæði tíma og kostnað; þess vegna skyldum vjer breyta stjórnarskránni sem sjaldnast. En sú stjórnarskrá, sem jeg óska að Ísland fái á sínum tíma, og hve nær sem hún fæst, það er einmitt í aðalatriðunum þessi stjórnarskrá, sem hjer liggur fyrir, og sem jeg hef nú í höndum. Aðalatriðið er, að stjórn landsins í hinum sjerstaklegu málum verði sem mest í landinu sjálfu, náttúrlega að óskertum rjetti hans hátignar konungsins. Fyrir þessa sök vildi jeg ekki skiljast við meðnefndarmenn mína. Nær sem það kemst á, að stjórn hinna sjerstaklegu mála verði sem mest í landinu, þá mun það verða tilefni til meiri framfara. Jeg held að það vekji hjá þjóðinni nýjan áhuga, nýja framtakssemi. Að varauppást. frá 1873 feli í sjer nokkurt skilyrði, það fæ jeg ekki skilið. *(Benedikt Sveinsson:* Hún er »moralskt» bindandi). Í henni liggur að eins hvöt eða tilefni, en hreint ekkert bindandi skilyrði. Að minnsta kosti var það ekki meining mín, og átti jeg þó þátt í að semja hana. Á hin einstöku atriði í frumvarpinu vil jeg ekki minnast að þessu sinni.

Jón Sigurðsson: H. framsögum (B. Sv.) hefir svo skörulega skýrt frá áliti og tillögum nefndarinnar um þetta mál, að ekki virðist þörf að bæta miklu við það, og mjer virðist h. hæstv. landsh. og 2 aðrir heiðraðir mótmælendur enn í engu verulegu hafa hrakið það, sem hann tók fram. Jeg ætla að eins að víkja fáum athugasemdum að ræðu h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.). Hann byrjaði með því að lýsa yfir, að hann vissi ekki til að nokkur almennur áhugi væri á þessu málefni, að fá breytingu á stjórnarskránni. Það getur verið, að þetta sje rjett hermt, hvað hans eigið kjördæmi snertir; en þó vil jeg ekki láta þess ógetið, að jeg hefi sjeð það í norðlenzku blaði einu, sem nýkomið er hingað til bæjarins, að hann hefir boðað kjósendur sína á fund til þess að ráðfæra sig við þá, hverjum málum hann skyldi fram fylgja í sumar, og á þessum fundi mættu, eptir því sem þetta sama blað vottar, — taki menn eptir —, heilir 11 menn! En svo er það nú heldur ekki rjett, að engan vott megi sjá þess, að almennur áhugi sje á þessu máli, og það jafnvel í kjördæmi h. þm., því af þessu sama blaði má ráða, að málið var borið upp á þessum fámenna fundi og — f e l l t með 6 atkv. móti 5, og er mjer ekki grunlaust um, að h. þm. (A. Ó.) hafi sjálfur verið sá 6., sem greiddi atkvæði á móti málinu; því jeg veit til þess, að hann hefir stundum greitt atkvæði á fundum þeim, er hann hefir haldið. H. þm. hlýtur að vera það kunnugt, að áhuginn á þessu máli er ekki svo lítill, og á þessum síðastl. vetri vil jeg segja, að hann hafi verið meiri en nokkru sinni áður, að undanteknu árinu 1849 á undan þjóðfundinum sæla. Þingvallafundurinn er þýðingarmikill vottur í þessu efni; þangað komu kjörnir menn úr öllum kjördæmum landsins, nema einu, og ályktanir fundarins, bæði í þessu máli og öðrum, eru h. þm. kunnar, svo jeg þarf ekki að rifja þær upp fyrir h. deild. Það er því ekki rjett hjá þm. Eyf. (A. Ó.), að það sje lítill áhugi hjá alþýðu á þessu máli; hann er mikill, og er að aukast að miklum mun. Hann spurði, h. þm., hvort nokkur stjórnarskrá í öllum heimi væri lík þessari, og vitnaði í tilefni af því í nýlendur Breta, en kvaðst um leið verða að játa, að hann væri því ekki nærri nógu kunnugur, og því hefir hann sjálfsagt mikið byggt á getgátum um það, hvernig stjórnarskrár þeirra eru lagaðar. Jeg verð að játa hið sama, að jeg er ekki nógu kunnugur þessu; en einu get jeg sagt fyrir víst, að h. þm. hefir ekki skýrt rjett frá; hann sagði, að lög þau, sem landsstjórarnir í þessum nýlendum hefðu samþykkt og undirskrifað, væru ávallt send til löggjafarvaldsins heima á Englandi til staðfestingar; en því verð jeg að mótmæla. Flestar nýlendur Breta hafa, að jeg ætla, óskert löggjafarvald í þeim málum, sem sjerstakleg eru fyrir hverja nýlendu, og staðfestir hlutaðeigandi landsstjóri (Guverneur) þau lög. En hitt er satt, að þau

mál, sem eru sameiginleg með nýlendunni og aðalríkinu, svo sem hervarnarmál, tollmál, o. fl., þau eru send til löggjafarvaldsins heima, þá er landsstjórarnir hafa undirskrifað þau. Jeg ætla hreint ekki að svara öllu í ræðu h. þm. Eyf. (A. Ó.), en þess vil jeg geta, að mjer virtist koma grátstafur í kverkarnar á h. þm., þegar hann minntist hinna horfnu góðu tímanna, þá er kansellíið og rentukammerið hefði verið uppi, og stjórnað lögum og lofum hjer á landi. Það var svo að skilja sem þá hefði verið gott að lifa; honum þótti svo sem skóbótarvirði úrskurðir landshöfðingja, amtmanna og annara stjórnarvalda nú á dögum hjá úrskurðum gamla kansellíisins. Opt hef jeg heyrt meðhaldsrödd stjórnarinnar hljóma hjer á þingi, en aldrei hefi jeg heyrt annað eins, hvorki af konungkjörnum eða þjóðkjörnum þingmönnum. *(A. Ó.:* Þetta er tómur skáldskapur). Ef nú h. þm. (A. Ó.) ætlar að verða svo rýmilegur að lofa þessu máli að ganga til annarar umræðu, þá vil jeg ráða honum til að koma með breytingartillögu, og semja hana í ávarpsformi til konungs, og biðja hann allramildilegast að vekja upp aptur kansellíið gamla og rentukammerið. (*A. Ó.*: Þetta er allt vitlaust). Hinum h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) skal jeg ekki svara mörgu, enda gaf ræða hans ekki tilefni til margra svara. Hann brá nefndinni um hverfulleik og reikular skoðanir í þessu stjórnarmáli, og hið sama benti h. hæstv. landsh. á; og er það að vísu satt, að hjer er farið fram á annað en 1873 og 1883; en þetta er ekki svo undarlegt, og alls eigi vottur um hverflyndi. Bæði 1881 og 1883 var það meining þingsins, að gera tilraunir til að fá þeim breytingum framgengt í stjórnarskránni, sem helztar líkur væru til að stjórnin mundi ganga að; en þegar svo þetta mál kom inn á þingið, þá tók h. hæstv. landsh. af öll tvímæli, og sagði, að stjórnin mundi ekki ganga að neinni breytingu á stjórnarskránni að sinni, og því væri til einskis að fara fram á nokkra breytingu á henni í þetta sinn; þessi yfirlýsing var svo skýlaus og tók af allan vafa um það, að hjer var ekki nokkurs samkomulags að vænta. Þá voru ekki nema tveir vegir fyrir nefndina, annaðhvort að leggja árar í bát, og hætta gjörsamlega við að koma málinu fram á þessu þingi, eða þá að koma fram með þær uppástungur, sem að áliti nefndarinnar væru haganlegastar fyrir landið og landsmönnum helzt að skapi, og yfir höfuð hið hagfelldasta stjórnarfyrirkomulag, og sem líkindi væru til, að þingið vildi halda fast við framvegis; en það erum ekki vjer einir, sem eigum að fjalla um þetta mál; það er næsta þing, sem á að dæma um, hversu heppilega stefnu vjer höfum tekið á þessu þingi; þá verða nýir menn, og ekki miklar líkur til, að jeg, eða aðrir gamlir h. þm., eins og t. d. þm. Reyk. (H. Kr. Er.), fjöllum um þetta mál á næsta þingi, eða optar en á þessu þingi; en jeg vil skilja svo við þetta mál, og fara svo heim af þingi í þetta sinn, að jeg sje mjer þess meðvitandi, að hafa að eins farið fram á það, sem er hið bezta og happasælasta fyrir fósturjörð mína, hvort sem það fæst fyr eða síðar.

Jón Ólafsson: Jeg skal ekki svara mörgum orðum ræðu — jeg vil segja úrtöluræðu — h. þm. Eyf. (A. Ó.). Hann spurði, hvort nokkurt land mundi geta sýnt aðra eins stjórnarskrá og þessa. Jeg vil skírskota til nýlenda Englendinga. H. þm. (A. Ó.) er svo fróður um þau efni, að hann hlýtur að þekkja það eins vel og jeg eða betur, að Englar eiga sjálfir varla neina ritaða stjórnarskrá, er svo megi kalla, en að bæði á Englandi og í nýlendunum gildir, auk hinna rituðu stjórnarskrár, venjan sem lög. Þeirra stjórnarskrá er því mestmegnis venjurjetturinn. Í nýlendunum staðfesta landstjórar öll lög, og landsstjórarnir þurfa ekki að senda lögin til ráðgjafa eða drottningar heima á Englandi til staðfestingar, og meira að segja í öllum nýlendunum er fyllsta þingræði, svo að hver stjórn fer frá undir eins og lög hennar koma ekki heim eða standa í samræmi við vilja þjóðarinnar *(H. Cl.:* Þeir hafa telegrafa). Staðfestingarvald þeirra er eldra en telegrafar yfir Atlanzhafið. Satt er það, að Eng-

land eða rjettara sagt parlamentið á Englandi hefir vald til að ónýta lög þau, sem löggjafarvaldið hefir búið til; en það hefir, að því mjer er kunnugt, aldrei (þótt jeg þori ekki að fullyrða það alveg), beitt því valdi síðan Bandaríkin gengu undan; en ein af aðalástæðunum til þess, að Bandaríkin gengu undan valdi Engla, var sú, að konungurinn á Englandi mátti ónýta lög þeirra, og að hann vanbrúkaði þetta neitunarvald sitt; aðalástæðan var því hið takmarkalausa neitunarvald. Ástæðurnar fyrir því, að Bandaríkin gengu undan, voru harla margar og miklar; en einmitt hin allra fyrsta er þessi, og skal jeg með leyfi h. forseta lesa upp úr sjálfstæðisuppkvæðum ríkjanna (»Declaration of independence«) upphafið á því, er Bandamenn telja upp orsakir skilnaðarins. Þeir bera þar sakir á konunginn á Englandi og byrja svo: »Hann hefir synjað staðfestingar lögum, er voru hin hagfelldust og nauðsynleg almennings heill«; þarna sjáum vjer, að synjunarvaldið er fyrsta ágreiningsefnið, og talið fyrsta ástæðan. Svo halda þeir áfram: »Hann hefir bannað landshöfðingjum sínum að staðfesta laganýmæli, er bráð og knýjandi nauðsyn var á, nema gildi þeirra væri frestað þar til hans samþykki fengist; og þá er gildi þeirra var þannig frestað, hefir hann gjörsamlega vanrækt að sinna þeim«; þarna er önnur ákæran, annað aðalatriðið, sem sleit undan Englendingum hina stærstu nýlendu þeirra, og ljetu þeir sjer þetta að kenningu verða; að minnsta kosti er mjer ekki kunnugt um, að þeir hafi síðan beitt ónýtingarvaldi sínu; en þeir hafa annað ráð, ef lögin ganga út fyrir verkahring löggjafarvaldsins: þá dæma dómstólarnir þau ógild, »ókonstitutionel«. Jeg leyfi mjer því að svara með jái þeirri spurningu, hvort víða sjeu til lög lík þessum, sem hjer liggja fyrir, enda þótt þó sjeu ekki skrifuð. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) setti fram þær tvær spurningar: Er nokkur von til þess, að þessi breyting á stjórnarskránni fái framgang? og: Er breytingin nauðsynleg? Hjer er að mínu áliti haft hausavíxl á spurningunum; fyrst er að athuga, hvort breytingin sje nytsöm, þarfleg, nauðsynleg; og í öðru lagi um, hver líkindi sjeu til samþykkis. Því að svar síðari spurningarinnar hlýtur að leiða af svari hinnar fyrri. Ef vjer ekki trúum því, að það, sem er nytsamt, það, sem er brýn þörf vor,—ef vjer ekki trúum því, segi jeg, að það fái fyr eða síðar samþykki stjórnarinnar, þá er ekki mikils virði traust það, sem vjer berum til stjórnarinnar. Jeg álít óhæfu að ætla stjórninni slíkt; það eru ranglátar getsakir að óreyndu. Sá sem kallar stjórn »líðilega«, eins og h. þingm. Eyf. gerði, kann að ætla henni það, að hún vilji eigi ganga að þeim breytingum, er hún verður að viðurkenna, að nauðsyn vor krefji. En jeg hefi betra traust til hennar, og jeg vil ekki brúka um hana svo — jeg vil segja — vansæmandi orð. H. þm. var að reyna að gera skop að rjettindum konungs í frv.; sagði hann hefði rjettindi til að vinna eið að stjórnarskránni o. s. frv.; og yfir höfuð væru aðalrjettindin fólgin í því, að hann gæti gefið landstjóranum afsalsbrjef fyrir öllum rjettindum sínum; en hann gætir þess ekki, að hann hefir ekki einungis rjett til að setja landsstjórann, heldur einnig til að víkja honum frá. (*A. Ó.*: Það stendur hvergi í frv.). Það liggur í hlutarins eðli, að þann, sem hann getur sett, þann getur hann einnig afsett; þar gildir einmitt það, að fyrst það er hvergi bannað, þá getur konungur afsett hann, því að hann getur afsett alla embættismenn, sem ekki eru undanteknir því með sjerstakri ákvörðun. Hann sagði í öðru orðinu, að konungur afsalaði sjer öllum rjetti til landsstjórans; en í hinu orðinu sagði hann, að landsstjórinn geti orðið honum miklu meira háður en landshöfðingi nú. Þetta er sú hreinasta mótsögn; og þótt h. þm. sje gæddur afbragðsgáfu til hárfínna distinctiona, þá skal hann aldrei að eilífu sleppa frá því, að þetta er mótsögn. Hann sagði, að vjer vildum láta stjórna oss meira, en nú væri; vjer vildum meiri stjórn, helzt stjórn eins og Rússastjórn. Þetta er ekki satt. Vjer viljum betri stjórn. Og ef vjer vildum fá betri stjórn, þá sagði hann, að vjer þyrftum af fá vitrari og betri menn. Það

er ekki nóg, að menn sjeu vitrir og góðir; þeir verða líka að vera kunnugir. Vjer viljum fá kunnugri menn; það er einmitt það, sem vjer viljum. Hann sagðist ekki þekkja dæmi þess, að ókunnugleiki hinnar núverandi stjórnar hefði komið fram, og bað að benda sjer á þau; en það liggur í hlutarins eðli, að menn, sem aldrei hafa stigið fæti sínum hjer á land, og ekki skilja eitt orð í tungu landsmanna og ekkert í háttum þeirra, hljóta að sýna við og við merki ókunnugleika síns. Jeg skal fyrst taka smámuni eina, sem þó lýsa einkennilega kunnugleik stjórnarinnar bæði á högum vorum og máli; jeg tek fyrst dæmi úr frv. stjórnarinnar í ár um mat nokkurra jarða. Þar sem í jarðabókinni stendur 10,5 hndr., sem er sama sem $10\frac{5}{10}$, þá les stjórnin svo úr þessu í jarðamatsdýrleikafrv. sínu, sem nú liggur fyrir þinginu, sem það tákni 10 hndr. og 5 áln. Jeg skal ekki tala um annað eins og t. d. í frv. um lögtak, sem líka liggur fyrir þinginu, þá stendur, að fógeti geri lögtak, nema hreppstjóri á landinu; — fógetinn þá líklega að eins á sjónum, eða hvað? Dönsku orðin »efter Skjön» (þ. e. eptir mati eða áliti), þýðir stjórnin í einu frv. sínu í ár með: »af handahófi»!! Jeg skal taka fleiri dæmi, ef h. þm. vill. Þingið hefir samþykkt frv. um innlenda lagakennslu; stjórnin neitaði því um samþykki sitt. Af hverju? Af ókunnugleika á þörfum vorum og landsháttum. Þingið hefir samþykkt frv. um afnám amtmannaembættanna; stjórnin neitaði því um samþykki sitt. Af hverju? Jeg verð að álíta, að það sje af ókunnugleika á landsháttum vorum. Þingið samþykkti 1881 frv. um bæjarstjórn á Akureyri; stjórnin neitaði því um samþykki sitt. Af hverju? Af ókunnugleika, verður maður að álíta. »Það eru ekki slík ákvæði til í Danmörku»; það var það eina, sem borið var fyrir. Þá er frv. um fiskiveiðar í landhelgi; þar held jeg ókunnugleiki stjórnarinnar komi fram, og það jafnvel svo ljóst, að h. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir sem framsögumaður í nefndinni um það í ár sýnt, að hann þarf að setja stjórnina á knje sjer og kenna henni útlegging á lögum vorum og lagavenjum. En jeg vil taka eitt dæmi, þó eldra sje en stjórnarskrá vor (stjórninni hefir ekki farið fram síðan), og það ekki það minnsta; öll hin 25 ára langa stjórnarbarátta vor er 25 ára vottur þess, hversu ókunn stjórnin er þörfum vorum, og því, hvað óhætt er að veita oss. Stjórnin hefir nægilega sýnt það; það mætti búa til langan syndalista af öðrum eins dæmum og þessum; en þetta má nægja. Það er líka ómögulegt, að hún geti verið kunnug högum vorum og þörfum; þótt hún vilji, þá getur hún það ekki með sínum bezta vilja; áður gat hún það, meðan íslenzkur maður var í ráðaneytinu; nú er ekki því að heilsa, því nú er þar danskur maður kominn í stað hins nýlátna landa vors. Hvaðan á stjórnin svo að hafa kunnugleika sinn? Ef hún hefir hann nokkurstaðar frá, þá hlýtur hún að hafa hann frá landshöfðingjanum á Íslandi; hann er sá, sem getur gefið stjórninni hinar nauðsynlegu auglýsingar; hann hlýtur því í raun og veru að ráða mjög miklu hjá stjórninni, þegar um íslenzk málefni er að ræða, hlýtur að geta orðið nærri því almáttugur gagnvart henni; en hann hefir e n g a ábyrgð. Frv. fer fram á, að veita landshöfðingja formlega það vald, sem hann nú eptir hlutarins eðli hlýtur að hafa í verunni, og þar af leiðandi, að leggja honum þá siðferðislegu ábyrgð á herðar, sem þessu valdi á að vera samfara; því sá, sem valdið hefir, hann hlýtur einnig að hafa hina siðferðislegu ábyrgð; það er það eina eðlilega. Jeg er á því, að í þessu máli eigi að tala í tíma og ótíma, og ef það er satt og rjett, sem vjer förum fram á, þá eigum vjer að halda áfram, hversu lengi sem vjer verðum að bíða og stríða, í því trausti, að sannleikurinn, rjettmæti málstaðarins beri í sjer trygging fyrir sigrinum að lokum; því ef vjer ekki getum treyst því, trúað á það, að vjer fyr eða síðar fáum því framgengt, sem við rök á að styðjast, sem er rjett og satt, og sem þörf vor krefur, jafnvel þótt stjórnin hafi, ef til vill, sagt, að hún mundi ekki samþykkja það, — hverju eigum vjer þá að treysta, á hvað

eigum vjer þá að trúa í stjórnlegum málum, ef ekki á það, að sannleikurinn feli í sjer það afl, sem sje ósigrandi, og fái sigrað allar mótspyrnur? Jeg veit það ekki! Þá væri öll tilveran of vonlaus; þá mættum vjer eins vel þegar í einu sem öllu leggja árar í bát. En það vil jeg ekki gera, af því að jeg hefi þessa trú!

Arnljótur Ólafsson: Það er hentugt fyrir mig, að jeg get verið því fáorðari, sem jeg þarf ekki að svara h. þm. S.-Þing. (J. S.), því hann kom með það, sem jeg hafði aldrei talað; skal jeg í því efni vitna til skrifaranna, og að öðru leyti láta þm. sigla sinn eigin sjó. En jeg vildi gera fáar athugas. við ræðu h. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Jeg skal þá snúa mjer fyrst að því, sem hann kallaði mótsögn hjá mjer. Þótt jeg segi, að konungur gefi landstjóra afsalsbrjef fyrir rjettindum sínum, en muni þó geta á bak við afsalsbrjefið gefið honum erindisbrjef, sem bindi hann við borð, þá sjer hver heilvita maður, að það er ekki mótsögn. Staðfesting landsstjóra á lagaboðunum stendur út af fyrir sig í stjórnarskránni, og erindisbrjef konungs til landsstjórans, er fyrirskipa landsstjóra varúðarreglur áður en hann samþykkir lög alþingist, standa og út af fyrir sig, og rekst þetta tvennt eigi í mótsögn. Hið fyrra, getum vjer sagt, stendur hjer á pappírnum, en hið síðara getur staðið fullum fetum á bak við pappírinn. Mín skoðun er þessi: þótt stjórnarskráin ákveði á pappírnum þetta, sem jeg kalla afsalsbrjef, þá gefur hún enga tryggingu fyrir því, að konungur geti ekki gefið landsstjóranum eins fyrir það á bak við stjórnarskrána hitt, sem jeg kalla erindisbrjef. Menn verða að gæta vel að því, að hin sanna nytsemi er ekki komin eingöngu, meira að segja, ekki nærri eins mikið komin undir orðum hverra helzt fyrirmæla sem er, eins og undir þeirri tryggingu, sem maður hefir fyrir því, að þessum fyrirmælum yrði framfylgt nákvæmlega eptir anda þeirra og orðalagi. Hjer að auki er engin trygging í sumum fyrirmælum frumvarpsins eptir sjálfu orðalagi þeirra. Það er t. d. sagt hjer, að ábyrgð ráðgjafans skuli ákveðin með lögum; en meðan engin lög eru til um ábyrgðina, er heldur engin trygging fyrir ábyrgðinni, eður að nokkru sinni verði samþykkt lög um tryggilega ábyrgð ráðgjafanna. Bókstafurinn er því að eins að gagni eður góður, ef maður hefir siðferðislega og lagalega tryggingu fyrir, að hann komi til framkvæmdar, þ. e. að eptir honum sje stjórnað og lifað. Það sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði um stjórnarskrá nýlendanna og Englands, þá er jeg honum alveg samdóma um það, að því fer fjarri, að stjórnarlög þeirra sje öll skrifuð, heldur sje þau til orðin af venjunni og byggð á reynslunni. Hefði þingmaðurinn (J. Ól.) verið í nefndinni, þá hefði hann sjálfsagt lagt miklu meiri áherzlu á það, hvað menn gera eður framkvæma í verki, en á langan skrifaðan rjettindalista, sem ekkert hald hefir, og ekkert er eptir farið. Það var skaði fyrir þingd., að hann var ekki kosinn í þessa nefnd.

Viðvíkjandi landsstjórunum í nýlendum Englendinga t. d. Victoria, New-South-Wales o. fl., þá eru rjettindi landsstjóranna þar, ef jeg man rjett, að þeir mega samþykkja lög frá þinginu, sem snerta þeirra eigin mál, og áhræra ekki viðskiptamál Englands við aðrar þjóðir; en þó þannig, að nýlenduráðgjafinn á Englandi getur tekið þau úr gildi eptir að þau eru staðfest af landsstjóranum. *(J. Ól.:* Ekki rjett). Jeg skal biðja þingmanninn svo vel gera, að sýna mjer, ef jeg hermi rangt. Þar að auki hefir parlamentið á Englandi þann rjett, að af taka með lagaboði sjerhverja þá stjórnarskrá í nýlendunum, er gefin hefir verið með atkvæði þess og samkvæði. Jeg hafði hálfgaman af, þar sem h. þm. var að tala um ókunnugleika stjórnarinnar, og taldi upp ýms dæmi, en öll næsta smá, og sum dæmin sýndu einmitt hið gagnstæða. Jeg vil nefna til fiskiveiðamálið. Stjórnin er sjálfsagt eins kunnug gildandi lögum um fiskiveiðar, eins og nefndin í fiskiveiðamálinu. Það er annað mál, að ágreiningur á sjer stað milli nefndarinnar og stjórnarinnar. En þess ber að gæta, að ágreiningur er engan veginn ætíð sprottinn af

ókunnugleika. Hjer er t. d. mikill ágreiningur í dag í deildinni. Ætli hann komi einungis af ókunnugleika þingmanna á málinu? Nei, mismunandi álit manna er að meira eður minna leyti vanalega sprottið af ólíkum geðsmunum manna, af mismunandi tilhneigingum, óskum og löngun. Einn leggur áherzlu á þetta, annar á hitt; einn kallar þetta lífsnauðsyn, annar kallar það fremur nauðsynlegt, og þriðji kallar það óþarflegt eður ómerkilegt. H. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, að mikill almennur áhugi væri á þessu máli, og er það sjálfsagt rjett hermt frá hans sjónarmiði. En aptur á mót verð jeg að segja, og er það engu síður rjett hermt hjá mjer, að áhugi þessi sje næsta lítill í Eyjafjarðarsýslu; og þó liggjum vjer Eyfirðingarnir hvað næstir eldinum í Þingeyjarsýslu. Vitaskuld er, að áhuginn hjá »þjóðliðinu» í þessa átt er víst ekkert smáræði; en ef vjer gætum að, hversu margir menn sjeu í þessu »þjóðliði», eða hversu mikill partur það sje af allri þjóðinni, þá er áhuginn engin ósköp að mannfjöldanum til. Kunnugur maður hefir sagt mjer, að í »þjóðliðinu» mundi vera allt að 500 manns, að meðtöldum karlægum kerlingum og hvítvoðungum, og þá er það bara nálægt því $\frac{1}{144}$ partur af allri þjóðinni. En — það er satt — svo er nú ótalið »þjóðfrelsisfjelagið», já, og »þjóðfrelsis-hviskið» (-Whisky). Í einu orði sagt, jeg get eigi gert eins mikið úr þessum áhuga, hvorki hjá »þjóðliðinu» nje öðrum, eins og h. þm. — Þar sem jeg við hafði orðið: »líðilegur», þá fram bar jeg það ekki í mínu nafni, heldur í því sambandi, að engan gat meitt, og líklega engum komið illa.

Jón Jónsson: Það er gamall íslenzkur málsháttur, að sá, sem gangi aptur á bak, gangi móður sína niður í jörðina. Þetta kemur mjer í hug, þegar jeg lít á stefnu þessa máls eptir hina 25 ára löngu stjórnarbaráttu vora frá 1848—1873. Vjer stóðum þá fastir við stefnuna undir merkjum þess manns, er rjeð fyrir flokki þjóðvinanna, og var hinn ótrauðasti forvígismaður landsrjettinda vorra. Jeg hygg, að sá maður, sem fyrstur á þingmannabekk mælti móti þessu frv. nú, h. þm. Reykv. (H. Kr. Er.), telji sjer það heiður, að hafa verið talinn einn af fylgismönnum þessa manns. Stjórnarbarátta vor endaði með því, að konungur gaf oss stjórnarskrá, og ljetum vjer svo staðar numið við það um stund. Jón Sigurðsson skoðaði þessa stjórnarskrá sem nokkurs konar bráðabyrgðarfyrirkomulag, og það sem hann barðist fyrir, var hjer um bil hið sama sem nefndin hefir nú komið með í frv. sínu. Jeg vona, að h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) vilji eigi áfella oss fyrir það, þótt vjer fylgjum hans skoðun. *(A. Ó.:* Það má eigi vekja upp frá dauðum). Að alþingi 1881 og 1883 hafi verið linara í sóknum en 1873, verða allir að játa, og kemur það af því, að vjer Íslendingar höfum viljað sveigja til samþykkis við stjórnina, og ekki fara fram á annað en það, sem vjer höfum haldið, að vjer gætum fengið án mikillar baráttu. En eins og h. framsögum. hafir sagt, hefir stjórnin eigi fundið sig knúða til að mæta þjóðinni á miðri leið, og leggja frv. fyrir þingið, er bætti úr hinum stærstu göllum stjórnarskrárinnar. Þess vegna vill nú nefndin fylgja því fram og telur það skyldu sína, að taka það upp, sem vjer álítum sanngjarnast og rjettast fyrir guði og samvizku vorri, og æskilegast fyrir fósturjörðu vora. Jeg ætla eigi rjett, að láta staðar numið nú eða hörfa aptur á bak. Jeg vil ekki vera í flokki þeirra manna, sem ganga móður sína niður í jörðina.

Jón Sigurðsson: H. þm. Eyfirðinga sagði, að jeg hefði vitnað í þau orð, sem hann hefði aldrei talað; en jeg hygg að jeg hafi eigi hermt neitt, sem ræða hans hafi eigi gefið tilefni til; en það sannast á honum, að hægra er að kenna heilræðin en halda þau, því hann kom með það í ræðu sinni á móti mjer, sem jeg ekki gaf neitt tilefni til. Því þar sem hann var að tala um Þjóðliðið, skil jeg ekki, hvernig mín ræða eða þetta mál gat gefið tilefni til þess. Það var víst hans tilgangur, að gera gys að því fjelagi; en þess konar á eigi við á þessum stað. Hann vildi sýna það, hve lítill áhugi væri á stjórnarmálefninu, af því, hve fáir

þeir væru, sem í Þjóðliðið hefðu gengið. En jeg vil benda honum á, að það hafa komið raddir frá fleirum en Þjóðliðsfjelögum um breytingar á stjórnarskránni, því Þjóðliðið var ekki til 1881 og 1883 og þá komu fram eindregnar raddir frá þjóðarinnar hálfu um breytingar á stjórnarskránni. Jeg vil enn fremur benda honum á Þingvallafundinn; þar voru þó eigi viðstaddir nema örfáir Þjóðliðsmenn og hafa þeir minnst verkað á fundinn (A. Ó.: Þjóðfrelsisfjelagið). En úr því jeg stóð upp á annað borð, skal jeg minnast á eitt atriði í ræðu h. þm. Reykvíkinga; hann sagði, að þegar litið væri á þörf á breytingu stjórnarskrárinnar, og þó vjer fengjum henni breytt, þá mundi hvorki veðrátta batna, nje landshagir eða hugsunarhættir landsmanna breytast. Það er öldungis rjett; en jeg vil minna hann á, að það er ekki þýðingarlaust fyrir velmegun þjóðarinnar, hvernig stjórnarhögum hennar er skipað. Jeg vil minna á dæmi Norðmanna; þegar þeir 1814 losnuðu úr sambandi við Dani voru þeir eigi betur farnir en Íslendingar eru nú, og hve fjarska miklum framförum hafa þeir eigi tekið síðan í þessi 70 ár? Og hverju er það að þakka? Ekki hefir Noregur breytt afstöðu sinni, ekki hefir þar breyttst loptslag eða veðrátta, heldur að eins stjórnarfyrirkomulagið. Það er því ástæða til að halda, að það sje einmitt hinni frjálslegri stjórnarskipun að þakka, þessi fjarskalega framför Norðmanna, enda er það eðli og afleiðingar frjálsrar stjórnarskipunar, að vekja sjálfstæðismeðvitund hjá hverri þjóð sem er, og þó menn í fyrstu ef til vill eigi kunni að hagnýta sjer þau gæði, er frjálslegt stjórnarfyrirkomulag veitir, og þó menn, ef til vill, kunni að hlaupa af sjer hornin í bráð, þá læra þeir af reynslunni að fara varlega, þegar þeir eru búnir að reka sig á. Þetta er reynsla allra þjóða á öllum tímum og dæmi Norðmanna er hið ljósasta þessu til sönnunar.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætlaði mjer eigi að standa upp að þessu sinni aptur, en h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) neyðir mig til þess. Hann sagði, að jeg hefði áður verið fylgismaður Jóns heitins Sigurðssonar, og það er satt; jeg kannast við það. Jeg fylgdi honum yfir höfuð í stjórnarbótarmálinu, því að okkur kom þar saman í flestu, og jeg geri það enn. En hverjar voru hans skoðanir? Hvergi kemur fyrir hjá honum sú skoðun, að hann vildi þá stefnu, sem kemur fram í frumv. nefndarinnar, sem nú liggur fyrir. Tíðindin frá Þjóðfundinum 1851 liggja fyrir prentuð. Hvar er nokkurt orð í þá stefnu, að hann vilji svipta konung öllu sínu valdi til að staðfesta lög, veita embætti o. s. frv.? Í tillögum Þjóðfundarins er einmitt skýrt tekið fram, að konungur geri það, sem landsstjóri á að gera nú. *(J. J.*: Jarlinn). Þetta var skoðun Jóns heitins Sigurðssonar fram til 1874; og jeg þekkti skoðanir hans að minnsta kosti eins vel og þingm. Austur-Skaptf., og jeg lýsi því hátt og skýrt yfir, að hann ætlaði aldrei að fara lengra. Það var ekki í þessu efni, að hann æskti breytinga. Hann ætlaði sjer ekki fyrst um sinn, að hrófla við stjórnarskránni, þó að honum hefði enzt aldur til. Hvort sá, sem konungur skipar sem æðstan embættismann hjer á landi, og eptir uppástungu meiri hlutans staðfestir lögin, heitir jarl eða landstjóri eða landshöfðingi, er sama, og eins er sama, hvort sá, sem ekki getur undirskrifað lög, er kallaður landshöfðingi, landstjóri, jarl eða varakonungur. Hugsunin er sama, ef valdið er sama. Jeg fyrir mitt leyti er á sömu skoðun eins og 1873. Jarlinn, sem þá var talað um, hafði eigi meira vald en landstjóri eptir mínum hugmyndum. Hann gat reyndar undirskrifað, en ekki án beinlínis skipunar konungs. Konungur gat gefið honum umboð í hvert skipti, ef hann vildi, en hann gat engan embættismann skipað, og engum vikið frá. Þetta er allt annað, en það sem nú er farið fram á. Jeg get ekki verið með þeim, sem vilja samþykkja þessa breytingu, án þess sjerstök nauðsyn sje til, eða von um að fá henni framgengt, en vilja halda þessu áfram blákalt; þess háttar ættjarðarást kann að vera mjög fögur, en það er

ættjarðarást einungis á pappírnum. Jeg vil vinna það gagn sem jeg get, og hafa svo frjálsa stjórnarskipun, sem gagn er að. En jeg vil ekki vera að berjast út í loptið við stjórnina, berja það fram, sem jeg aldrei fæ, og ekkert gagn er að. Jeg held ekki að þetta mál sje eins ríkur þjóðvilji, eins og h. þingm. S.-Þing. (J. S.) segir; en það er auðvitað, að það er búið að berja þessa skoðan inn í töluverðan flokk, nauðugan viljugan. Hann talaði um Noreg síðan 1814. Það ber enginn á móti, að honum hefir farið fram. En höfum við ekki meira frelsi nú, en Norðmenn höfðu fyrir 1814? Jú, og jeg vil segja fullnægjandi frelsi til allra framfara. Það er ekki eiginlegt frelsislögmál, sem kemur oss til að óska þess, sem er höfuðsökin, að vjer fáum sjerstakan ráðgjafa á þing. Þessu má fá framgengt án þess að gera nokkra breytingu á stjórnarskránni. Ef vjer fáum það, þá fáum vjer það sem vjer þurfum mest. Það hefir verið talað um, að þessi stjórnarskrá, sem vjer nú höfum, sje oss til trafala; en jeg hef engan heyrt koma með nokkur dæmi því til sönnunar. Jeg get með engu móti fallizt á, að þingið eigi að setja sig fast í einhverja keppni, og berja málið fram af því að það hafi einu sinni tekið það í sig, eins og 1. þingmaður Gullbringusýslu sagði. Hann sagði, að fyrir sjer hefði legið þrír vegir, og hann hefði tekið í sig að fylgja þessum vegi, enda þótt hann hljóti að sjá, að hann er eigi nauðsynlegur eða geti komizt fram. (*Þ. B.*: Ekki rjett). Aðalatriðið er það, að koma því frelsi, sem höfum, svo fyrir, að það verði að sem haganlegustum og beztum notum, og það fæst með því, að sjerstakur ráðgjafi sje skipaður fyrir Ísland, helzt Íslendingur, er komi á þing og haldi svörum uppi fyrir gjörðir sínar.

Holger Clausen: Jeg verð að taka það sem spaugsyrði hjá h. þm. S.-Þing. (J. S.), að hann talaði um, að hann ekki mundi koma optar til þings, ásamt h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.). Jeg vona þó að jeg fái að sjá þá báða á næsta þingi, þó jeg kæmi nú síðastur og veikastur. Svo lítur út sem h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) sje ánægður, og hann hefir fulla ástæðu til þess, því jeg efast um, að hann þoli meira frelsi. Það sýnist ekki vera ósanngjarnt, að vjer viljum helzt vita íslenzkan mann í hinum æðstu embættum, og mætti þykja merkilegt, að þessi orð koma fram mjer, þar sem jeg hef ekkert móti Dönum. Það er auðvitað, að konunginn sjálfan fáum vjer ekki íslenzkan, og vjer verðum að sætta oss við það; en í þau embætti sem næst standa er öll von að vjer viljum hafa íslenzka menn, því þeir þekkja bezt til landsins, því það er ekki nóg að þekkja lög landsins og hin skrásettu lagaboð, eins og það er ekki nóg til að þekkja Grænland að þekkja lög þess. Sjáum spánska traktatinn. (*L. Bl.*: Vinstri menn). Það gildir einu, hverjum það er að kenna; bezt er að hin hægri hjálpi hinni vinstri. En það þótti mjer undarlegt, þegar menn hjer á þingi fóru að hæla rentukamrinu og kansellíinu. Það er þó liðið undir lok fyrir löngu síðan og óskar víst enginn að fá það aptur. En þetta ástand sem nú er í Danmörku hefir máske skáldið sjálft sjeð í anda langt fram í tímann þegar hann sagði: »it is something rotten in the state of Denmark«. (Í Dana veldi er ei allt með feldi).

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki halda langa tölu í þetta skipti, en jeg verð þó, til þess að sporna við misskilningi meðal hinna háttvirtu þingmanna, að taka fram 3 atriði. H. hæstv. landshöfðingi sagði, að landsstjóri gæti naumast skoðast sem umboðsmaður konungs eptir nefndarfrumvarpinu. Viðvíkjandi þessu atriði, sem í sjálfu sjer er mikils umvarðandi, ef svona yrði á það litið, þá skal jeg taka það fram, að þar sem í 6. gr. frumvarpsins stendur, að konungur skipi landstjóra og að hann hafi í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, þá er það auðsjáanlegt, að meiningin er sú, að þessi grundvallarsetning gangi í gegnum allt frv., bæði í þeim greinum þess, er í þeim stendur »konungur eða landstjóri«, eða þá »landstjóri« eingöngu, svo sem í greinum þeim, sem hljóða um alþingi, sbr. 10. 12. og 13. gr., og virtist nefndinni því þessi orð: »í umboði kon-

ungs«, vera óþörf endurtekning við hverja einstaka grein; en það er sjálfsagt, að hægt er að koma endurtekningu þessari inn í frumvarpið með breytingaratkv., svo málið verði nógu ljóst, bæði hinum hæstvirta landshöfðingja og öðrum. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram til enn frekari skýringar því, að meginsetning frumvarpsins er á alveg rjettum rökum og stjórnlagalegum grundvelli byggð, að í frv. stjornarinnar sjálfrar 1869 um stjórnarskipun Íslands stendur svo: »*Konungur ákveður með tilskipun, í hverjum öðrum tilfellum, en þeim, sem lögin mæla fyrir um, og með hverjum skilyrðum landsstjóranum sje heimilt að gera ályktanir og framkvæma þær í nafni konungs*«. Þetta sýnir bezt, og svo berlega, að hver maður hlýtur að skilja það, að stjórnin hefir þá eigi álitið það ganga of nærri prærogativis konungs, að hann skipaði svo fyrir, að annar en hann sjálfur gerði ályktun um og framkvæmdi þau stjórnarmálefni í hans (konungsins) nafni, sem undir konungs úrskurð liggja, og þótti stjórnin í þá daga þó ekki frambjóða oss Íslendingum of mikið eða jafnvel ótilhlýðilegt stjórnfrelsi; og gæti menn enn að því, að hjer er að eins þýðingarlaus orðamunur frá þessu frumvarpi, með því orðin: »í umboði konungs« eru sama sem »í nafni konungs«, þá er það auðsætt, að vefenging hins hæstvirta landshöfðingja í þessu efni ekki er á rjettum rökum byggð. Annað atriðið, sem hinn hæstv. landshöfðingi, svo huglátlega og viturlega gagnvart þjóðinni og þjóðviljanum á Íslandi, eins og honum er lagið, lagði áherzlu á, var það, að það væri ósannað, að það væri almenn ósk landsmanna að fá stjórnarskránni breytt. Sje nú þetta skilið beint eptir ákvæðum stjórnarskrárinnar, 61. gr., þá er það alveg satt, að það er í rauninni ósannað; það er satt, segi jeg, að það liggja ekki þau skilríki fyrir þingdeildinni, sem sanni, að ósk landsmanna sje svo rík og rótföst, sem þessi grein útheimtir. En einmitt þetta er hvöt fyrir þingdeildina til að halda máli þessu því fremur fram, svo að þjóðinni gefist sjálfri færi á að svara þessari spurningu eða vefengingu hins hæstvirta landshöfðingja við nýjar kosningar, og með þessu móti sýna og sanna, hvað hún vill og krefst í þessu máli. Með öðrum orðum: þessi sönnun getur ekki fengizt nema með nýjum kosningum og nýju alþingi; samþykki það þing frumvarp þessa þings, er ómótmælanleg sönnun fyrir almenningsviljanum komin; en á hinn bóginn eru frekari sannanir, en þær, sem bæði liggja í ýmsu því, sem þingdeildinni er kunnugt, svo sem ávörpum o. s. frv. og í sjálfum uppástungurjetti alþingis alveg næg og lögmæt sönnun, á þessu stigi málsins. Svo hjer er ekkert athugavert við fyrir stjórnina. Í þriðja lagi get jeg ekki leitt hjá mjer, að athuga, að það er auðheyrt á orðum h. hæstv. landshöfðingja, að hann álítur ekki, að í sjálfu sjer sje hjer — eins og jeg líka hefir þegar sýnt — gengið of nærri einkarjettindum (prærogativis) konungs. Hann talaði sem sje í þá átt, að það væri næsta ólíklegt, ef ekki ómögulegt, að konungur mundi veita Íslendingum þá náðargjöf, sem nefndarfrumvarpið fer fram á, um stofnun landsstjórnarinnar á Íslandi, því að það væri meira en nokkru sinni hefði verið boðið frá stjórnarinnar hálfu. Í þessum orðum liggur augljóslega, enda þótt óbeinlínis, að minnsta kosti það, að hann álítur það þó enga óhæfu, að fara fram á það, sem er farið fram á í frumvarpinu, því við þá hugsun hefði ekki átt orðið »vilja«, heldur »geta«, enda stendur og vilji konungsins nú í ærið lausu sambandi við framboð stjórnarinnar að undanförnu. Hjer er margfaldur munur á. Að öðru leyti er jeg alveg samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um það, að stjórnarskipunarlög landsins eiga og hljóta að vera samþ. af þjóðfulltrúum þess, og byggð á vilja þjóðarinnar; það er og ekkert annað, sem jeg held fastlega fram, að geti verið fastur grundvöllur undir stjórnarskipunarlögum landsins; en þenna, einmitt þenna eina og sanna fasta grundvöll vantar stjórnarskrána 5. jan. 1874.

Þegar bendingar hins hæstvirta landshöfðingja eru því skoðaðar frá þessu sjón-

armiði, sem þær gefa fullkomið tilefni til, þá get jeg verið honum einmitt þakklátur fyrir, hve mannúðlega hann hefir mætt nefndinni á miðri leið, miklu fremur en haggað grundvallarstefnu hennar, því að orð landshöfðingja, rakin til róta, innihalda óbeinlínis viðurkenningu um, að þjóðviljinn, almenningsviljinn á Íslandi, sje — ef hann á sjer stað — sönn og næg ástæða til breytingar á stjórnarskránni. Viðvíkjandi því, sem h. þingm. Rvk. (H. Kr. Fr.) talaði um 1873, þá þykist jeg gera bezt með því, að benda honum á, hvað einn merkur þm. sagði þá á alþingi um þessa varauppástungu. Það er svo hljóðandi. Taki þingmaðurinn vel eptir: »Það er eðlilegt, að stjórnarskrá, sem eigi er í öllum greinum samin eptir óskum Íslendinga, nái eigi því trausti, eða þeim vinsældum, að eigi væri ástæða til að endurskoða hana innan skamms, og því er þessi stafliður þannig í nánu sambandi við tl. 4. í heild sinni, að um leið og stjórninni er gefinn kostur á, að víkja frá frv. alþingis í einstökum atriðum, um leið er hún skyldug til að 6 árum liðnum að leggja þá stjórnarskrá, er hún setur, undir endurskoðun«. Þetta sagði einn mjög merkur þm. þá. Og hver var nú þessi þm.? Þetta mun hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga vera forvitni á að vita. Jeg get þá frætt hann um, að það var einmitt h. þm. Reykvíkinga (H. Kr. Fr.) sjálfur, hann sjálfur, sem nú manna mest berst á móti þessari endurskoðun stjórnarskrárinnar með hnúum og hnefum og það eptir 10 ár! Viðvíkjandi ræðu h. þm. Eyf. (A. Ó.), þá ætla jeg mjer ekki að gefa mig við því einvígi, sem hafið er milli hans og h. þm. S.-Þing. (J. Sig.). Jeg læt þá eigast við eina, því jeg held að þeirra í millum verði hjer um bil jafntefli. En þar sem þingmaður Eyfirðinga var að bera stjórnarskrá Íslendinga saman við stjórnarlögin í nýlendum Englendinga, þá er jeg hræddur um, að það, sem hann skýrði frá í því efni, sje eigi alls kostar rjett. Það er satt, að parlamentið getur tekið úr gildi konstitution nýlendnanna. En hvað ætli h. þm. (A. Ó.) segði, ef jeg við aðra umræðu þessa máls gæti sýnt honum svart á hvítu, að skarpur lögfræðingur, sjálfur stjórnlagafræðingurinn við háskólann í Kaupmannahöfn, heldur fram sömu setningu viðvíkjandi stjórnarskrá Íslendinga, nefnilega þeirri setningu, að ríkisdagur Dana geti numið hana úr gildi, hvenær sem honum þóknast, að oss alveg fornspurður! Þar sjer þingmaðurinn hin gullna mun í hans augum á milli stjórnarskipunarinnar í hinum ensku nýlendum, og stjórnarskrár Íslendinga, að hana má engu síður nema úr gildi, hvenær sem vill; það er sameiginlegt; en nýlendustjórnin veitir fullkomnasta stjórnfrelsi, meðan hún stendur, en stjórnarskráin 5. jan. 1874 að heita má í samanburði við það næstum ekkert. Það er munurinn. Svo von er að þingmaðurinn geri sig gildan af kostum stjórnarskrárinnar! Jeg skal svo ekki lengur vera að eltast við þennan fagra og flugmikla hugmyndaleik hins háttvirta þingmanns; væri ekki eins hönduglega með þessar eldglæringar hans farið, þá mundi engum blandast hugur um, að kalla þær hreinan og beinan kerlingareld, og ekkert annað!

Samþykkt, að málið gengi til 2. umr.

Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands m. m. (C. 192); 1. umr.

Eirikur Briem stakk upp á, að vísa máli þessu til nefndarinnar um utanþjóðkirkjumenn, og var það samþ. með 20 atkv.

Frumvarp til laga um jarðamat í Rangárvallasýslu (C. 154); 3. umr.

Engar umræður urðu um málið og var það samþ., og verður frv. þetta sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Afgreiðsla á bænarskrám o. s. frv., fram lögðum 21. júli.

1. Fylgiskjal við bænarskrá um uppgjöf á árgjaldi frá Stað á Reykjanesi; vísað til fjárlaganefndarinnar.

2. Bænarskrá um 10,000 kr. lán handa þilskipafjelagi á Breiðafirði; vísað til fjárlaganefndarinnar.

3. Bænarskrá um 1500 kr. til viðgerðar á Rifsós í Snæfellsnessýslu; vísað til fjárlaganefndarinnar.

4. Bænarskrá um að opið brjef $\frac{22}{3}$ 55 um selaskot á Breiðafirði verði eigi úr lögum numið; afhent flutningsmanni.

5. Fylgiskjöl viðvíkjandi jörðinni Rauðará, afhent formanni í nefndinni um sölu þjóðjarða.

Tuttugasti og fyrsti fundur, mánudag 24. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 159); 2. umr.

Eirikur Kuld: Jeg mun ekki verða mjög margorður til að mæla fram með breytingartill. minni, sem hjer liggur fyrir (C. 206). Við 1. umræðu málsins sýndi jeg fram á, að skoðun mín á málinu yfir höfuð væri óbreytt frá því, sem hún hefir verið á hinum fyrri þingum, þegar málið hefir hvað eptir annað verið hjer til umr. Jeg sýndi einnig fram á, hvernig flestar bænarskrárnar væru til orðnar, og að við þær væri ýmislegt að athuga; þannig standa undir bænarskrá úr einum hreppi 36 nöfn, og úr öðrum 33, og enginn þessara manna er látra- eður lagnaeigandi. Bænarskrá úr 3. hreppi er undirskrifuð af 22, hvar af að eins einn hefir að nafninu til lagnir. Þá kemur bænarskrá, sem send hefir verið frá Stykkishólmi til kjördæmis míns.. Hún er eins og hinar ódagsett, svo að ókunnugum kynni að detta í hug, hvort hún væri samin nú eða á dögum Deukalíóns eða Nóa. En jeg get vitnað, að hún er eigi svo gömul; því að jeg þekki höndina á henni. Í kjördæmi mínu hafa bænarskránni bætzt alls 13 nöfn; af þessum 13 nöfnum eru sumir drengir, sumir, sem litlar eða alls engar lagnir eða látur eigi; þetta hneykslar mig að vísu ekki, heldur hitt, að sum nöfnin eru með sömu hendi, og enn meira þó það, að 2 menn, hverra nöfn standa undir bænarskrá þessari,—sem biður um afnám hins opna brjefs — með þekkjanlegri annara manna hendi, að þessir sömu 2 menn hafa skrifað með eigin hendi nöfn sín undir bænarskrána, sem hjer liggur fyrir frá Barðastrandarsýslu, dags. 11. júní þ. á. (H. Clausen: Hverjir voru þeir?). Nomina sunt odiosa. Ef þingmaðurinn vill sannfæra sig um, að þetta sje satt, þá liggja hjer fyrir framan mig hvorartveggju bænarskrárnar, þingmannum til þóknanlegra afnota. Að senda bænarskrár þannig með fölsuðum nöfnum, verð jeg að álíta rangt, með því að ókunnugir þingmenn geta álitið þær góðar og gildar; og þegar þetta er gert, verð jeg að segja, að misboðið er löggjafarþingi voru með slíkri aðferð. En aptur sýnir þetta, með hve miklu ofurkappi og með hvílíkum meðulum mennirnir ár eptir ár hafa reynt til að fá löggjafarþingið til að af nema opna brjefið, án tillits til þess skaða og efnamissis, er auðsjáanlega af því leiddi fyrir þá, sem selveiði eiga á Breiðafirði; og af hvaða rót slíkt sje sprottið, skal jeg nú sýna fram á. Opna brjefið er, eins og sjá má af alþingist. 1853, ekki til orðið fyrir beiðni fáeinna manna, heldur fyrir beiðni manna úr öllum sýslum vesturamtsins, með því að menn þá þegar voru orðnir sannfærðir um af reynslunni, að ákvæði tilskipunarinnar 20. júní 1849 voru ónóg til að vernda hinn arðsama atvinnuveg lagna- og látureigandanna; og hverjir þeir hafi verið, sem urðu til að spilla þessum bjargræðisvegi manna, má sjá á alþingistíðindunum 1853, bls. 197. Að dæmi þessara manna leiddust síðan fleiri og fleiri til að brjóta lögin í læmingi, og má því í sannleika kalla þá alla »Krybskytter»; þar eð nú að bæði var erfitt á stundum að sanna þá að brotinu, og líka af hinu, að lögreglan þá virtist stundum nokkuð dottandi í því tilliti, hverjar urðu svo afleiðingarnar? Þær, að jafnvel einstakir lagnaeigendur að sönnu fóru að skjóta selinn, og sem hjá þeim að mestu var eyðilögð selveiðin, taka þeir sjer ekki nærri, ef þeir gætu, að spilla einnig veiði nábúa sinna. Sem dæmi upp á það, hvað af slíkri aðferð getur leitt, jeg meina skotum á sel, skal jeg geta þess, að árið 1860 fjekkst á einni byggðri eyju á Breiðaflóa 16 tunnur af selslýsi; rúmum 20 árum síðar urðu ábúendur tjeðrar eyjar að leita til nágranna sinna til að fá lýsi til ljósa.

En síðan nú að betur hefir tekizt þar að líta eptir slíku, er nú selveiðin þar farin aptur nokkuð að aukast. Menn hafa sagt hjer áður, að aðalástæðan fyrir að eyðileggja selinn væri það, að selurinn mundi flæma fiskigöngurnar burt af Breiðaflóa. Þetta er nú alveg rangt álitið; það er ekki selurinn, heldur annað, sem mest hindrar fiskigöngur inn á Breiðaflóa, svo sem þegar síld eigi kemur þar inn, en þó einkum þilskipin, sem fiska inn á firðinum, sigla svo fjær landi með afla sinn, slægja fiskinn dýpra fyrir, og gera þannig niðurburð þann, er fiskigöngurnar staðnæmast við. Þetta hefir glögglega verið skýrt í blöðunum, og reynslan sýnir það árlega. Jeg skal nefna eitt dæmi. Fyrir minni þeirra manna, sem nú lifa, hefir verið talsverður afli á svo kölluðu Breiðasundi, sem h. þm. Snæf. (H. Clausen) veit hvar er; þetta má sjá á naustum og fiskihjallarústum á mörgum eyjum þar í kring, og enda út með allri Helgafellssveit að Bjarnarhöfn. Þá var þar nægur selur. Nú er selurinn flæmdur burtu af skotamönnum, en alls enginn fiskiafli. Þessu lík eru ótal fleiri dæmi, sem sýna, að selurinn er ekki að því valdur, að flæma selinn burtu af Breiðaflóa. En hver er nú sá arður, sem eyðilagður verður með skotunum fyrir innan þá línu, sem jeg hefi stungið upp á í breyt.till. minni. Eptir hjer um bil 20—30 ár að meðaltali mun mega gera ráð fyrir, að á því sviði veiðist um 1550 vorkópar, rúm 600 haust- eða útselskópar, auk alls írekstrarsels.

Þetta má gjöra ráð fyrir að svari 15,500 króna árlegum arði, að kostnaði frá dregnum. Ef menn nú eru með því að afnema opna brjefið og svo skyldi þar að auki æðarvarpið minnka, án þess að menn fengju styrk til að vernda það og fiskileysi þar haldast eins og í ár, þá held jeg að væri bezt að segja við Breiðfirðinga: »Nú hafið þið ekkert til framfæris framar; farið þið nú til Ameríku«. Aðalástæðan, sem h. þm. Snæf. (H. Cl.) bar eitt sinn hjer á þingi fyrir því, að selur skyldi ófriðhelgur á Breiðaflóa, var sú, að Jöklarar yrðu að hafa menn með sleggju í bátum sínum til að berja selinn burt frá bátunum. Slíkar ástæður sýna bezt, hvað mikið verður byggt á sumu því, sem sagt hefir verið því til stuðnings, að ófriða sel á Breiðaflóa. En hvað sem nú um það er, þá vil jeg slaka til við þá, sem ár eptir ár að minni hyggju ástæðulaust ætla, að selurinn valdi því, að fiskur ekki gangi til þeirra og samþ., að opna brjefið sje úr lögum numið á öllum Breiðaflóa allt að þeirri línu, sem hugsast dregin frá Klofningi í Dalasýslu að Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu, og þá geta þeir ekki framar kennt það opna brjefinu, ef fiskurinn kemur ekki til þeirra. Ef nú, sem jeg er viss um, að ekki verður, að fiskurinn komi ekki yfir nefnda línu til hinna, sem biðja um, að opna brjefinu sje haldið, þá verða þeir að kenna sjálfum sjer um, að selurinn er friðaður hjá þeim, þótt hann fældi fiskinn, sem eigi er ráð fyrir að gjöra, og er þá báðum pörtunum, sem hjer eiga hlut að máli, fullnægt, ef brt. mín verður samþykkt. En aptur álít jeg ógjörandi, ef þingið með því að fella brt. gjörði sitt til fyrir alveg óvissan, ímyndaðan arð af fiskigöngu á Breiðafirði þar inn frá, svipti Barðastrandarsýslubúa og nokkra látra- og lagnaeigendur í Dalasýslu alveg endurgjaldslaust forrjettindum, sem þeir að lögum hafa nú sem stendur samkvæmt opna brjefinu 22. marz 1855, og jeg skil ekki í, að löggjafarþing Íslendinga vilji láta slíkt eptir sig liggja; að minnsta kosti mundi jeg þá óska mjer ekki að hafa verið á því þingi. Jeg skal svo ekki að sinni fjölyrða um málið, nema einungis taka það fram, að jeg legg þar við drengskap minn, að jeg hef hjer allt sagt satt, og að jeg er kunnugri málinu en flestir aðrir þingmenn, og vona því, að þeir, sem ókunnugir eru og ekki ganga í þessu tilliti í skoðuninni, að þeir taki þó orð mín svo trúanleg, að þeir í atkvæðagreiðslunni þá gangi í trúnni.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer fannst sumt næsta undarlegt í ræðu h. þm. Barðstr. (E. K.). Það, sem fyrst kemur til skoðunar í þessu máli, er sú spurning: Er nokkur ástæða til, að Breiðfirðingar lifi í þessu efni undir öðrum lögum en allir aðrir landsmenn? Jú, það er ástæða

til þess sagði h. þm. Barðstr. (E, K.) í ræðu sinni á undan mjer, og sú ástæða væri, að látra- og lagna-eigendur gætu eigi verið að eiga við að vernda sjálfir selveiði sína, heldur skytu óviðkomandi menn selinn jafnvel í lögnunum sjálfum að eigendum áhorfandi; en hann sagði þeir gætu ekki verið að snúast í því að kæra slíkt. Af því að þeir, sem fyrir þessum ágangi verða, nenna ekki að fara til lögreglustjórans og leita rjettar síns fyrir þessi veiðispjöll, þá á að gjöra þeim mjög hægt fyrir og meina öllum að skjóta þar sel; með öðrum orðum: vegna leti lagnaeigenda á að hafa selinn friðaðan um aldur og æfi um allan Breiðafjörð, og þannig veita þeim einkarjettindi fyrir hirðuleysi sitt. Jeg held, að þeim væri ekki vorkunn að snúa sjer til lögreglustjórans með þetta.

Því næst kemur til athugunar, hvort selfriðunin er ekki einmitt skaðleg. Öllum, sem vit hafa á, kemur saman um, að selurinn sje mjög skaðlegur fyrir fiska — ámóta rándýr í sjónum, sem refurinn á landi. Einn nafnkunnur fiskifræðingur hefur og sagt þetta; það var sá, sem ferðaðist hjer um land í fyrra sumar eptir tilhlutun stjórnarinnar. Hann sagði einmitt, að það ætti að leggja fje til höfuðs selnum, enda lifir selurinn a ýmsum fiskitegundum. þm. Barðstr. (E. K.) sagði í hitt eð fyrra á þingi, að það væru ekki nema sumar selategundir, sem lifðu á fiski, en hinar lifðu á ýmsu öðru, t. d. þangi o. s. frv. En jeg hef orð eins manns, sem mikið hefir fengizt við seli, fyrir mjer í því, að einmitt þær selategundir, sem þm. (E. K.) sagði, að lifðu *ekki* á fiskum, að þær lifa á fiski. Jeg þarf ekki að nefna manninn. *(Eir. Kuld:* Hver er hann?). Mjer er þá sama, þótt jeg nefni hann; það er Andrjes Fjeldsteð á Hvítárvöllum. Á þingi 1881 og 1883 gat h. þm. Barðstr. (E. K.) þess *ekki* sem ástæðu fyrir fiskileysinu á Breiðafirði, að þilskipin slægðu fiskinn utarlega á firðinum eða í fjarðarmynninu og bæru þar niður slógið, sem fiskurinn settist að; þá var orsökin til fiskileysisins allt önnur, sú nefnil., að flóinn væri of grunnur, og svo lagaður, að þar gæti aldrei orðið fiskigengd; en nú er þessi niðurburður orðinn hjá honum orsök til fiskileysis.

Enn fremur er það aðgætandi, að selurinn skaðar ekki einungis á þeim stað, sem hann er friðaður á, heldur hvervetna umhverfis landið, því að hann er ekki allt af á sama stað; það má geta nærri, að hann flytur sig til. Farselurinn t. d. kemur ekki upp úr iðrum jarðar og sprettur upp á Breiðafirði, en hann kemur utan úr höfum og fer aptur út í höf, og á leiðinni kemur hann við víða við strendur lands og í árósum, og eins gjörir hann tjón í úthafinu meðan hann er þar. Breiðfirðingar eða látra- og lagna-eigendur geta ekki haldið honum í færikvíum hjá sjer. Jeg verð því eins og áður á þingi að greiða atkvæði með því, að selurinn sje gjörður ófriðhelgur hvervetna fyrir utan látur og lagnir, á sama hátt á Breiðafirði sem annarstaðar á landinu.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Jeg skal reyna til að vega ástæður h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) á rjettláta vog. Hann bar það fyrir, að þetta væri of sjerstök lög fyrir Breiðaflóa einan; en þetta er ekki rjett; menn hafa álitið og það rjett, að fara verði sjerstaklega að, þar sem sjerstaklega stendur á; t. a. m. eru þannig undir komnar sjerstaklegar fiskisamþykktir, samþykktir um niðurskurð á hákarli á Húnaflóa, sem verða að álítast sem lög. Hann sagði, að Breiðfirðingar nenntu eigi að gæta að lögnum sínum. Þessu mótmæli jeg; en þeim er það ómögulegt til hlítar, ef opna brjefið verður af numið. Hann hjelt, að selurinn mundi spilla laxveiðinni; en jeg skal hugga hann með því, að innan þeirrar línu, sem breyttill. tiltekur, en engin laxá til í kring um Breiðaflóa. Þær 2 eða 3 smáár, sem lax gengur lítið eitt í, eru í Hvammsfirði, sem er fyrir sunnan hið friðaða svið. Hann vitnaði til einhvers fiskifróðs manns, Andrjesar nokkurs á Hvítárvöllum; en mun hann hafa tekið próf í þeim fræðum. *(J. Ól.:* Hefur þm. sjálfur tekið það próf?). Nei, en hann er kunnugri á Breiðaflóa en Andrjes. Þar sem hann gat þess, að jeg mundi ekki hafa tekið það fram á seinasta þingi,

að niðurburður fiskiþilskipa spillti fiskigöngum á Breiðafirði, þá man jeg það ekki; en þm. (J. Ól.) þarf eigi annað en hafa litið í það, sem jeg hefi skrifað í blöðin um þetta mál, og skal jeg bæta því við, að þess er eigi allfá dæmi, að frakkneskar fiskiskútur fari upp á grunnmið undir Jökli, fiski þar sjálfir, flæki færi sín í lóðum Íslendinga, taki úr þeim fiskinn, sigli svo með afla sinn út í fjarðarmynni og slægi hann þar. Hvað því viðvíkur, að selurinn á Breiðaflóa, ef hann væri friðaður, þá mundi hann fara þaðan og máske eitthvað annað til þess að leggjast að í laxám annars staðar, þá sýnir þetta, hvað h. þm. (J. Ól.) þekkir lítið til þessa máls, því að hann veit ekki, að selurinn er láðs- og lagardýr, sem hefur það sameiginlegt með fiskum, að sækja á þær stöðvar, þegar hann vex, þar sem hann var klakinn.

Th. Thorsteinson: Jeg álít þetta mál mikið vandamál. Það er fullkomlega satt sem þeir segja, sem vilja afnema opna brjefið, að það er undarlegt, að það skuli þurfa sjerstök lög fyrir Breiðafjörð, og að þeir skuli ekki geta látið sjer nægja með sömu lög og aðrir. En þeir sem þekkja hið sjerstaklega ástand þar vestra, vita og þær sjerstöku ástæður, sem til þess voru, að opna brjefið var gefið út. Vjer sjáum og nú eins, að nauðsyn krefur og verið er að búa til sjerstök fiskiveiðalög fyrir sjerstaka firði. Á hinn bóginn vitum vjer, að selurinn er rándýr, og spillir mjög mikið fiskiveiðum; en aptur á móti er annað, sem getur komið mönnum á báðar áttir, og það er það, sem h. þm. Barðst. (E. K.) sagði, að frá því er land byggðist, hafa verið talsverðar fiskiveiðar nærri stöðugt við Breiðafjörð, og þó stöðugt talsvert af sel samhliða fiskinum. Það eru ekki þær ástæður, sem framsögumaður (E. K.) taldi upp, sem koma mjer til að aðhyllast breytingartillögu hans. Það sem hann færði til um *seleigendurnar*, að *þeir vilji ekki undirskrifa*, marka jeg ekki; það er ekki nema sjálfsagt og mannlegt, að þeir vilji halda selnum sem lengst. Enda kom hann sjálfur með dæmi um manninn, sem undirskrifaði bænaskrá um að afnema opna brjefið 1875, meðan hann ekki var seleigandi, en er nú á gagnstæðu máli síðan hann eignaðist selalagnir, og vill nú banna skotin sem harðast. En það er mannlegt þó eigingirnin komist þar að sem annarstaðar; hann er líka orðinn eldri nú og kannske kominn á aðra skoðun, af því hann er orðinn reyndari. *(H. Clausen:* Hann er orðinn vitlaus). Eins lítið tek jeg mark á bænaskrám hinna, sem langar til að skjóta selinn, og afnema vilja opna brjefið. En jeg fylgi þessari stefnu eptir eigin sannfæringu, af því að jeg þekki vel til á stöðvunum. Þegar maður fer um þar, sem línan á að dragast, verður maður að segja við sjálfan sig: Það er ómögulegt, að fiskur gangi inn fyrir þennan skerjaklasa. Og af því að þeir menn, sem eiga og leigja þessar selajarðir, eru búnir að hafa þessi hlunnindi svo lengi, væri rangt að svipta þá vissum rjetti sínum og eign. Á þessu árabili, sem það umrædda opna brjef hefur verið í gildi, veit jeg líka til að fleiri jarðir bæði eru leigðar en þó sjerstaklega seldar dýrara en áður, eingöngu vegna þess, að selveiðin er orðin þar svo mikil. Þegar þessi takmarkalína er dregin, er brjefið upphafið þar, sem helzt fiskast, og menn á stóru svæði fá leyfi til að skjóta, án þess þó að þessi mikli arður sje ónýttur, sem er að selaveiðinni, nje þeim gert ómögulegt að lifa í þessu ári, sem treyst hafa þeim arði, og ef til vill keypt jarðir sínar miklu dýrari en ella, einmitt vegna hans, eins og jeg áður hefi tekið fram. Það fer ekki mikið af fiski hvort sem er inn fyrir þær grynningar og sker. Það eru ekki umræðurnar í dag, sem hafa sannfært mig. Að löggæzlan sofi, eða eigendur nenni eigi að reka rjettar síns, get jeg litla áherzlu lagt á; að slíkt er sagt mun koma mest af því, að svo miklir örðugleikar opt eru að ná í löggæzluna og eins fyrir hana að hafa nægt eptirlit. Jeg fer að eins eptir eigin sannfæring, sem er byggð á þeirri skoðun, er eg á ferðarlagi mínu yfir Breiðafjörð hefi fengið bæði í samræðum við greinda óvilhalla menn og líka að sjá þær nærri samföstu

grynningar, sem maður sumstaðar þarf að sæta flóði til að komast yfir á bátum, þar álít jeg ekki geti orðið neina fiskigöngu, þó allur selur yrði drepinn á Beiðafirði. Jeg gef því eindregið atkvæði mitt með að línan sje færð eptir því sem nú liggur fyrir.

Holger Clausen: Þegar jeg stend upp til þess að tala fáein orð, þá er skrítið, hvernig þetta mál er orðið umsnúið síðan á síðasta alþingi. Þá var það kappsmál fyrir þingm. Snæfellinga, en ekki fyrir þingm. Barðstrendinga, en nú er það orðið kappsmál fyrir þingmann Barðstr., en ekki fyrir þingm. Snæfell. Jeg ætla mjer ekki að fara mörgum orðum um málið yfir höfuð. Það hefur verið ritað mikið um það í seinni tíð; þar á meðal hefur fiskifræðingurinn Feddersen ritað, og það er augljóst orðið, að annaðhvort er að láta laxiun lifa, og selinn sálast, eða selinn lifa og laxinn deyja. En jeg vildi snúa mjer til h. þingm. Barðstrendinga (E. K.), og þakka honum það mikla traust og tiltrú, sem hann hefur til mín og þeirra, sem móti selafriðuninni eru. Hann byrjaði með því, að hann vonaði að þingið samþykkti ekki þetta frumvarp, af því að undirskriptirnar undir bænarskránum væru ekki ekta. Jeg spyr, hvernig þorir hann að segja annað eins og þetta við þingmann, sem er hjer í salnum? Það er allt ekta, nöfn mín, og öll nöfnin. Jeg er enginn falsari, og jeg vil biðja þingmanninn að taka orð sín aptur. (E. K.: nei). Það er að vísu leiðinlegt fyrir mann, sem er eins langt inn í zoológíu eins og theológíu, og líka fæddur á Breiðafirði, að nokkur skuli þekkja til á Breiðafirði nema hann. Jeg veit fyrir mig, að allt sem hann sagði, er ekki rjett. Hann sagði, að ekki væri til neins að hafa þar lög, af því að þeim væri ekki fylgt. Hann vildi þá víst, að við allir værum settir í tukthúsið til þess að fyrirbyggja að við stelum, af því að við megum ekki stela, en engin lög duga. Hann sagði líka, að allir sætu í myrkrinu af lýsisleysi. En Breiðfirðingar eru ekki eins vitlausir, eins og hann heldur. Þeir vita, að steinolía er billegri, og þurfa ekki að brenna lýsi. Nú kemur þessi bænarskrá, sem jeg hef gjört mjer ómak fyrir að safna til, fyrir almennings heillum. Fyrir 30 árum slógu sjer nokkrir prestar saman, og fengu fram þetta opna brjef 1855. Þingið var þá miklu meira grænt en nú. Því hefur farið dálítið fram; því neitar enginn, og nú er því rjett af því að bæta það, sem það þá hefur gjört rangt. Það hefur nú legið frammi á lestrarsalnum bænarskrár með 100 nöfnum að aftaka þetta brjef, eigi að eins með lagneigendum undir, heldur frá mönnum, sem enga interesse hafa með sel, eins og jeg hef aldrei haft með sel. Hún er frá aumingjum undir Jökli, sem þurfa fisk í soðið; en þeir geta ekki náð honum, því þá kemur selurinn, og stelur fiskinum. Og þeir mega ekki skjóta hann. (*H. K. Fr.*: Fiskinn?). H. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vissi ekki í hitt eð fyrra, að selur át fisk. Nú vona jeg að hann sje orðinn svo lærður. Nú hefur Feddersen skrifað um það, að selurinn jeti mjög mikinn fisk. Þessum fátæku mönnum held jeg með, og líka þeim fátæku mönnum í Barðastrandarsýslu, sem búa hinum megin við línuna, sem þingm. Barðstrend. (E. K.) telur ekki með, og öllum sem hlut eiga að máli. Jeg hef gengið til hinna fátæku, en ekki kært mig svo mikið um þá ríku. Við viljum það eitt, að þetta brjef sje af numið, svo að menn hafi ekki meiri rjett á Breiðafirði en annarstaðar.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg skal ekki þreyta menn mjög lengi, því mjer finnst ekkert svaravert í ræðu h. h. þingm. Snæf. Hann dró efa á, að rjett væri að kalla sumar undirskriptirnar óekta. Jeg hef liggjandi til sönnunar fyrir framan mig bænarskrárnar, bæði þá, sem er undirskrifuð í Flatey, og þá, sem jeg gjarnan gæti sagt, að hefði verið samin á Nóa dögum, ef jeg ekki þekkti höndina og undirskriptirnar á þeirri bænarskrá. En jeg skal ekki fara lengra út í það mál; það gæti sært tilfinningar eins heiðvirðs manns, sem er fornkunnugur mjer. Þingm. Snæf. veit, að jeg er enginn fiskifræðingur, eins

og Feddersen og Johnsen, en þó get jeg sagt honum, að jeg spurði Johnsen (sem hjer var laxaklaksmaður) í sumar, hvort selurinn væri ekki versta rándýrið fyrir laxinn. Jú, í laxám, svaraði hann; og ef arður væri meiri af löxum í einni á, þá væri sjálfsagt að drepa selinn; en annars ekki. Það er annað rándýr, sem eyðileggur nýútklakta laxunga, sem er miklu verra fyrir laxinn en selurinn, og það er svartbakurinn, og líka fiskiendurnar. Þm. Snæf. sagði, að jeg hefði komið með þá ástæðu, að allir Breiðfirðingar vildu brjóta lög. Hann neyðist til að stinga þeim orðum í vasa sinn aptur. Enn fremur sagði hann, að 30 prestar hefðu tekið sig saman um að fá samþykki alþingis 1853 fyrir, að opna brjefið kæmist á. En það voru að eins 4 prestar á þinginu þá, svo hann verður líka að stinga þeim ummælum í vasa sinn. Jeg var þá í þeirri stöðu sem hann er nú í, nefnil. þingm. Snæf., og ein bænarskráin um opna brjefið var undirskrifuð mest af Snæfellingum. Hann sagðist ekki kæra sig um lagneigendur, en gjöra þetta fyrir Jöklara, sem ekki mættu *skjóta* fisk. (*H. Cl.:* Nei). Jeg get ekki byggt á því, því þar kemur aldrei selur, sem teljandi sje, og enginn á þar neinar lagnir. Að byggja á þeirri föðurlandsást, sem kemur fram í bænarskrám þaðan, lofar ekki miklu. Jeg vil að eins í því tilliti skírskota til þeirrar ræðu, sem h. h. framsögumaður í Ed. hjelt um málið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef aldrei getað verið með því á fyrri þingum, að afnema opna brjefið. Mjer hefur ávallt litizt það ísjárvert, og er jeg þó kunnugur vestra. Jeg tala eigi meira um það; en mjer virðist undarlegt, hve lítil áherzla hefur verið lögð á breytingartill., sem fram er komin. Hún hlýtur að gera mikið til í því, sem þingm. Barðstrendinga tjáir að sjer sje áhugamál, en þingm. Snæfellinga ekki; það sanna er víst, að báðum er þetta áhugamál, sem von er, að minnsta kosti um þingm. Barðstrendinga. Breytingartill., sem er sátt milli beggja parta þessa máls, hliðrar til við báða parta, og er þá líklegt að báðir þingmennirnir sjeu ánægðir með hana. H. þingm. Snæf. segist bera fyrir brjósti hag hinna fátæku; þess mátti og vænta af honum. Jeg bið þess gætt, að eptir breytingartill. er leyft að skjóta á meiri hluta flóans, og getur þá reynslan sýnt, hvort fiskur kemur þar, svo þessir fátæku sjeu að betur staddir. Það er að eins lítill kafli, sem er friðaður eptir henni, og sje leyft að skjóta líka á því svæði, þá misstust miklir hagsmunir í staðinn fyrir óvissan hag, því það er eigi auðið að segja um, hvort fiskur mundi koma þar, þó að sel væri eytt þar. Eins og menn þekkja, er látraselurinn nálega eins viss eign og fjenaður á landi. Það er ísjárvert að svipta menn þessum mikla arði af jörðunum, því selveiðin á Breiðafirði er einmitt helzti arðurinn á mörgum jörðum, svo jarðirnar mundu falla mikið í verði, ef sá arður væri eyðilagður. Jeg vil því eindregið leggja það til, að deildin greiði atkv. með breytingartillögunni.

Arnljótur Ólafsson: Eptir þessar umræður, sem jeg hef reynt að hlusta á sem bezt, er jeg enn í vafa, með hvoru jeg á að greiða atkv., frumvarpinu eða breytingartillögunni. Mjer finnst ekki vera komnar nægar ástæður fyrir breytingaratkv., þó jeg játi, að það sje varkárara að greiða atkv. með því, því betra er jafnan að fara of skammt en of langt; en mjer finnst eigi komin næg ástæða til þess að undanskilja þetta svæði, sem farið er fram á. Veiðitilsk. 20. júní 1849 virðist gefa eigendunum næga trygging. Jeg leyfi mjer að lesa upp kafla úr 15 gr.: »Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum. En ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina«. Sá er brýtur móti grein þessarri, skal gjalda sektir og skaðabætur etc. Og í 16. gr. stendur: »Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó eigi nær annars manns landi en 100 faðma tólfrætt fvá stórstraumsfjörumáli, þar sem nótlög eru, nje heldur skjóta nær eggveri

eða látrum, en áður segir«. Hjer er bannað að skjóta landsel og útsel, þar sem lagnir eru, nær en í hálfrar mílu fjarlægð. Er nú ástæða til að friða lengra en hálfa mílu frá látrum? Jeg hef eigi komizt að því af umræðunum, að landi sje svo hagað við Barðaströnd. Og þó það virtist haganlegt fyrir látureigendurna, eru þeir þá færir um, að varðveita rjett sinn lengra frá landi en hálfa viku? Því það er ekki til neins, að gefa meiri rjett en menn geta mögulega varðveitt. Jeg er á móti því, að veita eignarrjett sem forrjett, þegar fyrirsjáanlegt er, að hann verður eigi hagnýttur. Vilji til að eiga er ekki nógur; það þarf líka ráð og mátt til að hagnýta sjer eignina. Mjer heyrðist jafnvel h. h. framsögumaður, sem er kunnugur eigi að eins græðgi skotmanna, heldur öllum kringumstæðum, segja, að skotmenn hefði borið hærra hlut í viðureign við látureigendur, og ekki orðið sekir, þó þeir hefðu skotið á friðhelgum stöðum, bæði af því, að lögreglan væri nokkuð syfjuð, en einkum af því að látureigendurnir hefðu kynokað sjer við að kæra þá, hvort sem það nú var sökum erfiðleika eða annara atvika. Þetta síðasttalda sannfærir mig um, að það muni látureigendum ofvaxið að friða sel sinn lengra en hálfa mílu frá látrum. Jeg hygg það muni samboðnara kröptum þeirra, að halda hinni almennu lögvörn innan ½ viku sjávar, er veiðilögin hafa. En, sem sagt, jeg er ekki viss í atkv. mínu; jeg vil heyra meira af h. framsögum.um máttinn hjá látureigendum; um viljann efast jeg ekki, en um máttinn verð jeg sem sagt að efast.

Eiríkur Kúld: Jeg býst ekki við að h. þm. Eyf. (A. Ó.) láti sannfærast af orðum mínum, ef hann hefir enn ekki getað látið sannfærast af því, sem hann hefir getað lesið ritað bæði í alþingistíðindunum og dagblöðunum, og þótt jeg beri mikla virðingu fyrir h. þm., þá tek jeg þó skoðun hans á þessu máli ekki eins gilda og skoðun manna í fjórum sýslum vestanlands; það var eitt, sem hann sjerstaklega hengdi hattinn sinn á; það var það, að hann örvænti, að látraeigendur mundu geta varðveitt lengra út frá látrunum, en þeim þegar væri leyft í tilsk. 20. júní 1849, 15. og 16. gr.; en það sjer hver heilvita maður, að ekkert er hægri leikur en að róa á bát upp undir eyjarnar, hræða selinn svo með grjótkasti út fyrir hin tilteknu takmörk, hálfa mílu frá landi, skjóta síðan selinn og segja svo: Jeg skaut þennan sel löglega. Ef h. þm. vill gefa þessu gaum og íhuga þetta, þá vona jeg að hann sannfærist um, hvað nauðsynlegt er að fá þá línu, sem breyt.till. mín fer fram á, því reynslan hefir sýnt, að hitt er ónógt. Jeg hef dregið beina línu úr Klofningshyrnu mitt á milli Gassaskerja og Stagleyjar, og þá verður á því svæði, sem er fyrir norðan þá línu, enginn selur skotinn nema þá ólöglega; en enginn vinnur fyrir, enda þótt hann ætti von á 10 selum, að reka þá út fyrir Oddbjarnarsker til að skjóta þá þar. Jeg vona, að ástæður h. þm. verði ekki mikilsvirði í augum h. þingdeildar, en þær eru að hinu leytinu merkilegar, þar sem jafnglöggskyggn maður á í hlut, en því óskiljanlegra er að þær skuli koma frá honum.

Holger Clausen: H. þm. Barðstr. (E. K.) hefir misheyrzt að jeg hafi sagt, að það hefðu verið 30 prestar, sem 1855 sömdu opna brjefið; jeg sagði þeir hefðu verið 3, og þeir voru 3. *(E. K.:* Nei, heldur 4 á þinginu 1853). En jeg gleymdi að geta þess, að þeir voru allir lagnaeigendur. *(E. K.:* Nei). Viðvíkjandi því, að þeir geti ekki varið lagnir sínar, þá vil jeg spyrja hann, hvort nokkur hafi klagað? og þar sem hann sagði, að lögreglan væri dauð eða og dottandi, þá vil jeg enn spyrja hann: Getur hann sannað, að nokkur hafi klagað fyrir lögreglustjóranum, að það hafi verið skotið í sínum lögnum, og að sá hinn sami hafi ekki getað náð rjetti sínum? Það er ekki nóg að kasta hinu og þessu fram, og geta ekkert sannað. Jeg ætla enn að segja eitt, að fyrir utan það, sem selurinn jetur fiskinn, þá hefir hann líka fundið upp á, að jeta æðarkollurnar; það er áreiðanlegt; selurinn er ekki einasta hrædýr fyrir fisk, heldur líka fyrir æðarfugla; og því ætti

hann að upprætast, ekki einasta úr látrunum, heldur rekast alveg út úr heiminum hjer við Ísland, sjerstaklega á Breiðafirði.

Jón Ólafsson: Þegar menn eru í vafa um, hvort breyta skuli frá almennum landslögum, þá er víst bezt að fylgja þeirri reglu, að aðhyllast ekki breytinguna, nema maður sjái yfirgnæfandi ástæður, sem mæli með henni; frv. vill láta almenn landslög gilda jafnt á Breiðafirði sem annarstaðar í kring um land; þeir sem því koma með aðra eins br.till. og þessa, sem gengur út á undantekning frá almennum landslögum, þeir verða að koma með fullgildar ástæður; sönnunarbyrðin fyrir nauðsyninni liggur á þeim. H. þm. Barðstr. (E. K.) talaði um fiskiveiðasamþykktir, en það á hreint ekkert skylt við þetta mál; samþykktir til að tryggja veiðiaðferð á gagnsömum fiskitegundum og lög um *friðun rándýra* er allt annað; eða þekkir hann nokkrar samþykktir um friðun rándýra? Hjer er farið fram á að friða eitt versta rándýr sjávarins í sjerstökum landshluta. H. þingm. lætur jafnan hljóma í eyrum vorum, hve ókunnugir allir sjeu á Breiðafirði, nema hann, og hve nákunnugur hann sje. Til skýringar þessu vil jeg taka það fram, að á uppdrætti af Breiðafirði, sem þingm. hefur látið ganga hjer milli vor um bekkina, hefir hann ekki getað látið setja Klofningshyrnu á rjettan stað; hún er nl. talsvert innar í rauninni, en hún er sett á uppdrættinum. Og dragi hann beina línu frá Klofningshyrnu til Bjargtanga eða ½ viku fyrir framan Bjargatanga, lendir hún aldrei miðja vegu milli Gassaskerja og Stagleyjar, heldur hjer um bil yfir um Stagley. En jeg vona, og er jafnvel viss um, að kunnugleiki h. þingm. í öðru tilliti er betri.

Eiríkur Kúld: Jeg vil geta þess, að uppdráttur þessi er ekki gjörður af mjer, heldur af þeim manni, sem er miklu færari til þess en jeg,—jeg vil segja—færari en h. þm. S.-Múl. (J. Ól.); af manni, sem jeg skal nefna; það er Ben. Gröndal; þm. segir, að línan sje skakkt dregin, en það er ekki satt, línan er rjett og uppdrátturinn er rjettur (J. Ól.: Ónei! Rammrangur!); jeg vil biðja þm. að fara heim og lesa betur áður en hann ber slíkt á borð fyrir h. deild, og bera þennan uppdrátt saman við Uppdrátt Íslands. Hann sagði enn fremur, að selurinn væri hið eina rándýr, sem friðað væri, ef þessi br.till. gengi fram; en þekkir þm. ekki hákarl? veit hann ekki að hákarlinn er miklu verra rándýr en selurinn? og þekkir hann ekki frv. til laga um bann gegn niðurskurði á hákarli? (J. Ól.: Er það til að *friða* hákarl?!!). Það er nokkurs konar friðun á hákarli; og til hvers er það gjört? Til þess að meira veiðist af honum; eins vil jeg að selurinn verði friðaður til þess að meira verði veitt af sel. Mín br.till. er eins og nokkurs konar friðarengill í þessu máli, því hún veitir báðum pörtum það, sem þeir óska eptir, og skilur þannig við málið, að það verður ekki deiluefni framar milli þeirra; vona jeg því, að ef hún verður samþ., þá verði það nokkur hundr. kr. sparnaður fyrir Ísland, því þá er vonandi að sá draugur verði ekki sendur á næsta þing. — Skal jeg svo láta úttalað um þetta mál að þessu sinni.

Atkvæðagr.: Eptir beiðni 8 nafngreindra þm. var nafnakall haft um 1. gr. í breyt.till. þm. Barðstr. (E. K.) og sögðu 17 þingm. *já*, en þessir 5 þm. sögðu *nei*: Fr. Stefánsson, Holger Clausen, Jón Ólafsson, Ól. Pálsson og Tr. Gunnarson. Arnlj. Ólafsson greiddi ekki atkv., og var hans atkv. talið með meiri hlutanum; var 1. gr. breyt.till. þannig samþykkt með 18 atkv. gegn 5.

Með þessari atkvæðagreiðslu var hið upphaflega frv. (C. 159) fallið.

Þá var 2. gr. breyt.till. samþ. með 16 atkv. og 3. gr. samþ. með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um friðun hvala (C. 201); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það urðu talsverðar umr. um svona stutt frv. við 2. umr., og lengri en jeg bjóst við. Tilgangur nefndarinnar var enginn annar en sá, að vernda fiskiveiðar íslenzkra manna eða búsettra manna í landinu — því að þá kalla jeg alla íslenzka—innan löghelgi, fyrir ágangi útlendra eða *ekki* búsettra manna í

landinu — því þá kalla jeg alla útlenda —. En jafnframt hafði nefndin fyrir augum, að Íslendingar, sem enn eru ekki færir um, að nota sjer hvalveiðar, væru þó ekki útilokaðir frá ýmsum höppum, sem geta orðið með atvikum, svo sem t. d. hvalrekar, eða því, að drepa hvali í ís o. fl. Þetta var nú aðaltilgangur og aðalstefna nefndarinnar og engin önnur. Jeg hjelt, að mönnum mætti vera fullkunnugar og minnisstæðar þær umkvartanir og sú sorglega reynsla, sem vjer höfum fyrir því, hversu útlendar öflugri þjóðir hafa verið og eru oss enn of nærgöngular eigi að eins með því, að eyða fiskinum á fiskimiðum vorum, heldur einnig með ýmsum öðrum óskunda. Nefndin hefir að öðru leyti að eins stungið upp á litlum breytingum við 1. og 2. gr., sem í raun og veru eru mest orðabreytingar, og svo viðbótinni: »nema í ísvök sje«, sem hefir í sjálfri sjer ekki aðra þýðingu en þá, sem upphaflega átti að liggja í 1. gr. — Þá er nú þess að geta, að hjer liggur fyrir breyt-till. frá 6 h. þm. (C. 212). Í 1. málsgrein, sem hljóðar svo: »Nú finnst kúla eða járn með þinglýstu marki í hval, er dauður finnst á floti eða kemur á reka, og á þá skotmaður hlut, sem lögbók ákveður«,—þar stingur breyt.till. upp á, eða rjettara sagt þessir 6 h. þm., að engin sjerstök regla sje gefin frá því, sem nú gildir um þinglýst mark, er finnst í hval; en eru þó ekki á móti því, að hvalir sjeu friðaðir. Gæti maður nú að því, hvað liggur í og leiðir af þessari uppástungu, þá getur maður í nafni þessara h. þm. sagt sem svo: Enginn má að vísu skjóta hval í landhelgi; við því leggjum við ríkt lagabann, og þetta vort lagabann skulu allir útlendingar vita; en þótt þeir skjóti hval ólöglega, þá skal þeim vera það til huggunar, að þeir þurfa enga sönnun að færa fyrir því, að þeir hafi skotið hann löglega, með öðrum orðum, ekki brotið á móti lagabanni voru. Kjarninn í lagasetning þessari verður þá þessi: Verið þið rólegir; drepið þið hvalina hundruðum saman óhræddir, eins og ykkur líkar, því þið þurfið aldrei að sanna, að þið hafið gjört það löglega. Ef þið sannið, að þið eigið skeytið eða kúluna, sem banað hefir hvalnum, þá fáið þið skotmannshlutinn, þó þið hafið drepið hvalinn á því svæði, sem hann er friðaður á og gat því ekki orðið eign ykkar. Á þetta getur nefndin, eins og öllum hlýtur að liggja í augum uppi, ómögulega fallizt. Ef nokkur takmörkun á að vera á hvalaveiðunum, þá hlýtur skotmaður að þurfa að sanna, að hann hafi skotið löglega; hitt, sem breyt.till. fer fram á, að landeigendur eigi að sanna, að hvalveiðamaðurinn hafi gjört það ólöglega, það nær engri átt, hvernig sem á málið er litið. Fyrsta stig til að geta sannað, já, meira að segja til að geta skýrt frá, eða til að hafa hugmynd um, hvort hvalurinn er veiddur löglega eða ekki löglega, er þó að vita, hvar hann er skotinn og hve nær, með öðrum orðum staðinn og tímann. Vjer vitum, að hvalurinn, eptir að hann er skotinn, getur borizt langa leið með straumum, ef til vill á annað landshorn, og hvernig á þá landeigandi að vita um staðinn og tímann, sem hvalurinn var skotinn á? Ómögulegt! Þetta veit aptur á móti ætíð sá, sem hefir skotið hvalinn, því honum er innan handar að merkja skeytin eða kúlurnar, og að vita, hvar og hvenær hverri kúlu eða skeyti er skotið, enda mundi hann og, ef hann væri góður drengur, gefa um það sannorða skýrslu. Þetta sýnir berlega, hversu setningar breyt.till. eru gagnstæðar öllum grundvallarreglum laganna um sönnunarbyrði, án þess einu sinni sje farið út í það, að eptir þessu hlýtur skotmaður að sanna öll skilyrði fyrir því, að hann nokkurn tíma hafi átt hvalinn eða skotmannshlut úr honum, allt svo ekki að eins, að hann hafi banað hvalnum með skoti, heldur líka, að hann hafi banað honum á þeim stað og tíma, sem lögin leyfa. Já, meira að segja: þingdeildin getur ekki verið þekkt fyrir að samþykkja aðra eins ákvörðun og þá, sem breyt.till. setur. Þá er miklu betra að fella allt málið. Deildin getur, segi jeg, ekki verið þekkt fyrir að láta það spyrjast til annara landa, að Íslendingar setji svona reglur um hvalaveiðar í landhelgi við Ísland í lögum, sem þó eiga að friða hvalina. Menn sjá þannig, að þessi mótbára: það er ómögulegt fyrir hvalveiða-

manninn að sanna, að maður hafi skotið löglega, þótt maður hafi skotið löglega, hefur, — þótt hún væri í reyndinni sönn — alls enga ástæðu í sjer fólgna, til þess að velta sönnunarbyrðinni yfir á landeiganda eða rekamann. En þar að auki er hún alveg röng, því það er einmitt hvalveiðamaðurinn og enginn annar, sem getur sannað, að hann hafi drepið hvalinn löglega. Sá, sem skýtur hval, getur nefnil., eins og jeg sagði, ósköp vel, eins og þm. Snæf. (H. Cl.) tók áður fram, haft kúlur sínar merktar með tölum; svo heldur hann dagbók skipsins, og mun enda optast hafa landsýn, sje hann nálægt landhelgi, og yfir höfuð getur hann vel vitað, og á að vita, hvar hann er á hverri stundu staddur, því klukku hefur hann, að jeg ímynda mjer, og svo veit hann bæði staðinn og tímann. Hann hefur líka menn með sjer á skipinu, því það ætla jeg að segja h. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að enginn hvalveiðamaður mun einn á skipi; eða heldur hann máske, að þar eigi við: »Út reri einn á báti Ingjaldur í skinnfeldi«? Nei, þótt Norðmenn sjeu miklir hvalveiðamenn og sjómenn yfir höfuð, þá fara þeir ekki einn á bát í hvalaveiðar við strendur Íslands. Skipshöfnin getur því allt af vitnað, og skipshöfnin mundi álitin trúverðug eins í þessum tilfellum eins og í straudtilfellum og mörgum öðrum. Það er engin ástæða til að gjöra ráð fyrir slíkri skipshöfn, að hún afleggi rangan eið til þess að skotmannshlutur af hvalnum verði borgaður móti lögunum. Nei, það verður hjer eins og almenn lög leyfa: Sá verður að vitna, sem af veit. Þá kemur 2. liður í br.till. h. h. 6 þm.: »Nú fellur grunur á skotmann o. s. frv.« Þessi málsgrein á ekki við 2. gr., heldur við 3. gr. og 4. gr.; og þótt því nú yrði klemmt inn í 2. gr. frv., þá finnst mjer ómögulegt að samrýma það við 3.og 4.gr. Þar stendur, að með mál út af brotum gegn lögum þessum skuli farið sem opinber lögreglumál, en eptir þessari málsgrein hlýtur sýslumaður að gefa skotmanni, sem grunur, studdur af líkum, er fallinn á, kost á að vinna synjunareið, og þannig með eiði fría sig og frelsa frá öllum sektum og skaðabótum, og þessi eiður á svo um leið að helga honum skotmannshlutinn, hvort sem hann á hann eða ekki! Þetta getur ekki staðizt eptir almennum rjettarfarsreglum, hvorki í einkamálum og sízt í opinberum málum; »og þessum úrskurði verður ekki áfrýjað« stendur í enda málsgreinarinnar! Ekki á til að sleppa með fádæmin hjá hinum háttvirtu uppástungumönnum! Nei! Jeg vona að hinir h. uppást.m. sjái, að þetta og því um líkt getur ekki staðizt; öllum almennum rjettarfarsreglum er hjer um steypt frá rótum. Allra sízt getur þetta staðið í 2. gr, án þess að nema burtu 3. og 4. gr. Jeg vona, sem sagt, að h. h. uppást.menn fylgi þessari breyt.till. ekki fast fram, og gæti vel að því, að þessi lög eiga þó ekki að vera alþingi til minnkunar í augum sjálfra vor eða erlendra manna, en sönn rangindalög fyrir landeigendur á Íslandi, eður þá, sem finna hvali dauða á floti.

Jón Ólafsson: H. framsögum. (B. Sveinsson) tók fram, að sjer væri þetta mál eigi kappsmál, en þó þótti mjer málrómur hans bera það með sjer, að svo væri einmitt, og hygg jeg að hann hafi ætlað að bæta ástæðuleysi sitt upp með skörungslegum málrómi sínum og snjöllum framburði. Lög, sem sett eru sem almenn lög, eiga að gilda jafnt fyrir alla; en það vakti fyrir honum, að hann vill ekki gjöra öllum jafnhátt undir höfði, sem reka atvinnu í landinu. Það eru miklir erfiðleikar á því, að merkja og þekkja kúlur þær, er þeir skjóta hvali með, því að til þess þyrftu kúlurnar að vera með númerum, og svo þyrfti að halda vottfasta bók yfir, á hvaða degi, stað og stund hverri sje skotið. H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að jeg að líkindum gjörði ráð fyrir, að »einn rjeri út á báti«; hann sagði að »journallinn« (skipsdagbókin) væri næg sönnun; en má jeg spyrja: Hver færir journalinn? Hyggur hann að allir hásetarnir gjöri það? nei, það er eigi hugsandi, því að til þess þyrftu þeir allir að vera eintómir navigateurar; það er eigi skipshöfnin öll, heldur skipstjórinn einn, sem gjörir það. Og þótt nú öll skot væru færð inn í journalinn, þá verð jeg að segja,

að skipshöfnin gæti ekkert vottað um, hvort rjett eða rangt væri inn fært; hún ætti þá að vitna um það, sem hún alls eigi hefur vit á eða getur sagt með nokkurri vissu. Jeg held, að þegar til framkvæmdar kæmi, freistaðist margur til að votta það, sem hann vissi ekki um, af hugsunarleysi. Fyrir þessu hef jeg reynslu fyrir mjer, og skal jeg koma með eitt dæmi fyrir því: Jeg var eitt sinn skipaður talsmaður manns, sem kennt var um, að hafa skotið of nærri æðarvarpi. Í því máli stóð svo á, að um nes var að ræða og er fjall á nesinu, og kom þá skipshöfn fram, sem stödd var fyrir norðan nesið, og bar vitni um og staðfesti með eiði, að skot, sem skotið var fyrir sunnan nesið með fjallinu á, hefði verið nær hólmum sunnan við nesið, en ¼ mílu. Þetta heyrði hún svo, að hún gat dæmt um það, gegn um hátt fjall!! Hvernig átti nú þessi skipshöfn að geta sannað með eiði vitnisburð sinn um skotið? Það var lífsómögulegt, og þó var hún eiðfest og látin þannig vinna eið að þessum framburði! Þetta sýnir að eins, að menn eru gjarnir á, ef þeir eru ógætilega spurðir, að svara ógætilega, einkum um það, sem þeir eigi vita vel. Frumreglan í þessu frumvarpi er, eins og jeg sagði um daginn, á móti öllum grundvallarreglum í íslenzkum lögum. H. h. framsögumanni þótti það ísjárvert í varauppástungunni, að skotmaður fengi kost á að vinna eið að því, að hann hafi eigi skotið hvalinn ólöglega og þannig fría sig með eiði við ábyrgð; en þetta er eigi rjett; þótt hann engan eið vinni, er hann samt laus við alla ábyrgð; með eiði sínum helgar hann sjer að eins skotið. *(B. Sv.:* Nei). Jú, og skal jeg leyfa mjer að lesa upp 2. gr.: »Nú vill nokkur fella grun á skotmann, að hann hafi skotið hval ólöglega, og skal hann þá kæra það fyrir valdsmanni; þyki valdsmanni grunurinn styðjast við nokkrar líkur, skal hann gjöra skotmanni þann kost, að vinna eið að því, að hann eptir beztu vitund sinni hafi eigi skotið hval þann ólöglega«. Ef það á að valda skotmanni ábyrgðar, að hann hafi skotið ólöglega, þá þurfa þeir, sem bera það á hann, að koma með fullkomna lagasönnun fyrir því. Hefði frv. ákveðið, að ef skot fyndist í hval með marki manns, skyldi hann sektast fyrir að hafa skotið hvalinn ólöglega, nema hann sanni hið gagnstæða, þá hefði frv. fyrst verið sjálfu sjer samkvæmt; en þá vona jeg allir hefðu og sjeð ósanngirni þess. Vjer, sem komum með varauppástunguna, óskum því, að hún verði sett inn í staðinn fyrir uppást. nefndarinnar, því að jeg álít uppást. nefndarinnar ósanngjarnari. Jeg veit, að það eru margir þingmenn, sem fallast á breytingartillögu okkar fremur en nefndarinnar, og það jafnvel sumir nefndarmennirnir sjálfir. Það er því von mín, að þingd. gjöri þetta mál að meira kappsmáli, en h. framsögumaður þykist hafa gjört hingað til.

Arnljótur Ólafsson: H. framsögum (B. Sv.) hefur tekið fram hið mesta af því, sem jeg vildi segja, og vil jeg að eins styðja að því, að 2. gr. í breytingartill. nefndarirnar verði tekin fram yfir 2. gr. í breytingartill. þeirra 6 manna. Eins og menn vita, eru þessi lög friðunarlög, og því verður að setja þau ákvæði í þau, sem duga til þess að þau nái þeim tilgangi. Þess vegna verður að skoða, hvor breytingartill. styðji betur að því, að ná þessum friðunartilgangi. Jeg verð að lýsa því eindregið yfir, að mjer þykja breytingar nefndarinnar betri að því er 2. gr. snertir, vegna þess að þar er skotmanninum lögð sönnunarskyldan á herðar; þar stendur, að skotmaður skuli fá hlut í þeim hval, sem skeyti er í, þó því að eins, að hann sanni, að hann hafi skotið hval sinn löglega. Eptir breytingaruppást. hinna 6 manna hvílir sönnunarskylda eigi á skotmanni. Þegar jeg virði breytingar nefndarinnar fyrir mjer, þá geng jeg að því vísu, að sannaðarskylda skotmanns sje studd á því, að lögmæti skotsins sje rangt, og verður þá spurningin, hvort eðlilegra er, að skotmaður sanni lögmæti skotsins, eða eigi, og hygg jeg það lögum samkvæmara, að hann gjöri það, því að skotmaðurinn er krefjandi eða sækjandi skotmannshlutar, og liggur þá sú skylda á honum, að sanna rjett sinn. Skotið eitt

sannar hann með þinglýstu marki; en lögmæti skotsins verður hann að sanna þar að auki, þar eð hjer er um friðunarlög að ræða. Þetta er í fyrsta lagi vanaleg sönnunarskylda í einkamálum. Í 2. lagi mun það vera alltíð málafarsregla, að leggja sönnunarskylduna á þann málsaðila, sem á hægra með að sanna, en eigi á hinn, sem á mjög örðugt eða enda ómögulegt með það, svo sem gjört er með framlegging skjala o. s. frv. Nú er þá að athuga, hvort skotmaður á hægra með að sanna, eða þeir, sem hvalinn eiga móts við hann. Sjálfsagt skotmaðurinn. Formaður getur með skipshöfn eða bátshöfn einni jafnan sannað eitt, þ. e. hvar hann var, þá er hann skaut; hann getur þó jafnan miðað við land (peilet), þótt hann sje alls ekki heima í sjófræði. Þessi sönnun er hæg fyrir formanninn; en ómögulegt er fyrir landeigendur að miða með nokkurri nákvæmni við hljóðið, þótt þeir hafi heyrt skot, og geta því eigi sagt, hvar skotið var. Þriðja ástæðan er sú, að þessi sönnunarregla er alveg samkvæm Jónsbók 4. kap. í Rekabálki; þar stendur neðst á bls.: »Ef hinn (þ. e. landeigandi) dylr (þ. e. neitar eða rengir) at hann (þ. e. skotmaður) eigi þat skot, þá skal skotmaðr láta bera tveggja manna vitni með svörnum eiði, at það er hans skot, og eigi gaf hann né galt og eigi sölum seldi, svo þeir vissi«. Hjer er skotmanni gjört að skyldu að sanna, að það sje hans skot. *(Jón Ólafsson:* Undarlega les þm. biflíuna). Jeg skal ljá þingmanninum bókina á eptir. Þessa sönnunaraðferð álít jeg lögum samkvæmasta,líkt sem framsögum. (B. Sv.) tók fram, og það eitt veit jeg með vissu, að þannig verður friðunartilganginum helzt náð. Hitt er eigi til neins, að setja skotmanni þá skyldu, að vinna eið, nema ef til vill að leiða hann í freistni. Eptir orðunum í breyt.till. þeirra 6 þm. getur eigi annað komizt að eptir 2. gr., en að dómarinn láti skotmann vinna eið, ef nokkur grunur er á, að skotið hafi eigi lögmætt verið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er sömu meiningar sem fyr, að jeg álít 2. gr. nefndarálitsins óþarfa, því að í 3. gr. stendur hið sama sem í henni, nefnilega það, að aflafangið skuli upptækt. H. framsögum. (B. Sv.) kom með margar ástæður, sem hann taldi gildar, um nytsemi 2. gr., og þar á meðal tók hann það fram, að skotmanni væri ætíð hægt að sanna, hvar og hvenær hann hefði skotið hvalinn. En það er ekki rjett. Skotmaður gæti skotið 10 hvali á dag og tapað öllum, og hvernig væri það þá mögulegt fyrir hann, að þekkja hvern þeirra fyrir sig, þótt einn af þessum hvölum ræki einhverstaðar að landi með hans þinglýstu skoti í? Eins gæti það átt sjer stað, að þoka væri, þegar hann skyti. *(Arnlj. Ól.:* Þá má ekki skjóta). Þá ætti að taka það fram í breyt.atkv. Það er því ómögulegt að segja, hvar eða hve nær hver af þessum 10 hvölum hafi verið skotinn. Það, sem þm. Eyf. (A. Ó.) las upp úr lögbók, er allt annað en það, sem hjer á við, og þarf ekki neinn lögfræðing til að skilja það.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer fannst h. framsögumaður (B. Sv.), þótt löglærður sje, snúa við setningunni um eignarrjettinn. Þegar skeytið finnst í hval með þinglýstu marki skotmannsins, þá er það næg sönnun fyrir eignarrjetti skotmannsins; en þeir, sem efast um að hann hafi skotið hvalinn löglega og ætla, að hann þannig hafi brotið af sjer rjettindi til skotmannshlutar í hvalnum, á þeim hvílir sönnunarbyrðin fyrir ólögmæti veiðarinnar, enda er það gagnstætt allri lagareglu, að láta þann, sem ákærður er, sanna, að hann sje sýkn. Sjerhver grunur um, að maðurinn hefði skotið ólöglega, sem landeigendur bæru upp á hann, væri nógur til að svipta hann eignarrjetti á hvalnum; en samkvæmt lögum er þó betra, að láta hinn seka sleppa, en hegna hinum saklausa. Það, sem h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) var að sanna með ákvæðum Jóns lagabókar, á hjer ekki við. Skotmaður hefur sannað með skeytinu eignarrrjett sinn, þegar það finnst í hvalnum, og þá kemur að eins til skoðunar, hvort hann hefur skotið hann löglega eða eigi. Þegar einhver segir, að hann eigi skot í hval, verður hann að sanna það; en ef annar maður neitar, að hann hafi skotið rjettilega, verður sá að sanna það. Opt getur það og átt sjer stað,

að hann fái eigi að sverja eða að honum sje neitað um það, og verður hann þá að missa rjett sinn, sem er mjög ósanngjarnt. Það er auðvitað, að með þetta mál á að fara eins og opinber lögreglumál, og því á að halda próf í málinu. Við prófið verður að koma fram, hvort líkur eru nægar til að svipta hann rjettinum eða eigi; og ef þær eru eigi nægilegar, þá heldur hann rjetti sínum, og er jeg því með breyt. h. 6 þm., því að jeg sje ekki mótsögn í greininni. Helzt vil jeg, að 2. gr. falli burt. Jeg sje eigi ástæðu til að gjöra þessum mönnum, sem þar er drepið á, örðugra með að sleppa hjá hegningu en öðrum. Það hefur verið sagt, að hver maður gæti æfinlega sannað löglega aðferð sína við veiðina með skipshöfninni; en það er opt eigi; og eigi er það óhægra fyrir þá, sem kæra skotmenn fyrir brot, að sanna brotið, en fyrir skotmanninn sjálfan að sanna, að hann hafi skotið rjettilega. Opt getur skotmaður verið kærður ástæðulaust, en hann getur eigi sannað það. Opt getur það verið t. a. m., að Íslendingur fari á bát með einn eða tvo unga drengi til að skutla hval; en þótt þessir drengir bæru vitni um skotið, þá er vitnisburður þeirra eigi fullgildur. Þegar skipshöfn er tekin til vitnis, er það til að sanna, að skipstjóri hafi eigi gjört neitt það, sem ólöglegt væri; þannig er t. d. með skipströnd, þá er skipshöfn spurð um, hvort skipstjóri hafi gjört nokkuð ólöglegt, svo þeir vissu, og ef það er ekki, er honum sleppt. Eins verður að vera með þetta mál. Svo er það eitt, að h. h. framsögumaður er allt af að tala um, að það sjeu útlendingar, sem veiða hjer, og að það sje ranglátt, að þeir gjöri það án hegningar, en það eru eigi að eins útlendingar, sem veiða hjer, heldur Íslendingar líka. Ef hjer er að eins átt við útlendinga eina, hví er það þá eigi sett í frumvarpið? 2. gr. álít jeg óþarfa, en ef menn endilega vilja halda þeirri grein, vil jeg þó heldur 2. gr. hjá þessum 6 mönnum, en grein frumvarpsins.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Alþt. B. 1885.

H. þingmaður Suðurmúlasýslu (J. Ól.) talaði um, að journal skipsins væri ekki gildur nema allir skipverjar færðu hann. (*Jón Ólafsson:* Það sagði jeg ekki). Hvað gat þingmaðurinn annað meint með orðum sínum nema ekki neitt? Nú, hann segist ekki hafa sagt það, og þá bið jeg fyrirgefningar, en ef hann hefir ekki sagt það, þá hefir hann líklega ekki meint það, og ef hann hefir ekki meint það, vona jeg, að hann fari ekki að koma með slíka útúrdúra hjer eptir, enda ætti hann að vita, að sá journal, sem stýrimaður og skipstjóri færa, er gildur um allan heim, nema eitthvað það komi fram, sem hnekkir gildi hans, því »Præsumptionina» hefir hann með sjer. — Hann var líka að tala um, að einhver skipshöfn fyrir austan hefði svarið eið um fjarlægð hljóðs af byssuskoti, sem þeir hefðu orðið að heyra gegnum fjall; en fyrst og fremst verð jeg að rengja það, að sýslum. í Múlasýslu hafi tekið þannig lagaðan eið af mönnum, sem hann gaf í skyn, er eigi hafi verið á öðru að byggja fyrir vitnin, en hljóði eða hvell af byssuskoti, sem átti að heyrast gegn um fjall, og þó nú svo hefði að borið í Múlasýslum, í því tilfelli, er þingmaðurinn tók fram, þá er það ekki nóg. Því má jeg spyrja: hvað vill þingmaðurinn sanna með því, eins og hjer stendur á? Eða ímyndar hann sjer kann ske, að fjall sje eða geti verið milli hvals og skyttu, úti á sjónum, þá er hann skýtur á hvalinn? En þetta, einmitt þetta tilfelli, sem hann talar um í Múlasýslum, hlyti iðulega eða alloptast að koma fyrir, ef landsmenn ættu að fara að sanna, að hvalveiðaskip hefði ólöglega skotið hval; þá mundi það koma fyrir, að landsmenn, vitni landeigenda, finnenda hvals og rekamanns mundu þurfa að heyra skotið, ekki að eins gegnum eitt fjall, heldur mörg fjöll! Þingmaðurinn sannar því einmitt á móti sjálfum sjer með slíkum dæmum sem þessum, og fer svo optsinnis fyrir þeim skarpleiksmönnum, sem hafa rangt mál að verja. Nei, sannleikurinn er sá, að það eru einungis skipverjar sjálfir, sem geta um það borið, að hvalurinn sje

löglega skotinn, enda er það almenn lagaregla, að sá verður að vitna sem af veit, en hvalveiðamennirnir geta ekki leitt önnur vitni en skipshöfn sína. Vildi maður taka dæmi, þá vita menn, að hjú, ektamaki, börn og náfrændur eru vanalega ekki gild vitni, en þegar önnur vitni verða ekki tilkvödd, þá geta þau verið gild vitni. Það getur komið fyrir, eins og h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) og h. 1. þm. Arn. (Þ. G.) sögðu, að hvalveiðamaður veit ekki, hvar hann er, t. d. í þoku. En getur þá h. 1. þm. Árn. sagt mjer — mjer heyrist hann þykjast vera svo fjarskalega vanur við að skjóta hvali — getur hann sagt mjer, segi jeg, hvernig fer, ef hann skýtur hval til bana með þeim atvikum, að skip hans er og hann því sjálfur fyrir utan landhelgi, en hvalurinn fyrir innan landhelgi? á hann þá hvalinn eða á hann hann ekki? Kann ske h. þm. Reykv. vilji svara mjer: á hann hvalinn eða á hann hann ekki í þessu tilfelli? Þessa spurningu verða menn að gera sjer ljósa. En þessari spurningu er auðsvarað, því það liggur í augum uppi, að hvalveiðamaður á ekki þennan hval, og engu fremur, en þó skipið einnig hefði verið fyrir innan landhelgi. Af þessu sjest þá, að það er ekki einhlýtt að drepa hval með skeyti eða kúlu, til þess að eignast hann eða skotmannshlut úr honum, en þá leiðir aptur þar af, að það er ekki nóg, að hvalveiðamaður sanni, að hans mark er á kúlunni, til þess að sýna, að hann sje eigandi að skotmannshlutnum, og þess vegna verður aldrei sagt af eða til um það, hvort hann missi rjett sinn til hvalsins eða ekki, nema því að eins, að hann einnig sanni, að hvalurinn sje löglega skotinn; en þá fær hann líka skotmannshlutinn eptir frumvarpi nefndarinnar. Í þessu tilfelli hjálpar eiður honum ekkert, því, ef hann veit ekki, hvort hvalurinn er löglega skotinn, þá getur hann heldur ekki svarið sjer hann. En ef hann nú ekki á hvalinn, af því að hann er ólöglega skotinn, því skyldi þá ekki landssjóður fá sína eign, ef þetta kemst upp og verður sannað, en ella sá, sem reka á, eða sá, sem finnur hvalinn á floti. — Sem sagt, hjer á enginn eiður við, hinn eini eiður, sem hann gæti svarið í þessu tilfelli, væri »Godtroenheds»-eiður, en hann er alls engin sönnun fyrir eignarrjetti. Þessi hvalur, sem hjer ræðir um, mundi að minni meiningu verða dæmdur eign rekaeigandans, en skotmaður mundi sleppa við hegningu. En hvalinn á hann ekki. H. herrar geta kann ske sannað hið gagnstæða, en jeg held því fram, að þetta sje rjett, og jeg hygg að h. deild geti byggt á því. (*H. Kr. Fr.*: Nei). H. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) má ekki koma með sinn umsnúning á skilyrðunum fyrir eignarrjettinum og sönnuninni fyrir honum. Það dugar heldur ekki að blanda saman sekt og því, þótt skotmaður fái ekki skotmannshlut úr hval, af því hann getur ekki helgað sjer hann sem löglega skotinn. En það er öldungis rjett, sem h. þm. Eyf. (*A. Ó.*) tók fram, að sýslumaður fær ekki eptir breytingartillögu hinna háttvirtu þingmanna að halda sínum rannsóknum áfram yfir hvalaskotmanni. Skotmaður heimtar eið, og lögreglustjóri getur ekki neitað honum. (*Jón Ólafsson:* Svo?). Nei, hreint ekki. Og þetta er svo óheppileg regla, að h. deild getur ekki verið þekkt fyrir að láta hana standa í lögum, sem hún hefir samið og samþykkt. Enn tek jeg það fram, að orðið: »grunur» er haft um sakamál, en ekki í þessu sambandi, eður um einkamál, heldur orðið »líkur »(Formodning). Hinir háttvirtu þingmenn breyta einnig öllum reglum og venju í lagamálinu; slíkt þekkist þar ekki.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil vekja athygli á því, hvort það er sjálfu sjer samkvæmt, að sá, sem brýtur þessi lög og verður sektaður til landssjóðs, missir líka veiðifang sitt, og andvirði þess rennur í landssjóð. En þegar nú líkur eru til þess, að hann hafi brotið lögin og hann missir veiðifang sitt, þá lendir það veiðifang í eigu »privat»-manns. Hví setur ekki hin h. nefnd þær reglur, að veiðifangið renni líka í landssjóð, fyrst hann missir það fyrir grun eða líkur fyrir því, að hvalurinn sje ólöglega skotinn? Þetta er sú ósamkvæmni, sem ekki er hafandi í lögum.

Jón Ólafsson: Það lítur út fyrir, að hinn skriptlærði þm. Eyf. lesi lögbókina á þann hátt, sem hann vafalaust ekki les biflíuna. Hann las upp 4 línur aptarlega úr 4. kap., en gætti ekki að upphafi kap.; þar stendur: »Ef hval rekr á fjöru manns, ok á fjörumaðr hann allan, ef eigi er skot í. En ef skot finnst í hval, þat er þingborið mark er á, þá á skotmaðr hálfan». Enn fremur stendur í 5. kap.: »Hvalskyti hverr skal sýna grönnum sínum 6 mark á skoti því, er hann vill hafa, ok síðan í lögrjettu, nema hann hafi keypt þingborit mark, eðr honum sje ljeð, gefit eðr goldit, ok hafi hann þar vátta til»; og í 9. kap. stendur: »Ef rekr á land manns háfr, hval, björn, rostung, hnísur ok sel, ok finnst skot í, þá á sá þriðjung, er skaut, ef hann hefir vitni til skots síns, ef eigi er þingborit». Af þessu er auðsjeð, að skotmaður þarf því að eins að leiða fram vitni að því að hann hafi skotið, að mark hans sje ekki þinglesið, en sje það þinglesið, þarf hann ekkert vitni að leiða, og þá á hann sinn skotmannshlut. *(A. Ó.:* Nei). Jú, það hefði verið betra fyrir h. þm. Eyf., að lesa rekabálk Jónsbókar frá upphafi til enda. H. framsögum. sagði, að orðið »grunur» væri óheyrt í lögum; en Jónsbók ræðir og einmitt um »grun. Svo það er alls ekki óheyrt. Viðvíkjandi því, að valdsmaður geti ekki bannað skotmanni eið, og hljóti að gefa honum hann, skal jeg taka fram, að samkvæmt 4. gr. verður allt af höfðað opinbert lögreglumál, ef ástæður eru gildar til þess. Og enn fremur hef jeg tekið það fram, að eiður geti aldrei orðið annað en eptir bezta áliti, og hjer stendur líka í varauppást.: »eptir beztu vitund».

Jón Sigurðsson: Mjer virðist umræðurnar snúast um það atriði, sem aldrei hefði átt að standa í þessu frv. Jeg get alls eigi sjeð, að 2. gr. eigi hið minnsta hjer við. Hjer liggja fyrir friðunarlög, en 2. gr. fer út í rekabálk Jónsbókar. Hvað á það skylt við friðunarlög? Mjer finnst ekki um annað að gera, en að greiða atkvæði móti þessari 2. gr., því hún á alls ekki heima í þessu frv.

Atkvæðagr.: Breyt.till við 1. gr. frv. (C. 213) samþ. með 17 atkv., og með því var 1. gr. frv. (C. 201) fallin.

Breyt.till. við 2. gr. var felld með 11:11, að viðhöfðu nafnakalli, sakir óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	nei:
Arnljótur Ólafsson,	Eiríkur Kúld,
Benedikt Sveinsson,	H. Kr. Friðriksson,
Eiríkur Briem,	Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,	Gunnlaugur Briem,
Lárus Blöndal,	Jón Ólafsson,
Magnús Andrjesson,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Pálsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Þorkell Bjarnason,
Þórður Magnússon,	Þorl. Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,	Þorst. Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.	E. Egilsson.

Þá var gengið til atkvæða um breyt.till. 6 þingmanna, er laut að því, að 2. gr. fjelli burt (C. 212), og var það samþ. með 13 atkv. gegn 6; með því var 2. gr. frv. (C. 201) fallin, og sömuleiðis varauppástunga 6 þingm. (C. 213).

3. gr. frv., sem nú varð 2. gr., var samþ., og sömuleiðis 4. gr., sem nú varð 3. gr.

Frv. þannig breytt var samþ. í einu hljóði og sent síðan Ed.

Frumvarp til laga um breyt. á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 162); 2. umr.

Jón Jónsson: Af því að jeg hef ásamt öðrum h. þingm. komið fram með breyt.till. (C. 198), ætla jeg að tala fáein orð. Það mun öllum kunnugt, að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 hafa eigi náð almenningshylli, og er það þess ljósasti vottur, að ekkert þing hefir svo liðið síðan, að ekki hafi komið fram margar tillögur um breyt. á þeim á hverju þingi. Þetta er líka mjög eðlilegt, þegar þess er gætt, hve erfitt það er fyrir þingið að búa til þess konar lög fyrir land allt. Enda kom fram á þingi 1879 mikill meiningamunur í því máli; en ætlun mín er sú, að grundvallarreglan, sem þá var sett, hafi rjett verið, sú regla, að láta sem mest hvert brauð bæta annað upp; og á þessum grundvelli hygg jeg, að enn

væri rjettast fyrir oss að byggja, og hagga honum sem minnst. Það er mjög eðlilegt, að óskir komi fram á þingi um breytingar á þessu máli á þeim stöðum, þar sem eigi hefir vel heppnazt í fyrstu að skipa haganlega, og þá er það skylda þingsins, að taka þessar óskir til greina, ef þær eru á rökum byggðar. En einkennilegt er eitt jafnan við þær, að þeim hættir fremur til að bæta útgjöldum á landssjóð, en miða síður til að ljetta þeim. Þetta er leiðinlegt, því það er eins og máltækið segir: »Leiðir eru langþurfamenn», og það er von til, að þinginu leiðist þessar sífelldu fjárbænir til prestakalla. En þessar fjárbænir eru eigi eingöngu frá prestum eða kirkjustjórninni, heldur liggur optast rót þeirra hjá söfnuðunum sjálfum, og mun sprottin af skammsýni safnaðanna. Þeir óska helzt, að sem ljettast sje að ná í prest, vilja því ekki að prestaköll sjeu sameinuð, jafnvel þótt það sje vel tiltækilegt, og þegar svo enginn sækir um þeirra prestakall, biðja þeir um viðbót úr landssjóði, í von um að þá fáist prestur til sín. Við þessu má búast, því fáir af söfnuðunum geta skoðað þetta mál frá almennu sjónarmiði; en þingið á að geta það, og það á að hugleiða, — ef það vill verða við þessum óskum, án þess að bæta við útgjöld landssjóðs,—hvort ekki má rífka afgjald frá ýmsum stærri brauðum til að vega upp það, sem landssjóður kann að þurfa að leggja til hinna minni brauða. Að þessu lýtur breyt.till. sú, sem jeg hef komið með og h. 1. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.). Sumum af þessum brauðum, sem frv. gerir breytingar á, er jeg mjög kunnugur, því þau liggja nærri átthögum mínum, þar sem jeg er borinn og barnfæddur. Jeg álít hagfellt, að Melstaðarbrauð og Staðarbakki haldist sem sjerskilin prestaköll, og vil jeg styðja það, að svo verði. Enn fremur álít jeg mjög haganlegt, að Prestsbakka- og Staðarsóknir í Hrútafirði heyri til sama brauðs, en Óspakseyrarsóknin leggist til Tröllatunguprestakalls. En jeg vil, að þessi brauð geti borið sig sjálf, án þess að skertur sje landssjóður og útgjöld hans aukin.

Til þess nú að landssjóður ekki missi neitt í við þessa breytingu, höfum við komið með þá tillögu, að þær 250 kr., sem eptir frv. h. Ed. tapast, vinnist aptur á þann hátt, að tillagið til Tjarnarprestakalls verði fært niður í 100 kr. úr 300 kr., en afgjaldið af Melstað fært upp úr 350 kr. í 400 kr. Tjarnarprestakall yrði þrátt fyrir þessa breytingu 1000 kr. brauð, eða rúmum 200 kr. tekjumeira en 2 prestaköll í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi (Sandfell og Kálfafellsstaður). Enn fremur höfum við stungið upp á, að 5. tölul. um Grenjaðarstað falli burt. Jeg þarf eigi frekar að taka fram ástæður fyrir þessu; það er samkvæmt lögunum 27. febr. 1880. Andi þeirra laga er sá, að afgjald af einu brauði bæti annað upp, og er það heppilegast að framkvæma það með því, að leggja jarðir frá einu prestakalli til annars, því prestum er mjög torvelt að greiða frálagið eða afgjaldið í peningum; þess vegna stingum við líka upp á við 1. gr., að í staðinn fyrir »350 kr. í landssjóð» komi 400 kr. Um hinar breytingartill. (C. 166 og 196) vil jeg ekki tala. Jeg hef það á móti þeim, að þær fara fram á of mikið tillag úr landssjóði. En það tillag óska jeg ekki að fari vaxandi.

Jón Sigurðsson: Það má með sanni segja, að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 ætli ekki að verða mikil heillaþúfa fyrir þetta þing. Það er segin saga, að á hvert þing, síðan þessi lög voru útgefin, hafa komið fleiri eða færri tillögur um að breyta þessum lögum, og þegar frv. hafa komið frá stjórninni í þessa átt, hafa menn teygt þau í allar æsar og bætt við á allar lundir, þangað til úr þeim hafa orðið afarlöng frv. Það frv., sem nú kom frá stjórninni, fór að eins fram á að gera breyting á skipun tveggja brauða. Í Ed. var tveim brauðum öðrum bætt aptan við frumvarpið, og held jeg að til þess hafi verið töluverð ástæða; hjer á nú að bæta 8—10 prestaköllum við enn; þetta gæti nú, ef til vill, átt sjer stað, ef þessar breytingartillögur kæmu í tíma, en flestar þeirra koma svo seint, að naumast er mögulegt fyrir þm. að greiða atkvæði um þær. Þessi aðferð er heldur ekki samkvæmi þingsköpum, því þótt það sje leyft

þar, að breytingartillögur, sem útbýtt er á sama fundi, megi koma til atkvæða, ef þingdeildin leyfi, þá er þar með ekki heimilað að demba þannig heilum sæg af breytingaratkvæðum inn á þingið undir þessari reglu. Það liggur í anda þingskapanna, að þessi regla gildi að eins í einstökum tilfellum; það er undantekning frá þingsköpum, sem ætti að koma sem sjaldnast fyrir. Hjer er líka um meira að tala en einfaldar og óbreyttar breytingartillögur, því hjer er hver einasta breytingartillaga lagagrein út af fyrir sig, og það er því sama að ætla mönnum að greiða atvæði um þetta, eins og ef eitthvert frv. kæmi frá stjórninni eða einhverjum þingmanni, sem þingm. ættu strax að greiða atkvæði um umhugsunarlaust, án þess að þeir fengju neitt færi á að kynna sjer málið. Jeg skal ekki tala mikið um hinar einstöku breytingartillögur, nema að eins þá, sem fer fram á að fella 5. gr. frv. burt (C. 198), það er að segja, að nema úr gildi breytingu þá um árgjaldið af Grenjaðarstaðar prestakalli, sem var sett inn í frv. í Ed. Af því jeg er svo kunnugur þessu atriði, og hjer fyrir þinginu liggja svo ýtarlegar skýrslur um það, sem jeg efast um að uppástungumenn þessarar tillögu hafi lesið, skal jeg leyfa mjer að skýra þetta atriði dálítið. Eins og jeg sagði, liggja ýms skjöl til skýringar þessu máli fyrir þinginu; höfuðskjalið er endurrit af áliti safnaðarfundar í Grenjaðarstaðarprestakalli, enn fremur eptirrit af áliti hjeraðsfundar í prófastsdæminu, og merkilegasta skjalið er skýrsla frá sjálfum prestinum á Grenjaðarstað, þar sem hann skýrir frá, hvernig ástatt muni verða, þegar hann fari frá brauðinu og breytingin komist á, og það er engin ástæða til að ætla, að þessi prestur sje hlutdrægur í skýrslu sinni, því breyting sú, sem prestakallalögin ákveða, getur ekki komizt á, meðan hann er þar prestur, heldur fyrst eptir að hann er farinn frá brauðinu. Þegar Múlaprestakall er sameinað við Grenjaðarstaðaprestakall, verður tekjuupphæð þessara sameinuðu brauða alls 3686 kr. 79 au. Það er mikið í munni, en sá, sem fær brauðið, er ekki búinn að taka himinn höndum fyrir það, því að af þessum 3686 kr. 79 au. eiga að ganga 2062 kr. frá brauðinu. Fyrst ganga frá brauðinu 180 kr., sem eru sóknartekjurnar af Þverá, ásamt prestsmötu þaðan, sem hvorttveggja á að leggjast til Helgastaðabrauðs, því þótt presturinn eigi ekki að borga þessa upphæð út sjálfur, þá rýrna tekjur prestakallsins um 180 kr. við þessa breytingu. Þar næst á presturinn að borga frá sjer 1700 kr. í landssjóð; enn fremur á hann að borga svo kallað 3 hndr. ómaga meðlag, sem hvílir á Grenjaðarprestakalli, og sem hefir verið dæmt á prestakallið með hæstarjettardómi, og það nemur 80 kr. Við þetta bætast vanaleg umboðslaun af þeim 1700 kr., sem eiga að greiðast í landssjóð, sem eru rúmar 100 kr.; allt þetta til samans verður rúmar 2000 kr., og verða þá eptir handa prestinum að eins rúmar 1600 kr. sem hreinar tekjur í þessu stóra brauði. Eins og menn vita, er Grenjaðarstaðaprestakall eitt af 4 höfuðbrauðum landsins; en með þessu á að setja það niður í tölu hinna svo kölluðu meðalbrauða, og mjer er nær að halda, að það verði rýrara en nokkurt meðalbrauð. Jeg hefi heyrt marga presta þar nyrðra, sem kunnugir eru brauðinu, segja, að þeir mundu seinast sækja um þetta brauð af öllum brauðum í prófastsdæminu, má ske að Þönglabakka undanskildum, og jeg er líka sannfærður um, að sú mundi verða raunin á, að það yrðu fáir til að sækja um það með þeim kostum, að eiga að greiða frá því 1700 kr. í landssjóð. Enn fremur segir presturinn, að brauðið sje mikið farið að rýrna og hafi mjög rýrnað síðan síðasta brauðamat fór fram. Hann segir, að þess sje gætandi, að sumar af kirkjujörðum Grenjaðarstaðar sjeu óbærilega dýrt leigðar, og sumar þeirra muni að öllum líkindum ekki byggjast lengur. Mjer er líka kunnugt um, að þetta er svo; það eru nokkur kirkjukot í Kelduhverfi, prestakallinu tilheyrandi, sem mjög eru farin að ganga úr sjer, og munu innan skamms leggjast í eyði, og rýrna tekjur brauðsins um 100 kr. að minnsta kosti við það. Jeg vil því skora á þingd., að ef hún

gerir nokkra breyting á prestakallalögunum, að hún þá gefi þessari grein meðmæli sitt, því hjer er virkilega nauðsyn að gera einhverja breyting á því, sem verða á þar eptir núgildandi lögum við næstu prestaskipti. Hvað þá ákvörðun í frv., sem viðvíkur Laufásbrauði, snertir, þá skal jeg ekki fara mörgum orðum um hana, en jeg held, að það sje, ef til vill, engin af þessum breytingartillögum, sem eins mikil ástæða sje til að aðhyllast eins og hana, því það er satt, að prestur sá, sem hjer á hlut að máli, hefir farið mjög halloka í því máli. Hann sótti um brauðið í því trausti, að hann fengi það með sömu gögnum og gæðum, sem því hefðu fylgt að undanförnu, en einmitt um sama leyti var hafið landamerkjamál á móti brauðinu um æðarvarpshólma, svo kallaðan Neshólma, sem áður hafði legið undir Laufás og verið mikilsverð hlunnindi brauðsins. Þetta mál var dæmt í hjeraði, og samkvæmt þeim dómi tapaði prestakallið varphólmanum, og missti presturinn við það að minnsta kosti 400 kr. af tekjum sínum, eða sömu upphæð og hann á að borga frá brauðinu. Það eru þessar 400 kr., sem presturinn fer fram á að verði sjer eptir gefnar, og sem Ed. hefir fallizt á að gefa eptir meðan hann hefir veitingu fyrir brauðinu. Þetta álít jeg sanngjarnt, að eptirgjöfin sje að eins miðuð við veru þess prests, sem nú er í brauðinu, því þótt varphólminn gangi undan brauðinu fyrir fullt og allt, þá verður sótt um Laufásbrauð fyrir því, og það verður betra brauð en Grenjaðarstaður þrátt fyrir það. Annars vil jeg helzt greiða atkvæði móti öllu málinu, og engri breytingu taka.

Forseti: Þar sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) kom með eins konar áminning um, að hjer væri dembt inn á þingið sæg af breytingaratkvæðum á sama fundi og greiða ætti atkvæði um þær, þá játa jeg, að slíkt er mjög óheppilegt; en forseti verður að hlýða þingsköpum, og í þeim stendur, að breytingartillögur þær, sem útbýtt er á sama fundi, megi koma til umræðu og atkvæða, ef þingd. samþykkir, og h. þm. hefir opt greitt sjálfur atkvæði með því, að þær breytingartillögur, sem svona seint hafa komið, mættu koma til umræðu.

Jón Sigurðsson: Jeg skal taka það fram, að orð mín áttu engin áminning að vera til forseta; ef þau því skoðast sem áminning, þá er hún beinlínis til þingm. sjálfra, en ekki til forseta.

Landshöfðingi: Það hefir verið sagt, að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 sjeu ekki vinsæl; þetta getur nú verið, en þau voru þó vel og ýtarlega yfirveguð áður en þau voru samþykkt. Þetta sýnir, að það er vandi að gera breyting á skipun prestakallanna svo, að tilganginum verði náð og kjör presta batni yfir höfuð. Það er eðlilegt, þótt það hafi ekki tekizt alstaðar að ná þeim tilgangi, sem var með prestakallalögunum 1880, því það er mjög erfitt, og reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að það hefir ekki tekizt alstaðar, því á hverju ári hafa komið fram tillögur til breytinga á þessum lögum, og þær hafa fundizt að vera á rökum byggðar sumar hverjar, því þingið er búið að samþykkja ýmsar breytingar á þessum lögum. Jeg er samdóma hinum h. þm. um það, að þingið eigi ekki að taka á móti tillögum um breytingar á þessum lögum, nema þær sjeu ýtarlega yfirvegaðar áður og vel undirbúnar; helzt ætti málið ávallt að vera þannig undirbúið, að stjórnin gæti komið fram með frv. um slíkar breytingar, sem væri byggt á þeirri nauðsyn, sem þegar væri búin að sýna sig. Þetta litla frv., sem stjórnin lagði fyrir þingið, er byggt á nauðsyn, sem fullkomlega hefir sýnt sig, en þetta frv. er nú orðið talsvert víðáttumeira en það var í fyrstu, því Ed. bætti við það nokkrum nýjum ákvæðum, og jeg verð að vísu að álíta, að full rök hafi verið leidd að því í Ed., að þær breytingar á prestakallalögunum, sem þar var bætt við stjórnarfrv., sje nauðsynlegar, og það hefir líka komið fram í umræðunum hjer í dag og verið fyllilega sýnt að mínu áliti, að breytingin á Grenjaðarstaðar- og Laufásbrauðum, sem Ed. hefir bætt við, sje nauðsynleg og æskileg. En hvað snertir breytingartillögur þær, sem komið hafa hjer fram í h. deild, þá sýnist

mjer nokkuð öðru máli að gegna með þær. Þegar gengið er út frá því, að það eigi ekki að hreyfa við þessum lögum, nema full nauðsyn sje til þess, þá held jeg að þessar breytingartillögur sje ekki þannig undirbúnar, að full ástæða sje til að taka þær til greina. Það er auðvitað, að landssjóður getur ekki sloppið við alla þá byrði, sem af breytingum á prestaköllunum 1880 leiðir; en það er sjálfsagt, að menn verða að hafa það ávallt hugfast, að koma þeim svo fyrir, að þessi byrði verði sem minnst að auðið er, og þessa er gætt í frv. stjórnarinnar og við þær breytingar, sem bætt var við í Ed. Kröfurnar til landssjóðs voru þar takmarkaðar við brýnustu nauðsyn. En hvað hin nýju breytingaratkvæði, sem hjer hafa komið fram, snertir, þá er allt öðru máli að gegna; það liggur ekki ljóst fyrir, að þau útgjöld, sem þau fara fram á, sjeu byggð á svo mikilli nauðsyn, að þessar tillögur beri að taka til greina. Jeg skal hjer minnast á eina af þessum breytingartillögum, sem reyndar fer í gagnstæða stefnu, í þá stefnu, að ljetta á landssjóðnum, nefnil. breytingartillögu 2 h. þm. við 1. gr. viðvíkjandi Melstaðarbrauði (C. 198); þar sem frv. Ed. ákveður, að frá því brauði skuli greiðast 350 kr. í landssjóð, þá er hjer farið fram á, að færa þessa upphæð upp í 400 kr. Þessari breytingartillögu verð jeg að vera mótfallinn; jeg held að árgjaldið sje fullhátt sett 350 kr., og jafnvel í hæsta lagi. Jeg held að það væri nógu hátt og hæfilegt, að það væri 200 kr., eins og það var sett í frv. stjórnarinnar. Ef Melstaðarbrauð fær að halda sjer, þá eru allar tekjur þess eptir hinu nýja brauðamati 2173 kr., og ef frá því greiðast 200 kr., þá eru ekki eptir nema tæpar 2000 kr., og það verður að álítast hæfilega stórt brauð og ekki meira; en það getur þó ekki verið meiningin að gera þetta brauð að litlu brauði, heldur að láta það halda sjer eptir sem áður sem gott brauð. Jeg verð að halda því fast fram, að árgjaldið frá þessu brauði sje ekki fært upp úr þeirri upphæð, sem sett var í frv. Ed. Viðvíkjandi hinum öðrum breytingum, sem Ed. gerði við stjórnarfrv., þá verð jeg að álíta, að breytingarnar á Grenjaðarstaðar- og Laufásbrauði sjeu nauðsynlegar og á fullum rökum byggðar, og einkum held jeg, að breyting sú, sem farið er fram á, að gerð verði á Laufásbrauði, sje mjög nauðsynleg. Hvað Grenjaðarstaðarbrauð snertir, þá verður það brauð, þegar árgjaldið er sett niður í 1200 kr., reyndar samt nokkuð stórt brauð. Ef árgjaldið þaðan yrði sett niður um 500 kr., mundu tekjurnar af því verða um 2370 kr. Hjer eru fleiri breytingartillögur, sem þessar almennu athugasemdir, sem jeg tók fram, einnig gilda um. Mjer finnst þessar breytingartillögur ekki vera svo vel undirbúnar, að ástæða sje til að taka þær til greina. Þó eru sumar þannig lagaðar, að þær liggja ljósar fyrir en aðrar. Vil jeg þar til nefna breytingartillögu hins h. þm. V.-Skaptf. um brauðin í Mýrdalnum (C. 166). Þar er sjálfsagt mikil þörf á, að gera einhverja breytingu frá því sem er, en það hefir mikinn kostnað í för með sjer, og því er efamál, hvort nauðsynin er svo mikil, að ástæða sje til að fallast á þessa breytingu að þessu sinni. Hið sama er að segja um breytingaratkvæði frá h. þm. Barðstr. og h. 2. þm. Árn. (C. 196); þar kann að vera nokkur þörf til staðar; en jeg held þó, að það mál sje ekki svo ljóst, að ástæða sje til að fallast á þær breytingar að svo komnu. Það getur skeð, að hinir h. flutningsm. geti skýrt það svo, en enn sem komið er, held jeg að það sje mönnum ekki svo ljóst, að ástæða sje til að samþykkja það. Jeg vildi annars helzt óska, að frv. gengi fram óbreytt, eins og það liggur fyrir, eða þá með litlum breytingum, því að ef farið er að gera miklar breytingar við það, getur það orðið til þess, að allt málið falli, og fjelli svo einnig það, sem mest lægi á og bráðnauðsynlegt væri.

Ólafur Pálsson: Það lítur illa út fyrir þessari viðaukatillögu minni, en jeg verð þó að skýra frá ástæðunum fyrir henni. Þessi tvö brauð losnuðu sumarið 1882 og síðan hefur ekki fengizt þangað nema einn prestur, og nú er þar enginn til og því engin messugjörð, og hefur ekki verið síðan í vet-

ur um nýár. Ef menn vilja leita prests, þá er að fara austur yfir Mýrdalssand austur í Skaptártungu, og þessi sandur er opt og tíðum alveg ófær og stór vötn yfir að fara. Ef menn vilja leita prests vestur á bóginn, þá næst ekki í hann fyr en vestur í Rangárvallasýslu, og þá er að sækja yfir Jökulsá á Sólheimasandi, og þegar þangað kemur, er ekki um annan prest að gera, en prest, sem kominn er á níræðisaldur, og hvað ætli hann gæti ferðast slíka leið? A hvora síðuna, sem maður sneri sjer til prests frá mínum bæ, sem er næst austasta bæ í Mýrdal, er full dagleið, þó góðir vegir sjeu, auk heldur þá vondir eru. Og þótt nú kæmi ungur prestur í þetta brauð, þá væri ekki til þess að hugsa, að hann hjeldi það lengi út, að þjóna því brauði; hann mundi varla haldast þar lengi; hann mundi víst verða feginn að losast þaðan eptir fá ár, þótt hann fengi annað brauð, sem væri tekjuminna. Þótt nú þurfi að veita 400 kr. til þessara brauða hvors um sig, þá má ekki horfa í slíkt, þar sem eins brýn nauðsyn er til staðar, því hvað verður úr mönnum, ef allt trúarlíf deyr út hjá þeim? Þegar ekki eru nema 2 prestar í allri Vesturskaptafellssýslu og þeir illa settir og eiga að þjóna 10 kirkjum, þá er nú ekki glæsilegt útlit fyrir trúarlíf í sýslunni. Jeg veit vel, að uppbót sú, sem jeg hef farið farið fram á, er allt of lítil. Þótt þessi viðbót fengist, þá fengju menn líklega samt engan prest þar, því að nóg er af brauðunum laust, og þeir munu samt heldur vilja önnur brauð, sem krónutal er hærra á, þó jeg álíti, að betra sje fyrir prestinn hægt brauð, þó krónutalið sje lægra, en hátt krónutal og erfitt brauð. En jeg vil þó fá uppbótina veitta, svo að menn geti sjeð, að hverju þeir hafi að ganga; en að fara að stinga upp á minni uppbót en 400 kr. til hvors, gat jeg ekki lagt upp. Jeg er ekkert upp á að ausa fje úr landssjóði. Þó menn haldi það, þá sýndi jeg 1883, hvort jeg var of hár í kröfum mínum með tillag til Langholts og Þykkvabæjarklausturs safnaða. Þá um haustið kom þangað prestur; en undir eins og annað brauð losnaði þar í kjördæminu, sótti hann um það. Síðan eru hin brauðin prestlaus. Af því, segi jeg, að tillagið var of lítið. Ef krónutalið hefði verið nokkru meira á því brauði, sem hann fjekk upphaflega, hefði hann ef til vill verið kyrr. Jeg skal annars ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en óska, að viðaukatillögur mínar fái góðan byr hjá þinginu og verði samþykktar og fái að ganga til 3. umr. með aðalfrv.

Landshöfðingi: Jeg gleymdi áðan, er jeg talaði, að minnast á breyttill. frá fjárlaganefndinni, sem fer fram á, að landsjóðsgjaldið af Oddaprestakalli verði lækkað niður í 500 kr. Jeg er þessari breyttill. mjög meðmæltur, því að reynslan hefir sýnt, að það er afætlun fyrir prestinn að borga eins mikið og nú er lögákveðið, einkum í þessum harðindum, enda mun það vera viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að árgjaldið af þessu brauði sje of hátt. Það verður ekki í eiginlegum skilningi sagt, að þetta sje útgjaldaauki á landsjóð; en þótt það, sem að nokkru leyti er sama, sje tekjumissir fyrir hann, vil jeg sterklega mæla með þessari breyt.till.

Þorkell Bjarnason: Jeg get ekki gefið atkv. mitt nema með breyttill. frá fjárlaganefndinni um Oddaprestakall og breyttill. frá þm. Austurskaptfellinga og 1. þm. Norðurmúlasýslu. Ef þær breyttill. falla, get jeg ekki verið með frv., nema 6. gr., því að það er sanngjarnt, að sá prestur sem þar ræðir um, fái það bætt, sem hann missir í af tekjum þeim, er hann átti í vændum, er hann fjekk brauðið. Þessi lög um skipun prestakalla þurfa annars öll í heild sinni endurskoðunar við; það sýna hinar sífelldu breytingaruppástungur, sem jafnan dynja yfir þingið. Þessar breytingar, sem farið er hjer fram á, eru allt annað en glæsilegar fyrir landssjóð, því þær leggja það til, að þyngja útgjöld hans að miklum mun; þær breyttill., sem hjer liggja fyrir hafa nefl., ef þær verða að lögum, á þriðja þúsund kr. kostnaðarauka fyrir landssjóð í för með sjer. Þetta er að minnsta kosti mjög ísjárvert eða varlega farandi út í að samþykkja þær. Jeg er fastráðinn í að gefa atkvæði móti þessu máli í þetta sinn

af því að búast má við, að bráðum verði prestakallalögin endurskoðuð í heild sinni, og þá álít jeg rjettast, að hverju prófastsdæmi væri einu sinni fyrir allt lagt fast tillag, sem skipta mætti eins og þörf þætti milli brauðanna.

H. Kr. Friðriksson: Það komu í hitt eð fyrra fyrir þingið bænarskrá frá prestinum í Odda um, að hann yrði þá leystur undan afgjaldinu af brauðinu, og fylgdu þessari bænarská skýrslur um, að brauðið hefði rýrnað mjög, einkum af því að kirkjujarðir hefðu skemmzt af sandfoki. Nú hefir stjórnin stungið upp á að gefa alveg eptir árgaldið af tjeðu brauði; hefir það við nokkur rök að styðjast, fyrst og fremst af því, að brauðið hefir gengið mikið úr sjer, og í öðru lagi er presturinn, sem þar er nú, góðs maklegur. Það getur því ekki verið nein ástæða til að vera á móti þessari breytingartill., og væri bezt að frá Oddabrauðinu gengju þá jarðir, sem gæfu í árleg afgjöld 500 kr., enda er gengið út frá því í prestakallalögunum, að hafa þá aðferð, þar sem því verður við komið, að taka árgjaldið í jörðum og leggja þær til þeirra brauða, sem eiga að fá tillögin.

Jeg ætla ekki að tala margt um hinar aðrar breytingartill. Þær sýna, sem aðrar breytingartill., sem komið hafa fram á prestakallalögunum, að þetta er hið mesta vandamál. Það er heldur ekku því að heilsa, að málið sje leitt til lykta með þessum breytingartill., sem hjer liggja nú fyrir; heldur mun á hverju þingi streyma inn á það till. um þetta mál. Af því sjest, að allt of fljótt hefir verið gengið að þessu máli í fyrstu. Það var að vísu í mörgu farið eptir uppástungum hjeraðsfunda; en þetta mál sýnir meðal annars, hve öruggt er að byggja á hinum svo kallaða þjóðvilja; það sem almenningur telur hagkvæmt í dag, telur hann óhagkvæmt á morgun. Það er nú komin fram spá mín á þingi 1879 í þessu máli, og þinginu hefði þá verið betra að fara að mínum ráðum og fresta málinu.

Hið eina, sem mjer í rauninni þykir ráðlegt í þessu máli, er, að alþingi reyni að kippa þessum vandkvæðum í lag með því að hlutast til um, að skipuð verði nefnd meðal þinga, sem tæki málið til íhugunar nú á tímabilinu milli þinga, og þingið tæki svo málið allt fyrir á næsta þingi, er nægur undirbúningur væri fenginn.

Þórarinn Böðvarsson: Það hafa fleiri en einn þm. talað um að breytingar hafi komið fram á prestakallalögunum 27. febr. 1880, og enda er náttúrlegt, að svo sje, því að lögin sjálf vísa á þann veg. H. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) sagði, að málið hefði eigi verið nógu ýtarlega undirbúið; en hann skýrði eigi frá, hversu ýtarlega það ætti að vera. Á þessari skoðun var h. hæstv. landshöfðingi ekki; og hvernig voru lögin undirbúin? Það var sett nefnd á milli þinga, 5 manna nefnd. Hún vann með alúð að þessu máli. Fundir voru haldnir í hverju hjeraði um allt land.

Á þeim fundum mættu prófastar og prestar og leikmenn fyrir hönd hvers safnaðar. Þessar skýrslur frá hjeraðafundunum tók nefndin alvarlega til íhugunar og áleit skyldu sína að hafa tillit til þeirra, svo sem ýtrast var fært, og margt það, sem síðan hefir verið beðið um breyting á, var einmitt tekið eptir hjeraðsfundunum. T. d. breytingin á Melstaðar og Staðarbakka prestaköllum. Því næst var málið rætt á þinginu ýtarlega, og ætti h. þm. Reykvíkinga að vera það kunnugt, því að hann var þá á þingi, og meira að segja í þeirri nefnd, sem þá var sett í málið. Það sanna er, að prestastjettin álítur eigi kjör sín góð, og er því nokkurs konar barátta milli hennar og landssjóðs. Úr kjörum presta vildi þingið 1879 bæta með því ráði, að sameina brauðin; en nú er það ráð til að bæta kjör þeirra brúkað, að aðskilja brauðin. Menn koma með breytingaruppást., eigi af því, að brauðin sjeu of stór, heldur af því, að tekjurnar þykja of litlar. Mjer er t. d. kunnugt, að hinn háæruverðugi biskup hefur farið þess á leit við prestaefni, að verða prestur austur í Mýrdal, en þau hafa eigi viljað, eigi af því,að brauðið væri of stórt og of örðugt, heldur af því, að tekjurnar væru æði-

óvissar. Prestaefni eru að sönnu fá, en þau vilja eigi þiggja brauðin af því, að þau eru svo tekjulág. Þetta sýnir hinn mikli fjöldi brauða, sem nú eru laus; eru þau optast undir 20, og þó var þeim í prestakallalögunum fækkað um 30. Þar sem menn voru að tala um, að eigi mætti þyngja á landssjóðnum, eins og h. þm. Austur-Skaptf., þá verður þó að gæta þess, hvort prestar fáist eða eigi. Menn verða að ráða við sig, hvort þeir vilja hafa presta eða sleppa því að hafa þá. Geti þeir ekki fengizt, nema þyngt sje á landssjóði, þá held jeg, að það verði svo að vera. Þegar jeg lít á frv., er jeg því meðmæltur, að það fái framgang. Eigi tel jeg það þó skaða fyrir landssjóð, að fá 350 kr. af Melstað, sem hann aldrei hefur fengið neitt hjá. Hvað Tjarnarbrauðið snertir, þykir mjer mjög ólíklegt, að það gangi út með breytingunni. Eptir prestakallalögunum átti að leggja Tjarnarbrauði 300 kr. við næstu prestaskipti. Þinginu 1883 þótti nauðsyn, að presturinn fengi þessar 300 kr. strax, og var það þá samþykkt nálega í einu hljóði; en nú á að taka aptur frá því 200 kr., og álít jeg það mjög ósanngjarnt og ekki samboðið virðingu þingsins. Hvað snertir breytingaruppást. h. þm. Barðstr. (E. K.) og 2. þm. Árnes. (M. A.), þá finnst mjer helzt ástæða til hennar. Landssjóði er heldur eigi íþyngt með henni. Þau prestaköll, sem eru nefnd, bera sig sjálf, þó þau sjeu að skilin, og leggja nokkuð í landssjóð. Viðaukatill. fjárlaganefndarinnar viðvíkjandi Oddaprestakalli er jeg meðmæltur, því að bæði hefur brauðið rýrnað mjög af völdum náttúrunnar, og svo er mjög erfitt fyrir prestinn, að ná upp svo miklu tillagi í peningum, eins og á að lúkast þaðan.

Síðan beiddu 8 þm. um að umræðunum væri hætt, en forseti frestaði umræðunum til næsta dags og sömuleiðis þeim öðrum málum, sem á dagskránni stóðu, en afgreiddar voru þessar bænarskrár og skjöl:

1. Fylgiskjal við skýrslu um höfn á Svalbarðseyri, afhent flutningsmanni sem afgreitt.

2. Bænarskrá frá Borgfirðingum um afnám ábúðar- og lausafjárskatts o. s. frv.; afhent flutningsmanni sem afgreidd.

3. Fylgiskjal um vöruverð í Keflavík.

4. Bænarskrá frá cand. jur. Páli Briem um 200 kr. styrk til að leggja stund á íslenzk lög; afhend fjárlaganefndinni.

5. Bænarskrá frá hjeraðslækni Þorvaldi Jónssyni um launaviðbót; vísað til fjárlaganefndar.

6. Bænarskrá frá Þórði Thorgrímsen um 100 kr. eptirlaunaviðbót; vísað til fjárlaganefndarinnar.

Tuttugasti og annar fundur, laugardag 25. júlí kl. 11 f. h.

Allir á fundi, nema 2. þm. G.-K. (Þork. Bj.), er hafði fengið burtfararleyfi.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 162, breytingartill. 166, 196, 198, 203, 213, 223); *frh. 1. umr.*

Eiríkur Kúld: Það komu fram í umr. þessa máls í gær tvær raddir, önnur frá hæstv. ldsh., hin frá h. þm. S.-Þing (J. S.) um að breyttill. þær, sem hjer liggja fyrir, hefðu komið of seint, svo að ekki væri tími til að átta sig á þeim.

Jeg skal játa það, að sú viðaukatill., sem mitt nafn stendur undir, er komin nokkuð seint, og á það rót sína í því, að bænarskrárnar þessu viðvíkjandi komu nokkuð seint til mín, og vildi jeg ekki leggja þær fram á lestrarsalinn fyr en jeg hefði talað við h. 2. þm. Árn. (M. A.), sem þessu máli er gagnkunnugur, og vildi jeg sameina mig við hann. Það reyndist svo líka, að þetta var rjett hugsað; því nú, þegar hann er á þing kominn, hefur hann sameinað sig við mig í þessari viðaukatill.

Það hafa líka komið fram raddir um það, að þetta mál, sem svo mikið hafði verið undirbúið áður en það var samþykkt á þingi 1879, mundi þó ekki geta staðið um aldur og æfi. En jeg vil spyrja: hver lög í nokkru landi eru svo úr garði gjörð, að breytingar þurfi ekki að koma á þeim síðar, og það þótt mannfleiri þing búi þau til en alþingi

er? Enda hefur reynslan sýnt, að lög frá þinginu hafa ekki reynzt fullkomin í alla staði, og það þótt umfangsminni væru en þessi eru. Það sýnir sig jafnan, að vor lög eru mannaverk, og dugar því ekki heldur, hvað frágangínn á þeim hjer um ræddu lögum snertir, að sakast um orðinn hlut. Jeg er samdóma h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að æskilegt hefði verið, að þetta mál hefði þegar í upphafi verið svo undirbúið, að ekki hefði þurft að fara svona fljótt að breyta.

Það er tekið skýrt fram í 45. gr. stjórnarskrárinnar, að hið opinbera eigi að vernda þjóðkirkjuna, og einn liðurinn í því er það, að ætlan minni, að stuðla til þess, að kristindómurinn verði vel innrættur hinum ungu, og þar til heyrir, að prestaköllin sjeu ekki svo erfið og umfangsmikil, að ókleyft sje fyrir prestinn að hafa eptirlit með trúarlífi og uppfræðing sóknarbarna sinna. Og nú hafa þessi nýju prestakallalög víða gjört það að verkum, að þetta er lítt mögulegt fyrir samvizkusaman prest. Og svo lengi sem guðræknin er eigi með öllu útslokknuð í landinu, munu þó þeir, sem liggja í dauðateygjunum, óska að láta þjónusta sig. En nú eru prestaköllin víða orðin svo víðlend, og víða yfir þau fljót og fjallvegi að fara, að ómögulegt er að ná í prest, að minnsta kosti að vetrarlagi, svo mörgum mánuðum skiptir. Jeg verð því að álíta, að það sje skylda þingsins, að vera hlynnt þessu máli, þar sem breytingar eru nauðsynlegar. En málið er svo vaxið, að þótt nú dynji bænarskrár og hafi dunið, frá því er lögin voru samin, inn á þing, er jeg sannfærður um, að hið sama verður á næstu þingum hjer á eptir, enda þótt þingið nú samþykki þessar breytingar, sem hjer er farið fram á, því það er öldungis nauðsynlegt, að taka þetta mál fyrir frá rótum. Þó jeg því álíti þá breytingu nauðsynlega, sem viðaukatill. okkar 2. þm. Árn. (M. A.) fer fram á, skal jeg ekki halda henni fast fram, heldur er það næst mjer í þetta sinn, að greiða atkvæði móti öllum þessum breyt.till., af þessum ástæðum, nema máske breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. (C. 166), því nauðsyn hennar er án efa langbrýnust. Hvað breyt.till. minni viðvíkur, þá er í bænarskránum, sem til mín eru komnar frá Miklaholts og Rauðamels söknum, greinilega skýrt frá þeim annmörkum, sem á því yrðu, ef sameiningin færi fram og Kolbeinsstaða sókn yrði bætt við Miklaholts prestakall. Enn fremur getur presturinn þess, að eigi sje tilvinnandi í efnalegu tilliti fyrir sig, að þjóna Kolbeinsstaða sókn, með því að árgjaldið, sem leggja á á brauðið, naumast fæst endurgoldið með tekjunum af þeirri sókn, og get jeg bætt því við, að ef afhenda ætti jarðir frá Miklaholts prestakalli, sem því svaraði, þá eru þær ekki til svo miklar. Presturinn hefur því lýst því yfir, að slík sameining mundi neyða sig til að sækja frá brauðinu. Hjer við bætist enn, að til er ætlazt, að presturinn flytji frá Miklaholti að Stóra-Hrauni, sem nú má heita að sje niðurnítt eða í flagi, og því næsta kostnaðarsamt að gjöra það að viðunanlegu prestssetri. Auk þessa yrði erfiðara að nota hlunnindi brauðsins, sem er dúntekja og selveiði, frá þeirri jörð, en frá Miklaholti sjálfu. Enn fremur skal tekið fram, að flytjist prestssetrið að Stóra-Hrauni, verður prestsþjónustan í Rauðamels- og Miklaholts söknum langt um erfiðari og stopulli, með því hann yrði að fara yfir Haffjarðará, sem einatt getur orðið ófær. Bænarskráin frá Kolbeinsstaða sókn tekur skýrt fram þá annmarka á sameiningunni, sem sjáanlegir eru, og eins þá samhuga ósk sóknarmanna, að Hítarnes haldist sem brauð út af fyrir sig. En ef nú, sem líkindi eru til, að Hítarnes losni innan skamms og fara á eptir löggjöfinni og skipta Hítarness prestakalli upp, þá er að vísu sjálfsagt, að presturinn í Miklaholti verður settur fyrst um sinn til að þjóna Kolbeinsstaða sókn; en sem settur þarf hann ekki að greiða þær 400 kr., er greiða ber af brauðinu. Þar á móti verður presturinn að Staðarhrauni eins og nú stendur alls ekki skyldaður til að greiða þær 500 kr., sem til er ætlazt, að greiðist af hinu sameinaða Staðarhraunsbrauði með Akra og Hjörseyjar söknum, svo þó Hítarnesprestakalli verði skipt upp,

missir landssjóður, eins og nú stendur, einskis í fyrir það. En með því nú að Staðarhraunsbrauðið, eins og það nú er, mun vera um 2600 kr., ímyndum við uppástungumenn okkur, að af því mætti greiða við næstu prestaskipti um 400 kr., þó eigi sje við það bætt Akra og Hjörseyjar sóknum, en alls ekki meira, sökum þess, að hinar beztu tekjur brauðsins eru að því leyti óvissar, að þær eru fólgnar í hlunnindum brauðsins, sem geta meir eða minna brugðizt: dún- og seltekju. En að leggja árgjald á hin næstu brauðin: Borgarprestakall, sem er metið um 10½ hundrað kr., eða á Miklaholtsprestakall, eins og það nú er metið um 1100 kr., álít jeg ógjörandi, og sama sem að gjöra þá presta að olnbogabörnum landssjóðsins.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefir opt komið fram síðan 1880, að lög þessi voru samþykkt, að hrapað hafi verið að þessu máli, og undirbúningurinn hafi verið ónógur; en jeg vil leyfa mjer að spyrja: hvernig átti undirbúningurinn að vera? Allir hlutaðeigendur fengu hjer að komast að með álit sitt, jafnt leikmenn sem prestar, nefnd var sett í það bæði milli þinga og hjer á þingi. Jeg get ekki gjört mjer ljóst, hvernig undirbúning þetta mál hefði átt að fá, ef þessi ekki er sá bezti, sem föng eru á. Nefndin hjer á þingi sá 3 vegi fyrir sjer: 1., að hafa brauðin í smáum stýl; 2., bæta þau svo upp úr landssjóði, að hver yrði ánægður, en þá var vafasamt, hvort landssjóður hefði enzt til þess; og 3., að fara meðalveginn, taka ekki ofdjúpt í landsjóð, en bæta þó svo brauðin, að þau yrðu öll viðunanleg; sameina hin minni og leggja nokkuð frá hinum stærstu. Þetta var víst það skynsamlegasta, sem um var að gjöra. Þá sögðu nú reyndar sumir, að sum brauðin yrðu allt of stór; en enginn hefur kvartað yfir, að þau yrðu of tekjumikil; en þrátt fyrir það er nú optast svo, að 10 til 20 brauð standa laus, hvað þá heldur, ef brauðin hefðu verið gjörð fleiri og minni. Þá mætti búast við, að 20—30 stæðu laus. Það getur verið, að prestsefnafæðin sem stendur sje nokkur ástæða, eða skuld í því, að brauð standa laus; en þeim mundi varla hafa fjölgað fyrir það, prestsefnum, þótt brauðin hefðu verið gjörð minni. Ef nú þetta prestakallamál hefur verið illa undirbúið 1879, hvað á þá að segja um breyt-till., sem nú eru hjer fram komnar? Jeg held þingið eigi að láta sjer gömul víti, ef víti hafa verið, að varnaði verða, og hrapa nú ekki að þessu máli, eins og sagt hefur verið að þingið hafi gjört 1879. Líkindi eru til, að stjórnarfrv. sje bezt undirbúið. Mig furðar mikið á því, að ráðgjafinn segir á einum stað, að löggjafarvaldið varði ei um eignir kirkjunnar, heldur heyri það undir hans hátign konunginn, eptir tillögum ráðgjafans. Mjer þykir þetta nokkuð skrítið, þar sem stjórnarskráin segir þó með berum orðum, að engri fasteign landsins megi farga nema með lagaboði. Nú hlýt jeg að álíta, að landið eigi *eignir* þjóðkirkjunnar; þó eru allt af að koma bænir um nýtt fjárframlag til kirkjunnar frá stjórninni, og svo þjóðinni, af prestafæð, til löggjafarvaldsins, sem hefur umráð yfir fjenu, nefnilega landssjóði. Jeg vil að hann, ráðgjafinn, taki þá við þjóðkirkjunni með hennar eignum; jeg vil gefa honum það allt eptir, það er að segja, ef hann treystir sjer til að gera presta og söfnuði *ánægða*. Ef kirkjan getur borið sig með sínum eignum, þá er vel, og þá mundi margur vera ráðgjafanum þakklátur.

Jeg tek það upp aptur, að hafi verið hrapað að þessu máli í fyrstu, er það nú fullkomin ástæða til að gjalda varhuga við, að hrapa ekki nú að breytingum. En gott væri, ef einhver gæti bent á þann máta, hvernig þetta mál á svo að undirbúa, að eigi þurfi sífellt að vera að breyta því, heldur geti verið ráðið til lykta fyrir langan aldur; en það skilyrði sýnist þó nauðsynlegt, að söfnuðir og prestar sjeu dálítið guðhræddir með nægjusemi.

Ólafur Pálsson: Það er einungis smá-atriði, sem jeg gleymdi í gær, er jeg vildi taka fram. Síðasti prestur, sem var í Mýrdalnum, fjekk hentuga jörð í miðri sveit til að búa á; en nú er engin von til að sú jörð fáist eða eins hentuglega sett, fyrir þann prest, sem kynni að sækja um brauðið.

Hann verður því að taka jörð á mjög óhentugum stað, ef viðunanleg væri. Þetta er ennfremur ástæða til að fæla prest frá að sækja um brauðið í heild sinni. Það er líka annað atriði, sem jeg vil taka fram, máli þessu til skýringar. Á sveitarfundi, sem haldinn var í vor í Mýrdalnum, var samþykkt að skrifa stiptsyfirvöldunum, og biðja um þessa aðgreiningu, og beðið um 2 presta, og látið í ljósi, að söfnuðirnir mundu ekki taka á móti einum presti. Þetta var þá eindreginn vilji allra; en hvort snúizt hefir hugur manna síðan, veit jeg ekki til; nema svo mikið veit jeg, að menn munu þar til, sem ekki ganga á móti því, sem þeir hafa skrifað. Svo eru allt bændakirkjueignir, þessar 4, sem eru í sóknunum, og munu eigendur þeirra þykjast og eru víst sjálfráðir, svo að þær verða ekki lagðar niður að þeim fornspurðum. Hvað ágengt verður í þessu, get jeg ekki vitað; jeg hef að eins getið þess málinu til skýringar.

Th. Thorsteinson: Jeg vil að eins benda h. forseta á, að í gær var beðið um það af 8 þingmönnum, að umræðum um þetta mál skyldi hætta; samkv. 33. gr. þingskap. er víst ástæða til að bera það undir atkvæði.

Forseti: H. þingmaður mun geta fengið vilja sinn, því nú er komin ósk frá 11 þingmönnum um, að umr. skuli lokið.

Atkvæðagr.: Eptir skriflegri ósk 11 nafngreindra þingmanna var samþykkt, að umræðunum skyldi hætt. Því næst var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1) var gengið til atkv. um breytingartill. frá E. Kúld og M. Andrjessyni (C. 196), og var I. 1. gr. felld með 17 atkv. gegn 3; 2. gr. tekin aptur, og jafnframt viðaukatillaga sömu þingmanna. (C. 203); 3. gr. felld með 13 atkv. gegn 4; 4. gr. og II.: »1. gr. frv.« o. s. frv. þar með fallið.
2) þá var gengið til atkvæða um breyt.till. frá Jóni Jónssyni og Þorv. Kjerulf (C. 198). Fyrri partur hennar var felldur með 14 atkv. gegn 6, en síðari helmingurinn með 15 gegn 3.
3) þá voru bornar upp til atkvæða greinar frumvarpsins sjálfs (C. 162) hver af annari, og var 1. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 2, og 2.—4. gr. samþ. hver um sig með 16 atkv., en viðaukatillögur Ólafs Pálssonar (C. 166) felldar, hin fyrri með 14 : 6, og hin síðari með 12 : 5. Fimmta gr. frv. var felld með 14 atkv. gegn 7, og 6. gr. sömuleiðis felld með 15 : 4. Þá var breytingartillagan frá fjárlaganefndinni (C. 213) samþ. með 19 atkv. Loks var 7. gr. frv. samþ. með 15 atkv., og frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með meiri hluta atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv. gegn 6.

Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi (C. 108, nefndarálit 178, breytingartill. 179, 203); 2. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Það er heiðraðri þingdeild kunnugt, að ágreiningur er orðinn milli stjórnarinnar af einni hálfu og þingsins af hinni um skilninginn á fiskveiðum samþegna vorra hjer við land. Nefndin hefir reynt að skýra málið, og komizt að þeirri niðurstöðu, að skilningur þingsins í hitt hið fyrra, 1883, sje á betri rökum byggður en skilningur stjórnarinnar; fyrir því hefir nefndin (C. 178) ráðið til talsverðrar efnisbreytingar á stjórnarfrv. H. þingdeild hefir þegar aðhyllzt þessa aðalstefnu nefndarinnar, með því við 1. umr. þessa máls að fella frv. til laga, sem snerta bátafiski á fjörðum; því að í því hlýtur að liggja, að þingdeildin álítur, að 1. gr. í frv. um fiskveiðar fjelaga í landhelgi, eins og nefndin vill orða hana, sje á rjettum rökum byggð, og komi í staðinn fyrir þá ívilnun, sem frv. um bátafiski á fjörðum átti að veita. Þetta er nú aðalstefnan í 1. gr. frv. í nefndarálitinu. En hvað viðvíkur hinu sjerstaka efni gr., þá verð jeg að minnast á breyt.till. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) við 1. gr., sem fer því fram, að í stað orðanna hjá nefndinni í seinni málsgrein 1. gr.: »þó er hlutafjelögum...« og til enda, komi svo látandi málsgrein: »þó er hlutafjelögum heimilt að reka þar síldveiðar, ef fjelagið hefir heimilisfang hjer á landi, og fjelagsstjórnin er skipuð þeim mönnum einum, er hjer eru heimilisfastir«. Í raun og

veru liggja í þessari breyt.till. (C. 203) 2 efnisbreytingar; önnur er sú, að úr 1. gr. falli orðin: »ef meira en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs«, og legg jeg ekki svo sjerstaklega áherzlu á hana og er í raun og veru því ekki mótfallinn, að þessi klausa falli burt, vegna þess, að eptir þessum ákvæðum 1. gr. frv. eru í rauninni útilokuð hlutafjelög þau, er hafa hlutabrjef, er hljóða upp á handhafa, og kölluð eru ónafngreind fjelög (anonyme Selskaber), því til þess að vita, hvaðan fjelagsfjeð er komið, verða menn að vita nöfn hluteigendanna; annars geta menn ekki vitað það. Jeg skil ekki, hvers vegna veita skuli hlutafjelögum meiri rjett fyrir það, að fjelagsfjeð sje frá Danmörku, Færeyjum, Íslandi eða hvaðan sem vera vill; það er ekki aðalatriðið, með hverrar þjóðar peningum maður framkvæmir einhvern hlut, heldur hitt, hvar fjelagið—ef um fjelag er að ræða — hefir aðsetur sitt, og af hverrar þjóðar mönnum fjelaginu er stýrt. Þar sem nefndin segir: »enda sje meiri hluti fjelagsstjórnarinnar heimilisfastur á Íslandi«, þá segir breyt.till.: »og fjelagsstjórnin er skipuð þeim mönnum einum, er hjer eru heimilisfastir«. Á þessa breytingu get jeg ekki fallizt, af því að jeg skoða ákvörðun nefndarinnar eins og eðlilega ívilnun við samþegna vora, og sú ívilnun er í því fólgin, að minni hluti fjelagsstjórnarinar megi vera skipaður þeim mönnum, sem eru ekki heimilisfastir á Íslandi, heldur einhversstaðar annarstaðar í löndum Danakonungs; en í breyt.till. er engin slík ívilnun. Þetta, að meiri hluti fjelagsstjórnarinnar skuli vera heimilisfastur á Íslandi, byggði nefndin á því, að hvert sinn, er gera væri um hagsmuni eða rjettindi hlutafjelagsins hjer, þá væri meiri hlutinn allt af hjer til staðar, og gæti æfinlega haft næga þekking og vald til þess að gjöra ályktanir um málið; en ef fjelagsstjórnin er skipuð þeim mönnum, sem búsettir eru í öðrum löndum Danakonungs, þá getur fjelagsstjórnin eigi skorizt eins vel nje röggsamlega í málið, ef að eins minni hlutinn er til staðar, eins og stjórnarfrv. stingur upp á, þar sem í því stendur: »ef að minnsta kosti einn þeirra er heimilisfastur á Íslandi«. Í þessari ákvörðun nefndarinnar, að meiri hlutinn skyldi vera hjer búsettur, er hugsunin engan veginn sú, að gera samþegnum vorum örðugt fyrir, heldur áleit nefndin, að það væri nauðsynleg ákvörðun, framkvæmdarinnar vegna, að meiri hlutinn væri hjer búsettur; stjórnendurnir mega gjarnan vera Danir, Færeyingar eða Grænlendingar, að eins að þeir sjeu hjer búsettir. Að orðið »fjelaga« falli burt í fyrirsögninni, fellst jeg á, og held að það sje rjettara, því 1. gr. hljóðar ekki eingöngu um fiskveiðar fjelaga, heldur um fiskiveiðarjettinn hjer við land og aðalreglurnar fyrir honum.

Landshöfðingi: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, hefir opt áður verið rætt í ýmsum myndum hjer á undanfarandi þingum, enda er þetta mikilsvarðandi mál, sem snertir einn af aðalatvinnuvegum landsmanna, fiskiveiðarnar. Fyrir mörgum árum komu iðulega bænarskrár frá hinum ráðgefandi þingum um að vernda fiskiveiðar Íslendinga gagnvart útlendingum; en það hafa sýnt sig mjög miklir erfiðleikar á því, að skipa þessu máli hagkvæmlega. Nú síðustu árin er komin nokkuð önnur, nýrri stefna í þetta mál; nú er helzt spurning um rjett Íslendinga, búsettra á Íslandi, fram yfir aðra samþegna vora. Stjórnin og þingið hafa hvort um sig reynt að skipa þessu máli á þann hátt, sem tiltækilegastur væri; en mismunurinn á skoðunum þingsins og skoðunum stjórnarinnar á málinu er þó talsverður. Þingið 1883 samþykkti frv. um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi, en á það frv. óbreytt gat stjórnin ekki fallizt, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í athugasemdunum við frv. það frá stjórninni, er hjer liggur fyrir. Í þessu frv. hefir stjórnin leitazt við að nálgast skoðanir þingsins, að svo miklu leyti, sem hún sá sjer fært; en af nefndarálitinu í þessu máli má sjá, að skoðanir stjórnarinnar og nefndarinnar hafa ekki getað samrýmzt, eins og þó hefði verið æskilegt. Stjórnin hefir haft þá skoðun, að eptir gildandi lögum hefðu allir þegnar ríkisins jafn-

an rjett til fiskiveiða í landhelgi við Ísland. Á þessu er það eðlilega byggt, að stjórnin hefir ekki viljað fara lengra í því að takmarka fiskiveiðar samþegna vorra en nauðsynin útheimti, til þess að vernda þennan atvinnuveg landsmanna gagnvart öðrum þegnum ríkisins en þeim, sem eru búsettir á Íslandi, og þess vegna ekki sett almennar takmarkanir fyrir rjetti samþegna vorra til að veiða í landhelgi. Þar á móti hefir stjórnin viðurkennt það eðlilegan rjett þeirra, sem í landinu búa, að geta rekið þennan atvinnuveg sinn tálmunarlaust og án þess honum væri spillt af öðrum. Á þessu er það aptur byggt, að í frv. til laga um bátafiski á fjörðum,— jeg leyfi mjer að nefna það frv., þótt það sje fallið, með því ákvarðanir þess eru komnar inn í frv. það, er hjer liggur fyrir —, vildi stjórnin setja þá ákvörðun, að heimilt væri að takmarka fiskiveiðar annara en búsettra manna á vissum stöðum, svo framarlega sem þær þættu hamla eða koma í bága við hag þeirra, er á staðnum búa, og tálma atvinnu þeirra. Yfir höfuð er stefnan í skoðunum stjórnarinnar sú, að takmarka ekki meira en nauðsynlegt er rjett samþegnanna til fiskiveiða, og er þessi regla eðlileg afleiðing af því, að stjórnin skoðar, að eptir gildandi reglum hafi allir samþegnar jafnan rjett til fiskiveiða í landhelgi án nokkurrar takmörkunar. H. nefnd hefir nú greinilega og greindarlega gert grein fyrir þeirri skoðun sinni, að þessu sje ekki þannig varið; hún hefir ekki fundið, að þær lagaákvarðanir, sem til er vitnað í athugasemdunum við stjórnarfrv., eigi að skiljast þannig, að rjetturinn til fiskiveiða beri öllum samþegnum jafnt, heldur að eins búsettum mönnum á Íslandi. Þennan skilning sinn byggir nefndin á því, að hún leggur sjerstaka þýðingu í sum orðatiltæki í hinum tilvitnuðu lagastöðum, einkum í orðin: »strendur» og »firði og flóa». Viðvíkjandi þessu vil jeg að eins gera þá almennu athugasemd, sem reyndar er í sjálfu sjer óþörf, að ýms orð má taka bæði í yfirgripsmeiri og yfirgripsminni þýðingu, og þannig er ástatt með orðið »strendur», að jeg held að h. nefnd hafi tekið það orð í takmarkaðri þýðingu, en orðið getur haft. H. nefnd segir, að strangur greinarmunur sje gerður á þessu tvennu, og »þar af leiði, að þótt einhverjum sje leyft að fiska úti við strendurnar, er honum eigi þar með heimiluð fiskveiði í landhelgi á fjörðum og flóum inni». En þetta get jeg ekki fallizt á, því það er auðvitað, að strendur landsins eru eins meðfram flóum og fjörðum, eins og fyrir utan firði og flóa milli fjarðarmynnanna, og þess vegna finnst mjer það ekki fyllilega rjett hjá h. nefnd, að takmarka »strendur» við nokkurn hluta þess, sem annars er kallað strendur. Opna brjefið 18. ág. 1786 heimilar öllum þegnum Danakonungs, að stunda fiskiveiðar við strendur Íslands, svo sem þeir bezt vilja og kunna, og það virðist engin heimild vera gefin til þess að skilja við »strendur» að eins þann part af ströndinni, sem liggur á milli fjarðarmynnanna og flóanna, enda gefur almenn málvenja enga ástæðu til þess. Þar sem í tilsk. 1. apr. 1776 standa þessi orð, sem nefndin hefir vitnað til: »gaa ind til de isl. Kyster eller ind i Landets Fjorde, Bugter og Havne», þá má bæði skilja þessi orð svo, að hjer sje um tvennt að ræða, bæði ytri og innri strendur, og einnig, að hið síðara sje útskýring á hinu fyrra, og það held jeg liggi jafnvel nær að skilja það svo. Það er kunnugt, að danskir þegnar hafa mjög lengi stundað fiskiveiðar hjer við land, einkum ýms verzlunarskip, sem höfðu tilheyrt kóngsverzluninni gömlu, og sem fengu verðlaun (Præmie) fyrir einhvern vissan tíma, sem þau voru á fiskiveiðum í kring um land. Þetta hefir átt sjer stað til skamms tíma. Þá var ávallt álitið, að þessi skip hefðu fullan rjett til fiskiveiða, ekki einungis fyrir utan firði og flóa, heldur og inni á fjörðum og flóum, og kom það þannig fram í framkvæmdinni, og jeg held að þessi aðgreining h. nefndar á »ströndum» og »fjörðum og flóum» geti ekki vel staðizt, hvorki eptir þýðingu orðanna og almennri málvenju, nje eptir þeim skilningi, sem komið hefir fram í framkvæmd laganna að undanförnu. Jeg álít æskilegast, að menn

þurfi sem minnst að takmarka aðgang samþegna vorra til fiskiveiðanna hjer við land, og vissulega ber ekki að beita hinu íslenzka löggjafarvaldi til að setja takmarkandi ákvarðanir í þessu efni frekara en nauðsynin útheimtir. Jeg vildi helzt óska, að þingið í öllum aðalatriðum aðhylltist þá grundvallarreglu, sem stjórnin fylgir í þessu máli. Það er vitaskuld, að þingið hefir vald og rjett til að samþykkja lög um fiskiveiðar í landhelgi; en það er siðferðisleg skylda þingsins, að beita því valdi á sem mildastan og hagkvæmastan hátt, einkum þegar um er að ræða þegna hins sama ríkis.

Hvað viðvíkur hinum einstöku greinum þessa frv., þá skal jeg fyrst víkja að því, sem h. framsögum. (A. Ó.) tók fram, að h. Nd. hefði þegar aðhyllzt skoðun nefndarinnar á þessu máli með því að ákveða, að frv. til laga um bátafiski á fjörðum ekki skyldi ganga til 2. umr. Í þessu get jeg ekki verið samdóma hinum h. framsögumanni; jeg álít, að þingdeildin hafi enn ekki samþykkt annað en að vel mætti steypa þessum tveim frv. saman í eitt frv., þar eð þau væru svo skyld að efninu til; að eins þetta álít jeg, að h. deild hafi samþykkt; og, eins og jeg tók fram við 1. umr., þá sje jeg ekkert verulegt á móti því, að þessi tvö stjórnarfrv. verði sameinuð. Hvað breytingarnar snertir við 1. gr., þá verð jeg að álíta uppástungu h. nefndar frjálslegri gagnvart samþegnum vorum, og því eðlilegri en breyt.till. h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). H. nefnd álítur nauðsynlegt að ákveða, að »meiri hluti» fjelagsstjórnarinnar sje skipaður mönnum, sem búsettir sjeu á Íslandi, og sagði h. framsögum. (A. Ó.), að það væri nauðsynlegt til þess að geta tekið ákvarðanir um málefni fjelagsins; en jeg held, að hið sama næðist með þeirri ákvörðun, sem stendur í stjórnarfrv., að »að minnsta kosti einn af stjórnendum fjelagsins eigi að vera heimilisfastur á Íslandi»; því þá yrðu menn að skoða hann sem erindsreka stjórnarinnar, og gætu ætíð snúið sjer til hans sem umboðsmanns fjelagsstjórnarinnar, og þær ákvarðanir og ráðstafanir, sem hann gerði hjer á landi, yrðu sjálfsagt bindandi fyrir fjelagsstjórnina í heild sinni; mjer finnst því ákvörðunin í stjórnarfrv. í rauninni eins tryggileg, eins og ákvörðun nefndarinnar, en þó frjálslegri gagnvart þeim, sem hjer eiga hlut að máli.

Mjer þykir mikils um vert, að þetta mál gæti leiðzt til lykta sem bezt og haganlegast, og er jeg viss um, að h. þingd. er mjer samdóma um þetta, og þess vegna vil jeg ítreka það, að mjer þætti æskilegast, að 1. gr. í stjórnarfrv. yrði samþ. óbreytt, þó með þeim viðauka, sem ákvarðanirnar um bátafiski á fjörðum kynnu að gera nauðsynlegar, fyrst h. þingd. hefir sýnzt, að setja ekki sjerstakar ákvarðanir um það efni, heldur taka þær inn í þessi lög. Jeg ætla svo ekki að orðlengja um þetta mál, en verð að halda því fram, að sá skilningur, sem stjórnin hefir lagt í nú gildandi lagaákvarðanir um fiskiveiðar hjer við land, sje sá rjetti, af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef tekið fram; og þótt h. nefnd hafi vel og greinilega fært rök fyrir sínum skilningi, þá virðist sú skoðun ekki geta eða ekki eiga að ráða hjer málalyktum; og þó er það ekki aðalatriðið, hver skilningur manna er á hinum eldri lagaákvörðunum, heldur hverjar nýjar ákvarðanir rjett og nauðsynlegt er nú að setja; en þessar ákvarðanir hafa að sjálfsögðu áhrif á það rjettarástand, sem nú er, til að staðfesta það eða breyta því meira eða minna.

Jón Ólafsson: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir starf sitt í þessu máli, og er henni samdóma í flestum greinum. Samt sem áður hef jeg komið með breyt.till. þm. Eyf. (A. Ó.) fjellst á fyrra hlut 1. töluliðs, og vildi jeg því, að 1. tölul. væri liðaður sundur í tvennt, ef menn gætu eigi gengið að síðara partinum, og vil jeg leyfa mjer að óska þess, að forseti beri 1. tölul. í breyt.-till. mínum undir atkvæði í tvennu lagi.

Jeg skal því næst gera grein fyrir, hvað mjer gekk til að koma með þessar breyt.-till. Fyrsta ástæðan var sú, að það er mjög erfitt og jafnvel ómögulegt, að hafa gætur á því, að helmingur fjelagsfjárins sje eign þegna Danakonungs. Hlutabrjef

flestra hlutafjelaga hjer í landi eru stýluð upp á handhafa. Þetta er það, sem kölluð eru anonym hlutafjelög. Að vísu er nafn fyrsta eiganda opt ritað á hlutabrjefið, en samkvæmt innihaldi þeirra og lögum fjelaganna eru þau (brjefin) eign handhafa. Menn úr öðrum ríkjum geta því eignast hlutabrjef fjelaganna, svo að meira en helmingur hlutabrjefanna komist í eign utanríkismanna, án þess að auðið sje að hafa eptirlit með því. Að öðrum kosti yrði öll »anonym» hlutafjelög óleyfileg, þ. e. þeim fjelögum, sem stýla hlutabrjef upp á handhafa, yrði öllum óleyfilegt að veiða. Í 2. lagi erum vjer næsta efnalítil þjóð, sem eigum að svo komnu mjög örðugt með af eigin efnum að koma þess konar hlutafjelögum á fót; fyrir því er einkar-hagkvæmt, að geta verið í samlögum við útlendinga og fengið hjá þeim fje okkur til styrktar í þessu. Þetta gæti á hinn bóginn ekki leitt til neins óhagnaðar fyrir landsmenn, ef fjelagsstjórnin er skipuð þeim mönnum einum, er hjer eru heimilisfastir, eins og jeg einnig legg til; með því hefðu þá landsmenn nóga trygging fyrir, að geta haft öll umráð fjelagsins. Í 3. lagi vakti fyrir mjer, að hagnaðurinn við síldveiðarnar er ekki að eins fólginn í þeim ágóða, sem eigendur síldveiðafjelaganna hafa af aflanum, heldur og í þeirri atvinnu, sem landsmenn hafa við stundun veiðanna. Ef fjelögin væru eigi bundin því skilyrði, að helmingur fjelagsfjárins væri eign þegna Danakonungs, mundu veiðifjelög, sem landsmenn ættu í samlögum við útlendinga, fjölga, og eiga auðveldara uppdráttar, og það mundi aptur gefa mönnum atvinnu. Þegar síldveiðarnar hafa gengið sem bezt hjer við land, nam atvinna sú, er landsmenn höfðu við þær, í einni einustu sveit hjer um 20,000 kr. Þar sem h. landsh. talaði um, að sú ákvörðun í stjórnarfrv., að einn eða fleiri úr fjelagsstjórninni mætti eiga heima erlendis, væri nauðsynleg, þar eð einn maður að minnsta kosti þyrfti að vera umboðsmaður stjórnarinnar, þá get jeg ekki verið á þeirri skoðun, því að þótt stjórnin sje öll innlend, þá getur hún samt haft umboðsmann erlendis; hann þarf ekki að vera í stjórninni, og ekki einu sinni að vera fjelagsmaður. En hitt virðist mjer auðsætt, að meiri trygging sje fyrir hagsmunum landsmanna, ef stjórnendurnir eru innlendir.

Framsögum. (A. Ól.) gat þess, að Íslendingar gætu ráðið öllu, ef að eins meiri hluti fjelagsstjórnarinnar væri hjer heimilisfastur; en það er þó ekki víst, því að svo má ákveða í fjelagslögunum, að formaður geti lagt bann (veto) fyrir ályktun stjórnarinnar, eða að hann hafi tvö eða fleiri atkvæði, og væri hann sá minni hluti talsins, sem ytra væri, gæti þessi minni hluti borið meiri hlutann ráðum.

Landshöfðingi gat þess, að öll sanngirni mælti með því, að hliðra sem mest til við samþegna vora í Danmörku. Jeg neita því að vísu ekki, en það á ekki að gefa þeim meiri rjett en öðrum útlendingum, og það því síður í þessu efni, sem Danir kunna lítt til síldveiða. Til þeirra kunna Norðmenn miklu betur. Það er heldur ekki að vita, nema að Danir yrðu oss æðiágengir, ef vjer gæfum þeim meiri rjett en öðrum, því að það mun vera hugur í þeim að nota hjer fiskiveiðar í landhelgi. Að minnsta kosti get jeg sagt það, að Færeyingar eru mjög nærgöngulir á Austfjörðum; þeir þvergirða nálega firðina með lóðum, skemma veiðarfæri Íslendinga o. s. frv. Auk þess hafa þeir og á stundum gert usla í friðlýstu fuglvarpi þar eystra.

Hvað svo sem sagt er um ákvæði hins eldra frumvarps, sem frá alþingi hefir komið um þetta, þá er það eigi vafasamt, að vjer höfum eptir stöðulögunum fullan rjett til að skipa fyrir um þessi mál, eins og oss þykir bezt við eiga, og Danir geta víst ekki láð oss, þótt vjer gerum það.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg get tekið undir sumt með h. landshöfðingja, en sumt ekki. Hann sagði, að sanngjarnt væri að hliðra til við samþegna vora Dani. Það hefur líka verið tilgangur nefndarinnar. En nefndin verður á hinn

bóginn að halda fast við skilning sinn á fiskveiðalögunum. Því verður ekki neitað, að orðunum »undir landinu« og »við strendurnar« er að merkingunni til haldið fullkomlega aðgreindum frá orðunum »firðir og flóar«, öldungis á sinn hátt eins og menn greina »hesta« og »naut«. Hvorttveggja eru dýr, en þó sitt hvað. Það er og satt, sem h. landsh. mælti, að strendur eru og kallaðar við firði og flóa, t. d. ef sagt er að ganga niður til strandar. En þá er miðað frá meginlandinu eður frá sveitinni ofan til sjávar. En aftur á móti, þá er orðið »strendur« eða »við landið« er sett að merkingu öndvert »flóum og fjörðum», er auðsætt, að orðið strendur þýðir sama sem útstrendur (»Kyst« en eigi »Strand«), og undir landi eða við land þýðir þá og sama sem að vera kominn af hafi utan í landsýn. Þetta leiðir eðlilega af því, að hjer er stefnan miðuð frá útlöndum til Íslands, eður utan úr hafi til lands, en eigi frá landi niður til sjávar. Þessi tvöfalda merking er og alveg samkvæm daglegu tali. Þegar sagt er, að skipið sje komið undir land, þá er ekki meiningin, að skipið sje komið inn á firði nje flóa. Enginn segir heldur, að þilskip sje að fiska »við strendur« landsins, ef það er að fiska við Seltjarnarnes eður Álftanes eður annarstaðar hjer inn á Faxaflóa, hvað þá heldur, ef það er að fiska inn á einhverri vík eða vog, eður við einhvern tanga eður eitthvert nes á fjörðum inni. Að skilja orðatiltækin »við strendur landsins« um strendur á fjörðum og flóum inni, kemur því, enda hvernig sem á er litið, í bera mótsögn við lagastaði þá, sem tilgreindir hafa verið í nefndarálitinu. Sjer staklega skal jeg og geta þess, að þótt menn vildu nú skilja op. br. $\frac{18}{8}$ 1786 5. gr. eins og landshöfðingi, þá bætir það eigi úr skák, með því að þessu hinu opna brjefi væri þá auðsjáanlega breytt með tilsk. 13. júní 1787 III. 1. gr. 5. gr. í opn. br. $\frac{18}{8}$ 1786 getur eigi samrýmzt II. 5. gr. og III. 1. gr. í tilsk. $\frac{13}{6}$ 1787. En eftir almennum lögskýringarreglum breyta hin yngri lög hinum eldri, ef þau eru ósamrýmileg. Vjer verðum því að fylgja hjer sem annarstaðar ákvæðum hins yngra lagaboðs, þ. e. tilsk. 13. júní 1787, sem hafði þann tilgang, að kveða skýrara á um rjettindi eður forrjettindi búsettra kaupstaðarbúa heldur en gjört hafði verið í op. br. 1786.

H. landshöfðingi talaði um, að þegnum Danakonungs hefði verið heitið verðlaunum fyrir fiskveiðar hjer við land, og það átti að sanna, að Danir hefðu jafnan rjett sem Íslendingar til fiskveiða í landhelgi. Já, það er rjett, að verðlaunum þessum var heitið, og þó sjer í lagi í konungsúrsk. 24. jan. 1787; en það var gjört þá með þeim skilyrðum, sem sett eru í 16. gr. hins op. br. 18. ág. 1786, er talar um verðlaun þessi. En eitt af aðalskilyrðunum og sem stendur síðast í 16. greininni hljóðar svo: »vilji þeir taka sjer bólfestu þar (þ. e. á Íslandi) í kaupstöðunum«, enda er og skilyrði þessu haldið föstu í op. br. 6. júní 1787. Flestallar þær fiskiskútur frá Danmörku, sem nú um langan aldur fiskað hafa hjer við land þangað til nú fyrir fáum árum, hafa líka verið eign íslenzkra kaupmanna eður verið leigðar af þeim, og þeir hafa náttúrlega rjett til að fiska hjer. Það getur verið leiðinlegt fyrir stjórnina, að skilja ekki lögin jafnvel sem þingið; en jeg get nú ekki gjört að því.

Þar sem h. landshöfðingi gat þess, að það mundi fara eins vel á því, þótt eigi væru fleiri í stjórn hlutafjelaganna búsettir hjer en einn maður, með því að þessi eini maður gæti skoðazt sem umboðsmaður allrar fjelagsstjórnarinnar, þá kann þetta nú að vera svo lagalega eður júridiskt tekið; það skal eg játa; en hitt vil eg ætla, að starfsemi og framkvæmdir eins manns muni aldrei geta orðið eins gagnsmiklar fjelaginu eins og ef meiri hluti fjelagsstjórnarinnar væri hjer búsettur. Ef meiri hluti stjórnarinnar er hjer á landi, fæst meiri trygging þess, að málefnum fjelagsins verði stjórnað vel. Stjórnin hlyti og að verða kunnugri öllum fjelagsmálum, fengi meiri staðþekking (Localkundskab), yrði framtakssamari og fleira, sem ómögulegt er upp að telja í fáum orðum. Það getur oft komið fyrir, að stjórnin þurfi að vera á fleirum en einum stað

í senn til að gæta allra hagsmuna fjelagsins, t. d. á Seyðisfirði, á Akureyri o. s. frv. og þegar svo á stendur, getur umboðsmaður ekki gjört hið sama gagn, sem fleiri. Loks mundi og umboðsmaðurinn ekki leggja sig eins í líma fyrir hag fjelagsins eins og eigendurnir sjálfir. Það er hætt við að hann mundi leiða sumt fram hjá sjer, sem eigandi mundi eigi gjöra, því að hjer eiga fyllilega við máltækin: »Enginn er öðrum sjálfur« og »Viljirðu að erindi þitt heppnist vel, þá farðu sjálfur«.

Atkvæðagr.: Fyrst voru bornar upp til atkv. breyttill. 2. þm. S.-Múl. (C 203.); eptir ósk hans var að eins nokkuð af fyrri breyttill. hans borið upp til atkv.,nefnilega: »Þó er hlutafjelögum . . . . hjer á landi«; og var það fellt með 12 gegn 1 atkv. Síðari part fyrri breytingaruppástungu sinnar tók hann aptur. Breyttill. nefndarinnar við 1. gr. stjórnarfrumv. var samþ. með 18 atkv. og þar með var 1. gr. frv. fallin.

Breyttill. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 18 samhljóða atkv. Breyttill. nefndarinnar við 3. gr. samþ. með 17 atkv.; seinni breyttill. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) felld með 12 gegn 6 atkv. Breyttill. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 16 atkv. Allt frumv. í heild sinni samþ. með meiri hluta atkv. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsálykt. frá nefndinni í bankamálinu (C. 188). Ein umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Tilefnið til þessarar þingsályktunartillögu er það, að eptir nú gildandi ákvæðum er töluvert minna gjald fyrir að senda mótaða peninga til Danmerkur, en póstávísanir. Er það þó undarlegt, því ef mótaðir peningar eru sendir, fylgir því töluverð ábyrgð, því að þeir eru í ábyrgð póstsjóðsins, þangað til þeir koma til Kaupmannahafnar, og ef slys verða, þá líður póstsjóðurinn íslenzki þann skaða. En sjeu peningarnir sendir með ávísun, er ábyrgðin engin. Annað það, sem gaf tilefnið til þingsál., er það, að þegar bankinn kemst á, eins og ráð er fyrir gert, verða þeir sem seðla hafa, og þurfa að senda til útlanda, að senda fje með póstávísun. En af því dýrara er að senda ávísun en peninga, mundi það verða hvöt fyrir marga, að leitast við að fá peninga í hendur til að senda, heldur en seðla. Enn er það, að gjaldið fyrir að senda mótaða peninga er svo lítið, ekki nema 1,25 aur. fyrir 1,000 kr., að bankinn mundi varla geta staðið sig við, að vera víxlari fyrir svo lítið, ekki nema $\frac{1}{8}$ %. Þetta er það sem kom nefndinni til að óska, að gjaldið yrði jafnt fyrir mótaða peninga eins og póstávísanir. Því þá er ekki frá þeirri hlið tilefni til að draga að sjer gull og silfur og senda út úr landinu, heldur en senda póstávísanir.

Th. Thorsteinson: Jeg þykist fyrir fram vita, að h. deild muni gjöra góðan róm að þessari þingsályktun; en þó jeg verði einn á bandi, verð jeg þó að lýsa yfir, að jeg álít mikið óheppilegt og þykir illt, að eitt af því fyrsta, sem bankanefndin gjörir, skuli vera það, að auka gjöld á póstsendingum; jeg er nefnilega hræddur um, að það verði afleiðingin af þessari þingsályktun. Jeg játa, að tilgangur nefndarinnar er mikið góður, og jeg mundi greiða atkvæði með uppást., ef hún færi fram á að setja niður gjaldið fyrir póstávísanir. Það er allt af mikill munur, þá peningar sendast, að geta sent 1,000 kr. í gulli fyrir 1 kr. og 60 aura, en verða að gjalda 4 kr. fyrir sömu upphæð með póstávísun til Kaupmannahafnar, og 8 kr., ef sent er annarstaðar til Danmerkur. Nefndin hefði því heldur átt að koma því til leiðar, að póstávísanir yrðu billegri. Það er líka óþægilegt fyrirkomulag sem nú er, að eigi má senda meira en 200 kr. á hverja ávísun, og hefir þetta fyrirkomulag bæði meira ómak og kostnað í för með sjer, en nauðsynlegt er. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að ef hækka á gjaldið á gullinu til þess að það verði eigi sent út og sje í landinu, þá get jeg ekki ímyndað mjer að mögulegt sje að setja annað gjald fyrir að flytja peninga út og annað fyrir að flytja þá inn; þetta væri líka mjög óeðlilegt, og óþarft að taka slíka

ákvörðun, þar sem reynslan sýnir, að stöðugt er fært meira inn en út úr landinu af peningum; svoleiðis voru árið 1878 fluttar út úr landinu 36,143 kr., en fluttar inn í landið 127,540 kr.; 1879 voru út fluttar 50,090 kr., en innfluttar 100,685 kr. Á þessum tveim árum var þannig flutt 141,992 kr. meira inn í landið en út úr því af gulli. Það er því engin ástæða til að auka gjaldið til þess að eigi verði útflutt gull. Það mesta sem flyzt út er einmitt í póstávísunum. Jeg vil greiða atkv. með því, að gjaldið á póstávísunum verði fært niður, eða jeg heyri að það sje meiningin; að öðrum kosti greiði jeg ekki atkv. með tillögunni.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eptir því sem jeg skildi orð h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), er hann þingsályktun þeirri, er hjer ræðir um, alveg samdóma. Það, sem nefndin óskar, er, að gjaldið verði alveg jafnt, svo að ekki verði hagur að senda eina tegund fremur en aðra. Hann hafði á móti því, að hækkað yrði gjald á peningasendingum. Það spursmál liggur eigi hjer fyrir; hjer er að eins óskað, að gjaldið verði hið sama bæði fyrir peninga og póstsendingar. En eins og Íslandsstjórn og Danastjórn sömdu svo um, að gjaldið á gullinu var mjög lágt, eins efast jeg eigi um, að ef nú væri farið fram á samninga á ný, þá mundi líka vera litið á hag þeirra, sem þurfa að senda peninga, svo mikið sem hagur póstsjóðsins leyfir. Jeg hef eigi vit á, hve mikið gjaldið mundi þurfa að verða, enda liggur það fyrir utan umræðuna. Jeg er þingmanninum samdóma um, að hvorttveggja gjaldið ætti að vera eins lágt og frekast mögulegt er með tilliti þeirrar ábyrgðar og fyrirhafnar, sem er við sendinguna.

Atkvæðagr.: Af því engir fleiri tóku til máls, var gengið til atkv., og var þingsál. till. samþ. með samhljóða 18 atkv., og send síðan forseta efri deildar.

Frv. til laga um að meta að nýju nokkrar þjóðjarðir í Vesturskaptafellssýslu (C. 158); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg hef komið með þetta frv., af því að mesta þörf hefir verið til þess, sem það fer fram á, og það í mörg ár. En í ár hefir skriðið svo til skarar með ástandið í sýslunni, að jeg sá ekki lengur fært að draga, að reyna að fá samþykki þingsins á því. Jeg vona að þm. hafi sjeð skýrslur þær um ástand jarðanna og skoðunargjörðir næstliðnar, sem hafa legið frammi á lestrarsalnum, og nú eru hjá fjárlaganefndinni, og jeg vona að hún ljái þær aptur, svo þær geti legið lengur frammi, og þingmenn kynnt sjer enn betur, hve mikil nauðsyn er til þessa frv. Jeg vil svo að eins óska þess, að málið gangi til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg efast engan veginn um, að h. þm. V.-Skaptf. (Ó. P.) segi satt, og það er víst víðar nauðsyn til að meta jarðir upp, enda er komið fram yfir þann tíma, sem til var tekinn, að endurskoða skyldi jarðamatið. En ef tekinn verður af ábúðar- og lausafjárskatturinn, þá verður þörfin minni til að meta upp jarðir. Jeg hefði kunnað betur við, að eitthvað annað en þetta hefði komið fram til hagsbóta þessu bágstadda hjeraði, og hefði víst verið hægt að finna eitthvað annað, sem því hefði betur hentað og meira munað í bráð og lengd. Hitt tel jeg heppilegra, og tel sjálfsagt að því muni verða vel tekið, að færa niður þjóðjarðaafgjöldin. Landsstjórnin hefir opt tekið því vel, þegar nægar ástæður hafa fram komið, að lækka gjöld þessi, og vona jeg að eins verði nú, og þingdeildin eða þingið taki kvartanir Vesturskaptfellinga til greina, og gefi landsstjórninni heimild til eptir atvikum að færa gjöldin niður. En að meta upp jarðirnar hefir bæði talsverðan kostnað í för með sjer, en bætir lítið eymdarhag almennings. Það væri mesta gagnið, að þeir, sem skipaðir yrðu til að meta, fengju sín daglaun fyrir matið úr landssjóði. Jeg vildi óska, að frá þingdeildinni kæmi tillögur til að rannsaka yfir höfuð ástandið hjá þeim bágbornustu á þessu landi, sem við mest afarkjör eiga að búa. Vjer leggjum fram fje til að rannsaka Ódáðahraun og öræfi landsins; því skyld-

um vjer þá ekki vilja leggja fje til að rannsaka ástand innbúanna í Skaptafellssýslu, svo að þeir deyi ekki úr andlegu og líkamlegu hungri, án þess menn viti gjörla um orsakir? þó vjer eyddum fje nokkru til að gæta að lifandi verum, sem fara á mis við mörg gæði eða lífsnauðsynjameðul, sem aðrir landsbúar þó geta náð í, ja gá að því, að þeir ekki verði að skrælingjum í þeim þrautakjörum, sem samgönguleysi og veðrátta bakar þeim. Jeg álít þetta eigi þýðingarlaust; en þó farið væri að meta upp nokkrar þjóðjarðir, þá mundi það hafa í för með sjer kostnað, en ekki mikið gagn.

Ólafur Pálsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) að mörgu leyti, að það munar ekki mikið um ábúðar- og lausafjárskattinn, þó hann væri af tekinn. En hvernig á að meta, hve mikið jarðirnar bera, nema sjáist, hve mikil hundraðatalan er? Ef nefnd væri sett til að meta jarðirnar upp, þá sannast, hvort skýrsla mín er rjett, og þá er jeg viss um, að koma mun í ljós, að nokkrar jarðir bera eigi kvígildi sín einu sinni, auk heldur meira; matið hlýtur að koma á jarðirnar áður en getur orðið settur á þær hæfilegur leigumáli, því að ákveða hann áður, álít jeg sje í blindni gert.

Landshöfðingi: Frumv. þetta er sniðið eptir lögum, sem samþ. voru 1883 um jarðamat í Rangárvallasýslu. Það er fjarri mjer að halda, að frv. þetta sje ekki á ástæðum byggt, og þær eru víst miklar. En æskilegt væri samt, ef legið hefðu fyrir þingd. greinilegar skýrslur um ástand jarðanna í Skaptafellssýslu. *(Ól. Páls.:* Þær eru til sýnis). Þær eru eigi eins rækilega undirbúnar eins og skyldi, og eigi eins og þegar ákveðið var að fram skyldi fara mat á jörðunum í Rangárvallasýslu. Það er nauðsynlegt, að hafa ýtarlegar skýrslur, þegar setja skal lög. Það er að mörgu bágborið ástand í Skaptafellss.; en um það eru eigi komnar viðunanlegar skýrslur, hvort það er komið af því, hve jarðirnar hafa skemmzt á síðari árum. Jeg er engan veginn eindregið á móti frv.; en jeg held, að þó að þetta frv. yrði að lögum, þá mundi það mjög lítið bæta úr bágindaástandinu, og held jeg því að æskilegt væri, að málinu væri frestað til næsta þings, og þá undirbúið betur en nú. Jeg held eigi að sjerlegan skaða geti leitt af því; því ef ályktað er frá því, hverjar breytingar hafa orðið í Rangárvallasýslu eptir hið síðasta nýja mat, þá eru breytingarnar eigi svo verulegar, að miklu geti munað viðvíkjandi ástandinu í hjeraðinu; það er satt, að þær hafa komið því til leiðar, að gjöld hafa orðið sanngjarnari fyrir einstaka menn, eins og líka er æskilegt; en hvort sú breyting kemst nú á eða eptir annað þing álít jeg ekki standi á miklu, Jeg bið h. þingd. að taka þetta til greina, áður en málið er leitt til lykta.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil ekki segja, að það sem hjer er farið fram á sje óþarft; en það hefir enga verulega þýðingu fyrir þetta fjárhagstímabil, því þetta getur ekki verið komið í kring fyr en eptir 3 ár. Reynslan hefir sýnt og h. 1. þm. — Rangv. (S. Á.) hefir tekið það fram í Ed., — að sumar jarðir hafa breytzt svo mikið síðan 1883, að full þörf mundi á að meta þær af nýju. Þessar sandroksjarðir eru sífelldum breytingum undir orpnar. Mjer finnst, að það væri rjettara, að geyma þetta mat til næsta þings, því þá gætu fleiri jarðir komið til skoðunar fyrir utan þessar. Það mundi ekki mikið bæta kjör manna, þótt farið væri að hrófla við þessu nú.

Ólafur Pálsson: Jeg er nú reyndar á því, að mat þetta, þótt það komist á, bæti ekki svo mjög kjör manna yfir höfuð í bráðina, hvað ábúðarskattinn áhrærir. Það þarf meira með; en jeg held að undandráttur á málinu bæti heldur ekki mikið úr þeim, og geri þau heldur verri sumra hverra. Ef matið verður ekki ákveðið fyr en 1887, þá frestar það matinn um 2 ár; en mjer skilst, að ef matið er látið fram fara 1886, þá geti það orðið lagt fyrir þingið og samþykkt 1887. Mjer sýnist fjárlaganefndin vera búin að fá svo mikið, að ekki sje hægt að vonast eptir, að hún geti veitt svo mikla eptirgjöf af eptirgjaldi þessara jarða, sem þörf væri á. En það er þó ó-

mögulegt, að ábúendur þeirra geti goldið eptir því mati sem nú er. Það getur ekki hjá því farið, að breyting verði á afgjaldinu við ábúendaskipti, og yfirskoðunarmenn landsreikninganna eru ekki ánægðir yfir því, og heldur ekki jeg sjálfur, að þurfa allt af að biðja um að setja það niður í smáskömmtum. Mjer er það því mikið áhugamál að þetta mál gangi sem fyrst fram, svo að matið komist sem fyrst á, svo hæfilegt gjald verði sett á jarðirnar; en að vera að skrifa um aptur og aptur um smálinanir á landskuldinni og sem misjafnlega hefir verið tekið þar á ofan, sem ábúendum hefir lítið eða ekkert munað; og á það lengi að standa að þeir gjaldi fyrir það sem ekki er til á jörðinni? er ekki nóg komið af svo góðu? Jeg tek það enn fram, að jeg sje ekki hvernig verður settur hæfilegur leigumáli á jarðirnar, nema þær sjeu metnar upp áður.

Atkvæðagr: Frv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 8.

Frv. til laga um brú á Olvesá (C. 139); 1. umr.

Frutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg stend ekki upp til þess að skýra þetta mál, því þm. mun það þegar kunnugt frá síðustu undanfarandi þingum, og einkum á síðasta þingi 1883, því þá var hinn sögulegi gangur þess rakinn svo snjallt og vel af 2. þm. Árn. (M. A.), sem lesa má í Alþtíð. 1883 B 214—15. Þetta mál er gamalt á dagskrá Nd., en því hefur aldrei hlotnazt sú æra að komast á dagskrá Ed. Jeg vona, að allir verði að játa, að hjer er ekki um neitt hjegómamál að ræða, en stórmál er það að því er tölurnar snertir, sem farið er fram á í því. Þetta mál hefir lengi staðið á dagskrá þjóðarinnar, og er öllum orðið kunnugt af blöðunum, þeim sem annars nokkur blöð lesa, og þó það snerti ekki allt landið, þá snertir það þó mikinn hluta af landinu, þar sem það snertir fyllilega 11—12,000 af 70,000 landsbúa. Þetta mál er ekki einungis stórkostlegt mál fyrir þessar 12,000 manna, heldur er það og stórkostlegt mál fyrir alla þjóðina í heild sinni, því það er ætíð stórkostlegt mál fyrir hverja þjóð, að bæta samgöngurnar hjá sjer. Það er líka annað: hjer er ekki mikil reynsla í því efni að brúa stórár, því þó Skjálfandafljót hafi verið brúað fyrir norðan, eru menn lítið reyndari í því efni eptir en áður. Ef nú málið gengi fram og þessi á yrði brúuð, gæti það haft þýðingu fyrir alla þjóðina með því, að með þessum framkvæmdum vaknaði nýr áhugi hjá landsmönnum til þess að gera meira í þessu efni, en hingað til hefir verið gert. Jeg býst við að menn komi nú með sömu ástæðurnar og komið var fram með 1883 móti frv., sem vóru fyrst fjárskortur, og sú önnur, að ekki væri til neins að brúa aðra ána, ef þær væru ekki brúaðar báðar. Þessari síðari ástæðu held jeg að jeg þurfi nú ekki að svara, því það segir sig sjálft, að ef mönnum þykir mikið fje ganga til þess að brúa aðra ána, þá gangi þó meira fje til þess að brúa þær báðar. Sú ástæða, að ekki sje hægt að gjöra þetta sökum fjárskorts, held jeg sje nú horfin, þegar menn sjá, að á fjárhagstímabilinu 1882—83 er afgangurinn annað árið 108,227 kr. 36 aur. og hitt árið 118,593 kr. 36 aur. eða til samans fyrir allt fjárhagtímabilið 226,820 kr. 72 aur. Landssjóður hefði því ekki staðið sig mjög illa, þótt upphæð, sem farið var fram á að veitt yrði til að brúa Ölvesá, hefði verið veitt, og það hefði verið mikið gleðiefni fyrir þingið nú, að geta litið til baka yfir gjörðir sínar og sjeð, að allt sem það gerði hefði verið harla gott; en bezt hefði þó verið það, er það veitti fje til að brúa Ölvesá; en þessarar gleði getur hin heiðraða deild nú ekki orðið aðnjótandi, af því að meiri hluti hennar greiddi atkvæði á móti málinu 1883. Jeg býst við, að margir segi, að hjer sje í svo mörg horn að líta, hjer sje svo mikið með fje að gera; og jeg játa að þetta er satt. Ennfremur játa jeg, að það nauðsynlegasta eigi að ganga fyrir öllu. Það eru hjer einkum 3 stórfyrirtæki, sem menn álíta mjög nauðsynleg. Bankinn er það fyrsta, og það er sjálfsagt að jeg álít að hann eigi að ganga fyrir öllu. En svo koma aðrir og segja að brýn nauðsyn sje að koma upp lagaskóla, og honum hef jeg nú í sjálfu sjer ekkert á móti, ef

efnin leyfðu það og annað ekki væri hjásett, sem enn er þarfara, og jeg held að hann geti verið nauðsynlegur. En svo koma þeir þriðju, og meðal þeirra er jeg, og segja, að bráð nauðsyn sje að brúa Ölvesá. Jeg álít nú sjálfsagt, að bankinn eigi að ganga fyrir, en það fje, sem lagt er til hans, er ekki eyðslufje, heldur yrði það einungis til þess að auka gjaldeyri landsins um hálfa miljón króna, og það er gert ráð fyrir að bankinn muni endurgjalda mikið af þeirri upphæð, sem lögð er til hans. Þótt lagaskólinn sje þarflegur, sem jeg efast ekki um að sje, þá er þó meiri þörf á brú á Ölvesá að minni hyggju. Ársvextir af 80,000 kr. er mikið fje; en þó mundi það verða meira fje en samsvarandi vöxtunum af þessari upphæð, sem gengi til lagaskólans árlega, líklega hjer um bil tvöfalt meira, og þrefalt meira fje en vextirnir af þessari upphæð gengur árlega til gufuskipaferðanna kring um landið, sem sá landshluti, er hjer á hlut að máli, fer alveg á mis við allt gagn af. Jeg skal svo ekki að svo stöddu fara fleirum orðum um þetta mál, því það talar sjálft fyrir sjer, og öllum þm. er það svo kunnugt, að jeg efa ekki, að þeir sjeu sannfærðir um þörfina og sanngirnina, sem tala hátt fyrir þessu máli.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Kúld,	H. Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilson,	Holger Clausen,
Eiríkur Briem,	Jón Sigurðsson,
Fr. Stefánsson,	Lárus Blöndal,
Gunnlaugur Briem,	Th. Thorsteinson.
Jón Jónsson,	
Jón Ólafsson,	
M. Andrjesson,	
Ó. Pálsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þ. Magnússon,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorst. Jónsson,	
Þorv. Kjerulf.	

Frv. til laga um útflutningstoll og afnám ábúðarskatts og lausafjár (C. 121); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Hjer liggja engin breytingaratkvæði fyrir, og finn jeg því ekki ástæðu til að orðlengja um málið, en óska að eins, að frv. verði samþ.

Gunnlaugur Briem: Við 2. umr. þessa máls leit svo út, sem hinir h. þingmenn væru mjög á báðum áttum, hvort þeir ættu að aðhyllast þetta frv. eða ekki, er sýndi sig í því, að það þurfti hvað eptir annað að við hafa nafnakall sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu. Jeg greiddi þá atkvæði á móti frv., og vil jeg nú skýra frá, hvers vegna jeg gerði það. Þetta frv. vill af nema skatt af ábúð og lausafje, en setja í stað hans útflutningstoll af landvarningi. Þegar menn vilja af nema fastan skatt, verða menn að athuga það vel áður en menn leggja út í að gera það, og þó ekki sagt, að hjer rætist máltækið, að sjaldan fari betur þó breytt sje, þá ættu menn að gá rækilega að því, hvert gjald menn nema brott, og hvert gjald menn setja í staðinn. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að lausafjár- og ábúðarskatturinn sje eiginlega neitt ranglátur í sjálfu sjer, svo að fyrir þá sök sje yfirgnæfandi ástæða til að af nema hann. Jeg veit ekki hvernig það getur kallast óbærilegur skattur fyrir bónda, sem býr á 20 hndr. jörð, og sem tíundar 15 hndr. í vænum og vel fram gengnum skepnum, að borga til landssjóðs t. d. 13kr.; en auðvitað er það, að þessi skattur, eins og allir skattar, getur komið ójafnt niður á þann einstaka; en það þarf ekki að vera skattinum að kenna. Jeg ímynda mjer, að það mundi verða örðugt að finna öllu rjettlátari grundvöll fyrir beinni skattgreiðslu, og ef menn almennt hefðu kappkostað að eiga vænar skepnur og fara vel með þær, svo það væri meir en höfðatalan ein, sem goldið væri af, og ef jarðamatið væri endurskoðað og lagað, þá væri lausafjár- og ábúðarskatturinn viðunanlegur. En hjer er nú ekkert um að tala; það hefir gagntekið almenning einhver sú óbeit fyrir þessum

skatti, er sjest á fundarskýrslum úr flestum kjördæmum, að hann á sjer líklega ekki langan aldur; en það, sem jeg hygg að geri skattinn óvinsælastan, eru hin afarmisjöfnu skepnuhöld og hið ósanngjarna jarðamat, sem skatturinn er byggður á, og það, að hann er beint gjald, sem lítur út fyrir, að almenningi sje svo illa við, að hann vill vinna til að gjalda má ske langt um hærra gjald á annan hátt.

Að almenningi yfir höfuð sje ókleyft að borga skattinn, eins og hann nú er, það get jeg ekki fallizt á, því það er ekki nema hugsunarleysi, óvana eða ónákvæmni almennings að kenna, ef til lögtaks þarf að koma á slíkum vitaskuldum. Þó jeg nú þannig hafi látið í ljósi, að mjer virðist ábúðar- og lausafjárskatturinn engan veginn vera óbærilegur, þá ætla jeg samt að hallast að því, að af nema hann, og það af þeirri einföldu ástæðu, að það virðist vera einhuga ósk almennings, að fá hann af numinn og fá honum breytt í tollgjald. En þá er nú að tala um aðferðina til þess að ná hinum nauðsynlegu gjöldum, er sje sanngjarnari fyrir gjaldendur. Hjer liggur nú fyrir frv. um að setja útflutningstoll á landvarning í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn; en það sem gert er ráð fyrir að komi inn með þessum tolli nemur ekki nema helmingnum af upphæð þess skatts, sem á að nema burt. Þetta er nú hin fyrsta og líka veruleg ástæða til að gera breytingu þessu íhugunarverða. Það er að vísu gott undir mörgum kringumstæðum, að fara hægt af stað, en í þessu tilliti skyldi í upphafi endirinn skoða. Hjer liggur fyrir (princip) undirstöðu- eða frumreglu-spursmál, nefnil. það, hvort menn eiga að leggja útflutningstoll á landvarning eða ekki; en ekki svo mjög um það, hvort tollurinn er hár eða lágur. Það má ætla, að það verði að fara eptir þörfum landsins. Jeg verð að segja það blátt áfram, að mjer virðist það yfir höfuð óeðlilegt, að leggja toll á afurðir landsins eða skylda menn til að gjalda toll af þeirri vörn, sem þeim er óhjákvæmilegt að selja, eins og það að hinu leytinu væri ósanngjarnt, að ætla kaupmönnum að greiða tollinn af hendi án þess að þeir gætu látið hann koma fram í verði hinnar tollskyldu vöru. Það er nú, eins og allir vita, það ólag á íslenzkri verzlun, að kaupmenn kaupa íslenzkar vörur jafnaðarlega dýrara verði, en þeir fá fyrir þær aptur, og selja svo vanalega útlendar vörur dýrari en annars væri nauðsynlegt, bæði til þess að ná upp þeim halla og öllum öðrum verzlunarkostnaði; það jyki því enn meir þetta óeðlilega vöruverð, ef kaupmenn þyrftu einnig að bæta á útlendu vörurnar þeirri tollupphæð, er talin væri að lægi á þessum innlendu vörum. Það er auðvitað, að það verður að miða upphæð tollsins við eitthvað, en þá finust mjer liggi beinna við að leggja hann á útlendar aðfluttar vörur, þær vörur, er kaupmenn geta selt að því skapi dýrari, og það er eðlilegra og sanngjarnara, að kaupmenn greiði toll af þeirri vöru, sem þeir geta ráðið verði á, heldur en af þeirri vöru, sem þeir eiga mjög óvíst, hvernig selzt á útlendum markaði. Eins og menn vita, var ætlazt til, að útflutningsgjald af fiski og lýsi kæmi niður á þeim, er seldu þessar vörur, á þann hátt, að kaupmenn, er afgreiddu tollinn, færðu þeim hann aptur til útgjalda; en allir vita, hvernig því er varið; því þó það sje talið, að þetta útflutningsgjald liggi eingöngu á sjávarbændum, þá er ekki sem svo sje, því það er ekkert tillit haft til þess í fiskverðinu, og hlutaðeigendur borga það ekki sjerstaklega, heldur leggja kaupmenn það eins og annan verzlunarkostnað á útlendar vörur, og þó menn þannig eigi engan fiskugga eða lýsisspón, þá bera menn gjaldið jöfnum höndum við þá, sem verzla með þessar vörur.

En svo jeg sýni fram á, að þessi tollur er ekki í öllum tilfellum ljettbærari en lausafjárskatturinn, þá vil jeg taka það dæmi, ef einhver skyldi kaupa fje að vorinu og slátra því eða selja það á fæti til útflutnings að haustinu, þá þarf eptir þessu frv. að borga t. d. af 1 hundraði á landsvísu í veturgömlu fje, sem eru 24 kindur, fyrst að sumrinu af ullinni, sem jeg geri ráð fyrir að ekki yrði undir 50 pundum, 1 eyrir af

hverju ullarpundi, 50 au., og svo 20 au. af hverri kind, þegar hún er seld lifandi til útflutnings, og álíka mikið, ef hún er skorin upp 4.80

alls kr. 5.30

í staðinn fyrir, að eptir nú gildandi skattalögum þarf ekki að borga til landssjóðs af þessari skepnutölu nema 50—60 aura. Það er þannig undir þessum kringumstæðum tífalt hærra gjald eða nær því, sem þarf að borga eptir þessu frv., heldur en eins og lausafjárskatturinn er, með öllum sínum ókostum. Og þó er aðgætandi, að þetta frv. fer ekki fram á meira en sem svarar hálfum ábúðar- og lausafjárskattinum, eins og hann er venjulega. Svona gæti það komið fram við einstaklinginn, og það væri þó ekki sanngjarnt.

Fátæklingnum, sem neyðist opt og tíðum til að selja fjenað sinn áður en hann er orðinn fullþroskaður eða kominn í fullt verð, verður þetta gjald tilfinnanlegast, að því leyti sem það leggst beinlínis á skepnuna, er mun vera tilætlazt, þó kaupmenn eða kaupandi eigi að gera skil fyrir því.

Hinni háttvirtu þingd. þótti viðlíka frv. og þetta, er hjer liggur fyrir, ekki aðgengilegt í hitt eð fyrra, og þá var valin nefnd í málið, er lagði það til, að fella það, en auka í þess stað gjald af vínföngum og tóbaki, og fjekk sú tillaga meðhald meiri hlutans í deildinni, er þá var eindreginn með því að leggja ekki toll á landvarning; en nú heyri jeg, að sumir h. þingm. eru á annari skoðun, og álíta þessa aðferð haganlegri; má vera að það sje skammsýni mín, að fylgjast ekki með straumnum í þessu tilliti; en af framangreindum ástæðum og af því jeg veit, að í hinni h. efri deild liggur fyrir frv. til laga um gjald af aðfluttum munaðarvörum, sem mjer virðist langtum eðlilegra gjald og verndar þá er vilja eða þurfa þess með, fyrir öllum tollgjöldum, með því þeir — til að við halda lífi sínu og sinna,— eru ekki neyddir til að kaupa þær vörur, þá vil jeg ekki gefa þessu frv. atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Í rauninni er eigi til neins fyrir mig að tala móti ræðu h. þm., sem síðast talaði (G. Br.), af því að hann í upphafi ræðu sinnar byggði á því, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri jafnaðarfullur. Handa hverjum þeim þingmanni, sem byggir á þeim grundvelli, og sem því er á móti sjerhverri breyting á skatti þessum, er eigi til neins fyrir mig að koma með ástæður. En á þessari skoðun furðar mig, og það því fremur, sem þingmaðurinn er næsta reikningsfróður; mig furðar, að hann skuli eigi álíta þann skatt ósanngjarnan í samanburði við aðra atvinnuskatta. Jeg hefi optsinnis áður fært dæmi þess, að skattur þessi sje harla órjettlátur og ósanngjarn, og það hefir eigi verið hrakið. Jeg hef sýnt, að hann er tífalt hærri eður þaðan af meira en hver annar atvinnuskattur hjer á landi. Við fyrri umræðu þessa máls gat jeg þess, að hann væri jafnþungur á 125 kr. innstæðufje bónda, sem á 1100 kr. tekjum embættismanns, kaupmanns, lyfsala o. s. frv., og hafa engin mótmæli komið móti því. H. þm. aðhylltist fremur toll á aðfluttum varningi; en hann gætti eigi þess, að væri aðflutningstollur lagður á, þá væri það hið sama sem að kippa samlagningsskattinum af bændum fyrir ekki neitt, og fleygja honum yfir á aðra, en um leið og það væri gert, yrði og eigi komizt hjá því, að kippa líka burtu öllum atvinnuskatti, t. a. m. af lyfsölum, kaupmönnum og embættismönnum, því að ekki væri það sanngjarnt, að ljetta skatti af einni stjettinni, en hafa ekkert tillit til annarar. H. deild hlýtur að sjá, að það er eigi rjettlátt, að ljetta sköttum af bændastjettinni einni, en engri stjett annari. Slíkt órjettlæti væri þó framið, ef tollur væri lagður í stað samlagningsskattsins eins á þá aðflutta vöru, sem allir kaupa. Það er því ekkert jafnaðarhlutfall milli þess, að ljetta skatti á einni stjett og leggja toll á aðflutta vöru. Að öðru leyti skil jeg eigi í, að kaupmaður eigi í nokkru hægra með, að leggja brot úr eyri á ljereptsalin, en á kjötpundið. Þegar lagt er niður, hvað kaupmaður getur gert, og hvað hann getur ekki gert, þá er það enginn hægðarleikur, en eigi að síður

vil jeg benda til þess, að það er kaupmaðurinn einn, en eigi viðskiptamenn hans, sem ræður hjer mestmegnis öllu verðlagi á vörunum, eigi að eins á útlendu vörunum hans, heldur og á hinum íslenzku. Það eru eigi landsmenn, heldur kaupmenn, sem setja verðið á íslenzku ullina og fiskinn. Nýlega hefi jeg fengið brjef að norðan, þar sem mjer er skrifað, að ullarpundið sje á Skagafirði og á Akureyri 60 au., en á Blönduós og Borðeyri 56 au. Hver hefir sett þetta verð? Það eru kaupmennirnir og engir aðrir. Það getur opt verið, að kaupmaður neyði annan kaupmann til að gefa meira, og að samkeppni eigi sjer stað milli kaupmanna sjálfra, en slíkt á sjer eigi stað milli landsmanna og kaupmanna, og slíkt getur eigi orðið, meðan þessi þolverzlun (passiv Handel) er, sem nú er. Kaupmaðurinn er einráður og segir: Eptir því sem jeg fjekk fyrir vörurnar í fyrra, get jeg ómögulega gefið meira núna. Sú niðurfærsla á útlendu eða aðfluttu vörunum, og uppfærsla á íslenzku vörunum, sem stundum kemur fyrir hjá kaupmönnum, er að eins kapp milli þeirra sjálfra. Jeg hef því eigi enn heyrt nokkra sannfærandi ástæðu móti því áliti mínu, að tollurinn muni að miklu eða mestu leyti lenda á innlendu vörunni. Sá hefir verið tilgangur minn með frv., og ef sá tilgangur næst eigi, þá er það fremur viljir minn, að skatturinn sje færður niður, heldur en honum sje vísvitandi kastað á aðra menn, því að það vita menn að er gert, ef lagður er tollur á vöru þá, sem allir kaupa.

Tryggvi Gunnarsson. Þótt jeg standi upp, þá er það eigi beinlínis til að svara fyrir minnihlutann; mjer finnst þess varla þörf hjeðan af, því að mjer heyrist að h. framsögum. meiri hlutans (A. Ó.) sje nú næstum komin á sömu skoðun sem jeg hef áður fram fylgt. Hann sagði nú, að aðflutningstollurinn væri ójafnaðargjald, af því það legðist á þá menn, sem eigi ættu að gjalda það; en alveg hið sama á sjer stað með útflutningsgjaldið. Þær 25,000 kr., sem eiga að koma í landsjóð við útflutningstollinn, verða að mestu leyti jafnaðar á verzlunina í heild sinni. Þetta játar hinn h. framsögumaður (A. Ó.) með því að segja, að það sjeu kaupmenn einir, sem leggja verðlag á vörur bæði innlendar og útlendar. Þegar þessu er slegið föstu, þá er auðsjeð, að ómögulegt er fyrir þingið að setja nokkur lög fyrir því, hvernig kaupmenn leggja þetta gjald á. Og þá er um leið ljóst, að þeir hinir sömu menn, sem losast við lausafjárskattinn, bera ekki það gjald meira en hver annar. Það er auðsjeð, að þetta er vandræðafrumv., gjört til þess að afmá ábúðar- og lausafjárskattinn, undir því yfirskyni, að þeir sömu menn gjaldi það, sem losast við skattinn; en þeim tilgangi verður bersýnilega eigi náð. H. framsögum. sagði að ábúðar og lausafjárskatturinn væri ósanngjarn og tífalt hærri en annar atvinnuskattur; en jeg skil eigi, hvernig hann getur sagt það. Jeg tók um daginn dæmi, þar sem jeg sýndi fram á, að ef maður á 4000 kr. í húsi eða kgl. skuldabrjefum, þá geldur hann 6 kr. í skatt af þessari upphæð; en ef annar á sömu upphæð í lausafje, þá geldur hann, þegar ábúðar- og lausafjárskatturinn er gefinn eptir um helming, 9 kr. Hvernig getur hann þá sagt, að þessi skattur sje tífalt hærri en tekjuskatturinn og húsaskatturinn? Eigi skil jeg heldur, hvernig menn geta greitt atkvæði með þessu frv., þegar tillit er haft til landssjóðsins. Við það missir hann 40 til 65,000 kr., en fær í staðinn í mesta lagi 25,000 kr. eða þó líklegar að eins 18 til 20,000 kr., eptir því sem nú lætur í ári. Alþýða manna þarf á miklu fje að halda í þessu hallæri, og eigi er hægt að ætlast til, að gjafir sjeu ávallt fyrir hendi frá útlendingum, eins og undanfarin ár. Ef fje er eigi til, þá liggur eigi annað fyrir en lána úr landssjóði, svo ástandið verði eigi langtum verra, en nú er. Menn verða vandlega að hugsa um hag landssjóðsins. H. deild hefir nýlega samþykkt að stofna banka og við það leggst *ný* ábyrgð á landssjóðinn; auk þess er auðsjeð, að tekjur landssjóðsins *minnka* í bráð, eins og jeg hef áður sýnt, og er varlegra, að fleygja ekki frá sjer því, sem eru nokkurn veginn vissar tekjur. Jeg

álít eins og áður. að affarabezt væri að færa ábúðar- og lausafjárskattinn niður um helming; með því móti raskast eigi *kerjan* í skattalögunum. En ef deildin vill bæta upp þann skaða, sem landssjóður bíður við afnám helmings ábúðar og lausafjárskattsins, þá finnst mjer rjettast að bæta hann með því, að samþykkja frv. um farmgjald skipa; við það fást um 16,000 kr. tekjur, svo að tap landssjóðsins verður eigi meira en 8—10,000 kr., sem ekki er að telja mikilsvert, en gjaldendur una betur við gjaldið niðurfært; þá verður það ekki tilfinnanlegt, og menn fá vilja sinn, að nokkuð flyzt af gjöldunum yfir á verzlunina eða verzlunarskipin, sem nú hvíla á landbúnaðinum. Það eru því tillögur mínar, að fella alveg þetta frv., en bæta aptur landssjóði afnám hálfs ábúðar- og lausafjárskattsins með farmgjaldi skipa.

Jón Sigurðsson: Jeg er að sumu leyti samdóma h. framsögumanni (A. Ó.), en sumu leyti eigi. Jeg er honum samdóma í því, að æskilegt sje að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, en aptur er jeg honum eigi samdóma í því, að þeir í sjálfu sjer sjeu ósanngjarnir. Ástæður hans, sem ekki eru nýjar, heldur margþekktar frá ræðum hans og ritum, hafa eigi sannfært mig, þar eð mjer finnast þær fjarska einstrengingslegar og einhliða. Mjer finnst hann líta að eins á eina hlið þessa máls, en sleppa hinum, sem þó verður jafnframt að líta á. Jeg játa, að í sumum tilfellum getur ábúðarskatturinn verið ósanngjarn. Í því tilfelli t. d. getur hann verið ósanngjarn, ef jeg bý á 20 hndr. jörð, en nota hana eigi nema að hálfu eða máske að minna leyti, annaðhvort fyrir ódugnað eða fátækt; en ef jeg nota jörðina að fullu, álít jeg hann eigi ósanngjarnan. Eins er hann ósanngjarn þegar hallæri gengur yfir landið, eins og nú er og menn geta eigi notað jörðina til fulls. Lausafjárskatturinn er eigi ósanngjarn, nema þegar skepnur gjöra eigi eigendum fullkomið gagn, hvort sem það er af sjálfskaparvítum eða öðru.—Kunni maður að fara svo með skepnur, að þær gjöri manni fullt gagn, verður eigi sagt með sanni, að sá skattur, sem á þeim hvílir, sje ósanngjarn. Aðrir skattar geta og verið ósanngjarnir. Húsaskatturinn getur verið ósanngjarn; ef húseigandi hefur t. d. stórt hús í eignarhaldi, sem kostar fleiri þúsund kr. og getur eigi notað það nema að nokkru leyti, þá verður húsaskatturinn eins ósanngjarn eins og ábúðarskatturinn er fyrir þann, sem eigi getur notað jörðina nema að nokkru leyti. Tekjuskatturinn er í eðli sínu rjettlátastur allra skatta, það er að segja eignartekjuskatturinn; en hann getur einnig orðið ósanngjarn, ef t. d. hlutaðeigandi eyðir eigi að eins arðinum af eignum sínum, heldur þarf auk þess að ganga á höfuðstólinn, eins og jeg þekki nokkur dæmi til að á sjer stað. Jeg þekki þau dæmi, að maður, sem orðinn er örvasa, hefur orðið að eyða sjer til framfæris ekki einasta leigunum eða afurðunum af eignum sínum, heldur einnig höfuðstólnum, sem þess vegna hefur gengið árlega til rýrnunar. Þetta hefur verið staðfest ekki einasta með úrskurðum skattanefnda, heldur einnig amtsráðs og landshöfðingja, og verður því ekki neitað, að slíkt er mjög ósanngjarnt. Jeg sný mjer nú að aðalefninu, og virði fyrir mjer, hvort ástæða sje til að upphefja þessa skatta, og sje jeg þá enga aðra ástæðu til þess, en hallærið, sem nú vofir yfir. Þess vegna þykir mjer vænlegra, að halla mjer að uppást. h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.). Árið 1883 þótti tiltækilegt að lækka hina umræddu skatta, af því að hallærið var þá nýlega afstaðið, og þess vegna finnst mjer nú enn meiri ástæða til þess, þegar hallærið vofir yfir. Jeg get því eigi fallizt á uppástungu þingm. Eyf. (A. Ó.) um útflutningsgjald á landvarningi, af því það bætir eigi úr því bágborna ástandi, sem er, að nokkrum mun. En sje nauðsynlegt að bæta landssjóði að nokkru eða öllu þann tekjumissir, er hann verður fyrir af lækkun tjeðra skatta, álít jeg tiltækilegast að aðhyllast frumvarp það, sem einhver þingmanna kom fram með hjer í deildinni fyrir nokkrum dögum síðan, um

að leggja hæfilegan toll á verzlunarskip þau, sem koma hingað til landsins. Það er að segja, að jeg aðhyllist frumvarp til laga um farmgjald skipa. En skyldi sú verða raun á, að tjeð gjald ekki nægði til að bæta landsjóði þann tekjumissir, er hann biður af lækkun ábúðar- og lausafjárskattsins, finnst mjer eðlilegast að bæta honum það upp með því að leggja toll á aðfluttar ónauðsynjavörur, heldur en að vera að leggja nýjan skatt á nauðsynlegar innlendar vörur, eins og þetta frumvarp sem hjer liggur fyrir fer fram á, og því mun jeg greiða atkvæði á móti því.

Framsögumaður (Arnl. Ólafsson): Það er á valdi h. deildar, hvort hún fellst á þetta frv. eða ekki, og skal jeg ekki taka mjer það nærri, hvort hún gerir. En það var eitt í ræðu h. varaforseta (Tr. G.), sem jeg þarf að svara; það er dæmið sem hann tók. Það er satt, að hann hefir komið með það dæmi áður; en jeg hefi ekki hrakið það, af því jeg hefi hlífzt við því; en nú get jeg það ekki lengur. Jeg skal vekja athygli hans á því, að hann tók dæmi af eignartekjum, en ekki af atvinnutekjum; á því villist hann. Þetta tvennt er ekki samanberandi, því skattgjald af eign er tífalt hærra en skattgjald af atvinnu. Hann tók það dæmi, að sá, sem ætti 4000 kr. í húseign eða arðberandi skuldabrjefum, hann gyldi 6 kr., og það er rjett; en það er ekki sambærilegt, tekjur af eign og tekjur af atvinnu, t. a. m. tekjur þær, sem kaupmenn geta fengið af því fje, sem þeir hafa í veltunni til að verzla með. En jeg skal snúa mjer aptur að dæmi hans. Hann sagði, að sá, sem ætti 4000 kr. í húsi, gyldi 6 kr. Nú spyr jeg: Hve mikið bú þarf bóndi að hafa til þess að gjalda 6 kr.? Hann býr á 12 hndr. jörð og tíundar 6 hndr. Eptir meðaltali, þegar tekin eru öll lausafjár- og fasteignarhundruð landsins, hefi jeg sýnt, að þetta er búskapur lítils meðalbónda í almennu ári, eða hjer um bil meðalbónda í þessu hallæri, sem nú er. Dæmið er því ekki einstrengingslega tekið. Þessi bóndi, sem býr á 12 hndr. og tíundar 6 hndr. lausafjár, geldur þá af 12 hndr. fasteign $4\frac{4}{5}$ al. og af 6 hndr. lausafjár 6 áln., það verður samtals $10\frac{4}{5}$ al. eða eptir 55 a. meðalalin 5 kr. 94 a. Hann sleppur því 6 a. ljettara en sá, sem á 4000 kr. skuldlausar í húseign eða skuldbrjefum. Svona er nú dæmið, sem h. varaforseti tók sjer. Hann reiknar víst betur sem kaupmaður í verzlunarmálum en í skattasökum. Þetta dæmi sannar einmitt ágætlega, hve hróplegur ójöfnuður búskatturinn er.

En eitt verð jeg segja til maklegs heiðurs fyrir h. þm. S.-Þing (J. Sig.). Það er náttúrlegt að honum þyki ábúðar- og lausafjárskatturinn jafnaðargjald, af því hann sat sjálfur í skattanefndinni. Hann er líka jafnaðarskattur að því leyti, sem sú nefnd bar hann saman við gamla skattinn, tíundina, gjaftollinn o. s. frv., en bar hann ekki, eins og hún hefði átt að gera, saman við aðra atvinnuskatta, er hún á lagði. Í þessu liggur ranglætið. Jeg skal játa, að skattur þessi hefir jafnazt mikið frá því sem áður var, en þó einkum með því, að nefndin kastaði skattbyrðinni af bændum yfir á tíundfrjálsa menn og tíundfrjálsar jarðir. En ójöfnuðurinn í búskattinum er sprottinn af þeim misskilningi nefndarmanna, að þeir gættu ekki þess, að skattur þessi er almenningsskattur. Jeg sje, að þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hristir höfuðið; honum er vorkunn, þó hann dragi taum embættismannanna og kaupmanna, því þeir eru svo margir kjósendur hans.

Benidikt Sveinsson: Jeg get verið h. framsögum. (A. Ó.) þakklátur fyrir það, að hann hefir komið með þetta frv. um að afnema lausafjár- og búnaðarskattinn. Á þeim sköttum eru allir þeir gallar, sem upp hafa verið taldir, og margir fleiri, ef menn vildu allt til tína, og því er mín skoðun hiklaust sú, að það sje öldungis rjett, að afnema þá alveg, enda spáði jeg því, þá er lög þessi voru samin og samþykkt á alþingi, að þessir skattar, sízt ábúðarskatturinn, ekki mundu verða langgæðir. En aptur á móti er jeg samdóma þeim þingmönnum í flestu, sem ekki geta fallizt á, hvað sett er í staðinn fyrir þessa skatta í frumvarpi,

sem hjer liggur fyrir. Fyrsti gallinn er sá, að landssjóður missir af sínum tekjum helming þeirrar upphæðar, sem báðir þessir skattar eru til samans; þetta er slæmur galli, því landssjóður hefir miklar, bæði sýnilegar og ófyrirsjeðar byrðar að bera. En það er líka annar galli, sem hjer er á, og það er ójafnaðargallinn. Fari svo, að kaupmenn leggi þennan tilætlaða útflutningstoll — og það ætlast framsögumaður til —á landaurategundir þær, sem tollaðar eru, þá sje jeg ekki, að neitt sje unnið; nei, það er að bæta böl með böli, sár með sári; því ef jeg á t. a. m. 6 ær loðnar og lembdar í fardögum, og á samkv. núgildandi lögum að gjalda tiltekna auraupphæð af þeim, þá má mjer alveg standa á sama, hvort jeg geri það, eða jeg eptir þessu frv. á að gjalda sömu upphæð af ullinni af þessu kúgildi, sem jeg fer með í kaupstaðinn með þeirri breytingu er jeg engu bættari; hún kemur alveg í sama stað niður, fyrir mig. Jeg get því ekki betur sjeð, en það sje sama sem að taka úr vinstri vasanum í stað hins hægri. En það er líkara til, eins og h. varaforseti (Tr. G.) hefir tekið fram, að þessi tilgangur náist þó ekki, heldur muni kaupmenn leggja þennan toll þar á, sem þeim bezt líkar, og þá kemur fram ójöfnuður sá, sem h. framsögumaður vildi forðast; þá lendir tollurinn á öllum kaupendum. Þetta er nú sá mikli galli á útflutningstolli h. framsögumanns, og jeg sje ekki betur en hann sje óhafandi samkvæmt hans eigin orðum. Nei! Ef menn á annað borð fara að breyta skattalögunum, þá er það að minni hyggju hið eina, sem hægt er og hyggilegt er að byggja á, það er ástandið í landinu, og nú vitum vjer, að dauðadrómi hvílir yfir öllum atvinnuvegum vorum, bæði til lands og sjávar. Harðindin og gróðurleysið hjá sveitamanninum og fiskileysið hjá sjávarmanninum gerir jafntefli á bágindum sveitabóndans og sjávarbóndans. Þetta harðæri hittir líka þá, sema lifa af tekjum sínum, svo sem embættismenn, ef eigi beinlínis, þá óbeinlínis, því þær nauðsynjar, hvort sem þær koma af sjó eða landi, sem þeir þurfa að kaupa, stíga í verði, sökum hins almenna skorts á þeim. Þess vegna finnst mjer hið eina rjetta vera, að ljetta af öllum jafnt, eða svo jafnt, sem mest má verða, með því að af nema þá 3 núverandi skatta, sem sje skatt á ábúð og lausafje, útflutningsgjald af fiski og lýsi, og tekjuskatt af atvinnu. Jeg vil benda á eitt, sem í staðinn gæti orðið að gullkistu í höndum h. framsögum., ef hann vildi brúka lykilinn að henni; það er *óhófið*, sem í landinu er hvívetna í nautn ónauðsynlegrar munaðarvöru. Því verður ekki neitað, að allar stjettir neyta um of hinna aðfluttu útlendu ónauðsynlegu vara. Jeg hygg allir verði að játa, að það sje óafbatanlegt óhóf, sem á sjer stað með kaffinautn til sveita. Það er að vísu nauðsynjavara að nokkru leyti við sjóinn, en mætti þó víða takmarka nautn þess meir en gerist, öllum að skaðlausu. Jeg hygg, að það sje hollara, að efla sparsemi í landinu og sparneytni í hörðum árum, en leggja gjald á þá litlu framleiðslukrapta, sem landsmenn hafa, og það gerist með því, að stöðva óhófið, glæða production landsins og ljetta óumflýjanlegum byrðum af herðum landsmanna, með öðrum orðum, að leggja aðflutningsgjald á þá vöru, sem menn geta sparað við sig. Af því jeg veit, að frv. um þetta liggur fyrir h. Ed., gef jeg ekki þessu frv. atkv. mitt. En jeg er eigi að síður þakkltáur h. þm. Eyfirð. (A. Ó.) sem sagt fyrir að hafa komið með frv. um að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, því hann hefir leitt rök að því, og komið með margar skarpar sannanir fyrir því, að hann er ósanngjarn og ranglátur, þó hann að öðru leyti, eptir minni meiningu, hafi ekki farið rjett að í því, að vilja bæta landssjóðnum tekjumissirinn með útflutningsgjaldi.

Jón Ólafsson: Jeg hlýt að taka í sama strenginn eins og við 1. umr., og er eins og þá málinu hlynntur. Það hefir verið tekið fram, einkum af h. þm. S.-Þing. (J. S.), að ábúðarskatturinn væri eigi ranglátur, af því hann kæmi harðast niður á þá,, sem sætu illa jarðir sínar. Jeg vona að allir sjái, að þetta er ekki rjett ályktun; orsök

til þess er sú, að sumstaðar er ómögulegt að framfleyta lausafjár hdr. á hverju faseignarhdr., eins og þm. Þingey. gjörði ráð fyrir, og ástæðan er sú, að jarðamatið er svo—sit venia verbo—hringlandi vitlaust. Hvernig getur það annað kallazt, þar sem 1 hndr. í jörð gengur manna á milli 80 til 100 kr. í sumum sveitum, en sumstaðar 200 kr. og þar yfir? Eða hvernig getur nokkur til ætlazt, að 20 hndr. jörð, sem 6 vættir eru goldnar eptir, framfleyti jafnmiklu og önnur 20 hndr. jörð, sem goldinn er eptir 1 veturgamall sauðnr eptir hvert hundrað, auk 4 kúgilda. Hjer liggur það hróplega ranglæti í jarðamatinu. Annað er það, að ábúðarskatturinn er atvinnuskattur, og verður því tæplega borinn saman við húsaskatt eða þess konar skatta. En einnig sem slíkur er lausafjárskatturinn mjög ósanngjarn; 2 bændur tíunda t. d. 20 hndr. hvor um sig. Annar á allt skuldlaust, en hinn allt í skuld eða til leigu; þeir borga samt jafnt, eins sá sem í rauninni ekkert á; það er nóg, að hann hefir það, þó allt sje skulda- eða leigufje. Það hefir verið talað mikið um húsaskattinn. Jeg vona allir sjái, hvað hann hefur að þýða, þegar hann á tveim árum nemur að eins 4000 kr. til samans af öllu landinu. Það er sama sem ekki neitt. Og hvað til þessa kemur, vitum vjer; það er varla svo ríkur embættismaður í Reykjavík, að hann passi ekki að hafa hús sitt pantsett, til þess að sleppa við húsaskattinn. Embættismaðurinn tekur lán, veðsetur húsið, þinglýsir veðsetningunni og losast svo við húsaskatt. En fjárins þurfa þeir ekki með, lána það svo út aptur mót ábyrgð eða veði, en láta eigi þinglýsa því, og gjalda því engan eignarskatt af þessu—og þetta er allt alveg samkvæmt skattalögum vorum! Þetta er öllum kunnugt. Því er eigi til mikils að bera húsaskatt saman við aðra skatta. Það hefið verið sagt, að rjettlátara væri, að leggja á innflutningstolla en útflutningstolla. Það liggur engin tillaga fyrir um það, og því hefði mátt spara sjer mikið af þeim umræðum. En á hvað ætti þá að leggja þennan innflutningstoll? Það hafa legið fyrir deildinni tillögur um, að hækka toll á áfengum drykkjum og tóbaki. En deildin hefir hafnað því, og hvað eptir annað sýnt, að hún vill ekki íþyngja þessari sinni uppáhaldsvöru. Í staðinn vilja menn leggja á kaffi og sykur. H. sessunautur minn (B. Sv.) sagði, að það væri víða brúkað í óhófi, og tollurinn ætti að koma á þá óhófsömu. Jeg geng inn á hugsun hans, og set, að tollurinn komist á, og verði til þess, að þeir sem hafa brúkað vöruna í óhófi, hætti því. En hver er þá afleiðingin? Þá kemur skatturinn til að hvíla á þeim eingöngu, sem ekki geta án vörunnar verið, þ. e. á sjómönnum og þurrabúðarmönnum, sem sannarlega mega ekki þyngra bera.—Það er líka mun hægra, að hafa eptirlit með, hve mikið er flutt út, heldur en hve mikið er flutt inn. Jeg ætla það verði illt að controllera, hve mikið kaffi kemur til landsins. (B. Sv.: Misskilningur). Nei, enginn misskilningur! Það veit hver, sem til verzlunar þekkir, að auðveldara er að vita, hverju út er skipað.

Jeg gef atkv. mitt með frv.

Þórður Magnússon: Af því að jeg býst við mismunandi atkvæðum um þetta mál, skal jeg stuttlega gjöra grein fyrir mínu atkv. Jeg get ekki verið frumv. samþykkur, eins og það stendur. En minnihlutanum er jeg samþykkur, að lækka ábúðar- og lausafjárskattinn um helming með lagaboði. Jeg sje eigi fært að fara lengra. En af því þetta frv. fer fram á allt annað, gef jeg því ekki atkv. mitt.

Benedikt Sveinsson: H. sessunautur minn (J. Ól.) misskilur mig; og hvernig sem á er litið, þá liggur það alls ekki í uppástungunni, að menn hætti að drekka kaffi fyrir tollinn; því hann er ekki fyrirhugaður svo hár, að það geti hugsazt, að hann hafi þessa afleiðing; ef mig minnir rjett, þá er nú flutt til landsins á að ætla á ári hverju kaffi og sykur fyrir hjer um bil 500,000 kr., og getur þá hver maður sjeð, að ekki þarf að leggja hátt gjald á hvert pund, til þess að landssjóðinn dragi um það. Hitt var heldur ekki rjett hjá hinum háttvirta þingmanni, að hægra sje að

kontrollera toll af útfluttum vörum en aðfluttum, því þetta er einmitt öfugt. Innfluttu vörurnar eru teknar á tollskrár og vöruskrár erlendis, og höfum við þá, eins og öllum mönnum gefur að skilja, við að styðjast umsjón tollstjórnarinnar erlendis. Viðvíkjandi gjaldi af útfluttum vörum höfum vjer þar á móti að eins þá tryggingu, sem liggur í þegnskaparvottorði hlutaðeigandi verzlunarmanna; en þessa trygging höfum vjer einnig, þegar um toll af aðfluttum vörum er að ræða, því kaupmenn eiga einnig þeim viðvíkjandi að gefa vottorð af drengskap sínum (upp á æru og samvizku) um það, hve mikið þeir hafi tekið á móti af tollskyldum vorum, eður að þeir ekki hafi tekið á móti meiru en tollskrár skipanna tilgreina. Tollgreiðsla er þannig miklu tryggari af innfluttum en útfluttum vörum.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að allir atvinnuvegir landsins lægju í dauðadróma, þá vil jeg spyrja: Er það ástæða til þess, að af nema ábúðar- og lausafjárskattinn fyrir fullt og allt? Nei, það er einungis ástæða til að ljetta hann nokkuð, einkum meðan harðærið stendur. Þessi dauðadrómi hvílir þó vonandi ekki allt af yfir atvinnuvegum vorum. Ef vjer búumst ekki við að komast lengra áfram í atvinnuvegum vorum en við erum nú komnir, þá er ekki til neins fyrir okkur að vera að þessu lengur; þá getum við gjarnan lagt árar í bát og hætt við allar framfaratilraunir. Það getur vel verið, að þessi skattur liggi þungt á mönnum í þessu árferði; en fyrir það er ekki ástæða til að af nema hann, heldur að lækka hann. Jeg vona, að h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) verði að játa, að það er töluvert óhægra að taka upp nýja skatta, en að fleygja frá sjer gömlum sköttum. Baráttan á móti skattinum sýnir ekki, að hann sje eins ósanngjarn eins og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) vill gera hann; heldur þvert á móti, að hann muni vera sanngjarn, þar sem baráttan hefir veitt þeim, sem barizt hafa á móti honum, eins örðug, eins og hún hefir reynzt. Það má lengi þrátta um það, hvort hann sje ósanngjarn eða ekki; h. framsögum. (A. Ó.) hefir ekki getað sannfært mig um það enn, að svo sje. Ef skatturinn hefði verið ósanngjarn, mundu menn hafa sannfærzt um það fyrir löngu. Ef nú tilgangurinn, að gera skattinn jafnari og sanngjarnari, ekki næst með tollinum, þá skyldi hver og einn halda, að flutningsm. sleppti þessari tollbaráttu. Jeg veit, að hann hlýtur að vita, og hann sagði það líka sjálfur, að kaupmenn rjeðu verðlagi á öllum vörum. Þetta er líka alveg rjett. En einmitt vegna samkeppninnar verða þeir að laga sig hver eptir öðrum með verð á öllum hinum stærri vörutegundum, og kostnaðurinn verður að leggjast sem mest á hinar útlendu minni vörur, því að þær eru svo margs konar, en hinar innlendu vörur eru svo fáar. Það er hægra að leggja kostnaðinn á hinar útlendu vörutegundir, af því að þær eru svo margar, og þá kemur svo lítið á hverja. Kaupmaðurinn leggur því þennan toll ekki á hina tollskyldu vöruna, innlendu vöruna, heldur á hina útlendu, og þannig næst ekki sá tilgangur, sem framsögumaður hafði með frv., því þann varning, sem tollurinn leggst á, kaupa allir landsmenn. Það er undarlegt, að vilja af nema vísan skatt og setja í stað hans óvísan skatt, sem er miklu minni, einkum þegar eins er ástatt með fjárhag okkar eins og nú er. Eptir fjárhagsáætlun stjórnarinnar eru gjöldin nú meiri en tekjurnar. Og nú hafa menn í dag vísað frv. upp á 80,000 kr. til 2. umr.; allt um það vilja menn af nema skatta og minnka tekjur landssjóðsins, um leið og menn vilja auka útgjöld hans. Nú eru komnar bænarskrár sjálfsagt upp á 200,000—300,000 kr.; og hvað verður þá úr landssjóðnum, ef þessum bænarollum er veitt áheyrn? Eins og við neyðumst til að lækka þennan skatt sökum harðærisins, eins neyðumst við til að minnka útgjöld okkar um leið, svo tekjur og gjöld jafnist hvað á móti öðru. Það er ekki hentugt fyrir oss að taka þjóðarlán og komast í skuldir, þó það geti farið vel hjá öðrum þjóðum; vjer höfum ekki svo

mikið afl enn, að við getum lagt út í það. Jeg held við eigum því ekki að fallast á frv. 1. þm. Eyf. að sinni; en að lækka ábúðar- og lausafjárskattinn og gefa eptir svo sem helming af honum um stundarsakir, get jeg fellt mig við, en að af nema hann með öllu, get jeg alls ekki fallizt á. Það er því bezt að lofa þessu máli að liggja; en ef komið er með frv. um, að gefa eptir helming ábúðar- og lausafjárskattsins, þá skal jeg fallast á það.

Atkvæðagr.: Um frv. var haft nafnakall eptir ósk 6 nafngreindra þingmanna, og sögðu

já:	nei:
Eiríkur Kúld,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Benedikt Sveinsson,
Egill Egilsson,	Friðrik Stefánsson,
Eiríkur Briem,	Gunnlaugur Briem,
Jón Jónsson,	Holger Clausen,
Jón Ólafsson,	Jón Sigurðsson,
Lárus Blöndal,	Tryggvi Gunnarsson,
Magnús Andrjesson,	Þórður Magnússon,
Ólafur Pálsson,	Th. Thorsteinson.
Þorl. Guðmundsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Þorvarður Kjerulf.	

Var frv. var þannig samþ. með 12 atkv. gegn 9, og síðan sent Ed.

Tuttugasti og þriðji fundur, mánudag 27. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881 (C. 199); 2. umr.

Gunnlaugur E. Briem: Þar eð engin breyting hefir komið fram við þetta frv. frá því það var hjer til 1. umr., þá finn jeg ekki ástæðu til að fara um málið öðrum orðum, en að óska, að því verði vísað til 3. umr.

Atkvæðagr.: Tekjubálkurinn samþ. í einu hljóði; gjaldabálkurinn sömuleiðis samþ. í einu hljóði.

— Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um, að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð (C. 203); ein umr.

Eiríkur Kúld: Jeg játa það, að þetta mál er víst allmikið áhugamál, og að það mundi mikið ljetta og greiða fyrir samgöngum, og verð jeg eindregið að vera samþykkur þessari till. hvað Húnaflóa snertir; þar eru allmiklar siglingar, en innsigling er mjög slæm og hefir hún verið því til fyrirstöðu, að gufuskipin kæmu á Borðeyri; en viðvíkjandi hinum öðrum höfnum, Vestliðaeyri og Búðardal, finnst mjer nokkuð öðru máli að gegna; það hefir verið reynt að mæla þar upp; en hefir enn ekki heppnazt til hlítar; jeg held að það sjeu talsverðir annmarkar á þar, enda þótt nauðsynlegt sje í sjálfu sjer að mæla þar uppsigling og hafnarstæði; jeg tel mjög vafasamt, að enda gufuskip komist í gegn um alla þá strauma; reyndar gæti herskipið legið á Stykkishólmshöfn og farið á bátum inn fjörðinn; en svo er spurning, hvort það væri ekki að vinna fyrir gíg; því þótt hafnarstæðin kynnu að reynast viðunanleg, þegar þangað er komið, er og verður innsiglingin vegna straumanna þar óaðgengileg í alla staði, svo jeg er hræddur um, að fá skip komi þangað þess vegna. Vitaskuld eiga Dalamenn nokkuð örðugt með að sækja í kaupstað bæði til Stykkishólms og Borðeyrar; en mín sannfæring er, að ef verzlunarstaður, einn eða fleiri, kæmu innarlega við Hvammsfjörð, þá gæti, ef til vill, leitt af því enn meiri örbyrgð en áður fyrir nærliggjandi sveitir; þau eru dæmin víða annarstaðar, að slíkt hefir leitt af þessum mörgu smáu verzlunarstöðum. Jeg held, að það hefði verið miklu heppilegra og hagkvæmara, að hafa samtök og beiðast styrks til gufubátsferða inn eptir firðinum; svo jeg er óviss um, hvort jeg gef þessari tillögu atkvæði mitt.

Holger Clausen: Jeg er ekki sömu meiningar sem h. þingm. Barðstr. (E. K.); hann vill ekki mæla uppsigling á Hvammsfjörð, ef til vill af þeirri ástæðu, að hann er hræddur um að það muni styggja selinn. Ef menn fá uppmælinguna fyrir ekkert, þá finnst mjer ástæða til að mæla með henni. Önnur ástæðan er sú, að þá geti menn sjeð, hvar mögulegt er að sigla upp og

hvar ekki mögulegt. En hvað þessa uppmælingu snertir, þá álít jeg hana að minnsta kosti víða annarstaðar eins nauðsynlega, og vildi jeg helzt, að mælt væri kring um allt land.

Eirikur Kúld: H. þm. Snæf. (H. Cl.) skildi ekki vel ræðu mína síðast, þar sem hann hjelt, að jeg væri á móti uppástungunni vegna þess, að selurinn mundi styggjast, en hann getur verið rólegur fyrir því, því eptir tillögu minni í selamálinu má styggja selinn þar eins og menn vilja, *(H. Clausen:* það er ekki búið að samþykkja hana í Ed.). Jeg vil því að eins styrkja þetta mál, að jeg álíti það nauðsynlegt; en reynslan hefir sýnt, að aldrei mun verða uppsigling til muna á Hvammsfirði, því það veit h. þm. Sn., að skip hefir nýlega strandað þar svo að segja í logni. Auk þess er annað hjer til fyrirstöðu, og það er, að ef ætti að hafa not af höfn þar, þá hefði það mjög mikinn kostnað í för með sjer, því þar yrði að byggja hús til að geyma í vörur, nema hinn h. þm. sje svo kunnugur kaupmönnunum í Stykkishólm, sem jeg efast ekki um að hann sje, að hann geti fullvissað mig um, að þeir vilji byggja þar hús á sinn eiginn kostnað. Að öðru leyti er jeg samdóma h. þm. í því, að málið sje ekkert nauðsynjamál.

Atkvæðagr.: Tillagan samþ. með 12 samhljóða atkv., og afgreidd síðan til landshöfðingja sem þingsályktun frá báðum deildum alþingis.

Frv. til laga um friðun fugla og hreindýra (C. 165, breytingartill. 201, 202, 228); 2. umr.

Forseti: Áður en umræður hefjast um þetta mál, ætla jeg að geta þess, að eins og h. þm. hafa rjett til þess að krefjast, að greitt sje atkvæði um það, hvort umræðum skuli lokið, eins finnst mjer sanngjarnt, að þm. ekki noti þennan rjett samkvæmt 33. gr. þingskapanna strangara en svo, að mönnum sje leyft að mæla fyrir breytingartillögum sínum; jeg tek þetta fram af því, að hið gagnstæða hefir komið fyrir hjer í deildinni, og síðast á laugardaginn var.

Eirikur Kúld: Eptir að jeg og tveir aðrir h. þm. höfðum lesið frv. frá h. Ed., virtist oss nauðsyn bera til að gera við það nokkrar breytingar, og er sú breytingartillaga nr. 152; en hana tökum við hjer með aptur (C. 201). Síðan höfum vjer komið aptur með breytingartill., undirskrifaða af 5 h. þm., því vjer álitum frv. Ed. vera of smámunalegt og þó ekki nógu nákvæmt. Þar koma fyrir nöfn, sem jeg efast um, að nokkur náttúrufræðingur þekki, t. d. »mófuglar» og »fjörufuglar», sem eru taldir þar upp, en sú uppástunga er hvergi nærri tæmandi, og einnig eru þar taldir fuglar, sem ekki eru fjörufuglar, t. d. óðins- og þórshani, sem helzt eru við tjarnir og á votlendi. Jeg get fyrir mitt leyti fellt mig við breyt.till. 2. þingm. Árn. (M. A.), að færa tímatakmarkið fyrir rjúpu frá 1. jan. til 1. febr., en 31. júlí álít jeg í seinasta lagi sett. Eins get jeg aðhyllzt þá breytingu, að orðin: »um næsta tveggja ára tímabil skal friðunartími rjúpna ná yfir allt árið» falli burt, því það er víst satt, að nauðsyn sje að friða rjúpur allt árið í nokkrum sýslum sunnanlands, þótt jeg álíti ekki ástæðu til að gera það annarstaðar. Jeg tek það aptur fram, að jeg er samdóma h. 2. þm. Árn. (M. A.) um, að færa tímatakmarkið til 1. febr., því reynslan hefir sýnt, að rjúpurnar þjóta niður af fjöllum í janúar, og þá finnst mjer sanngjarnast, að leyfa mönnum að skjóta þær þangað til 1. febr. og ekki lengur. Hvað viðvíkur máfunum, þá álít jeg að friðunarákvarðanirnar sje nokkuð skakkar með tilliti ritunnar; hún er talin með máfategund, og eru máfar ætíð ófriðhelgir; en það ætti ekki að vera eins strangt, hvað rituna snertir; það er nokkur arður af henni og ungum hennar á Breiðaflóa og sjálfsagt víðar; ungarnir eru vanalega teknir þar í 13. og 14. viku sumars, og álít jeg því betra, að hún yrði friðuð þangað til ungarnir eru teknir; lengur má það ekki, því annars væri spillt atvinnuvegi nokkurra manna, sem jeg álít að vjer með engu móti megum gera. Jeg vil helzt mæla með því, að bæði breyt.till.

okkar 5 þm. (nr. 155), og breyt.till. 2. þm. Árn. (M. A.) (nr. 191) verði samþ.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki fara langt út í það, að ræfast um það, hvað af þessum fuglum skuli friða eða ekki, því jeg þekki ekki flesta af þeim; það er helzt um fýlinn, sem jeg vildi tala. Þau ákvæði, sem sett eru í breytingartillögunni nr. 155, líka mjer yfir höfuð flest vel, eptir sem jeg þekki; en þar sem seinast stendur: »net og skot má eigi hafa við lunda- og fýlaveiði», þá þykir mjer það vanta, að ekkert er til tekið, hve lengi slíkt bann standi. Mjer finnst, að það ætti að til taka einhvern vissan tíma, sem bannið næði yfir, og mun jeg koma með breytingaratkvæði um það til 3. umr.

Holger Clausen: Jeg vildi tala fáein orð rjúpunni til varnar. Jeg vildi láta friða hana lengur en gert er ráð fyrir í frv. Jeg hef opt farið út að skjóta um 15. ágúst, og komið að stórum hópum af rjúpum, þar sem ungarnir voru svo litlir, að við gátum ekki fengið af okkur að skjóta þá; þeir voru ekki orðnir fleygir. Mjer sýnist að það ætti ekki að leyfa að skjóta hana fyr en 31. ágúst. Það er synd meðan ungarnir eru ekki fleygir.

Magnús Andrjesson: Ástæða mín fyrir því, að færa með breytingaratkvæði mínu tímatakmarkið frá 1. jan. til 1. febr., var sú, að menn geta opt ekki farið að skjóta rjúpur fyr en seint í desember, eða snemma í janúar, og ef bannað væri að skjóta þær um það leyti árs, þá væru menn með því sviptir öllum þeim arði, sem einstöku menn kynnu að hafa af rjúpnaveiðum, eins og h. þm. Barðstr. tók fram. Hvað hitt atriðið snertir, að fella burt þá ákvörðun, að rjúpan skuli vera algjörlega friðuð um næstu tvö ár, þá hefði jeg í sjálfu sjer ekkert á móti, að hún væri friðuð alveg, að minnsta kosti í nokkrum hluta landsins; en þegar jeg tek tillit til þess árferðis, sem nú er, þá þykir mjer viðurhlutamikið, að svipta menn algjörlega þeim litla arði, sem menn kynnu að geta haft af rjúpnaveiðum; því að nú er þannig árferði, að ekki veitir af, þótt menn gjöri allt, sem unnt er, til að bjargast. Þótt þessi arður sje ekki mikill, þá getur þó marga fátæklinga munað um að verða af honum. Hann getur þó numið 30—60 kr. á stundum, og það getur orðið tilfinnanlegt fyrir fátækan mann, að missa þó ekki sje stærri búbót en það. Jeg vona því, að breyt.till. mínar fái fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega játa, að bæði frv. og breytingartillögurnar eru byggðar á góðum tilgangi, og hvorttveggja er vandlega og vel hugsað, og einmitt þess vegna vil jeg gera stutta grein fyrir, hvers vegna jeg get samt ekki gefið því atkvæði mitt. Mjer þykir ísjárvert, að gefa lög, sem alþýða hefir ekki vit á að hlýða. H. þm. V.-Skaptf. sagði áðan, að hann þekkti fæsta af þeim fuglum, sem hjer væru taldir, og ef á að fara að heimta af öllum almenningi, að þekkja það, sem við þm. ekki þekkjum, þá þykir mjer of mikið heimtað. Þetta þykir mjer ísjárvert, að skylda alþýðu til að hlýða þeim lögum, sem fæstir hafa næga þekkingu til að geta hlýðnazt. Það er yfir höfuð ekki heppilegt, að vera að setja lög um alla hluti, og það er mjög óheppilegt, að setja lög, sem neyða alþýðu manna til að óhlýðnast þeim, annaðhvort af vanþekkingu eða af því, að menn álíta þau ósanngjörn. Eptir landsháttum hjer er líka eptirlit með, að slíkum lögum, sem þessum, sje fylgt, alls ómögulegt. Ef sýslumaður fær brjef um, að fugl hafi verið drepinn degi eptir hið fyrra tímatakmark, eða degi fyrir hið síðara, mundi þá nokkur sýslumaður nenna að rannsaka, hvað hæft er í þessu? Og þetta og því líkt verður gert dögum optar, svo enginn skiptir sjer af? Eða ef sýslumaður Kjósar- og Gullbringusýslu frjettir, að snjótitlingur eða kría hafi fundizt dauð suður í Grindavík eða upp í Kjós, að líkindum af manna völdum, á hann þá að fara af stað til að rannsaka? Jeg skil ekki hjer í niðurlaginu, hvað það hefir að þýða, að vera að telja upp alla þá fugla, sem ekki sjeu friðaðir á neinum tíma árs; slík upptalning finnst mjer mjög óheppileg. Jeg gæti skilið það, ef þar væru upp taldir allir þeir

fuglar, sem til eru í loptinu, en jeg held, að það sje ekki gert hjer. Jeg verð þess vegna að minnsta kosti að sitja fyrir öllum breytingartillögum og frumvarpinu. Mjer þykir það ábyrgðarhluti, að gefa lög, sem jeg hefi enga von um, að verði farið eptir; þau lög, sem þeir undirgefnu hafa ekki vit á að hlýða, og yfirvöldum er ómögulegt að hafa eptirlit með.

Þorkell Bjarnason: Jeg er á sama máli sem h. þm. Snæf. (H. Cl.), að það sje of stutt að friða rjúpuna til 31. júlí. Jeg hefi eins og hann sjeð mjög litla og ófleyga rjúpuunga í miðjum ágúst. Eptir minni skoðun ætti hún að vera friðuð til ágústmánaðarloka að minnsta kosti, eða jafnvel til 20. sept. Þegar hún er farin að verða verzlunarvara, þá er óþarfi að gjöra lögin svo úr garði, að þau geri þeim hægt að drepa rjúpuunga, sem um sumartímann eru að ríða út til að skjóta fugla sjer til gamans. Jeg get ekki verið samdóma h. 2. þm. Árn. (M. A.), þar sem hann í 2. tl. breyt.till. sinnar fer fram á, að orðin: »Um næsta 2 ára tímabil skal friðunartími rjúpna ná yfir allt árið« falli burt. Mitt upphaflega frumvarp fór einmitt fram á, að rjúpa sje friðuð í 2 ár hjer í þeim hjeruðum, sem verzlun sækja til Reykjavíkur, af því að mjer var kunnugt um, að hún hefir nýlega fækkað að miklum mun. Mörg heimili hjer sunnanlands, sem jeg þekki, höfðu áður 200 til 300 kr. tekjur í rjúpum; en harða veturinn 1880—81 var hún drepin takmarkalaust og fjell líka hrönnum saman í hinum miklu hörkum, sem þá voru. Fækkaði hún þá svo, að nú hafa þau heimili, sem áður höfðu 200—300 kr. í tekjur í rjúpum, að eins 20 til 30 kr. í tekjur á ári af rjúpnaveiði, en fyrirhöfn eins mikla. Fyrir því verður að reyna að fjölga henni; bezta ráðið til þess er að friða hana alveg nokkurn tíma, að minni ætlun eigi lengur en 2 ár, því að hún fjölgar fljótt, með því að hún á mörg egg. Það er eigi stórvægilegur bjargræðisspillir, þó hún sje friðuð í 2 ár, þar sem ekki eru víðast meiri en 20—30 kr. árlega nú í tekjur af rjúpum hjer á suðurlandi, en á eptir, sje hún friðun, verður það mikill bjargræðisbætir að veiða hana.

Jeg vildi koma mjer saman við þm. Snæf. (H. Cl.) um að koma með þá breyt.-till. við 3. umr., að lengja friðunartímann t. d. til 20. septembers.

Holger Clausen: Jeg ætla að koma með breyt.till. við 3. umr. um að lengja friðunartíma rjúpnanna. Jeg skal og geta þess, að það ætti sekta ekki að eins þá sem *skjóta* friðaða fugla, heldur og þá, sem *selja* þá. Um það ætla jeg einnig að koma með breyt.till. við 3. umr.

Eiríkur Kúld: Það hefir sjálfsagt verið góð ræða, sem h. 1. þm. Gullbr. og Kjós. hjelt; en allt fyrir það verð jeg þó að gera dálitla athugasemd við hana. Hann sagði, að það ætti ekki að gefa út lög, sem alþýða hefði ekki vit á að hlýða; en hjer er ekki um slík lög að ræða. Alþýða er svo viti borin, að hún skilur þessi lög. Það mun vera satt, sem h. þm. (Þ. Böðv.) sagði, að þeir fuglar eru eigi nógu grandgæfilega taldir upp, sem aldrei skulu friðaðir, og dettur mjer t. d. í hug *uglan. (L. Bl. o. fl.:* Uglan! Er mikið af uglum fyrir vestan?). Já, uglan; hún er gripfugl. Þm. (L. Bl.) þarf ekki að gera gys að því; jeg er þessu kunnugur.

Jeg get ekki verið samd. h. þm. Snæf. og 2. þm. Gullbr. og Kjós. (Þ. Bj.), að rjúpuungar sjeu komnir fast að flugi í miðjum ágúst. Jeg hefi aldrei sjeð það. Jeg get því ekki verið með því, að lengja friðunartímann fyrir rjúpur. Þó er mjer það ekkert kappsmál. Mjer er heldur ekki kappsmál um það, hvenær friðunartími þeirra byrji, hvort heldur 1. jan. eða 1. febr. Vera kann, að það sje rjett, að friða rjúpuna í 2 ár hjer sunnanlands, en alls eigi um allt land. Áskil jeg mjer í því efni breyt.till. við 3. umr.

Atkvæðagr.: 1. Breyt.till. 3 þm. (nr. 152) tekin aptur af uppástungumönnunum.

2. Breytingartill. við breytingartill. 5 þm. Fyrri liður breyt.till. þessarar (nr. 191) var samþ. með 12:2 atkv. Síðari

liður var felldur með 12 : 10, en vegna þess, að atkvæðagreiðslan var óglögg í fyrstu, var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Kúld,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Egill Egilson,	Eiríkur Briem,
Fr. Stefánsson,	Holger Clausen,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,	Jón Sigurðsson,
M. Andrjesson,	Þórarinn Böðvarsson,
Ólafur Pálsson,	Þorkell Bjarnason,
Tr. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson,
Þórður Magnússon.	Þorsteinn Jónsson,
	Th. Thorsteinson.
	Þorv. Kjerulf.

3. Breyt.till. 5 þm. (nr. 155) samþ. með 15 samhljóða atkvæðum, og var hin upphaflega frumvarpsgrein þannig fallin. Að málið gengi til 3. umr. var samþ. með 15 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um verzlun lausakaupmanna annarsstaðar en á löggiltum höfnum (C. 177); 1. umr.

Th. Thorsteinson: Jeg álít að þetta mál ætti að fá góðan byr hjer í deildinni, og vegna þess að jeg aðhyllist frv., þá ætla jeg að leyfa mjer að taka aptur frv. mitt um breytingu á lögum 7. nóv. 1879 um siglingar og verzlun á Íslandi, sem er næst á dagskrá, en áskilja mjer heldur rjett til að gjöra breytingaratkv. við frv. þetta við 2. umr.

Jón Ólafsson: Mjer þykir sannarlega undarlegt, að sjá þetta frv. koma frá h. Ed., einmitt frá þeim sömu mönnum, sem hafa fellt frumv. úr þessari deild um löggildingu nýrra verzlunarstaða, og að einmitt þeir sömu menn, sem vilja leggja bönd á innlenda menn og meina þeim að verzla þar, sem hentast er, skuli þó vilja opna allar hafnir fyrir útlendum mönnum. Eptir frv. þessu getur útlendingur fyrir 25 kr. fengið leyfi til að verzla, hvar helzt sem hann vill, án þess að gjalda agnar ögn til almennings þarfa, jafnvel þótt hann hefði hjer um 200,000 kr. umsetningu, þar sem innlendur maður, sem verzlar hjer á landi, þarf að gjalda til allra stjetta, þótt hann hafi eigi nema 20—30,000 króna umsetningu. Frv. þetta er eingöngu til hags fyrir útlendinga, og álít jeg eigi rjett að spilla fyrir atvinnu búsettra manna í landinu, en hlynna að útlendingum. Þetta liggur beinlínis í frumv. og er jeg því á móti því. Hefði verið farið fram á að leyfa útlendum lausakaupmönnum verzlun með timbur, salt og kol, þá hefði mjer þótt frv. eðlilegra; en nú er það ekki. Jeg held það væri því heillavænlegasta ráðið, að fleygja þessa frumv. undir stólinn, nú þegar við 1. umr.

Th. Thorsteinson: Jeg heyri nú, að frv. þetta muni eigi fá eins góðan byr, eins og jeg hugði fyrst. Mjer finnst vera mikill munur á frv. þessu og frv. um löggildingu verzlunarstaða, og er þessi munur einkum fólginn í því, að í þessu frv. er bannað að verzla með áfenga drykki á þeim ólöggiltu höfnum, sem frv. fer fram á að lausakaupmenn fái leyfi til að verzla á. Það er þó sannarlega stór ljettir fyrir landsbúa, að fá fluttar vörur sínar sem næst sjer; á hinn bóginn skal jeg játa, að rjett er ekki að ganga of nærri rjetti búsettra kaupmanna, sem fyllilega taka þátt í öllum álögum.

Eins og nú stendur á, mundu það mest verða Norðmenn, sem notuðu þetta leyfi. Við næstu umr. ætlaði jeg að koma með þá breytingartillögu, sem jeg álít nauðsynlega, sem er sú, að í leyfisbrjefinu sje tiltekið, hve margar hafnir lausakaupmaður hefur leyfi til að fara á, eða hversu lengi það skuli gilda, og ákvæði um, að þeir yrðu að borga eitthvert víst gjald, þar sem þeir verzluðu, og mjer fyndist rjettast, að leyfið eingöngu yrði veitt til að verzla með nauðsynjavörur. Þetta hef jeg hugsað mjer að laga við næstu umræðu.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi því, að h. 2. þm. S-Múl. (J. Ó.) þótti mótsögn vera í því, að Ed. skyldi samþykkja frumv. þetta, en fella frumv. um löggildingu verzlunarstaða, þá ætla jeg að gefa stutta skýringu. Ed. áleit sem sje, að ef frumv. þetta fengi framgang, bæri minni nauðsyn til, að löggilda fleiri nýja verzlunarstaði. Jeg gef þessa skýringu, til að sannfæra h. þm.

um, að í þessu er eigi mótsögn fólgin hjá Ed. Hvað frumv. snertir í heild sinni, þá er jeg á því, að leyfisgjaldið kunni að vera of lágt, en því má breyta við 2. umr. eða áður en lýkur.

Holger Clausen: Jeg get ekki verið samdóna h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), því að að mjer þykir ónauðsynlegt að setja orðin »þeim, sem er fjár síns fullráði og hefir óflekkað mannorð«. *(Margir:* Það liggur ekki fyrir). Jæja; en mjer sýnist of lítið lagt á lausakaupmennina móts við fastakaupmennina.

Eiríkur Kúld: Jeg er frumv. meðmæltur, þrátt fyrir ummæli h. 2. þm. S-Múl. (J. Ó.). Jeg álít frumv. þetta uppbót frá Ed. fyrir það, að hún felldi frumv. um löggildingu verzlunarstaða. Leyfisgjaldið 25 kr. þykir mjer of lágt, og lausakaupmönnum með því gjört of ljett fyrir. Þegar kjör lausakaupmanna og fastakaupmanna eru borin saman, þá er þar mikill munur á. Fastakaupmenn svara miklum gjöldum, svo sem fátækragjöldum og fl.; en eptir frumv. þessu eru þessir útlendu lausakaupmenn lausir við öll gjöld; þeir þykjast gjöra höfðingsstryk, ef þeir gefa svo sem eina vætt til sveitar. Eins og jeg tók fram, þykir mjer 25 kr. leyfisgjaldið of lágt, en gæti þó fallizt á það, ef lausakaupmenn um leið væru skyldaðir til að gjalda þar til sveitar, er þeir verzla. En þó þetta leyfisgjald sje lítið, bætir það þó að dálitlu upp missi þann, er landssjóður kann að verða fyrir með ýmsum frv. okkar, svo sem afnámi ábúðar- og lausafjárskattsins, og einkum, ef lagafrv. um farmgjald skipa kemst á. Jeg ætla því að gefa frumv, atkvæði mitt.

Jón Ólafsson: Jeg leyfi mjer að benda á, viðvíkjandi ræðu h. hæstv. landsh., að jeg sagði eigi, að mótsögnin hjá h. Ed. væri fólgin í því, að hún vildi velja annan veg til að greiða fyrir verzlunarsamgöngum landsmanna en þann að löggilda hafnir. Mótsögnin er í því fólgin, að h. Ed. vill efla hag landsmanna með því, að tálma innlendum að reisa sem víðast verzlanir, og jafnframt með því að greiða óskattskyldum útlendingum aðganginn til að reka verzlun. Þessi vegur, sem h. Ed. hefur valið til að greiða fyrir verzlunar-viðskiptum landsmanna, er hraparlegur vegur. Því að þetta frv. er ekki til þess, að gefa innlendum mönnum leyfi; þeir hafa leyfið áður; það er því einungis til að draga að útlendinga. Það ætti að vera nær þinginu, að banna öllum óbúsettum mönnum verzlun. Það mætti, ef til vill, undantaka timbur, kol og salt, en að öllu öðru leyti ætti það að vera stefna þingsins, að hlynna sem mest að hinni innlendu kaupmannastjett, og þá eðlilega löggilda sem flesta staði, ef að eins innlendir mættu verzla á þeim. Jeg ræð h. deild því til að fella þetta frv. alveg. Ef ætti að fara að gjöra breytingar við það, svo nokkurn veginn viðunandi væri, þá yrði ekki eptir neitt af því, nema fyrirsögnin ein, og það þó naumast. Jeg ráðlegg því, eins og jeg sagði, deildinni að fella það, og vil skora á h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) að taka ekki frv. sitt aptur í þeirri von, að hann komi því að sem breytingu við þetta frv.

Atkvæðagr.: Fleiri tóku ei til máls, og var málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um breyting á lögum 7. nóv. 1879 um siglingar og verzlun á Íslandi (C. 148); 1. umr.

Flutningsm. (Th. Th.) tók frv. aptur.

Fjáraukalög fyrir 1884 og 1885 (C. 58); frh. 1. umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Af því eigi má tala um einstök atriði við 1. umr., geymi jeg það, sem jeg hefi að segja, til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Lagafrv. um kosningar til alþingis (C. 207); 1. umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg get búizt við, að h. þingd. komi undarlega fyrir, að þetta frv. til kosningarlaga skuli koma fram nú, og einkum h. stjórnarbótarnefnd, þar sem breytingin, sem fram á er farið, er eigi samhljóða stjórnarskrárbreytingunni. En jeg skoða þetta frumv. sem nokkurs konar bráðabirgðalög, þangað

til stjórnarbreytingin kemst á, því jafnvel h. nefndarmenn munu ekki búast við að breytingin verði bráðlega samþykkt eða staðfest. En það er nauðsynlegt, að breyting á kosningarlögunum komist á sem fyrst; þess vegna hef jeg ekki viljað fresta að koma fram með þetta frv. Kosningarlög þau er nú gilda eru að vísu að mörgu leyti frjálsleg, en vegna ástandsins og hugsunarháttar landsmanna eru þau ekki sem hentugust. Mönnum hefir verið erfitt að nota kosningarrjett sinn vegna strjálbyggðar og vegalengda. Þetta hefir gjört mönnum erfitt fyrir að ná til kjörstaða, og í öðru lagi hefir áhugaleysi manna á því, hverjir kosningu hljóta, stundum valdið því, að kosningar hafa ekki heppnazt sem bezt. Jeg held að þetta frv. bæti nokkuð úr fyrra atriðinu að minnsta kosti, því eptir þeim lögum, sem nú gilda, eru að eins 21 kjörstaðir, en eptir þessu frv. eru þeir 32; þeim er þannig fjölgað um 11. Það mætti við seinni umræður breyta þessu, og hafa kjörstaðina fleiri, en vegna kostnaðar, sem það hefði í för með sjer að fjölga þeim, þá þorði jeg ekki að stinga upp á því. Eptir þeim lögum, sem nú gilda, eru í sumum sýslum kosnir tveir þingmenn, en ekki nema einn í sumum. Er af því auðsjeð, að allir, sem kosningarrjett hafa, hafa ekki jafnmikinn rjett til að taka þátt í landsmálum með kosningu sinni; úr þessu bætir talsvert frumvarp það, er hjer liggur fyrir, og tel jeg það eigi lítinn kost, því eptir þessu frv. hefir hver rjett til að kjósa 4 þingmenn, að undanskildum 2 kjördæmum, er eiga að kjósa 3 þingmenn. En af því jeg er hræddur um að brjóta móti þeim fyrirmælum þingskapanna, að ekki megi tala um sjerstök atriði við 1. umræðu, ef jeg tala langt mál, ætla jeg að geyma til 2. umr. það sem jeg hef að segja, því jeg tel sjálfsagt, að þingd. muni vísa málinu til annarar umr. efnisins vegna, því þó engin bót væri í frv., þá er málið svo mikilsvarðandi fyrir landið, að þingið ætti eigi að síður að athuga það. Jeg hef í huga að stinga upp á að setja 5 manna nefnd í málið, en vil fyrst heyra skoðun þingmanna um málið.

Jón Sigurðsson: Jeg er að vísu eigi með öllu á sama máli um nauðsyn þessa frv. sem h. flutningsmaður. En fyrst það er á annað borð komið inn á þing, álít jeg það þess vert, að því sje gaumur gefinn, og vil jeg því stinga upp á 5 manna nefnd til að íhuga það.

Atkvæðagr.: Sú uppástunga var samþykkt, og hlutu þessir kosningu:

Tr. Gunnarson	18	atkv.
Th. Thorsteinson	13	—
Arnljótur Ólafsson	12	—
L. Blöndal	12	—

Jón Sigurðsson og Þorkell Bjarnason fengu báðir 10 atkv.

Var þá einn kosinn í viðbót með óbundnum kosningum, og hlaut

Þork. Bjarnason 9 atkv.

Frv. til laga um helgi lands fyrir ágangi af skepnum (C. 193); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þingmönnum er kunnugt, var lagt fyrir h. Ed. af stjórninni frv. um innsetning á skepnum. Eins og ástæður og athugasemdir stjórnarinnar við það lagafrv. sýna, er það fram komið af uppást. h. Nd. á þingi 1883, og er í öllu verulega samkvæmt greinum þeim, sem þá voru samþykktar af h. Nd. sem partur úr lögum, sem síðar eru útkomin um bygging, ábúð og úttekt jarða. Þessar greinar voru eins og jeg hefi tekið fram samþykktar hjer í h. Nd., en felldar í h. Ed. Nú hefir h. Ed. fengið aptur þetta mál til meðferðar, og af því frumvarpi stjórnarinnar er nú þetta frv. fram komið, sem hjer liggur fyrir, og er það í ýmsu verulegu frábrugðið frv. stjórnarinnar. Þessar athugasemdir hefi jeg viljað gjöra, til að benda á, hvernig þetta mál er fram komið. Stjórnin hefir komið með þetta frv., af því hún hefir álitið það nokkurt áhugamál fyrir þingið, að fá lög um þetta atriði í landbúnaðinum. Jeg læt ósagt, hvort ákvarðanirnar í frumvarpi því, er efri deildin hefir samið, eru heppilegri en ákvarðanirnar í frv. stjórnarinnar, en vil fela h. þingd. það til yfirvegunar.

Friðrik Stefánsson: Jeg tek það fram, að jeg get ekki gefið þessu frv. óbreyttu

atkvæði mitt. Eins og h. hæstv. ldsh. sagði er frv. stjórnarinnar byggt á ákvörðunum Nd. 1883 og hefir það frv. aptur hlotið allmiklar breytingar í h. Ed. nú. Þetta frv., eins og það er orðið, inniheldur ýmsar ákvarðanir, sem hvorki eru sanngjarnar í sjálfu sjer, nje mögulegar í framkvæmdinni. Það er eigi í fjölbyggðum og þjettbyggðum sveitum hægt hjá því að komast, að sauðfjenaður renni inn á annars manns land um þann tíma haust og vor, sem búpeningur manna gengur sjálfala, en allir sjá, hvað ósanngjarnt það er, þegar um sauðfje er að ræða. Svo er önnur ákvörðun líka í frv., að ef uslafjenaður er seldur, skuli eigandi hans hafa missiris eða 6 mánaða innlausnarfrest. Skyldu margir vilja fóðra mikið af uslafjenaði yfir veturinn, þegar lítið grasár er? Það er líka merkileg ákvörðun, að fjáreigandinn samkv. 6. gr. fær ef til vill pening sinn ekki afhentan nema hann leggi fje í sjóð hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra, fyrir skaðabótum, sektum og kostnaði, og virðist þá liggja beinast við, að þá sje ætlazt til, að dómstólarnir eigi að gjöra út um það. Því verð jeg að álíta, að þetta frv. eins og það liggur fyrir sje í alla staði óhentugt, og muni verða til þess að auka þras og málaferli í landinu, sem þó alls ekki er ákjósanlegt. Jeg vil því legga það til, að frv. verði annaðhvort fellt eða kosin 3 manna nefnd í það, til að breyta því á þann hátt, sem samrýmzt getur við landshætti vora og ásigkomulag í því tilliti, sem hjer ræðir um.

Eiríkur Kúld: Jeg álít þetta vandamikið og áhugamál. Jeg skal fúslega játa, að það hefir verið tekið vel í það af stjórninni. En þrátt fyrir meðferð h. Ed. get jeg ekki aðhyllzt það, eins og það liggur nú fyrir, og af því að gjöra þarf á því miklar og verulegar breytingar, til þess það geti komið að sönnum notum, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Atkvæðagr. Þriggja manna nefnd var samþykkt, og hlutu kosningu

E. Briem með 14 atkv.
Þorlákur Guðmundsson með 12 atkv.
Þ. Kjerulf með 9 —

Tuttugasti og fjórði fundur, þriðjudag 28. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um fiskiveiðar í landhelgi (C. 223); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vona, að það verði ekki langar umræður um þetta mál í þetta sinn, því bæði var málið ýtarlega rætt við 2. umr., og svo er dagskráin í dag svo löng, að jeg vona menn vilji heldur geyma krapta sína til nýju málanna. Jeg ætla að eins að geta þess, að fyrirsögn frv. er ekki heppileg, eins og hún er, þar eð breyt.till. h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að orðið »fjelaga» fjelli burtu úr fyrirsögninni, varð ekki samþykkt, og verður því líklega að laga það í Ed., ef ekki má skoða það sem prentvillu.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 19 samhljóða atkvæðum, og síðan sent Ed.

Frv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 213); 3. umr.

Eiríkur Kúld: Jeg hef að svo stöddu ekki ástæðu til að lengja umræðurnar, en óska að eins, að málið sje borið undir atkvæði, og að það verði samþ., eins og það nú liggur fyrir.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 17 samhljóða atkvæðum, og síðan sent Ed.

Frv. til laga um brú á Ölfusá (C. 139); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg finn í þetta sinn ekki ástæðu til að vera langorður; ef þingdeildin er enn ekki orðin sannfærð um þá sanngirni og þörf, sem mælir með þessu frv., þá held jeg að mjer takist ekki að sannfæra h. deild nú. Jeg vil heldur ekki taka upp aptur, hvorki það, sem jeg eða aðrir hafa sagt í þessu máli; slíkt er jafnan þýðingarlaust; jeg skal einungs taka upp örfá orð, sem jeg einu sinni setti í blaðagrein um þetta mál, að mjer þætti það undarlegt, ef hinir háttvirtu herrar og þjóðfulltrúar, sem nú

eiga sæti hjer á þingi, skyldu vilja eptirskilja eptirkomendunum, sem, ef til vill, setjast í sæti þeirra á nýjum kjörtíma, heiðurinn af að samþykkja það, sem þeir ekki vilja samþykkja sjálfir, en gátu samþykkt.

Holger Clausen: Jeg vil að eins biðja h. þing að íhuga það vel, að nú er mjög slæmt árferði, og þótt þetta mál sje sjálfsagt æskilegt, þá er það ekki að mínu áliti bráðnauðsynlegt. Fólk hefir í nokkur hundruð ár komizt yfir þessa á, og kemst reyndar eins enn, og finnst mjer því skynsamlegast, að láta þetta mál liggja, þangað til betra árferði kemur.

Eiríkur Kúld: Jeg verð að játa það skyldu mína, að vera hlynntur þessu máli; í sumu get jeg verið h. þm. Snæf. (H. Cl.) samdóma; en ekki í því, að þetta mál sje ekki bæði áhugamál og nauðsynjamál; en allt fyrir það finnst mjer málið ótímabært; og þegar jeg lít á ástæður þessa lands, þá verð jeg að vera h. þm. Snæf. (H. Cl.) samdóma um það, að ekki sje mikið fje fyrir hendi, og að hagur landsmanna og landssjóðs sje nú sem stendur svo, að illa sje gjörlegt að fleygja 80 þús. kr. út í þetta fyrirtæki, enda þótt maður verði að játa, að þeir, sem næstir þessari á búa, og sem mest gagn mundu hafa af brúnni, hafi orðið talsvert út undan, hvað samgöngur með gufuskipunum snertir, og er þeim því mikil vorkunn, þótt þeim sje þetta mikið áhugamál. En jeg er enn sem fyrri að hugsa, að með öðru en brúm mætti bæta úr því óhagræði, þeim hindrunum, sem þessi á og aðrar fleiri setja í veg fyrir samgöngur manna, og það er með dragferjum; það mætti víst á þessari á hafa æðimikið gagn af dragferjum meiri hluta ársins, með langt um minni tilkostnaði en þessum, sem hjer er gjört ráð fyrir. Vil jeg því stinga upp á því við h. flutningsm. (Þ. G.), hvort honum sýnist ekki að fresta þessu máli enn einu sinni, og sjá, hvort hagur landsmanna og ástæður landssjóðsins verða ekki betri síðar.

Eiríkur Briem: H. þingdeildarmenn eru víst allir samdóma um það, að ef kringumstæðurnar leyfðu, þá væri æskilegt og nauðsynlegt að greiða fyrir þessu máli, til þess að gera þeim, sem hjer eiga hlut að máli, ljettara fyrir með samgöngur og aðdrætti; og ósk þessara manna er eðlileg, bæði af því, að samgöngur allar og aðdrættir hjá þeim eru miklum erfiðleikum bundnir, og svo af því, að þeir auðvitað finna til þess, að meira er gert á öðrum stöðum til að ljetta fyrir samgöngum manna en gert hefir verið hjá þeim; en þar sem náttúran leggur slíkar tálmanir í veginn, að ekki er hægt að bæta úr þeim, þá verða menn að sætta sig við þær; það er auðvitað ekki ómögulegt að gera brú á Ölfusá; það dettur mjer ekki í hug að halda; en jeg held að menn hafi enn ekki nákvæmlega gert sjer grein fyrir því gagni, sem af brú þessari mundi leiða, eða að menn öllu heldur hafi gert og geri sjer heldur háa hugmynd um það; gagnið er að vísu nokkuð mikið og í mörgu fólgið; þar sem vegir eru langir og erfiðir, þá er mikið unnið við það, að þurfa ekki að þreyta hesta sína á því að láta þá synda yfir ána; ef brú er á ánni, verður maður einnig á ferðum laus við þá töf, sem leiðir af því, að fá ferju yfir o. fl.; en hvort þessi hagnaður sem stendur mundi verða eins mikill að sínu leyti eins og kostnaðurinn, það veit jeg ekki hvort menn hafa nákvæmlega yfirvegað, sem þó er nauðsynlegt, þar sem um svo mikilvægt mál er að ræða. Þar sem gert er ráð fyrir, að 80 þús. kr. muni nægja til þessarar brúargjörðar, þá er það byggt á skoðunargjörð útlends manns, sem hjer var fyrir nokkrum árum; en við það er aptur athugandi, að þessi maður kom hjer að eins um sumartímann, og þekkir því ekki, hvað hátt ísskrið gengur í ánni á vetrum, nema eptir sögusögnum annara, sem, ef til vill, eru eigi byggðar á neinum nákvæmum athugunum. H. 2. þm. Árn. (M. A.) sagði 1883, að reynslan hefði sýnt, að ís hefði gengið svo hátt í Þjórsá, að það brúarstæði, sem hinum útlenda manni þar hafði verið bent á, hefði verið alveg ófært, með því reynslan hafði sýnt síðar, að ísskriðið mundi hafa brotið brúna á þeim stað, en gat þess um leið, að óhult brúarstæði mundi vera þar skammt frá; eins gæti maður ímyndað

sjer, að hinum útlenda manni hefði skjátlazt með brúarstæðið á Ölfusá, og þótt brúin gæti verið óhult á þeim stað, þá getur verið, að stöpullinn að austanverðu að minnsta kosti þyrfti að vera hærri og þá kostnaðarsamari, en hann hafði gjört ráð fyrir, eða þá lengra frá bakkanum, svo brúin yrði lengri, og hvorttveggja mundi geta gjört, að 80,000 kr. nægðu eigi til brúarbyggingarinnar. Mjer finnst æskilegt, að einhver, helzt útlendur, vegfróður maður væri á ný látinn skoða nákvæmlega brúarstæðið á Ölfusá, og vill þá vel til, að það mun, hvort heldur er, vera áform manna, að fá hingað vegafræðing næsta sumar; enn fremur væri öll þörf á, að gætt væri nákvæmar að, hversu hátt ís muni geta gengið þar á vetrum, heldur en enn hefði verið gert; og af þessum ástæðum álít jeg ekki tíma til kominn að ráðast í þetta stórkostlega fyrirtæki, þótt jeg jafnframt vildi óska, að vjer sem fyrst sæjum oss fært að verða við ósk hlutaðeigandi manna, að leggja fje til að greiða samgöngur hjá þeim, eins og kostur er á.

Landshöfðingi: Jeg verð að segja það, að mjer fellur það þungt, að geta ekki eindregið mælt með þessu máli, sem varðar svo miklu fyrir þá, sem búa næstir á þeirri, sem spurning er um að brúa; því yfir höfuð væri mjög æskilegt, að það yrði alvarlega tekið fyrir, að brúa þær ár, sem mest tálma samgöngum manna. Mjer fellur það þungt, segi jeg; en eins og nú stendur á, get jeg þó ekki mælt með því, að h. þing fallizt á þetta frv. Það hefir verið sagt, og það með sanni, að efnin hljóti að ráða, og fjárhagur landsins stendur nú ekki svo, að landið hafi ráð á að leggja hjer um bil $\frac{1}{5}$ af árstekjum landsins til þessa fyrirtækis; þarfir landsins eru mjög margar og brýnar; en þótt þetta auðvitað sje gott fyrirtæki, verður það þó að standa á baki annara enn brýnni nauðsynja. Jeg vil því helzt leggja til, að þingið, án þess að sleppa málinu alveg, þó sleppi því að þessu sinni, og vildi jeg óska, að h. flutningsm. (Þ. G.) vildi heldur taka málið aptur, heldur en það yrði fellt, því það gæti misskilizt, eða skilizt svo, sem þingið alls ekkert vildi skipta sjer af þessu máli. En að jeg get ekki mælt fram með þessu máli, er eingöngu af því, að mjer finnst landssjóður ekki hafa fje til þess, og á hinn bóginn er ekki víst, að þessar 80 þús. muni nægja til þessa fyrirtækis, og einnig er sjálfsagt á það lítandi, að spurning getur verið um, hvort gagnið af þessari brú mundi verða svo mikið, að ástæða væri til svo mikils fjárframlags af hendi landssjóðs, sem hjer yrði nauðsynlegt, ef landssjóður einn ætti að kosta brúna.

Jón Ólafsson: Hjer er ekki að heyra neinar aðrar ástæður en barlóms-ástæður; ekkert er borið fyrir nema ráðaleysið; að minnsta kosti var það aðalástæðan hjá h. þm. Barðstr. (E. K.). Jeg hef ekki heyrt fátækt landssjóðs barið eins við, þegar um ýmislegt annað hefir verið að ræða, t. d. uppgjöf á láni til Stykkishólmskirkju, eða að leggja svo eða svo mikið til brauða hingað og þangað út um landið. Nei, landssjóður hefir stundum ráð á mörgu. Hann hefir ráð á að halda embættismenn, sem sóa út milli 20 og 30 þúsund kr. af landsfje. (*Forseti*: Jeg vil áminna h. þm. um að brúka eigi svo óviðurkvæmileg orð um embættismenn landsins, að þeir »sói út» landsfje). Því fje verð jeg að kalla »sóað út», sem ekki kemur aptur í landssjóð og heimildarlaust er eytt; — já, hvað meira er, h. þingd. hefir ráð á, að láta slíkt þegjandi fram hjá sjer fara. Og landssjóður hefir ráð á að fleiru en þessu. Hann hefir ráð á að leggja mikið fje til að gefa út hugvekjur; það væri gott og gagnlegt, ef nokkurt hugvekjuhallæri væri í landinu. Landssjóður hefir ráð á fleiru. Hann hefir ráð á að veita embættismönnum, sem þegar hafa fengið embætti, svo og svo mikinn styrk til þess að læra og menntast til þess að þeir verði hæfir til að gegna því embætti, sem þeir þegar hafa tekið upp á sig að þjóna. Landssjóður hefir ráð á að veita sonum — jeg vil ekki segja hálaunaðra — en vellaunaðra embættismanna hjer í bænum premíu

fyrir að ganga í skóla með því að veita þeim ölmusu og húsaleigustyrk handa sonum sínum. Vegfróður maður, sem fenginn var hingað til landsins, náttúrlega upp á kostnað landssjóðs, var svo, þegar hann hingað kom, svo gott sem sendur til Síberíu; hann var sendur til útkjálka landsins, þar sem daglaun eru hæst og því örðugast að fá fólk til vinnu; þarna var maðurinn án nægs vinnukrapts, meðan Eiríkur í Kófinu var vegagjörðameistari amtmannsins í suðuramtinu; en að senda hinn útlenda vegfræðing austur að Ölfusá, það datt landsstjórninni ekki í hug. Landssjóður hefir sem sagt, ráð á mörgum óþarfa, mörgum misbrúkunum, — jeg vil ekki segja axarsköptum —; en hann hefir ekki ráð á að gera það, sem er eins víðlendu hjeraði til eins mikilla þarfa, eins og þetta, sem hjer er um að ræða. Við þessa brúargjörð fengist talsverð atvinna; það yrði því töluverð bót á atvinnuleysi og hallæri, og það er einmitt miklu betri og happasælli vegur til þess að styðja menn og hjálpa í harðæri, að veita þeim atvinnu, heldur en að leggja þeim ómagahjálp — svo kalla jeg hallærislán þau mörg, sem veitt eru, þar sem lítil líkindi eru til, að þau verði endurgoldin; einnig höfum vjer sjeð hinn sorglega skiptingamáta hallærisgjafanna stundum; árangur þeirra hefir ekki ávallt orðið sá, sem æskilegt væri. Miklu heppilegra álít jeg, að gera eitthvað það, sem geti orðið þess valdandi, að menn ekki þyrftu að streyma í landssjóð eptir hallærisláni, og vera svo jafndauðir eptir sem áður. Jeg er sparnaðarmaður; jeg vil spara fje landssjóðs, eins og allir vita, en jeg legg aðra þýðing í sparnað en þeir, sem leggja móti þessu frv.; jeg álít ekki, að sparnaðurinn sje ávallt endilega fólginn í því, að láta sem minnst fje úti; en jeg álít sparnaðinn fólginn í því, að láta það eitt úti, sem gagn verður að, hvort sem er mikið fje eður lítið. Að láta úti hve smáa upphæð sem er, til óþarfrar launahækkunar, til að kosta óþörf embætti eða því um líkt, það er eyðsla; en að verja stórri upphæð til þess, sem eflir velvegnun mikils landshluta og kemur að almennum notum, það er sá rjetti sparnaður að mínu áliti.

Ólafur Pálsson: Það kann að vera nokkuð hæft í því, sem menn hafa komið með, að nú væru ekki efni fyrir hendi til þessa fyrirtækis. En eru menn vissir um að meiri efni verði seinna? Ef menn aldrei byrja á neinu, verður heldur aldrei neitt úr neinu. Að jeg er máli þessu hlynntur, kemur ekki af því, að kjósendur mínir hafi svo mikið gagn af því, heldur er þetta, ef brúin kemst á, til hins mesta hagnaðar fyrir Árnesinga og Rangvellinga og mjög sanngjarnt að landssjóður kosti brúna. Jeg get því ekki annað en gefið atkvæði mitt með frv., þó Skaptfellingum verði það ekki til neinna framfara.

Jón Sigurðsson: Þegar jeg hugsa um þetta mál, verður mjer fyrst fyrir að spyrja, hvort landssjóðurinn sje *skyldugur* að kosta umrædda brúargjörð. Ef hann er skyldugur til þess, þá virðist mjer ekki vafasamt, að hann verður að gjöra það, og má ekki láta það dragast, því svo fátækur er landssjóður ekki, að hann geti ekki lagt brúarkostnaðinn út, ef til þyrfti að taka. En nú efast jeg um, að landssjóður sje skyldugur til þessa, og get satt að segja ekki kannazt við, að hann sje það. Annað mál er, hvort hann eða alþingi hans vegna vill gjöra það. En afleiðingarnar af því yrðu, að landssjóður hlyti þá að taka að sjer brúargjörðir á fleirum ám, og það ekki einni eða tveim, heldur mörgum; því að það eru margar ár, sem eru illar yfirferðar, eins og Ölvesá. Jeg vil þó ekki láta synja um alla hjálp til þessa fyrirtækis; en landssjóður ætti ekki að veita *gjafir*, heldur *lán* til brúarinnar; þannig komst brúin á Skjálfandafljót á. Þingeyingar tóku 20,000 kr. lán úr landssjóði til brúarinnar. Ef borgunarmátinn er hagkvæmur, er afborgun slíks láns eigi tilfinnanleg. Það mundi eigi koma meira á hvern mann í Árnes- og Rangárvallasýslu, þótt þær tækju 80,000 kr. að láni, en komu á hvern mann í Þingeyarsýslu af þessum 20,000 kr. Það gæti og hugsazt, að jafnaðarsjóður Suðuramtsins taki nokkurn þátt í borguninni, eins og á

sjer stað með brúna á Skjálfandafljóti. Vera má einnig, að Gullbringu- og Kjósarsýsla styddu þetta fyrirtæki að einhverju leyti. Og þegar hjeraðsbúar sjálfir legðu svona mikið í sölurnar, væri sanngjarnt, að landssjóður legði einnig nokkuð fram, að minnsta kosti veitti lánið með svo vægum kostum, sem framast væri unnt eða jafnvel vægari kostum en öðrum er veitt, af því sýslur þessar verða svo út undan með gufuskipaferðirnar.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. S.-Þing. (J. Sig.) tók einmitt margt af því fram, sem jeg ætlaði mjer að minnast á, er jeg bað um orðið, svo jeg hef litlu við það að bæta. Jeg skal eigi tala um það gagn, sem af þessari brú gæti orðið; jeg efast ekki um, að það yrði mikill hagnaður fyrir nærliggjandi sveitir. En aptur get jeg ekki dulizt þess, að jafnan, þegar um þetta mál hefur verið rætt á undanförnum þingum, þá hefur vakizt efi hjá mjer um, að brúarstæðið sje tryggilegt vegna vatnagangs og ísruðninga; slíkt kom og fram í ræðu 2. þm. Árn. (M. A.) 1883. 80,000 kr. er mikið fje, svo áríðandi er, að fá vissu fyrir, að því sje eigi fleygt í hættu; það er því mikilsvert atriði í þessu máli, að brúarstæðið sje vandlega rannsakað og vissa fengin, áður en verkið er byrjað. Jeg fellst algjörlega á uppástungu h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) um, að landssjóður ætti að veita lán til brúarinnar með mjög vægum kjörum, og enda veita fje til hennar allt að helmingi við nærliggjandi sýslur eða suðuramtið allt, ef það vildi taka hlutdeild í kostnaðinum. Það er nauðsynlegt, að föst stefna komist á með þessar fjárveitingar landssjóðs til ýmissa fyrirtækja, engu síður en hverjum manni er áríðandi, að hafa fasta stefnu í framkvæmdum sínum. Það er orðið móðins nú, að biðja landssjóð um fje til allra mögulegra og ómögulegra hluta. Þingmenn eru opt eigi svo kunnugir sem vera skyldi, hvort allar þessar fjárbænir eru nauðsynlegar. En ef sýslunefndir eða hreppsnefndir bjóða að leggja fram nokkurt fje til þess og þess fyrirtækis, þá er nokkur vissa fengin fyrir því, að fyrirtækið sje nauðsynlegt; en þegar svo á stendur, þá vil jeg, að landssjóður styrki fyrirtækið að meiru eða minna leyti með fjárveitingum, eptir því sem hinn parturinn væri fær um að bera kostnaðinn og fyrirtækið væri nauðsynlegt. Þannig hefur verið farið að með fjárveiting úr landssjóði gagnvart kvennaskólum, barnaskólum o. s. frv. Tel jeg það góða stefnu, sem ætti að halda fast við, einnig í þessu brúarmáli. Árnesingar ættu að fylgja dæmi Þingeyinga í þessu efni. Sýni þeir, Árnesingar og Rangæingar, að þeim sje alvara með þessa brúargjörð og leggi til þess fje sjálfir. En í því efni vantar skýrslur, hvort sýslubúar vilja eða geta lagt þann kostnað á sig í þessum árum. Ætti því að safna þeim nú á milli þinga, og svo ættu þingmenn Árnesinga að koma með málið þannig undirbúið á næsta þing, og tel jeg það víst, að þeir þá megi vera vissir um, að þeim verður hjálpað, ef menn sjá, að þeir vilja sjálfir leggja nokkuð fram, og fyrirtækið sje hættulaust.

Jón Jónsson: Af því að jeg greiddi atkvæði með því, að mál þetta gengi til 2. umr., en ætla nú að greiða atkv. á móti frumvarpinu, skal jeg gera grein fyrir skoðun minn á þessu máli. Það er nú fyrst og fremst ætlun mín, að menn gjöri sjer allt of glæsilegar vonir um gagnið af brúnni. Jeg vil taka það fram, að ef Ölvesá stendur þeim mönnum, sem búa fyrir austan hana, mjög fyrir þrifum, þar sem hún tefur fyrir þeim alla aðdrætti, þá ætti hagur þeirra, sem búa fyrir vestan ána, að vera betri; en h. flutningsm. (Þorl. G.) mun erfitt að sanna, að þessir hinir síðarnefndu sjeu hinum fremri í menntun, framförum í búnaði, fjelagsskap og velgengni.

Þar sem flutningsm. (Þorl. G.) talaði um, að brúin geti orðið til þess að koma Skaptfellingum upp, þá get jeg ekki verið á þeirri skoðun. Þessi brú er ekki svo mikill ljettir fyrir þá, sem eiga hálfs mánaðar leið í kaupstað, að þeim geti orðið það til stórkostlegra hagsbóta, þótt hún komizt á, enda væri þeim miklu nauðsynlegra að fá brú á Þjórsá, sem og mun ætlazt til að komi á eptir. Hvítá veit eg til að opt er

reið, á Kópsvatnseyrum, en það vað mun reyndar úr vegi fyrir flesta. Það er óneitanleg þörf á að gjöra eitthvað fyrir hið mikla svæði, sem gufuskipin koma hvergi við á, frá Reykjavík (eða Hafnarf.) til Eskifjarðar (eg get ekki talið komu þeirra á Djúpavog); en mikill hluti þess getur ekki haft gagn af brúnum. Að minni ætlun er ekki óhugsandi, að koma við gufubátsferðum fram með suðurströnd landsins, svo að þessar sýslur sem hjer ræðir um og Skaptafellssýsla gætu notið góðs af þeim. Það er ekki svo hafnlaust alstaðar á því svæði, sem fer nú á mis við strandferðirnar. Gufubátur gæti hæglega komið á Hornafjörð, Papós og Djúpavog og líklega miklu víðar á þessu svæði. Að því ætti af alefli að stuðla, að slíkar gufubátsferðir kæmust á, því að það mundi hafa miklu almennari þýðingu en brýrnar. Jeg vil alls ekki neita því, að það sje þarft og gott fyrirtæki, að brúa Ölvesá og Þjórsá; en það er undarlegt, að hjeraðsbúar sjálfir vilja ekki eða að minnsta kosti bjóðast ekki til að leggja neitt fram sjálfir, eins og Þingeyingar lögðu til brúarinnar á Skjálfandafljóti. Mjer þykir sanngjarnlegt að landssjóður leggi til fje að láni og gjöf að nokkuru leyti, en sýslurnar leggi nokuð til. Hingað til hefur landsjóður að eins tekið að sjer fjallvegi, og á þó enn ólokið við marga þeirra. Eg vil taka til dæmis Lónsheiði milli Skaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu, þar sem ekki er enn farið að kasta steini úr götu. Menn hafa talað um að landsjóður ætti að taka að sjer alla póstvegi og það ætti að koma á vagnvegum um allt land; en slíkt álít jeg ofverk fyrir landssjóðinn; að minnsta kosti eru engin líkindi til þess, að slíkt geti tekizt fyrst um sinn, enda mundi sú verða niðurstaðan, ef landssjóður tæki að sjer alla póstvegi, að þá mundi helzt verða unnið að vegabótum í nánd við Reykjavík, en útkjálkar landsins verða alveg út undan um langan aldur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef nú heyrt undirtektir hinna heiðruðu þingdeildarmanna undir þetta mál. En jeg stend nú ekki upp til að mótmæla hverju orði hinna heiðruðu þingdm.; ræður þeirra snerust allar um ímyndaða þyrna; en þó á ýmsan veg. Þótt jeg sjái hin erfiðu forlög frv., get jeg þó ekki orðið við tilmælum hæstv. landshöfðingja, að taka það aptur, svo mikils sem jeg finn mjer skylt að meta tillögur hans. H. þm. Snæf. (H. Cl.) sagði, að úr því að menn hafi getað farið yfir árnar í hundrað ár, þá ættu menn einnig að geta það nú, þótt eigi fengju þeir brúna. Úr því hann fann hjá sjer köllun til að vera á móti málinu eða að stinga á, þá hefði honum verið óhætt að fara með árina til botns, og útskafa þörfina með þúsund ára áþján. Hann gat óhætt sagt, að menn hefðu farið yfir árnar í 1000 ár, og því skyldi við sama sitja; en hann er nú víst ekki svo fróður, að hann viti, hve nær landið byggðist. (*H. Cl.*: Nei; jeg veit ekki, að menn hafi farið í 1000 ár yfir árnar). Honum er vorkunn. Hann er kunnugri fyrir vestan, eða ætti að vera það. Annars hugði jeg að honum hefði verið nær að snúa sjer eða mælsku sinni þangað, sem þörfin var meiri, nl., til kjósenda sinna. Það var ekki líklegra, að jeg færi að hugsa um hag þeirra. H. þm. Barðstr. (E. K.) var málinu eigi meðmæltur í rjettum skilningi. Hann barði við fjárskorti. En fjárskorti hefur verið barið við fyr en nú og það hefir eptir á sýnt sig, að sá fyrirsláttur hefur verið ástæðulaus, eins og jeg hef svo opt sýnt fram á; og seinni tímar munu sýna, hvort fjárskorturinn er nú í raun og veru þessu til fyrirstöðu. Sami þm. (E. K.) mælti sterklega fram með dragferjum; en með þeim mun vera horft í skildinginn, en sóað dalnum. Hver ein dragferja mundi kosta við fyrstu gerð 20—30,000 kr. að minnsta kosti; svo þarf að koma þeim á á hverju vori og draga þær af á hverju hausti. Við þetta yrði mikill kostnaður árlega, auk alls annars kostnaðar við viðhald þeirra. Þær mundu fúna og fyrnast, og svo væru allir hlutaðeigendur jafnilla staddir eptir sem áður; því jafnt vantaði brýr eptir sem áður vor, sumar og haust, og eptir 50 ár eru hinar góðu dragferjur búnar að eyða meira fje en fastabrú kostaði, og er þett þá ekki öllu fremur ráð-

leysa en ráðdeild? Eptir 50 ár væru og þær búnar að jeta sig upp. Arnesingar vilja heldur vera brúarlausir en hafa dragferjur. Því svo miklir búmenn eru Árnesingar, að þeir vilja ekki eyða sínu eigin og annara fje til svo hjegómlegra fyrirtækja, sem dragferjur eru.

H. 2. þm. Húnv. (E. Br.) efaðist um, að gagn brúarinnar mundi verða eins mikið og glæsilegt, eins og menn ímynduðu sjer; en það hefir verið svo greinilega sýnt fram á, hversu mikið gagn gæti af henni orðið; fram á það hefir verið sýnt í blaðinu Þjóðólfi með sundurliðuðum greinilegum reikningi og röksemdaleiðslu, sem enginn hefir orðið til að vefengja enn í dag, og það ætti þm. (E. Br.) að vera kunnugt. Úr þeirri spurningu, hvað mikið brúin muni kosta, verður ekki leyst, fyr en búið er að byggja hana. Brúarstæðið er víst og hefir verið talið ágætt. Útlendingurinn Vinfeldt Hansen, sem skoðaði það, taldi það gott og hafði fyrir sjer skýrslur gagnkunnugra manna um þetta allt saman; það er vitaskuld, að ef útlendur maður ætti að geta dæmt um brúarstæðið eptir hinum ýmsu kringumstæðum, sem borið geta fyrir augu manna á vetrum, þyrfti sá maður að vera hjer fleiri ár. Það hefði átt vel við, að láta vegfræðinginn fara austur í fyrra sumar og skoða brúarstæðið, eins og h. 2. þm. Suður-Múl. (J. Ól.) sagði; og er jeg honum þakklátur fyrir, hve vel hann talaði fyrir þessu máli. Það hefði sannarlega verið hugsanlegt, að brúka vegfræðinginn betur en gert var í fyrra; jeg hafði lagt það til í blaðagrein, að hann yrði brúkaður til að líta á vegagerð hjer á Suðurlandi; en það hefir nú að líkindum þótt lítilfjörlegt, að gefa því gaum. Hjer er allt öðru máli að gegna en með Skjálfandafljót. Það eru miklu meiri umferðir yfir Ölvesá en Skjálfandafljót. Það kemst ekki í samjöfnuð, og allir þeir, sem borga brúna á Skjálfandafljóti, hafa meira eða minna gagn af gufuskipaferðunum. Svo er þetta lán, sem menn eru að klifa á, að landssjóður ætti að veita. En ef menn halda því fast fram, þá ætti hver sýsla að hafa tekið lán fyrir sig til gufuskipaferða og kosta sjálf gufuskipaferðirnar; sjer í lagi þær, sem mest gagn hafa af þeim. Landssjóður ætti þá að sleppa við að greiða nokkuð til þeirra; annars kemur fram ósamkvæmni í þessu máli. Brýrnar á árnar ættu að sitja fyrir vegunum hvívetna. Það er optast hægt fyrir hrausta menn vel útbúna, að komast eitthvað áfram á þurru landi; en það getur verið og er opt alveg ómögulegt, að komast yfir þessar stórár. Að ætlast til þess, að þær sjeu enginn þröskuldur í vegi, er nokkuð svipað eins og að ætlast til, að hafísinn aldrei getiverið það, eða að maður reki hafísinn burt frá landinu.

Jeg skil eigi ástæðu h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), að landssjóður geti ekki lagt fje til þessarar brúargerðar, þar sem svo mikið sje eptir af fjallvegum ólokið við. Jeg held hann setji sig ekki inn í þetta mál. Það hefir þó verið veitt ekki svo lítið fje til fjallvega, og það líklega þar sem mest var um vert; og þó sumt hafi tekizt miður heppilega, þá hefir það að nokkuru leyti byggzt á vanþekkingu og verkfæraleysi. Jeg get ekki skilið í öðru en að hver, sem kynnti sjer ástandið þar eystra, væri með þessu máli. Gæti einhver sannfært mig um, að Ölvesá flytti sig svo, að hún í framtíðinni ekki yrði á póstleið, og landssjóði því aldrei bæri þetta að kosta, eða það mundi þá og þegar myndazt góð höfn fyrir gufuskip við suðurströnd landsins, þá skyldi jeg glaður, þá skyldi jeg með mestu ánægju taka frumvarp þetta aptur, og meira að segja rífa það niður undir fætur mjer.

H. 1. þm. Suð.-Múl (Tr. G.) skoraði á mig, að undirbúa þetta mál til næsta þings. En það er óvíst, hvort jeg verð hjer á þingi framar, og þá mun jeg hvorki skipta mjer af þessu þjóðmáli nje öðrum, því að kjörtíminn er nú á enda, og óvíst, hverjir verða á næsta þingi af þeim, sem nú eru hjer. Að lyktum læt jeg þá von mína í ljósi, að þótt þetta mál verði nú fellt, þá batni bæði árferði í landinu og andi þingsins í þessu máli við nýjar kosningar, svo að það fái góðar viðtökur á næsta þingi. Jeg held hjer ekki fram ein-

göngu máli, sem varðar kjósendur mína, heldur, rjettskilið, máli, sem varðar allt landið, sem framfaramál.

Holger Clausen: Jeg þakka h. 1. þm. Árn. (Þ. Guðm.) fyrir þá tiltrú, sem hann hefur sýnt mjer, hve mikið jeg viti um það, sem snertir þetta mál. Jeg get sagt honum, að jeg hef verið víðar en á Íslandi, og kynnt mjer landsháttu víðar en þar; og jeg veit ekki til, að jeg eigi slettur skilið, þótt jeg hafi víðar komið, og sjeð betra fyrir mjer en á Íslandi. Mjer er sama, hvort hann heldur, að jeg viti nokkuð um byggingu Íslands; en hinum öðrum háttvirtu þingmönnum get jeg sagt, að jeg hef álitið, að það væri byggt um 874. Aptur á móti veit jeg ekki, hver fyrstur hefur farið yfir Ölvesá. Jeg held ekki með einni sýslu meira en annari; jeg hefði eins greitt atkvæði móti þessari brúargjörð, þó að brúin hefði átt að vera í Snæfellsnessýslu. Jeg er enn alveg á sömu skoðun eins og áður en jeg heyrði ræðu h. flutningsm. (Þ. G.).

Magnús Andrjesson: Að vísu höfum við þingmenn Árnesinga engin skilríki í höndum, sem heimili okkur að stíga eitt spor í þá átt, að lánsbyrði verði lögð á hjeruð þau, er hjer ræðir um. En af því að jeg sje, að málið muni falla, ef það er borið undir atkvæði, eins og það er nú, vil jeg þó mælast til, að h. þingdeild láti það enn ganga til 3. umr., svo að við getum tekið til enn ýtarlegri íhugunar, hvort nokkuð muni vera unnt að gjöra í þessa stefnu. Að öðru leyti hef jeg ekki meira að segja um málið en jeg hef áður tekið fram.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg ætla að eins að svara h. þingm. Snæf. (H. Cl.) því, að það hefur víst verið Ingólfur Arnarson landnámsmaður, sem fyrstur fór yfir Ölvesá, eða frá þeim tíma er víst óhætt að telja, að hún hafi verið þrándur í Götu. (*Forseti*: Þetta kemur ekki málinu við).

Atkvæðagr.: Eptir það var gengið til atkv. um 1. gr. frv.,og var nafnakall við haft, eptir beiðni 6 þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Benedikt Sveinsson,	Eiríkur Kuld,
Egill Egilsson,	H. Kr. Friðriksson,
Gunnl. Briem,	Arnljótur Ólafsson,
Jón Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,	Friðrik Stefánsson,
Ólafur Pálsson,	Holger Clausen,
Þórarinn Böðvarsson,	Jón Jónsson,
Þórður Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Þorlákur Guðmundss.,	Lárus Blöndal,
Þorsteinn Jónsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Þorvarður Kjerulf.	Þorkell Bjarnason,
	Þ. Thorsteinson.

Var greinin þannig fallin með 12 atkv. gegn 11, og þar með frv. allt fallið.

Frumvarp til laga um sölu þjóðjarða (C. 66, nefndarálit 169); framh. 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að benda h. deild á, að ein prentvilla, sem jeg benti á í stjórnarfrv., hefur læðzt líka inn í frv. h. nefndar. Það er þar sem stendur Árgerðarstaðasel; það á að vera Ásgerðarstaðasel.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið við framh. 1. umr., en mun síðar gjöra ýtarlegar grein fyrir skoðun nefndarinnar. Hún var kosin til að íhuga frv. frá stjórninni, og í því var að eins farið fram á sölu tveggja jarða. Hvernig þessi villa, sem h. ldsh. benti á, er komin inn í frv. nefndarinnar, get jeg ekki skilið, því nefndin lagfærði hana einmitt. Síðan nefndin tók til starfa bárust henni 15 bænarskrár að auk frá þjóðjarðaábúendum, sumpart frá landshöfðingja og sumpart beina leið. Nefndin áleit sjálfsagt, að mæla fram með, að selja allar þær jarðir, sem um var beðið; því það er orðin stefna bæði stjórnarinnar og þingsins, að selja þjóðjarðir. Sagan sker úr því, hve heppilegt það er fyrir landssjóðinn; fyrir landsmenn er það sjálfsagt heppilegt að eignast jarðir, og það er stefnan, að auka tölu sjálfseignarbænda í landinu. Hjer var því ekki um að ræða, hvort selja skyldi, heldur hve dýrt skyldi selja hverja jörð. Nefndin fór í því yfir höfuð eptir lýsingu sýslunefnda og umboðsmanna, og íhugaði þær nákvæmlega; en þegar kom til að ákveða verðið, þorði nefndin eigi annað en tiltaka þá upphæðina, sem hæst var. Ef tilgangurinn er sá, að fjölga sjálfseignar-

bændum, þá má þó auðvitað ekki setja verðið svo hátt, að ekki sjeu líkindi til, að jarðirnar verði keyptar. En þó þorði nefndin ekki annað en stinga upp á hæsta verði, þó ábúendur hefðu ekki boðið svo mikið. Það er snertir jörðina Vík í Dyrhólahreppi, tók nefndin hana ekki upp í frv. sitt, af því að lög 8. nóv. 1883 hafa þegar gefið heimild til að selja hana, og þótti henni miður við eiga, að semja lög um að selja hana lægra en þingið hafði samþykkt áður, einkum af því, að sá tími, sem til er tekinn í lögunum, er ekki út runninn. Það má þó vera, að hún sje helzt til hátt sett í lögunum. Umboðsmaður hefur ávallt sett verð hennar á 5100 kr., en í lögunum er hún yfir 7000 kr. Það er snertir hina aðra jörð, sem nefndin eigi tók upp, þá kom það til af því, að það var eigi beiðzt kaupa á jörðinni allri, heldur að eins á þriðjungi hennar, og þótti nefndinni ekki eiga við, að stykkja hana þannig sundur. Eptir að nefndin hafði lokið starfi sínu, hefur komið viðaukatill. frá þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), og vona jeg, að þingd. hafi ekki á móti, að þeirri jörð verði bætt við. Það mætti hreyfa þeirri ástæðu, að ísjárvert væri að fara eptir uppástungu umboðsmanna, af því þeir kynnu að vera hlutdrægir. En þeir hljóta þó að vera jörðunum einna kunnugastir, og jafnvel kunnugri en sýslunefndarmenn. Skal jeg svo eigi fara fleiri orðum um málið að sinni; en óska að það gangi til 2. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg hef lítið um að tala í þetta sinn, því að framsögum. hefir skýrt málið. Jeg skal að eins geta þess, að það er skakkt, þar sem stendur að jörðin Hruni, sem farið er fram á að seldur sje $\frac{1}{3}$ af, sje í Leiðvallarhreppi. Hún er í Kleifahreppi. En það gjörir lítið til. En jeg fæ eigi skilið, að eigi skuli geta fengizt keyptur partur úr jörðu; að ábúandi skuli ekki, þegar fleirbýli er, geta keypt sinn part. Út af þessu mun jeg koma með breytingartill. við 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Vik í Dýrhólahr. V.-skaptafellss., (C. 177); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg hef komið með þetta frv. út af ástæðu nefndarinnar, að koma ei með þessa jörð í frv. sínu. Ef hún er rjett, þá kemst þetta frv. þó að, því að þó að standi í lögunum 8. nóv. 1883, að ábúanda standi frítt fyrir að kaupa hana, þá er í þessu frv. farið fram á að breyta því tiltekna verði, og gjöri jeg mjer því von um, að h. þingd. lofi málinu að ganga til 2. umr., og skal jeg þá skýra betur frá málavöxtum frá upphafi.

Atkvæðagr: Með því atkvæði voru óskýr, var nafnakall við haft, um það, hvort málið skyldi ganga til 2. umr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Eir. Kúld,	H. Kr. Friðriksson,
Ben. Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,	Egill Egilsson,
Jón Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jón Sigurðsson,	Gunnl. E. Briem,
L. Blöndal,	Jón Jónsson.
M. Andrjesson,	Th. Thorsteinson,
Ól. Pálsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Þór. Böðvarsson,	Þorl. Guðmundsson,
Þork. Bjarnason,	Þórður Magnússon,
Þorst. Jónsson.	Þorvarður Kjerulf.

Holger Clausen var ekki viðstaddur. Var frv. þannig fallið með 11 atkv. mót 11.

Þingsályktunartillaga um hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn (C. 221); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að hafa eina umr. um hana, og var það samþykkt í einu hljóði.

Frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 123) *og borgaralegt hjónaband* (C. 192, nefndarálit 224); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Eins og h. þingd. er kunnugt, var kosin nefnd til þess að íhuga frv. um utanþjóðkirkjumenn. Nefndinni var ljóst, að nokkuð var sameiginlegt með þessu frv. og frv. stjórnarinnar um borgaralegt hjónaband, og dró hún því málið þangað til það kom frá efri d. Tók hún því bæði frv. fyrir og komst að þeirri niðurstöðu, sem lesa má í nefndarálitinu. Hvað niðurskipunina snertir, þá setti nefndin í I. kafla það sem snertir borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna. Henni þótti rjett, að setja það fyrst, af því það greip yfir mest. Í II. kafla er talað

um þá, sem fá viðurkenning kirkjustjórnarinnar, en eru þó ekki í þjóðkirkjunni að öllu leyti. Það hefur komið fyrir, að söfnuður hefur sagt sig úr þjóðkirkjunni. Það hefur orðið ágreiningur milli safnaðar og kirkjustjórnarinnar, af því að söfnuðurinn hefur ekki viljað veita þeim presti móttöku, er þangað var skipaður af kirkjustjórninni. Og slíkt getur aptur borið við, þótt lítil ástæða sje til. Fyrir þessa söfnuði þótti nefndinni nauðsynlegt að setja lög, og þótti sanngjarnt og rjett, að ef þeir væru viðurkenndir af kirkjustjórninni, þá hefðu þeir sömu rjettindi og þjóðkirkjumenn. Enn fremur þótti nefndinni nauðsynlegt, að tiltaka gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna. Eins og öllum er kunnugt, sendi stjórnin frv. um borgaralegt hjónaband þeirra, sem ekki hefðu trú þjóðkirkjunnar. Var til þess veruleg og tilknýjandi ástæða, nl. sú, að borgarar landsins, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, fengju og að njóta þess rjettar, að ganga í löglegt hjónaband. Þegar frv. þetta kom frá efri d., var það orðið breytt á þá leið, að það náði einnig yfir alla þjóðkirkjumenn. Þessa breytingu gat nefndin með engu móti fallizt á, og það fyrst af þeirri ástæðu, að engin sýnileg nauðsyn er til þessarar ákvörðunar, og í öðru lagi hefur ekki komið hvorki sýnileg, heyranleg nje vitanleg ósk frá einum einasta manni á landinu um slíka ákvörðun. Sýndist nefndinni það ógjörlegt, að vera að koma með uppástungur, sem ekki er sýnilegt, að nokkur maður vilji nota. Nefndin áleit skipulegast og rjettast, að rjetti utanþjóðkirkjumanna væri skipað með sjerstökum lögum. Það, sem samtengir ríki og kirkju (sem rjettara væri að kalla þjóðfjelagið og kirkjufjelagið), er sjerstaklega hjónabandið, uppfræðsla barna í trúarefnum, helgihaldið og eiðurinn. Af öllu þessu hefur kirkjan lagt mesta áherzlu á hjónabandið, sem er eptir kenningu kirkjunnar stofnað af guði og staðfest af höfundi vorrar trúar. Ef sá tími kemur nokkurn tíma — en jeg vona, að hann komi seint, komi aldrei —, að nauðsynlegt þyki, að þessi bönd verði leyst, að hjónavígsla verði af tekin, að hætt verði að uppfræða börn í kristilegum fræðum, að helgihöld verði af numin, þá ætti að gera slíkt með sjerstökum lögum, en ekki að smeygja því inn í önnur lög, sem eru því máli óviðkomandi. Það er sannarlega vert fyrir þingið, að hugsa sig vel um, áður en það stígur neitt spor í þessa átt, í þá átt, að deyfa trúar- og siðgæðistilfinningu landsbúa. Jeg hef þá trú til landsmanna, að ef hjónavígsla væri úr lögum numin, þá væri trúar- og siðgæðistilfinning almennings særð. Og það ætti þó þingið sannarlega að varast. Hvað formið á málinu snertir, þá hefur nefndin lagt það til, að greinarnar í I. kafla verði skoðaðar sem breytingartillögur við frv. efri d.; hitt frv., sem upphaflega kom fram, verður að álítast fallið eða tekið aptur af flutningsmanni samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Eiríkur Kúld: Jeg get að vísu lokið lofsorði á nefndina fyrir það, að hún ekki hefir aðhyllzt frv. h. Ed. eða ekki farið eins langt og hún; en álít að öðru leytinu málið alveg óþarft, og vildi helzt þegar fella það í heild sinni. Reynslan hefir sýnt, að líkt stóð á með leysingu sóknarbandsins, að þegar það var fyrir þinginu, þótti það mörgum þingm. mikið nauðsynjamál; en sem það voru orðin lög, veit jeg ekki eitt einasta dæmi til, að menn hafi notað sjer af þeim lögum, og eins mun fara, þótt þetta verði gjört að lögum. Að engin bænarskrá hefir komið til þingsins um þetta mál, sýnir einnig, að þjóðin æskir ekki eptir því. Í h. Ed. hefir verið margt og mikið talað með og móti málinu. Þeir, sem hafa viljað aðhyllast þessi borgaralegu hjónabönd, hafa einkum borið það fyrir, að Lúter hafi skoðað hjónabandið einungis sem borgaralegt, án þess að nokkur kirkjuleg athöfn þyrfti þar til að koma. En þeir gæta þess ekki, að Lúter var þá einungis að mæla á móti kaþólskum, sem vilja láta hjónabandið vera sakramenti í kirkju sinni. En getur nokkur sýnt mjer eða sannað, að Lúter hafi haft með einu orði á móti því, að hjónabandið ætti að byrjast með kirkjulegri athöfn? Þá hefir það og verið sagt, að slík kirkjuleg athöfn sje ekki fyrirskipuð í Nýja-Testamentinu. Jeg get nú ekki með

vissu sagt, hvernig þetta hefir verið á dögum postulanna; en jeg fæ ekki betur sjeð, en að orð postulanna bendi á, að þeir hafi ætlazt til eða gengið út frá því sem vísu, að minnsta kosti ætla jeg, að postulinn Páll hafi gert það í brjefum sínum 1.Kor. 7,39 [»hjónabandið skal gjörast í drottni»], sbr. 1.Kor. 10, 31. og Kól. 3, 17., og enn fremur Efes. 5, 23.—32., þar sem hann líkir sambandi Krists við söfnuðinn við brúður. Orð Ignatíusar, sem var lærisveinn Jóhannesar postula og honum lengi samtíða, og dó árið 115, virðast benda á eins konar kirkjulega hjónavígslu á hans dögum, þar sem hann segir: »Það sæmir vel, að hjónaefnin byrji hjúskap sinn með samþykki biskupsins» (nú prestsins), »til þess að hjúskapurinn sje eptir guði»; en þó virðast mjer orð Tertúllíans um þetta enn þá ljósari. Hann lifði um lok annarar aldar. Hann segir: »að kirkjan tengi hjónabandið saman, staðfesti það og blessun kirkjunnar innsigli það». Hjer talar hann auðsjáanlega um kirkjulega hjónavígslu, og virðist mjer af þessum orðum auðsætt, að hún hafi verið tíðkuð þegar á hans dögum. Jeg vona, að enginn geti skilið þetta á annan hátt. Þetta borgaralega hjónaband virðist mjer hafi það helzt í för með sjer, að losa hjónaefnin við það, að láta lýsa blessun drottins yfir sjer og biðja hann að helga áform sitt. Jeg ætla, að hversu dauft sem trúarlífið er á-litið hjer á landi á þessum tímum, muni enginn landa minna sá, er vilji án þessarar blessunar drottins vera, þegar hann er að byrja hjúskap sinn. Hvað prestastjettina sjálfa snertir í þessu tilliti, er mjer í sjálfu sjer ekki annt um þetta, nema einungis af því, að mjer þykir óviðkunnanlegt með þessu fyrirkomulagi, nefnil. borgaralegum hjónaböndum, hversu vel sem þetta svo kallaða frelsi hljómar í eyrum sumra manna, já meira að segja, mjer þykir það næstum sárt, þannig að vera sviptur þeim rjetti, að leggja blessun drottins yfir þá í söfnuði mínum, sem mjer er trúað fyrir.

Jón Ólafsson:[1] Jeg verð að játa, að mjer þótti ræða h. þm. Barðstr (E. K.) koma sannarlega undarlega við; hún var öll eins og töluð út á þekju, og því líkust, sem h. þm. hefði tekið saman það, sem hann var að tauta upp af blöðum, áður en hann hafði sjeð eitt orð af nefndarálitinu eða frv. nefndarinnar. Hvorki í frv. því, sem stjórnin lagði fyrir Ed., nje heldur í frv. Ed., nje heldur í frv. því, sem nefnd þessari var upphaflega fengið til meðferðar, nje heldur í frv. nefndarinnar sjálfrar,—í stuttu máli: í alls engu því, sem fram hefir komið, eða fyrir deildinni liggur, hefir með einu orði verið farið fram á, að af nema hjónabandið sem kirkjulega athöfn. Öll hin langa og leiðinlega ræða þm. hneig að eins að því, að leiða líkur að því, að hjónabandið hefði verið álitið kirkjuleg athöfn í hinni evangelisk-lútersku ríkiskirkju og jafnvel í fornkirkjunni þegar í hinni fyrstu kristni. En h. þm. sannaði ekki og reyndi ekki einu sinni að sanna, að hjónabandið hefði verið álitið að eiga að vera kirkjuleg athöfn fyrir utankirkjumenn. En frv. það, sem nefndin hefir komið fram með, fer að eins fram á, að leyfa borgaralegt hjónaband mönnum fyrir utan þjóðkirkjuna — vel að merkja, leyfa það að eins, svo að utanþjóðkirkjumenn, sem eiga ekki annars úrkostar, standi ekki ráðalausir; en auðvitað stendur þeim opinn aðgangur að kirkjulegr; vígslu einnig eptir frv. voru, ef þeir að eini geta fengið hana hjá presti sínum. H. þm. sagði, að engin þörf væri á ákvæðum þessa frv. Það er merkilegt, að tala þannig, þegar heill stór söfnuður í landinu stendur fyrir utan þjóðkirkjuna, og er rjettlaus í þessu efni. Í fyrra sumar sótti einn af þessum þjóðkirkjumönnum um konunglegt leyfi til að mega ganga í borgaralegt hjónaband; en vor sanngjarni ráðgjafi synjaði honum, fríkirkjumanninum, um þetta leyfis

1) Ræða sú, sem hjer stendur á undan, er alveg ólík því, sem þingm. Barðstr. hjelt hana, og ólík því, sem þingskrifararnir rituðu fyrst upp. Ræðu þá. sem hjer stendur, mun því þingm. hafa lesið skrifurunum fyrir eptir á.
J. Ól.

en hafi einhver Vestmanneyja-mormóni sótt um sams konar leyfi, þá hefir engin fyrirstaða verið fyrir hjá herra Nellemann. H. þm. Barðstr. segir, að lög þessi verði aldrei notuð, þótt þau komi út. Já, jeg vil ekki segja, að jeg geti glatt hjarta h. þm. með því (jeg vona þó, að það gleðji hann ekki), að sá fríkirkjumaður, sem fyrir þessari rjettarsynjun varð, notar þau ekki, þótt þau komi út, því hann dó í vetur. En það get jeg sagt honum, að af 300 manna, sem eru nú fyrir utan þjóðkirkjuna, notar vafalaust einhver þessi lög, þá er hann nær ekki til síns eigin prests, svo að einnig þessi mótmæli þm. eru auðsjáanlega til búin án nokkurs tillits til frv.

Eins og h. framsögum. (Þ. Böðv.) tók fram, er I. kafli nefndarfrv., o: 1.—12. gr., ekkert annað en stjórnarfrv., einungis ritað um á betra mál. Annar kaflinn er nýr, og höfum vjer með honum viljað lögleiða hjer í landi svipað rjettarástand því, sem nú á sjer stað annarstaðar í ríkinu fyrir ýms kirkjufjelög utan þjóðkirkjunnar. Þetta er í raun rjettri að eins afleiðing af þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, að mönnum er leyft að stofna fjelög til að þjóna drottni á þann hátt, er bezt á við sannfæringu hvers eins. Þessi kafli er því í góðu samræmi við stjórnarskrána, því það er eðlilegt, úr því að stjórnarskráin veitir rjett til að mynda slík fjelög, að löggjafarvaldið þá einnig skipi rjettarstöðu þeirra með lögum; og þá er eðlilegt, að veitt sjeu þeim fjelögum, er þjóðkirkjunni standa næst, nokkuð meiri rjettindi en hinum, er fjær standa henni. Þannig er þetta í Danmörku, að sá rjettur, er hjer er farið fram á, er veittur ýmsum kirkjufjelögum, svo sem baptistum, methodistum, reformertum og Gyðingum og — evangelisk-lúterskum fríkirkjumönnum, en ekki t. d. Irwingiönum og mormónum. Hin fyrnefndu fjelög verða þannig lögskipuð eða viðurkennd kirkjufjelög, þar sem hin síðarnefndu að eins eru liðin í landinu. Þegar konungur staðfestir kosningu prests eða forstöðumanns slíks löghelgaðs safnaðar, þá er auðvitað, að stjórnin leitar fyrst nauðsynlegra upplýsinga og fullvissar sig um, að hlutaðeigandi sje samvizkusamur, vandaður og að öllu trúverður maður, alveg eins og hún mun kynna sjer hæfileika manns, er hún veitir embætti. En þegar konungur hefir veitt þessa staðfestingu, þá er það og eðlilegt (og þannig hefir það ávallt verið í Danmörku), að embættisverkum hans og sjerstaklega hjónavígslu sje jafnframt veitt fullt borgaralegt gildi, og eins vottorðum hans þar að lútandi, eins og honum líka er lögð sú skylda á herðar, að gefa vottorð og skýrslur. Um orðunina á 13. gr. skal jeg sjerstaklega taka það fram, að hún má heita orðjett sniðin eptir Anordning 16. nóv. 1865 í Danmörku, sem oss þótti einna skýrast og bezt orðuð af hinum mörgu sjerstaklegu viðurkenningarlögum, sem til eru þar í landi. Út í hinn síðasta kafla skal jeg ekki fara, með því ekki liggur fyrir, að ræða hinar einstöku greinar nú við 1. umr., og hjer er því að eins spurningin um, hvort málið í heild sinni sje ekki þess vert, að fá að ganga sinn gang áfram til 2. umr. H. þm. Barðstr. (E. K.) óskaði, að málið yrði fellt nú þegar; en þegar menn athuga hið rjettlausa ástand utanþjóðkirkjumanna hjer á landi, eins og það nú er og verið hefir um undanfarandi ár, þá er þessi áskorun hans svo hrópleg, að jeg vona, að enginn þm. í deildinni verði til að sinna henni.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal leyfa mjer að þakka h. þm. Barðstr. (E. K.) fyrir hans fögru ræðu. Mjer þykir vænt um, að heyra orð postulans Páls um hjónabandið; en mætti jeg nú spyrja, hvort meining postulans mundi hafa verið sú, að við þjóðkirkjuprestar skyldum gefa hjón nauðug saman, og þannig neyða þau til að vinna eið? En svo hlyti þó að vera, ef utanþjóðkirkjumenn gætu eigi stofnað löglegt hjónaband *með öðru móti*, en að þjóðkirkjuprestar gæfu þá í hjónaband; en það held jeg geti ekki leitt til neinnar blessunar fyrir viðkomandi hjónaefni. Jeg hefi ávallt skoðað orð ritningarinnar um hjónabönd þannig, að kirkjuleg vígsla væri því að eins nauðsynleg og heillavænleg, að hlutaðeigendum sje hún ljúf; en jeg held enga

blessun leiði af því, að skylda hjónaefni til að þiggja vígslu af manni, sem þau með engu móti vilja þiggja hana af. Mjer þótti annars vænt um að heyra, hve miklum stakkaskiptum h. samþingismaður minn (Þ. Böðv.) hefir tekið núna á mánaðartíma, þar sem hann er nú orðinn framsögumaður og forvígismaður þessa frelsismáls. Fyrir mánuði síðan var hann á fundi í Hafnarfirði, og hafði þá heyrt um frv. stjórnarinnar um borgaralegt hjónaband, og var hann þá mjög á móti því. En það hefir náttúrlega verið af því, að hann hefir ekki þekkt frv. stjórnarinnar nógu vel; en nú er hann búinn að kynna sjer það, og hefir nú breytt skoðun sinni, eptir að hann hefir yfirvegað málið rækilega. Jeg þykist því viss um, að aðrir fleiri h. þingdeildarmenn, sem nú kunna að vera í vafa, muni, er þeir hafa íhugað frv. nákvæmlega, álíta nauðsynlegt, að það fái fram að ganga, eins og hann. Jeg vona, að þingd. lofi þessu máli fram að ganga, svo að þessir bræður okkar á Austurlandi, sem hingað til hafa verið rjettlitlir eða rjettlausir að ýmsu leyti, missi einskis í af sínum borgaralegu rjettindum. Jeg fyrir mitt leyti er málinu mjög hlynntur.

Arnljótur Ólafsson: H. framsögum. (Þ. B). og h. meðnefndarmaður minn (J. Ól.) munu hafa tekið fram skoðun allra vor á þessu máli að aðalefninu til, einkum á I. kafla, og þarf jeg því eigi að fara orðum um þann kafla. Jeg ætla því að eins að taka það fram, viðvíkjandi ræðu h. þm. Barðstr. (E. K.), að allt frv. nefndarinnar, I., II. og III. kaflinn, hljóðar eingöngu um utanþjóðkirkjumenn, en alls eigi um þjóðkirkjumenn. Þegar verið er að setja lög fyrir utanþjóðkirkjumenn um hjónaband, kemur eigi til greina skoðun sú, sem vjer evangelisk-lúterskir þjóðkirkjumenn höfum á hjónabandinu fyrir sjálfa oss, heldur hver lög vjer eigum að setja handa utanþjóðkirkjumönnum, svo þeir náð geti þeim þegnrjettindum, er hið kirkjulega hjónaband veitir oss. Ef vjer þjóðkirkjumenn vildum heimta af utanþjóðkirkjumönnum, að þeir skyldu hafa sömu skoðun sem vjer á hjónabandinu, og vildum eigi gefa þeim annan rjett en þann, er gæti samrýmzt vorri skoðun, þá væri það harðýðgislegt og ranglátt. Jeg er viss um, að sú aðferð er fjarlæg h. þm. Barðstr. (E. Kúld), jafnmildum manni og í sannleika sanngjörnum.

Menn hafa hingað til talað sjer í lagi um 1. kafla frv., en minna um hina 2 síðari kafla þess. 2. kaflinn hljóðar um konunglega staðfestingu utanþjóðkirkjupresta og gildi embættisverka þeirra, en 3. kaflinn um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna, og er hann eðlileg afleiðing af 2. kaflanum. Í öðrum löndum, einkum í Danmörku, hafa utanþjóðkirkjusöfnuðir fengið og fá enn konunglega staðfestingu þess, að embættismenn þeirra hafi sama embættisvald, sem þjóðkirkjumanna. Hjer á landi hefir aldrei orðið leitað slíkrar staðfestingar. Þótt utankirkjumenn kristilegrar trúar hafi fengið í tilsk. 17. nóv. 1786 trúbragðafrelsi í kaupstöðum, og siðbótamenn enda leyfi til að reisa sjer kirkju, þá hefir samt enginn slíkur söfnuður verið viðurkenndur, og þess vegna hafa utanþjóðkirkjumenn enn eigi fengið neinn eiginlegan safnaðarrjett, nje prestar þeirra nokkurn lögmætan embættisrjett. Á þessum skorti ræður því 2. kaflinn bót. En þar af sprettur eðlilega sú spurning: Hvað leiðir af því, að konungur veitir embættismönnum utanþjóðkirkjusafnaða sama embættisvald, sem embættismönnum þjóðkirkjunnar? Nefndin svarar: »Það, að embættismenn utanþjóðkirkjusafnaða verða að öðlast sama rjett til að taka tekjur sínar, sem embættismenn eða prestar í þjóðkirkjunni». Einhver kynni nú að syrja: »Hver nauðsyn er til þessa»? Nefndin svarar: »Sú nauðsyn, sem 47. gr. stjórnarskrárinnar krefur», en hún hljóðar svo: »Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna o. s. frv.» Á þinginu liggur sú skylda, að sýna öllum sama jafnrjetti, og er því rangt, að fyrirmuna utanþjóðkirkjumönnum að geta orðið aðnjótandi þjóðlegra rjettinda, hvort sem þau snerta tekjur, hjónaband

eða annað. Það er beinlínis skylda eptir 47. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað snertir 3. kaflann, um gjaldskylduna, gæti sú spurning legið fyrir: Er hjer eigi of langt farið, að láta öll eiginleg gjöld frá söfnuðum hinkirkjumanna, ef jeg má kalla þá svo, falla í hendur presta þeirra eður forstöðumanna? Svarið er: Nei, samkvæmt 45. gr. stjórnarskrárinnar; þar stendur, að hið opinbera skuli að því leyti styðja og vernda evangelisku lútersku kirkjuna, sem hún er þjóðkirkja, en eigi framar, það er að segja, ekki á kostnað annarar trúar manna. Landsstjórnin á að styðja og vernda þjóðkirkjuna á þjóðkirkjulegum grundvelli, en eigi á grundvelli utanþjóðkirkjumanna, eigi á svitadropum, á blóðdropum þeirra, þegar konungur vor hefir gefið þeim sama embættisrjett og lagt á þá mjög svo sömu embættisskyldum að gegna, sem þjóðkirkjuprestar nú hafa. Með þessu mælir öll sanngirni og jafnrjetti, enda er það og samkvæmt stjórnarskránni.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer finnst mælendur fara nokkuð langt út í einstök atriði í frv., sem eigi má fyr en við aðra umr. Mjer þótti mjög undarleg ósk h. þm. Barðstr. (E. K.), að mál þetta gengi eigi til 2. umr. Mjer virtist hann hafa litið fljótlega á frv., og haldið, að það gengi út yfir þjóðkirkjumenn, og að kirkjuleg hjónavígsla væri með því af numin; (*Eirikur Kúld*: Nei); en hvorttveggja þetta er eigi rjett skoðað, því að frv. nefndarinnar er að eins fyrir utanþjóðkirkjumenn, og til þess að þeir geti gipzt, en þeir geta það ekki eptir núgildandi lögum. En þótt mig furðaði þessi skoðun hans, furðaði mig enn meira á ræðu h. 2. þm. K.-G. (Þ. Bj.), þar sem hann spurði, hvort það mundi hafa verið meining postulans Páls, að prestar ættu að gefa saman hjón, hvort sem þau vildu eða ekki; en jeg ímynda mjer, að slíkt hafi aldrei komið fyrir. Eins furðaði mig á því, að hann skyldi bregða mjer um stakkaskipti síðan á fundinum í Hafnarfirði. Jeg hefi hvorki innvortis — og heldur eigi útvortis — tekið stakkaskiptum síðan. Hann vissi, að fundurinn þá hafði fyrir augum borgaralegt hjónaband yfir höfuð að tala, og mótmæltu því allir í einu hljóði. Þar var eigi að ræða um borgaralegt hjónaband að eins fyrir utanþjóðkirkjumenn, heldur einmitt fyrir menn í þjóðkirkjunni. Um stjórnarfrv. vissi jeg þá eigi, hvernig það var; en hann hafði sjeð það áður. Jeg mótmæli því þess vegna sem röngu, að jeg í nokkru hafi breytt skoðun minni síðan þá; jeg hefi eigi breytt skoðun þeirri, er jeg hafði á þingi 1883, og jafnvel áður, að nauðsynlegt væri að setja sjerstök lög fyrir utanþjóðkirkjumenn. Jeg legg það því til, að málið gangi til 2. umr., því að jeg álít málið mikið nauðsynjamál.

Eirikur Kúld: Jeg ætla mjer að eins að svara fáum orðum h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), og þm. Eyf. (A. Ó.) og h. framsögum (Þ. Böðv.). Af orðum h. 2. þm. S.-Múl. er að ráða, sem hann hafi haldið, að mjer væri eigi ljóst, hvor munur væri á borgaralegu hjónabandi og kirkjulegri vígslu. Borgaralegt hjónaband er að vísu gilt; en það sem jeg tók fram í ræðu minni, var það, að það væri laust við, að beðið væri um blessun drottins, þegar það væri stofnað. Hann áleit, að stefnan hjer á landi nú gerði borgaralegt hjónaband nauðsynlegt; en má jeg spyrja: hverjir eru utanþjóðkirkjumenn hjer á landi nú? (*J. Ól.*: Jeg).— Það er þá gott, að h. þm. þarf eigi að halda á hjónabandi nú. Jeg þekki engan hjer, sem greinir á við þjóðkirkjuna, og þess vegna eru lög fyrir utanþjóðkirkjumenn nauðsynlegri í Danmörku en hjer. Hjer veit jeg eigi til, að sje einn mormóni nú. (*Arnljótur Ólafsson*: Jú, einn, sem ætlar að gipta sig í haust). Þar sem sagt hefir verið, að það sje leiðinlegt, að hjón þurfi að fara til þess prests, og láta hann gipta sig, sem þeim líkar eigi við, þá getur það eigi komið til greina nú, því að hjón hafa fullkomið leyfi til að láta hvern þann prest, sem þau helzt vilja, gefa sig saman, síðan leysing sóknarbandsins er komin á. Viðvíkjandi því, sem h. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að frv. snerti einungis þá menn, sem

væru fyrir utan þjóðkirkjuna, þá verð jeg að neita því. Jeg get eigi betur sjeð, en að þetta verki einnig inn á þjóðkirkjuna, því að menn geta gengið úr þjóðkirkjunni, til þess að geta fengið borgaralegt hjónaband, og eptir nokkra daga sagt við þjóðkirkjuprest sinn: nú er jeg borgaralega giptur, og fyrst svo er, þarf jeg eigi lengur að vera út úr þjóðkirkjunni, og fer nú inn í hana aptur. Jeg ætla nú eigi að tala lengur um mál þetta að sinni, og stendur mjer nokkurn veginn á sama, hvort það gengur til 2. umr. eða ekki.

Þorkell Bjarnason: Í ræðu minni áðan var að eins sú spurning, hvort það mundi hafa verið samkvæmt anda postulans Páls, að gefa hjón saman af þeim mönnum, sem þeim væri þvert um geð að gæfi sig í hjónaband. Mjer finnast þessi lög nauðsynleg, því að ef utanþjóðkirkjumenn vildu eigi sökum sannfæringar sinnar nota þjóðkirkjuprest til þess að gefa sig saman, þá yrðu þeir að vera án löglegs hjónabands. Það var engan veginn til að niðra h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að jeg sagði, að hann hefði breytt skoðun sinni, heldur til að sýna, hvern sannfæringarkrapt það hefði, að hugleiða hið vandræðalega ástand Reyðfirðinga, og hversu nauðsynlegt væri fyrir utanþjóðkirkjumenn, að lög væru sett fyrir þá. Í því skyni gat jeg þess, en engu öðru.

Jón Ólafsson: H. þm. Barðstr. (E. K.) kom með þá nýung, að enginn hjer á landi mundi nota þessi lög, og að enginn væri hjer á landi, sem greindi á við þjóðkirkjuna; en jeg vildi vísa honum á hina seinustu manntalsskýrslu frá 1880 til að sannfæra hann um, hvort þeir menn sjeu engir til, því að þar eru taldir mormónar, 1 maður kaþólskur, ekki fáir reformertir, únítaríanar, og jafnvel heiðingjar. Þetta hefði hann átt að kynna sjer. Þingm. þarf ekki langt að leita, til að finna menn, sem greinir á við þjóðkirkjuna; einn þeirra er jeg, enda er jeg ekki í henni, og hefi ekki verið síðustu 5 ár, og þó er jeg kristinn og þykist enda hafa rjett til að kalla mig evangeliskrar trúar, eptir því sem jeg skil við það. H. þm. talaði um, að það mætti fara í kring um þessi lög um borgaralegt hjónaband: en slíkt hið sama má segja um öll lög. Það er annars merkilegt, að prestur þjóðkirkjunnar skuli berjast svo mjög móti borgaralegu hjónabandi; verði þeim, sem ekki geta eða vilja láta þjóðkirkjupresta gefa sig í hjúskap, meinað að ganga í borgaralegt hjónaband, þá er jeg hræddur um, að af því leiði það, að það verði enn almennari en nú ein þriðja tegund hjónabands, sem þegar nú tíðkast talsvert einmitt í þjóðkirkjusöfnuðum sumum; það er hið svo kallaða »pólska» hjónabandið, sem jeg veit að þingmenn skilja, hvað er!

Þórarinn Böðvarsson: Jeg gat sízt gert ráð fyrir, að h. þm. Barðstr. (E. K.) skyldi koma með það í ræðu sinni, að menn gengju úr þjóðkirkjunni til þess að nota þetta leyfi. Jeg hygg, að þótt þetta yrði lög, mundi engum í þjóðkirkjunni þykja það svo æskilegt, að hann fyrst vilji segja sig úr þjóðkirkjunni, til þess að geta gengið í borgaralegt hjónaband. Jeg hugði, að ef frv. Ed. væri tekið, mundi guðræknistilfinning manna hafa særzt. Hvað óþarfa frv. snertir, skal jeg minna á það, að bæði hefir stjórninni með frv. til þingsins, og síðasta þingi 1883 þótt þörf á, að samin væru sjerstök lög fyrir utanþjóðkirkjumenn. Hvað einstaklinga snertir, sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna, get jeg komið með dæmi um einn: Í prestakalli mínu er einn maður, sem ekki er í þjóðkirkjunni; hann hefir verið trúlofaður, en jeg hefi sagt honum, að jeg gæti ekki gefið hann í hjónaband samkvæmt lögum þjóðkirkjunnar. Það er því brýn þörf á þessum lögum, og vona jeg h. deild samsinni mjer í því, og að málið gangi til 2. umr.

Holger Clausen: Jeg vildi að eins taka það fram, að mjer virðist það alls eigi nauðsynlegt, að láta prest gipta sig. Tilgangurinn með þeirri athöfn er þó eiginlega sá, að þau börn, sem maður kann að eignast með þeirri konu, sem maður vill eiga, fái löglegan erfðarjett, og get jeg ekki skilið, að prest þurfi til þess, til að lesa klausur yfir manni; þær eru heldur ekki allar svo merkilegar. Jeg hef heldur aldrei hitt þann prest,

sem hefur kunnað þær utan að, og geta þá hjónin eins vel lesið þessi orð sjálf heima. Það skyldi þá vera fyrir þá, sem ekki hafa lært svo mikið. Jeg þekki prest, sem spurði strák daginn áður en hann var fermdur, hvaða maður Pílatus hefði verið. Strákur svaraði, að hann hefði verið lausamaður. Og ef nú þessi strákur hefði viku síðar viljað gipta sig, hygg jeg, að hann hefði eins vel getað farið til sýslumanns eins og prests. Ætli okkur þætti það ekki líka ósanngjarnt, að vera skyldaðir til að kaupa okkar vörur í einni vissri krambúð? Það yrði víst talið ósanngjarnt og hart. Það eru líka sumir prestar þannig, að lítil skemmtun er að hafa þá í veizlunni sinni, að minnsta kosti þegar svo sem 2 tímar eru liðnir, og mundi því margur heldur vilja hafa sýslumanninn. Jeg tala þetta alls ekki til þeirra presta, sem hjer eru á þingi, því jeg veit, að þeir eru heiðarlegir menn; en jeg hygg yfir höfuð að tala, að prestastjettin sje ekkert merkilegri en sýslumannastjettin. Jeg hygg, að hjónin fari ekki í kirkju til þess, að heyra lesnar yfir sjer langar ræður, heldur til þess, að börn þau, sem þau kunna að eiga saman, fái rjett til að erfa þau.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): H. þm. Snæf. (H. Cl.) vildi vera á móti þessu máli, af því það væri eigi nauðsynlegt, að prestur gæfi hjón saman og jafnvel ekki sýslumaður virtist mjer í síðari hluta ræðu hans, þar sem hann sagði, að hjónabandið hefði að eins þá þýðingu, að börn hjónanna hefðu erfðarjett. Eptir því þarf hvorki prest nje sýslumann, því hjónin geta arfleitt börnin. Þar sem hann sagði, að það, sem presturinn læsi yfir þeim í kirkjunni, væri ómerkilegt, þá er því að svara, að það eitt er yfir þeim lesið, sem er guðs orð. Það er mest allt úr heilagri ritningu. Það hygg jeg sje nóg fyrir hina h. deildarmenn, til að dæma um, hvort það er merkilegt eða ómerkilegt. Að svo mæltu ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta mál að sinni, og óska, að það gangi til 2. umr.

Holger Clausen: H. framsögumaður hefur ekki skilið mig rjett. Jeg hafði ekki á móti því, að sýslumenn gæfu karl og konu í hjónaband; mjer er sama, hver það gjörir, að eins að sá tilgangur náist, að börnin fái erfðarjett. Jeg vildi óska, að h. þm. hangi ekki í einstökum orðum, sem jeg segi. Eins og h. þm. er kunnugt, á jeg bágt með að tala íslenzku, og finnur víst enginn betur til þess en jeg sjálfur. Þar sem h. framsögum. sagði, að það væri að eins guðs orð lesið yfir brúðhjónunum, vil jeg samt minna á, að það guðs orð er skrifað af mönnum. En vjer álítum það guðs orð, af því vjer höfum ekki annað betra; og þess vegna álít jeg það líka vera guðs orð.

Atkvæðagreiðsla: Áður gengið var til atkvæða, var hið upphaflega frumv. um utanþjóðkirkjumenn (C. 123) tekið aptur af flutningsmanni (J. Ó.).

Síðan var frv. nefndarinnar (C. 224) vísað til 2. umr. með 22 atkv. gegn 1 (H. Kr. Friðr.), að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingmanna.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 125, nefndarálit 221); framh. 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Á þessu stigi málsins finn jeg ekki ástæðu til að tala margt, að minnsta kosti ekki fyr en jeg heyri einhver mótmæli fram koma.

Jeg skal að eins geta þess, að jeg tek hið upphaflega frv. mitt (C. 125) aptur.

Benidikt Sveinsson: Jeg hef allt af verið á þeirri skoðun, að fiskirækt og friðunarlög bæði um lax og silung á þessu landi gæti orðið hin mesta auðsuppspretta. Af þessum ástæðum hef jeg ætíð verið hlynntur því máli, enda þótt jeg opt hafi verið misskilinn og allar mínar tilraunir í þessu efni. Þetta frv. hefir nú h. nefnd sjálfsagt samið í góðum tilgangi, og ætlast til að það verði til bóta og umbóta á þeim lögum, sem eru, sem sje laxafriðunarlögunum 11. maí 1876. Jeg skal líka játa það, að sumar ákvarðanir þessa frv. hafi yfirburði yfir ákvarðanir þessara laga. En á hinn bóginn vil jeg skjóta því til íhugunar h. nefndar til 2. umr., hvort þó ekki muni ýmislegt á hinn bóginn hafa slæðzt inn í þetta frv. nefndarinnar, sem fer í gagnstæða átt. Jeg skal benda á 3 atriði. 1.,Að ákvörðun 1.gr.um friðun skuli ekki gilda, »ef einn á alla

veiði í á«. Jeg skil svo friðunarlög, að þau setji eigendum þau takmörk, þær reglur, sem þeir mega ekki fara út fyrir eða brjóta; og að þetta gildi jafnt hvort sem fleiri eiga veiði saman eða einn maður í sömu ánni, því, ef margir veiðieigendur geta ekki brotið mót friðunarlögunum, getur heldur ekki einn gjört það. Þau lög, sem öðruvísi væri að skilja, geta ekki verið friðunarlög, heldur miða þau að eins til, að fleiri veiðieigendur ekki gjöri hver öðrum rangt til innbyrðis. 2., Hvort ekki virðist ástæða til að nema burtu ákvæðin um þvergirðing, ef laxár renna í fleirum kvíslum. Þessi ákvörðun á heldur ekki við í ströngum friðunarlögum. 3., Hvort það er ekki varhugavert, að meiri hluti veiðieigenda í á skuli geta þvingað minni hluta eigendanna til að veiða eins og meiri hlutanum sýnist. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta að sinni, en vil að eins biðja h. nefnd að athuga þessi 3 atriði. Jeg gef að öðru leyti mitt atkv. fyrir því, að málið gangi til 2. umr.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Jeg er h. 2. þm. N-Múl. (B. Sv.) þakklátur fyrir þessar bendingar, og tel sjálfsagt, að nefndin taki þær til greina. En komi hún ekki með br. í þá átt, sem hann benti á, til 2. umr., mun jeg þá við þá umræðu skýra frá þeim ástæðum, sem hún hefir fyrir þessum ákvörðunum. Skal jeg svo ekki fjölyrða um það að sinni.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. með atkvæðafjölda.

Tuttugasti og fimmti fundur, miðvikudaginn 29. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni um helgi lands fyrir ágangi af skepnum væri kosinn formaður Eiríkur Briem og skrifari Þorvarður Kjerulf.

Frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og um uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja forelda hefir þjóðkirkjutrú (C. 192); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg finn eigi ástæðu til að tala um þetta mál, og efast jeg um, að nokkurt atkvæði verði með því, þar sem annað frv. er komið í staðinn fyrir þetta. Jeg álít, að það hljóti að falla formsins vegna.

Atkvæðagr.: Frv. var fellt frú 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1880 og 1881 (C. 199); 3. umr.

Framsögumaður (Gunnl. E. Briem): Þar eð engar breytingartillögur eru fram komnar við frumv., finn jeg ekki ástæðu til að tala um það, en vona það verði samþ.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. í einu hljóði og síðan sent Ed.

Frv. til laga um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra (C. 228); 3. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg kom með breytingartill. mína (C. 232) af því, að mjer er kunnugra um fýlinn frekar en aðra fugla, þó að h. 2. þm. K.-G. (Þ. Bj.) segði, að jeg þekkti ekki alla fugla; það er satt. Jeg hefi barizt fyrir því að undanförnu, að fýlnum væri ekki fækkað of mikið, svo að hann fækki ekki um of, bæði fyrir þá, sem nú lifa, og eptirkomendurna. En lögin 17. marz 1882 hafa eigi verið hentug til þess. Þess vegna fer jeg fram á, að lengja friðunartímann á vetrum, en stytta á sumrin; því, ef ekki mætti taka hann fyr en 20. ágúst, væri unginn floginn talsvert á burt; en verði hann friðaður frá 1. marz til 10. ágúst, það er sem jeg vil, og jafnvel allan veturinn. Og þótt sumir kunni að skaðast á því, að hann er friðaður þennan tíma, mun heldur ekki borga sig, að láta hann aldrei hafa frið á sjer, hvorki fyrir alda nje óborna Jeg vona, að h. þm. Vestm. (Þ. J.), sem er fýlnum kunnugur, sjái, að það er eigi óhentugt, að hafa þetta eins og breyt.till. fer fram á, og vona, að þingd. verði þessari breytingu meðmælt

Þórður Magnússon: Af því að jeg er einn af þeim, sem stend undir breyt.till. (C. 232), ætla jeg að eins að lýsa þeirri skoðun minni, að fýllinn er of lengi friðaður, ef hann er friðhelgur til 20. ágúst;

þá er hann floginn út. Þess vegna viljum við, að hann verði að eins friðaður til 10. ágúst.

Arnljótur Ólafsson: Hjer er eitt breyt.-atkv. frá mjer og fleirum h. þm. viðvíkjandi rjúpunum (C. 233), að í staðin fyrir orðin »þó skulu rjúpur....lundi frá«, komi »þó skal lundi friðaður frá«. Rjúpunum er þá sleppt hjer, en þær koma aptur þegjandi fram í flokki þeirra fugla, sem eru friðaðir frá 31. júlí. Breyt.till. fer líka því fram, að síðasti málsliður falli niður. H. þingd. er kunnugt, að síðasta málsgr. hefir fengið breyting, að þar sem hún var áður takmörkuð við nokkurn hluta af Suðurlandi, þá grípur hún nú í frv. yfir land allt, og er jeg sannfærður um, að breyting þessi er komin inn af fullkominni vanþekking á allri rjúpnaveiði á Norður- og Austurlandi. Rjúpan gefur þar mörgum fátækum manni mikla björg. Það væri að svipta margan fátæklinginn fæði og bjargræði, ef hún væri friðuð um 2 ára tíma. Þetta væri bæði rangt í sjálfu sjer, og ekki sízt, þegar svona lætur illa í ári. Rjúpunni hefir fækkað sökum hins harða veturs 1881—1882, en ekki af því, að hún væri veidd of mikið. Það, er snertir friðunina frá 1. apríl, skal jeg geta þess, að rjúpur verpa ekki fyr en í maí; þær eru feitastar eptir jól, í janúar, febr. og marz, eptir því, sem viðrar hvert sinn, en fara ekki að leggja af fyr en seint á góu eða fyrst á einmánuði eptir veðráttufari. Það væri því nægur tími til að friða hana 3 vikum fyrir sumar, 5 vikum áður en hún verpir. Það væri nær, að friða rjúpurnar lengur en til 31. júlí, t. d. ágúst.-mán. út; en það er næsta óheppilegt vegna veiðinnar, að friða rjúpur á þorra og góu, því þá eru þær í beztu standi. Jeg vona, að h. þingd. gæti að því, að hjer er að ræða um hagsmuni margra fátæklinga í miklum hluta landsins. Jeg vil sjerstaklega leiða athygli að því, að þar sem tilsjón er lítil, ríður á að setja lög svo, að menn sjeu ekki neyddir til að brjóta þau, því annars missa þau helgi sína. Það er sannarlega betra að hafa engin lög, en lög þau, sem eru þvert ofan í hugsunarhátt manna. Helgi landslaganna er tvenns konar, í fyrsta lagi tilsjón embættismanna eða þröngviafl framkvæmdarvaldsins; í öðru lagi rjettarmeðvitund þjóðarinnar, eða sannfæring landsmanna um rjettlæti og gagnsmuni lagaboðsins; þessi helgi laganna er miklu meira varðandi; þessi samkvæmni laganna við hugsunarhátt og hagsmuni þeirra, sem hlýða eiga lögunum, er í hverju landi hin nytsamasta, en hjer á landi nálega ómissandi. Sjái menn og kannist þeir við, að lögin sjeu rjettlát og gagnleg, þá hlýða menn þeim fúslega, og hið stranga eptirlit, sem hjer vantar, má missa sig; en sje nú þessu eigi að fagna, þá er til lítils að neyða fram lög gagnstæð hugsunarhætti og hag þeirra, sem eiga að hlýða þeim.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki á móti þessum breytingartill. í sjálfu sjer; en jeg varð of seinn með eina breytingu, sem jeg verð að álíta nauðsynlega. Það hefði þurft að koma þeirri ákvörðun inn í þessi lög, að sekta bæði þann, sem hylmir með lögbrotsmanninum og kaupir af honum þá fugla, sem skotnir eru ólöglega. En jeg vona, að h. Ed. bæti úr þessum galla. Það er líka óheppilegt, ef skeglan verður heimfærð undir máfana og friðuð á sama tíma sem þeir, því ungatekjan missist með því móti. En jeg vona, að hlutaðeigendur gæti rjettar síns og hagsmuna hvað þetta snertir, ef til kemur, án þess þó að þurfa að brjóta lögin.

Ólafur Pálsson: Það er óheppilegt, að hjer í þessu frv. er farið fram á breyt. á 1. gr. í lögum 17. marz 1882, en hvergi í frv. er getið um að afnema það í þeim lögum, sem breytingar eru gjörðar við. Það er merkilegt, að enginn h. þm. skuli hafa gætt að þessu, og vonaði jeg þó, að aðrir, sem hafa verið að koma með breytingarnar eður frumvarpið sjálft, mundu laga þetta; en það hefur brugðizt. Það er vonandi, að efri deild gefi því gætur. En annars álít jeg frumvarp þetta ónýtt.

Atkvæðagr: Breyt.till. nr. 196 (C. 232) samþ. með 19 atkv. Breytingartill. nr. 199 (C. 233) 1. tl. samþ. með 12 atkv. gegn 6, og 2. tl. samþ. með 12 atkv. gegn 3.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. með 13 atkv., og sent síðan Ed.

Frv til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 223, breytingartill. 232, 235); 3. umr.

Jón Sigurðsson: Jeg hef tekið upp aptur nokkrar gr., sem felldar voru við 2. umr. þessa máls, af því að jeg heyrði eigi þær ástæður koma þá fram á móti þeim, sem höfðu nokkra verulega þýðingu, og hef nú breytt þeim þannig, að jeg vona að h. þingdeild þyki þær full-aðgengilegar (C. 232). Hvað Grenjaðarstað snertir, þá skal jeg taka það fram í viðbót við það, sem jeg hef áður sagt, að hann hefir eptir hinu eldra fyrirkomulagi ætíð verið eitt af höfuðprestaköllum landsins. Þetta get jeg ekki álitið alveg þýðingarlaust; því að mínu áliti er það ekki hagfellt, og ekki einu sinni rjettlátt, þegar litið er til þess safnaðar, sem í hlut á, að setja brauð, sem frá því það var stofnað, hefir verið í tölu aðalbrauða, niður í flokk meðalbrauða, og jafnvel enn lægra. Nefnd sú, sem skipuð var 1878 til að undirbúa prestakallamálið, fór fram á sameining Múla og Grenjaðarstaðar,og stakk upp á 1200 kr. árgjaldi af brauðinu. En þingið 1879 hækkaði það upp í 1700 kr. eða 500 kr. meira en fyrst var til ætlazt; en á hverju sú upphækkun árgjaldsins af brauðinu var byggð, verður eigi sjeð af umræðunum á alþingi 1879. Þar sem hæstv. ldsh. skýrði frá við 2. umr. tekjum þess brauðs eptir prestakallalögunum, þá var það ekki alveg rjett, sem hann skýrði frá. Jeg tók það þá fram, að brauðið missir árlega 80—90 kr. af tekjum sínum, við það, að með hæstarjettardómi er það skyldað til að greiða 3 marka ómaga meðlag til Helgastaðahrepps, sem á fjell eptir að brauðamatið 1878 var gjört. Og mjer er heldur ekki ljóst, hvort hæstv. ldsh. hefir gætt þess, að Þverársókn á að leggjast frá brauðinu, og þar með rýrnar brauðið um hjer um bil 180 kr.

Sem sagt, presturinn sjálfur, sem nú er á Grenjaðarstað, metur brauðið ekki meira en rúmar 1600 kr., og hygg jeg það mat alls ekki of lágt, eins og jeg tók fram við 2. umr. En jeg verð að leggja mesta áherzlu á, hvort þinginu sýnist ástæða til að setja þetta brauð niður í tölu meðalbrauða, sem þó allan aldur hefir verið í tölu merkustu brauða landsins. Jeg er hræddur um að reynslan sýni þá, að eigi verði um það sókt, og getur skeð, að þetta komi fyrir áður en langt líður.

Jeg hef líka tekið upp breytingartill. Ed. um Laufásprestakall. Jeg er sannfærður um, að sá prestur, sem þar er, á ekki einungis sanngirniskröfu til þess að sleppa við þetta 500 kr. árgjald til landssjóðs, heldur að mínu áliti líka lagaheimting á því. En hvað h. þingd. vill gera í þessu máli, er á hennar valdi; jeg get ekki annað gert en mæla með breytingartill. og gefa henni atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnast þessar viðaukatill. mjög undarlegar að sumu leyti, þar sem 1.—4. gr. framan af þeim er alveg eins, einungis með nokkrum orðamun, eins og þær breytingartill., sem fjellu hjer við 2. umr. þessa máls með miklum atkvæðamun. Það lítur út eins og h. tillögumenn hafi viljað leiða þingd. í freistni, eða reyna, hvort hún yrði nú samkvæm sjálfri sjer, og vona jeg því að sú verði raunin á. Eða að tillögumenn hafi álitið, að þingd. hafi áður gefið atkv. sitt í blindni, og vilji nú reyna að opna á henni augun. Öðru máli er að gegna með 5. gr.; þar er þó töluverður orðamunur, nefnilega hvað Grenjaðarstað snertir, og viðvíkjandi síðust greininni um Laufás, þá er það nokkur efnisbreyting. Við 2. umr. þessa máls greiddi jeg atkv. á móti því, að færa niður árgjaldið af Grenjaðarstað, og skal jeg nú skýra frá, af hverjum ástæðum það var. Ástæða mín er sú, að það liggur ekki fyrir nein breyting á því prestakalli, því presturinn situr þar enn, og enn er prestur og í Múlabrauði. Og þótt það nú væri satt, sem heyrzt hefir, að presturinn á Grenjaðarstað sje að sækja um annað brauð, þá er nú fyrst óvíst, hvort hann fær það brauð, og þótt hann nú fengi það, þá er í annan stað óvíst, hvort

ekki fæst duglegur prestur í Grenjaðarstaðabrauð eptir prestakallalögunum. Nú á að sameina Múla og Grenjaðarstað; og jeg efast ekki um, að þingeyingar álíti það brauð vel skipað, ef presturinn í Múla tekur það að sjer. En ef nú presturinn í Múla ekki vill taka að sjer hið sameinaða brauð, hvers vegna vill hann það þá ekki? Vegna þess, segir h. þm. S.-Þing. (J. Sig.), að hann verður að greiða 300 kr. meira frá brauðinu, en hjer er farið fram á. Jeg verð að segja, að jeg held að presturinn í Múla mundi ekki álíta það frágangssök, að taka hið sameinaða brauð fyrir 300 kr. mun. Mjer finnst, að geta slíks til sje að gera honum upp eins konar smámunasemi eða sýtingsskap að óreyndu. Jeg get ekki verið með því að vera að gera allar spádómslegar og mögulegar breytingar á prestakallalögunum fyrir ókominn tíma, því þetta verð jeg að kalla spádómsgalla, því það er ekki nema spádómur, að þetta brauð gangi ekki út og enginn muni sækja um það, þótt látið sje standa við það, sem ákveðið er í prestakallalögunum. Það væri munur, ef h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) gæti fullvissað þingd., einkum með skriflegu vottorði frá prestinum í Múla sjálfum, að hann mundi ekki vilja taka hið sameinaða brauð, nema árgjaldið frá því verði sett niður. Annars get jeg ekki álitið galla þá, er hjer ræðir um, annað en spádóma. Hvað snertir breytingartill. viðvíkjandi Laufásprestakalli, þá skyldi jeg undir eins gefa henni atkv. mitt, ef málinu um varphólmann væri lokið, en það er ekki, því málinu er vísað heim í hjerað aptur. Það er sjálfsagt fyllsta sanngirnis- og rjettlætiskrafa fyrir því, að allt árgjaldið frá brauðinu falli niður, ef Laufásprestakall missir Neshólmann; og fari svo, tel jeg sjálfsagt, að þetta gjald verði eptir gefið prestinum á fjáraukulögunum, þegar þingið kemur saman næst, svo hann yrði ekki ver settur fyrir því, enda má telja alveg víst að presturinn verður eigi krafinn um árgjaldið meðan á málinu stendur. Það gerir því ekkert til, þótt þetta verði ekki samþykkt nú, og því verð jeg að vera á móti því.

Þorkell Bjarnason: Þótt jeg sje einn af þeim, sem hef undirskrifað þessar viðaukatillögur, þá lýsi jeg því yfir, að jeg gef atkv. mitt á móti þeim öllum, nema seinustu greininni, því jeg skrifaði að eins undir til þess að koma þessari viðaukatillögu að. Jeg heyri að allir ganga út frá því sem hjer um bil vísu, að prestur sá, er hjer ræðir um, missi töluvert af tekjum sínum eða hlunnindum sem brauðinu fylgja, og þá finnst mjer sanngjarnt að hann fái eptirgjöf á árgjaldi því, sem ákveðið er að greiðast skuli frá brauðinu í landssjóð og sem jafngilda mun tekjumissinum.

Jón Sigurðsson: Jeg skal leyfa mjer að svara h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) fáeinum orðum. Það er rjett,sem hann segir, að jeg get enga fulla vissu gefið um það, að presturinn í Múlaprestakalli mundi ekki taka að sjer hið sameinaða Múla og Grenjaðarstaðabrauð með þeim kostum, sem ákveðið er í prestakallalögunum, ef presturinn á Grenjaðarstað dæi eða sækti þaðan. En mjer finnst það þó ljóst, að þegar þetta sameinaða brauð yrði öllu rýrara en Múlabrauð er nú eitt saman, þá mundi hann ekki sækja um Grenjaðarstað, þegar þar við bætist, að hann verður að taka upp á sig þá ábyrgð, að borga árlega af brauðinu 1700 kr. í landssjóð. Jeg vil biðja h. þm. Eyf. (A. Ó.) að stinga hendinni í sinn eigin barm og spyrja sjálfan sig, hvort hann, þótt hann nú ætti kost á að fá þetta stóra brauð, mundi vilja það, með því að eiga að hafa ábyrgð á að borga 1700 kr. í landssjóð? Hvað Laufás prestakall snertir, þá skal jeg taka það fram, að það er ekki alveg rjett, sem h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að málinu hefði verið vísað heim, frá landsyfirrjettinum, því það var ekki, en því var frá vísað, svo Laufásprestur er ekki sem stendur neinu nær en áður, með tilliti til þessa máls. Þessi varphólmi er sem stendur í eignarhaldi Nesbóndans, svo að presturinn hefir hans engin not, og það er að minnsta kosti mjög vafasamt, að allra kunnugra manna áliti, að prestakallið fái hólmann nokkru sinni sjer aptur til dæmdan.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) ljet í ljós, að skýrsla mín við 2.

umr. um tekjurnar af Grenjaðarstaðarprestakalli væri ekki með öllu rjett, þá er það satt, að jeg hef ekki tekið tillit til þessa 3 marka ómaga meðlags, sem dæmt hefur verið á brauðið; en þar á móti hef jeg tekið tillit til þverársóknar, og yfir höfuð alls þess, sem getið er í prestakallalögunum og hinu nýja brauðamati. Eptir hinu nýja brauðamati eru tekjurnar af brauðinu 1870 kr. 16 au., þegar 1700 kr. eru greiddar frá því í landssjóð. Þegar nú árgjaldið er fært niður í 1200 kr., vaxa tekjurnar um 500 kr. og verða 2370 kr. 16 au. í stað 1870 kr. 16 au. Jeg verð að vera samdóma h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), að mjer þykir undarlegt, að þessar viðaukatillögur 1.—4. gr. skuli koma fram, þegar nýbúið er að fella þær í deildinni. Það er komið undir því, hvort þingdeildin hefur breytt skoðun sinni síðan um þetta mál, hvort þær verða samþykktar; jeg skal ekkert um það segja, því það mun sýna sig. Öðru máli er að gegna um hinar greinarnar um Grenjaðarstað og Laufás. Viðvíkjandi Grenjaðarstaðarprestakalli, þá er það satt, sem h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) tók fram, að spurningin um það, hvort prestur muni fást þangað, liggur eiginlega ekki fyrir. Hins vegar held jeg, að það sje auðsætt, að árgjaldið af þessu brauði er svo fram úr öllu hófi hátt sett, að nauðsyn er að gera breyting á því, svo brauðið verði aðgengilegt við næstu prestaskipti. Jeg held þess vegna, að ástæða sje til að fallast á þessa grein. Hvað Laufásprestakall snertir, þá er það einnig rjett, sem hinn sami h. þm. (A. Ó.) tók fram, að málið um varphólmann er ekki formlega útkljáð enn, og því heldur ekki, hve mikið brauðið muni rýrna, og þótt það líklega ekki gjöri prestinum mikinn skaða, að árgjaldið verði ekki gefið eptir nú þegar, þá er það þó æskilegt, að sömu málin þurfi ekki opt að koma fyrir þingið, og með því lítill vafi mun á, að brauðið muni rýrna, þá held jeg ekkert sje á móti því, að taka þessa ákvörðun. Það er líka annað, sem kemur hjer til skoðunar, og það er, að þótt nú svo kynni að fara, að dómur fjelli svo, að brauðið fengi að halda þessum hlunnindum, sem nú eru fá dæmd prestakallinu, þá mundi þessi þessi byrði, árgjaldið, verða þeim presti, sem nú situr í brauðinu, mjög erfið, ef ekki alls óbærileg, og því álít jeg, að æskilegt væri, að þessi ákvörðun væri samþykkt. En hvað 4 fyrstu greinarnar snertir, þá verð jeg að vera á móti því, að þær sjeu samþykktar.

Þórarinn Böðvarsson: Það, sem jeg sjerstaklega vildi tala, var að andæfa á móti h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), þar sem hann sagði, að uppástungumenn hefðu viljað leiða deildina í freistni, eða ætlað, að hún hefði gefið atkvæði sitt í blindni við 2. umr. Jeg held honum hafi sjezt yfir það atriði í viðaukatill., að gjaldinu til landssjóðs er breytt frá því, sem áður var; það er fært upp úr 400 kr. í 500 kr. Einmitt vegna gjaldsins kemur slíkt mál hjer fram á þingi, og nær sem gjaldinu er breytt, þá er tillagan um það ekki sú sama, heldur ný. Þessar breytingar koma hjer fram einungis út af gjaldinu úr landssjóði, eða hinu öðru um skipun prestakallanna má breyta eptir tillögum hjeraðsfunda af landshöfðingja; en þegar útgjalda þarf, þá verður að fara til þingsins. Við settum gjald það, sem greiða á, svo hátt, sem við sáum oss frekast fært. Jeg hef við 1. umr. játað, að þessi skipun brauðanna er einhver sú óheppilegasta í prestakallalögunum; þeim verður ekki þjónað með því skipulagi, sem þar er ákveðið; jeg get því ekki álitið, að þingdeildin breyti skoðun sinni, þótt hún samþykki nú þessar tillögur, því aðalatriðin eru alveg breytt frá því, sem var seinast við 2. umr., því sem á að greiðast til landssjóðs. Jeg tek það fram til stuðnings þessu máli, að þótt þessi prestaköll sjeu gjörð að þremur prestaköllum, eins og áður var og enn er, þá bera þau sig sjálf. Það þarf ekki einn eyri til þeirra úr landssjóði, en landssjóður fær frá þeim 500 kr. eptir breytingaratkvæði því, sem hjer liggur fyrir. Það er mikil ástæða til að fallast á þessa breytingartill., að þessum brauðum er ekkert lagt úr landssjóði, en leggja þó dálítið í landssjóð.

Halldór Kr. Friðriksson: Að því er snert-

ir breyt.till. um Laufásprestakall, þá skal jeg geta þess, að málinu um varphólmann er nú stefnt fyrir landsyfirrjettinn. Því hefur einu sinni verið frá vísað fyrir formgalla, og það getur komið fyrir, að því verði vísað frá aptur; það get jeg sagt, því mjer er ekki ókunnugt um þetta mál. Það getur því orðið langt að bíða þess, að þetta mál verði útkljáð, og þá er ósanngjarnt, að láta prestinn borga þetta gjald í landssjóð allan þann tíma, úr því að hann hefur misst eignarhald á hólmanum. Auk þess er mjög ólíklegt, að Laufásþresturinn vinni þetta mál. Það er auðsætt, að viðaukatill. nær að eins yfir árgjaldið framvegis, en ekki yfir það árgjald, sem fallið er í gjalddaga, áður en lögin koma út. En ef presturinn ætti að njóta fullrar sanngirni, þá ætti hann að losast við árgjaldið frá þeim tíma, sem hann hefur misst eignarhald á Neshólma. Það er þess vegna auðsætt, að ef presturinn missir hólmann, þá þarf að koma með nýtt frv., til þess að losa prestinn við það árgjald, sem á er fallið, því að ef það er ósanngjarnt, að láta prestinn borga þetta gjald framvegis, þá er eins ósanngjarnt, að láta hann borga fyrir þann tíma, sem liðinn er, síðan hann missti hólmann. Að öðru leyti skal jeg ekki tala margt um hinar aðrar breytingar; að eins skal jeg geta þess, að mjer finnst, að greiða megi atkv. um 4 fyrstu greinarnar í einu lagi, því þær hanga svo saman, að ef ein fellur, þá eru hinar fallnar með henni.

Eirikur Kúld: H. 1. þm. G. K. (Þ. Böðv.) skýrði frá, hversu óheppileg þessi fyrirhugaða sameining er, og hversu óhentugt það er að leggja Hítarnesprestakall niður. Hinum hæstv. landshöfðingja og einhverjum h. þingmanna þótti undarlegt að koma fram með breytingaruppástungur, sem hefðu verið felldar hjer í deildinni við 2. umr.; en hjer er efnið nokkuð annað; þá var farið fram á að greiða að eins 400 kr. í landssjóð, en hjer 500 kr., og missir landssjóður þá engan eyri, eins og nú stendur, engan eyri, þótt Hítarnesprestakall standi óhaggað. En ef Hítarnesprestakalli verður skipt upp, þá verður presturinn í Miklaholti að eins settur til að þjóna því fyrst um sinn, meðan sá prestur er, sem nú er á Staðarhrauni. En meðan hann er settur, geldur hann ekki einn eyri í landssjóð. Þess getur orðið langt að bíða, að presturinn á Staðarhrauni verði skipaður og skyldaður til að greiða afgjald í landssjóð af Hítarnesbrauði, þó við það sje bætt Akra- og Hjörseyjar-sóknum, því sá prestur, sem nú er, hefur enga skyldu til að taka á móti sameiningu þessari, nema sem constitúeraður. Þar sem h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði með tilliti til Grenjaðarstaðar, að það vantaði brjeflega yfirlýsing frá viðkomandi presti, þá get jeg huggað hann með því, að þetta vantar ekki, að því er þessi brauð snertir, því jeg hef hjer í höndum 4 þess konar bónarbrjef. Jeg hef hjer yfirlýsingu frá prestinum í Hítarnesprestakalli, — og hann er ungur maður —, þar sem hann segir, að ef sameiningin komist á, sjái hann sjer ekki fært að þjóna því brauði og því síður að greiða 400 kr. árgjald af því. Mjer er líka fullkunnugt um það, að prófasturinn í Snæfellsnessýslu hefur kynnt sjer álit allra hlutaðeigandi sóknarmanna, og hafa þeir lýst því yfir, að þessi sameining yrði ómöguleg. Mjer er líka kunnugt um, að biskupinn yfir Íslandi er alveg samdóma um, að nauðsynlegt sje að halda Hítarnesbrauði. Það er á valdi þingd., hvað hún gerir við þessar tillögur; jeg hef að eins gert mína skyldu, að skýra frá afleiðingunum, ef þær ekki verða samþykktar, og meira get jeg ekki, þótt jeg feginn vildi.

Jón Jónsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) um það, að þessar breyt.till. komi of snemma, þar sem þær koma áður en viðkomandi brauð losna. Í mínu prófastsdæmi væri mikil ástæða til að koma með nokkrar slíkar breytingar, því að þar eru 2 prestaköll, sem metin eru einna lægst af öllum á landinu, og mjög lítil líkindi eru til, að nokkur sæki um, ef þau losna bráðlega; en jeg hef ekki álitið til neins, að koma nú með tillögur í þá átt, að tillagið til þeirra yrði hækkað. Mjer virðist það undarleg aðferð hjá þm., að vera að koma með þessar brauðabreytingar hver fyrir sitt hjer-

að á einu og einu prestakalli í senn eða í tómum smásneplum. Jeg furða mig á því, að þær raddir skuli koma frá merkum þm., að landssjóður missi einskis í, þótt árgjaldið frá sumum brauðum sje minnkað eða af numið; það kemur í sama stað niður, hvort árgjald frá einu brauði minnkar eða tillag til annars hækkar. Þetta raskar þeim grundvelli, sem prestakallalögin eru byggð á, að jafna brauðin þannig, að eitt bæti annað upp, og er því að minni hyggju miklu rjettara, að taka málið fyrir í heild sinni. Það er stjórnarfrv. eitt, sem má heita nægilega undirbúið, og breyt.till. fjárlaganefndarinnar við Odda-prestall, og get jeg ekki greitt atkvæði fyrir neinu öðru af því, er hjer liggur fyrir.

Atkvæðagreiðsla: Viðaukatill. 6 þm. nr. 197, 4 fyrstu greinarnar í einu lagi: 1., viðbótin á undan 1. gr. felld með 15 atkv. gegn 5; 2., breyt.till. nr. 206 samþ. með 16 atkv.; 3., viðaukatill. 5, nr. 197, felld með 14 atkv. gegn 4; 4., viðaukatill. 6, nr. 197, felld með 13 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	nei:
Eiríkur Kuld,	Arnljótur Ólafsson,
H. Kr. Friðriksson,	E. Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Briem,
Friðrik Stefánsson,	Gunnl. Briem,
Jón Ólafsson,	Holger Clausen,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson,
Magnús Andrjesson,	Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason.	Þorlákur Guðmundss.,
	Þorsteinn Jónsson,
	Þorst. Thorsteinson,
	Þorvarður Kjerulf.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 14 samhljóða atkv. og síðan sent til efri deildar.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 113, nefndarálit 180, nefndarfrumvarp 181, breytingartill. 196, 231, 234 og 235); 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Áður en umræðurnar byrja, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að frv. verði rætt í köflum, og þá að I. kafli 1.—18. gr. sje ræddur sjerstaklega, en hinir kaflarnir II. —VII. sem deild út af fyrir sig. Jeg ætla eigi að sinni að tala margt um I. kaflann, en að eins leyfa mjer fyrst að benda á prentvillu í 5. gr., og jafnframt taka þann fyrirvara, að þær geti og verið á fleiri stöðum. Bið jeg hina háttvirtu þingmenn að líta á þessa smágalla góðfúsum augum, og að færa þá til lagfæringar. Jeg ætla og að benda á fáeinar orðabreytingar við frv., sem nefndin hefir komið með, og eru þær einkum þær, að »landsins» er sett í staðinn fyrir »Íslands», og »í landinu» fyrir »á Íslandi». Þetta er í 2. gr., og í 3. gr. tvisvar sinnum gjört. Þessar breytingar eru eigi verulegar eður teljandi, og hin helzta breyting kemur fyrst við 7. gr., og svo við 9., 14., 15., 16., 17. og 18. gr., þar sem jafnan er sett »konungur eða landsstjóri» í staðinn fyrir »landsstjóri». Það er alstaðar sama breytingin, og þarf því ekki að fjölyrða um hana við neina grein sjerstaklega. Þessi breyting sýnist eigi vera í raun sjettri hvorki mikilvæg nje stórkostleg, því hún er alveg samkvæm grundvallarstefnu og aðalhugsun nefndarinnar, þeirri, að konungur láti landsstjóra framkvæma vald sitt (konungsins) á Íslandi fyrir sakir fjarlægðar landsins frá aðsetursstað hans.. H. hæstv. landshöfðingi sagði við 1. umr. þessa máls, að frv. væri þannig orðað, að naumast yrði landsstjórinn skoðaður sem umboðsmaður konungs, og gerði jeg þá grein fyrir því, að það væri hreinn og beinn misskilningur. Jeg get eigi að síður alls eigi neitað því, að þessi breyting nefndarinnar sje að mestu leyti fram komin af því, að nefndin vildi hliðra til við hæstv. landshöfðingja, og gera frv. svo að skapi hans, sem framast væri unnt, en jafnframt vildi og nefndin gera allt sitt til, að það sæist svart á hvítu, að hún hefði grandgæfilega og eptir rjettu stjórnlagalögmáli skoðað og skipað sambandi því, sem ætti að vera milli konungs og landsstjóra. H. þingdeildarm. mega því alls eigi skoða það svo, sem hún hafi hopað til baka frá aðalstefnu sinni og undirstöðu-

ákvæðum. Nei! Nefndin hefir ekki valið hjer neina tæpa eða einstrengingslega fótfestu. Hún getur því hreift sig liðugt og frjálslega; hún er laus við að vera nokkur steingjörvingur. Þessar breytingar, sem nefndin kemur með, eru þannig eigi annað, heldur áþekkt og samkvæmt því, sem nefndin hafði komið með áður; hún hafði lagt þær fólgnar í hið upprunalega frumvarp sitt. Nefndin lýsir því hátt og hátíðlega yfir, með fullri einurð og djörfung, að hún er á eina hliðina konungsholl, en á hina hliðina líka lýðholl og landsholl; hún vill bæði gefa guði, hvað guðs er, keisaranum, hvað keisarans er, og þessu og engu öðru vill hún halda fram, án þess að víkja til annarar hvorrar hliðarinnar um of, svo hársbreidd muni.

Hvað aðra hliðina snertir, nefnil. Ísland og hina íslenzku þjóð, tek jeg það fram, að þetta, einmitt þetta stjórnarfyrirkomulag, sem frv. fer fram á, er hið einasta meðal til þess, og því allsherjarskilyrði fyrir því, að landið blómgist, fyrir því, að þjóðin geti tekið líkamlegum, andlegum og þjóðlegum þroska og framförum. Þetta mun reynslan berlega sýna og sanna með tímanum, þó vjer þá allir verðum komnir undir græna torfu. Til þess að tilfæra fleiri rök, ef með þarf, fyrir frv., skal það tekið fram, að stefna nefndarinnar er gróðursett í rótfestum og hjartgrónum vilja þjóðarinnar. Jeg veit, að andmælendur mínir á þingmannabekkjunum, sem jeg þó veit fyrirfram, — hamingjunni sje lof — að hvorki eru margir nje mikilsverðir, muni koma með þá ástæðu á móti frv., að þetta stjórnarfyrirkomulag sje dýrt, og að sá kostnaðarauki, sem það hefir í för með sjer frá því sem nú er, samsvari eigi þeim kostum og þeim hagnaði, sem það hafi í för með sjer fyrir land og lýð. Við þessa mótbáru er það athugandi, að sönnunarbyrðin hvílir á andmælendum. Þeir verða að sýna og sanna, að hagnaðurinn af fyrirkomulaginu vegi ekki upp móti kostnaðinum, og vildi jeg því leyfa mjer að biðja h. herra, að koma nú þegar fram með rök sín, næg rök fyrir, að svo sje. Jeg vil benda þeim herrum á, að þeim er eigi nóg, að líta í eina átt, heldur margar; þeim er eigi einhlítt að einblína á það, sem í svipinn verður, heldur það, sem síðar verður. Þeim tjáir ekki að vega krónur á móti krónum; nei, vald þjóðarinnar, líkamlegt atgjörvi hennar, auðlegð, frelsi og sæla kemur líka á metaskálarnar! Allt slíkt verður að rekja til róta og skoða nákvæmlega, og þegar það er gert, verður kostaðurinn eigi hræðilegur. Menn verða þar að auki að gæta þess, að landið er eigi fyrir stjórnina, heldur stjórnin fyrir landið, og fyrir því á stjórnin, einmitt stjórnin sjálf, í samtökum og samvinnu við þjóðina, að sjá um, að landið sníði sjer stakk eptir vexti, þann stakk, sem á við kjör þess og ástand, og af þessu leiðir, að þótt þjóð sje lítil, afskekkt og fátæk, þá hefir hún engu síður, heldur einmitt miklu fremur rjett til þess að hafa hagfellda og högum sínum samkvæma stjórnarskipun, og á þessu á hún heimtingu eigi síður en stórþjóðin; að sínu leyti eins og einstaklingurinn, þó hann sje lítils um kominn, hefir rjett til að vera frjáls og njóta almennra mannrjettinda, eigi síður en mikilmennið. Þegar gengið er út frá þessu, þá er kostnaðurinn eigi ægilegur, því að hjer er að eins talað um að skipa landsstjórn, sniðna eptir högum og þörfum þjóðarinnar, í þeim tilgangi, að hún ekki fari á mis og hljóti að fara á mis við líkamlegan og andlegan þroska og þjóðlegar framfarir. Setjum svo, að landsstjórinn hefði 20—25,000 kr. í laun, og að ráðgjafarnir fengju fullkomlega sanngjörn laun, eður í samsvarandi hlutfalli, þá er þess að gæta, að svo mörg núverandi embætti hyrfu inn í þessa stjórn eða við skipun hennar. Þessi stjórn kynni að kosta um 60,000 kr., en frá þeirri tölu mætti draga eptir áætlun minni, að vísu lauslegri, allt að 47,000 kr., sem ganga til hinnar innlendu stjórnar eins og stendur. Ef guð vill láta þjóð vora blómgast, þarf því sízt að kvíða, að niðjum vorum verði svo mjótt á milli augnanna, að þeir ekki vilji borga landsstjórn sinni vel og sæmilega; en meðan vjer liggjum í fjötrum ófrelsis og fátæktar, verður stjórnin líka

að taka þátt í fátækt vorri. Hjer er um frelsismál þjóðarinnar að ræða, og finnst mjer það sannarlega þungbært, að verða að ljá því eyru æ ofan í æ, að fulltrúar hennar sjeu að reyna til að hnitvega og meta krónur, já, ekki meira en svo sem 13000 krónur, á móti þjóðfrelsi og landsrjettindum. Þetta líkist því — að jeg taki það minnsta til — að vjer vildum líkja saman kopar og gulli. Annars ætla jeg eigi að fara nákvæmlega út í reikningsmál og tölur í þessu máli, því að til þess eru flestir miklu færari en jeg.

Við 1. umr. var það fært sem ástæða móti frv., að það yrði eigi hægt að fá þessa stjórnarbreytingu, og vjer gætum eigi vænzt þess, þar eð hún gengi of nærri prærogativis hans hátignar konungsins; en hver og einn heilskyggn maður sjer, að slík mótbára er viðbára ein, gripin úr lausu lopti. Þvert á móti mundi það auka veldi og tign konungs vors, ef hann hefði sem flesta landsstjóra í fjarlægum löndum, eins og Ísland er, sem í umboði hans framkvæmdu vald hans á þann hátt, sem löndum og lýð væri fyrir beztu. Einmitt í því kæmu prærogativa hans bezt fram í allri sinni tign, fegurð og þýðingu. Konungur konunganna er einn alstaðar nálægur, en jarðneskir konungar geta eigi verið alstaðar nálægir. Þeir eru háðir stund og stað, tíma og rúmi, og verða því að láta framkvæma vald sitt af öðrum. Það er því öllum innanhandar að sjá, að það er bæði lúaleg og lág skoðun, að halda, að slíkt skerði tign konungs. Um daginn tók jeg til dæmis og samanburðar nýlendur Englendinga, og sjerstaklega tvö fylki í nýlendunni Canada: British Columbia og Manitoba, sem fyrir fáum árum síðan voru mannfærri en Ísland. Þessi samanburður var á góðum og gildum rökum byggður, því stjórnfrelsi það, sem frv. fer fram á, er einmitt líkt og þó mun minna, en það, sem á sjer stað í þessum smáfylkjum, en þó jafnfætis því í hvikulleik eptir kenningu stjórnlagafræðinga Dana í Kaupmannahöfn, er þeir kenna, að ríkisþingið danska geti numið burt stjórnarskrá vora, eins og parlamentið á Englandi stjórnarskipun nýlendnanna. En jeg þar ekki að nema staðar við þessi dæmi, því jeg get til nefnt 3 smáeyjar, sem liggja þjett við England sjálft, sem hafa eins frjálslega, já frjálslegri stjórnarskipun, en þá, sem nefndin fer fram á í frv., *(A. Ó.:* Svo?); já, og til þess að færa h. þm. Eyf. heim sanninn um þetta, þarf jeg ekki annað en benda honum á Skírni 1856, bls. 48, — og ætti sá Skírnir að vera hinum h. þm. eins kunnur og mjer, því hann hefir sjálfur ritað hann, þó hann sje búinn að gleyma því nú. Ein þessara eyja er Man eða Mön; hún er að eins 13 ferh. mílur að stærð, og árið 1861 voru þar 52,400 íbúar. Jeg skal nú fræða hinn háttvirta þingmann um meira, er stendur í Skírni hans: Mön var í fornöld konungsríki, og bar það nafn þangað til 1504. Árið 1765 keypti enska stjórnin eyna, eða rjettara yfirráð hennar, fyrir 10,000 £, af höfðingja þeim, sem hún laut undir, en ljet eyjarbúa halda sinni fornu stjórnarskipun, og setti þá Englandsdrottning landsstjóra yfir eyna. Manarbúar taka engan þátt í stjórnmálum eða þingi Englands, en hafa sína sjerstöku stjórnarskipun og sjerstaka löggjafarþing út af fyrir sig. Þing þessi eru í tveim deildum, 9 menn í hinni efri, en 24 fulltrúar í hinni neðri. (Heyr!). Engladrottning (konungur) setur, sem sagt, landsstjóra yfir eyna, og hann staðfestir öll lög þingsins, sem að eins snerta eyna sjálfa. Eyjarbúar hafa öll rjettindi enskra þegna, en eru undanskildar sköttum og tollum, sem lagðir eru á með almennum enskum lögum; en þing eyjarbúa leggur á þá gjöld til þeirra eigin þarfa, og ræður, hvernig því fje er varið. Hinar aðrar tvær eyjar eru Jersey og Guernsey, sem eru miklu minni; hin fyrri tæpar 31000 engjadagsláttur, og voru eyjabúar árið 1861 36,078, og hin síðarnefnda enn þá minni með 29,846 íbúum árið 1861. Báðar þessar litlu eyjar hafa einnig sjerstök landsrjettindi og stjórnarskipun, löggjafarþing fyrir sig og landsstjóra, sem hafa allt framkvæmdarvald í nafni konungs, og þó er stjórnarskipun þeirra með nokkuð mismun-

andi hætti. Báðar þessar eyjar eru hlutar af hinu forna Norðmannafylki á Frakklandi, og hafa lotið undir Englandskonung, síðan Vilhjálmur vann England. Um þetta þarf nú ekki að fjölyrða; en hjer má fá góðan samanburð til þess, að sjá, að nefndarfrumvarpið á sinn líka í sögu hinnar menntuðustu, voldugustu og stjórnkænustu þjóðar, Englendinga, og langt fram yfir það. Maður þarf ekki til þessa samanburðar að fara langt út í sögu Íslands. Vjer vitum allir, að Ísland var lýðveldi, en gekk á hendur Noregskonungs eptir bón hans og eptir langar umleitanir, en eigi Íslendinga. Vjer munum aldrei gleyma árinu 1262 og ekki heldur árinu 1662! Viðvíkjandi breyt.-till. við 6. gr. frv. nefndarinnar, þá fellst egj á hana, því að hún er gerð með tilliti til þeirrar skýringar, sem var heimtuð við 1. umr. af hinum »intelligenta» hluta deildarinnar. Hvað snertir breytingartill. við 7. gr., þá gat jeg þess áðan, að grundvöllur nefndarinnar væri svo víðtækur, að hún lægi innan takmarka aðalákvæða nefndarinnar; breytingartill. fer styttra frá frumvarpinu en breyting nefndarinnar sjálfrar; breytingartill. fer fram á, að orðin: »konungur eða landsstjóri» falli burt, þegar um löggjöf er að ræða, og að það gildi sem almenn regla, að landsstjóri staðfesti lög frá alþingi í fjarvist konungs. H. þm. Eyf. (A. Ó.) lítur framan í mig, og brosir að orðinu »fjarvist»; en má jeg spyrja h. þm.: Er konungurinn eigi í fjarvist? Jú, hann er í 300 mílna fjarvist suður í Danmörku. En það getur líka viljað til, að konungur sje hjer nærverandi, og það hefir hann einu sinni verið, og svo má hann enn verða stöku sinnum; einnig þegar svo stendur á, kemur orðið fjarvist sjer vel, því þá staðfesti konungur lögin, ef svo bæri undir. Annars get jeg játað, að þegar nefndin samdi frv., þá var hún í efa um, hverja regluna skyldi setja: »Konungur eða landsstjóri», eða þá »landsstjóri», er um staðfestingu almennra laga væri að ræða. Annars heyrir það mjer eigi til, að verja þessar breytingar, en vildi sýna, að þær eru á nefndarinnar »gebeti». Sú breyting hefir enn fremur verið gerð við 16. gr., að aptan við hana bætist orðin: »þó má eigi gefa fjárlög á þennan hátt», og enn, að á eptir 16. gr. bætist inn í ný grein svo hljóðandi: Engin gjöld til landssjóðs, hvorki bein nje óbein, má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það ár eru gefin af alþingi og staðfest — hjer stendur: það ár, þótt fjárlögin eigi að vera fyrir tvö ár, og er auðsætt, hvers vegna það er. Á móti þessum breytingum hefi jeg ekkert verulegt að athuga, því að vjer getum einlægt fengið fjárlög gegnum sameinað þing eptir 19. gr. þingskapanna, og er þess vegna jafnvel rjettara, að þessi ákvörðun standi í stjórnarskránni, þegar það getur aldrei leitt til vandræða, eins og í Danmörku. Jeg ætla nú eigi að tala meira að sinni, heldur lofa öðrum þingmönnum að komast að, og vonast jeg til þess, að þingmenn sýni nú ekki tvídrægni í þessu máli, heldur leitist við að skilja það, bæta og laga eptir megni.

Landshöfðingi: Jeg get skírskotað til þeirra almennu athugasemda, sem jeg áður hefi gert um þetta mál, og þarf jeg í rauninni engu við það að bæta. Jeg skal þó geta þess, að jeg játa, að frv. hefir tekið nokkrum framförum síðan það fyrst kom hjer inn á þing. Þetta frv. hefir ýmsa yfirburði yfir það frv., sem nefndin fjekk til álita, og tel jeg það þar til, að hjer er þó konungsins meira getið en í hinu. Hjer er þó ekki einungis gert ráð fyrir því, eins og h. þm. Eyf. (A. Ó.) tók svo heppilega fram við 1. umr., að konungur að eins gefi út afsalsbrjef fyrir flestöllum sínum rjettindum til landsstjórans, heldur er hjer þó gjört ráð fyrir, að konungur stundum kunni að undirskrifa lög þingsins. Það er reyndar óákveðið, hve nær það skuli vera; en líklega er ætlazt til, að það skuli verða ákveðið í erindisbrjefi landsstjórans, í hverjum tilfellum það sje nauðsynlegt. Ákvarðanir nefndarfrumvarpsins eru því að þessu leyti viðfeldnari en ákvarðanir hins fyrra frumvarps. En þó skal jeg taka það fram, að með þessu fyrirkomulagi er samt svo mikið raskað því stjórnarfyrirkomulagi, er sett er með þeirri stjórnarskrá, sem hans hátign koungurinn gaf landinu 1874, og

hennar grundvelli svo breytt, að af því má ályktа, að stjórnin eigi muni geta gengið að slíku frv., enda þótt engin yfirlýsing væri fyrir hendi um það frá stjórninni.

Jeg skal ekki fara út í hinar einstöku ákvarðanir þessa I. kafla, en að eins víkja að 16. gr., er breyt.till. nokkur er fram komin við, og sem h. framsögum. (B. Sv.) mælti fram með. Jeg vil benda h. framsögum. á, hvernig hann hugsar sjer það ástand verði, ef fyrir kæmi, að þingið eigi að eins gjörði breytingar á fjárlögunum, heldur neitaði að samþykkja nokkur fjárlög eða setja nokkuð í staðinn. Er það þá skoðun hans, að landið ætti að vera fjárlagalaust, þangað til nýtt þing væri búið að samþykkja ný fjárlög? Þetta hlyti þó að verða bein afleiðing, ef stjórnin í nefndum kringumstæðum getur ekki gefið út bráðabyrgðafjárlög. Þessar athugasemdir ætla jeg að láta mjer nægja nú; en skírskota til þess, sem jeg áður hefi sagt í þessu máli.

Framsögumaður (Ben. Sveinsson): Jeg er þakklátur hæstv. ldsh. fyrir það, að hann lýsti yfir því, að breytingartill. gjörði þetta frv. aðgengilegra en áður. Jeg játa það, að hæstv. landsh. hefir rjett að mæla um það, að þetta frv. er byggt á allt öðrum grundvelli en stjórnarskráin og að það stjórnarfyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, sje því ærið mismunandi frá því sem nú er; við þetta er nú samt sem áður athugandi, að maður verður sjer í lagi að viðurkenna þenna mikla mismun, *ef* litið er til þess, hvernig stjórnin de facto, eða í reyndinni, fer fram, en aptur á móti yrði munurinn miklu minni, ef stjórnarskránni væri fylgt eptir fyrstu undirstöðuákvæðum hennar. Ef 1. gr. stjórnarskrárinnar er tekin og í hana lagt það, sem leggja má eptir orðunum, þá er sannlega ekki langur vegur milli hennar og frv. nefndarinnar. Nei, jeg vil segja meira: Frumvarpið getur verið svo samferða þessari grein, að það hvíldi í skauti hennar. En sem sagt, stjórnin fer eptir hinu factiska fyrirkomulagi, sem styðst við 2. og 3. grein, og þannig skoðað er breytingin mikil og hlýtur að vera mikil, og því er hún alveg óumflýjanleg. Jeg ætlast ekki til þess, að hæstv. landsh. geti gefið vissar vonir um, að stjórnin muni samþykkja þetta frv., því stjórnin sjálf er ef til vill ekki enn sannfærð um það, hvað hún kann að álíta að rjettast muni vera í því efni, enda þótt sú sama stjórn sem nú er sitji að völdum þegar að því kemur að samþykkis hennar verður leitað, sem þó alls ekki er víst. Því »tempora mutantur et nos mutamur in illis« (tímarnir breytast og vjer með þeim), og veraldarsagan sýnir það og sannar, að óvíklegri og fjarstæðari mál hafa rutt sjer til rúms en það, þótt Ísland gæti fengið innlenda og sjerstaka landsstjórn, og að meira að segja að þetta leiddi til þess, að Íslendingar tengdust miklu innilegra bandi en nokkru sinni áður við samþegna sína Dani.

Það kom mjer hreint ekki óvart, að hæstv. landsh. kom með athugasemdir viðvíkjandi 16. gr. Hann spurði, hvernig nefndin hugsaði sjer það ástand, ef þingið felldi fjárlagafrv. stjórnarinnar og kæmi eigi með neitt frv. í staðinn. Jeg skal nú reyndar játa það, að jeg get ekki vel hugsað mjer, að þetta tilfelli kæmi nokkurn tíma fyrir. Jeg er, þó gamall sje, svo gagntekinn af »constitutionel« hugsun, að jeg get varla ímyndað mjer, að Íslendingar mundu nokkurn tíma misbrúka svo frelsi sitt og stjórnarskipunarlög sín, að þeir vildu beita þeim til að skapa sjálfum sjer þá ógæfu og víti, sem leiðir af óstjórn og ólögum. En ef þetta þó kynni að koma fyrir, þá svara jeg: «Nauðsyn brýtur lög«; ef fulltrúar þjóðarinnar skyldu sýna sig óhæfa til að nota frelsislög þjóðarinnar, þá yrði stjórnin að taka til sinna ráða. Hjer er alls engin hætta, að slíkt geti komið fyrir, þar sem sameinað alþingi er til, einmitt meðal annars til þess, að fyrirbyggja að slíkt geti komið fyrir.

Halldór Kr. Friðriksson: Af því jeg er einn á bandi í minni hluta nefndarinnar, ætla jeg að tala nokkur orð. Þá er jeg lít á

þetta frv. með þeim breytingum, sem hjer liggja fyrir, þá eru að vísu nokkrar breytingartillögur frá hinu upprunalega frv. komnar fram; en samt get jeg ekki sjeð, að svo verulegar breytingar sjeu hjer, frá hinu frumvarpinu, að þing eða stjórn geti á nokkurn hátt aðhyllzt frv. Eins og hæstv. landsh. tók fram, er hjer nokkur framför, þar sem í staðinn fyrir tómt »landstjóri« er þó komið nú« »konungur eða landstjóri«. Það er þó skynsamleg hugsun, að slíkt sje ákveðið í þeirri umboðsskrá, sem konungur sjálfur gefur landshöfðingja. En af því mjer skildist, að h. framsögum. væri fús á, að taka upp breytingartill. við 7. gr., þá vil jeg spyrja: Hver er hugsunin með orðunum »landstjóri staðfestir í fjarvist konungs«? Er það ekki sama sem, ef konungur er ekki sjálfur viðstaddur? Og er það ekki aptur sama sem að segja, að landstjórinn skuli ávallt gjöra það? (B. Sv.: Nei!); því að jeg gjöri mjer litlar vonir um, að konungur verði opt hjer viðstaddur til að undirskrifa lögin, og þá á landstjórinn að gjöra það. Það getur þó ekki verið hugsunin, að það gildi að eins þá, er konungur ferðast út úr ríkinu, því þá setur hann annan í sinn stað, og get jeg ekki ímyndað mjer, að hann fari þá að setja hinn íslenzka landstjóra til þess. Mjer virðist enn vera hjer svo mikill tvískinnungur, að stjórnin geti alls ekki að þessu gengið, og ennfremur, að konungur eigi að sleppa of miklu af sínum »prærogativis«. Aðalefnið í I. kaflanum er það, hvort konungur eða landstjóri eigi að ráða meiru, og virðist mjer allt koma út á eitt, frv. upphaflega og breytingartill. Mjer virðist það óhugsandi, að konungur sleppi öllum sínum rjetti við landstjórann. En ef konungur segir: Þú mátt samþykkja þessi og þessi lög, veita þessi eða þessi embætti, þá er það sama sem nú tíðkast. (J. Ól.: Hvaða lög samþykkir landshöfð. nú?). Landsh. hefir nú vald til að veita ýms embætti. Og að konungur sleppi enn fleirum, get jeg ekki hugsað mjer. Jeg get því ekki sjeð, að hjer sje nokkuð bætt, fram yfir tillögur þingsins 1881 og 1883. Þær breytingar, sem þá var farið fram á, gætu fengizt án efa með tímanum; en þessar ekki. Og einkum er þetta óhentugur tími nú, fyrst stjórnin er búin að lýsa því yfir, að hún muni ekki ganga að neinum breytingum að þessu sinni, auk ýmissa annara atvika. Það er þó sannarlega rjettara, að geyma þessar stærri breytingar þangað til hentugri tími er fyrir hendi og þær ástæður burt numdar, sem nú aptra stjórninni frá, að samþykkja breytingarnar. Stjórnin hefir þegar fengið að vita vilja Íslendinga í þessu máli, þann vilja, að fá sem mesta sjálfstjórn, og ef h. þingd. vill fallast á mína uppást. um að æskja þess, að skipaður verði sjerstakur ráðherra, er mæti hjer á þinginu, þá sjer stjórnin, að vjer höldum þó þessu máli í horfinu og höfum ekki sleppt því úr höndum vorum. Þá vona jeg að eigi líði langt, þangað til hægt er að færa sig upp á skaptið, og fara fram á hinar stærri breytingar á stjórnarskránni. Ef vjer fengjum þennan sjerstaka mann, sem ekki hefði annað að hugsa um en hin íslenzku mál, þá gæti hann lagt niður fyrir sjer, hvernig þessu máli yrði hentast fyrir komið. Því verður eigi á nokkurn hátt mótmælt, að aðalgallinn á því fyrirkomulagi, sem nú er, er sá, að ráðgjafinn hefir hin íslenzku mál í hjáverkum, og er bundinn með hugann við allt annað og meira. En ef vjer gætum fengið þennan mann fyrir oss eingöngu, sem hefir eigi um annað að hugsa en vor málefni, get jeg ekki efast um að hann mundi leggja fram sína krapta til að styðja að því, að vor málefni kæmust í sem haganlegast horf. Jeg hygg, að það sje án efa rjettast að halda þessu fram; með því að fá því framgengt, er verulegt sig stigið áfram í þessu máli, og jafnframt í þá átt, að fá þessar umtöluðu breytingar á stjórnarskránni. Það er hjer sem optar, að »auðveldari er eptirleikurinn«.

Jón Ólafsson: H. framsögum. (B. Sv.) hefur fært svo skýr og ýtarleg rök fyrir þeim breyt.till. (204 og 205), sem hjer liggja fyrir frá minni hendi og tveggja annara þingm., að jeg þarf ekki að bæta þar miklu við. Mótbárur hafa einkum fram komið af hendi

hæstv. ldsh. og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Breyt.till. við 6. gr. (205) er til að taka af tvímæli, svo að eigi verði komið fram aptur með aðrar eins hártoganir, og hjer heyrðust í deildinni við 1. umr. út af þessari gr. —Breyt.till. við 7. gr. (204) vona jeg, að deildin samþykki, eins og nefndin fyrir sitt leyti hefur fallizt á hana. Jeg vona, að allir sjái, að síðari hluti greinarinnar er heppilegast orðaður svona; »í fjarveru konungs« er bæði ástæðu-táknun, ɔ: af því konungur er fjarverandi, og hins vegar ákvörðun um, að þá er svo ber til, að konungur er hjer staddur í landi, ritar hann, en landsstjóri eigi, undir lögin. Niðurlagsákvörðunina verð jeg að telja mjög heppilega, svo að eigi fari fyrir oss sem Dönum, er engin ábyrgðarlög hafa enn í dag. Ýmsar þjóðir hafa einmitt sett þvílíka ákvörðun í grundvallarlög sín, t. d. Norðmenn, og orðið það að góðu. Hæstv. ldsh. spurði út af breyt.till. við 16. gr., hvernig fara ætti að, ef þingið neitaði að samþykkja fjárlög. Að hugsa sjer það, að þetta geti komið fyrir, er sama sem að hugsa, að fulltrúar þjóðarinnar muni af ásettu ráði vilja steypa landinu í óstjórn, efna til stjórnbyltingar. Þá er þingið komið út fyrir stjórnarskrána, hefur þá brotið hana, og hún er þá ekki lengur til fyrir stjórnina heldur. Þingið hryndi þá sjálft vísvitandi stjórn sinni fram í þá nauðsyn, sem »brýtur öll lög«. Þessi ákvörðun við 16. gr. er sett í því trausti, að landsmenn muni jafnan óska, að hafa stjórnarskrá sína óbrotna til eptirbreytni fyrir alla hlutaðeigendur. En ef menn vilja endilega fara að búa til grýlur, þá get jeg búið hæstv. ldsh. aðra grýlu til, engu óvoðalegri fyrir þjóðina. Má jeg spyrja hann: hvernig fer, ef konungur neitar að staðfesta fjárlög þau, er þingið hefur samþykkt? Eptir breyt.till. minni yrði hann að staðfesta þau eða brjóta ella stjórnarskrána, og yrði þá ráðgjöfunum ábyrgðin vís og óhjákvæmileg; hver dómstóll hlyti að dæma þá seka. En eptir ákvörðuninni í frumv. nefndarinnar og vorrar núverandi stjórnarskrár getur konungur gefið út bráðabyrgðafjárlög nær sem honum þóknast að álíta »nauðsyn« til bera. Það má segja, að slíkt sje líka stjórnarbylting, en það væri stjórnarbylting að ofan, og gegn stjórnarbyltingum að ofan (ɔ: af hendi stjórnarinnar) er meiri þörf á að setja tryggan slagbrand, heldur en gegn stjórnarbylting að neðan (ɔ: af hendi alþingis). Jeg vona þó, að h. þm. ímyndi sjer ekki, að alþingi sjálft verði til þess, að brjóta sína stjórnarskrá. En það er líka önnur grýla gegn þessari ákvörðun minni hugsanleg, sem hefði ólíku meiri þýðingu; hæstv. ldsh. og öðrum mótmælismönnum stjórnarskrárendurskoðunarinnar hefur ekki hugkvæmzt hún, svo jeg verð að hafa fyrir að vekja þann draug upp sjálfur. Setjum, að stjórnarsinnar eða aðrir minnihlutamenn gangi af fundi eða mæti ekki í sameinuðu þingi, svo að eigi yrði hægt að samþykkja nein lög. En þennan draug, sem jeg hef vakið upp handa hæstv. ldsh., má líka kveða niður, því ætíð er hægt að semja þingsköpin og laga eptir sjálfri stjórnarskránni þannig, að jafnan megi gjöra löglega ályktun í sameinuðu þingi, þrátt fyrir mótspyrnu minni hluta. Allir misklíðardraugar verða að hrökkva undan fyrir því Salómons-innsigli, sem stjórnarfyrirkomulag vort hefur í hinu sameinaða alþingi. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að stjórnin mundi ekki samþykkja þessar breytingar að þessu sinni; líklega þetta ár! En það gerir ekkert til; það kemur ekki til hennar kasta fyr en eptir næsta þing, og enginn getur sagt, hvort stjórnin þá eptir 2 ár verður á sama máli sem stjórnin nú. Eins og það heldur ekki er víst, að sama stjórn, sömu ráðgjafar sitji þá að völdum. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði og, að stjórnin þekkti nú þegar þann vilja landsmanna, að fá sem mest sjálfsforræði. Og þó vill stjórnin ekki að þessu sinni þoka til eitt einasta hænufet, heldur setur þvert nei fyrir, að taka þennan vilja landsmanna til greina! Hvað eigum vjer þá að segja? Lifa í voninni um, að slík óblessun vari eigi lengi? Jeg held, að það sje nær að skilja þessa yfirlýsingu stjórnarinnar svo, að hún hafi eigi vitað fyrir fram, hverjar breytingar

landsmenn helzt vildu, og þess vegna hafi hún komið með þessa yfirlýsingu; að hugsa annað, er að gjöra stjórninni getsakir, því að yfirlýsingin væri henni þá með öllu ósamboðin; vjer höfum því fulla ástæðu til að vona, að skoðun stjórnarinnar breytist, þegar hún sjer, að þær breytingar, er vjer óskum á stjórnarskránni, miða til þess að eins að rýmka og tryggja sjálfsforræði vort, en þrengja hvorki að einum nje neinum, og ganga hvorki of nærri stjórninni sjálfri nje samþegnum vorum. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) fer því fram, að betra sje að senda bænarávarp! En að biðja þá stjórn, sem veit vorn vilja, en vill þó ekki sinna honum, er ekki til neins; það er hjegóminn einber. Það eru engar líkur til að hún muni fremur þoka til fyrir bænir. En setjum þó svo, að hún gjörði það. Setjum að hún skipaði sjerstakan danskan mann fyrir Íslands mál og sendi hann hingað á þing til að heyra hljóminn af ræðum vorum, sem hann skildi ekkert í—væri þá við það fengin allra meina bót? Lítum til nýlenda Englendinga, t. d. Canada. Ekki hefir þeim þótt einhlítt að fá sjerstakan ráðgjafa. Þeir hafa sjerstakan ráðgjafa við hlið konungi; þeir hafa landstjóra með konungsvaldi og ráðgjafastjórn undir honum heima hjá sjer. En þrátt fyrir þessa heimastjórn hefir ráðgjafi nýlendumálanna á Englandi ekki nægt þeim; hver nýlenda hefir auk þess umboðsmann (agent), sem situr við hlið nýlenduráðgjafans hjá konungi, af því þeir trúa ekki ráðgjafanum til að hafa eins mikinn kunnugleika til að gæta sinna sjerstöku hagsmuna í almennum málum einu sinni. Þetta sama á sjer og stað á Finnlandi. Þar er ekki ráðgjafinn nógur fyrir landið. Keisarinn hefir sjálfur lagt svo fyrir, að þing Finna skuli jafnan hafa erindreka hjá keisara til þess að honum verði sem bezt kunnur vilji sinna trúu þegna. Mjer finnst það líka vera gefið, að þegar nú svo er ástatt, sem hingað til, að ekki að eins ráðgjafinn hefir verið útlendur maður, heldur og jafnaðarlega hin æðsta innlenda stjórn, landshöfðingi, eða stiftamtmaður, þá sjeum vjer engu bættari eptir en áður, þótt þessi tillaga h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) fengizt.

Jeg skal að endingu geta þess, að viðaukagreinin, sem jeg fer fram á að bæta inn í á eptir 16. gr., er samkvæm grein í grundvallarlögum Dana, sem felld er úr okkar; það er og af ásettu ráði, að jeg hefi sett orðin: »Fjárlög fyrir það ár eru gefin af alþingi og staðfest«, svo að engin hártogun geti komizt að, eins og átt hefir sjer stað í Danmörku með orðið »vedtaget». Í grundvallarlögum Dana stendur: »Før end Finansloven er vedtaget må, Skatterne ikke opkræves«. Þetta hafa fylgismenn stjórnarþýtt svo, að til þess nægi undirskript konungs, undir bráðabyrgðafjárlög, að þau geti heitið »vedtaget«; en aptur andvígismenn stjórnarinnar halda því fram, að »vedtaget« eigi að þýða »samþykkt«, nl. af þinginu.

Móti öðru hafa eigi fram komið nein mótmæli. En jeg vil þó benda á breyt.till. við 14. gr. að »landstjórnin« komi í staðinn fyrir »landstjóri«. Það er eðlileg breyting; því samkvæmt frv. á landstjórinn eigi setu á þingi, heldur ráðgjafarnir, sem eru »landstjórnin«.

Arnljótur Ólafsson: H. framsögum. (B. Sv.) lýsti, að mjer fannst, mjög vel hugarfari nefndarinnar, þar sem hann sagði, að hún væri liðug og yfirgripsmikil; og hún á sannarlega þakkir skilið fyrir það, að hún hefir mjög mikið gert sjer far um, að laga sig eptir ýmsum skoðunum, bæði utanþings og innan; nefndin hefir nú nálægzt skoðanir hægri hluta þingsins með því að setja konung víða inn í frv. og það jafnvel á undan landsstjóranum; en hvort nefndin og h. framsögum. er eins trúr þjóðviljanum, það skal jeg ekki dæma um nú þegar, þeim þjóðvilja meina jeg, sem komið hefir fram á þingvallafundi og öðrum »frjálsum fundum« í landinu, og sem jeg ímynda mjer að sje ekki fullt svo liðugur í hálsliðunum, sem h. nefnd er og framsögum. Reyndar virðist mjer, þegar jeg athuga breyt.till. nr. 204 og 205, sem þær bendi til of mikillar eptirlátssemi nefndarinnar við hinn hægri hluta, því bæði 204 og 205 gengur lengra en h. framsögum. og frv. nefndarinnar gengu áður,

hvað þá heldur nú, í þessa aðgreiningsátt, þessa útilokunarátt, þessa viðskilnaðarátt við Danmörk, ef jeg má svo að orði kveða, og þar sem h. framsögum. vill miðla málum í þessu efni, þá ganga þessir 3 h. þm., sem undir þessari breyt.till. standa (Fr. St., J. Ól. og Ó. P.), og sem jeg vil kalla hinn yzta þjóðvilja, þá ganga þeir yzt út til vinstri handar, og tylla sjer yzt á vinstri bekk í aðgreiningunni á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og er jeg heiðruðum meiri hluta nefndarinnar þakklátur fyrir það, að hann hefir viljað miðla hjer málum, og reynt að teygja úr þjóðviljanum það sem unnt hefir verið, þessum þjóðvilja, sem komið hefir fram á hinum »frjálsu fundum« í landinu, Þingvallafundi og öðrum.

H. framsögum. (B. Sv.) setti, líkt og hans er venja til, í brodd fylkingar einhverja yfirgripsmikla aðalsetningu eða frumsetningu, það er að segja þá setning, að »hver maður hafi jafnan rjett sem annar til að vera frjáls, og hver þjóð jafnan rjett sem önnur til að hafa þjóðlega stjórn«. Þetta eru fögur orð, og skal jeg ekki hafa á móti þeim, en að eins gera stutta athugasemd um það, hvernig skilja skuli slíkar yfirgripsmiklar setningar, eins og þessa. Ef það er meining h. framsögum., að sjerhver skrælingi, hvort sem hann er á Grænlandi eða norður í Síberíu eða vestur í Ameríku, hafi sama rjett til frelsis og hinn menntaðasti maður í heimi, þá verð jeg að segja, að það er misskilningur; en setningin verður nær sanni, ef henni er snúið þannig við: Sjerhver maður hefir rjett til að hafa ytra frelsi samsvarandi því frelsi, sem í sjálfum honum býr, og þeim hæfilegleikum, sem hann er gæddur orðinn, og þar af leiðir aptur, að sjerhver þjóð hefir rjett á að hafa þá stjórn, sem hún hefir efni á að halda, en einkum þá stjórn, sem sje sniðin eptir þeim hæfilegleikum, þeim þroska, sem þjóðin er gædd til að geta stjórnað sjer sjálf. Þá kemur setningin heim við kenningu hinnu lærðustu og beztu stjórnfræðinga nú á tímum, og sannast hún af þeirri meginreglu, sem sýnir sig gildandi gegnum alla mannkynssöguna, að landsstjórnin er nokkurs konar ávöxtur af verkum hinna einstöku parta þjóðarinnar, og hlýtur því að standa í samræmi við hæfilegleika og framfarastig mannfjelagsins í andlegum og líkamlegum efnum. Eptir því eigum vjer að hafa þá stjórn, sem andlegir og líkamlegir hæfilegleikar vorir gera oss maklega.

H. framsögum. (B. Sv.) gat um, og það er í vissum skilningi rjett, að menn yrðu að meta kostnaðinn við þetta fyrirkomulag á móti kostum þeim, sem það hefir. Jeg fellst á það; en aptur get jeg ekki fallizt á það hjá honum, að þeir, sem mæla á móti frv., að þeir eigi að koma fram með allar sannanir gegn frv. Nei, það er einmitt hann, sem á að sýna og sanna, að kostir hins nýja fyrirkomulags yfirgnæfi kostnaðinn; sönnunarskyldan liggur á honum. Eigi að síður skal jeg fara dálítið út í það mál, og skal jeg þá fyrst líta á kostnaðinn, sem hann reiknaði að mundi verða 50 til 60 þús. kr. ár hvert. Jeg skal að minnsta kosti fyrst um sinn taka þenna reikning hans góðan og gildan, og fara lítið eitt út í, að meta kostina, þótt jeg sje lítt fær um það, því síður skyldugur til þess.

Það mun þá fyrst mega telja sem kost þessa frv., að það tekur upp stöðulögin frá 2. jan. 1871 um hina sjerstaklegu stöðu Íslands í ríkinu. Þetta hefir nefndin sjálfsagt álitið mikinn kost, og ef jeg man rjett, þá mun einhver háskólakennari í Kaupm.-höfn hafa hreyft því, að stjórnin gæti — eða ríkisþingið—af tekið stöðulögin. Væri nú slík kenning rjett og trúanleg, þá væri upptekning stöðulaganna í frv. mikill kostur, jeg játa það. En jeg get eigi talið þetta nokkurn verulegan kost, af því jeg álít að ríkisdagurinn ekki vilji og allra sízt geti afnumið stöðulögin; ekki vegna stöðulaganna sjálfra, því eptir ensku reglunni getur ríkisdagurinn breytt með samþykki konungs öllum þeim lögum, sem löggjafarvaldið í Danmörku hefir gefið, og þá stöðulögunum, sem þetta löggjafarvald hefir sett. En hjer er annar hængur á, því það er einnig samkvæmt ensku löggjafarreglunni,

að allar þær stjórnarskrár, sem konungar Englendinga gefið hafa nýlendum sínum, við þeim geti parlamentið ekki hreyft. Karl annar Engla konungur gaf mörgum af Vestureyjum stjórnarskrár, og þær hefir málþing Englendinga eigi snert. Þannig getur ríkisdagurinn eptir ensku löggjafarreglunni ekki hreyft við stjórnarskrá vorri. Hún er frjáls konungs-gjöf oss til handa, og kemur ríkisdeginum að því leyti ekki við. Þessi hængur gegn ummælum háskólakennarans, sem jeg gat um, er því einmitt stjórnarskráin sjálf, hin 1. og 25. gr. hennar. 1. gr. hennar tekur upp bæði 2. og 3. gr. í stöðulögunum, og 25. gr. í stjórnarskránni tekur upp 5. og 6. gr. í stöðulögunum. Þessar greinar eru fastsettar í stjórnarskrá vorri, og er því tekið upp úr stöðulögunum allt aðalefni þeirra. Þessum fjórum greinum 2., 3., 5. og 6. gr. stöðulaganna getur ríkisdagurinn því ekki breytt án þess um leið að breyta stjórnarskrá vorri, og það hvorki getur hann gert, nje getur viljað gera. Og þótt nú h. framsögum. gæti ætlað, að ríkisdagurinn vildi gera það, þá er ómögulegt að hugsa sjer, að konungur staðfesti slíkan vilja. Nei, konungur vor tekur aldrei aptur konungsgjöf sína. Þennan kost frv., sem í fljótu bragði sýnist mikils virði, verð jeg því við nákvæmari íhugun að álíta lítils eða jafnvel einskis virði, því stjórnarskrá vor gefur oss í þessu atriði alveg eins fullan rjett eins og frv. nefndarinnar.

Þá er annar kosturinn, sem líklega á að vera aðalkostur þessa frv. fram yfir stjórnarskrána, og það er það, að gera stjórnina sem mest innlenda. Jeg játa að frv. gerir það; en hitt er vafamál, hversu hentuglega og hönduglega þessari innlendu stjórn er fyrir komið í frumvarpsbreytingunni. Aðalreglan eða aðalhugsunin í breyt.till. nr. 195 er sú, að »konungur eða landsstjóri« geri flest af því, sem »landsstjóri« einn átti að gera eptir frv. nefndarinnar. Sumt á samt landsstjórinn að gera einn, eins og t. d. það, sem stendur í 8. gr.: »Landsstjóri (eða Nd.) getur kært ráðgjafana fyrir embættisfærslu þeirra«. Það getur konungur ekki. Þar af hlýtur að leiða, að það er landsstjórinn einn, sem kýs ráðgjafana og víkur þeim frá. Konungur gerir það ekki. Það er þannig staðfest mikið djúp á milli konungs og ráðgjafanna; þeir eru hengdir að eins aptan í landsstjórann, en konungur hefir ekkert með þá að gera. Það stendur í fyrstu gr.: »Landsstjóri hefir ábyrgð fyrir konungi einum. Hann tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim frá völdum«. Og í 8. gr. stendur, að »landsstjóri geti kært ráðgjafana«, en ekki konungur, og þó er það undirskipt konungs eða landsstjóra og eins eða fleiri ráðgjafa með honum, sem veita lögum og ályktunum þingsins gildi. Í öllu þessu finnst mjer liggja einhver ósamrýmileg ósamkvæmni og frábrugðning frá allri landsstjórnarreglu, að landsstjóri er settur við hlið konungs að virðingu, en ráðgjafarnir þó gersamlega aðskildir frá konunginum, og það er ekki að eins í 8. gr., sem konungs er ekki getið, heldur að eins landsstjóra, það er einnig í 10., 11., 12., 13. og 14. gr. frv. Landsstjórinn er þar einvaldur; konungur kemur þar ekki nærri. Jeg skal geta um breytinguna nr. 204 við 7. gr., þar sem stendur, að »landsstjóri skuli staðfesta í fjarvist konungs í nafni hans og umboði, lög þau og ályktanir« o. s. frv. Mjer heyrðist h. framsögum. fallast á þessa breyt. sem skýringu á skilningi eða hugsun nefndarinnar eða þá þjóðviljans. Jeg vil geta þess, að orðið »fjarvist« getur hjer haft tvær þýðingar. Önnur er sú, þegar konungur fer frá heimili sínu og út úr ríkinu, og þá er oss það kunnugt, að hann setur son sinn, krónprinzinn, til þess að hafa stjórnina á hendi »í fjarvist« sinni, samkvæmt grundvallarlögunum. En eptir því, sem mjer skilst, þá hlýtur »fjarvist« í nr. 204 að merkja »fjarveru konungs frá Íslandi« eða fjarveru konungsríkisins Danmerkur frá konungsríkinu Íslandi, og stendur það í fullu samræmi við þá hugsun, að vilja hafa fullan aðskilnað milli þessara tveggja konungsríkja.

H. framsögum. (B. Sv.) talaði mikið um þann kost við frv., að ef það yrði sam-

þykkt, þá mundi það mjög auka bróðurhug og samlyndi milli Dana og Íslendinga, eða rjettara sagt milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Íslands. Jeg vil fyrir mitt leyti óska þess, að h. framsögum. lifði þann tíma, og enda við báðir, að bróðurhugurinn milli vor og samþegna vorra yxi enn meir en hingað til, og það þótt frv. þetta yrði ekki samþykkt.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. tók fram um breyt.till. nr. 205 við 16. gr. frv., að komið gæti fyrir, að landið yrði fjárlagalaust, þá skal jeg bæta því við, að hættan liggur ekki svo mjög í því, heldur í hinu, að eptir 16. gr. á að koma ný gr., svo hljóðandi: »Engin gjöld til landssjóðs, hvorki bein nje óbein, má innheimta fyr en fjárlög fyrir það ár eru gefin af alþingi og staðfest«. Í þessari breyting liggur það, að ef fjárlögin yrðu ekki búin til eða staðfest, þá hættu allar greiðslur úr landssjóði, með því að engin gjöld og enga skatta má innheimta fyr en næstu fjárlög koma út. Þinginu er því hjer gefið fullkomið einveldi í öllum fjárhagsmálum; þingið getur sett stjórninni þá kosti, sem það vill; þingið getur t. d. fært niður lögákveðin laun embættismanna og sagt svo sem svo: »Annaðhvort verðurðu, stjórn góð, að samþykkja þessi lög, ellegar enga skatta má innheimta og ekkert má greiða út úr landssjóði«. Þannig er alveg auðsætt, að þingið er alveg einvalt, og sá af uppástungum., sem stendur í miðið undir breyt.till. (J. Ól.), veit þó, að það er óstjórnfrjálslegt (ókonstitutionelt); hver sú ákvörðun, hvort heldur hún kemur fram konungs megin eða þjóðarinnar megin, sem skapar einveldi eða ofurvald, stríðir alveg á móti öllum stjórnfrelsisreglum, og kollvarpar því jafnvægishlutfalli, er nauðsynlegt er að sje milli þessara tveggja valdhafanda löggjafarinnar. Jeg vil forðast allt ofurvald, hvort heldur það er hjá þjóðinni, embættismönnum hennar eða konungi. Sá, sem ekki vill fylgja þessari jafnvægisreglu í skipting valdsins, hann hefir annaðhvort ekki nægilegt yfirlit yfir, í hverju hið þingbundna konungsvald sje fólgið, eða tilgangur hans er sá, að skeyta ekki um neitt jafnvægi, heldur að eins að vilja draga valdið úr höndum annara í hendur sínar eða síns flokks, sem einveldi.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg efast ekki um, að h. deildarmenn muni hafa orðið gagnteknir af einu hjá h. þm. Eyf. (A. Ó.), því nefnil., með hve mikilli virðingu og alvörugefni hann ræddi þetta mál, stjórnarskipunarmál Íslands, og hve höglega hann beitti hinum langmest framúrskarandi hæfileik sínum, að teyma og toga sannleikann á hárinu! Annað mál er það, að hvorki jeg nje nokkur annar þingmaður mun hafa getað leiðzt á hans skoðun einni hársbreidd fremur nú en við 1. umr. þessa máls, og er það eðlilegt, því háð og hártoganir eru ekki fremur sannfærandi í dag, en í fyrra dag. Jeg skyldi því alveg hafa leitt hjá mjer að svara þingmanninum, hefði jeg ekki þurft að leiðrjeta ýmislegt í ræðu hans. Það er bágt til þess að vita, að enda þótt h. þm. (A. Ó.) sje manna skarpastur, einkum til útúrsnúninga og hringsnúninga, þá skorti hann þó mátt eður meginn til að hafa alstaðar rjett eptir mjer orð mín. Hann rangfærði samanburð minn á einstakling og þjóð. Jeg sagði og meinti, að eins og einstaklingurinn ætti rjett á og heimtingu á því, að vera frjáls, og njóta almennra mannrjettinda, hversu lítilfjörlegur sem hann væri, eins ætti hver þjóð, ef hún annars getur rjettu nafni kallast þjóð, rjett og heimtingu á að vera frjáls og njóta almennra mannrjettinda, enda þótt hún væri fámenn, umkomulítil, afskekkt og fátæk. H. þm. (A. Ó.) fór eitthvað að tala um Eskimóa og villimenn, og vildi líklega benda með því á, að þeir væru ekki færir um að ráða sjer sjálfir. Þegar svo hinn háttvirti 1. þingm. Eyf. (A. Ó.) bætti aptan við þessa athugasemd þeirri alvarlegu hugleiðing, að frelsi hverrar þjóðar ætti að fara eptir hæfileik hennar, þá hlýtur sjálfsagt meining og ályktun þingmannsins,—því annars hefði hún ekki átt við frv. nefndarinnar, sem mótbára,—að hafa verið sú, að

eins og Íslendingar, sem þjóð, væru á borð við Eskimóa og villimenn, þannig væru þeir eigi fremur en þeir færir um að ráða sjer sjálfir. Heyri allir, sem orð mín heyra, að þingmaðurinn hlýtur að meina þetta; en hitt ekki, að Íslendingar ættu að fá meira stjórnfrelsi en Eskimóar og villimenn, af því þeir væru færari um það, því þá hefði hann verið að styðja frumvarp nefndarinnar, sem hann er að hæðast að og vill rífa niður. En hver á nú þá að dæma um það, hvort Íslendingar eru þjóð, þjóð, sem hafi hæfilegleika til að fá sjálfstjórn fremur en Eskimóar og villimenn? Ætlar þm. (A. Ó.) að gera það? Jeg held, að hann sje jafnvel minnst manna fær um að dæma um það, hvort Íslendingar eru færir um að nota það stjórnfrelsi, sem nefndin fer fram á. (*A. Ó.*: Framsögum. ekki heldur fær um það). Látum það gott heita. Dæmum þá hvorugur, en látum þjóðina sjálfa dæma um sig, og okkar í millum! H. þm. (A. Ó.) ætlaði að fara að koma nefndinni til hjálpar með áætlun um kostnaðinn; mjer þykir æfinlega vænt um að fá hjálp, þegar jeg þarf hennar með. En mjer fannst ekki sjerlega mikið varið í hjálpina hjá hinum h. 1. þm. Eyf. H. þm. (A. Ó.) taldi það eigi mikinn kost, að upptalning hinna sjerstaklegu málefna Íslands stæði í frv. eða væri tekin upp í það úr stöðulögunum, því að slíkt væri í sjálfu sjer óþarft, þar sem stöðulögin væru þegar komin inn í stjórnarskrána fyrir tilvitnanir í 1. gr., og ríkisdagurinn gæti ekki breytt gildi stjórnarskrárinnar með því að breyta stöðulögunum eða jafnvel af nema þau alveg. Jeg get ómögulega skilið þennan hugsunargang þingmannsins, enda mun það vera hrein frágangssök fyrir hvern einn, sem rjett hugsar og rjett ályktar um samband stjórnarskrárinnar og stöðulaganna, enda er það kennt við háskólann, sem þingmaðurinn álítur þann eina vizkubrunn Íslendinga, að ríkisþingið geti alveg numið úr lögum stjórnarskrána, með því að nema stöðulögin úr gildi. (*A. Ó.*: Nei). Fyrst þm. rengir mig, skal jeg seinna sýna honum það svart á hvítu, að jeg hefi rjett að mæla. Hvort stjórnin í Danmörku geti beitt enskri reglu, ef um breytingar á stöðulögunum er að ræða, kemur ekki málinu við. Að ríkisþingið geti ekki breytt stöðulögunum þannig, að það hafi áhrif á stjórnarskrána, vegna þess að stjórnarskrárinnar 1. gr. vitnar til stöðulaganna, einmitt sem heimild og undirstöðu, það er og verður ósamþýðilegt allri rjettri hugsun og hugsunarreglum; það kollvarpar hinu eilífa lögmáli og sambandi milli ástæðu (Grund) og afleiðingar (Følge); það er sannnefndur kerlingareldur í heila, höfði og hugsun þingmanns Eyfirðinga.

H. þm. (A. Ó.) talaði mikið um, að þessi innlenda stjórn, sem frv. fer fram á, sje mjög óhentug, og bar saman margar greinar í frv. til að reyna að sýna fram á það. En við allan þennan samanburð gat jeg ekki komizt að annari niðurstöðu en þeirri, að þm. (A. Ó.) væri þá fyrst að kynna sjer eða læra frv.; annað græddi jeg ekki á samanburði hans og ummælum um stjórnarfyrirkomulagið; en það get jeg sagt honum, að allir þingmennirnir hjer í salnum hljóta að hafa sjeð, að hann skildi ekki frv., og má því til að læra það betur, áður en hann fræðir aðra um það. Þá talaði þingmaðurinn um orðið: »fjarvist», er stendur í breyt.till. (204). Fyrst og fremst sat hann sig ekki úr færi með að reyna til að vera fyndinn, að jeg við hafi ekki verra orð; því næst kom hann með þá kenning, að með fjarvist (Fraværelse) konungs væri í grundvallarlögum Dana meint fjarvera hans utanríkis. En þetta er alveg rangt, því að 1874, þegar konungur kom hingað til Íslands, var ríkisstjórnin á meðan falin á hendur erfðaprinzinum í Danmörku. Þetta sýnir eitt af tvennu, annaðhvort, að þm. (A. Ó.) hefir rangt fyrir sjer, ellegar þá að hann fer því fram, að Ísland sje utanríkis. Neitar þingmaðurinn þessu? Ef hann gerir það, þykist jeg hafa fulla ástæðu til að heimta sannanir hjá honum fyrir því, að hann viti eða hafi hugmynd um, hvað hann segir. Það var eins og h. þm. (A. Ó.) gerði gys að orðum mínum, er jeg talaði um bróðurkærleika milli vor og Dana. Hann þurfti þó ekki að gera gys að því, því að það

er mín hjartans sannfæring, að því meira jafnrjetti, sem vjer fáum gagnvart Dönum, því nánara samband og því meiri bróðurkærleiki eflist milli vor og þeirra, og það af þeirri einföldu ástæðu, að vjer Íslendingar göngumst upp fyrir góðu en eigi illu. En það er allt eins fyrir hinum háttvirta þingmanni: hann þekkir ekki þennan fagra kost og einkenni sinnar eigin þjóðar! (Klappað af áheyrendum).

Forseti: Eins og það er von, þótt h. áheyrendur hlýði á mál þetta með miklum áhuga, eins finn jeg það skyldu mína að geta þess, að þeim er ekki leyft að láta meining sína í ljósi. Áheyrendurnir eiga að vera hljóðir og kyrrir.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hefi reyndar ekki miklu að svara h. framsögum. (B. Sv.); en úr því að jeg stóð upp, skal jeg gjöra þá játning, að jeg skildi hann alls ekki. Mín setning var, að ríkisdagurinn gæti, samkvæmt ensku löggjafar- og landsstjórnarreglunni, ekki breytt stjórnarskrá vorri, fyrir þá sök, að konungurinn hefir gefið oss hana af einveldi sínu og frjálsum vilja. Ríkisþingið getur heldur ekki breytt henni með því að breyta stöðulögunum, af því að ákvæði stöðulaganna um hin sjerstaklegu mál, um tillagið o. s. frv., eru komin inn í stjórnarskrána fyrir tilvitnanir hennar til stöðulaganna. Þetta er mín setning. Og þótt nú ríkisdagurinn fari fram á að breyta stöðulögunum, t. d. að lækka tillagið úr ríkissjóði, þá er jeg viss um, að konungur vor mundi aldrei samþykkja þá breyting. Hann mundi eigi taka gjöf sína aptur. Hann mundi segja sem svo: »Jeg hefi gefið Íslendingum loforð fyrir þessu tillagi í 25. gr. stjórnarskrárinnar; jeg hefi veitt þeim þessa gjöf með tjeðri gr., og mína konunglegu gjöf tek jeg aldrei aptur». Enginn má gera konunginum þær getsakir, að hann taki gjöf sína aptur. En þó nú konungur samþykkti þetta frumvarp, en höfundar þess gerði annars ráð fyrir, að konungur taki gjöf sína aptur, þá getur hann allt eins vel tekið þetta frv. aptur, eins og stöðulögin. Að minni hyggju er þá upptekningin úr stöðulögunum upp í frv. enginn kostur á því, þótt h. nefnd líklega finnist svo.

En skyldi þá vera meira varið í hinn kost frv., að koma á innlendri stjórn, óhönduglegri og ofviða stjórn, þennan kost — því að jeg ætla að halda mjer við kosti frv. — þennan kost, segi jeg, sem kostar landið 60,000 kr. Jeg efast um, að þjóðviljinn vilji undirskrifa víxil upp á þessar 60,000 kr., og trúi því ekki, fyr en jeg sje það. Væri mjer því einkarkært, að h. framsögum. (B. Sv.) vildi koma með þennan víxil fyrir 3. umr., eða öllu heldur nú þegar, áður en gengið er til atkvæða.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg átti satt að segja von á, að h. þm. Eyf. (A. Ó.) yrði bituryrtari; jeg átti líka von á, að hann kæmi með sterkari ástæður. En hvorttveggja brást. Ástæða hans var sú, að jeg hefði komið fram með tortryggn gegn konungi, að jeg hefði getið þess til af hans hátign konunginum, að hann mundi taka gjöf sína aptur. Það hef jeg aldrei gert, og aldrei talað eitt orð í þá átt, er svo gat skilizt. Jeg nefndi ekki konunginn á nafn, heldur talaði jeg um hið almenna löggjafarvald, sjer í lagi ríkisþingið. H. þm. Eyf. (A. Ó.) heldur þá, að það sje konungurinn einn; mikil hörmung er það, að hann skuli vera að bögglast við þessa stjórnlagafræði, að hið almenna löggjafarvald sje sama sem konungurinn! *(A. Ó.:* Þetta er einber vitleysa). Alveg satt! Jeg er h. þm. (A. Ó.) hjartanlega samdóma um, að þetta sje vitleysa, og það af verri sortinni; en þessi voðalega vitleysa er ekki hjá mjer, heldur honum sjálfum, 1. þm. Eyf.! Hann hengdi sig þá þarna loksins fastan á þennan niðurlægjandi og hættulega snaga, og vill nú gjarnan, sem geta má nærri, komast ofan af honum aptur; en jeg sje engin betri ráð til þess, en að hann ákalli nú þjóðviljann, eða Þjóðliðið, sem hann hefir gert mest gys að! Þá kem jeg til kostnaðarins. Þar mishermdi þm. (A. Ó.) hraparlega orð mín. Jeg forðast tölur að óþörfu og út í bláinn, og leik mjer ekki að tölum sem hann, eins og þær væru

virkilegar krónur. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að kostnaðurinn við þetta stjórnarfyrirkomulag yrði 60,000 kr., og var sem hann gleypti við því, sem girnilegasta agni. En þetta hefi jeg aldrei talað. Jeg sagði, að ef þetta stjórnarfyrirkomulag kæmist á, mætti leggja niður embætti, er laun þeirra næmu allt að 47000 kr., og þessi upphæð ætti að dragast frá þeim 60,000 kr., sem þessi innlenda stjórn eptir lauslegri áætlun minni gæti kostað. Eptir því er kostnaðaraukinn 13000 kr., en ekki 60,000 kr., nema hann vilji berja blákalt fram þá setning, að 60,000 ÷ 47000 kr. sje sama sem 60,000 kr. Hver veit! Það eitt get jeg sagt, að þó reikningsfróðum mönnum, altjend sumum hverjum, kynni að virðast örðugt, að færa fyrir þessu talnafræðislega sönnun, þá mundi það þó góðum mun hægra, en að leiða rök að öðru því, sem þingmaðurinn hefir andæft gegn nefndarfrumvarpinu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. þingskrifara, hvort jeg sagði nokkuð það um löggjafarvaldið, sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði að jeg hefði sagt.—(*B. Sveinsson*: Það var *falið* í orðunum, eins og heilinn í höfði þingmannsins).

Jón Sigurðsson: Jeg hef til þessa ekki talað mikið í þessu máli; en til þess ber tvennt: fyrst það að h. framsögum. (B. Sv.) hefir svo skörulega haldið uppi svörum fyrir nefndina; það annað, að jeg vil ekki að óþörfu eyða tíma þingsins, nje rúminu í Alþingistíðindunum. Það er h. þm. Eyf (A. Ó.), sem jeg vil svara með fáeinum orðum. Hann talaði um mál þetta með ofmikilli ljettúð og jafnvel í skopi; sýnir hann með því, að honum er það næsta lítið áhugamál. En þótt honum sýnist svo sem mál þetta sje lítils vert, þá sýnist öðrum eigi þann veg; að minnsta kosti er mjer það meira áhugamál en svo, að mjer finnist ljettúð og skop eiga við það. Það var sjerstaklega kostnaðurinn, sem jeg vildi tala um. H. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að þetta stjórnarfyrirkomulag yrði til 60,000 kr. kostnaðarauka fyrir landsjóð, og kvaðst hann taka það eptir framsögum. (B. Sv.); en þetta er misskilningur, eða útúrsnúningur út úr orðum framsögumanns. Var auðheyrt, að þingmaðurinn (A. Ó.) gerði svo mikið úr kostnaðinum til þess að gera hann að grýlu í augum þingdm. og koma hiki á þá að fallast á tillögur nefndarinnar, því að hann hefir haldið, að það væri sá strengurinn, sem helzt ætti að slá á til þess að aptra mönnum frá að vera þessu máli hlynntir. En nú er það fjarri öllum sanni, að kostnaðaraukinn til landstjórnarinnar þurfi að verða svona mikill, eins og þm. Eyf. (A. Ó.) er að telja mönnum trú um, því engin ástæða eða nauðsyn virðist til að hafa stjórnina í svo stórum stíl, eða svo kostbæra, eins og sumir þingmenn virðast ímynda sjer. Jeg skalg efa það eptir, að landstjórnin komi til að kosta 50—60 þúsund kr. að öllum skrifstofukostnaði meðtöldum, eins og framsögumaður gerði ráð fyrir. En hjer frá verður að draga það, sem landstjórnin kostar nú. Veit jeg eigi hvort allir þingmenn hafa gert sjer ljóst, hvað yfirstjórn landsins kostar, og skal jeg því telja upp laun hinna æðstu embættismanna landsins, eins og þau eru talin í fjárlögunum, að viðbættum skrifstofukostnaði, er hverju embætti fylgir. Til æðstu stjórnar landsins heyra:

Landshöfðingi	með	13,400 kr.	launum
Báðir amtmennirnir	—	12,000 —	——
Landfógetinn	—	5,000 —	——
Landritarinn	—	2,400 —	——
Skrifstofukostnaður amtm. og landfóg.	—	3,600 —	——
Hin umboðslega endurskoðun	—	3,000 —	——
Biskupslaun og skrifstofukostnaður	—	8,000 —	——
Þarna er komið		47,400 kr.	

og ef kostnaðurinn við hið nýja stjórnarfyrirkomulag yrði 60000 kr, þá yrði kostnaðaraukinn liðugar 12000 kr., og er ekki trúlegt, að nokkur þingmaður meti svo lítils meira sjálfsforræði og alinnlenda stjórn, að hann ekki vilji kosta til hennar 12,000 kr. á ári. Og sje nú bætt hjer við launum handa sjerstökum ráðgjafa í Kaupmannahöfn, eins og þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) fer

fram á, verður kostnaðaraukinn lítill sem enginn. (*H. Kr. Fr:* Ekki úr landsjóði). Þingmaðurinn getur enga vissu gefið, að svo verði ekki.

Að lyktum skal jeg geta þess, að það á ekki við og er alveg ómögulegt, að meta sjálfsforræði einnar þjóðar til peninga. Það er svo margur beinn og óbeinn hagur að því, að ómögulegt er að meta hann til peninga.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins taka fram lítið atriði viðvíkjandi þessum mikið umtalaða kostnaði. Jeg skal fúslega játa, að það er sjálfsagt, að það kostar eitthvað, að fá þessa stjórnarbót; en jeg held h. þingd. láti sjer þann kostnað allt of mikið í augum vaxa. Jeg álít ekki, að launa þurfi landstjóra neinum konunglegum launum. Reynslan sýnir, að því fer fjarri, að dugnaður manna vaxi með launahæðinni að hlutfalli. Fjarskahá laun úr hófi fram hafa einatt heldur gagnstæð áhrif. Þjóðveldið Sviss er ólíku fjölmennara en Island, og launar þó landstjóra sínum með minni launum, en landshöfðingi Íslands hefur nú. Sviss er að vísu þjóðveldi, hafa menn sagt; en vjer erum heldur ekkert konungsríki, þótt vjer höfum konung yfir oss. Og má eg spyrja: eru landstjórar þjóðveldanna miður nýtir menn, en konungar konungsríkjanna, þótt þeir hafi laun lægri? Þar sem sagt hefir verið, að ávallt væri auðmenn valdir til forseta í Sviss, þá er það blátt áfram ósatt, og sýnir annaðhvort, að þeir, sem það hafa sagt og endurtekið hjer á þingi, eru ófróðir um sannleikann, eða þá lítt vandir að ástæðum. Við verðum að sníða okkur stakk eptir vexti, og sje jeg enga ástæðu til, að landsstjóri hafi stórum meiri laun en landshöfðingi hefir nú. En setjum, að hann fengi 1000 kr. meira, sem væru vel hæfileg landstjóralaun, og ráðgjafar væru tveir eða þrír, sem hefðu 6000 kr. hver; það væru þá 12 eða 18 þúsund kr., eptir því, hvort þeir væru tveir eða þrír; skrifstofustjórar mundu kosta 4 eða 6 þúsund kr; þau embœtti þyrftu eigi að vera hálaunaðri en með 2000 kr. hvert, því í þeim mundu optast vera ungir embættismenn, sem byrjuðu þar, og stigu svo hærra upp embættisstigann. Svo er þetta annarsstaðar. Jeg vil enn leggja meira í, og setja 4000 kr. til í aukinn skrifstofukostnað. En þetta yrði til samans 21 eða 29 þúsundir, eptir því, hvort ráðgjafar yrðu tveir eða þrír. En þegar sjerstakur ráðgjafi kæmi fyrir fjármál, þá fjelli burt laun til landfógeta, sem eru 4000 kr.; þá hyrfi líka hin umboðslega endurskoðun, sem kostar 3000 kr. Að minnsta kosti er svo í Danmörku, að þau störf heyra undir eitt ráðaneytið. Ennfremur fjellu burt laun til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, 2000 kr. annaðhvort ár, eða 1000 kr. á ári, og auk þess 1800 til landritara; þannig væru sparaðar 10,800 kr.; kostnaðaraukinn yrði þá ekki nema 10,200 til 18,200 kr. í hæsta lagi; svo þessi grýla, sem verið er að vekja upp, er ekki svo ægileg. Og ef stjórnarbótin kæmist á, og umboðsstjórn í landinu yrði betur skipuð, mætti líka nema af amtmannaembættin, og við það sparaðist nokkuð, að jeg ekki nefni byskupsembættið, alóþarft að öllu, og þá fer nú að skarða í þennan kostnað. En jeg vil segja, að þó að kostnaðurinn yrði 11 eða jafnvel 19 þús. kr., þá met jeg það mjög lítils, ef það gæti orðið til verulegra bóta. Jeg horfi ekki í það, því það er enn óreiknaður allur sá óbeinlínis ábati, sem getur orðið að því, að stjórn landsins verði innlend. Og sá ábati er óreiknanlegur, sem verður við að nema burt allan þann trafala, sem er að óhentugu stjórnarfyrirkomulagi. Jeg vona því, að h. þingd. láti sjer ekki verða þennan kostnað að grýlu. Jeg skal ekki blanda mjer í deilu þeirra 1. þm. Eyf. (A. Ó.) og 1. þm. S-Þing. (J. S.) um það, hve fastar fætur stjórnarskráin hafi; en jeg vil að eins benda á, að í 1. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Í öllum þeim málum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«, o. s. frv. Stöðulögin getur hið almenna lög-

gjafarvald, ríkisþingið, afnumið. Það hefir formlegan rjett til þess, enda þótt ekki siðferðislegan, og þá verða ekki lengur til nein sjerstök mál Íslands; stjórnarskráin hlýtur því,eins og nú er, að falla með stöðulögunum.

Eiríkur Kúld: Jeg stend ekki upp sem sáttasemjari milli h. þm. Eyf. (A. Ó.) og þm. S.-Þing. (J. S.), og skal eigi heldur fara út í einstök atriði málsins. En jeg er einn af þeim mönnum, sem fegnir óska breytingarinnar, og veit að það er þjóðviljinn, að hún komist á, en samkvæmt yfirlýsingu hæstv. landsh. gjöri jeg mjer litlar vonir um, að fá samþykktar breytingar á stjórnarskránni, eins og nú stendur. En samt vil jeg halda málinu í horfi, og er jeg þakklátur nefndinni fyrir það, sem hún hefir beint málinu í mjer geðfelldara horf, en bæði frv. Öxarárfundarins og frv. h. þingmanns Suðurþingeyinga; að vísu geðjast mjer ekki alstaðar að frv. hennar, en ef til vill mætti laga það með breytingaratkv. við 3. umr. Jeg skal ei heldur segja neitt um nýlendur Englendinga, enda er jeg þeim ekki nógu kunnugur. En jeg vildi helzt fara hjer eptir þjóðviljanum, að því leyti sem hann kemur saman við sannfæringu mína. En það er eitt atriði, sem mjer er ekki ljóst, kostnaðurinn. Mjer skildist á h.2.þm.N.-Múl.(B.Sv.), að það væri meining hans, að landstjórinn mundi kosta ef til vill 25000 kr. á ári, sem ef til vill kynni að hækka, og er jeg þá hræddur um, að þjóðviljinn mundi dofna talsvert í svona ári, eins og nú er. Viðvíkjandi tölum þeim, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) taldi upp, skal jeg geta þess, að sú upphæð, sem hann kom með, er að mínu áliti of lágt sett, og þó að maður færi meðalveginn, og setti 20,000 kr., er jeg hræddur um, að einhver mundi horfa í gaupnir sjer út um landið. Það sem hann sagði um landstjórann í Sviss, er satt; en það sannar ekki neitt. Það er heiðursstaða, og að eins stórríkir menn, sem sitja í henni. *(J. Ól.:* Rangt og ósatt!*)*. En jeg get gefið h. þingm. rjett í því, að eigi er horfandi í, þó kostnaður verði nokkur, ef veruleg bót er í aðra hönd, þó nokkuð muni að vísu um 20,000 kr. árlega. Mjer er áhugamál, að þetta frv. komist fram, en jeg vildi gjarnan, að þeir gallar, sem eru á stjórnarskrárfrv., yrðu lagaðir. En meðan eigi liggur annað fyrir, mun jeg haga atkvæði mínu eptir því, sem jeg álít að helzt nái fram að ganga.

Halldór Kr. Friðriksson: Nokkur orð, sem framsögum. svaraði h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), voru skökk. Hann sagði eigi það, sem framsögum. bar upp á hann. Eptir því, sem jeg skildi hann, var hugsun hans sú, að þó að annar hluti löggjafarvaldsins í Danmörku vildi breyta stöðulögunum, þá gæti hinn parturinn, nl. konungur, ekki gjört það. Ríkisþingið getur frá sinni hálfu gjört uppástungur og samþykkt þær; en það hefur enga þýðingu nema konungur undirskrifi. En úr því ákvörðun stöðulaganna er tekin upp í stjórnarskrána, getur konungur ekki gefið nafn sitt til að taka þau aptur, nema hann brjóti orð sín. H. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, að eigi mætti meta frelsi og sjálfsforræði við peninga. En þá er að sýna, hvar þetta frelsi er. Jeg sje ekki neitt í þessari nýju uppástungu, sem gefur meira frelsi en við höfum. Þingið hefur jafnt vald eins og nú, og jeg sje eigi, að það geti kallazt meira frjálsræði, þó að konungur gefi einhverjum umboð til að undirskrifa lög, heldur en ef ráðgjafi Íslands kemur á þing. Það þarf að sýna, í hverju frelsið er fólgið. Ræða h. þm. S.-Þing. (J. S.) sýndi eigi, að sá kostnaður, sem væri við það, að hafa sjerstakan ráðgjafa, lenti á landssjóði. Hann hefur gleymt, að í stöðulögunum stendur, að öll gjöld til hinnar æðstu stjórnar Íslandsmála skuli greiðast úr ríkissjóði. Það er því útilokað, að greiða þurfi einn eyri úr landssjóði. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að sá kostnaður væri óreiknanlegur, sem leiddi af því, að stjórnin væri ekki í landinu sjálfu. Jeg skal ekki fara út í hans tölur, því þær voru svo margvíslegar; það dugar ekki að vitna í, hvernig hringlað verði með embættin, eins og hann talaði um. Við vitum ekkert um, hvaða embætti verða af numin *(J. Ól.:* falla burt af sjálfu sjer!*)*,

fyr en þar að kemur. Jeg sje ekki, í hverju aukakostnaður hans ætti að vera fólginn. Hann ætlar, ef til vill, að umræður hjer á þinginu sjeu dýrari, af því að stjórnin er ekki í landinu; en á því ræðst bót, ef fylgt er minni uppástungu. Þá er sú mátbára fallin burt. H. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, að ekki mætti reikna þetta hagfellda stjórnarfyrirkomulag eptir peningum. En hagur landsins er sannarlega ekki svo glæsilegur sem stendur, að oss farist að auka á oss miklum kostnaði að óþörfu. Jeg segi eigi, að nefndin hafi von um, að málið komist fram að þessu sinni; en setjum svo, að það verði, og kosti 50,000 kr., höfum við þá nú sem stendur ástæður til slíkra hluta? Við tökum hvergi þá peninga, sem ekki eru til. Það þarf eigi að minna eins gætinn og reyndan mann eins og þm. S.-Þing. (J. S.) á það. Við sjáum margt, sem gæti verið hagfellt og gott, en verðum að sleppa því, af því efnin vantar. Það væri mjög æskilegt, að hafa brýr ekki að eins á Ölvesá, heldur líka Þjórsá og öllum ám, en efnin vantar, svo að vjer getum ekki við því snúizt. Það gæti jafnvel verið æskilegt, að hafa gufuskip, sem allt af væri á ferðinni kring um landið. En hvers vegna höfum við það ekki? Líka af því, að peningana skortir. Við verðum að hætta við margt, sem er hagfellt, af því að vantar það, sem er afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Það væri æskilegt t. d., að hafa járnbrautir í Skaptafellssýslu, þar sem strandsiglingaskipin geta ekki komizt að; en hvar eru peningarnir? Eins er með þessa breytingu, að þótt hún kunni að vera hagkvæm, hlýtur hún að stranda á peningaleysi. Eða er útlit til, að hagur manna verði miklu betri næsta ár eða eptir nokkur ár? Jeg held ekki. Ef svo væri, þá ættu þær kvartanir um vesöld og harðæri, sem komið hafa fram, ekki við eins mikil rök að styðjast, eins og af er látið. Þess vegna verður að gjöra ljósa grein fyrir, að verulegur hagnaður sje að breytingunni, áður en farið er lengra út í hana. En hvorki nefndin eða h. deild hefir sýnt það. Konungur eða landstjóri getá eins sagt nei, eins og konungur og ráðgjafi nú. Ef farið væri fram á frestandi neitunarvald, þá væri um nokkuð að tala; en eins og frv. er, er það óþarft. Öll niðurstaðan verður sú, að hið eina, sem er æskileg breyting, er að fá ráðgjafann á þing, eins og jeg fer fram á í minni uppástungu.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eptir minni meiningu hafa spunnizt óþarflega mörg orð viðvíkjandi því, hvort stjórnarskráin gæti orðið tekin burt með dönskum lögum, er gerðu breytingu á stöðulögunum 2. jan. 1871. Jeg sagði, að hið almenna löggjafarvald í Danmörku gæti breytt stöðulögunum; það er áreiðanlegt; og mótmæli vor gegn því yrði jafn árangurslaus og gegn stöðulögunum sjálfum, og að þannig gæti stjórnarskráin þar af leiðandi fallið burt; þetta getur hver heilvita maður skilið. Jeg skildi ekki h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Honum fannst ekki vera framar innlend stjórn inni falin í þessu frv. en í stjórnarskránni, sem vjer höfum; en hvað vill hann þá með sinn sjerstaklega ráðgjafa? hvernig getur sjálfsstjórnin orðið meiri fyrir það, úr því ráðgjafarnir eptir frumvarpinu með ábyrgð fyrir alþingi ekki auka sjálfstjórn þjóðarinnar? Hann er þó aldrei að fara fram á sjerstakan ráðgjafa, af því, að hann vilji minni sjálfstjórn en við höfum eða jafna sjálfstjórn þeirri sem vjer þegar höfum? Nei! sjálfsagt af því, að hann að eins vill taka smærri spor og fara hægar í sjálfstjórnarframförunum; en við þetta kemur þingmaðurinn í mótsögn við sjálfan sig. Hann gaf líka í skyn, að ef hans tillaga fengist, gæti verið, að hin meiri breyting, sem nefndin fer fram á, fengist seinna. Í þessu felst einnig mótsögn gegn því, sem þingmaðurinn sagði. Heldur hann að öðru leyti, að kostnaðurinn yrði svo óbærilegur á millibilinu, frá því að þessi lög kæmu út, og þangað til breytingin eptir hans reikningi ætti að fást? Jeg skil ekki það, sem hann sagði um þessar 50 þúsundir. Jeg hef sagt, að útgjöldin yrðu um 60,000, en aptur spöruðust 47 þúsund, og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir sýnt ljóslega fram á, að kostnaðurinn er að eins munurinn á þessum

upphæðum. Jeg get ekki sannfærzt um, að þessi mismunur verði svo voðalegur, þegar ekki veltur á meiru en 10—13 þúsundum. H. þm. sagði, að mjer virtist, að ef trygging væri fyrir því, að líklegra væri að landstjóri staðfesti lög þingsins framar en konungur, eins og nú hagar til, þá mundi hann ganga inn á frv. Hvað kemur til, að lög vor ná eigi staðfestingu konungs? Það kemur til af því, að þau eru lögð undir úrslit og atkvæði ríkisráðsins í Danmörku, af því þau eru lögð til álits ókunnugrar stjórnar, sem alþingi hefir ekki átt kost á að semja við. Úr þessu vill h. þm. bæta með því að fá sjerstakan ráðgjafa, sem að eins mæti á alþingi, en sje að öðru leyti einlægt í Danmörku, og hafi sjálfsagt sæti eptir sem áður í ríkisráðinu, og því enga ábyrgð fyrir alþingi. En hvers vegna vill hann nú ekki stíga einu feti framar, því feti, sem allt er undir komið, og fá innlenda ráðgjafa? því ef innlendir ráðgjafar væru, þá veit jeg hann efast þó ekki um, að þeir mundu þekkja mun betur til hags landsins, en nú gerist með ráðgjafa Íslands; enda yrðu þeir alveg óháðir ríkisráðinu, en hefðu að sjálfsögðu ábyrgð fyrir alþingi. Sjer þingmaðurinn nú ekki ástæðuna til að samþykkja frv? Annars sýnist mjer ekki þessar uppást. alveg og að öllu leyti útiloka hvor aðra. Þær geta staðið hvor við hliðina á annari, að því leyti sem þær báðar miða á fram; en frv. fer fram á stefnu, sem í eitt skipti fyrir öll tryggir lögbundið stjórnarfyrirkomulag á Íslandi. H. þm. er þannig ekki alveg fráhverfur nefndinni. Hann játar, að ástandið, sem er, sje ekki hafandi, og að það þurfi breytingar við, en breyting hans er hálfverk og fullnægir því ekki þörfum vorum. Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala meira í þetta skipti.

Friðrik Stefánsson: Jeg ætla með fám orðum að gera grein fyrir skoðun minni á þessu mesta áhuga- og velferðar-máli landsmanna. Af hverju skyldi það hafa verið, að Íslendingar á dögum þjóðveldisins stóðu ekki á baki neinni af nágrannaþjóðum sínum og frændum, hvorki að hreysti nje íþróttum, vísindum, skáldskap eða annari bæði andlegri og líkamlegri atgjörvi? Af því þá var stjórnin innlend, þá var hjer lýðveldi, en annarstaðar einveldi; en þess frjálsari sem stjórnin er, og þess meiri þátt sem þjóðin sjálf tekur í stjórninni, á þess hærra og blómlegra stigi stendur öll andleg og verkleg framför og hvers kyns menntun í landinu. En því hjelzt nú ekki þessi fagra frelsis- og framfaraöld lengur? af því að illu heilli gengu Íslendingar árin 1262—64 undir Norvegskonung, og síðan fór öllu hnignandi, sem gott var og þjóðlega frjálst í landinu, og eptir því sem hið útlenda stjórnarvald varð ríkara í landinu, að sama skapi hnignaði landsmönnum, og það svo, að þegar komið var fram á 18. öld, ætlaði Danastjórn að flytja Íslendinga suður á sandheiðarnar á Jótlandi, sem Danir þá ekki voru búnir að læra að rækta nje gera byggilegar; nú hafa þeir lært það. Svona hefur það gengið. En nú er öldin önnur. Nú erum vjer búnir að fá stjórnarskrá. Skáldin kepptust um að kveða lofsöngva um þessa miklu »frelsisskrá í föðurhendi«. Reyndar sáu beztu menn landsins þegar, að á henni voru ekki svo litlir gallar; en þeir glöddu sig við ókomna affarasæla samvinnu milli þings og stjórnar, og þá mundi allt lagast. Á hverju byrjar svo fyrsta löggjafarþing vort (1875)? Það byrjar á, að semja rífleg launalög handa æðstu embættismönnum vorum. Jú, þau voru óðara samþykkt af stjórninni. Svo heldur löggjafarþingið áfram, og samþykkir mörg lög; en þá fer að bóla á því ekki svo sjaldan, að ráðgjafi Íslands í Kaupmannahöfn finnur köllun hjá sjer til að ráða hans hátign konunginum frá að samþykkja ýms lagaboð þingsins, enda lítilfjörleg lagaboð. Og jeg vil segja, að það er honum (ráðgjafanum) að þakka, að við nú hreyfum svo duglega við stjórnarskrá vorri, því við sjáum, að hjer duga ekki tóm komplíment; hjer dugar engin hálfvelgja, ekkert kák í stjórnarbótarmáli voru.

H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) setti við 1. umr. þessa máls fram þær tvær spurningar: »Er þetta nauðsynlegt fyrir oss?« og: »Er nokkur von til þess, að vjer munum fá þessu

framgengt?« Reynslan sannar, eins og jeg hef áður tekið fram, að það er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga, að fá það stjórnarfyrirkomulag, sem reynslan hefur sýnt, að bezt hefur gefizt og orðið til mestrar eflingar öllu góðu og frjálsu. En viðvíkjandi hinu síðara, vil jeg setja fram þá einföldu spurningu við 1. þm. Eyf. (A. Ó.): Eigum vjer ekki að vera hreinskilnir? 31. gr. stjórnarskrárinnar segir já, þar sem hún segir, að þingmenn sjeu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Og vjer svíkjum sjálfa oss, fósturjörð vora og konunginn, ef vjer ekki förum í öllu óhræddir eptir sannfæringu vorri. Og hvað sem embættismönnunum líður eða hinum konungkjörnu eða þeim, sem á einhvern hátt eru stjórninni háðir, þá vona jeg, að flestir hinir þjóðkjörnu þingmenn fylgi sannfæringu sinni fast fram, en sjeu ekki að geta sjer til, hvað danskur stjórnmálamaður suður í Kaupmannahöfn, og þó hann heiti nú Íslands ráðgjafi, kynni að veita eða rjettara sagt ráða hans hátign konunginum til að samþykkja; því vjer erum komnir hingað til þess að fylgja sannfæringu vorri afdráttarlaust og gæta rjettar fósturjarðar vorrar eins og við bezt höfum vit á.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. forseta, hvort slík orð megi ganga óátöluð, sem h. 1. þm. Skagf. (Fr. St.) brúkaði nú í ræðu sinni, er hann dróttaði því að embættismönnum og hinum konungkjörnu þm., að þeir mundu ekki fara eptir sannfæringu sinni.

Forseti: Jeg verð að játa það, að jeg heyrði ekki nákvæmlega, hvað þingmaðurinn sagði, en ef hann hefur viðhaft slíkar aðdróttanir um samþingismenn vora, þá skora jeg á hann að taka þau orð aptur.

Friðrik Stefánsson: Jeg talaði að eins það, sem mjer finnst, sem er það, að jeg álít, að sumum embættismönnum og konungkjörnum þingmönnum virðist sjer skyldara að fylgja skoðunum stjórnarinnar, heldur en hinum þjóðkjörnu, og finn jeg því enga ástæðu til að taka þessi orð mín aptur.

Benidikt Sveinsson: Jeg tók nákvæmlega eptir því, sem h. 1. þm. Skagf. (Fr. St.) sagði, og það lá við, að orð hans hneyksluðu mig, og það skal jeg játa, að það var mögulegt, að leggja þann skilning í orð þm., sem hæstv. landsh. gjörði, en það var jafn mögulegt og engu síður, að skilja þau á annan hátt, sem hinum háttv. þm. var alveg lýtalaus.

Forseti: Jeg skal því álíta, ef þm. hefur eitthvað sagt í þessa átt, að hann þá vllji það oftalað hafa, svo framarlega sem nokkuð lá í því miður sæmilegt, því vjer eigum að sýna samþingismönnum vorum meiri virðingu en svo.

Jón Sigurðsson: H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hjelt, að jeg hefði ekki lesið stöðulögin eða ekki skilið þau. Jeg held nú, að jeg bæði hafi lesið þau og skilið; en hitt er satt, að jeg skil þau ef til vill öðruvísi en hann. Jeg hygg, að stöðulögin hafi verið gefin með þeirri »forudsætning«, að við fengjum ekki sjerstakan ráðgjafa, heldur einungis þann, sem og hefði ráðgjafastörf í Danmörku á hendi, enda hefur sú raun orðið á, að stöðulögin hafa verið skilin þannig. Jeg held, að vjer gætum heldur aldrei vænzt eptir því, að fá sjerstakan ráðgjafa, sem ekki hefði um annað að hugsa en íslenzk mál, án þess við yrðum að kosta hann sjálfir. Hvað kostnaðinn snertir, hversu mikill hann mundi verða, þá skal jeg ekki fara frekara út í það, því þetta er ekkert aðalatriði í þessu máli; spurningin er, hvort þetta stjórnarfyrirkomulag er nauðsynlegt eða ekki, en ekki, hvort það kosti mikið eða lítið, því stjórnfrelsi þjóðanna verður aldrei vegið móti peningum.

H. Kr. Friðriksson: Jeg sagði ekki, að h. þm. S.-Þing. (J. S.) hefði ekki lesið stöðulögin, heldur að hann mundi hafa gleymt þeim.

Forseti gat þess, að 4 þm. hefðu nú þegar beðið um orðið, og með því hann vildi, að um slíkt mál, sem hjer væri um að ræða, væri fullkomið málfrelsi, og sumir þm. hefðu auk þess látið þá ósk í ljósi, að geta komið með breyt.atkv. við næsta kafla, en nú væri áliðið dags, þá frestaði hann þessari umr. til morguns.

Tuttugasti og sjötti fundur, föstudaginn 30. júlí kl. 11 f. hád. Allir á fundi.

Þingsályktunartillaga um hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn (C. 221, breyt.till. 219). Ein umr.

Flutningsmaður (Jón Sigurðsson): Jeg ætla fyrst að leyfa mjer að skýra frá, hvernig þessi þingsályktunartillaga er fram komin, og er það svo, að alþingi hefur fengið áskorun frá nokkrum Íslendingum í Kaupmannahöfn, sem nefndinni var fengið í hendur. Í því skjali er því yfir lýst, að Íslendingar í Kaupmannahöfn álíti það fyrirkomulag, sem nú er á hinni íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn, svo fráleitt og í alla staði óhæfilegt, að það geti orðið stórlega hættulegt fyrir sjálfsforræði vort og löggjafarvald þingsins. Þess er og getið í skjalinu, — sem er til sýnis á lestrarsalnum —, að ráðgjafi Íslands, Nellemann, hafi gefið nefnd manna, sem árið 1878 var af Íslendingum í Höfn send til hans, von um — og jafnvel loforð um, að æðstu embætti stjórnardeildarinnar skyldi skipuð innbornum Íslendingum, ef kostur væri á. Í þeirri nefnd var einn nú verandi alþingismaður, og er það efalaust h. 1. þm. S.-Múl. (T. G.), og gæti hann því ef til vill gefið greinilegri upplýsingu um það mál. Jeg skýri að eins frá því, sem þessir Íslendingar í Kaupmannahöfn bera sig upp undan í skjali því, er jeg áður um gat, og verð jeg að ætla, að umkvartanir þeirra sjeu á rökum byggðar.

Þessu næst skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um uppruna hinnar íslenzku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn. Hún er fyrst stofnsett 10. nóv. 1848 eptir tillögu þá verandi Premier-Ministers A. V. Moltke. Í tillögu hans til konungs um stofnun deildarinnar er það skýrt og afdráttarlaust tekið fram, að nauðsynlegt sje, að sá maður sje skipaður fyrir hina íslenzku stjórnardeild, sem sje nákunnugur ástandi Íslands, enda var sú tillaga tekin til greina, því að þá var það íslenzkur maður, sem var skipaður formaður deildarinnar, sem mörgum hinum eldri Íslendingum var að góðu kunnur, og þarf jeg eigi að nafngreina hann; og þegar hann fjell frá, var annar Íslendingur settur í deildina, sem margir Íslendingar einnig þekktu, en hann er nú einnig dáinn. Í hans stað er nú kominn alveg danskur maður, sem að líkindum skilur ekki eitt orð í íslenzku, og hlýtur, sem von er, að vera mjög ókunnugur ástandi Íslendinga. Nú er því alveg vikið frá hinu upprunalega fyrirkomulagi um stofnun deildarinnar. Í stjórnardeildinni er nú eigi nema einn Íslendingur, sem auk þess er lágt settur í deildinni og að jeg ætla næstur þeim lægsta, og hefir því að líkindum lítið að segja í stjórnardeildinni, þegar um Íslands málefni er að ræða. Slíkt fyrirkomulag álít jeg eigi heillavænlegt fyrir oss. Jeg hef líka orðið þess var, að þingmenn, og það eigi að eins þjóðkjörnir, heldur líka konungkjörnir, hafa bæði í Ed. og Nd. eigi verið ánægðir með þau lagafrumvörp, sem á stundum hafa komið frá stjórninni til þingsins, og sem að sögn eru samin í deildinni. Að minnsta kosti er það víst, að málið á þeim frv., sem komið hafa frá stjórninni að þessu sinni, er alls eigi svo vandað sem vera ætti og æskilegt væri, enda hefir orðið að breyta málinu að mun á flestum þeim frumvörpum, sem þingið hefir aðhyllzt. Þetta sýnir ljóst, hversu óeðlilegt og óhægt fyrirkomulagið er með stjórnardeildina, og verð jeg því að álíta, að full ástæða sje til að koma með þessa þingsályktun, sem mjer finnst hógleg og rjettlát í alla staði.

Landshöfðingi: Jeg ímynda mjer, að h. þm. verði að kannast við það sem almenna reglu, að það sje ekki rjett, að þingið skipti sjer af þeim málum, sem atkvæði þingsins getur eigi haft þýðingu um; en jeg álít, að þessari þingsályktunartillögu sje þannig varið. Hjer er eigi að ræða um íslenzka embættisskipan, sem kostuð sje af landssjóði, heldur um embættismenn, sem ekki eru launaðir úr landssjóði hjer, heldur úr ríkissjóði. Þetta atriði er svo þýðingarmikið, að jeg álít að þingið geti eigi ætlazt til að hafa þegar af þessari ástæðu nokkur áhrif á skipun þessara embættismanna. Tilefnið til þingsályktunar þessarar er, eins og h. flutningsmaður sagði, eitthvert skjal frá íslenzkun stúdentum í Kmhöfn; en jeg

get alls eigi hugsað mjer, að þm. þurfi á upplýsingu stúdenta í Kmhöfn að halda, og að það sje hreinn óþarfi fyrir þá, að fá uppfræðingu eða leiðbeiningu hjá þeim um landsins málefni. Jeg get eigi skoðað þingsályktunartillöguna annað en ásökun til stjórnarinnar fyrir það, hvernig hinni íslenzku stjórnardeild er skipað, og verð jeg að taka það fastlega fram, að slík ásökun er ástæðulaus og á ekki við, og eins og jeg tók fram hefir þingið ekkert atkvæði í þessu máli, þar sem hjer er að ræða um embætti, sem ekki eru launuð úr landssjóði. Þegar jeg les þingsályktunartillöguna, sje jeg, að hún hljóðar svo, að á ráðgjafann er skorað, að sjá svo fyrir, að hin íslenzka stjórnardeild sje skipuð þeim mönnum, sem kunna íslenzka tungu til hlítar. Það ætla jeg muni vera erfitt; og hvað er að kunna íslenzku til hlítar? Það hygg jeg að h. flutningsm. (J. S.) geti eigi sagt, og mjer þykir næsta líklegt, að hann sjálfur kunni eigi íslenzku til hlítar. Það eru víst fáir, sem geta náð þeim fullkomnleika, að hægt sje að segja, að þeir kunni mál til hlítar, og þótt einhver næði sem mestri fullkomnun í máli, álít jeg, að sjaldan verði sagt, að sá og sá kunni málið til hlítar. Að hin ísl. stjórnardeild hafi þá þekking á íslenzkum málum, sem nauðsynleg er, held jeg h. nefnd hafi engan rjett til að vefengja. Mjer er annt um, að frá þinginu komi ekkert það, sem er ástæðulaust og þannig vaxið, að ekkert tillit þarf að taka til þess, en það finnst mjer að mundi verða, ef þessi þingsályktun næði fram að ganga, og vildi jeg því helzt óska, að hún sje felld nú þegar.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli, en finn nú skyldu mína, fyrst h. flutningsm. (J. S.) benti til mín sem kunnugs manns um þetta mál, að gefa þær upplýsingar, sem jeg get, en verð um leið að geta þess, að jeg man nú ekki nákvæmlega orðin, sem fóru á milli sendimanna og ráðgjafa Íslands 1878. Jeg kannast við það, að jeg var ásamt tveimur öðrum í sendiferðinni til hans. Þá var að tala um að tekin væri Íslendingur fyrir skrifstofustjóra. Þegar jeg nú lít á skjalið frá íslenzkum stúdentum í Kmhöfn, þá sje jeg, að hjer stendur: »En það mega allir sjá, hverjum ófögnuði úrskurður íslenzkra mála megi vænta þjá þeim mönnum, sem allsendis eru ókunnugir háttum þjóðar vorrar, eðli og máli. Þetta viðurkenndi og herra Nellemann«. . . . . Þetta er nokkuð skrítilega að orði komizt, og munu allir þingmenn sjá, að þetta muni ráðgjafinn aldrei hafa viðurkennt, enda þverneita jeg, að svo hafi verið. Síðar í skjalinu stendur: »og lofaði hann að hafa íslenzka menn« o. s. frv. Jeg man eigi til, að hann beinlínis lofaði því, eins og hjer stendur; en jeg kannast við, að hann talaði, eptir því sem mig minnir, á þá leið, að hann viðurkenndi, að það væri nauðsynlegt, að hafa þann mann í stjórnardeildinni, sem væri kunnugur máli og málum Íslands. Mjer skildist eigi betur, en hann áliti það bezt og hentugast, bæði fyrir stjórnina og Íslendinga, að hinn æðsti maður í skrifstofunni væri íslenzkur og að hann ætlaðist til að svo yrði, þótt hann sjálfsagt eigi lofaði því, þar sem þá var eigi um það embætti að ræða. H. hæstv. landshöfðingi sagði, að þetta mál lægi ekki undir atkvæði þingsins, og lagði því til, að þingsályktunartillagan væri felld. I öðru lagi sagði hann, að þingið þyrfti eigi að sækja ráð til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn. Þingið gjörir það eigi heldur; en þeir hafa vakið máls á þessu og þingið hefir fallizt á það. Mjer finnst heldur eigi ónáttúrlegt nje ótilhlýðilegt, þótt þingið láti í ljósi skoðan sína um málið. Ef þingið lætur hógværlega í ljósi vilja sinn við ráðgjafann, þá get jeg eigi sjeð, að það gjöri annað en það, sem eðlilegt er. Ef þingið felldi þingsályktunina, og skipti sjer ekkert af þessu máli, eins og hæstv. landshöfðingi lagði til, þá gæti það litið svo út sem þingið segði: »Mjer stendur á sama, hver á að fjalla um mín mál og mínar þarfir«; en sú játning væri ekki hreinskilin; flestir hljóta að vera á sama máli um það, að það skiptir

miklu, hver fjallar um málin sem koma til þingsins og fara aptur frá því til staðfestingar konungs og meðmæla ráðgjafans. Ef þinginu þykir eitthvert það orð vera í þingsályktunartillögunni, sem ekki er samboðin virðingu þingsins, eða ráðgjafans, þá má breyta því. Það er alveg satt, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að það væri engin ástæða til þess að þingið væri að ákæra stjórnina nú; en jeg skoða þetta mál engan veginn sem kæru; til þess er eigi ástæða í þetta sinn, því að sjaldan hafa frjálslegri frumvörp og betri komið frá stjórninni en í þetta skipti, t. d. bankamálið og prestakosningarmálið, m. fl. Jeg skoða þessa þingsályktun sem svo, að þingið með þessu vilji láta í ljósi þá ósk sína, að það eigi að vera aðalregla við skipun manna í hina íslenzku stjórnardeild, að þeir kunni íslenzka tungu og hafi nákvæman kunnugleika á málefnum landsins, ástandi og hugsunarhætti landsmanna.

Þórarinn Böðvarsson: Þótt þingsályktunartillaga sú, sem hjer liggur fyrir, sje talin frá stjórnarskrárnefndinni, þá lýsti jeg því þegar yfir, að jeg væri henni ekki samþykkur. Jeg get eigi fallizt á þessa þingsályktunartillögu, og verð jeg að gjöra grein fyrir því. Jeg get eigi fallizt á hana, fyrst af hinum sömu ástæðum, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að mjer þykir tvísýnt að þingið geti haft afskipti af embættisskipun, sjerstaklega þeirra embætta, sem eigi eru launuð úr landssjóði. Jeg álít, að í þingsályktunartillögunni sje farið fram á tvennt: 1., að embætti stjórnardeildarinnar sjeu skipuð þeim mönnum, sem kunna íslenzka tungu; og 2., að þeir beri skyn á mál landsins. Hvað hið fyrra atriðið snertir, veit jeg eigi, hvað með því er meint, að kunna íslenzku til hlítar, og viðvíkjandi þeim mönnum, sem nú er skipað í hina íslenzku stjórnardeild, eru tveir af þeim, sem tekið hafa próf í íslenzku hjer við latínuskólann með góðum vitnisburði. Um forstöðumanninn veit jeg, að hann hefir með alúð lagt sig eptir íslenzkri tungu, og með því hann er gáfumaður, er ástæða til að ætla, að hann sje kominn langt á veg í kunnáttu íslenzkrar tungu. Vegna þessa finnst mjer eigi ástæða til að skora á ráðgjafann. Hið annað atriðið: »að bera skyn á málefni landsins«, er erfiðara, og sje jeg engan útveg til þess, að gefa reglur fyrir því. Jeg veit eigi, hvort það verður með fullri vissu sagt um nokkurn: þessi maður ber gott skyn á málefni landsins. Jeg held það sje eigi hægt. En þegar um það er að ræða, hvort þeir menn, sem nú eru í stjórnardeildinni, beri skyn á málefni Íslands, þá held jeg sje mikil ástæða til að ætla það. Forstöðumaðurinn hefir mörg ár unnið í samfjelagi með íslenzkum manni, sem var vel kunnugur íslenzkum málum og eyddi æfi sinni til að fást við þau með miklum áhuga og kappsmunum, og er því eigi ástæða til að segja, að hann beri eigi skyn á málefni landsins. (J. S.: Það hef jeg aldrei sagt). Þá skil jeg eigi meininguna. Hvað hina aðra menn stjórnardeildarinnar snertir, þá hefir skrifstofustjórinn fjallað í nokkur ár um íslenzk mál þar. Viðvíkjandi hinum tveimur yngstu mönnum deildarinnar er annar þeirra alíslenzkur, en hinn af beztu íslenzkum ættum—það er sonur hins fyrverandi landshöfðingja—og hefir haft kost á að kynnast íslenzkum málum, og var hann hjer á landi fram yfir latínuskólaár sín. Þessi ásökun er því eigi á rökum byggð. Mjer finnst óhugsandi, hvernig ráðgjafinn getur tekið þessa þingsályktun til greina, þótt hann vildi. Meiningin er þó víst eigi sú, að hann reki burtu þá menn, sem eru í stjórnardeildinni nú, nje að hann láti þá taka próf í íslenzku og þekkingu á Íslands málum. Jeg sje eigi aðra meiningu en ef vera skyldi, að hann ætti að gjöra þetta; en það er ógjörlegt. Áskorun stúdenta í Höfn ætla jeg ekki að minnast á. Frá þeirra sjónarmiði hefir getað verið ástæða til áskorunarinnar. Jeg álít það að vísu æskilegt, að hafa íslenzkan mann fyrir forstöðumann stjórnardeildarinnar, en þó er eigi víst, að íslenzkur maður yrði hentugri eða betri en útlendur maður. Forstöðumaðurinn er fjarri landinu; gæti það verið freisting fyrir hann, að hlynna fremur að þeim sem vinir hans væru og hann bezt kunn-

ugur, ef hann væri íslenzkur; svo er það víða í heiminum. En vandaður og samvizkusamur maður, sem er vaxinn stöðu sinni, og hefir nægilega þekkingu, hefir eigi ástæðu til að gjöra annað en það sem hann álítur rjettast og bezt. Hann á sem forstöðumaður Íslandsmála ekki annan vin á Íslandi en landið sjálft. Af þessum ástæðum er jeg á móti þingsályktunartillögunni, og finnst mjer eigi annað, en að hún sje ástæðullítil, ef ekki ástæðulaus, og verð að bæta því við, að hún yrði árangurslítil, ef eigi árangurslaus.

Jón Ólafsson: H. hæstv. ldsh. rjeð frá því, að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, af því þetta lægi fyrir utan verkahring þingsins og það væri ósamboðið virðingu þess, að fara þann veg, sem yrði árangurslaus. Jeg get ekki skilið, að þessar mótbárur gegn uppástungunni sjeu frá eigin brjósti hæstv. ldsh., heldur verð jeg að álíta, að hann hafi talað þessi orð í stjórnarinnar nafni, og sje það svo til komið, að hún hafi búizt við þessari tillögu, af því hún hefur vitað sig verðskulda hana. Þessi þingsályktun fer að eins fram á það, að hin íslenzka stjórnardeild sje og verði skipuð þeim mönnum, sem beztan kunnugleika hafa til íslenzkrar tungu og mála, og jeg get ekki sjeð, að það sje alþingi ósamboðið, að láta það til sín taka, að þessa sje gætt. Eptir stjórnarskránni hefur alþingi eigi að eins rjett til að semja lagafrumvörp; því er og heimilað, að semja ályktanir, ávörp og bænarskrár; og jeg get ekki skilið, að þingið eigi að búast við fyrirfram, að það verði árangurslaust fyrir það, að snúa sjer til stjórnarinnar með kurteislegum tilmælum um, að landsins málum stýri og stjórni kunnugir menn. Jeg held miklu fremur, að þingið eigi að bera það traust til stjórnarinnar, að hún taki þessa tillögu til greina, ef hún er á rökum byggð. Jeg sje eigi, að þingsályktunin sje þannig orðuð, að stjórnin geti fundið hana styggjandi eða hún gangi stjórninni of nærri. Konungur sjálfur hefur áður gefið lög um það, að ekkert embætti á Íslandi skuli veitt útlendum manni, fyr en hann hefur sýnt það og sannað, að hann kunni landsins mál. Þessi uppástunga er alveg samkvæm þeim lögum og hefur ekkert í sjer fremur styggjandi en þau. Er það styggjandi, að álíta að stjórnin muni ei sjálfkrafa gæta slíkrar reglu? Þá er það eins um veiting embætta á Íslandi. Og reynslan sýnir, að stjórnin þarf hjer áminningar við. Ef kunnátta í íslenzku er nauðsynleg til að geta gegnt jafnvel hinum minnstu embættum landsins, ætti það ekki síður að vera svo með þá, sem fást við yfirstjórn allra Íslands mála. Hæstv. ldsh. sagði, að hjer væri of langt farið með því að heimta, að þeir menn, sem um er að ræða, skyldu »kunna íslenzka tungu til hlítar«. Hann sagði, að það mundu fáir vera, og jafnvel ekki flutningsmaður (J. S.). Jeg hygg, að hæstv. ldsh. hafi hjer einmitt ekki skilið sitt eigið móðurmál »til hlítar«. Jeg hygg, að vjer allir þingmenn ásamt hæstv. ldsh. kunnum annars íslenzku »til hlítar«. H. þm. þekkja vísuorðið: »Hlít var at því lítil« í Droplaugarsonasögu. Það er sama sem lítir gagn, lítil not voru að. »Til hlítar« þýðir ekkert annað en: svo að gagni komi. »Til nokkurrar hlítar ok þó eigi vel« stendur t. d. í Ólafs sögu helga. Að kunna íslenzku til hlítar er sama sem að kunna íslenzku svo, að haldi eða gagni komi. Það liggur alls eigi í því orði sá strangi skilningur, sem hæstv. ldsh. fór fram á, að kunna málið vísindalega. En margt má þar á milli vera; og eitt dæmi upp á það, að kunna málið ekki til hlítar, er það, þegar stjórnin leggur orðin »efter Skjön« út: »af handahófi«, sem jeg ætla sje í ástæðum eins af frumvörpum þeim, sem nú liggja fyrir þinginu. Það er að kunna málið ekki til hlítar, og af öllum frv. í ár er auðsjeð, að stjórnin kann ekki málið til hlítar. Það mætti virðast undarlegt, að þeir, sem hafa haldið því fram, að engin þörf væri á stjórnarskrárbreytingu, því að, ef farinn væri bónarvegur, mundi fást sjerstakur ráðgjafi, — það mætti virðast undarlegt, segi jeg, ef þessir menn treysta ekki stjórninni til þess, að verða við

jafn smáfeldum og rökgóðum tillögum sem þessi þingsályktun fer fram á. Eða getur nokkur álitið það rjett, að skipa hina íslenzku stjórnardeild þeim mönnum, sem ekki kunna íslenzka tungu? Jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur muni svara já til þeirrar spurningar. H. flutningsm. (J. S.) skýrði frá, að um árið hefði verið skorað á ráðgjafann að taka íslenzkan mann inn í stjórnardeildina. En jeg skal gefa upplýsingar um það, að sú áskorun var eigi sprottin af því, að enginn Íslendingur væri þá í deildinni, heldur var þá laust næst æðsta embættið þar, og var því farið fram á, að Íslendingur væri settur í eitt af hinum áhrifamestu embættum þar. Jeg legg litla áherzlu á það, þótt 1—2 Íslendingar sjeu í hinum lægstu embættum í deildinni. Hitt er meira um vert, að Íslendingur sje í því embætti, sem mest hefur áhrif á úrslit málanna, svo að stjórnin þurfi eigi að sjá allt með annara augum, heyra allt með annara eyrum. Hæstv. ldsh. sagði enn fremur, að það væri ekki samboðið virðingu þingsins, að taka tillit til ummæla stúdenta í Khöfn. En jeg verð að segja, að mig gildir einu, hvaðan gott kemur. Þessi till. hefði án efa komið hvort sem var. Hvort sem tillaga kemur frá barni, stúdentum, eða áttræðum manni, stendur mjer alveg á sama. Jeg lít á innihaldið, efnið, og sje það er gott og gilt, er mjer sama, hvaðan það kemur. Jeg skil eigi að h. hæstv. ldsh. skuli meta nú orð stúdenta svo lítils, og álíti það ótilhlýðilegt, að íslenzkir stúdentar, sem einmitt eru í fullum blóma á bezta aldursskeiði, gefi gaum að, hvernig fram fer stjórnarmálum landsins. Mjer virðist þetta því undarlegra, sem jeg nú held á tveim bókum, sinni í hvorri hendi, sem íslenzkir stúdentar Khöfn hafa ritað í margt gott og þarft og rjett um íslenzk mál til að vekja áhuga manna á þeim. Bækurnar eru árgangar tveir af ársriti, sem hjet »Ný félagsrit«, og á báðum þessum bókum stendur nafnið »Bergur Thorberg« á titilblaðinu sem útgefandi; þessi Bergur Thorberg var þá stúdent í Kaupmannahöfn; það er sami maðurinn sem nú er vor hæstv. landsh. og leggur nú svo lítið upp úr íslenzkum stúdentum í Höfn. Mjög mega tímarnir hafa breytzt!

Landshöfðingi: H. 1. þm. G.-Kj. (Þ. Böðv.) tók með svo skýrum rökum fram, hvers vegna þessi þingsál. eptir hans áliti ætti ekki að koma fram. Jeg hef fáu við að bæta það sem h. þm. sagði, enda hefi jeg áður tekið fram í þessu máli það sem mjer virðist vera þörf á. En jeg leyfi mjer, að taka það fram aptur, að ef nokkur meining er í þessari þingsál., hlýtur hún að vera ásökun til ráðgjafans fyrir það, sem gjört hefir verið af stjórninni með tilliti til embættaskipanar í hinni íslenzku stjórnardeild. Að þessi ásökun sje á rökum byggð, því verð jeg fullkomlega að neita, og það er enn þá með öllu ósannað, að svo sje. Að vísu hefir h. flutningsm. (J. S.) komið með þá ástæðu, að þingið sje óánægt með, hvernig frv. stjórnarinnnar væru úr garði gjörð, að því er málið snertir. Og af þessum hans orðum hef jeg fullan rjett til að skoða þessa þingsál. sem ásökun á hendur stjórninni. Hann hefir enn þá ekki fært nein rök fyrir þessari ásökun, nema þessa óánægju þingsins, sem hann segir að eigi sjer stað. H. þm. gjörði sjer ekki ómak fyrir, að sanna þetta, en sagði þetta svona almennt. H. 2. þm. S.-Múl (J. Ól.) þar á móti fór lengra inn á málið og tilfærði eitt dæmi sem sönnun fyrir vondu máli eða þýðingu á frv. stjórnarinnar. En það er einkennilegt við þetta eina dæmi, sem hann tilfærði, að þau orð, er hann vitnaði til, finnast ekki í frv. stjórnarinnar; hann sagði nefnilega að orðin »efter Skjön« sjeu þýdd »af handahófi«. En þetta finnst hvergi í frumv. stjórnarinnar eða ástæðunum fyrir þeim. Og þegar ástæðan fellur burt, fellur það líka burt, sem á henni er byggt. Jeg játa það fullkomlega, að það er æskilegt, að þeir, sem eru í hinni íslenzku stjórnardeild, sjeu nægilega kunnir íslenzku máli. En þetta á sjer einmitt stað. Sumir þeirra eru Íslendingar, sumir hafa lært íslenzka tungu og fengizt við íslenzk mál jafnvel í mörg ár. Þó þessari áskorun sje nú beint til ráðgjafans, þá er ekki skorað

á hann að gjöra annað en það sem hann hefir gjört. Hver er þá meiningin? Að skora á ráðgjafann að gjöra það framvegis, sem hann hefir gjört hingað til, er meiningarlítið. Það þarf ekki að upplýsa ráðgjafann um það, að það sje vilji Íslendinga, að þeir menn sjeu í hinni íslenzku stjórnardeild, sem kunna málið—(»til hlítar« hefir nú h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) útlagt sama sem »svo að gagni komi«)—og þekkja málefni landsins. Ráðgjafinn veit það fullvel áður. Það er svo eðlilegt, að hann þarf eigi áskorun þingsins til þess. Jeg get því ekki aðhyllzt skoðun h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um, að það sje gott, að þessar óskir komi frá þinginu, þegar málið er svo vaxið, að þingið eigi getur heimtað að hafa áhrif á veitingu þeirra embætta. Jeg vil því, að þetta mál fari ekki lengra. H. þm. hafa fengið að sýna það með umr. sínum, að þeim er um það hugað, að stjórnardeildin sje skipuð þeim mönnum, sem hafa þekking á íslenzkri tungu og íslenzkum málum; þetta vona jeg að sje nægilegt og ekki þurfi neina áskorun frá þinginu til stjórnarinnar um þetta efni.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að fá að leiðrjetta það, sem jeg sagði áðan. Af því jeg vitnaði til frv. eptir minni, var það ekki rjett hjá mjer, að »efter Skjön« væri þýtt »af handahófi«, heldur er það þýtt: »af sjónhending«. Jeg veit eigi hvort hæstv. landsh. virðist sú þýðing bera vott um meiri kunnáttu í íslenzku!!!

Flutningsmaður (Jón Sigurðsson): Jeg veit ekki, hvort það er meining hæstv. ldsh., að vefengja, að þingið hafi heimild til að samþykkja þessa þingsál. eða ekki, og að það fari lengra í því efni en lögheimilað er. Ef þetta er hans meining, get jeg engan veginn verið honum samdóma. Samkvæmt stjórnarskránni og þingsköpunum hefir þingið eigi að eins leyfi til að semja lög, heldur líka samkv. 27. gr. fulla lagaheimild til, að koma fram með bænaskrár, ávörp, áskoranir og jafnvel kærur, og það kærur yfir þá embættismenn, sem eru í þjónustu landsins, og hjer er þó ekki farið svo langt. Um það, hvort þessi þingsál. er byggð á rökum eða ekki, geta verið blandaðar meiningar. Jeg fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, og jeg hygg að flestir af h. þm. hljóti að vera það líka, að hjer sje verulega efni til umkvörtunar, en að þingið hafi fulla heimild til þess að bera sig upp undan því, sem ábótavant kann að vera hjá þeim embættismönnum, sem eru skipaðir í þjónustu landsins, getur naumast nokkur þingmaður verið í efa um. Að hafa á móti slíku, er óbeinlínis tilraun að takmarka þann umkvörtunar- og tillögurjett þingsins, sem stjórnarskráin heimilar; og vonast jeg til, að hæstv. landsh. bjóði ekki h. þingd. slíkt optar. Að jeg kunni ekki íslenzka tungu til hlítar, get jeg fúslega játað; jeg hefi aldrei í skóla gengið og ekkert próf tekið. Jeg ætti því líka að vera minna vandlátur, og ekki eins heimtufrekur með *tilliti* til fullkunnuglegleika í málinu, eins og þeir, sem betur kunna það. Jeg skil við að kunna málið til hlítar sama sem að skilja það svo, að fullu gagni komi, og geta skrifað það nokkurn veginn lýtalaust. Hvort maður getur talað málið hreint og óbjagað ætla jeg skipti ekki eins miklu í því tilfelli, sem hjer ræðir um. En jeg verð að efast um, að þeir, sem nú eru í hinni íslenzku stjórnardeild, kunni málið svo til hlítar, að minnsta kosti þeir, sem lagt hafa út stjórnarfrv., að þau sjeu fullboðleg hinu löggefandi alþingi Íslendinga. Þetta leyfi jeg mjer að segja; það getur vel verið, að hæstv. ldsh. álíti það ofdirfsku af mjer. Jeg skal ekki koma fram með nein dæmi þessu til sönnunar; það yrði of langt að telja upp alla galla frumvarpanna. Það er nóg að geta þess, að þm. hafa haft ástæðu til að breyta málinu á flestum frv. stjórnarinnar.

H. 1. þm. S.-Múl. (T. G.) var að bera í bætifláka fyrir stjórnina, og sagði, að frv. hennar færu mörg í frjálslega stefnu; en mjer dettur ekki í hug að þakka það stjórnardeildinni, heldur ráðgjafanum. *(Tr. G.:* Jeg nefndi landsstjórnina). Það felst ekki í ályktuninni, að hjer sje beinlínis ásökun til þeirra manna, eða um þá menn, sem nú sitja í stjórnardeildinni, því hvern-

ig á að ásaka þá fyrir það, er þeir ekki geta við gert? Hjer er að eins kvartað yfir, að ekki er fylgt þeim ákveðnu reglum, sem settar voru í öndverðu fyrir skipan stjórnardeildarinnar, og sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp á dönsku, svo að jeg fari ekki rangt með meininguna. Hjer stendur, að deildin skuli skipuð þeim mönnum, »som med flersidige Kundskaber og Routine i Embedsforretninger forene et nöje Kjendskab til de islandske Forhold i det Hele«. Á þessu var þá byggt við veitinguna. Það hefir verið talið forstöðumanni deildarinnar til gildis af h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að hann sje af góðum íslenzkum ættum. En jeg held, að það sje ekki nóg, að vera ættaður úr landinu og hafa ef til vill aldrei stigið sínum fæti á það. Það er víst engin trygging þar með fengin fyrir því, að hlutaðeigandi embættismaður hafi nægan kunnugleika á íslenzkum málum yfir höfuð. Ráðgjafinn hefði átt að gefa einhverjum íslenzkum embættismanni kost á, að taka þetta forstöðumannsembætti að sjer, t. a. m. öðrum hvorum amtmanninum eða einhverjum vönum sýslumanni. Það hefði verið rjettara. Jeg skal svo eigi fjölyrða um þetta mál, en óska eptir nafnakalli við atkvæðagreiðsluna.

Landshöfðingi: Mjer skildist h. þm. S-Þing. (J. S.) álíta, að jeg hefði sagt, að þingið hefði engan rjett til að koma fram með slíkt mál, og þar af leiðandi fann hann ástæðu til að gefa mjer þá áminningu, að bjóða þinginu ekki slíkt framvegis. Jeg leyfi mjer að vísa þessari áminningu h. þm. til baka; jeg tek ekki á móti henni. Að öðru leyti gaf ræða hans mjer ekki ástæðu til frekari athugasemda en jeg þegar hefi tekið fram. Tilgangur þessarar tillögu hlýtur að vera sá, að áminna stjórnina um að fylgja þeirri reglu, sem hún sjálf fylgir og hefir fylgt. Jeg álít því hvorki h. þm. S-Þing. (J. S.) nje h. þingdeild misboðið með því, þótt jeg enn einu sinni ráði til að þessi tillaga sje felld, sem óþörf og ekki við eigandi.

Jón Ólafsson: Jeg ætla í sambandi við það, sem jeg tók fram áðan, að benda á það atriði, að öll frv. stjórnarinnar í ár hefir þingið orðið að rita um að málinu til. Og þingið hefir þó sannarlega annað að gjöra við sinn ónóga tíma, en að verja honum til að leiðrjetta stíla eptir dönsku stjórnina. Jeg vil bæta því við, h. landsh. til hugnunar, að vjer nefndarmenn í bankamálinu urðum fljótt ásáttir á, að það væri bezt og óhultast, að hlaupa alveg yfir íslenzkuna í bankafrumvarpi stjórnarinnar, eins og það var úr garði gjört, en halda oss einungis við dönskuna. Slíkt er þó neyðarlegt á íslenzku löggjafarþingi! Fyrir utan þau dæmi, sem jeg tók þessu til sönnunar áður, sjer í lagi hjer á dögunum, þá vil jeg geta þess, að eptir íslenzkunni skil jeg ekki, og jeg vil spyrja hæstv. landsh. hvort hann skilji 2. grein í frv. stjórnarinnar til fjáraukalag fyrir 1884 og 85? Jeg vil segja, að enginn lifandi maður geti skilið slíka endileysu. En ef maður fer í dönskuna, þá skilur maður það undir eins. Það er þó hart, að gjöra alþingismönnum að skyldu að kunna dönsku, en stjórnin skuli ekki þurfa að kunna íslenzku; það er um of að þröngva rjetti Íslendinga, ef þeir mega ekki velja aðra á þing en þá, sem kunna dönsku, einmitt stjórnarfrumvarpanna vegna. En þessi takmörkun á kjörgengishæfileikum þingmannaefna hlýtur þó að verða afleiðingin af vankunnáttu stjórnarinnar á íslenzku. En því fer svo fjarri, að það sje þinginu ósamboðið að samþykkja það, sem líkur eru til að stjórnin ekki muni ganga þegar að, að það er heilög skylda þingsins, að reyna að lagfæra það hjá oss, sem er í ólagi. En jeg vil þvert á móti segja, að það er ósamboðið h. stjórn, að leiðrjetta ekki það sem vjer förum með allri hógværð fram á, ef það er á rjettum rökum byggt, svo sem þetta er.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla að gjöra með fáum orðum grein fyrir atkvæði mínu. Hæstv. landsh. hefir hjer tekið í þetta mál á annan hátt en endranær, og frá sjónarmiði nefndarinnar ekki á rjettan hátt. Hann áleit það þinginu óviðkomandi, að skipta sjer af, hverjir menn væriir skipað í

þessi embætti. Þetta er nú rjett, þegar það er bókstaflega tekið. En það datt nefndinni sjálfsagt heldur ekki í hug, að þingið ætti að skipa menn í þessi embætti. En allt annað mál er það, hvort þingið að öðru leyti þarf og á, að láta það vera afskiptalaust, hvort þeir menn eru skipaðir í embættin, sem eru færir um að fjalla um íslenzk mál, eða ekki. Hæstv. landsh. sagði, að þinginu væri það óviðkomandi, af því þeir ekki fengju laun úr landssjóði. Þetta ætla jeg að ekki muni vera afgjörandi ástæða. Það stendur nú að vísu í stöðulaganna 6. gr.: »Gjöld til hinnar æðstu stjórnar í Kaupmannahöfn greiðist úr ríkissjóði«; en þá var einmitt þræta um kröfur Íslands til ríkissjóðs; og jeg get ekki dæmt um, hvernig ríkisþingið hefir litið á það mál, en get ímyndað mjer að það hafi vakað fyrir ríkisþinginu, að þessi gjöld skyldu vera eins konar uppbót fyrir það, að Íslendingar fengu langt frá ekki það tillag úr ríkissjóðnum, sem þeir kröfðust og þóttust eiga fulla heimting á. Eitt er víst, og það er það, að ríkisþingið skammtaði eptir geðþekkni Íslandi úr hnefa, og að Íslendingum var fyrirmunað að koma fram sem rjettbærum málsparti gagnvart ríkissjóðnum.

En enda þótt nú ekki væri tekið tillit til þessa atriðin, sem þó er þýðingarmikið, þá get jeg samt alls ekki fallizt á það, að það skipti þingið engu, hverjir þeir menn eru, sem fjalla um hin íslenzku mál á efsta stigi, hvort þeir kunni t. a. m. íslenzka tungu eða ekki, hvort þeir eru kunnugir Íslands högum og íslenzkum málum, eða eru alls ófróðir um allt slíkt, enda ríður því meira á þessum kunnugleika, því fjarlægari sem stjórnin er. Þeir eru ekki embættismenn á Íslandi, segir hinn hæstvirti landshöfðingi. Það er líka rjett, bókstaflega tekið. En þeir eru í íslenzkum embættum, stofnuðum til að fjalla um málefni vor á efsta stigi og til að fella rjettan en ekki rangan úrskurð í þeim; en það geta þeir því að eins að þeir hafi hæfilegleika til þess, að sjá það sem rjett er og við á. Hjer er svo nálægt takmörkunum, að það er ómögulegt að segja, að þetta sje alþingi óviðkomandi, nema það sje óviðkomandi alþingi, hvað lagt er til hinna íslenzku mála í Kmhöfn, og yfir höfuð, hvernig stjórn íslenzkra mála í Kaupmannahöfn fer fram; þá fer nú að kasta tólfunum með stjórnarfyrirkomulagið á Íslandi, sem á að vera svo ágætt, svo óhagganlegt. Nei, með þessu er svo mikið sagt, að það getur ekki verið meining h. hæstvirta landshöfðingja.

Á hinn bóginn er það ekki rjett skilið, að hjer sje um ásökun að ræða; hún yrði að koma öðruvísi fram. Alls ekki. Það er að eins bending fyrir hinn ókomna tíma, nauðsynleg ósk, nauðsynleg áskorun um að stjórnardeildin verði framvegis skipuð þeim mönnum, sem hafi næga og tryggjandi þekkingu á ísl. málum og íslenzkri tungu. Jeg finn ekkert varhugavert í þessu; þvert á móti vil jeg gjarnsamlega skora á ráðgjafann, að hlutast til um, að þessa verði vandlega gætt framvegis. Það er að segja upp frá þeim degi, að áskorun þessi kemur í hendur stjórnarinnar. Meira að segja: jeg álít það vera helga skyldu frá þingsins hálfu, og sjer í lagi ef jeg skoða málið frá þeirra sjónarmiði, sem segja að allt sje með felldi, að stjórn Íslands mála sje nú sem stendur hin bezta og haganlegasta, sem orðið geti og ákjósanlegt sje. Þá er áskorunin, svona skilin, alveg á rjettum rökum byggð, því eigi tekur til nema þurfi, en alþingi hefir ástæðu til að vera efablendið. H. hæstv. ldsh. drap á, að það ætti ekki við, að þingið fengi upplýsingar hjá ungum stúdentum í Kmhöfn. Það er vitaskuld góð bending fyrir þingið, að hlaupa ekki eptir öllu, sem það heyrir. En jeg vil vísa til allrar stjórnarsögu Íslands, og spyrja, hvort þetta sje í fyrsta skipti, sem Íslendingar í Kmhöfn hafa snúið sjer til alþingis. Nei, þeir hafa opt gjört það áður, og meira að segja til stjórnarinnar sjálfrar, og það opt með góðum árangri; þar á meðal jeg og hinn núverandi h. landsh., þá sem stúdentar í Kmhöfn, og þótti engin ókurteysi eður vanvirða fyrir stjórnina. Það var í fjárkláðamálinu forðum daga. Og jeg vil benda h. landsh. á það, að Tíðindin frá Hróarskeldu

bera ljósastan vottinn um það, að íslenzkir stúdentar frá Kmhöfn hafi jafnvel ráðið þar meiru eða haft meira að segja en tveir háttstandandi fulltrúar Íslands; og sjálfur Örsted, hinn nafnfrægasti maður Dana á þeim tímum, játaði í Hróarskeldu og viðurkenndi hvað eptir annað, að íslenzk mál væru svo löguð, að hvorki hann nje fulltrúaþing Dana yfir höfuð gæti nú dæmt þau sökum ókunnugleika og fáfræði um það, hvernig tilhagaði á Íslandi. Þetta kemur nú fram áður en alþingi er stofnað; það var þetta þá, sem beygði stjórnina; svona mikið höfðu þessar sannleikans raddir að segja; og skyldi þá hið löggefandi alþingi 1885 álíta þessar raddir einkis virði um málefni og viðburði, sem fara fram í Danmörku, og sem Íslendingar þar miklu betur en vjer, hjer í 300 mílna fjarlægð, geta dæmt um? Sannarlega þekki jeg ekki til þess, hvort þessir háttvirtu embættismenn í hinni íslenzku stjórnardeild bera gott skynbragð á Íslands mál eða ekki; en hitt veit jeg, að vjer eigum *heimting* á, að þeir geri það. Jeg skal þó gera ráð fyrir, að þessir menn fylgi með tímanum og nauðsyn hans. Jeg vona þannig, að hæstv. landsh. geti látið þetta mál þannig frá sjer fara til stjórnarinnar, að það verði hvorki honum, þinginu nje henni til vansæmdar eða skapraunar, heldur öllum hlutaðeigendum til gagns og sóma.

Atkvæðagr.: Breytingartillagan (C. 219) var tekin aptur. Var síðan gengið til atkv. um þingsályktunartillöguna sjálfa (C. 221), og var hún samþykkt með 21 atkv. gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingmanna. *Nei* sögðu: Arnljótur Ólafsson og Þórarinn Böðvarsson.

Tillagan var síðan send forseta efri deildar til að leggjast fyrir þá deild.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Framh. 2. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Þar sem engin veruleg breytingaratkv. liggja fyrir, sem fara í aðra átt en sjálft frumv., þá sje jeg ekki til neins að tala um einstök atriði, t. d. um landsstjórann og landsstjórnina; ætla jeg því einungis að tala um málið í heild sinni.

Jeg skal geta þess, að mjer líkar ekkert af frv. þeim, sem fram hafa komið, hvorki 1881, 1883 nje nú 1885. Jeg skal seinna sýna betur, hvers vegna. Jeg hef opt lagt þá spurningu fyrir sjálfan mig: hvað á jeg að gera? Gera breytingar á líkan hátt og frumv. 1883, eða samþykkja þetta frumv. óbreytt? Og jeg hef komizt að þeirri niðurstöðu, að jeg ætti ekkert að gera; jeg ætti að láta forvígismenn þessa máls vera óhindraða, svo þeirra ábyrgð og vandi af málinu sje óskertur. Að jeg hef komizt að þessari niðurstöðu, er ekki beinlínis af því, að jeg hafi tekið tillit til yfirlýsingar hæstv. landsh., þar sem hann sagði í umboði ráðgjafans, að það væri ekki til neins að tala um þetta mál, því það væri árangurslaust. Jeg verð að skoða þessa yfirlýsing svo, að ráðgjafinn álíti ekki ráðlegt, að hreyfa þessu máli nú, af því að hann geti ekki fallizt á neina breytingu á stjórnarskránni nú sem stæði, en ekki af því, að hann vildi það ekki. Mjer er ómögulegt að skilja þessa yfirlýsing, sem þinginu er send svona fyrir fram, á þann hátt, að ráðgjafinn vilji ekki ganga að neinum breytingum, heldur að hann geti það ekki í þetta sinn. Mjer er ómögulegt að skilja í því, ef jeg á vin, sem jeg ætla að mælast til einhvers af, og svo hefur hann fengið grun um, að jeg muni ætla að biðja hann um eitthvað, en veit þó ekkert, um hve mikið, og hann þá gerir mjer orð fyrir fram, að alveg árangurslaust sje að biðja hann nokkurs, því hann geri það alls ekki, hversu lítil og hversu sanngjörn sem bæn mín svo sje. Mjer þætti þetta skrítin orðsending og gæti jeg ekki vel skilið hana. Eins er með þetta. En í hinu get jeg skilið, að ráðgjafinn geti ekki gengið að neinum breytingum nú. Hann veit ekkert um, hvað vjer viljum biðja um, og þess vegna getur hann ekkert um það sagt, hvort hann vilji veita það eður eigi, og því er sú yfirlýsing nokkuð óskiljanleg, að hann ekki ætli að veita Íslendingum neina ósk uppfyllta í því efni; því svo sanngjarnt getur það verið, sem vjer biðjum um, og svo lítið, að það ómögulega geti verið hans vilji, að neita oss um það. En

í hinu get jeg vel skilið, að eins og ástandið er nú í Danmörku, þá geti hann ekki veitt neitt í þessu efni, einmitt af því, að ráðgjafi vor er einnig danskur ráðherra. Áður en jeg fór frá Kaupmannahöfn í vor, sá jeg í blöðunum, að stjórnin hafði optar en einu sinni fengið konung til að samþykkja, að hún mætti taka svo og svo mikið fje til ýmislegs, sem ríkisþingið í Danmörku hafði annaðhvort ekki ráðið til, eða verið mótfallið. Enn fremur sá jeg í blöðunum, að skólakennurum og fleirum embættismönnum hafði verið bannað að láta aðrar skoðanir í ljósi en stjórninni væru geðfelldar, og hótað embættismissi, ef út af brygði. Þegar nú ástandið er svona í Danmörku, þá er skiljanlegt, að ráðgjafinn, sem er bundinn í þetta stjórnarráð, eigi bágt með, þó hann að öðru leyti feginn vildi, að fá framgengt frjálslegri stefnu fyrir nokkurn hluta ríkisins. Einmitt þetta kemur mjer til að hallast að uppástungu minni hlutans, sem fer því fram, að biðja konung um sjerstakan ráðgjafa eingöngu fyrir Íslands mál, því ef vjer hefðum haft sjerstakan ráðgjafa, þá skil jeg ekki í, að þingið hefði fengið þessa orðsendingu. Jeg skil ekki í, að hann hefði þá komið og sagt við þingið: jeg hvorki vil nje get gert það, sem þið farið fram á. Jeg veit, að sá ráðgjafi, sem nú er, er svo sanngjarn og vitur maður, að hann hefði aldrei gert þetta undir þeim kringumstæðum.

Ástandið í Danmörku er því eitt af því, sem gjörir þennan tíma og þetta þing mjög óhentugt til þess að koma fram með breytingar á stjórnarskránni, og því hefði jeg helzt óskað, að þetta mál færi ekki frá þinginu í ár. Ekki er það beinlínis af því, að jeg álíti, að þetta stjórnarfyrirkomulag sje með öllu ofvaxið hvað fjárhaginn snertir, því þar er jeg á sömu skoðun eins og hinn h. þm. S.-Þing. (J. S.) o. fl., að ómögulegt sje að vega frelsi á móti peningum, þegar um ágætt stjórnarfyrirkomulag er að ræða. Ef jeg væri sannfærður um, að þetta fyrirkomulag væri stórum betra, en hið núverandi með nokkrum breytingum, þá skyldi jeg fúslega fylgja því; en því ver get jeg ekki verið sannfærður um, að það, sem hjer liggur fyrir, sje svo hentugt, þegar á allt er litið. H. framsögumaður (B. Sv.) sagði, að þetta nýja stjórnarfyrirkomulag mundi kosta um 60,000 kr., þar sem hið núverandi kostaði um 47,000 kr.; munurinn væri því eigi nema 13,000 kr. Jeg vil nú ekki verðleggja, hvers virði hentugt stjórnarfyrirkomulag er, eða hve há gjöld þingið ætti að leggja á landsmenn til að koma því á; en jeg vil segja svo mikið, að þetta frv., sem hjer liggur, er ekki 13,000 kr. virði, þegar þar við bætist sá kostnaður, sem nýjar kosningar hafa í för með sjer, og aukaþing næsta ár, sem sjálfsagt mundi kosta um 20—23,000 kr. Það er ekki æskilegt, að leggja svona mikið gjald á landsmenn, í þessu harðæri, sem nú er, fyrir málefni, sem útlit er fyrir að engan framgang hafi í næstu framtíð; þegar litið er á harðærið og ástandið í landinu sjálfu nú sem stendur, þá er auðsjeð, að það hlýtur að draga úr áhuga manna á stórpólitík. Það er því óhentugur tími til að byrja á þessu nú, hvort heldur litið er til ástandsins utan landsins eða innan. Ástandið í stjórnmálum Danmerkur er svo ískyggilegt nú, að H. H. konungurinn hlýtur að vera mjög áhyggjufullur yfir því, og ef nú verða því samferða frekar rjettarkröfur frá Íslendingum, þá getur vel verið, að hann líti ekki á þær með sömu augum, sem hann mundi gera, ef öðruvísi væri ástatt í Danmörku. Það hefir margur orðið stórmenni og frægur einungis fyrir það, að hann lifði eða kom fram á hentugum tíma, og í gagnstæða átt hefir líka margur maður með stórum hæfilegleikum orðið að engu, af því að hann hefir komið fram á óhentugum tíma. Allt að einu er með málin: þau vinnast opt, ef komið er fram með þau á hentugum tíma, en aptur tapast þau algjörlega, þegar þeim er otað fram undir óheppilegum kringumstæðum. Jeg er hræddur um, að svo fari um þetta mál, ef það er með ofurkappi drifið í gegnum þetta þing. En ein af aðalástæðunum fyrir því, að

jeg eigi get verið því fylgjandi, að málinu í þessu formi sje lokið á þessu þingi, er það, að skoðanir landsmanna eru svo á reiki í þessu máli, að jeg þori ekki að leggja út í þessar breytingar að svo komnu. Hjer er ekki nein festa. Á þinginu 1881 var farið fram á að hafa sjerstakan ráðgjafa og 4 konungkjörna þm. 1883 átti að hafa erindreka í Kaupmhöfn og 6 konungkjörna þm., ásamt fleiru, er jeg ekki skal telja upp; en nú 1885 eru menn fallnir frá öllu þessu, og koma með landstjóra og ráðgjafana alla í landinu sjálfu. Þetta sýnir, að menn eru ekki búnir að átta sig á málinu. En þegar maður ætlar að leggja út í nýja stjórnarbaráttu og þann kostnað, sem leiðir af því að rjúfa þingið, kjósa af nýju og halda aukaþing *(Ben. Sveinsson:* Hvaða aukaþing er þetta, sem aldrei verður?) þá verður þjóðin að vera alveg ákveðin og einbeitt í því, hvernig stjórnarskráin eigi að vera; fyr dugar ekki að fara að hlaupa út í nýjar kosningar, því eins og öllum er kunnugt er aukaþingið alveg ónýtt eða stjórnmálastarf vort í sumar, ef það þarf að breyta nokkru í frv. því, sem nú kann að verða samþykkt.

Þegar vjer nú lítum til forvígismanna þessa máls, þá vil jeg spyrja, hvort við getum treyst þeim til einbeittrar forustu, og hvort þetta stjórnarfyrirkomulag, sem þeir fram bera hjer, sje sannarlegur þjóðarvilji. Jeg verð mjög að efast um þetta; því þegar litið er á gang málsins á undanförnum þingum, og þó einkum á þessu þingi, þá sjest, að fyrst kemur frv. frá 3 þm.; svo er kosin nefnd í málið og 2 af þessum mönnum komust í nefndina; þegar hún hefir starfað um tíma, kemur hún með 3 fingra langa breytingaromsu við við hið upphaflega frv.; nú skyldi maður ætla, að nefndin væri komin á fasta stefnu, en því fer þó fjarri, að nefndin hafi verið orðin ánægð með sjálfa sig; því nú kemur hún aptur með gott og vel 2 fingurhæða langa breytingarollu við sitt eigið frv. Þá koma enn 3 þm. aðrir með breytingartill., sem framsögumaður ver svo trúlega, eins og hann ætti hvert orð í þeim sjálfur. Ber nú þetta vott um, að þingið sje komið á þá föstu stefnu, að það geti árætt að auka landinu kostnað þann allan, er leiðir af aukaþingi næsta sumar? jeg vil spyrja: geta hinir h. þingmenn forsvarað það? Hjer lítur út eins og menn sjeu að þreifa fyrir sjer í myrkri. Jeg álít, að forgöngumenn þessa máls vilji gjöra það, sem þeir alíta landinu fyrir beztu; en þeir eru ekki enn þá búnir að átta sig á til fulls, hvað þetta bezta er. En meðan þeir ekki vita það, ættu þeir ekki að byrja á 10—20 eða 30 ára stjórnmálastríði, og leiða landið út í þann kostnað, sem af því leiðir, og þá tvídrægni og úlfbúð, sem þetta getur ollað, bæði milli landsmanna sjálfra og svo milli þings og stjórnar. Mjer virðist það vera eigi ónauðsynlegt, að rekja framgöngu þessara forvígismanna stjórnarmálsins nú á seinustu þingum og síðustu tímum. Þingmaður N.-Múl. (B. Sv.) hefir verið framsögumaður þessa máls bæði 1881, 1883 og nú 1885; en hann hefir ekki ávallt verið samur við sig. (B. Sveinsson: Ekki rjett. Sönnun! Sönnun!). Hann hefir ekki ætíð fylgt því sama frumv. (B. Sveinsson: Annað mál). Hann hefir sjálfur »vaklað«, hvort sem það hefir verið af innri skoðunum eða af ytri áhrifum; en þó skal jeg játa það, að aðalstefna hans hefir ávallt verið fastari en margra annara. Þetta var nú framsögumaður; en þá er nú hinn annar forvígismaður þessa máls, þm. S.-þing. (J. S.); hann hefir ekki næst undanfarin þing tekið þátt í þingræðum, svo jeg hlýt að halda mjer til þess, er hann hefir ritað, og vil jeg líta í grein, sem stóð í norðlenzku blaði í vetur, »Fróða«; þar er verið að tala um stjórnarskrána; og segir þá höfundur greinar þessarar meðal annars svo: »Þó nú hvert þetta frv. um sig (o: 1873 og 1883) sje að mörgu leyti gott og bæti stjórnarskrána að miklum mun, getum vjer eigi ráðið til, að þeim sje fylgt í fyrirkomulaginu á æðstu stjórn landsins. Hvað jarlshugmyndina snertir í frv. 1873, þá er hún að vísu glæsileg; en hún er bundin við það fyrirkomulag á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, sem ekki á sjer stað, og

sem torvelt mun að fá Dani til að ganga inn á eða að viðurkenna að svo stöddu«. En þó er einmitt jarlshugmyndin í frv. frá 1873 lögð til grundvallar frv. því, sem hjer liggur fyrir. Höfundur greinarinnar, h. þm. S.-þing. (J. S.) mun játa þetta; en þá um leið vona jeg að hann vilji kannast við, að hann hefir talsvert breytt skoðun sinni síðan í janúar, þegar þetta var ritað. Hinn sami h. þm. (J. S.) sagði hjer í gærdag, að kostnaðarauki við þetta nýja stjórnarfyrirkomulag mundi ekki nema nema allt að 13,000 kr. Mjer datt þá í hug, að þetta gæti ekki verið alvara hans, því aðra skoðun hefði hann haft í vetur um það efni, í áðurnefndri grein; því þar talar sami höfundur um mikinn kostnað, er af því mundi leiða, því »vjer yrðum t. a. m. að bera tiltölulegan hluta af konungsmótunni, kostnaðinum til utanríkismálanna o. fl. Mundi þetta verða allþung byrði á landssjóði, auk þess sem jarlinn hlyti að verða oss afardýr«. Þess er þar getið, að hann mundi þurfa að hafa hirð um sig o. s. frv. Þegar höf. er búinn að tala um frv. frá 1873, þá fer hann að tala um frv. frá 1883; þar segir svo: »Þar á móti þykir oss frv. 1883 fara heldur skammt«. Og um landshöfðingjann er sagt: »Hann á að vera á sífelldu flökti milli Íslands og Danmerkur«. Jeg tek þetta fram, af því það er nauðsynlegt til þess að gjöra sjer ljósa grein fyrir, hver almenningsviljinn er og hversu skoðanir manna eru mjög á reiki um það, hvert stjórnarfyrirkomulag er hagfeldast. Enn stendur hjer seint í greininni: »Landshöfðinginn ætti að hafa æðsta úrskurðarvald í öllum þeim innanlandsmálum, sem ekki eru beinlínis löggjafarmál, svo þau þurfi ekki lengra að ganga. En svo verðum vjer að hafa sjerstakan ráðgjafa við hlið konungs búsettan í Kaupmannahöfn«. Þetta var nú skoðunin í janúar, en nú er hún orðin allt önnur. Jeg segi það aptur, að jeg tek þetta alls ekki fram til þess að áfella einstakan mann, heldur einungis til þess að sanna það, að hvorki þingið nje þjóðin er búin að átta sig fullkomlega á þessu máli enn þá; en í þessu máli er sjer í lagi áríðandi, að vita þjóðarviljann, þar sem á að stofna til nýrra kosninga, en allt verður ónýtt ef einhverju verður að breyta á næsta aukaþingi; og þess vegna hef jeg lesið kafla úr þessari blaðagrein, af því jeg komst að því á ferðum mínum kringum landið, að sú stefna, sem þar er fram fylgt, er næst að skapi alþýðu. (B. Sveinsson: Nei!).

Menn eru allt af að tala um, að það megi til að sinna þessu máli, af því að það sje þjóðarvilji. En án þess að jeg vilji gera lítið úr honum, því jeg álít skyldu mína að fylgja honum, þar sem hann er einbeittur í rjetta stefnu, þá held jeg, að margt af því, sem menn kalla þjóðvilja, sje þannig til komið, að blöðin búa til grein um þetta eða hitt efni með miklum glumragangi; svo koma höf. eða þeir, sem helzt hafa áhuga á málinu, á fundi, og halda þar frelsistölu. Ef t. d. 11 menn sækja fundinn og málið er samþykkt með 6 atkv. á móti 5, þá hrópa menn og segja: þarna sjáið þjer þjóðarviljann. Það er auðsjeð, að hjer er þjóðarviljinn einbeittur; og sama er að segja um fundi, þó betur sje sóttir, að þegar 21 atkv. eru á móti 19, þá er það meiri hluti, og um leið sagður þjóðarviljinn óhikandi einbeittur. Jeg bið þm. að misskilja mig ekki og ekki álíta, að jeg sje að gera lítið úr þjóðviljanum; en jeg held, að það sje ekki ætlið þjóðarviljinn, sem sagt er, og eigi heldur frv. það, sem hjer kemur fram. Jeg hefi lesið blöðin og jeg hefi verið á fundum, svo jeg hefi sjeð, að þetta frv. er ekki sá þjóðarvilji, sem þar hefir komið í ljós, t. d. á Þingvallafundinum. Þar vildu menn fyrri part dagsins taka stefnu frv. frá 1883, og eitt af aðalatriðunum var þá að fá frestandi neitunarvald. Þetta kom líka fram í blaðinu norðlenzka; þar segir svo: »En þar sem vjer nú höfum þessa sorglegu reynslu, að lögum alþingis er aptur og aptur synjað staðfestingar ástæðulaust, erum vjer neyddir til að taka upp í stjórnarskrá vora ákvörðun um takmarkað neitunarvald konungs«. Þetta heyrði jeg líka klingja á ferð minni kringum allt land-

ið, að það væri hið takmarkaða neitunarvald, sem menn þyrftu að fá. Það var þá þjóðviljinn. En nú er þetta höfuðáhugaatriði þjóðarinnar og þingvallafundar fallið burt; það finnst ekki í frv.; þó heitir það þjóðvilji. Á þingvallafundi heyrðist fyrst ekki orð um jarl eða landstjóra; það kom fyrst fram kl. 9. um kvöldið; svona er fljótt að breytast veður í lopti.

Hjer stendur í frv., að undirskript konungs eða landsstjóra þurfi til þess að lög alþingis nái gildi. Þetta er ekki samkvæmt skoðun þingvallafundarins. Það er svo margt, sem kallað er þjóðvilji, án þess að það sje það. Jeg vil taka til dæmis, að hjer hefir verið lagt fram frv. um þjóðfána, þótt ekki sje farið að ræða það enn, og í því er farið fram á að hafa í fánanum fálka og einn kross. Um þetta hefir þó aldrei verið beðið af þjóðinni. Það er ekki þessi fána-mynd, sem hún hefir beðið um. Svona er stundum farið með þjóðarviljann; menn fá stundum allt annað út úr honum, en í raun og veru er. Það má ekki gera allt of mikið úr honum. En jeg vil heldur ekki gera of lítið úr honum. Jeg skal taka fullkomið tillit til vilja þjóðarinnar og kjósenda minna, þegar jeg veit að það er hennar virkilegi vilji. Þótt svona sje ástatt, að jeg af undan sögðum ástæðum helzt vildi óska, að þessu máli væri frestað, þá hefi jeg fullkomlega ráðið af, að gjöra ekkert til hindrunar því, að þetta mál fái framgang í gegnum báðar deildir, svo stjórnin og þjóðin geti sjeð, hvernig skoðanir þingsins í heild sinni eru um málið; jeg vil auk heldur gefa atkv. mitt með því, þar sem jeg held að atkv. sjeu of fá. Jeg álít rjettast, að lofa þessum forgöngumönnum að koma vilja sínum óskertum fram, en þó um leið verða þeir að hafa fulla ábyrgð á því, sem þeir gera. Ef þessir menn álíta það heppilegt, að leggja nú út í stríð við stjórnina, þá skal jeg ekki vera þröskuldur á vegi þeirra, og það enda þótt margt sje það í frv., sem jeg álít að þörf sje á að breyta. Ef forvígismenn þessa máls leggja skakkt til atlögu og ráðast þar á garðinn, sem ekki er hægt yfir að komast, þá er það á þeirra ábyrgð. Jeg vona, að þeir menn hjer í deildinni, sem opt hafa sömu skoðun á þingmálum sem jeg, sjeu á því, að hindra eigi framgöngu málsins gegnum báðar deildir.

Jeg býst nú við að þingd. sýnist, ef til vill, að jeg hafi farið nokkuð hörðum orðum um forvígismenn þessa máls, og jeg einungis sje að rífa niður, án þess að byggja upp aptur. En af því jeg álít það ekki rjett, að rífa niður, heldur eigi jeg um leið að byggja upp aptur, þá skal jeg segja mína skoðun um meðferð málsins. Þótt jeg álíti, að töluverðir gallar sjeu á núgildandi stjórnarskrá vorri, þá óska jeg ekki, að þessar breytingar á henni sjeu samþykktar á þessu þingi til fullnaðar, svo að það fari frá þinginu sem samþykkt frumv., heldur álít jeg rjettast, að það sje rætt við 3 umr. í neðri d., og við 3 umr. í efri d., komist svo í sameinað þing og sje svo fellt þar. *(Ben. Sveinsson:* Heyr eins dæmi!!). En svo álít jeg að semja ætti ávarp til konungs, líkt því sem minni hlutinn hefur stungið upp á, hvar í þingið bæði konung að skipa sjerstakan ráðgjafa fyrir Íslands mál, sem sæti á þingi og hefði ábyrgð fyrir því; því það álít jeg fullkomlega nauðsynlegt. Og ef mönnum væri mjög annt um málið, þá ætti að velja menn til þess að flytja þetta áhugamál fyrir konungi, og biðja um leið um, að þessi ráðgjafi legði frv. til breytinga á stjórnarskránni fyrir næsta þing. Þar með yrði komizt hjá þeim kostnaði, sem leiðir af því að halda aukaþing, sem líklegast enginn árangur yrði af. Ef stjórnin sjálf kæmi með tillögur til stjórnarskrárbreytinga, og þessir völdu menn gætu talað máli landsins við konung, þá yrði landshöfðingi líklega kallaður til Danmerkur, til þess að undirbúa málið þar; þá væri þó eigi hægt að segja, að Íslendingar ekki tækju þátt í undirbúningi málsins; hann er þó Íslendingur og velviljaður Íslandi; þá væri nokkru meiri trygging fyrir, að eitthvað fengist Íslendingum í hag. Jeg veit, að mönnum muni þykja það undarleg uppástunga, að fella málið í sameinuðu þingi.

En jeg lít svo á þetta mál, að ef það er samþykkt, þá kemur það fram sem krafa; en ef það er fellt, þá er það þó ekki af þeim ástæðum, að menn eigi vilji hafa breytingarnar, heldur kemur málið þá að eins fram í öðru formi, nefnil., að menn vilji heldur láta uppástungur til breytinganna koma frá stjórninni sjálfri. Og þetta virðist mjer reynslan hafa sýnt, að er heppileg aðferð. *(Ben. Sveinsson:* Einmitt öfugt). Jeg vil benda á, hvernig gekk með bankamálið. Bankinn væri líklega ekki kominn á enn, ef stjórnin hefði ekki tekið málið að sjer og sent sitt frv. til þingsins. Ef minni aðferð er fylgt, er engu spillt, þótt ekkert fáist; það frestar málinu að eins um 2 ár, en þá kemst landið líka hjá kostnaðinum af aukaþingi, sem ekki er æskilegur, allrasízt í þessu harðæri. Það mun nú vera allra manna vilji, að fá sjerstakan ráðgjafa, og ef þingið sendir menn til að tala því máli fyrir konungi, þá ímynda jeg mjer, að konungur sjái þörfina á því, og ef til vill gjöri ráðstafanir til þess. Ef nú sjerstakur ráðgjafi væri skipaður, sem væri vel kunnugur þörfum landsins, þá ímynda jeg mjer, að það væri hentugt, að hann í sameiningu við landshöfðingja kæmi fram með frv. til stjórnarskrárbreytingar, því það er líklega ljóst af umræðunum á þessu þingi, hver vilji þingsins er. En þótt þetta sje nú mitt álit, þá skal jeg ekki vera því til hindrunar, að forvígismenn þessa máls fái sitt fram, að málið komi til umræðu í báðum deildum, svo þeir hafi fulla ábyrgð á málinu og geti ekki komið fram með þá ásökun á hendur mjer, að jeg hafi verið málinu til hindrunar.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal nú þegar taka það fram, að ræða h. 1. þm. Suð.-Múl. (Tr. G.) hafði þá eiginlegleika til að bera, frá formlegri hlið, sem voru býsna óviðkunnanlegir, af því um æfðan þingmann er að ræða. Ræða þingmannsins var nefnilega öll um svo almenn atriði, að annaðhvort hlaut hún að heyra til 1. umr. málsins, sem er umliðin, eða þá til 3. umr., sem er ókomin; og kemur því ræðan, svo löng sem hún var, annaðhvort of seint eða of snemma, af því að nú er einmitt 2. umr., er tala á um hin einstöku atriði málsins og hinar einstöku greinar frv., að minnsta kosti með fram, ef maður hefir eitthvað út á þær að setja. *(Forseti:* Jeg skal geta þess, að það er engan veginn meinað að tala um almenn atriði, og að ræða h. þm. (Tr. G.) hjelt sjer því fyrir innan takmörk þingskapanna). Jæja, látum það gott heita. Fyrir náð forseta, en alls ekki eptir fyrirmælum þingskapanna, er ræða hins háttvirta þingmanns á rjettum stað og rjettum tíma fram borin. En þá verð jeg einnig að tala almennt, þó það eigi ekki við. Þó jeg nú sleppi þessari formspurningu, þá voru á ræðu þingmannsins svo ótal margir agnúar, miklu fleiri en jeg endist upp að telja, sem alls ekki koma þessu máli við; og vil jeg þá fyrst nefna þá ástæðu, sem þm. (Tr. G.) bar fram eins og í broddi fylkingar móti endurskoðun stjórnarskrárinnar, að ástandið í Danmörku væri henni til fyrirstöðu. Þessi ástæða er ekkert annað en grýla, auðvirðileg grýla, sem hampað er framan í þm., eins og þeir væru myrkfælin börn, til að reyna til þess að fæla þá frá, að sinna þessu allsherjarmáli lands og þjóðar, og snúa huga þeirra að þýðingarlausum smámálum. En nú vil jeg spyrja þingmanninn: Hvernig stendur á því, eða víkur því við, að þetta ástand í Danmörku skuli standa í nokkru sambandi við þetta mál? Hvernig veit h. þm. (Tr. G.) það? Hvaðan kemur honum sú speki, að ástandið í Danmörku hljóti að verka svo illa og óheppilega á þetta mál? Hvað kemur oss það við hjer út á Íslandi, þótt þing og stjórn í Danmörku standi í stælum um stjórnarmál þar? Ekki hefir landshöfðingi lýst yfir neinu þess konar frá hinu almenna löggjafarvaldi, enda stendur hann í alls engu sambandi við það, og hefði hann þó sjálfsagt eigi gleymt því, hefði hann haft nokkurt þess konar umboð. Nei, hans umboð er bundið við ráðgjafa Íslands einan, og það á nú að sjást svart á hvítu, að hann sje annað en nafnið eitt, að hann sje nokkuð annað en liður í hinu almenna

löggjafarvaldi, sem er sjerstökum málum Íslands alveg óviðkomandi eptir stöðulögunum. Hvaðan hefir þá h. þm. (Tr. G.) þennan hreykilega boðskap? Er honum kannske falið, eða hefir hann virkilega umboð frá Danmörku til að flytja þennan boðskap, að alþingi sje ekki til neins að hugsa um stjórnarmál Íslands, meðan samkomulag vanti millum þings og stjórnar í Danmörku? Hinn háttvirti þingmaður verður nauðugur viljugur að játa, að hann sje alveg óbær um, að setja þetta mál í hið minnsta samband við ásigkomulagið í Danmörku; og væri þetta samband nokkuð, þá væri það einmitt hvöt, hin sterkasta hvöt fyrir oss, að keppa til frelsis og sjálfstjórnar, eins og frændur vorir Danir, og að hinu leytinu að vera lausir við alla þá misklíð hjer út á Íslandi, sem oss, hinum friðsömu, ráðstilltu og þegnlegu Íslendingum, kemur alls ekkert við, og að sýna og sanna, að það skortir stjórnlega heimild til þess, í stöðulögunum 2. jan. 1871 og stjórnarskránni 5. jan. 1874, að keyra stjórn sjerstakra Íslands mála í dróma, saman við stjórnarmál Dana. Nei! Það var þó mikið af honum.

H. þm. (Tr. G.) sagði, að hann vildi vera samdóma nefndinni í því, að fara ekki að vega þjóðfrelsi á kaupmannsvog móti krónum. En í sama bili, sem hann segir þetta, tekur hann þó vogina og fer að vega; og varð honum einkar-tíðrætt um og starsýnt á þá metaskálina, sem hinar ímynduðu krónur voru á. Gat jeg með mínum bezta vilja ekki betur sjeð, en að sú skálin yrði í hans augum þyngri; en jeg hefi áður sýnt fram á hinn áætlaða aukakostnað við hina fyrirhuguðu nýju landsstjórn, og þarf ekki nú að taka það upp aptur. Jeg ímynda mjer, að hann hafi fest sig í minni þingmannsins. Það voru að eins 13000 kr. En vel á minnzt: hinn háttvirti þingmaður sagði, að frumvarp nefndarinnar, nefnilega sú sjálfstjórn, sem í því felst — því hinn háttvirti þingmaður hefir þó líklega sjeð annað og meira en pappírinn sjálfan, sem frumvarpið er prentað á—væri ekki 13000 kr. virði, vægi ekki upp á móti þessum 13000 kr.! Ojæa! Sínum augum lýtur hver á silfrið!

Því næst sagði h. þm. (Tr. G.), að skoðanir manna væru á reiki í þessu máli; hann fjölyrti mikið um það, að á alþingi 1883 hefði skoðanir manna verið allt aðrar en 1881, og nú á þessu þingi væru skoðanir manna aptur allt aðrar en á alþingi 1881 og 1883. Við þetta atriði málsins vil jeg nú skora á hina háttvirtu þingmenn, að minnast þess, er jeg svo ljóslega útlistaði við fyrstu umræðu þessa máls, um sambandið milli aðalstefnu og aðgerða þingsins viðvíkjandi endurskoðun stjórnarskrárinnar þessi 3 tilgreindu ár. Hefði hinn háttvirti þingmaður heyrt, skynjað og skilið orð mín þá, þá hefði hann sannarlega — ekki satt, heiðruðu herrar? — getað sparað sjer og oss þessa alveg ástæðulausu þrískipting á reikulleik skoðana alþingis á hinum nýju stjórnarskipunarlögum Íslands; því jeg lagði það ljóst niður bæði fyrir hinum háttvirta þingmanni og öðrum hjer í salnum, að skoðanir manna á þessu máli hefðu að grundvallarstefnunni til verið alveg hinar sömu árið 1881 og árið 1883, því í hvorttveggja skiptið hjelt þingdeildin svo fast við grundvöll stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 um fyrirkomulagið á hinni æðstu innlendu stjórn á Íslandi, sem mest mátti verða. Sá munurinn, sem mest gekk í augum, var sá, að 1881 var farið fram á, að konungkjörnir þingmenn væru að eins 4, en 1883 6, að því fráteknu, að gert var ráð fyrir 1881, að landshöfðinginn sjálfur færi utan og flytti sjálfur málin fyrir konung, en 1883, að hann hefði umboðsmann til þess.

Að öðru leyti get jeg sagt hinum háttvirta þingmanni það, að mjer ber betur að dæma um þetta en honum, því jeg hefi átt ólíkum mun meir þátt í þessum frumvörpum en hann, svo jeg þekki þau grannt.

En það gat maður þó sannarlega heimtað af þingmanninum, að hann rámaði í það, að jeg við 1. umr. þessa máls gerði — að jeg ætla hverjum heilvita manni — skýlausa grein fyrir því, hvers vegna nefndin

hefði vikið frá þeim grundvelli, sem haldið var fram 1881 og 1883, og snúið sjer að aðaluppástungunni 1873: að hún hefði gjört það knúð af aðgjörðaleysi og aðförum ráðgjafastjórnarinnar, sem sífellt ljeti beita meir og meir neitunarvaldinu, og ljet hreifingu alþingis á endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem hún sjálf átti að annast um að fyrra bragði, eptir fyrirvara alþingis 1873, eins og vind um eyrun þjóta, nema ef telja skyldi yfirlýsingu landshöfðingja frá henni, um að alþingi væri ekki til neins að gjöra neitt í þessa átt, ef maður annars á að leggja í þessa yfirlýsingu hina allraminnstu þinglega eða pólitisku þýðingu gagnvart 61. gr. stjórnarskrárinnar í sambandi við fyrirvarann. Eptir þessu og mörgu fleiru í þessa átt, sem margbúið er að stagast á, ætti þó hinn háttvirti þingmaður einhvern tíma að geta munað, og hann ætti þá líka að hafa sjeð það, að hjer er ekki um reikulleik eða gönuskeið að ræða, heldur um ramm-rásfasta pólitiska og þinglega stefnu, sem stjórnin sjálf hefur komið þjóð og þingi inn á. Þá sagði þingmaðurinn, að endurskoðun stjórnarskrárinnar væri á engum almennum þjóðarvilja byggð. En jeg vil nú einvirðulega biðja hinn háttvirta þingmann að gæta þess, að það eru nú fleiri þm. vitnisbærir um þetta atriði en h. 1. þm. Suð-Múl., að minni miklu virðingu fyrir honum ógleymdri, og þessir fleiri, þessi margfalt fleiri jafngildu og góðu vitni sem hann munu, jeg fullvissa hann um það, bera vitni um það, að frumvarp nefndarinnar sje byggt á eindregnum hjartgrónum vilja þjóðarinnar. Með hverju? Blátt áfram með því að greiða atkv. með nefndinni. Eg vil minna hinn háttvirta þingmann á, að tala varlega um þjóðvilja Íslendinga, minna hann á, að hann er síður en svo gagnkunnugur skoðunum og vilja kjósenda um land allt, enda hefur hann haft sannarlega annað að gjöra, sem liggur hans lífsstöðu og starfi miklu nær, en að ganga fyrir hvers manns dyr á Íslandi, skyggnast inn í hug og hjörtu manna um land allt þennan örstutta tíma, sem hann dvelur ár hvert og hefur nú í þetta sinn verið hjer á landi. En þm. (Tr. G.) hefur þó víst lesið fundargjörðirnar úr hjeruðum landsins, sem komið hafa fyrir þingið, og ávörpin víðs vegar úr landinu um þetta mál, og þá þykist jeg mega geta til þess, að hann hafi sjeð með eigin augum og heyrt með eigin eyrum fulltrúa þjóðarinnar á Þingvelli við Öxará 27. júní, er leið, úr næstum öllum kjördæmum landsins, daginn sem hann var þar sjálfur, og hlýddi að mjer áhorfandi og öllum þeim, sem fundinn sóttu, á umræður og ályktanir þeirra; en að hann hafi skilið hugsunar- og skoðanastefnu þeirra, verð jeg að neita að hann hafi gjört fyr en kl. 9 um kvöldið, er honum birtist þjóðvilji sá, sem fulltrúarnir yfir lýstu í áliti sínu og ályktunum í umboði þjóðarinnar, en sem hann nú heimildarlaust dirfist að vefengja.

H. þm. (Tr. G.) talaði eins um og fjölyrti mjög um það, að nefndin hefði gjört svo margar breytingar á hinu upprunalega frv., til sönnunar því, að einnig hennar skoðanir væru á reiki. Já, alveg satt. Nefndin hefur gjört allmargar breytingar; en þær sanna einmitt stefnufestu nefndarinnar, því hún fer enn hinu sama fram; allt svo sanna þær einmitt hið gagnstæða því, sem þm. vill sanna, af því hann eltir yfirborðið, einstök orð, en sjer eigi hið innra lögmál; hann sjer dauðan bókstaf, en eigi andann. Jú, nefndin hefur breytt frv. En ætlaðist þm. kannske til, að nefndin kæmi inn á þingið með frv., sem ekki þyrfti, ekki gæti tekið á móti neinum breytingum, án þess að hverfa frá aðalstefnu þess og þýðingu? Ojæja! Hægra er að sjá fuglinn synda en að synda sjálfur! Hann hefur þó, að mig minnir, þurft opt að gjöra breytingar við sín eigin frumv. hjer á þingi; en gjarnan skal jeg játa það, að munurinn er sá, að nefndin hefur gjört sjálf breytingarnar; hún hefur gjört það sjálf, sem aðrir hafa orðið að gjöra fyrir hann, svo lagasmíðið yrði í lagi, og getur nefndin vel unað því, að þurfa eigi annara við. En að þessu slepptu, þá getur hver og einn sjeð, að eigi er ætlazt til, að slík frv., sem alls eigi þarf að breyta í einu orði eða koma með breytingartill. við, muni koma inn á þingið, eins og þau ekki hafa komið. Eptir

svo fullkomnum frv. getur maður víst ekki vonazt; jeg ætla, að h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) mundi þá þurfa að láta þau koma af himnum ofan! Jeg mótmæli því þannig hátt og hátíðlega, að breytingar nefndarinnar sýni hviklyndi og reikanir í skoðunum hjá henni, og að hún þvert á móti hefur allt af haldið sjer á hinum sama grundvelli og í hinu sama horfi, sem hún gerði í hinu upphaflega frv. sínu, þeim grundvelli, því horfi, að gjöra hina æðstu stjórn allra sjerstakra íslenzkra mála innlenda. H. þm. kallaði mig forvígismann þessa máls. Jeg þakka honum fyrir þann sóma. Jeg vildi að eins óska þess, að jeg ætti skilið að nefnast það, og að h. þm. yrði að því, að þetta mál er ekki forvígismannslaust gagnvart honum sem andvígismanni. Það sjest bezt, þegar málinu er lokið. Jeg skammast mín hvorki lífs nje liðinn fyrir, að jeg vil fylgja þessu máli fram af öllum mætti og verja til þess öllum mínum veiku kröptum; en jeg neita því, þverneita því, og ber þau orð þm. til baka, að jeg hafi »vaklað« í þessu máli, eins og þm. (Tr. G.) bar mjer á brýn; slík orð frá þm. hálfu neyða að eins inn á mig þeirri rökstuddu ályktun og sannfæringu, að honum sje ekki gefið að skilja þinglega og pólitiska festu og innri samkvæmni við atvik þau, sem tíminn skapar.

H. þm. gaf í skyn og sagði, að þjóðin væri eigi orðin nógu þroskuð til að taka á móti þessu sjálfsforræði, sem farið er fram á í nefndarfrumvarpinu. (Tr. G.: Nei, þetta er rangt; jeg sagði að skoðanirnar væru á reiki). Hafi þingmaðurinn sagt, að skoðanir þjóðarinnar um aðalstefnuna í stjórnmálum hennar væri á reiki, þá hefir hann sagt alveg það sama, eins og þó hann hefði kallað þjóðina óþroskaða í pólitík; eða skyldi þingmaðurinn með þessum orðum hafa sagt og meint, að hún væri þroskuð. En hvernig er það mögulegt að sá skilningur verði lagður í þessi orð hans, sem hann þó kannast við að hafa sagt: að skoðanir þjóðarinnar væru á reiki? Eptir mínu litla viti virðist mjer það deginum ljósara, að þau bendi til vanþroska en ekki fullþroska þjóðarinnar í stjórnmálaskoðunum, og það til þess vanþroska, sem geri hana óhæfa til að taka á móti því stjórnfrelsi, sem frumvarpið stefnir að. Þegar h. þm. (Tr. G.) kemur með þessar kenningar um vanþroska eða óþroska þjóðarinnar, sem er hið sama sem að segja að þjóðin sje ekki vaxin, ekki fær um, ekki hæf til að hljóta sjálfsforræði eða sjálfstjórn; þegar h. þm., segi jeg, kemur með þvílíkar kenningar, þá gæti hann þess, að hann hefir hafið sjálfan sig langt upp yfir þjóð sína, á skoðunarstöðvar einvaldskonunga fyr meir; hann setur þjóð sína til baka á þau tímabil, þegar fyrst kom til tals að losa um hina harðsnúnu hlekki einveldisins. Jeg neita því algjörlega, að þjóðin á Íslandi sje ekki fær um fullkomið sjálfsforræði, og held því fast fram, að saga Íslands frá því alþingi hófst að nýju sýni og sanni, að hún er vaxin fullkominni sjálfstjórn. Og hve nær skyldi hún annars verða fær um hana, ef henni er fyrirmunuð hún, og framsókn þjóðarinnar til frelsis og framfara er hneppt í erlendan pólitiskan stjórnmáladróma? Þm. vildi líklega láta Íslendinga bíða eptir sjálfsforræði sínu þangað til oss verður boðið það að fyrra bragði, án þess vjer höfum nokkuð til þess unnið, þangað til það verður lagt upp í hendurnar á oss, án þess að vjer krefjumst nokkurs eða þykjumst þurfa nokkurs eða sjeum hæfir til nokkurs í þá átt. Vilji þingmaðurinn bíða eptir þessu, þá fer honum sem manninum, sem settist við lækinn forðum daga og ætlaði að bíða þangað til lækurinn væri runninn fram hjá, svo hann þyrfti ekki að væta fæturnar eða stríða við strauminn. Maðurinn sat og sat, og dauður var hann, steindauður áður. En lækurinn rann sí og æ; hann var enn þá ekki kominn fram hjá og er það líklega enn þá ekki þann dag í dag. Jeg neita því enn og æ, að Íslendingar sjeu ekki pólitiskt eða stjórnlega þroskaðir. Það hafa þeir sýnt með því, hve vel þeir hafa farið með það litla þjóðfrelsi, sem þeir hingað til hafa fengið; en jeg neita því líka, að þeir geti tekið framförum, sönnum og ásköpuðum pólitiskum þjóðlegum þroska, með nokkru öðru móti en einmitt með því, að fá inn-

lenda og frjálsa stjórn sinna mála. Viti þingmaðurinn það, að eins og fræið ekki sprettur, ekki verður að ávexti nema í jörðunni, þannig getur hinn stjórnlegi þroski þjóðarinnar ekki myndast nema í jarðvegi frelsisins við sjálfstjórn og sjálfsábyrgð þjóðarinnar. Hinum háttvirta þingmanni (Tr. G.) var annars ekki hætt við í ræðu sinni að herma of rjett; því að ekki er allt búið enn með hið hraparlega mishermi hans og misskilning. Hann sagði, að jafnvel aðaláherzla hefði verið lögð á suspensivt veto eða takmarkaðan lögsynjunarrjett á þingvallafundinum; en þetta er ekki satt. Þessi fundur lagði aðaláherzluna á að það stjórnfyrirkomulag, er alþingi fór fram á 1873, sem aðaluppástungu, enda bera fundargjörðirnar þetta með sjer; um þetta voru allir fundarmenn samdóma; en uppástungan um takmarkað neitunarvald, sem að vísu kom fram á fundinum, mætti hinni mestu mótspyrnu og mótstöðu, enda var þessi uppástunga auk þess miðuð við það stjórnarfyrirkomulag sem nú er. Dirfist hinn háttvirti þm. (Tr. G.) að neita þessu? (*Tr. G.*: Jeg hef aldrei sagt það sem þm. ber á mig). Það var nú verst, að þingmaðurinn ekki talaði um það, að »suspensiv veto« hefði verið haldið fram á þingvallafundinum, og það var líka satt, en á annan hátt, en þingmaðurinn gaf í skyn. Þá talaði þingmaðurinn enn um þjóðviljann og vildi náttúrlega gjöra lítið úr honum, já, miklu minna en ekki neitt. Hann sagði t. a. m., að það væri kallaður eindreginn þjóðvilji, ef eitthvað væri samþykkt með 6 atkv. móti 5. Þessu mótmæli eg sem ekki sönnu, og sem út í bláinn töluðu. Mjer mundi eigi veita örðugt að sýna honum, að þjóðin er svo mjög áköf og einhuga í því, að láta endurskoða stjórnarskrána, að auðvelt væri að fá 60 atkv. móti 5 í hverju kjördæmi allra búandi manna og þeirra er kosningarrjett hafa til alþingis fyrir þessu máli. Þegar hinn háttvirti þingmaður var í ímyndan sinni búinn að rífa niður og tæta í sundur frumvarp nefndarinnar, þá gaf mjer sannarlega á að heyra, er hann, eins og hann að orði komst, ætlaði að fara að byggja upp aptur. Opt hef jeg sjeð byggt, en aldrei svo, og þá leið, sem þingmaðurinn vísar á í þessu efni—það segi eg honum hreint út—mun jeg aldrei og skal aldrei ganga, hvorki með honum nje eptir honum, og til hins sama vonast jeg af hverjum einum og einasta þingmanni hjer í salnum. Til hvers ræður þá hinn háttvirti þingmaður? Hvorki til meira eða minna en til þess að ræða þetta mál, náttúrlega vel og vandlega og samþykkja það við 8 umræður, 4 í hvorri deild, og síðan að fella það við 9. umræðu í sameinuðu þingi! Svo á alþingi, viti menn, að senda sendinefnd til konungs og fá hjá honum nýja stjórnarbótarbót, og fyrir þessa sendinefnd þingsins á það sjálfsagt að vera nokkurs konar »Adgangsbillet« (aðgöngumiði) eða meðmælaskjal til konungs, sem ætti eins og að árjetta ávarp frá minni hlutanum, andvígismönnum nýrra stjórnarskipunarlaga á Íslandi, að alþingi í heild sinni hefði fellt málið, náttúrlega af þeirri ástæðu, að þjóðin hvorki vildi nje væri fær um að fá frjáls stjórnarskipunarlög! Ef þetta er ekki heilræði fyrir þjóð vora og þing, eða hitt heldur, já, þá skal jeg þegja!!!

Jeg get að öðru leyti sannarlega ekki dulizt þess, að mjer rennur það hreinlega til rifja, að heyra þingmenn hjer í salnum, þjóðfulltrúana sjálfa, ganga langtum lengra í andmælum sínum á móti þessu frv., en sjálfur erindsreki stjórnarinnar, landshöfðinginn, gjörir og finnur sjer skylt að gjöra. Landshöfðinginn mætti í gær með svo góðum, sanngjörnum og velviljuðum undirtektum, sem jeg áleit að honum væri unnt frá hans hendi, og frá hans sjónarmiði. Hvaðan hafa þá þessir háttvirtu þingmenn umboð til að ganga lengra? Ekki frá þjóðinni, því að einmitt þessir sömu þingmenn segja og staðhæfa, að enginn þjóðvilji sje til. Hvaðan er þeim þá þetta umboð komið? Frá stjórninni? Ef svo er, þá leggi þeir það fram; jeg skora á þá að gjöra það! Nei! Jeg veit það vel, að þeir hafa ekkert umboð, enga heimild, ekki framar en vjer

hinir. Þeir hafa ekkert umboð. Eru þetta þá spádómar hjá þeim og illar getgátur um stjórnina? En hvaðan koma þeim þá þessir spádómar og þessar getgátur? Jeg get sagt þeim það, að það er ekki happasæl leið nje hinn minnsti velgjörningur við stjórnina, að lýsa þessu vantrausti á henni; með þessu er unnið það tvennt, að rýra og kollvarpa velvild og trausti þjóðarinnar á stjórninni og jöfnum höndum að því meir spilla fyrir málinu, þessu mesta velferðarmáli landsins. Það mun heldur ekki reynast happasælt, að lemja því sí og æ um eyru þjóðarinnar, að hún sje ekki fær um að fá meira sjálfsforræði eða sjálfstjórn en hún nú hefir, með því að bera henni á brýn vanþroska og reikular stjórnmálaskoðanir og allt þar fram eptir götunum. Þvílíkt ætti þó að vera þeim mönnum sízt ætlandi, sem einmitt eru kvaddir og kallaðir af þjóðinni á þenna helga stað til þess að tala hennar máli, og halda fram landsrjettindum hennar, og stuðla til þess af öllum mætti, að hún fái meira sjálfsforræði en hún nú hefir í stjórn sinna eigin mála, sem hún eptir guðs og manna lögum á skýlausa heimtingu á.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður, og ekki fara út í einstök atriði málsins, enda eru breytingaratkvæði ekki margbrotin, eins og málið er í sjálfu sjer stórt og mikilsvert. Að vísu er jeg einn af þeim mönnum, sem óskað hefðu að málið ekki hefði þurft að koma inn á þing nú eða að sem fæstar ástæður hefðu leitt að því, að þurfa nú að taka það fram; en úr því það er komið, verður að gefa því gaum. Það er ekkert glingur til að leika sjer við. Það snertir hin helgustu rjettindi þjóðarinnar. Þess vegna er skylda að fylgja því fram með alvöru. Það hefur komið fram í umræðunum, að málið væri komið fram mest fyrir hvatir einstakra manna. Þó svo væri, þá hafa þeir menn gjört það af sönnum áhuga; ekki til þess að afla sjer lofs hjá almenningi, heldur af skylduhvöt, til að hafa vakandi auga á rjetti landsins. En þetta er ekki eingöngu tilefnið. Stjórnin sjálf hefir líka gefið ástæðu. Hefði stjórniu teygt svo stjórnarskrána í frelsisátt sem má, held jeg þetta mál hefði ekki legið fyrir þinginu nú. Það er engu síður stjórninni að kenna eða þakka; hefði stjórnin t. d. tekið öðruvísi í afnám amtmannaembættanna, hefði hún lagt frv. fyrir þingið nú í þá stefnu, þó að hún ekki hefði getað fallizt á frv. þingsins eins og það lá fyrir frá þinginu 1883,—því gat jeg vel við búizt, að stjórnin ekki gæti fallizt á frv.arpið, eins og það kom frá þinginu, um stofnun fjórðungsráða, en hinu mátti síður við búast, að því yrði eins einræðislega ráðið til lykta eins og gjört var; hefði t. d. enn fremur því merkilega máli um fiskiveiðar í landhelgi, sem var eitt mest áríðandi málið, sem var fyrir þingi 1883, en varð heldur ekki samþykkt; það var mikilsvarðandi mál, því ef einum manni er mikilsvarðandi að geta gætt sinna landamerkja, þá er það eins og ekki síður mikilsvert fyrir landið í heild sinni, að geta varið landsrjett og hlunnindi fyrir ágangi útlendinga; hefði hún lagt fyrir þingið frumvarp um aðra skipun á dómsvaldi, eins og stjórnarskráin heimilar í 42. gr.—hefði hún gjört, segi jeg, eitthvað af þessu, og sýnt að hún vildi brúka stjórnarskrána, og gjöra það, sem bókstafur hennar og andi frekast leyfa, og þannig reynt að fyrir byggja alla óánægju með stjórnarskrána, þá hefði verið öðru máli að gegna. En hún, stjórnin, hefir ekki gjört það, og það er þess vegna mikið stjórninni sjálfri að kenna eða þakka, að þetta mál er nú komið fyrir þingið. En úr því að málið er nú komið hjer inn á þing, erum vjer skyldir þingmenn að fylgja málinu með alvöru, en ekki ljettúð, og með sem mestum áhuga.

Ástandið í Danmörku varðar mig ekki um. Það getur skipast á skömmum tíma, eins og veður í lopti, og jeg óska að það ástand aldrei nái til okkar. Ekki get jeg heldur lagt mikla áherzlu á yfirlýsingu stjórnarinnar fyrir munn landshöfðingja; hún mun einmitt nokkuð vera sprottin af ástandinu í Danmörku. En vitanlega hefir hinn hæstv. landshöfð. komið hjer fram samkvæmt stöðu sinni sem umboðsmaður

stjórnarinnar. Að jeg snúi mjer að h. minni hluta, og tillögunni um sjerstakan ráðgjafa, játa jeg, að hefði verið mikið æskilegt að fá hann, og það fyrir löngu. Það hefir verið sagt, að hann mundi verða, ef að hann fengist, landinu kostnaðarlaus og kostaður af ríkissjóði; en jeg dreg mikið í efa, að við mundum sleppa kostnaðarlaust, ef ráðgjafi væri settur, sem væri fyrir landið eitt, og ætti að koma á þing. En hitt, að fara nú að fella þetta frv., og biðja stjórnina að senda sjer nýtt, finnst mjer þreklaust, og fremur apturför en framför. Annað mál er, að jeg býst valla við að frv. komist fram nú; en það er hægra til síðari sókna, ef ekki er sleppt rjettinum úr höndum sjer, heldur en að draga hann upp í greipar sjer aptur, ef honum eitt sinn er sleppt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla að eins að tala fá orð til að mótmæla því, sem h. framsögumaður (*B. Sv.*) hefir borið fram, því að sumt af því var svar upp á það, sem jeg aldrei hef sagt og aldrei hugsað, og sumstaðar voru eigi dregnar rjettar ályktanir af því, sem jeg sagði. Jeg lýsti því yfir, að jeg mundi á engan hátt reyna að tálma málinu, nje vera nokkur þröskuldur fyrir því; skil jeg því eigi, að jeg á nokkurn hátt eigi skilið ákúrur hans, eða þau orð, sem hann kom með. Hann skoraði á mig að sýna umboð frá stjórninni til þess að vera á móti málinu; jeg lýsi yfir, að það er langt frá, að jeg hafi nokkurt slíkt umboð, og hef alls ekki gefið neitt tilefni til slíkra ummæla. Jeg hef sagt, að jeg mundi styðja málið, svo þessi orð hans koma hvergi við. Þau eru ástæðulaus. Jeg lýsti og yfir, að jeg engan veginn gjörði lítið úr þjóðarviljanum, og jeg vona, að jeg hafi fullkomlega eins mikla virðingu fyrir sönnum þjóðvilja eins og h. framsögumaður (*B. Sv.*) sjálfur. Jeg hef aldrei sagt, að þjóðin væri fráhverf því að hafa einhverja breyting á stjórnarskránni; en jeg hef sagt, að fyrirkomulag það á stjórninni, sem frv. þetta fer fram á, það væri ekki þjóðarvilji, og jeg hef sagt, að ekki mætti púkka allt of mikið upp á þjóðarviljann, og ekki brúka orðið þjóðarvilji sem bakhjall fyrir öllu því, sem á að berja í gegnum þingið; því það sýnir sig opt, að þjóðviljinn er borinn fyrir því, sem hann í raun rjettri alls ekki er valdur að. Í því sambandi hef jeg ef til vill dregið einhverja rýrð á þjóðviljann. Jeg hef aldrei komið fram með að fella frv. í þeim tilgangi, að eyðileggja málið, heldur að eins til þess, að koma því í annað horf. Framsögumann og mig greinir að eins á um aðferðina til að koma stjórnarskrárbreytingunni á. Jeg hef stungið upp á þeirri aðferð, að senda nefnd manna til að fylgja málinu fram fyrir konungi, og að stjórnin svo legði frv. fyrir þingið. Jeg talaði ekkert orð um þroskaleysi þjóðarinnar, heldur gat jeg þess að eins, að skoðanir þjóðarinnar og forgöngumannanna væru á reiki um þetta mál. En komi frv. frá stjórninni, þá er að minnsta kosti það unnið, að menn hafa eitthvað fast að halda sjer við, og sjá þá, hversu langt stjórnin vill ganga. Þingið gæti svo gjört sínar breytingar. Jeg skil ekki, hvernig framsögumaður (*B. Sv.*) hefir fengið það út úr orðum mínum, allt sem hann taldi upp. Jeg þori að segja svo mikið, að ef til væru tvö Íslönd, og hann tefldi með stjórnarmálið á öðru þeirra eptir sinni aðferð, og jeg á hinu með minni, þá er jeg viss um, að jeg væri fyr búin að ná tilganginum en hann. Ein af þeim áminningum, sem jeg fjekk frá þm., var sú, að jeg hefði ekki farið út í sjerstakar greinar, og ræða mín ætti þess vegna hvergi við. Hafi jeg brotið þingreglur að því leyti, þá hefir hann eigi minna syndgað í þá átt, því jeg fann ekkert í hans ræðu, er laut að sjerstöku atriði. Jeg ætlaði aldrei út í sjerstakar greinar; jeg gat þess í upphafi að jeg vildi að eins gjöra grein fyrir atkvæði mínu og minni skoðun á málinu. En svo jeg þá nú fari út í sjerstakt atriði, skal jeg lýsa þeirri skoðun minni, að mjer finnst mjög skaðlegt breytingaratkv. h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og tveggja annara, ef

það yrði samþykkt. H. framsögumaður hefir tekið það undir sinn verndarvæng; en jeg vil segja honum, að sje það talinn vilji þjóðarinnar, að ráðgjafinn sje neyddur til að gefa út valdboðin fjárlög, þá er það mjög óheppilegur misskilningur. Jeg mun, eins og jeg áður hef sagt, greiða atkv. með breytingum nefndarinnar, en móti hinum.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það er ekki með vilja gjört, hafi jeg borið rangt upp á h. 1. þm. S-Múl. (T. G.), enda kannast jeg ekki við, að svo hafi verið. En jeg hefi, ef til vill, skilið hann öðru vísi en hans vildi, ekki orðin, heldur þær hvatir, sem orðin eða ræða hans var sprottin af; en hann verður að gæta að því, að jeg kemst eigi lengra en til orðanna og ekki inn í hugann, og þangað til jeg sje ræðu hans ritaða og leiðrjetta af honum, verð jeg því að álíta, að jeg hafi skilið rjett og ályktað rjett, því orð hans, sem jeg hefi fjölyrt um, ritaði jeg á blað meðan hann talaði. Að mín ræða hafi verið almenn, er rjett; hún hlaut að vera það, því jeg var að eins að svara almennri ræðu hans, og þess gat jeg þegar í byrjun tölu minnar. Síðan jeg talaði seinast hefi jeg fengið að vita, að kjósendur hans skoruðu á hanná kjörfundi, að fylgja fram stjórnarskrármálinu. *(Tr. G.:* Jeg geri það). Það er þó ætlun mín, að kjósendur hans hafi ætlað honum einhverja aðra aðferð, en þá sem hann hefir valið, ef hann kallar það að fylgja máli fram; hefði had verið aptur á bak, hefði jeg skilið það.

Viðvíkjandi breytingartillögunni skal jeg taka það fram, að hún er ekki mjer áhangandi, en jeg hefi mælt fram með henni, af því að bráðabyrgðarfjárlög eða valdboðin fjárlög geta ekki komið fyrir vegna hins sameinaða þings, sem fyrir girðir öll vandræði í því efni, nema ef þingið vildi gera leik að því, að nota ekki þingfrelsi sitt. Jeg vona því jeg hefi ekki komið af stað neinum vandræðum með því, þó jeg hafi viljað aðhyllast breytingartillöguna; jeg vildi einmitt sýna, að sameinað þing er svo fallegur kostur á stjórnarskrá vorri, að óhætt væri að undantaka fjárlög frá valdboðnum lögum. Annars er mjer ekki kappsmál um þessa breyting, en mjer fannst það skylda að sýna tilslökun, til þess að fá samheldni og sem minnstan flokkadrátt í hinni háttvirtu deild. En h. 1. þingm. Suðurmúlas. verður að fyrirgefa mjer, að jeg gat ekki og get ekki skilið, að honum sje full alvara, er hann kveðst styðja málið, en óskaði þó svo hjartanlega, að það fjelli við síðustu umræðu, eða umræðu í sameinuðu þingi; það er mínum skilningi ofvaxið, að skilja, og eins skynja, að þetta og annað eins sje að styðja málið. Og hvernig getur hann —og það svona fyrir fram—viljað fella það mál í 9. sinni, sem hann hefir stutt 8 sinnum. Skilji hver sem skilja vill!

Atkvæðagr. Fleiri tóku eigi til máls um I. kafla nefndarfrumvarpsins (C. 181), og var hann þá borinn undir atkvæði.

Var 1. gr. samþ. með 19 atkv.; 2. gr. með orðabreytingum (C. 231) samþ. með 19 atkv.; 3. gr. með orðabreytingum (C. 231) sömuleiðis samþ. með 18 atkv.; 4.—5. gr. samþ. hvor um sig með 19 atkv. Breytingartill. 3 þm. við 6. gr. (C. 235) var samþ. með 17 atkv., og 6. gr. þannig breytt samþ. með 18 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingmanna, og sögðu *nei*: Eiríkur Kúld, Halldór Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, og Holger Clausen; en Th. Thorsteinson var eigi viðstaddur.

Þá var breyt.till. frá 3 þingm. við 7. gr. (C. 234) felld með 14 atkv. gegn 8. *Já* sögðu: Ben. Sveinsson, Friðrik Stefánsson, Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Ólafur Pálsson, Þórarinn Böðvarsson, Þórður Magnússon. Th. Thorsteinson var eigi viðstaddur.

Þá var breytingartillaga nr. 195 frá meiri hluta nefndarinnar við sömu gr. samþ. með 14 atkv.

7. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 14 atkv.

8. gr. óbreytt samþ. 17 atkv.

Breytingartill. nr. 195 við 9. gr. samþ. með 17 atkv.

9. gr. með orðinni breyt. samþ. með 17 atkv.
10. gr. óbreytt samþ. með 15.
11. gr. — — — 16.
12. gr. — — — 14.
13. gr. — — — 15.

Breytingartill. nr. 105 við 14. gr. felld.

Breytingartill. nr. 205 við sömu gr. samþ. með 17 atkv.

14. gr. með orðinni breyt. samþ. með 16 atkv.

Breytingartill. nr. 195 við 15. gr. samþ. í tvennu lagi, fyrri hlutinn með 14, síðari með 18 atkv.

15. gr. með orðnum breytingum samþ. með 17 atkv.

Breytingartill. nr. 205 við 16. gr. felld með 12 gegn 6 atkv.

Breytingartill. nr. 195 við sömu gr. samþykkt.

16 gr. með orðinni breyt. samþ. með 17 atkv.

Hin nýja gr., sem breytingartill. nr. 205 lagði til að bætt yrði inn í á eptir 16. gr. frumv., var felld með 12 atkv. gegn 5.

Breytingartill. nr. 195 við 17. gr. samþ. með 13. atkv. gegn 2.

17. gr. með orðinni breyt. samþ. með 14 atkv.

18. gr. með breyt. samþ. með 18 atkv.

Þá var tekinn til umræðu II. kafli frumvarpsins, 19.—23. gr.

Ben. Sveinsson: Jeg vona að umr. um þennan kafla verði því styttri, sem umr. hingað til hafa orðið alllangar. Hjer eru að eins þrjár litlar breytingar við 20. og 21. gr. Sú eina verulega breyting er uppást. h. 3 þm. (C. 235) um hlutfallskosningar í stað tvöfaldra kosninga, sem nefndarálitið fer fram á. Jeg ímynda mjer að öðru leyti, að hvort sem þingdeildin hallast að tvöföldum kosningum eða hlutfallskosningum, eða báðum sameinuðum, þá verði eins mikil trygging fyrir því, að beztu, lærðustu og menntuðustu menn þjóðarinnar verði valdir til alþingis, eins og með konungskosningum. Jeg skal svo ekki tala fleira að sinni.

Jón Ólafsson: Af því jeg og 2 aðrir þm. höfum gjört breyt. við 20. gr., þá ætla jeg að tala fáein orð, af því ekki öllum þm. er ef til vill vel ljóst, hvernig hlutfallskosningar eru. Jeg býst reyndar ekki við því, að þessi breyttill. verði samþykkt, því það lítur stundum svo út, sem h. deild líti meira á hvaðan breytingarnar koma, hverra nöfn standa við þær, en á breyt. sjálfar, þar sem hún vill vinna til (eins og hún nýlega gjörði) að fella einhverja breytingu, sem hún verður þó að játa að sje svo nauðsynleg, að málið geti ekki bjargast án hennar, í þeirri von, að henni muni verða bætt inn í í Ed., heldur en samþykkja hana hjer og spara þann kostnað, allt þetta af því, að breyt ingin, þessi nauðsynlega, var svo ólánssöm að koma frá mjer.—Það er leiðinlegt fyrir mig, að berja þannig höfði við steininn, að tala í áheyrn meiri hluta, sem vill ekki heyra nje skilja; en jeg álít það skyldu mína samt.

Til þess að tvöfaldar kosningar geti orðið ið nokkurn vegin skýr táknun fyrir vilja þjóðarinnar, þá þarf þjóðin að skilja aðferðina glöggt. Meirihlutakosningar, eins og nú eiga sjer stað, eru allt af mjög lagaðar til að efla hreppapólitík og láta atvik og einstaka menn ráða meira en vilja kjósenda almennt.

Til þess að skilja, hver kosningarháttur sje rjettlátastur, heppilegastur, þarf að gjöra sjer grein fyrir, hvers vegna þjóðirnar yfir höfuð hafa fulltrúa. Hugsjónin fyrir allri sjálfstjórn er sú, að öll þjóðin, þ. e. allir atkvæðisbærir meðlimir þjóðfjelagsins, taki sjálf beinlínis þátt í löggjöf sinni. Þannig sjáum vjer í fornöld í hinum grísku þjóðveldum, að allir borgararnir komu saman og greiddu atkvæði um mál sín. En þetta gat að eins átt sjer stað af því, að þjóðveldin voru svo víðáttulítil, að allir gátu sótt sameiginlegan fund. Í ríkjum, sem stærri eru, eins og ríki eru nú á dögum, væri það óvinnandi vegur sakir víðáttu og fjölmennis og þar af leiðandi kostnaðar og annara örðugleika, að allir atkvæðisbærir þegnar taki beinlínis þátt í stjórn sinni, sem í því er falinn, að sitja á þingi. Þess vegna kjósa menn vissa tölu fulltrúa, og eru þess-

ir fulltrúar umboðsmenn kjósenda, þing það, er þeir mynda, fulltrúaþing þjóðarinnar.

Það er því auðsætt, að eptir hugsjóninni á fulltrúaþingið að vera eins konar stytt ágripsútgáfa af þjóðinni sjálfri, sem trúust ímynd hennar sjálfrar. Þingið á að standa í sama hlutfalli við þjóðina, eins og lítil ljósmynd t. d. stendur í við manninn, sem hún er tekin af, eða landkortið við land það, sem það á að ímynda eða tákna. Á trúrri mynd af manni koma allir aðaldrættir andlitsins út í rjettum hlutföllum; hlutfallið milli þeirra á myndinni verður að vera hið sama sem hlutfallið milli dráttanna í andlitinu sjálfu; en smágjörvustu rákir í húðinni hverfa, verða ósýnilegar, á myndinni, því að ef ætti að sýna þær, yrðu þær of stórgervar í hlutfalli við hina stærri drætti. Eins er um landkortið. Á því eiga að sjást firðir, flóar og víkur, nes, eyjar, ár, fjöll, stöðuvötn o. s. frv. í sama hlutfalli að stærð, sem það hefir á landinu sjálfu; fjörður, sem er t. d. 4 mílur á lengd og 1½ á breidd, verður einnig að hafa breiddar og lengdar hlutföllin sömu (4 móti 1½ aða 8 : 3) á kortinu, ef það á að vera nákvæmt eða rjett. En púfur, smápollar, brunnar og þess leiðis smákennimerki lands verða að hverfa á kortinu. — Að sínu leyti eins á nú að vera með þjóð og þing. Þær aðalskoðanir, sem stærri flokkar meðal þjóðarinnar eru samdóma um, eiga rjett á að koma fram á þingi að hlutfalli rjettu við fjölda þeirra, sem þeim fylgja. Ef þriðjungur allrar þjóðarinnar er einhuga í skoðunum á aðalmálum þeim, sem kosningar verða miðaðar við, þá á sá þriðjungur auðsjáanlega rjett á að kjósa þriðjung fulltrúanna. En mælikvarðinn fyrir því, hvort einn flokkur sje svo fjölmennur, að hann eigi rjett á að hafa fulltrúa á þingi og hve marga, á að vera hlutfallið milli tölu flokksmanna og tölu allra kjósenda þjóðarinnar.

Jeg vil skýra þetta með dæmi, og tek með vilja lágar tölur, af því þær eru yfirlitsljettari og handhægri en stórar, en sama hlutfall er ávallt hið sama, hvort sem það er táknað með hærri tölum eða lægri. Setjum svo, að 100 kjósendur eigi að velja sjer 10 fulltrúa. Þessir 100 kjósendur skiptast í tvennt að skoðunum; 60 þeirra eru á einu máli og 40 á öðru. Þá er auðsætt, að eigi fulltrúaþing þeirra að vera trú ímynd sjálfra þeirra, þá eiga þeir 60 kjósendur að hafa 6 fulltrúa, en þeir 40 kjósendur eiga að geta fengið 4; þá standa flokkarnir að vígi með sama afli á þingi, eins og meðal kjósenda. En hvernig fer nú eptir núverandi kosningar-aðferð, meiri-hluta-kosningar-aðferðinni? Ef 51 koma sjer saman um, að kjósa allir einhverja tiltekna 10 menn, þá verða þessir 10 kosnir með 51 atkvæði hver; en þótt hinir 49 hefðu allir verið á eitt sáttir um, að kjósa sjer fulltrúa, þá fá þeir engan, því að enginn af þeirra fulltrúaefnum fær nema 49 atkvæði. Þessir 49 verða því fulltrúalausir, en hinn flokkurinn, þeir 51, sem eru þó ekki nema tveim fleiri, þeir kjósa alla 10 fulltrúana. En þetta sjá allir, að er himinhrópandi ranglæti! — En setjum annað dæmi: setjum, að þessir 100 kjósendur skiptist í 3 flokka: 49 eru einhuga, svo eru 30 sjer einhuga, og enn í þriðja lagi 21 sjer einhuga; en báðir síðastnefndu flokkarnir, sem eru alveg sundurþykkir innbyrðis, hafa svo lagaðar skoðanir, að minnsti flokkurinn (21) vildi í rauninni heldur, að 49 manna flokkurinn rjeði, heldur en 30 manna flokkurinn, en 30 manna flokkurinn hefir mesta óbeit á 49 manna flokknum, og vill af tvennu til heldur una við fulltrúaefni 21 manns flokksins. Þeir 21 eru ófáanlegir til að gefa atkvæði fulltrúaefnum þeirra 30, og vinna þeir 30 það til, svo þeir geti bolað 49 manna flokkinn frá, að greiða atkvæði með fulltrúum 21 manns flokksins. Sá flokkurinn, sem eiginlega að eins 21 eru í, fær því öll sín 10 fulltrúaefni kosin með 51 atkvæði, en 49 manna flokkurinn kemur engum að. Þannig geta skoðanir allra fulltrúanna orðið skoðanir lítils minni hluta ($\frac{1}{5}$) af öllum kjósendum. Auðsjáanlega væri nú hjer hið rjetta, að 49 manna flokkurinn fengi 5 fulltrúa, 30 manna flokkurinn 3, en 21 manns flokkurinn 2.

Sú kosningaraðferð, sem tryggir það, að hver flokkur geti fengið svo marga full-

trúa, sem hann hefir afl eða fjölmenni til að hlutfalli rjettu, er því auðsjáanlega hin rjettasta, og þessi aðferð er það, sem kallað er hlutfallskosningar. En skilyrði fyrir þeim er það, að landið sje ekki bútað niður í smá kjördæmi, sem hvert kjósi 1 fulltrúa, því að sje að eins 1 kosinn í einu, þá verður meiri hluti að ráða í hverju kjördæmi. En minni hlutar allra kjördœmanna yrðu þá fulltrúalausir. Annað hvort verður að kjósa í mjög stórum kjördæmum, svo að hvert kjósi fleiri en einn fulltrúa, eða helzt, að allt landið ætti að vera eitt kjördæmi, og kjósa alla fulltrúa sína í einu.

Aðferðirnar við þetta geta verið ýmsar. En eitt er mjög æskilegt í öllu falli, og það er, að vita fyrir fram hjer um bil, hve margir af kjósendum muni neyta kosningarrjettar síns, þ. e. mæta á kjörfundi og greiða atkvæði. En þetta má t. d. með því, að heimta skýrslu allra kjósenda nokkuð löngu fyrir fram um það, hvort þeir ætli sjer að neyta rjettar síns við næstu kosningar eða ekki; sá, sem lýsir því, að hann ætli ekki að nota hann, hann fær heldur ekki að greiða atkv. í það sinn; en hver sem lýsir því að hann ætli að nota hann, greiðir dálitla sekt, ef hann að forfallalausu neytir ekki rjetta síns. Svo ætti kosningin fram að fara sama dag á öllu landinu og kjörstaður að vera t. d. í hverri kirkjusókn. Aðalkjörstjórn sje í Reykjavík, og birtir hún t. d. 3 mánuðum fyrir fram, hve margir hafi lýst yfir því, að þeir tækju þátt í kosningum. Setjum, að hjer sje 6,500 kjósendur í landinu, og setjum að 1,600 af þeim hafi lýst því, að þeir tækju þátt í atkvæðagreiðslu; það er líkt og síðast var; en væri kjörstaður í hverri sókn, yrðu það margfalt fleiri, sem sæktu kjörfundina. En höldum okkur nú við 1,600 kjósendur; þá er auðsætt, að hverjir 134 kjósendur, sem eru einhuga á því, að kjósa einn fulltrúa, þeir eiga rjett á að geta það, og þeir geta það eptir hlutfalls-kosningarmátanum. Þá er ein hin bezta aðferð sú, að hver kjósandi setur á kosningarseðil sinn efst nafn þess manns, er hann vill helzt kjósa, þar næst þess, er hann vill næst helzt kjósa, svo þess, sem hann vill þar næst kjósa o. s. frv. koll af kolli; þó má eigi fleiri á listann setja, en kjósa skal alls; en gildur sje kjörseðill, þótt færri sje á, enda þótt að eins eitt nafn sje. Kjörseðlarnir sje afhentir kjörstjórninni í hverjum hreppi, en þær sendi síðan seðlana alla aðalkjörstjórninni í Reykjavík. Hún telur alla seðlana fyrst, deilir tölu þeirra með tölu þingmanna, er kjósa skal; hin útkomna tala sýnir hlutfallstöluna, sem þarf til að verða kosinn. Síðan er seðlunum blandað og dreginn einn og einn út í einu og að eins lesið upp fyrsta nafnið á honum; síðan eru þeir lagðir sjer í bunka; seðlar allir, sem hafa sama nafn efst, lagðir í bunka sjer. Þá er einhver hefir náð tölu þeirri, sem þarf til að verða kosinn, þá er hans nafn ekki optar upp lesið, þótt það standi efst á fleiri seðlum, heldur strykað út, og næsta nafn á eptir talið í stað þess, o. s. frv. Því það er tilgangur kosningaraðferðar þessarar, að koma í veg fyrir, að atkvæði fari til spillis um skör fram. Það eru líka til enn einfaldari aðferðir, svo að ekki þarf að hafa neina vissu fyrirfram um, hve margir muni kjósa. Einföldust og bezt er hin svo nefnda hlutfallslista-aðferð (sem er allt annað en listakosningin franska). En það er óþarfi og oflangt mál, að lýsa hjer aðferðinni. Það, sem einkennilegt er við allar hlutfallskosningar, er það, að þær tryggja rjett minnihlutanna, svo að hann verði ekki fyrir borð borinn, það er: þeirra minni hluta, sem hafa svo mikið fylgi, að þeir eiga skilið að koma til greina. Þetta er rjettlátt og gott, því að meiri hluta einveldi er ekki betra en hvert annað einveldi, og að því skapi verra, sem minni hlutarnir, sem rjetti eru sviptir, eru fjölmennari.

Margir kunna að hugsa, að þetta standi á engu, því að þegar til atkvæða komi á þingi, þá hljóti afl atkvæða að ráða, þ. e. meiri hlutinn. Það er satt; úrskurður við atkvæðagreiðslu næst ekki á annan hátt. En áður en til atkvæða er gengið, eru málin rædd. Og það er auðsætt, að það er

stórmikill munur á því, fyrir hvern flokk sem er, að eiga einn eða fleiri fulltrúa á þingi, þótt eigi sje meiri hluti fulltrúanna, til að tala máli sínu, reyna með afli sannleikans að verka á skoðanir hinna einstöku þingmanna af öllum flokkum, og hafa þannig þau áhrif, sem auðið verður, á þingið; eða að eiga alls engan fulltrúa á þinginu, vera alveg útilokaður af því. Það vita allir, og þess höfum vjer dæmi hjer á þingi, síðast í sumar, að þeir, sem fyrst eru í minni hluta með skoðun sína, vinna svo á nokkra af hinum, að þeir ná meiri hluta þá er til endilegra úrslita kemur. Mun ekki yfir höfuð hver meiri hluti fara varlegar og sanngjarnlegar með valdi sínu, ef vel skipaður minni hluti situr honum jafnhliða, heldur en ef engin rödd getur hljómað gegn hverri fjarstæðu, sem einvaldur meiri hluti kann að falla upp á? Málin verða miklu betur skoðuð á þennan hátt. Auk þess getur flokkaskipun orðið svo, og er opt svo á þingi, að enginn flokkur, ef fleiri eru en 2, hafi einn fyrir sig meiri hluta; þá geta fámennari flokkarnir á víxl haft mikil áhrif einnig á atkvæðagreiðslu, með því annaðhvort að fylgja stærsta flokknum eða sameina sig innbyrðis í einstökum málum. Og hefir nokkur meiri hluti sá til verið, sem ekki hafi fyrst verið minni hluti? Sannleikurinn verður venjulega fyrst í stað, meðan hann er mönnum nýr, að eins viðurkenndur af fáum. Hann byrjar á minni hluta. En það sannleiksfræ, sem minnihlutarnir fela í sjer, fær vöxt og viðgang, ef þeir eiga kost á að sá því út meðal meiri hlutans, svo að á endanum sigrar minni hlutinn opt. En ef honum er bægt frá að koma fram á þingi, þá er sannleikurinn opt annaðhvort niður kæfður, eða eðlileg framrás hans hept um langan aldur til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðfjelagið. Eða þá að í skoðun minnihlutanna eru fólgin sannleiksfræ innan um villur og annan sora. Í hreinsunareldi skoðanabardaganna á þingi á sannleikans sólfagra gull að hreinsast frá soranum; af beztu mönnum meiri og minni hlutanna myndast þá nýr flokkur, sem setur sannleikans gimstein í sitt ennisdjásn, en sorinn verður í minni hluta framvegis og sýjast burt við nýjar kosningar. En sje minnihlutarnir útilokaðir frá fyrstu, þá geta þeir grafið um sig í myrkrinu, orðið að byltingaflokk og að óhollustu í þjóðlífinu, af því, að sá sori, sem sannleikans gull einatt upphaflega felst í, hreinsast ekki frá í baráttu frammi fyrir alþjóðaraugum; því sá, sem fær ekki að berjast í birtunni, en vill þó berjast, hann berst í myrkrinu. Hver villukenning er hættulegri, ef henni með ofbeldi er meinað að koma fram, heldur en ef hún fær að eiga sitt bardagasvið. En eitthvert sannleikskorn er jafnaðarlega í skoðun hvers minnihluta, sem nokkurt afl eða fylgi hefir; ella næði flokkurinn aldrei neinu fylgi.

Hins vegar er það talið nauðsynlegt, enn sem komið er, að staðarleg þekking, þekking á högum, þörfum og hagsmunum hinna einstöku landshluta eigi líka fulltrúa á þingi. Þetta er það, sem mælir með kosningum fulltrúa fyrir einstök kjördæmi, einstaka landshluta.

Ef nú tillaga mín fær framgang, þá verða 24 fulltrúar til neðri deildar kosnir í kjördæmum, og ætti þar að vera borgið að fullu hagsmunum hinna einstöku hluta landsins. En til efri deildar yrði kosið um allt land með hlutfallskosningum. Þeir 12 fulltrúar, sem í þeirri deild sætu, yrðu þá einkum kosnir eptir almennri stjórnmálaþekking þeirra, eptir almennum löggjafahæfileikum þeirra, eptir því trausti, sem þeir hefðu almennt hjá allri þjóðinni, eptir skoðunum þeirra á hinum almennu landsmálum. Þessa kosning hlytu því þeir menn, er mest væru kunnir og bezt kynntir af þjóðinnni. Deild þessi yrði þá skipuð skörungum landsins, hinum vitrustu og beztu mönnum; þar yrði úrvalið allrar þjóðarinnar, og það tel jeg heppilegt og æskilegt, sjerstaklega af því, að þessi deild á að sitja í landsdóminum.

Jeg hefi nú reynt að færa nokkur rök að máli mínu eða til stuðnings breytingartillögu minni og hinna tveggja háttvirtu

þingmanna, sem eru með mjer um hana, að hverju sem þetta kemur nú; það verður nú að standa eða falla fyrir rökum þeim, sem jeg tel sjálfsagt að þeir komi fram með, sem á móti því hafa.

Bened. Sveinsson: Jeg finn ekki ástæðu til að mótmæla þessari ræðu h. þm., því bæði virtist mjer hún vera á rjettum rökum byggð og svo ljós og röksamleg, að efni hennar þyrfti ekki frekar útlistunar við.

Atkvæðagr.: 19. gr. nefndarfrv. var samþ. með 17 atkv. Breytingartill. nr. 205 við 20. gr. var felld með 10 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Eiríkur Kúld,	Halld. Kr. Friðriksson,
Ben. Sveinsson,	E. Egilsson,
Friðrik Stefánsson,	Eiríkur Briem,
Gunnl. E. Briem,	Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Andrjesson,	Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,	Þór. Böðvarson,
Tr. Gunnarson,	Þórður Magnússon,
Þorv. Kjerulf.	Þorl. Guðmundsson,
	Þorsteinn Jónsson,

Var síðan 20. gr. samþykkt óbreytt með 14 atkv.

Þá var breyt.atkv. nr. 195 við 21. gr. samþ. með 16 atkv. og 21. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

Loks var breyt.till. nr. 195 við 22. gr. samþ. með 16 atkv. og 22. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

Tuttugasti og sjöundi fundur, föstudaginn 31. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Uppástunga frá nokkrum þingmönnum; hvernig ræða skuli; og var samþykkt að hafa eina umræðu um hana á heimulegum fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands; framhald 2. umr.

Framsögumaður (Ben. Sveinsson): Jeg ætla mjer ekki að vekja umræður um þann hluta frumv., 23. gr. til enda, sem liggur nú fyrir til umræðu, en ætla mjer að bíða átekta, þangað til þingdm. hafa gefið mjer tilefni til þess.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um tvær breytingartillögur, sem hafa komið fram við þennan kafla frv., sem nú er til umræðu. Hin fyrri breyting er við 47. gr. og er hún fullkomleg efnisbreyting. Fyrst stendur í frv. nefndarinnar: »Landsdómur sje skipaður dómendunum í yfirdómi landsins«, en nefndin hefir með breytingartillögu breytt þessu í »æðsta dómstól innanlands«; en auk þess stendur í frumv.: »og jafnmörgum alþingismönnum, er efri deild alþingis kýs úr sínum flokki«; við þessi orð hefir komið fram sú breytingartillaga (C. 235), að í stað þeirra komi »og öllum þingmönnum efri deildar«, og gengur sú breytingartillaga enn lengra en frv., og verð jeg að álíta þá dómendaskipun rjettari og betri. Eptir frv. eru jafnmargir dómendur skipaðir í dóminn úr æðsta dómstóli landsins og úr efri deild alþingis; en með því fyrirkomulagi er mjög hætt við, að jafnmargir dómarar verði einatt á hvora hliðina, þá er til úrslita kemur; því að reynslan sýnir, að embættisdómendurnir fylgja tíðast stjórninni (hinum ákærðu) meir eða minna blint, og hefir slíkt meira að segja komið fyrir í Danmörku—það var í Örstedsmálinu,—og leiðir slíkt til vandræða. Auk þess er almennt viðurkennt, að enginn valdsstjett sje eins hlutdræg á æstum stjórnbaráttu-tímum, eins og einmitt dómarastjettin, sem jafnan er stjórnholl úr hófi fram, svo að einatt þykir kenna berasta ranglætis; þetta hefir reynslan og sýnt í öðrum löndum. Það hafa bæði Holck heitinn prófessor og eins hinn nafnkunni málafærslumaður Brock skýrlega tekið fram, og engum dettur í hug að neita því líklega. Það er eigi sagt til þess, að niðra þessari stjett, heldur liggur það að nokkru leyti í hlutarins eðli, að svo sje; þeir taka þátt í öllum pólitiskum hreifingum tímans, þeir geta eigi fremur en aðrir menn látið vera að mynda sjer skoðun, og við það vex fylgisáhugi þeirra, og er þá að nokkru leyti

eðlilegt, að þeir sjeu hlutdrægir og hneigjast þá opt að stjórninni. Að svo sje, er því eðlilegra, sem stjórnin jafnaðarlega veitir þeim mönnum helzt dómaraembætti, sem hún ætlar stjórnholla og sjer fylgispaka að upplagi. Það þekkja og allir stjettarfylgið og stjettarandann, sem ríkir meðal embættismanna stjórnarinnar. Þessi andi, þessi ákafi, allur hinn pólitíski straumur getur dregið svo dómarann með sjer, að hann jafnvel óafvitandi verði hlutdrægur. En þá er um brot ráðgjafa er að ræða, þá er þar mikið komið undir álitum venjulega, meira en í öðrum málum; þá teygja dómarar opt lögin á þann hátt í skýringum sínum, að þeir fá allan annan skilning út úr þeim, en allur þorri manna. Pólitísk brot eru annars eðlis en almenn glæpamál, og pólitískur dómstóll verður því að vera skipaður fyrst og fremst pólitískur mönnum. Að landsdómur sje skipaður lögfróðum mönnum, fyrir því er trygging í ákvæðunum um, að dómendur æðsta dómstóls sitji í honum; en hins er ekki síður þörf, að tryggja það, að pólitískir menn hafi úrslita-aflið, og er það tryggt með ákvæðum breyt.till. minnar, en ákvæðin um ruðning tryggja ákærða, að dómstóllinn sje ekki hlutdrægur gegn honum. Jeg mæli því fram með þessari breytingu og vona þess að hún fái fylgi deildarinnar. Hin önnur breyting, sem jeg ætlaði að tala um, er við 52. gr. Í frv. er farið fram á, að dómendum verði eigi vikið úr embætti nema með dómi. Þessi setning er byggð á gömlum hjátrúar-kreddum í Evrópu, og á að tryggja það, að dómarar verði ekki stjórninni háðir. Reyndar er það satt, að stjórnin getur eigi sett þá af, en engu að síður getur hún með þessu móti gjört þá sjer háða. Stjórnin getur veitt sjer geðþekkum dómendum ýmsa umbun eða nokkurs konar aukagetur, sett þá t. d. árum saman til að þjóna aukreitis tekjugóðum og annríkislitlum embættum, látið þá sitja fyrir öðrum til embættisveitinga, ekki að tala um orður og titla o. s. frv. En þjóðinni eru þeir alveg óháðir, því að hún getur eigi sett þá af. Þetta fyrirkomulag fer breytingartillagan fram á að laga. Reynslan hefir, eins og jeg áður um gat, sýnt, að dómendur verða stjórnum háðir, enda þótt óafsetjanlegir sje. En auk þess geta þeir orðið svo óhæfir til að gegna embætti, að það sje hrein vandræði, að enginn vegur skuli til þess vera að víkja þeim frá, ef þeir brjóta eigi svo, að þeir verði dæmdir frá, enda þótt stjórn og þing sje alveg samdóma um óhæfileik þeirra. Það er ekkert eins dæmi, sem hjer er farið fram á. Fleiri þjóðir hafa fundið til vankvæða þessara. Þannig á þetta sjer t. d. stað í Svíaríki. Þar er kosin 12 manna nefnd, hvenær sem þingið kemur saman, til að segja álit sitt um, hvort nokkur dómandi í hæstarjetti hafi í nokkru farið svo að, að ástæða sje til, að víkja honum frá embætti, og ef nefndinni finnst svo, er sá dómari leystur frá embætti með hálfum launum. Þar setur því þingnefnd af dómara. England er konservatívt, þar getur stjórnin eigi sett af dómara, nema eptir uppástungu parlamentsins. Þar er það því þing og stjórn í sameiningu, sem geta sett þá frá. Það hefir að sönnu aldrei komið fyrir, að þessu hafi þurft að beita í framkvæmdinni; en tvisvar hefir verið komið fram með tillögu í þá átt á þingi, en í hvorttveggja skipti biðu hlutaðeigandi dómendur ekki boðanna, heldur sögðu þegar af sjer og fóru frá launalaust. Þetta ákvæði á að vera það Damókles-sverð, sem hangir yfir höfði hvers rangláts dómara, og gjörir hann varúðarfyllri. Þessari ákvörðun er það eignað að mestu leyti, að England á hina mest virtu og samvizkusömustu dómarastjett, sem nokkurt land getur sýnt. Ef dómararnir verða t. d. svo á eptir tímanum, að þeir ganga í berhögg við almenna rjettarmeðvitund þjóðarinnar, þá ætti hún að hafa eitthvert ráð til að losast við slíka vandræðamenn. En það getur hún eigi án þess ákvæðis, og verður þá, eins og nú er, að bera þá sem aðra krossbyrði allt til grafarinnar. Jeg segi eigi, að dómarastjettin sje svona hjer í landi, eða sjerstaklega nú á tímum, heldur tala jeg almennt; en þetta getur komið hjer fyrir, eins og það hefir komið fyrir annarstaðar, og því er þetta

ákvæði sett til tryggingar. Það er ekki þingið sjálft, heldur stjórnin eptir tillögu þingsins, sem víkur dómurunum úr völdum eptir breytingartillögunni. Það er alls engin ástæða til að ætla, að þingið leiki sjer að þessu vopni og fari fram á afsetning dómara án fullra og gildra ástæða. Jeg verð því sterklega að mæla fram með breytingunni og álít hana eina hina þýðingarmestu og beztu rjettarbót.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki tala mikið um þenna kafla frv., sem nú liggur fyrir til umræðu, með því að jeg hefi látið í ljósi meiningu mína um mál þetta í heild þess; en jeg skal þó leyfa mjer að fara nokkrum orðum um það atriði, sem h. 2. þm. S-Múl. (J. Ó.) talaði einkum um. Það er í fyrsta sinni, sem jeg hef heyrt það, að dómarar sjeu almennt hlutdrægir og háðir stjórninni, og held jeg að sá dómur sje svo einstaklegur, að hann tilheyri þingmanninum sjálfum, en sje engin almenn skoðun; þessi skoðun er að minnsta kosti svo nýstárleg fyrir mig, að jeg skil eigi í, að jeg hefði eigi heyrt hana, ef hún væri almenn, og jeg held líka óhætt að fullyrða að hún sje röng, því að reynslan hefir aldrei sannað hana; hún er og mjög ólíkleg, því að þeir menn eru valdir fyrir dómara, sem álitnir eru hæfastir, enda eru þeir og óháðir. H. þm. vill líklega gjöra dómarana enn óháðari með þessari breytingu sinni; en mjer finnst að þeir verði eins háðir eptirleiðis, ef þeir eru háðir nú, og meira að segja enn háðari, þar sem þeir yrðu einmitt jafnháðir stjórninni og þeir eru nú; þar að auki yrðu þeir það, sem þeir ekki eru nú, háðir þinginu, sem á að hafa rjett til að koma með tillögu um, að þeim sje vikið frá embætti. Þetta finnst mjer vera móti þeim tilgangi h. þm., að gjöra dómarana óháðari. Þar sem h. þm. talaði um Svíþjóð og England, eða það fyrirkomulag, sem þar ætti sjer stað með dómara, þá er ekki sagt, að þetta sje nein fyrirmynd, enda veit jeg eigi til, að aðrar þjóðir hafi tekið það upp; það getur líka haft ýmislegt isjárvert í för með sjer, að breyta gömlum reglum, sem vel hafa reynzt, en taka nýtt upp í staðinn, eins og hjer yrði gjört, og þyrftu til þess að vera gildar ástæður. Enn kom fram hjá h. þm. ein skoðun, sem að minni ætlun einnig er alveg einstakleg, að dómararnir ættu að dæma eptir rjettarmeðvitund þjóðarinnar; en í frv. stendur þó, að þeir eigi að dæma eptir engu öðru en lögunum; en opt getur það átt sjer stað, að rjettarmeðvitund þjóðarinnar sje eigi í samkvæmni við lögin, og mega þeir þá eigi dæma eptir henni. Þessi skoðun er því eigi rjett. H. þm. vildi láta það vera ástæðu til að víkja dómurum frá embætti, ef þeir hefðu kveðið upp dóm móti rjettarmeðvitund þjóðarinnar; en jeg álít, að þeir hafi gjört skyldu sína, ef þeir hafa dæmt eptir lögunum, og væri það þá sannarlega eigi rjett, að víkja þeim úr embætti. Jeg vildi eigi, að þessar skoðanir væru ómótmæltar. Aðrar breytingar eru og við frv., sem jeg er mótmæltur; en jeg ætla ekki að tala um þær sjerstaklega, með því að jeg hefi mælt á móti öllum breytingum á stjórnarskrá Íslands í heild sinni.

Framsögumaður (B. Sveinsson): Viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og hæstv. landshöfðingi hafa tekið fram um 47. gr. og 52. gr. frv., ætla jeg eigi að vekja neinar langar umræður. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) gjörði ljóslega grein fyrir skoðun sinni, og hæstv. landsh. á hina hliðina frá sínu sjónarmiði eins ljóslega fyrir sinni, og vonast jeg því eptir, að h. þingdm. sjeu þær svo ljósar, að þeir geti nú greitt atkvæði sitt. Jeg fyrir mitt leyti er eigi á móti breytingunum, og ætla, að hættulaust sje og jafnvel til bóta, að greiða atkvæði með þeim báðum.

Jón Ólafsson: H. hæstvirti landshöfðingi áleit, að dómarar mundu verða eins háðir stjórninni eptir sem áður, þó að þessi breyting kæmist á, og þar að auki mundu þeir verða háðir þinginu. (*L. Blönd.*: Rjett). Rjett, segir hinn h. þm. Húnv.; en jeg bið bæði h. hæstv. ldsh. og háttvirta deild að athuga, hvort það tvennt ekki einmitt upp-

hefur hvort annað, og hvort það er ekki einmitt heppilegt, að svo sje. Að hæstv. landshöfðingi hefir ekki áður heyrt líkar skoðanir og þá, sem jeg ljet í ljósi, það er mjög undarlegt, og er það að eins vottur þess, að hæstv. landsh. muni ekki eins víðlesinn í stjórnfræðilegum ritum, eins og eg hefði búizt við. Þær hafa þó komið víða og skýrt fram. (*L. Bl.:* Í þjóðólfi?). Nei; þær hafa einmitt ekki staðið þar enn. En Brock málfærslumaður, sem flutti ríkisrjettarmálið gegn Örstedsráðaneytinu, hefir látið þessa skoðun í ljósi; Holck, sem var kennari í »Statsret« við Hafnarháskóla og sem landsh. sjálfsagt hefir heyrt getið, því Holck mun hafa verið kennari hans, segir sama. Í Andvara 1881 er á þetta minnzt, og tilfærð orð Tschernings ofursta, sem eitt sinn var ráðgjafi í Danmörku; hann segir: »Historien viser, at der ikke er noget lidenskabeligere Element i hele Statslivet i vanskelige Tider end Domstolene«. Þessa skoðun hljóta allir þeir enn fremur að hafa heyrt, er lesið hafa Andvara 1881. Mjer er hún kunnug frá svo fornu fari, að mjer hefði sízt getað dottið í hug, að herra landshöfðingjanum eða neinum stjórnfróðum manni væri nýjung að heyra hana. Eg er því ekki útbúinn hjer með bókaforða til að fræða h. hæstv. landsh. um, hve gömul þessi skoðun sje, af því að jeg bjóst ekki við að þessi mótbára gæti komið fram. Jeg hef þekkt þetta svo lengi og mjer er það svo skýrt. Hefði jeg verið við búinn, hefði jeg getað dregið að mjer sæg bóka. H. hæstv. ldsh. sagði viðvíkjandi fyrirkomulaginu í Svíþjóð og Englandi, að það væri svo margt óheppilegt og úrelt í fornum lögum, sem væri látið standa, af því lítið tillit væri tekið til þess. Það mætti ef til vill koma með þetta um England; en þó er mjer kunnugt um, að menn, sem á síðustu tímum hafa skrifað um enskt rjettarfar, t. d. Gneist, Palgrave, Erskine May o. fl., telja þetta mjög heppilegt fyrirkomulag. En hæstv. landsh. veit sjálfsagt, að grundvallarlög Svía, sem þessi ákvörðun stendur í, eru ekki eldri en frá 6. júní 1809, svo ekki er hægt að kalla það eldgamla og úrelta lagasetningu. H. hæstv. ldsh. hefir misskilið mig, er hann ljezt skilja svo orð mín, sem ætlaðist jeg ekki til, að dómarar dæmi eptir lögunum. Þvert á móti; en jeg held dómari geti orðið á eptir tímanum samkvæmt beztu sannfæring sinni, komizt í öfugstreymi við sína þjóð í skilningi sínum á lögunum, þýðing þeirra og anda. En h. hæstv. ldsh. veit líka vel, að lögin eiga að vera árangur af rjettarmeðvitund þjóðarinnar (sú skoðun er grundvöllur fyrir löggjafarvaldi þjóðkjörinna þinga); en þá er vafalaust líka rjettast, að leggja þann skilning í lögin, sem samkvæmur er þessari rjettarmeðvitund. Og er það þá æskilegt fyrir þjóðina, að dómarar sitji í embættum rótfastir með úreltar skoðanir, skiljandi og þýðandi lögin þvert ofan í rjettarmeðvitund allrar þjóðarinnar? Jeg held einmitt það sje mjög óheppilegt. Eins og þjóðin gefur sjer lög eptir sinni rjettarmeðvitund, eins á hún rjett á að þau sjeu þýdd samkvæmt rjettarmeðvitund hennar. Ef þjóðin er bær um að gefa sjer lög og segja: þessi fyrirmæli eru rjettlát, þá er hún vafalaust eins bær um að segja: þessi er sú rjetta þýðing, sem leggja ber í þessi fyrirmæli. Það getur ekki verið æskilegt fyrir þjóðina, að vita þá menn gegna störfum lengur, sem fyrir einhverjar sakir, andlega veiklun eða því líkt t. d., eru orðnir aptur úr í skoðunum, heldur fá aðra til þess. Sjerstaklega liggur sú þörf djúpt í eðli þjóðarinnar hjer á landi, að lög sjeu ei skilin öðru vísi en rjettarmeðvitundin segir til, vegna þess, að vjer höfum í fornöld um langan aldur sameinað hjá einu og sama valdi, alþinginu, hvorttveggja, löggjafarvald og dómsvald. Þessi sameining mun og byggzt hafa á skoðun þeirri, er jeg tók fram, nl. að nauðsynlegt sje, að ekki sje bert stríð milli tilgangs löggjafans og lög-þýðingar dómarans. Það er því misskilningur hjá hæstv. landsh., að jeg hafi sagt, að dæma ætti móti lögunum, en eptir rjettarmeðvitund þjóðarinnar, því að þetta tvennt á að falla saman, lögin og rjettarmeðvitund þjóðarinnar, þar sem frjáls þjóð hefir löggjafarvald og lögin því eru ávöxtur af rjettarmeðvitundinni. Álítur

hann trygging fyrir því, að dómari skilji lögin rjett, liggja í því, að hann skilji þau þvert ofan í rjettarmeðvitund þjóðarinnar? Jeg ætla að það sje alls ekki afleitt, að ætla, að það fari nærri, að telja það góðan mælikvarða fyrir rjettmæti lagaskilnings, hvort rjettarmeðvitund þjóðarinnar staðfestir hann eða ekki.

Arnljótur Ólafsson: Þessi kafli frumvarpsins er í flestu lítt frábrugðinn stjórnarskrá vorri. Þetta kemur eflaust til af því, að nefndin hefir eigi álitið, að nokkru þyrfti við að auka mannrjettindi þau, sem innifalin eru í 4., 5. og einkum 6. kafla stjórnarskrárinnar. Að vísu hefði jeg getað búizt við, að h. nefnd hefði vilja setja í frumv. sitt einhver af mannrjettindum þeim, sem unnust, að minnsta kosti á pappírnum, í frakknesku stjórnarbyltingunni, og að nefndin hefði því skipað orðunum: »frelsi«, »jafnrjetti« og »bróðerni« í þessum kafla frumv. sess efst á blaði. En fyrir því nú að nefndin tekur eigi fram nokkur slík mannrjettindi, verð jeg að ætla, að henni hafi þótt stjórnarskrá vor nægileg í þá stefnu. Þetta er mikil viðurkenning af h. nefnd. Mannrjettindi höfum vjer nægileg, játar hún, en þjóðrjettindin ekki. Nefndin hefur því breytt um hið efsta vald, og dregið það úr höndum konungs inn í landið. Það hefir vakið fyrir nefndinni, að enga bót þyrfti á rjetti manna sem manna, heldur sem þegna og þjóðfjelaga. Jeg skal ekki draga neina ályktun út úr þessum skoðunarhætti. Það gæti jeg ef til vill gjört við 3. umræðu. En þó að mannrjettindunum sje haldið að mestu óbreyttum, hafa þó nokkrar breytingar verið gjörðar, sem gefa mjer tilefni til fáeinna athugasemda. Í fyrsta lagi er viðauki, sem hún hefir bætt við 20. gr. stjórnarskrárinnar í 23. gr. frv. og hann sýnir einhverja ónákvæmni hjá nefndinni. Greinin hljóðar um það, að alþingi komi saman 1. virkan dag í júlímánuði, hafi landstjóri ekki tilkekið annan samkomudag; það er með öðrum orðum: landstjóri má taka til annan samkomudag. Þetta er samkvæmt því sem áður var, nema hvað landstjóri er kominn í staðinn fyrir konung. En svo kemur hið nýja: »þó má breyta þessu með lögum«. Það er sama sem: valdi landstjóra til að tiltaka annan samkomudag má breyta með almennum lögum. Þetta er takmörkun á frelsi landstjóra, og vildi jeg benda h. framsögumanni á þetta, því það hefir líklega ekki verið meiningin. Landstjóri er alstaðar hjer í frv. í staðinn fyrir konung. Konungur má ekki heyrast nefndur. 25. gr. er tekin úr grundvl. Dana; en svo er engu breytt þangað til í 27. gr. Þar er sleppt úr orðunum: »meðan þingið stendur yfir«. Jeg vil spyrja h. framsögumann, hvort meiningin er, að þingið setji nefndir, sem standi lengur en þingið. (*B. Sv.:* Já). Það er þá ekki neitt við það að athuga. Þetta er og eins orðað í grundvl. Dana 28. júlí 1866. En svo kemur veruleg breyting í 30. gr. frv. á niðurlagi 1. málsgreinar í 25. gr. stjórnarskr. 30. gr. frv. er að efninu til samkvæm fyrri hluta 1. málsgr. í 25. stjórnarskrárinnar, nema hvað sjálfsagt ekki er vitnað í stöðulögin, þar sem þau áður eru tekin upp í frv. En breytingin á seinni hluta 1. málsgr. í 25. gr. stjórnarskr. er í því fólgin, að sleppt er þeim skildaga, að »greiða skuli fyrir fram af tillaginu« gjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar. Þetta er mikil efnisbreyting, og af þeirri breyting leiðir rakleiðis, að alþingi hefir hjer eptir sömu umráð yfir hinu fasta tillagi úr ríkissjóðnum, sem yfir öðru almannafje landssjóðsins. Þetta er því athugaverðara, sem ákveðið er, að laun hinnar nýju fyrirhuguðu stjórnar skuli ákveðin með lögum. Jeg set nú svo, að frv. þetta yrði samþykkt af konungi; þá hefði landstjóri og ráðgjafar landstjóra engin laun, af því að engin launalög eru til og konungur hefir eigi umráð yfir einum eyri eptir 30. gr. frv. Það er allt úr höndum hans. Jeg ímynda mjer nú, að konungur mundi aldrei gefa frv. samþykki sitt svo, að hann legði ei fram um leið launalög handa landstjóra og ráðgjöfum hans og fyrir hinum nýja skrifstofukostnaði, og segði: h. þm. og hæstv. framsögumaður! þjer verðið að samþykkja þessi launalög, því þjer getið ekki búizt

við, að jeg setji landstjóra og stjórn, sem þjer á síðan getið skammtað launin úr hnefa. Framsögumaður (B. Sv.) hefir svo opt vitnað í nýlendur Englendinga, að mjer má vera leyfilegt að gjöra það og í þetta sinn. Jeg veit ekki betur, en að í stjórnarskrám þeirra sje ákveðið, hve mörg hin æðstu embætti þar skuli vera, og hve há laun þeim fylgja skuli, og að í fylgiskjali, sem fest er aptan við stjórnarskrár nýlendunnar, sje sett fullkomin trygging þess, að launin verði greidd þessum embættismönnum. Með öðrum orðum: þetta embættamannatal og þessi ákveðna launahæð er eitt af skilyrðunum fyrir samþykki stjórnarskránna. Nefndin hefir kippt burt þeirri trygging, sem lá í fjárvaldi konungs (*J.Ó.*: 6. gr.); já, hana hef jeg áður um talað; en það er sitthvað, að eitt skuli ákveða með lögum, heldur en hitt, að konungur hafi fyrir fram fje í höndum til launanna. Annað hefi jeg eigi að athuga við þennan 3. kafla. Þó vil jeg nefna, að í 31. gr. er farið eptir grundvallarlögum Dana 28. júlí 1866, en breytt frá stjórnarskránni í því, að landsreikningunum skuli ráðið til lykta með úrskurði, en eptir því sem stendur í 26. gr. stjórnarskr. á að samþykkja þá með lagaboði. Nú veit jeg ekki, hvort h. framsögumanni þykir þetta vera meira frelsi, að láta það heita úrskurð, sem alþingi gjörir, heldur en lög. Aptur á móti er haldið í 37. gr. frv. orðunum að »höfða mál«; í 57. gr. í grundvl. dönsku stendur orðið »tiltale«, sem þýðir að höfða sakamál; en að höfða mál er hjá oss haft jöfnum höndum um einkamál og sakamál. 47. gr. er samkv. 68. gr. í grundvl. Dana og er ekkert við hana að athuga. Eins er breytingaratkv. við hana að eins orðabreyting. Það er einkum breytingaratkv. hinna þriggja þingm. á tölul. 205., sem um er vert að tala. Af því svo mikið hefir verið um það rætt, skal jeg vera fáorður. Breytingaratkvæði þetta mun ver sniðið æðimikið eptir 87. gr. í grundvallarlögum Noregs. Gætum að, hvernig þessi breyting yrði að koma til framkvæmda, ef hún yrði að lögum. 12 menn eru í efri deild alþingis, og þrír dómendur eru í landsyfirrjettinum, svo það yrði þá 15 menn, sem í landsdóminum sæti. Nú má sá, sem sakaður er, ryðja 5 menn úr dómi, hann má ryðja hverja sem hann vill, svo yfidómendurna sem aðra, og svo gengur 1 maður úr dómi til þess að standi á stöku. Ruðning þessi er bundnari í Noregi, og er það gert í sjerstakri reglugjörð, en eigi í grundvallarlögunum. Það er sannarlega eigi heppileg tillaga, að menn skuli geta orðið dæmdir í dómi þeim, sem engin trygging er fyrir, að nokkur lögfróður maður í sitji; því eptir þessu frumvarpi er hið eina skilyrði fyrir sæti í efri deild 35 ára aldur og tvöfaldar kosningar, en engin lagaþekking. Og þegar hinn ákærði getur rutt úr landsdóminum öllum yfidómendunum og sýslumönnum, ef nokkur ætti sæti í efri deild, getur svo farið, að dómurinn verði skipaður eintómum bændum, sem engin trygging er fyrir, að hafi lagavit nje þekking. Tryggingin fyrir rjettum dómi í landsdóminum er þá, eptir skoðun nefndarmanna, rjettarmeðvitund mannanna í landsdóminum. En jeg skil eigi betur en þessi skírskotun til rjettarmeðvitundarinnar komi í beinan bága við 52. gr. frumv., þar sem stendur, að dómendur skuli fara að eins eptir lögnum. Þessi landsdómur er svo samsettur, að engin trygging er þess, að dómendur í honum geti farið eptir lögum. Í annan stað skal jeg geta þess, að h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem fór svo fögrum orðum um jafnvægi, kallaði það kreddu, hvernig menn vildu láta dómara verða óháða. (*J. Ól.*: Að þeir *yrðu* óháðir). Kredda er það alls ekki. Jeg þykist vita, að hann þekkir þrískiptingu landsvaldsins: í dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald. Hann veit, að þessi kenning er tekin eptir hinum fræga stjórnvitring Montesquieu, og er henni haldið hátt á lopt af öllum þeim þjóðum, sem stjórnarskrá hafa. Þetta er því ekki kredda; en hitt játa jeg, að það er ekki jafnan hægt að aðgreina svo þessar þrjár valdstjettir, að dómsvaldið verði fyllilega óháð framkvæmdarvaldinu og framkvæmdarvaldið löggjafarvaldinu. Menn eru eigi búnir að finna ráð til, að hvert vald

verði óháð öðru; og h. þm. hefir eigi gert það með breytingartill. sinni. Setjum svo, sem eigi er, að dómendur vorir sjeu háðir framkvæmdarvaldinu; en þá verða þeir enn háðari eptir breytingartill., eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, með því að þeir verða þar að auki háðir löggjafarvaldinu að nokkuru leyti; því þegar löggjafarvaldið getur ákært dómanda, getur það rýrt álit hans, og mörgum dómanda mun falla mun þyngra, að farið sje fram á að honum skuli vikið frá embætti, en að missa nokkra skildinga af launum sínum, ef hann er ekki því fátækari.

Í 53. gr. frv. stendur: lútherska kirkjan skal vera þjóðkirkja. Hjer er haldið íslenzku orðatiltækjum stjórnarskrárinnar, en eigi orðinu í grdvll. Dana: er. Þó er rjettara, að hjer standi »er« en »skal vera«, því hjer er að ræða um hvað er, en eigi hvað vera skuli, eður um ástand, en ekki um skipun. Viðaukinn við þessa grein er, eins og aðrar fyrirheitsgreinar, verkefnisgreinar, sem hvorki gjöra til nje frá, með því að það er sjálfsagt, að gefa út lög um þjóðkirkjuna. Í einu orði, hvort sem þetta og annað eins stendur í fyrirheitsgreinum í stjórnarskrá eða ekki, eru það jafnt fyrir það löggjafarmálefni, sem hvort sem er verður að skipa með lögum.

57. gr. er ögn frábrugðin 48. gr. stjórnskr., en á þeim er þó enginn sjerlegur munur. 58—69. gr. eru samhljóða tilsvarandi 49.—60. gr. í stjórnarskr. 70. gr. er líka samkvæm 61. gr. í stjórnarskr., sem er lík 92. gr. í grundvallarl. Dana 28. júlí 1866, og að miklu leyti sniðin eptir henni. En þó eru tvö ákvæði úr felld. Orðunum úr grundvl. milli orðanna: »beggja þingdeildanna« og »skal leysa alþingi upp« o. s. frv. »og stjórnin vill sinna málinu« er sleppt. Jeg set að þetta frv. verði samþykkt, og síðar komi frumv. um stjórnarskrárbreyting frá þinginu; þá á konungur, hvort sem hann vill sinna málinu eða ekki, að rjúfa þingið, og láta nýjar kosningar fram fara, en eptir grdvll. Dana þarf slíks ekki, nema hann vilji sinna breytingunni. Annað ákvæðið, sem sleppt er, er það sem stendur í grdvll. Dana, að hið nýja þing geti samþ. breytinguna annaðhvort á reglulegu þingi eða aukaþingi. Jeg vildi óska, að nefndin hefði fylgt grundvallarl. í því fyrra, að landsstjórnin þurfi ekki að rjúfa þing nema hún vilji sinna framkomnu frumv., þó ekki af því, að jeg vilji gefa henni meira vald, heldur til þess að spara kostnað. Eptir þessu frumv. komumst vjer ekki hjá, að gjöra að minnsta kosti 20,000 króna kostnað, þó að menn sjái fyrir fram, að kostnaður þessi sje ekki til neins árangurs. Jeg vona, að þingd. sjái, að þó að mínar athugasemdir sjeu eigi mikils virði, þá miði þær þó heldur til, að gefa nefndinni bendingar til leiðrjettinga, en til þess að gjöra gys að málinu.

Framsögumaður (Ben. Sveinsson): Það er að eins fátt, sem jeg hefi að athuga viðvíkjandi hinum svo nefndu skýringum h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.). Jeg skal fyrst taka fram þá almennu athugasemd, að jeg get ekki viðurkennt, að hann hafi haft hina minnstu átyllu, því síður ástæðu, til að við hafa þau orð um frv. nefndarinnar, að það fari því fram, að draga valdið úr höndum konungs inn í landið. Þessi orð eru svo tvíræð, að jeg álít þau ekki sæma, og vil jeg því mótmæla þeim, sem heimildarlausum og óviðurkvæmilegum um frv. nefndarinnar. Hjer er ekki um annað að ræða en að konungur geri allt sjálfur, sem hann hefir gert hingað til, en einungis fyrir milligöngu annars manns, nefnilega að hann hafi umboðsmann til að fara með vald sitt, af því að Ísland er í 300 mílna fjarlægð frá aðseturstað hans sjálfs, svo að bókstaflega persónuleg nærvist hans er ómöguleg, og allt þetta frv. er einmitt mestmegnis sprottið út af þessum staðarlegu kringumstæðum, af þessari fjarlægð. Viðvíkjandi skýringum þm. á hinum einstöku greinum, þá skal jeg taka það fram, að þar sem hann skildi niðurlag 23. gr.: »þó má breyta þessu með lögum«, svo, að í þessu lægi, að það mætti með einföldum lögum svipta landsstjórann þeim rjetti, að kalla þingið saman, þá er þetta engan veginn svo; þetta er miðað við tímann, dag-

inn og staðinn, við nær og hvar þingið eigi að koma saman, og jeg get ekki ímyndað mjer annað en þm. dytti þessi skilningur í hug, ef hann ætlaði að halda alvarlegan fyrirlestur um þetta atriði, fyrir skynjandi mönnum, og ekki eins og hann nú gerir til athlægis. Mjer finnst þetta ekki geta misskilizt, nema menn gjöri leik til þess, en ef h. 1. þm. Eyf. eigi að síður vill koma með breytingaratkv. við þessa grein til 3. umr., þá munu þm. fallast á hana, ef þeim þykir nauðsyn bera til þess. Þá talaði þm. um 27. gr. og gat þess, að fellt hefði verið úr tilsvarandi grein í stjórnarskránni orðin »meðan þingið stendur yfir«; það veit nefndin vel, og það er líka meiningin, að þessar nefndir geti einnig staði milli þinga, og eru hjer tekin upp hin sömu ákvæði og eru í grundvallarlögum Dana. Þetta er eitt af þeim atriðum, þar sem stjórnarskrá vor veitir alþingi svo mikið minni rjett, en grundvallarl. Dana veita ríkisþinginu, enda hefir þetta ekki leitt til góðs, því nefndir þær, sem stjórnin hefir sett hjá oss millum þinga, hafi sannarlega ekki heppnazt sem skyldi. Viðvíkjandi 30. gr., þá þótti þm. henni ekki heppilega breytt frá því, sem ákveðið væri í 25. gr. stjórnarskr. Aðalbreytingin er sú, að nema burt þá takmörkun á fjárveitingarvaldi þingsins, sem nú er sett í 25. gr. stjórnarskr., og jeg veit að þm. kannast við þessa breytingu, því hann var sjálfur í stjórnarskrárnefndinni árið 1883, og fjellst þá á þessa breytingu; þá talaði hann ekkert á móti henni, og hann gat þess heldur ekki þá, að það mundi verða ómögulegt að staðfesta stjórnarskrána sökum hennar, og gat þess ekki heldur þá, að það ætti við, að taka ákvæði um laun þeirra, sem í landstjórninni eru, inn í stjórnarskrána, enda held jeg að það sje ekki tekið fram í neinni stjórnarskrá; að minnsta kosti er það í engri þeirri stjórnarskrá eða stjórnarskipunarlögum, sem jeg hef kynnt mjer. Stjórninni er þar að auki innan handar að leggja fyrir þingið frv., sem yrði staðfest jafnhliða stjórnarskránni, því tímatakmarkið fyrir því, hve nær þessi stjórnarskrá komi í gildi, gefur stjórninni fullkomið ráðrúm til þess. Eins og sjá má af 71. gr., þá er hjer fullkomlega rúmt svæði til þess að ráða bót á þessu ímyndaða meini, svo það komi ekki fram við hinn háttv. þingm., ef hann skyldi verða kvaddur inn í stjórnina, sem er næsta líklegt með annan eins stjórnspeking og stjórnlagagarp. H. þm. tók rjettilega fram viðvíkjandi 31. gr., að hjer væri ekki sem heppilegust breyting, þar sem stendur nú í stjórnarskránni, að reikninginn fyrir hvert fjárhagstímabil skuli samþykkja með lagaboði, en hjer er því breytt þannig, að leggja skuli úrskurð á hann. Jeg skal játa, að jeg kann illa við það, þetta orð »úrskurð«, en jeg kann þó hálfu ver við það ákvæði, að samþykkja »skuli« reikninginn með »lagaboði«, eins og hann er lagður fyrir, því að í því er engin meining. Það er engin meining í því, að skylda þingið til að samþykkja reikninginn eins og hann er lagður fyrir það, því þá hefir þingið ekkert að segja til útásetnings, og þá er þýðingarlaust að leggja hann fyrir þingið. Jeg hef heldur aldrei skilið þetta eptir orðunum, og held að það sje alls ekki sú meining, sem orðin benda til. Í grundvallarlögum Dana stendur: »og tage Beslutning med Hensyn til samme«, það er: að gera ályktun um reikninginn. Jeg skal leyfa mjer að koma með breytingaratkv. til 3. umr. í þessa átt, og vil jeg þá setja inn orðrjetta þýðingu á hinu danska ákvæði, »leggja ályktun á«, en ekki »samþykkja með lagaboði«, eins og það nú er orðað í stjórnarrkránni. Þá sagði þingmaðurinn, að orðtækið »að höfða mál« í 37. gr. væri víðtækara en »tiltale«, sem stæði í dönskunni, og að »Tiltale«, væri ekki haft nema þegar um sakamál væri að ræða. Jú, þetta orðtæki er einmitt einnig haft í öllum einkamálum (civilmálum), t. d. »bör for Tiltale fri at være«. Jeg hjelt, að hinn sprenglærði lögfræðingur, lögspekingur, eða lagavizkumaður vissi annað eins og þetta, sem sjá má í öllum dómasöfnum á dönsku. En hitt er satt, að þegar maður leggur »Tiltale« út á íslenzku, þá skyldi ófróður maður ætla, að hjer væri átt við sakamál; en terminologian er nú einu sinni svona í

dönskum lögum. Að því er snertir 61. gr., þá vildi h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) þar gera breytingu frá stjórnarskránni. Þar kom kom þó loksins ein breyting, sem hann vildi gera á stjórnarskránni, og jeg vona að hinn h. vinur minn 1. þm. Eyf. (A. Ó.) verði þó að játa, að það kostar nærfellt eins mikið að gera þessa einu breytingu, eins og að endurskoða alla stjórnarskrána, að því leyti sem það einnig kostar 2 þing, og, eptir hans röngu ímyndunum og ranga skilningi á sjálfri stjórnarskránni, mörg herrans þúsundir króna. Þarna erum við þó einu sinni orðnir samdóma. Jeg heyrði það ekki um daginn, að hann tæki þetta fram sem kost á þessari stjórnarskrá fram yfir jeg held allar stjórnarskrár í víðri veröldu. H. sessunautur minn er dauður, og getur því ekki svarað athugasemdum h. 1. þm. Eyf. við ræðu hans, og skal jeg því bæði eptir tilmælum sessunautar míns og af eigin hvötum svara þeim nokkrum orðum. Hinn kærði getur eptir breytingaratkvæði 2. þm. Suðurmúlas. rutt 5 mönnum úr dóminum eða $\frac{1}{3}$ að dómendunum, því þeir verða 15, 12 efrideildarmenn og 3 yfirdómarar, ef enginn þeirra á sæti í efri deild. Það er því satt, að það lítur út fyrir, að ryðja mætti ef til vill öllum löglærðum mönnum úr dóminum: 3 yfirdómendum, og þótt gert væri ráð fyrir tveim sýslumönnum í deildinni, þá mætti og ryðja þeim burtu. Það er því satt, að það er ekki skilyrðislaus trygging fyrir því, að nokkur löglærður maður, já og það sem þó er enn þá voðalegra fyrir hinn kærða, er það, að það er jafn vel engin skilyrðislaus trygging fyrir, að lögfróður prestur sitji í dóminum eða prestur, sem er þaulvanur lagasnápur og málagarpur; en það er þó athugandi, sem þingmanninum hefir sjezt yfir, að það er hinn kærði og enginn annar, sem ryður úr dóminum, og ef hann ryður hinum löglærðu burtu, t. a. m. löglærðum presti, þá er það af því, að hann álítur þá meiri tryggingu fyrir rjettum dómi, af því hann treystir þeim ekki eins vel og hinum, sem eptir eru. Honum er því ekki gert neitt rangt til með þessari ákvörðun, því hann getur látið vera að ryðja hinum löglærðu, ef hann treystir þeim betur til að dæma mál sitt. En jeg skal játa það, að það hefði eigi að síður verið rjettara, að taka það fram, að hinn kærði mætti ekki ryðja öllum lagamönnunum úr dómi, eins og ákveðið er í Noregi; þar má kærði ekki ryðja nema svo, að 4 löglærðir dómendur sjeu eptir í dóminum, og eins hefði verið rjett að taka fram, að hjer mætti ekki ryðja nema svo, að tveir væru eptir til þess að sjá um, að jafnan sæti þó löglærðir í dóminum. Annars mundi ráðgjafi sá, er kærður væri, hafa vit á að ryðja ekki öðruvísi en svo úr dómi, að þeir, sem eptir væru, kynnu með mál hans að fara. Viðvíkjandi því, hvort dómarar eigi að vera óafsetjanlegir, þá er mikil trygging í ákvörðun breytingartill. fyrir því, að dómararnir sje ekki hlutdrægir, og jeg get ekki sjeð, að hætt sje við að þeir verði ofháðir alþingi fyrir því. Það er sem sje ekki hægt að víkja dómurunum frá, nema með ákveðnum eptirlaunum; en þau væru trygging fyrir því, að þingið ekki notaði vald sitt ófyrirsynju. Það skyldi vera dæmalaus metamorphosis, sem gengi fyrir sig með alþingi Íslendinga, ef það hikaði sjer ekki við, að setja ungan dómara frá embætti og veita honum æfilöng eptirlaun, þegar það þó ekki treystir sjer að bera svo miklar sakir á hann, að það geti fengið hann dæmdan frá embætti. Þegar dómarar eru óafsetjanlegir, nema fyrir glæp, þá liggur í því mögulegleiki fyrir, að þeir vanbrúki vald sitt, og verði hlutdrægir. Það er aðgætandi, að þetta sjálfstæði gerir þá svo óháða gagnvart stjórninni, að þeim getur orðið hætt við að verða einmitt háðir sínum eigin breyskleika, af því þeir þykjast engan þurfa að óttast.

Th. Thorsteinson: Það er að eins fátt eitt viðvíkjandi 47. gr., sem jeg vildi taka fram. Það er von þótt menn sje í efa um, hvernig þessi dómur eigi að vera saman settur, því hann er mjög áríðandi fyrir landið í heild sinni. Jeg hjelt, þegar jeg

leit á þetta í fljótu bragði, að jeg gæti verið h. framsögumanni samdóma um, að það stæði á sama, hvort af því, sem hjer lægi fyrir, væri tekið, en ekki af sömu ástæðu og hann, að jeg áliti hvorttveggja gott; jeg álít hvorugt heppilegt. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) áleit;, að mestur hluti dómara væri hlutdrægur, og meira æstir; það get jeg ekki fallizt á. Þeir mundu vanalega verða eldri menn, rólegri og reyndari en aðrir, svo jeg álít ekkert á móti þeim. En hvernig er nú opt ástatt með þingið? Þar eru opt æsingar, sem ráða mestu, og þurfum við ekki annað en líta til frændþjóðar okkar í Noregi, og vitum við hvernig dómur hefir fallið þar. Jeg vil vekja athygli framsögumanns á því, hvort hann fyndi ekki ástæðu til að koma með enn þá eina breytingaruppástungu, sem færi fram á að hafa annaðhvort jafnmarga eða einum fleiri en dómendurnir í æðsta dómstól landsins eru, dómendur, sem kosnir væru af þinginu fyrir fram, en sem mættu ekki vera alþingismenn. Jeg held að það væri mest trygging fyrir því, að þá yrði dæmt hlutdrægnislaust og rólega, því þessir menn væru lausir við æsingar í þinginu, og þegar þingið kysi þá, vissi hvorki það nje þeir um, hvað þeir mundu koma til að dæma. Jeg sje fullkomlega vel, að nefndinni hefur gengið gott eitt til með sínum tillögum, en jeg held að mest trygging væri í því fyrirkomulagi sem jeg hefi nú stungið upp á.

Framsögumaður (B. Sveinsson): Jeg er fús á að taka athugasemdir h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) til athugunar til 3. umr.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta það, sem h. 1. þm. Ísf. hafði eptir mjer. Jeg sagði ekki, að dómarastjettin yfir höfuð væri hlutdræg, heldur að hún væri allra stjetta æstust á þeim tímum, þegar æsingar væru og pólitiskir flokkadrættir hjá þjóðinni.

Th. Thorsteinson: Jeg skildi ekki þm. svo, að hann meinti hjer á landi, heldur yfir höfuð; en það álít jeg hreint ekki tilfellið. Jeg álít, og það mun mega sanna á sögunni, að æsingar, og það af þeim óhappasælustu, sjaldnast sjeu komnar frá dómendum, og eins ætla eg að hjer mundi verða, og veit að h. þm. ekkert hefir á móti, að eg held þessari skoðun fyrir mig, eins og hann sinni.

Atkvæðagr: 23. gr. í frv. nefndarinnar samþ. með 16 atkv. 24. gr. með orðabreyt. samþ. með 17 atkv. 25.—37. gr. samþ. óbreyttar með 21 atkv. hver um sig; 38. og 39. gr. samþ. með 20 atkv. hvor; 40.—46. gr. samþ. með 21 atkv. hver um sig. Breyt.till. 3 þm. við 47. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 10, að við höfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingmanna, og sögðu

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Eiríkur Kúld,
Eg. Egilsson,	H. Kr. Friðriksson,
E. Briem,	Gunnl. E. Briem,
Fr. Stefánsson,	Jón Sigurðsson,
H. Clausen,	Lárus Blöndal,
Jón Jónsson,	Þórarinn Böðvarsson
J. Ólafsson,	Þórður Magnússon,
M. Andrjesson.	Þorkell Bjarnason,
Ól. Pálsson,	Þorl. Guðmundsson,
Tr. Gunnarsson,	Th. Thorsteinson.
Þorst. Jónsson,	
Þorv. Kjerulf.	

Arnlj. Ólafsson var ekki viðstaddur.

Breytingartill. nefnd. við 47. gr. var samþ. með 15 atkv.

Orðabreyt. nefnd. við 47. gr. samþ. með 18 atkv.

47. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 18 atkv.

Breyttill. nefnd við 48. gr. (nr. 195) samþ. með 16 atkv.

48. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 18 atkv.

49.—51. gr. samþ. óbreyttar með 20 atkv. hver um sig.

Breyt.till. nr. 205 um að ný gr. komi á eptir 51. gr. var samþ. með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já: Eiríkur Kúld, Ben. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, G. E Briem, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Ólafur Pálsson, Tr. Gunnarsson, Þórður Magnússon, Þorlákur Guðmundsson, Þorv. Kjerulf. Allir

aðrir sögðu *nei*, nema Arnljótur Ólafsson; hann var eigi við staddur.

Með þessari nýju grein breytist greinatalan á eptir.

Um viðbótina (nr. 205) við 52. gr. var viðhaft nafnakall eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingm., og var hún felld með 13 atkv. gegn 10. Þessir sögðu *já:* Halld. Kr. Friðriksson, Ben. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Pálsson, Þórður Magnússon, Þorv. Kjerulf.

52. gr. samþ. óbreytt með 20 atkv.;

53.—54. gr. með orðabreyt. samþ. með 21 atkv. hvor.

55. gr. samþ. óbreytt með 18 atkv.

56.—71. gr. samþ. óbreytt með 20 atkv. hver um sig.

Breyt.till. nr. 195 um að 1. tölul. ákvarðana um stundarsakir falli burt o. s. frv. var samþ. með 20 atkv., og var þar með 1. tl. fallinn.

Breyt.till. nr. 205 við 2. tölul. ákvarðana um stundarsakir, fyrri hlutinn samþ. með 17 atkv., en seinni hluti breyt.till. um orðun síðustu málsgreinar var samþ. með 14 atkv., og þar með var síðasta málsgr. frv. fallin; en það sem eptir stóð af 2. tölul. í frv., var samþ. með 20 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv. gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna. *Nei* sögðu: Halldór Kr. Friðriksson og Arnljótur Ólafsson.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1884 og 1885 (C. 58, nefndarálit 203 + 227); 2. umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Að því er snertir þær breytingar við stjórnarfrv., sem nefndin hefur komið fram með, skal jeg fyrst minnast á 2. gr. Grein þessi er í stjórnarfrv. lítt skiljanleg, og væri óskandi, að því líkt kæmi ekki opt inn á þingið. Þessi grein fer fram á, að eptirstöðvar af álaginu á landsjóðsjörðinni Hallbjarnareyri, 722 kr., sje greitt úr landssjóði af því að fráfarandi jarðarinnar 1883 hafi eigi getað borgað þessa upphæð. Nefndin gat með engu móti sjeð sjer fært að fallast á þetta, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að hún hafði ekki fyrir hendi skýrslur, sem sýndu áreiðanlega, að þessi fjárupphæð gæti alls eigi fengizt hjá fráfaranda. Í öðru lagi var nefndinni ekki ljóst, hvort eigi mætti gjöra ábyrgð gildandi gagnvart öðrum en fráfaranda, því að það er ólíklegt, að þessi fráfarandi ábúandi hafi orðið svo aumur á hinum fáu árum, sem hann bjó á jörðinni, að hann gæti ekki borgað þetta álag, svo að það er útlit fyrir, að umboðsmaður hafi í þessu tilfelli byggt jörðina ekki sem heppilegast eða sem áreiðanlegustum manni; því slíkum mönnum ættu þó umboðsmenn ekki að byggja jarðir landssjóðs. Í þriðja lagi má geta þess, að reikningar fyrir þessu álagi eru nokkuð háir, og skal jeg nefna eitt dæmi. Til að gera við göngugarð á jörðinni var talið að þyrfti 15 dagsverk, sem hann átti óunnin; en þessi 15 dagsverk eru metin 100 kr. eða því nær 7 kr. dagsverkið. Hjer var enginn við úttektina fyrir landssjóðs hönd, sem þó hefði þurft. Yfir höfuð þarf þetta mál nákvæmrar rannsóknar við. Og áður en nákvæmar skýrslur eru fram komnar, sem sanni, að tjeður fráfarandi geti ekki greitt þetta álag, getur nefndin með engu móti verið með þessari greiðslu úr landssjóði. Þótt það sje athugavert, að fallast á 3. gr. stjórnarfrv., hefir þó nefndin gjört það, með sjerstaklegri hliðsjón til þess, að presturinn sem í hlut á er góðs maklegur og honum er ef til vill eigi auðið að greiða árgjaldið; en nefndin hefir sett það skilyrði fyrir þessari eptirgjöf, að frá brauðinu verði teknar svo margar jarðir, að árlegt eptirgjald þeirra nemi 500 kr. Treystir nefndin umboðsvaldinu til að gera þær ráðstafanir, sem með þarf í því efni.

Að því er 2. tölul. 4. gr. snertir, þá hafa nefndinni borizt skýrslur um, að grindin til kirkjunnar væri miklu ódýrari en áætlað var, svo að til kirkjunnar mætti komast af með 3500 kr. í staðinn fyrir 5000 kr. Jeg skal, að því er snertir 1. tölul. 4. gr., leyfa mjer að vísa til nefndarálitsins, en að eins geta þess, að hærri upphæð þarf eigi en

1714 kr. samkvæmt skýrslu landshöfðingja til húsgjörðar þessarar. 1. tölul. 5. greingreinar sleppti nefndin og hefir fært ástæður fyrir því í nefndarálitinu. En auk þess, sem þar er tekið fram, skal jeg geta þess, að umræddur prestur er nú dáinn; og fengi þá dánarbú hans þessa upphæð.

Þá kem jeg til 6. tillögu nefndarinnar, að veita 4000 kr. til aðgjörðar á latínuskólanum. Þótt jeg sje skrifaður undir nefndarálitið, verð jeg að játa, að jeg er óánægður með þessa ákvörðun. Þessi upphæð er allt of lítil. Það er að vísu satt, að með þessari fjárveiting eða upphæð má verja skólann skemmdum. En það er svo margt sem vantar í þennan skóla og við hann utan húss og innan, sem engan veginn verður bætt úr með þessum 4000 kr. Dyravörður þarf t. a. m. meira húsrúm; kennarar þyrftu að hafa sjerstaka stofu til að skreppa inn í milli kennslustunda; það þyrfti að vera salur, sem rúmaði alla kennara og pilta skólans og nokkra aðkomumenn til þess að geta notað hann við hátíðleg tækifæri og við raðanir á mánaðamótum. En þetta kann nú að baslast af eins og hingað til. En það er sannarlega ekki bjóðandi dyraverði þetta litla herbergi, sem hann hefur, og það verður naumast hægt að fá menn til þess að taka að sjer, dyra varðarstörf með þessu litla húsrúmi. Úr því þó að nefndin ekki sá sjer fært að verja meiru fje til þessa, þá geng jeg þó að því fyrir mitt leyti, en get þó ekki skoðað þetta nema til bráðabyrgða, svo að við það megi hjálpast næsta fjárhagstímabil.

Landshöfðingi: Jeg er í flestum greinum samdóma h. nefnd. Þó eru það 2 atriði, sem jeg óska að yrðu á annan veg, en nefndin hefir lagt til. Fyrra atriðið snertir 2. gr. stjórnarfrv. um eptirgjöf á eptirstöðvum af álagi á Hallbjarnareyri, 722 kr., sem nefndin ræður til að fella, af því að nægar sannanir sjeu eigi fram komnar um, að hlutaðeigandi fráfarandi geti ekki greitt tjeða upphæð. En jeg hef síðan gefið h. nefnd skýrslur um þetta. Nefndinni hefir ekki þótt skýrslur þessar innihalda nógu formlegar sannanir. En þær sýna þó fyllilega ljóst, að tjeður fráfarandi var eigi fær um að greiða álagið að öllu, eða að því leyti sem farið er fram á í frumvarpinu, að það verði greitt úr landssjóði. Maðurinn var því nær fjelaus og svo að segja flosnaði upp, og veit jeg til, að sumum þm. hjer í deild er þetta kunnugt. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) kvað það undarlegt, ef fráfarandi hefði orðið svo fjelítill á fáum árum, og var eins og lægi í orðum hans, að hlutaðeigandi umboðsmaður mundi ekki hafa gjört rjett í að byggja þessum manni jörðina. Ef h. framsögum. (H. Kr. Fr.) væri kunnugur í Snæfellsnessýslu, mundi hann líta nokkuð öðruvísi á málið, því að þar er ekki jafnan völ á efnabændum til að taka jarðir landssjóðs til ábúðar, svo að það verður opt og einatt að byggja þær efnalitlum mönnum, heldur en láta þær fara í eyði; það er opt ekki nema um þetta tvennt að velja; þannig hefir því verið varið með þessa jörð.

Þótt h. nefnd vilji fella þennan gjaldlið, þá skil jeg það svo, að hún að eins að svo komnu vilji ekki veita þessa upphæð, en hafi ekkert á móti að það sje gert seinna, er formlegar sannanir eru fram komnar um, að þessi upphæð geti ekki fengizt hjá fráfaranda.

Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir, að hún hefir lagt það til, að gefa eptir árgjaldið frá Odda, sem áfallið er og enn er óborgað; en á hina hliðina er jeg ekki eins ásáttur um það skilyrði, sem hún hefir sett fyrir eptirgjöf þessari. Það er svo mikil rýrnun fyrir brauðið, að missa svo margar jarðir, að afgjaldið nemi 500 kr., að jeg tel það ísjárvert, að taka þær frá brauðinu.

Með tilliti til uppástungu h. nefndar um að færa upphæðina til endurreisnar Bjarnaneskirkju niður úr 5,000 kr. í 3,500 kr., þá er það ætlun mín, að sú upphæð muni vera of lág; en fáist ekki meira veitt, verður þó að reyna að hjálpast við þetta fyrst um sinn; ef það ekki hrekkur, verður að taka það sem til vantar upp á væntanlega fjárveitingu síðar, ef með þarf.

1. tölul. 5. gr. vill h. nefnd láta fella

burt. Að vísu er hlutaðeigandi prestur dáinn, en gjaldið er í sjálfu sjer sanngjarnt og það eins fyrir það, þótt presturinn sje látinn, og væri sanngjarnt, að bú hans fengi þetta.

Að því er snertir fjárveitinguna til latínuskólans, þá er jeg ekki h. nefnd samdóma, því að mjer getur ekki betur fundizt, en að sönn þörf sje á meira húsrúmi í skólanum en nú er. Auk þess er það óheppilegt, að veita það fje, sem nefndin leggur til að veitt sje, með fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár. Það hefði heldur átt að veita það með fjárlögum fyrir næsta fjárhagstímabil. Því að það verður að minnsta kosti liðið á haustið, ef ekki kominn vetur, þegar maður getur vonast eptir staðfesting á þessum fjáraukalögum, og úr því er varla mögulegt að nota þetta fje á þessu ári, eða ekki fyr en í vor. Þessi fjárveiting er og að minni hyggju ónóg. Svo framarlega sem skólahúsið er nógu sterkt, mælir mikið með að byggja ofan á það, eins og stungið er upp á í fjárlagafrv.stjórnarinnar .H. framsögum. (H. Kr. Fr.) hefir sýnt fram á, að nauðsynlegt er að auka rúmið í skólanum, og er jeg honum samdóma um það. En á hinn bóginn er jeg eigi h. nefnd samdóma, er hún leggur til að fækka heimasveinsplássum og fá við það meira húsrúm, og taka herbergi af umsjónarmanni. Það er ekki lítill kostnaðarljettir fyrir pilta, að geta búið í skólanum, og það getur munað fátæka pilta talsvert, og svo er opt erfitt að fá sjer leigt herbergi út í bæ. Það er nógu erfitt fyrir foreldra námspilta, að kosta þá samt, þótt þeir fái heimasveinspláss. Að umsjónarmaður búi í skólanum, álít jeg nauðsynlegt; en hann mun ekki komast af með minna húsrúm en hann hefir nú.

Fjárupphæð sú, sem um er talað í 1. tölul. 4. gr., hefði að minni hyggju átt að veita alveg af landssjóði, en ekki sem lán, af því að hjer er ekki um aðgjörð á húsi að ræða, heldur um að byggja hús upp af nýju; en jeg skal ekkert frekara tala um þetta atriði.

Jeg er samdóma h. nefnd, að rjett sje að veita 2000 kr. til umgjörðar á myndum þeim, sem gefnar hafa verið til landsins frá Danmörku og Noregi, því að þetta eru miklar gjafir, sem vert er að sinna, til þess að þær komi að notum.

Jeg er hinni h. nefnd þakklátur fyrir yfirlýsingu hennar aptan við viðaukatill. (C. 227) um að rjettast muni vera að verja til vegabóta á fjallvegum allt að 2500 kr., er ætlaðar voru til kostnaðar við vegfræðinginn, sem ekki gat fengizt í þetta sinn hingað til landsins. Jeg hefði hikað mjer við vegna ákvörðunar fjárlaganna að láta brúka þetta fje til fjallvega, ef þessi yfirlýsing hefði ekki komið fram; en mikil þörf er á að mega nota fjeð.

Eiríkur Kúld: Ef h. nefnd væri eins kunnug í Snæfellsnessýslu, eins og jeg, ætla jeg, að það mundi naumast hafa orðið niðurstaðan hjá henni, að leggja það til, að 2. gr. yrði felld burtu. Ef jeg hef skilið rjett h. framsögum. (H. Kr. Fr.), þá þótti honum varhugavert, að sleppa öllum kröfum á hendur fráfarandans á Hallbjarnareyri, og ískyggilegt, að hann hafi verið látinn búa lengi á jörðinni, og að jörðin hefði fyrir það spillzt bæði að húsum og öðru. En jeg verð að athuga, að það getur orðið nauðugur einn kostur fyrir umboðsmann, að taka hvern ábáanda sem býðst, og einkum sje það áreiðanlegur maður og í nokkurn veginn efnum. Það er þó betra, en að láta jarðirnar standa auðar. Þessi jörð, sem er stór jörð og góð, var í allgóðu standi, þegar ábúandinn, Guðm. Oddsson, tók við henni, en sem hann sleppti ábúðinni, var það ekki fyrir aðra en stórauðuga menn að koma þangað. Mjer er þetta kunnugt, því jeg hef komið þar og verið þar næturs akir árið áður en hann fór frá jörðinni, og mátti segja, að hvert hús var þar þá sem í flagi svo að segja; jeg hef sofið þar hræddastur í húsum um líf mitt, af því að bærinn mundi hrynja niður. Þar sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að 15 dagsverk væru reiknuð hjer á 100 kr. eða 7 kr. dagsverkið, þá veit jeg ekki, hvort það er alveg rjett; því ábúandinn telur má ske sína eigin vinnu þar með, án þess það sjáist af dagsverkafjöldanum. Það er og ein ástæða fyrir því, að mjer að minnsta kosti

virðist ekki aðgengileg uppástunga h. nefndar um að fella burtu 2. gr., að fráfarandi hafði fellt nokkuð af kúgildum jarðarinnar, og sömuleiðis höfðu ábúendur hjáleiganna fellt nokkuð fyrir honum af kúgildum. Og það lítið, sem fráfarandi hefir borgað af álaginu, hefir hann og borgað með daglaunum sínum, sem viðtakandi hefir reiknað með háu verði, af því annað var eigi að fá af fráfaranda. Jeg veit, að h. þm. Snæf. (H. Cl.) er kunnugt um það, að fráfarandi er svo snauður, að hann er í mestu skuldavafningum, og jeg er viss um, að hann á engan eyri aflögu, og óvíst er, að efni hans einu sinni hrökkvi fyrir álagsskuldinni, auk heldur þá fyrir öðrum skuldum hans. Að láta ábúandann, sem nú er, bíða svo árum skiptir eptir þessu álagi, held jeg enginn, sem þekkir til, geti álitið, að efnahagur hans leyfi. Auk þess hefir hann nú byggt prýðisvel öll bæjarhúsin og flest eða öll jarðarinnar útihús að nýju, og reist þar nýtt timburhús. Þessi göngugarður, sem hjer um ræðir, er enn fremur alveg nauðsynlegur; hann er skilyrði fyrir því, að hægt sje að komast til sjávar jafnvel, til að nota þau hlunnindi jarðarinnar, sem er sjávarútvegurinn og selveiði. Það liggja frá bænum til sjávar ófærar mýrar eða veita, sem ekki er hægt að komast yfir nema á vetrum, þegar allt er frosið. Þó ábúandinn ætti því að kosta göngugarðinn af sínu fje, mundi hann láta byggja hann, og er það hart, ef hann eigi á að fá að minnsta kosti álag á garð þennan. Jeg verð því að telja það óheppilegt, að fella þessa 2. gr. skilyrðislaust, og hefði óskað, að h. nefnd hefði ekki ráðið til þess. Jeg hef gefið þessar upplýsingar, af því jeg er þessu máli talsvert kunnugur.

Jón Sigurðsson: Jeg vil leyfa mjer að leyta upplýsingar um 2. gr. frv. til hæstv. ldsh., af því hún er mjer ekki vel skiljanleg. Hún er svona: »Af tekjum þeim af fasteignum landssjóðs, er taldar eru í 1. lið í 3. gr. fjárlaganna, má verja eptirstöðvum af álagi á jörðina Hallbjarnareyri, 722 kr.». Hver er hjer meiningin? Hvaða eptirstöðvar eru það, sem hjer á að verja, hvort heldur eptirstöðvar landssjóðsins, eða álagsins á Hallbjarnareyri? Og til hvers á að verja þessum eptirstöðvum? Það er ef til vill af því, að jeg kann ekki íslenzku til hlítar, eins og sagt var hjer í gær, að jeg skil ekki þessa grein. *(J. Ól.:* Hvers móðurmál er þetta?). Ef þessi grein er búin til af hinni íslenzku stjórnardeild í Khöfn, held jeg að jeg þyrði nærri því að bjóða henni út að búa til fullt eins skiljanlega lagagrein, eins og þessi er.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til byggingar útihúss við landshöfðingjasetrið, er jeg samdóma h. nefnd, að það ber að skoðast sem lán, en ekki sem tillag eða gjöf úr landssjóði. Það er mín skoðun, að ldsh. beri að álíta sem einn af leiguliðum landssjóðs, að því leyti sem hann býr á landssjóðseign, og hlýtur því að vera sömu lögum háður sem þeir. Munurinn er sá, að hann hefir ábýli sitt eptirgjaldslaust, og ætti því síður að vera ástæða til að vilna honum í. En jeg kann ekki við það, að taka þessa lánveiting upp á fjárlög, fremur en aðrar slíkar lánveitingar. Það er ekki venja með þess háttar lán, sem þó eru veitt í líkum tilgangi, t. d. til að byggja upp kirkjur, eða prestum til að byggja upp prestssetrin. Þess konar lán eru alls ekki sjaldgæf, og veit jeg aldrei til að þau hafi verið tekin upp á fjárlög eða aukafjárlög. Jeg álít það rjett, að landsh. fái þetta lán; en mjer sýnist það óþarfi, að vera að taka það upp á þessi aukafjárlög. Jeg verð því að greiða atkv. móti þessari grein frv.

Landshöfðingi: H. þm. S.-Þing. (J. S.) sneri sjer til mín um það, hvernig skilja ætti 2. gr. frv. þessa. Jeg er viss um, að hann skilur hana mjög vel, og getur það því ekki verið alvara h. þm. Það svarar heldur ekki kostnaði, að verja miklum tíma til að þrátta um, hvernig einhver einstök grein er orðuð í þessu einfalda fjáraukalagafrv. Hvort h. þm. mundi hafa heppnazt að orða hana betur, læt jeg ósagt, en leyfi mjer þó að efast um það. Hvað það snertir, að ekki sje rjett að hafa 1. tölul. 4. gr. á þessum fjáraukalögum, þá get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að hafa hann

þar, þó það reyndar ekki sje nauðsynlegt. Það er eins hægt að láta þá upphæð koma fram sem lán í landsreikningunum, þó heimildin sje veitt til lánsins á fjáraukalögunum. Jeg er þakklátur h. þm. Barðstr. (E. K.) fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf viðvíkjandi því, hve nauðsynlegt það sje, að leggja fram það fje, sem farið er fram á í 2. gr. stjórnarfrv. Það væri mjög óheppilegt, ef þetta fje gæti ekki fengizt veitt, og mundi jörðin sjálf mest líða við það. Ef hinn núverandi ábúandi getur ekki fengið viðunanlegt ofanálag á jörðina, er það ekki sanngjarnt, að heimta, að hann skili henni af sjer í góðu standi, og láta hann á sinn eigin kostnað bæta úr því, sem forgöngumaður hans er sök í. Jeg vildi því leggja það til, að h. þingd. samþykkti ekki þessa tillögu h. nefndar, heldur veitti fje það, sem farið er fram á í frv. stjórnarinnar.

Framsögum. (H. Kr. Friðriksson): Viðvíkjandi því, að umboðsm. neyðist til að byggja landssjóðsjarðirnar hverjum slóða sem er, þá get jeg alls ekki fallizt á, að það sje rjett, að byggja þær svo efnalitlum mönnum, að að engin útsjón sje til, að þeir geti setið jörðina nokkurn veginn, og borgað eptir hana og skilað af sjer með því ofanálagi, sem þeim ber. Umboðsmaður verður þó að gæta þess, að landssjóður hafi ekki helberan skaða af byggingunni. Og það hefir hann þó, þegar afgjaldið af jörðinni til landssjóðs ekki hrekkur til að borga það ofanálag, sem landssjóður aptur verður að borga fyrir ábúandann, þegar hann fer frá. Og þegar umboðsmaður byggir svona efnalausum manni, að hann alls ekki getur haldið jörðinni við, þá er það mjög óheppilegt, og verður umboðsmaður að hafa ábyrgð á slíkri byggingu. En fyrst nú viðtakandi jarðarinnar er búinn að byggja upp jörðina eins vel og h. þm. Barðstr. (E. K.) skýrði frá, þá hygg jeg engin hætta sje á, að hann geti ekki beðið til næsta þings með að fá þetta ofanálag. Það er enginn vafi á því, að hann á að fá þetta ofanálag, hvort sem landssjóður borgar það eða einhver annar. En það eru ekki fram komnar nægar sannanir fyrir því, að nauðsyn beri til að slengja því upp á landssjóð. En hitt, að dagsverkið sje ekki reiknað því nær 7 kr., þá er 15 dagsverk eru reiknuð 100 kr., þá get jeg ekki fengið annað út, þegar jeg deili 100 með 15. Einmitt þessi háu dagsverk eru þess ljósasti vottur, að þessar skýrslur um álagið þurfi nákvæmari skýringar en enn þá eru fyrir hendi.

Þar sem hæstv. ldsh. talaði um rýrnun Oddaprestakalls við afgjaldið af brauðinu, þá vissi sá prestur, sem við því tók upphaflega, að hverju hann átti að ganga. En af því sem brauðið hefir liðið við harðærið og skemmdir af náttúrunnar völdum, þá gerir nefndin ráð fyrir því, að afgjaldið sje fært niður um 200 kr., og hefir nefndin beitt þar þeirri sanngirni, sem framast má vera, bæði með tilliti til brauðsins og prestsins, sem þar situr.

Til byggingar á Bjarnarneskirkju þóttist nefndin leggja mjög ríflega. Eptir þeim skýrslum, sem nefndin hafði fyrir sjer, þá hafði grindin til hússins fengizt með svo miklu vægara verði en upphaflega var búist við, eins og líka h. varaforseta (T. G.) er kunnugt. Nefndin gerir að sjálfsögðu ráð fyrir allri sparsemi, og ætlast til, að bændur vinni það, sem þeim ber. En skyldi svo fara, að þetta yrði of lítið, mun ekki verða hikað við að biðja um viðbót á næsta þingi, og getur það þá skorið úr.

Viðvíkjandi 4. gr. 1. tölul. var h. þm. S.-Þing. (J. S.) að tala um, að hann kynni ekki við, að sú lánveiting væri tekin upp á fjáraukalög. Jeg get þó ekkert sjeð á móti því, að svo sje, og einmitt á þessi fjáraukalög, með því að verkið nú stendur yfir og fjeð verður útborgað á þessu ári. Það er og einmitt eðlilegra, að þingið veiti þetta lán, þar sem ldsh. á í hlut, heldur en að hann veiti það sjálfum sjer. Eins og þingið áður hefir á fjárlögum skorað á stjórnina, að veita ýms lán, þannig er það og nú langeðlilegast, að þingið nú veiti þetta lán.

Jeg er í rauninni samdóma hæstv. ldsh. um aðgjörðirnar á skólahúsinu. En jeg

skal þó bæta því við, að þessar aðgjörðir, sem nefndin stingur upp á, eru því alls ekki til fyrirstöðu, að síðar meir verði meira að gjört. Þær eru að mestu í því fólgnar, að setja ný gólf og glugga, og í eitt skipti fyrir öll járnþak á leikfimishúsið. Hið eina, sem til ónýtis gengi, er verkið á því, að leggja járnþak á austurhlið hússins, því járnplöturnar eru jafngóðar, þótt þær yrðu teknar ofan aptur, og bætt ofan á skólahúsið, ef næsta þing kæmist að þeirri niðurstöðu, að láta gjöra það. En nefndin áleit nauðsynlegt, að taka þessa fjárveiting upp á fjáraukalögin, vegna þess, að þegar lögin hafa verið samþykkt hjer á þinginu, er engin hætta fyrir h. landsh. að leyfa útborgun á þessu fje, þótt konungur hafi ekki staðfest lögin, til þess að byrja mætti þegar í sumar á þessum aðgjörðum á skólanum, og þeim gæti orðið lokið í haust áður en skólinn byrjar.

Um þá tillögu, að fækka heimasveinsplássum í skólanum, hef jeg það að segja, að jeg er að nokkru leyti því samdóma. Að sönnu óskaði jeg þess helzt, að allir piltar væru heimasveinar. En úr því það nú geta ekki verið meira en rúmur þriðjungur, gjörir það lítið til frá skólans hálfu, þótt þeim sje fækkað. Það er að sönnu kostnaðarauki fyrir foreldra pilta; en aðsóknin að skólanum virðist sýna, að menn muni ekki láta sjer kostnað til náms pilta í augum vaxa. Það má vera, að illt sje að þrengja að umsjónarmanni skólans. En hvernig eru hans pláss til komin? Hinum fyrverandi umsjónarmanni voru fengin herbergin bæði sem umsjónarmanni og dyraverði. Annars hefði hann ekki fengið þau. Upprunalega var til þess ætlazt, að 2 kennarar byggja í skólanum, og höfðu þó ekki nema 2 stofur, eða sína stofuna hvor, hvort sem þeir voru kvæntir eða eigi. En þar sem nú svo stendur á, að sá umsjónarmaður, sem nú er, er ókvæntur, virðist ekki ástæða til að svipta dyravörð þeim herbergjum, sem honum eru nauðsynleg. Þá er auk þess er litið til þess, að nú kemur að því, að umsjónarmenn verða 3 eða 4, þá má þó ekki við því búast, að þeir allir geti búið í skólanum, enda þótt æskilegt væri, að einn fastur kennari byggi þar.

Um viðaukatill., sem hjer liggur fyrir frá nefndinni, er þess að geta, að úr því þessar litmyndir eru fengnar, er óhjákvæmilegt að veita þetta fje, til þess þær verði að einhverjum notum. Þar sem þessum myndum hefir verið safnað og þær gefnar hingað, er það sama sem að vilja ekki þiggja þær, ef þetta fje er ekki veitt, og er það mjög styggjandi bæði fyrir gefendur og þann, sem mest hefir að þessu starfað, kand. Björn Bjarnarson. Hann hefir sjálfur skýrt frá, að með minna en þessa fjárupphæð verði ekki af komizt.

Viðvíkjandi athugasemd nefndarinnar neðan við viðaukatillöguna, er það að athuga, að í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885 stendur, að verja skuli allt að 2500 kr. til vegfræðings, en það sem afgangs er, til vegagjörðar. Það er því bein afleiðing, að, ef ekki þarf að verja neinu til vegfræðings, skuli því öllu varið til vegagjörðar.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla með fám orðum að minnast á Hallbjarnareyri. Fjárlaganefndin var á því, að sjálfsagt væri að skoða landssjóð eins og hvern annan eiganda að jörðinni, svo að ef hinn fráfarandi ábúandi ekki getur borgað, þá verði landssjóður að taka það að sjer, og jeg vil segja ekki einasta álagið, heldur einnig rentur af því frá þeim degi álagið átti að greiðast. En þó jeg gjarnan vilji taka til greina tillögur hins hæstv. landsh., þá get jeg ekki fallizt á þá tillögu hans, að fella grein þá, er hljóðar um þetta efni, því nægar sannanir eru enn ekki komnar fyrir því, að maðurinn sje svo fátækur, að hann ekki geti borgað neitt smátt og smátt upp í þessar 722 kr., eða að hagur hans ekki geti batnað síðar, annaðhvort með tilvonandi erfð, eða upp á einhvern annan hátt. Í brjefi frá umboðsmanninum — sem er viðtakandi jarðarinnar —, til amtmannsins, dags. 8. nóv. 1884, stendur þetta: »Jeg vil »samkvæmt framanskrifuðu leggja á vald »amtsins, hvort nú þegar beri að ganga að »búi fráfaranda, Guðmundar Oddssonar, til »þess að fá það, er fengizt getur upp í

»innstæðuna og álag jarðarinnar ásamt »fleiri skuldum, sem enn hvíla á honum»; og seinna í brjefinu stendur: ». . eða þá að »jeg verði kvitteraður fyrir þessari upphæð, »þannig, að jeg eigi þurfi að svara til henn»ar, þegar Hallbjarnareyri verður tekin út »af mjer». Hjer er þannig bent á þessa tvo vegi, annaðhvort að ganga fast að fráfaranda, eða láta álagið standa ógreitt, þar til viðtakandi skilar jörðunni. Jeg vona, að h. deild vilji, eins og nefndin, að mál þetta sje rannsakað, þar sem ábúandi er umboðsmaður, og hefir opt talsvert landsfje undir höndum. Þá gjörir honum minna til, þó frestað sje að greiða álagið, þar til þetta er rannsakað, eða þegar hann aptur víkur frá jörðunni.

Hvað snertir 3. gr. um Oddabrauðið, þá held jeg, að tillögur nefndarinnar sjeu heppilegar, og tel víst, að h. deild muni fallast á þær. Viðvíkjandi því, sem ætlað er til viðgjörðar á Bjarnarneskirkju, þá er það vitaskuld, að slíkt er áætlun; það getur ekki verið meiningin, að sá, sem stendur fyrir kirkjubyggingunni, eigi afganginn, ef kostnaðurinn ekki skyldi nema eins miklu og það fje er, 3500 kr., sem áætlað er til að endurreisa kirkjuna; en eins og þessi fjárveiting er áætlun á aðra hliðina, eins verður hún að vera það á hina hliðina.

Þá skal jeg víkja fáum orðum til skólans, og bæta við það sem framsögumaður hefir sagt. Það er nú ekkert kappsmál fyrir nefndinni, hvort þessi fjárveiting er sett á fjáraukalög eða í fjárlögin, að öðru leyti en því, að nefndin áleit, að það væri nauðsynlegt, að gjöra eitthvað við skólann sem fyrst; því ef skólinn lekur mikið, þá er svo sem auðvitað, að hann skemmist talsvert, ef aðgjörðin dregst því nær heilt ár, og ef kalt er í honum, og gluggar svo gisnir, að lítt viðunandi er fyrir lærisveinana að búa í honum, þá þarf að bæta það sem fyrst, auk þess sem þá sparast dálítið af kostnaði við kol og eldivið yfir veturinn, ef húsið er þjett og hlýtt. Þetta eru ástæðurnar fyrir, að nefndin vill koma þessu sem allrafyrst áfram. Og jeg er á því, eins og h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) sagði, að þegar búið sje að samþykkja þessa fjárveiting í þinginu, þá sje alveg áhættulaust að byrja þegar á verkinu. Viðgjörðin er nauðsynleg; það er nefndinni ljóst. En viðvíkjandi því, að stækka skólann eða byggja ofan á hann, þá held jeg að það sje ekki ráðlegt; bæði er skólahúsið orðið 40 ára gamalt, og svo hefir neðsti partur skólans sjálfsagt eptir öllum byggingarfræðislegum reglum verið miðaður við stærð skólahússins, eins og það er, en ekki við bygging hans verið gjört neitt ráð fyrir svona mikilli yfirbyggingu eða hækkun hússins; þá hefði hann verið byggður öðruvísi. Það er sagt, að stofu vanti bæði handa kennurunum, og svo til þess að fleiri lærisveinar geti orðið heimasveinar; en það er spurning, hvort það er ekki í heldur mikið ráðizt fyrir landssjóð, að leggja 24000 kr. út til þess, að þetta fengist; og þótt menn segi sem svo, að seinna megi hafa þar gagnfræðakennslu, þá er ekki farið, því síður búið, að búa til nokkra reglugjörð um það efni, en á meðan menn ekki vita, hvernig það fyrirkomulag á að vera, gat nefndin ekki lagt til, að svo mikið fje væri lagt til byggingar. Yfir höfuð held jeg, að hún hafi gert rjett í því, ekkert að blanda sjer í það, heldur láta yfirstjórn skólans einráða í því, sem lýtur að fækkun eða fjölgun heimasveinsvista og skipun á herbergjum umsjónarmanns. Hvað snertir fjárveitinguna til viðgjörðar á húsum við landshöfðingjahúsið, þá er jeg þar samdóma h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.), að tilhlýðilegra sje, að þingið veiti þetta fje á fjárlögum, en að landshöfðingi taki það, sem maður segir, undir sjálfum sjer; að veita lán á fjárlögum, er samkvæmt því, þingið gerði um lánið til aðgjörðar á Staðarbyggðarmýrum; þær voru eign landssjóðs á líkan hátt og hús þetta.

Holger Clausen: Nú kemur það aptur, sem jeg sagði á síðasta þingi, að það er bezt fyrir okkur að hafa engar þjóðjarðir. Því þótt umboðsmenn okkar sjeu góðir, þá verða þeir þó með tímanum gamlir, og það

versta er, að þeir segja ekki af sjer, þótt þeir verði of gamlir. Jeg segi þetta umboðsmanninum alls ekki til minnkunar; en hann byggði jörðina, sem er einhver hin bezta jörð í Snæfellsnessýslu, manni, sem alls ekkert átti til. Þessi umboðsmaður er duglegur og stendur sig vel, en jeg spái engu; en við skulum sjá, hvað vel hann stendur sig, þegar hann er búinn að vera umboðsmaður. Hjer í þessu umboði var haldið smjöruppboð. Fyrir smjör voru gefnir 75 aur. í Stykkishólmi af kaupmönnunum þar, en á Hallbjarnareyri var það selt fyrir 22 aura pundið, svo landssjóður tapaði þar 1500 kr.; af því jeg var alþingismaður, þá skrifaði jeg amtmanninum um þetta efni, en hefi ekkert svar fengið; það er kann ske ekki síður að svara slíkum brjefum. En má jeg nú spyrja: Hvað hefir verið gert til þess að fá þennan mann til þess að borga þessar 722 kr.? Honum hefir ekki verið stefnt. Það er ekki nóg að segja: Jeg get ekki borgað. Það verður að sanna það. Við ættum því helzt að selja allar þjóðjarðir, og fá fyrir peninga, sem svo gefa af sjer rentu.

Eiríkur Briem: Jeg vil geta þess viðvíkjandi Hallbjarnareyri, að jeg þekki þar ekkert til, öðruvísi en hvernig málið liggur fyrir í skjölum þeim, er jeg held á, og vil jeg þá fyrst taka það fram, að við úttekt jarðarinnar, þá mætir enginn fyrir hönd eiganda; umboðsmaðurinn mætir þar náttúrlega fyrir sjálfan sig sem viðtakandi; en að enginn mætir fyrir eiganda, þykir mjer því undarlegra, sem fráfarandi var svo langt frá að geta greitt álagið á jörðina, og nú er um það að ræða, að eigandinn, sem sje landssjóður, borgi mestan hlut álagsins. Jeg skal fúslega viðurkenna það, sem h. landsh. tók fram, að í þessum fátæku sveitum verður stundum að grípa til vandræðaráða til þess að fá jarðir byggðar; en hvort það hafi átt sjer hjer stað með þessa jörð, um það sje jeg engar upplýsingar, þó mjer þyki það ólíklegt um þessa jörð, sem er álitin góð jörð. Auk heimajarðarinnar eru þar nokkrar hjáleigur, og þess vegna er ekki einungis að tala um álag af heimajörðinni, heldur einnig álag á hjáleigurnar, sem fráfarandinn hafði ábyrgð á; en þar sem hann eigi var fær um að hafa ábyrgð af sínu eigin ábýli, þá var hann því síður fær um að hafa ábyrgð af meiru, og hjá þessu hefði einnig verið hægt að komast, hefði þess verið gætt í tíma. H. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) tók það fram, að viðtakandi mundi vilja bíða, og því fremur er ástæða til að samþykkja ekki að svo stöddu þessi útgjöld, því eptir tillögum umboðsmanns og amtmanns skilst mjer sem engan veginn sje loku skotið fyrir það, að fráfarandi geti smátt og smátt borgað nokkuð upp í þessa upphæð, og þá er ekki tími til kominn að leggja fullnaðarályktun á þetta mál. H. þm. S.-Þing. (J. S.) hafði mikið til síns máls viðvíkjandi kostnaðinum við aðgjörð á útihúsum tilheyrandi landshöfðingjahúsinu; hjer er að vísu að eins að ræða um lán; en þar sem landshöfðinginn venjulega ákveður skilyrðin fyrir lánum þeim, sem veitt eru, þá finnst mjer vel eiga við, að fjárveitingarvaldið ákveði skilyrðin fyrir þessu láni, þar sem landshöfðinginn sjálfur er hlutaðeigandi. Það eru hjer að eins skilmálarnir, sem um er að tala, og hefði jeg því ekkert sjeð á móti því, að það hefði verið sett í sjerstakri gr. aptan við frv., að þetta lán væri veitt með þessum skilyrðum; en það getur heldur eigi verið neitt á móti því, að hafa það eins og það er sett hjer.

Landshöfðingi: Það hafa komið ýmislegar mótbárur móti því, að rjett sje að veita álag það á jörðina Hallbjarnareyri, sem farið er fram á í frv. stjórnarinnar, og skal jeg nú víkja á nokkrar af þeim. Það hefir verið sagt, að það væri ekki rjett að byggja þess konar mönnum þjóðjarðir, sem ekki sje áreiðanlegt, að geti greitt öll gjöld af jörðinni, sem ábúandi er skyldur til. Það er nú fyrst, að það er ekki gott að sjá það fyrir, hvernig getur farið með efnahag manna eptir nokkur ár. Maður getur orðið gjaldþrota á skemmri tíma, en ábúðarár þessa manns, er hjer ræðir um, voru á jörðinni. Í öðru lagi er það, að þegar ekki er kostur á mörgum ábúendum, þá verður

maður að sætta sig við þá, sem bjóðast. Sá maður, sem var umboðsmaður, þegar sá ábúandi, er hjer ræðir um, fjekk jörðina, var sannarlega gætinn maður, og þótt jörðin sje álitin allgóð, þá er hún þó í óaðgengilegri sveit, og jeg held því, að óhætt sje að fullyrða, að ekki hafi verið kostur á betri ábúanda, þegar jörðin var byggð þessum manni. Það er í þessu vetfangi ekki hægt að fá upplýsingar um það, hvort aðrir ábúendur hafi boðizt; en jeg held, að það hafi ekki boðizt nema þessi eini, eða að minnsta kosti enginn áreiðanlegri eða betri en hann. Þótt menn hafi nú haft mikið á móti þessari fjárveiting, þá er það þó víst meining nefndarinnar einungis að fresta þessu máli, og veita ekki þetta fje að svo komnu; en það er ekki heppilegt, að fresta því mjög lengi, því ábúandi sá, er nú býr á jörðinni, hefir rjett til að þurfa ekki að bíða mjög lengi eptir álaginu. Þar sem það var tekið fram, að hinn núverandi ábúandi befði boðizt til að bíða eptir álaginu, þangað til hann færi frá jörðinni, þá er það svo að skilja, að hann vill áskilja sjer rjett til að þurfa ekki að borga ofanálag, þegar hann flytur frá jörðinni, þótt hún væri í því ástandi, að það þyrfti að leggja á hana 720 kr.; hann skyldi þá sleppa við allt gjald, af því að hann hefði ekkert fengið, þegar hann tók við jörðinni. En þá kæmi nýr vandi fram, og það sami vandinn og nú, og mjer finnst óheppilegra að taka þann kostinn, heldur en að greiða álagið nú þegar, og gera svo þær kröfur, sem álíta má rjettar og sanngjarnar, þegar hinn núverandi ábúandi fer frá jörðinni. Viðvíkjandi hinum almennu athugasemdum h. þm. Snæf., skal jeg ekkert tala, en að eins snúa mjer að einu atriði, því hitt annað í ræðu hans snerti eiginlega ekki þetta mál; hann talaði um, að það hefði verið haldin óheppileg smjör-auktíón á leignasmjöri umboðsins, og hafi hann sem alþingismaður tilkynnt þetta amtmanni. Þetta er satt, og mjer er kunnugt um þessa tilkynningu; en jeg held, að það sje misskilningur hjá h. þm., þegar hann bjóst við, að amtmaður færi að svara honum; hann var enginn hlutaðeigandi í málinu, því hann gerði þetta ekki sín vegna; þess vegna þurfti ekki að svara honum, þar sem það snerti ekkert hans hag. En jeg get sagt hinum h. þm. það, að þessu máli hefir verið sinnt; það hefir ekki verið lagt á hylluna; en það er ekki útkljáð enn, og hvernig það muni fara, verður ekki sagt um: hvort ábyrgð muni verða gerð gildandi á hendur umboðsmanninum í tilefni af þessari smjörsölu eða ekki.

Arnljótur Ólafsson: Það eru að eins dálitlar skýringar, sem jeg ætla mjer að koma með við 2. gr. frv. Nefndin hefir sett fram þá spurning, hvort eigi muni mega gera ábyrgð gildandi á hendur öðrum en hlutaðeigandi fráfaranda, um vanskil þau á álagsgreiðslunni, er á eru orðin. Til stuðnings við úrlausn þessarar spurningar skal jeg koma með dæmi, sem mjer er kunnugt um frá Norðurlandi. Umboðsmaður Möðruvallaklausturs — jeg get gjarnan nefnt hann, — það var Þorsteinn heitinn Daníelsson — skilaði eigi af sjer umboðinu í lifanda lífi. Hinn nýi umboðsmaður hefir gert ábyrgð út af vantandi álagi gildandi á hendur dánarbúi Þorsteins sál. Að þessi ábyrgð varð gerð gildandi, liggur að öllum líkindum í skildögum í erindisbrjefi Þorsteins. Vera kann, að erindisbrjef umboðsmanna fyr meir hafi eigi bundið umboðsmenn svo fast við borð með ábyrgðina, sem nú er gert. En það má ætla, að erindisbrjef Þorsteins sál. muni verið hafa eins gamalt eins og erindisbrjef hlutaðeigandi umboðsmanns í Snæfellsnessýslu. Jeg skil því eigi, því engin ábyrgð skuli hvíla á fyrveranda umboðsmanni í þessu efni. Enn fremur er ýmislegt aðgætandi við úttektina á Hallbjarnareyri. Í þessu skjali, sem jeg hef í höndunum, stendur, að álagið á baðstofuna hafi verið lagt á þannig, að álag á viðu sje 60 kr., en álag á veggi 150 kr.; en rjett á undan stendur, að baðstofan sje fallin að viðum, en gölluð á veggjum. Þetta er undarleg úttekt og óvanaleg. Þess vegna veitti í rauninni ekki af

að taka jörðina út aptur. Enn fremur er ekki helmingurinn af þessum 722 kr. vantandi álag á heimajörðina, heldur er það álag á hjáleigur heimajarðarinnar; og engin skýrsla er hjer um það gefin, hvort ábúendur á hjáleigunum geti ekki greitt álag sitt.

Að því er skólann snertir, hefir nefndin farið heppilegan meðalveg; að ráða frá yfirbyggingu á skólahúsið: meðan ekkert hefir verið gert til að greina að fornmála- og gagnfræðakennsluna, sem þó var farið fram á á síðasta þingi.

Landshöfðingi: Jeg neita því engan veginn, að ábyrgð geti legið á umboðsmanni, en þá verður að vera fram komin einhver yfirsjón frá hans hálfu; en hjer er ekki fram komin nein yfirsjón, hvorki við byggingu jarðarinnar nje í öðru, eða það hefir að minnsta kosti ekki verið upplýst, að nokkur yfirsjón hafi hjer átt sjer stað. Menn hafa sagt, að úttektin hafi eigi verið rjett, af því að enginn hafi verið við staddur fyrir landssjóðs hönd; en mjer virðist það gera ekki svo mikið til, þótt eigandi eða einhver fyrir eigandans hönd hafi ekki verið viðstaddur úttektina, því að við úttekt fellur að miklu leyti saman hagur eiganda og viðtakanda; báðir hafa hag af því, að fullt álag sje greitt ofan á jörðina; en úr því að viðtakandi er viðstaddur, gerir það minna til, hvort eigandinn einnig er til staðar. En hjer var umboðsmaðurinn sjálfur viðtakandi jarðarinnar.

Menn hafa og talað um, að formlegar sannanir væru ekki fram komnar fyrir, að álagið fengist ekki, og á þetta hafa menn lagt áherzluna; en að jeg legg eigi eins mikla þýðing í þetta, sem hinir háttvirtu þingmenn, er talað hafa á móti fjárveitingu þessari, kemur vissulega af því, að jeg er kunnugri málinu og hvernig til hagar í Snæfellsnessýslu en þeir. Seinna geta hinar formlegu sannanir fengizt, ef þess gerist þö, rffyrir þá sök að þingd. fallist á tillögur nefndarinnar; en jeg vona að ekki komi til þess.

Holger Clausen: Jeg vildi fyrst þakka hæstv. landshöfðingja fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf mjer um það, að amtmaðurinn hefði eigi skrifað mjer aptur; en slíkt er ekki siður minn, að svara eigi, ef mjer er skrifað til. Ef t. d. einhver skrifar mjer til og segir mjer, að jeg mundi tapa 1500 kr., þá skrifa jeg honum aptur og þakka honum fyrir. Þetta er siður minn, þótt hann ef til vill sje eigi annara. En jeg ætlaði og að gefa h. þingd. upplýsingu um það, að áður en þessi maður, sem nú ekki getur borgað eptir jörðina, fjekk hana, var hún byggð duglegum manni, sem transporteraði sinn rjett til ábúðarinnar yfir á þennan mann. Þessi duglegi maður er Thorgrímsen faktor í Ólafsvík. — Þetta hugði jeg, að h. þingd. væri ef til vill ókunnugt, og vildi því skýra henni frá því.

Eiríkur Kúld: Mjer þykir þessi upplýsing h. þm. Snæfellinga (H. C.) óþörf. Sá ábúandi, sem hjer er um að ræða, og sem eigi getur borgað nú, var jafnvel betri efnum búinn, en Thorgrímsen faktor var þá, þegar hann, o: Guðmundur Oddsson, tók við Hallbjarnareyri, í stað Thorgrímsens, sem hafði við hann skipti, auðvitað með samþykki umboðsmannsins, á Hallbjarnareyri og Görðum í Staðarsveit. Þá var Guðmundur þessi talinn góður bóndi og var sem slíkur tekinn þar fyrir hreppstjóra um nokkur ár. Það getur því eigi talizt umboðsmanni til ámælis, þótt hann byggði Guðmundi jörðina í stað Thorgrímsens, þar eð hann vissi eigi fyrir fram, hvernig efnum Guðmundar mundi verða varið síðar meir. Viðvíkjandi því, sem h. framsögumaður. (H. Kr. Fr.) sagði um hinar umræddu 100 kr. til brúargjörðarinnar, álít jeg að það hefði verið langt of lítið fje til að fullkomna hana, og 15 dagsverk langt of lítið til þess. Hvað það snertir, sem h. 2. þm. Húnv. (E. Br.) spurði um, hvort eigi mundi vera rjett að gera ábyrgð gildandi á hendur ábúendum hjáleiganna gagnvart umboðsmanni, þá vil jeg gefa þá upplýsingu, að það er ómögulegt, því að hjáleigurnar eru nú svo byggðar, að ábúendur þeirra standa að eins í ábyrgð gagnvart ábúanda á aðaljörðinni en ekki umboðsmanni. Þar, sem h.

þm. Snæf. (H. C.) talaði um þjóðjarðirnar, að bezt mundi vera að selja þær og losast við þær allar, því að þá þyrfti eigi umboðsmenn framar, þá skal jeg geta þess, að á meðan það er eigi komið á, verða umboðsmenn þó að vera til.

Forseti: Það hafa nokkrir þm. beðið um orðið enn; en jeg verð að leyfa mjer, samkvæmt valdi því, sem forseta er gefið í 33. gr. þingskapanna, að stinga upp á því, að umræðunum sje lokið, og ætla jeg því að biðja þá h. þm., sem samþykkja það, að gera svo vel og standa upp.

Atkvæðagreiðsla: Þegar hjer var komið, var, eptir uppástungu forseta, samþykkt, að umræðunum skyldi lokið.

Atkvæði fjellu þannig:

1. gr. látin standa óbreytt að sinni.

1. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt, eða með öðrum orðum:

2. gr. frumv. felld í einu hljóði.

Breytingartillaga nefndarinnar við 3. gr. samþykkt með 22. atkv.

3. gr. frumv., sem verður 2. gr., samþykkt með áorðinni breytingu með 22 atkv.

Breytingartillaga nefndarinnar við 1. tölulið. 4. gr. frumv.:

fyrri hlutinn samþykktur með 20 atkvæðum.

síðari hlutinn samþykktur með 20 atkvæðum.

Breytingartillaga við 2. tölulið 4. gr. samþykkt með 20 atkv.

4. gr. sem verður 3. gr. í frumv. samþykkt með 22 atkv.

1. breytingartillaga nefndarinnar við 5. gr. (nú 4. gr.) samþykkt með 22 atkv.

2. breytingartillaga nefndarinnar við 5. gr. samþykkt með 18 atkv.

5. gr. frv. sem verður 4. gr. samþykkt í heild sinni með 20 atkv.

Viðaukatillaga nr. 190 samþykkt með 18 atkv. og verður 5. gr.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Uppástunga forseta um hvernig ræða skuli tillögu til þingsályktunar um prestakallamál.

Samþykkt að ræða málið í einni umræðu.

Frv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 66, nefndarálit 169, breyt.till. 191); 2. umr.

Framsögum. (Þór. Böðvarsson): Jeg skal geta þess, að hjer er ritvilla í nefndarálitinu í 2. gr. 2. tölul.: »Árgerðarstaðir« í stað Ásgerðarstaðir. Sömuleiðis á í sömu gr. 10. tölul. að standa »Skíðastaðir í sömu sýslu með hjáleigunni Herjúlfsstöðum«. Annars verð jeg að álíta, að h. þm. hafi kynnt sjer þetta nefndarálit, og skal jeg því að eins í fám orðum minnast á breytingar nefndarinnar.

1. breyting nefndarinnar er sú, að framan við orðin: »Ráðgjafanum« etc. komi: »1. gr.« 2. breyt. nefndarinnar er sú, að aptan við: »heimild til að selja« komi: »ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra«; og svo eru jarðirnar 15, í stað þess að þær eru að eins 2 í stjórnarfrv. 3. breyting nefndarinnar er í því fólgin, að í staðinn fyrir að setja við hverja jörð: »er eigi nemur minna en«, er sett ákveðið verð við hverja jörð, en tekið fram í næstu málsgrein á undan, að verðið skuli eigi vera minna en það sem sett er út undan hverri þeirra. Það væri í rauninni rjettast, að mínu áliti, að verðið væri fast ákveðið, svo að eigi sje gefin átylla til, að jarðirnar sjeu settar upp við söluna. Það er tilgangurinn, að gefa ábúendum heimild til að kaupa ábýlisjarðir sínar; en sá tilgangur, að auka með því sjálfseign í landinu, næst því að eins, að eigi sje heimtað mikið yfir það verð, sem þeir hafa boðið. Nefndin gat því ekki farið frekar í kröfum sínum; þar sem umboðsmenn og sýslunefndir hefir greint á, hefir hún án undantekningar tekið hið hæsta verð, þótt það hafi verið hærra en ábúandinn hefir boðið. Þegar nú verðið er þannig ákveðið af umboðsmönnum, sýslunefndum og þinginu, þá virðist rjettast, að láta það vera fast þann tíma, sem til er tekinn í lögunum. 4. breyting nefndarinnar er sú, að hún lætur það vera 2. gr., sem vísar til laganna 8.

nóv. 1883, í stað þess sem það er gert í 1. gr. stjórnarfrv. Síðast er því næst ný grein, um, hve lengi heimild til þess að kaupa jarðirnar skuli vara.

Það hafa engar breyt.till. fram komið; að eins ein viðaukatill. um Rauðará. Þar er verðhæðin við sett hin hæsta, eins og hjá nefndinni, og aðhyllist hún verðhæðina í viðaukatillögu þessari.

Ólafur Pálsson: Jeg gat þess um daginn, að jeg mundi koma með viðaukatillögu viðvíkjandi ⅓ úr jörðinni Hruna, en er fallinn frá því; en hugsa mjer að koma með viðaukauppástungu viðvíkjandi Vík í Dyrhólahreppi, til 3. umr.

Landshöfðingi: Það er athugavert með tilliti til viðaukatill., að þar stendur: »Aptan við frv. bætist«; en meiningin á víst að vera sú, að þessum viðauka sje bætt aptan við uppástunguna í nefndarálitinu. Jeg skal og geta þess, að jeg mun koma með til 3. umr. viðaukatill. um heimild til að selja jörðina Efri-Strönd í Rangárvallasýslu. Jeg hefi fengið umboð til þess frá ráðgjafanum nú með síðustu póstskipsferð. Jeg mun og afhenda h. nefnd skjöl því viðvíkjandi.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal geta þess viðvíkjandi þessari viðaukatill., að hún er stýluð til að bætast aptan við stjórnarfrv., en ekki við nefndarálitið. Það má laga það við 3. umr. Verðið, sem til er tekið á Rauðará, er hið hæsta, sem Rvík vill gefa; hún býður það í eitt skipti fyrir öll, enda er það hæsta verð eptir áliti matsmanna og sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hugsazt getur fyrir jörðina, og telja þeir jafn vel það ofhátt sett. Húsin eru öll fallin. *(Á.Ó.:* En álag)? Við gefum landssjóði það; en fylgjum ekki sömu reglu, sem gjört er við Hallbjarnareyri!

Landshöfðingi: Jeg hefi eitt að athuga við þessa viðaukatill., án þess að jeg þó vilji hafa á móti henni, að hjer er það ekki ábúandinn, sem kaupa vill, eins og á sjer stað við hinar aðrar jarðir. En þetta mætti einnig laga til 3. umr.

Forseti: Sakir þeirra galla, sem eru á þessari viðaukatill., þar sem hvorki sjest hvar hún á inn í, og þar sem heldur ekki er farið fram á að selja þá jörð neinum ábúanda, eins og hitt frv. hljóðar um, getur hún ekki komizt að til atkvæðagreiðslu nú við þessa umræðu og í þessu formi; það verður því að breyta henni og laga til 3. umr.

Atkvæðagr.: Síðan var gengið til atkv. og fjellu þau þannig:

1. breyt.till.nefndarinnar samþ. með 18 atkv.
2. —— ——— — — 18 —
3. —— ——— — — 21 —
4. —— ——— — — 19 —

Frumv.greinin með áorðnum breyt. samþ. með 20 atkv.

Að málið gengi til 3. umr. var samþ. með 21 atkv.

Tuttugasti og áttundi fundur laugardaginn 1. ágúst, kl. 11. f. m. Allir á fundi.

Frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 224); 2. umr.

Framsögumaður (Þ. Böðvarsson): Þótt engar breytingartillögur sjeu komnar fram við þetta frv., þá vil jeg þó leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum, fyrst almennt, og síðan um hinar einstöku greinar. Hjer er ekki einungis að ræða um nýtt frv., heldur og um nýtt efni, sem aldrei hafa verið fyr gefin lög um hjer á landi. En nú er stungið upp á að gefa lög um þetta; en hvers vegna nú, en ekki fyr? Af því að nú eru til þess tilknýjandi ástæður, sem ekki hafa verið fyr. Jeg hefði frá mínu sjónarmiði helzt óskað, að það hefði ekki þurft að koma fram með frv. um þetta efni; en eins og nú er komið, fylgi jeg því fast fram, að þetta frv. sje samþykkt, og að það sje nauðsynlegt. Ástæðan er sú, að í þjóðkirkjunni eru fáeinir menn, sem ekki njóta sama rjettar og aðrir, og að hinu leytinu hefir töluverður hluti af söfnuði sagt sig úr þjóðkirkjunni. Nú getur verið spurning um, hvað á að gera við þennan straum, sem farinn er að snerta þjóðkirkjuna. Svari menn, að það eigi að stífla hann strax, þá held jeg það

sje ekki heppilega svarað, því sagan hefir sýnt, að mótspyrnan á móti nýjum straum hefir vanalega orðið til þess, að gera hann sterkari og víðtækari. En á hinn bóginn hefir það einnig komið fram, að ef höfð hefir verið tilslökun, þá hefir niðurstaðan orðið sú, að hinir fráskildu hafa vanalega leitað til þjóðkirkjunnar aptur, og vil jeg þar nefna sem dæmi Eugen Bersier, sem mun hafa verið frægstur allra utanþjóðkirkjupresta; hann var lærisveinn hins fræga Alexanders Winet. Eptir að hann hafði verið í mörg ár utan þjóðkirkju, sótti hann um að verða tekinn aptur inn í hana, og jeg get ímyndað mjer, að hjer komi hið sama fram, ef tilslökun er beitt. Sú kirkja, sem vjer heyrum til, heldur mjög af eiuingu, en sjerstaklega í því, að ekki sje lagður annar grundvöllur fyrir kirkjunni en sá, sem lagður er; hún er ekki eins ströng með tilliti til hinna einstöku atriða, og forvígismenn siðabótarinnar lýsa því yfir í Ágsborgarjátningunni, að viðvíkjandi einstökum ytri reglum sjeu þeir ekki strangir. Eining vorrar kirkju er trúin; það er trú frelsisins og sannleikans, sem á að gera oss frjálsa. Það er trúin, sem öll áherzlan liggur á, en ekki hið ytra, hugarfarið, hjörtun. En nú kemur sú spurning: Ef nú er losað um þessi bönd, er þá ekki hætta búin? Jeg svara nei. Það er meiri hætta að halda þessum böndum föstum og spyrna á móti straumi tímans, því reynslan sýnir, að mótspyrnan æsir hann. Það voru æsingarnar á móti kristindóminum, sem mest urðu til þess að breiða hann út, og það var mótspyrna kaþólskra, sem varð til þess að útbreiða og styrkja kenningu Lúthers. Síðan menn hættu öllum ofsóknum gegn henni, hefir þeirra trú ekki á unnið minna, ef ekki meir en áður. Þegar menn eru hættir að viðurkenna kirkjuna, þá er nauðsynlegt, að setja lög fyrir þá menn. Ytri hvatir til þess að ganga úr þjóðkirkjunni vil jeg segja að ekki sje neinar, því þeir sem ganga úr þjóðkirkjunni eru sviptir öllum hlunnindum hennar, og meira geta þeir eptir minni meiningu ekki verðskuldað. Hvað hin einstöku atriði snertir, þá skal jeg fyrst fara nokkrum orðum um 1. kaflann. Fyrsti kaflinn er um borgaralegt hjónaband. Jeg held fast við hina kirkjulegu vígslu, þar sem hún er möguleg; en þar sem hún ekki er möguleg, þegar enginn þjóðkirkjuprestur er fáanlegur til að vígja hjónin saman, þar er borgaralegt hjónaband nauðsynlegt, og þetta hefir verið tilfellið nú í nokkur ár í einum söfnuði, að menn hafa ekki átt kost á að ganga í hjónaband, og svo hefir verið um einstaka menn, sem ekki hafa haft trú á þjóðkirkjunni. Eptir stjórnarskránni eiga menn einkis í að missa af borgaralegum rjettindum, sakir trúarbragða sinna eða guðsdýrkunar, og hjónabandið er þó borgaraleg rjettindi. Viðvíkjandi hinum einstöku greinum skal jeg geta þess, að stjórnarfrv. er haldið því nær óbreyttu með litlum viðaukum, sem eiginlega eru að eins orðabreytingar. Í 1. gr. er viðauki, sem eðlilega leiðir af breytingu þeirri, sem nefndin hefir gert á frv. efri deildarinnar: »ef annaðhvort hjónaefna eða bæði eru utan þjóðkirkju«. 2. og 3. gr. eru nálega óbreyttar. Í 4. gr. er að eins orðabreyting, í 5. gr. sömuleiðis, og sömuleiðis í eptirfylgjandi greinum, nema í 6. gr.; þar hefir nefndin sett 4 kr., þar sem í hinu frv. stóð 2 kr. Þessa breytingu gjörði nefndin til þess, að ekki gæti verið hjegómleg hvöt fyrir hjónaefni að ganga til sýslumanns og láta hann gefa sig saman, af því að það kostaði minna en hjá prestinum. Yfir höfuð eru ekki nema orðabreytingar á þessum kafla og þær ekki stórkostlegar.

Þá kemur 2. kafli. Hann er um skyldur og rjett þeirra kirkjufjelaga, sem eru viðurkennd af kirkjustjórninni, en eru þó ekki í þjóðkirkjunni. Nefndinni þótti nauðsynlegt, að gera ráð fyrir þessu, því ágreiningur getur orðið, svo að það muni að eins litlu og óverulegu, sem kirkjustjórnin í rauninni hefir ekkert á móti; ef til vill eru það smávegis útvortis siðir einir, sem munar. Þegar kirkjustjórnin viðurkennir og játar, að söfnuðurinn megi eiga sjer stað, þá vildi nefndin, að lögin játuðu, að embættisverk, sem færu fram í þeim

söfnuði, hefðu fullt gildi, og það finnst mjer mjög eðlilegt og jafnvel sjálfsagt. Jeg tel og sjálfsagt, að kirkjustjórnin ekki viðurkenni söfnuðinn, ef ekki er ástæða til þess, og jeg geri ráð fyrir að biskup landsins fari ekki lengra en svo í þessu efni, að þjóðkirkjunni sje í engu misboðið. Í 13. gr. er talað um þetta ástand, að konungur staðfesti eða viðurkenni söfnuðinn, og svo í eptirfarandi greinum um rjettindi þau, er slíkur söfnuður hafi. Um 3. kaflann verð jeg að segja, að hann er sjálfsögð og eðlileg afleiðing af því, sem á undan er gengið. Jeg held bæði kirkjan og þjóðfjelagið viðurkenni þá setningu, að verður sje verkamaðurinn launanna. Sá sem vinnur í viðkomandi söfnuði á að hafa sín laun fyrir vinnuna. Hjer á ekki við að uppskera það, sem ekki er niður sáð. Bæði þjóðfjelagið og kirkjan greiðir vinnulaun og eptirlaun þeim, sem hefir unnið, en getur ekki lengur. En hvorki þjóðfjelagið nje kirkjan greiðir laun fyrir að vinna ekkert. Jeg get ekki álitið, að ákvæðin í 16. gr. megi missa sig, heldur verð jeg að vera á því, að sá söfnuður, sem hefir byggt sjer kirkju og tekið sjer prest, hafi rjett til að vera laus við að greiða gjöld til annars prests og annarar kirkju, þeirrar kirkju og þess prests, sem hann ekki notar. En viðvíkjandi síðari málsgrein 16. gr., þá virtist nefndinni aptur rjett, að þeim mönnum, sem segjast vera utanþjóðkirkju, en sýna það ekki í neinu, sje gert að skyldu að greiða öll gjöld jafnt og þjóðkirkjumenn, og ættu þeir því engin rjettindi að hafa. Hvað orðatiltækið »bein gjöld« snertir, þá meinti nefndin með því lambsfóður, prestatíund, dagsverk, ljóstoll, aukatekjur o. s. frv. Skal jeg svo ekki tala fleira um frv. að þessu sinni, en vona, að þingdeildarmenn kannist við, að hjer beri nauðsyn til að setja lög, og gefi því frv. atkv. sitt.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal geta þess, að jeg er máli þessu mjög hlynntur, en það er að eins ein spurning, sem jeg vildi beina til h. framsögumanns (Þ. Böðv.) viðvíkjandi 16. gr. frv., og það er, hvað meint sje með »bein gjöld«, og í öðru lagi, hvort þeir prestar, sem þjóna einu prestakalli, þegar lausasöfnuður myndast þar, eigi að missa þessi gjöld endurgjaldslaust? Mjer finnst ósanngjarnt, að presturinn missi þessar tekjur, ef hann ekki er valdur að því, að menn ganga úr söfnuði hans. Jeg held, að það væri rjett, að koma inn ákvæðum um þetta við 3. umr.

Framsögumaður (Þ. Böðvarsson): Viðvíkjandi spurningum þeim, sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) beindi til mín, skal jeg benda honum á, að jeg svaraði hinni fyrri spurningunni áðan, hvað meint væri með »bein gjöld«; en viðvíkjandi seinni spurningunni, hvort prestur sá, sem þjónaði í einu prestakalli, þegar lausasöfnuður myndaðist, ætti að missa af tekjum sínum, þá vil jeg taka það fram, að þetta lagafrv., sem hjer ræðir um, eru almenn lög, og þegar búið er að staðfesta þau, þá koma dagar og þá koma ráð, hvernig með þessi tilfelli eigi að fara, en jeg vona að þessi tilfelli verði mjög fá, og verði jafnvel ekki fleiri en komið er. En ef jeg á að svara frá mínu sjónarmiði, þá skal jeg segja það, að ef meiri hluti safnaðarins í mínu prestakalli gengi úr þjóðkirkjunni, þá vildi jeg ekki þiggja neinar tekjur frá þeim mönnum, og þannig finnst mjer að allir prestar ættu að svara. Prestur sá, er hjer getur verið um að tala, er orðinn aldurhniginn og verður líklega ekki mjög lengi prestur eptir að lagafrv. þetta er staðfest. Jeg held, að brauð hans sje heldur ekki svo ljelegt, þótt það rýrni um þessar tekjur, að ekki sje við það unandi. Jeg held það væri tilvinnandi fyrir margan prest hjer á landi, að þiggja leifarnar af þessu brauði. Það yrði þá sjerlega hægt og hefði þó ekki svo litlar tekjur. Ef engin ákvæði eru um, að sá þjónandi þjóðkirkjuprestur skuli fá missirinn endurgoldinn, þá er það ný hvöt fyrir prestana að halda söfnuðunum í þjóðkirkjunni. Sá, sem fyrir því verður, hefir ávallt það ráð, að sækja burtu. En eins og jeg hefi áður tekið fram, munu þessi tilfelli aldrei verða mörg.

Eirikur Kúld: Jeg stend ekki upp til þess að mæla á móti uppástungum nefndarinnar yfir höfuð að tala og mun gefa þeim

flestum atkv. mitt, ekki af því að jeg álíti nokkra nauðsyn fyrir þeim lögum, sem hjer ræðir um, heldur meðfram af hinu, að jeg í sjálfu sjer óska helzt, að allt í kirkjunni væri frjálst, en þó ekki svo, að jeg vilji það frelsi, sem ekki er bundið við einhverjar fastar reglur. H. framsögumaður (Þ. Böðv.) tók það fram, að komnar væru nú tilknýjandi ástæður fyrir að flýta þessu máli, og tók það fram, að hann þekkti einn eða tvo menn, sem greindi á við þjóðkirkjuna, og væru þeir hjer á suðurlandi; en jeg get ekki álitið það nauðsyn, að gefa út lög fyrir einn eða 2 menn af yfir 70,000 manna, enda mun það ekki hafa verið þessara manna vegna, sem hann áleit þetta tilknýjandi, heldur mun það hafa verið Reyðfirðingar, sem hann hefir haft í huganum, eins og hann mun hafa síðar tekið fram. Þessu er jeg samdóma, og játa að þeir segist vera utan þjóðkirkjunnar: en má jeg spyrja, stendur sá söfnuður í raun ogveru á verulega lagalegum grundvelli? Væri svo, vildi jeg hlynna að honum á allar lundir og eins í þessu tilliti. En af því að söfnuður þessi hefur ekki fengið þá konunglegu staðfesting, sem gert er ráð fyrir í 16. gr. í frv. nefndarinnar, get jeg ekki álitið hann sem fríkirkjusöfnuð, eins og líka mjer er ekki kunnugt um, að hann greini á við þjóðkirkjuna nokkuð verulega. Frá mínu sjónarmiði álít jeg þessi lög sem stendur þess vegna óþörf, með því líka að enginn bænarskrá er komin um þau frá þjóðinni, og hjer sem stendur eru engir trúarbragðaflokkar. Allt öðru máli er að gegna í Danmörku, þar sem eru ýmsir trúarbragðaflokkar, svo sem Baptistar, Methodistar, Reformertir og Gyðingar o. fl., en hjer á landi enginn slíkur, svo jeg viti til, og ekki nú sem stendur að jeg held nokkur mormóni. Jeg geri því ráð fyrir, að þó þetta yrði að lögum, færi um það eins og leysingjalögin, sem þóttu svo áríðandi meðan þau voru í fæðingunni; en síðan þau komu út hefir ekkert mannsbarn á Íslandi notað þau. En allt um þetta ætla jeg ekki að standa á móti broddunum, heldur gefa frv. atkv. mitt, í sömu von og h. framsögumaður (Þ. Böðv.) ljet í ljósi, er hann sagði, að lögin mundu verða til þess, að leiða þá, sem þættust vera utanþjóðkirkjunnar, inn í hana aptur, og yrði það, þá væru þó lögin til nokkurs gagns. Viðvíkjandi hinum einstöku greinum frv. skal jeg vera fáorður. Það er einungis viðvíkjandi 13. gr., hvað snertir hin kirkjulegu embættisverk, er utanþjóðkirkjuprestur framkvæmir, held jeg væri nauðsynlegt að tiltaka nákvæmar, hvort og að hve miklu leyti, að eptirlit með þeim ætti að vera sama og með prestum þjóðkirkjunnar. Hvað snertir 16. gr. frv., veit jeg ekki, hvort hún getur vel samrýmzt við 46. gr. stjórnarskrárinnar, því í 46. gr. stjórnarskrárinnar er alls ekki gert ráð fyrir þessari konunglegu staðfestingu. Jeg hef þá gert grein fyrir, af hverju og með hvaða von að jeg muni gefa atkv. með frv. nefndarinnar.

Jón Ólafsson: Jeg ætla mjer að eins að fara nokkrum orðum um það, sem h. þm. Barðstr. (E. K.) talaði um, nefnil. hvort fríkirkjusöfnuður Reyðfirðinga sje fyrir utan þjóðkirkjuna eða eigi. Þeirri spurningu hefir verið svarað fyrir löngu á þá leið: að hann væri ekki í þjóðkirkjunni, og þegar eigi er svo, verða, held jeg, allir að kannast við það, að hann sje fyrir utan þjóðkirkjuna. Bæði ráðgjafinn og lögfróðir háskólakennarar hafa líka viðurkennt það; jeg las um daginn upp kafla um það; jeg get því eigi skilið annað en að engum þurfi að blandast hugur um, að svo sje. Sá söfnuður stjórnar sjer sjálfur, en getur eðlilega eigi tekið sjer þann rjett, sem honum er synjað um. H. þm. (E. K.) hjelt ræðu, sem jeg get eigi skilið öðruvísi en lokleysu- eða orðaleik, ef jeg hef skilið rjett það, sem hann las upp af blaðinu — (*E. K.*: Jeg las alls ekkert upp af blaði; jeg bið þm. að hafa eigi þau orð við mig, og vitna jeg til forseta, að það eru ósannindi). Jeg segi ekki annað en það sem allir sáu, að hann las upp af blaði. Hann hjelt, að það væri rjettast að veita Reyðfirðingum engin rjettindi, af því, að ef þeim væri synjað um þau, mundu þeir

hverfa aptur til þjóðkirkjunnar. En jeg segi honum í fullri alvöru, að það verður alldrei. Jeg er líka fyrir utan þjóðkirkjuna, og segi fyrir mitt leyti, að jeg mun aldrei hverfa til hennar aptur. Þm. sagði, að sjer væri ókunnugt um, hvort söfnuð Reyðfirðinga greindi í nokkuru á við þjóðkirkjuna; hvað það snertir, er þó svo mikið víst, að stjórnin sjálf áleit, að hvorki söfnuður þessi nje prestur hans samkvæmt skoðunum þeirra gætu verið í þjóðkirkjunni, enda fylgir prestur sá, sem þjónar söfnuðinum, ekki helgisiðum þjóðkirkjunnar. Þm. þóttist ekki hafa heyrt nokkura rödd í þessa átt; en það má vera merkilegt heyrnarleysi, ef svo er; bæði stjórnin, eins og jeg gat um, áleit, að prestur þeirra væri eigi í þjóðkirkjunni, og eins hefir það álit komin fram í blaði hjer í Reykjavík, og ætti því ekki að vera ókunnugt. Að öðru leyti finnst mjer vera búið að svara ræðu hans fyrir löngu, og að hún sje því eigi annað en að berja höfðinu við steininn. Viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. G.-K. (Þorkj. Bj.) spurði um, hvað væri í 16. gr. meint með bein gjöld, þá er það almennt orðatiltæki og haft um þau gjöld, sem ganga *bein*-línis frá greiðanda til móttakanda, en óbein gjöld eru aptur þau, sem frá greiðanda ganga gegn um einn eða fleiri milliliði til móttakanda. Óbein gjöld eru t. d. þau gjöld, sem goldin eru til andlegu stjettarinnar, svo sem biskups, prestaskólakennara, uppgjafapresta o. fl. gegn um landssjóðinn; landssjóður er milliliður milli greiðanda og viðtakanda. Það þykir mjer hart farið með utanþjóðkirkjumenn, ef þeir þyrftu og að borga þjóðkirkjupresti fyrir verk, sem hann gerir eigi, eða þeir þiggja eigi af honum; en það finnst mjer þó enn harðara, sem stjórnin úrskurðar, að þjóðkirkjuprestur geti að nauðugum utanþjóðkirkjumönnum kastað moldum á lík framliðinna safnaðarlima þeirra, að eins til þess að fá líksöngseyri. Þar sem h. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að »þegar lögunum væri tvískipt, væri friðinum tvískipt«, hygg jeg, að *friður* sje ekki hið æðsta hnoss, sem menn eiga eptir að leita í andlegum efnum, heldur *sannleikur*; hans ber oss fyrst að leita; þegar friðurinn er mestur, þá er værðin mest, en værðin er andlegur svefn. Við friði í kirkjunni bjóst heldur eigi sá, sem meiri var en h. þm. Barðstr. (E. K.); hann sagði: »Jeg er *ekki* kominn til að stofna *frið* á jörðu«. Held jeg líka að hann hafi miklu fremur hugsað um að prjedika sannleikann, en um frið.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að fara fáum orðum um frumv. þetta. Mjer finnst, að það, og sjerstaklega I. kafli þess, nálgist stjórnarfrumv., sem lagt var fyrir þingið um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú, nokkuð meira en frv. efri deildarinnar; en mjer finnst það þó vera byggt á öðrum grundvelli en stjórnarfrv. Meginregla sú, sem frv. stjórnarinnar er byggt á, er sú, að fylla eyðu þá með almennum lögum, sem er í löggjöf vorri með tilliti til stjórnarskrárinnar 47. gr., þar sem ákveðið er, að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum sakir trúarbragða sinna. Þar er því aðaláherzlan lögð á trúarbrögðin, sem hlutaðeigandi persónur hafa; en mjer finnst, að hjer í 1. gr. nefndarfrumv. sje áherzlan lögð á það, hvort hjónin eru utanþjóðkirkju eða eigi. Verið getur, að það sje ekki meiningin hjá nefndinni; en jeg vildi vekja athygli hennar á því. Eptir orðum frumv. má skilja svo, að menn geti verið utanþjóðkirkju, en þó haft sömu trú og þjóðkirkjan; með því er farið miklu lengra, en í frumv. stjórnarinnar. (*J. Ó.*: Ekki danska textanum). Hjer liggur íslenzki textinn fyrir. Afleiðingin yrði sú, sem ef til vill eigi er tilgangur nefndarinnar, að hver og einn getur gengið í borgaralegt hjónaband, þótt hann hafi sömu trú og þjóðkirkjan, ef hann segir sig úr þjóðkirkjunni, og kom sú skoðun líka fram í Ed. hjá minni hlutanum. Þar var meiningamunur um, hvort borgaralegt hjónaband ætti að vera löglegt fyrir aðra en þá, sem hefðu aðra trú en þjóðkirkjan. Jeg skil eigi öðruvísi, en eptir frv. sje rjettur veittur öllum til borgaralegs hjónbands,

sem eigi eru í þjóðkirkjunni. Þar finnst mjer farið of langt,—það er ef til vill eigi meining nefndarinnar, en betra er að það væri skýrt;—þá er farið lengra en lög eru í öðrum hlutum ríkisins, og finnst mjer varúðarvert að setja þær reglur. Ef það er gert, eru litlar líkur til að stjórnin muni fallast á þær án tilknýjandi ástæða, en það verður eigi álitið, að svo sje hjer. Með tilliti til II. kafla frv. skal jeg taka fram, að ef söfnuðir fá hlutdeild í veitingu brauða, svo sem ætlazt er til í öðru frv. stjórnarinnar (*Forseti*: Það er á dagskrá í dag), og sem er á dagskrá næst á eptir þessu máli, að ef það yrði að lögum, þá er síður nauðsynlegt, að gera ákvarðanir um sjerstaka utanþjóðkirkjupresta; þá fá söfnuðirnir verulega hlutdeild í, hver verður sálusorgari þeirra; en það sem olli sundrungu í einum söfnuði (í Reyðarfirðinum), var það, að söfnuðurinn hafði ekki atkvæði, sem gæti ráðið úrslitum um þann mann, sem hann vildi fá fyrir prest, eða um veitingu brauðsins. Jeg er á sama máli sem h. framsögum. (Þ. Böðv.), að óskandi væri, að þessi tilfelli kæmu eigi opt fyrir; en ef þau kæmu opt fyrir, gæti það haft eptirköst með kostnaðinn; en mjer finnst síður ástæða til að leggja landssjóðnum þá byrði á herðar, ef prestakosningar komast á. Jeg veit eigi, hvort jeg hef skilið meiningu 1. gr. rjett; en nauðsynlegt er, að hún sje ljós.

Jón Ólafsson: Jeg er hæstv. landshöfðingja sjerstaklega þakklátur fyrir þetta, því að hafi nokkuð skortað á ástæður í gær fyrir því, að nauðsynlegt væri að stjórnardeildin væri skipuð mönnum, sem kynnu íslenzku, þá kemur hann nú með ástæðu fyrir því, að því er snertir málið á þessu stjórnarfrv. um borgaralegt hjónaband; hæstv. landshöfðingi er á gagnstæðri skoðun við stjórnina, en vjer nefndarmennirnir samkvæmir henni. Þegar maður er í vafa um meininguna í íslenzkuna á frv. stjórnarinnar, verður maður að lesa danska textann. Í danska textanum stendur: »Naar tvende Personer, af hvilke enten ingen eller kun den ene hörer til Folkekirken, ville indtræde i Ægteskab med hinanden« o. s. fr., og get jeg ómögulega betur skilið þessi orð, en hjer sje meint þá menn, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, heldur fyrir utan hana. H. hæstv. landshöfðingi sagði, að menn gætu verið fyrir utan þjóðkirkjuna, án þess að hafa önnur trúarbrögð en hún. Þegar jeg lít á frv. stjórnarinnar, er alstaðar talað um menn, sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna og er nefndin samkvæm því. Vjer settum meiningu stjórnarinnar á íslenzku í nefndarálit vort; því getur h. hæstv. landshöfðingi eigi neitað; svo sanngjarn er hann. Þýðendurnir hafa að eins á einum stað í ástæðunum fyrir 1. grein villzt til þess að þýða rjett.—Þar stendur: »Þá er hvorttveggja þeirra, er í hlut eiga, eru utan þjóðkirkju«. Þetta frv., eins og öll frumv. stjórnarinnar nú, þarf að þýðast upp að nýju. En að því leyti er jeg þakklátur h. hæstv. landshöfðingja, að hann hefir sýnt og sannað, hversu það er áríðandi, að hafa menn í stjórnardeildinni, sem eru kunnugir íslenzkum málum og kunna íslenzkt mál.

Landshöfðingi: Jeg get alls eigi fallizt á það, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði. Ef hann les 47. gr. stjórnarskrárinnar, sjer hann, að ákvörðunin þar er miðuð við trúarbrögðin, og til þess að uppfylla þá ákvörðun er frv. stjórnarinnar samið og hvílir því á sama grundvelli. Að það megi skilja á tvo vegu, danska og íslenzka textan, getur vel verið; en hægt er og að skilja svo orðið »hörer til Folkekirken« í danska textanum, að það snerti þá, sem hafa trúarbrögð þjóðkirkjunnar eða játa þau trúarbrögð, og er það meiningin eptir tilgangi frumv. Hvað sem h. þm. segir um textann, er hinn íslenzki texti þó vafalausari og samkvæmari grundvelli stjórnarskrárinnar. Að fara út í »kritik« á orðfærinu á stjórnarfrv., álít jeg ekki heppilegt, og hygg jeg, að hinum dýrmæta tíma þingsins sje betur varið til annars.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans og þær bendingar, sem hann hefir gefið, þó að jeg sje honum eigi að

öllu samdóma, nje skilji til fulls, hvað hann lagði í orð frv. nefndarinnar. Hæstv. ldsh. tók fram, að í því væri farið lengra en í frv. stjórnarinnar. Þetta má ef til segja í vissum skilningi; en sje grandgæfilega skoðað, og frv. borið saman við ástæðurnar fyrir frv. stjórnarinnar, fæ jeg eigi sjeð, að í nokkru sje lengra farið. Viðvíkjandi þessu orðatilltæki nefndarinnar *utanþjóðkirkja* skal jeg játa, að nefndin leiddist ósjálfrátt nokkuð af danska textanum, án þess jeg skuli blanda mjer inn í deilur um málið á frv. stjórnarinnar; menn segja vanalega ekki skilið við þjóðkirkjuna, nema fyrir trúarástæður, eða ýmislegt, sem telst til trúarinnar, t. d. kirkjusiði. H. landsh. sagði, að eptir frumv. nefndarinnar þyrfti maður ekki annað að gera, til þess að fá borgaralegt hjónaband, en að segja: Jeg er genginn úr þjóðkirkjunni. En má jeg spyrja: Er ekki nóg frá hinu sjónarmiðinu, ef einhver segir: jeg hefi ekki *trú* þjóðkirkjunnar, og vil því ekki láta prest vígja mig, heldur sýslumann? þar er heldur engin önnur sönnun en sögusögn mannsins. En hvort sem haft er, vona jeg, að engin hætta sje; jeg hefi þá föstu von, að »vígsla« sýslumanna verði nálega aldrei notuð, bæði af því, að ýms umsvif eru meiri við það, og meiri vegalengdir, af því að lengra er víðast hvar til sýslumanns en prests. Jeg get því eigi sjeð, að með orðum nefndarinnar sje of langt farið. Viðvíkjandi hinum 3. kafla í frv. nefndarinnar tók hæstv. landsh. rjettilega fram, að þegar nú söfnuðirnir fengju hluttöku í veitingu brauða, væri því síður ástæða til að búast við þessu, nema þar sem mismunur væri í trúarefnum. Jeg hefi opt tekið fram, að tilfellin muni verða fá, ef til vill engin. Hin eina ástæða, sem liggur fyrir, er, að söfnuðir væru óánægðir með veitingu. En það má og hugsa sjer aðra ástæðu, samkvæmt því, sem hefir komið fyrir á Austurlandi, að menn vildu taka upp aðra kirkjusiði, þó þeir hefðu sömu trú. Söfnuður á Austurlandi hefir kosið sjer prest, og sá prestur er einmitt maður, sem hefir aðra kirkjusiði en þjóðkirkjan. Jeg játa, að tilfellin yrðu færri, ef söfnuðir fengju hluttöku í veitingu brauða; en jeg get samt eigi látið mjer skiljast, að ákvörðunin sje óþörf, heldur verð jeg að álíta, að hún sje þörf, eptir því, sem málin liggja fyrir, svo mjög, að þinginu beri að samþykkja frv. nefndarinnar. Kostnaður fyrir landssjóð get jeg ekki skilið að verði að mun. Ef jeg tek það dæmi, sem jeg fyr nefndi, þykir mjer líklegt, ef löggjafarvaldið tekur liðlega í málið, að sá söfnuður, sem hluti af nú er utan þjóðkirkju, gangi við næstu skipti algerlega yfir til þess prests, sem hann hefir kosið sjer, og eru þá tekjur fyrir landssjóðinn, að geta lagt hlunnindi brauðsins til annara brauða.

Jeg á því hægra með að svara h. þm. Barðstr. (E. K.), sem jeg held við sjeum alveg á sama máli. Hann segir, að hann vilji eigi frelsi án reglu. Það vil jeg heldur ekki. Einmitt af því er þetta frv. fram komið, til þess að hafa reglu á því frelsi, sem menn hafa tekið sjer. Honum þótti vanta ljósar ástæður; en mætti jeg benda honum á ástæður stjórnarinnar á bls. 4, að hún hafi frá því 1877 opt saknað þess, að hafa ekki lagaákvæði um þau efni, sem frv. ræðir um, því það hafi eigi að eins komið fyrir, að foreldrar hafi neitað að láta skíra börn sín, heldur hafi og mikill hluti safnaðar nokkurs sagt sig úr þjóðkirkjunni, og neitað að nota sjer aðstoð hennar til að ganga í löglegt hjónaband o. fl. Þetta hvorttveggja er fyrir augum stjórnarinnar næg ástæða til þess að löggjafarvaldið taki í strenginn. Jeg hygg ekki, að það sje nauðsynlegt skilyrði, að menn greini á um trúna sjálfa. Jeg held hann hafi spurt, hvort söfnuðurinn eystra stæði á nokkrum lagalegum grundvelli. Frumv. er einmitt fram komið til þess, að hann geti það. Þm. Barðstr. (E. K.) talaði sem frelsismaður og þjóðkirkjumaður, og hefi jeg sömu von sem hann, að þó að þetta verði að lögum, þá verði það í engu þjóðkirkjunni til spillingar eða niðurdreps, heldur mælist því betur fyrir að vera í henni eptir, og ættu þjónar hennar því að taka sem bezt í málið. Orðin

frelsi og ófrelsi eru orðin svo tíð á vörum manna, að óskandi væri, að allir þekktu þýðingu þeirra. En þar sem bönd verða leyst að ósekju og jafnvel til bóta, álít jeg skylt, að slaka til, ef ekki leysa. Þess vegna er jeg á sama máli nú og fyrst þegar jeg tók til máls, og jeg vona, að deildin samþykki frv., grein fyrir grein, hlutaðeigendum til gagns og ánægju, og þjóðkirkjunni til framfara.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal fyrst leiða athygli þingsins að því, að nefndin hefir fengið, eins og þingdeildinni er kunnagt, stjórnarfrumv. um borgaralegt hjónaband, til að segja álit sitt um það atriði ásamt frumv., sem kom fram hjer í deildinni. *(Forseti:* Jeg verð að benda þm. á, að frv. stjórnarinnar hefir aldrei legið fyrir þessari deild; því var breytt í Ed., og það er hennar frv., sem nefndinni hefir verið fengið til athugunar). Já, jeg bið fyrirgefningar; jeg meinti, að til þingsins hefði komið frumv. frá stjórninni. Það er því rjett, sem þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að það hefir ekki komið fram nein bænarrödd um þetta málefni frá alþýðu eða landsmönnum. Nefndin hefir nú fellt allt úr frv. Ed., sem snertir þjóðkirkjuna, svo jeg vona að h. þm. sjeu nefndinni samdóma í því, að hún í þessu efni hafi hagað sjer eptir rödd þjóðarinnar, eða rjettara sagt: eptir þögn þjóðarinnar. En nefndin þurfti líka að fara eptir rödd stjórnarinnar. Það hefir verið mestur ágreiningur um 16. gr. Þar sem spurt hefir verið, hvað bein gjöld þýddi, játa jeg, að orðið bein er ekki sem heppilegast valið. En ástæðan er sú, að í leysingjalögunum 12. maí 1882 11. gr. er ákveðið, að leysingi skuli gjalda sóknarpresti sínum allar fastar tekjur, í mótsetningu við lausatekjur eða aukatekjur. Nú segir nefndin: það er þegar búið að gefa leysingja lausan við að gjalda sóknarpresti sínum fyrir aukaverk; má því hver fara til annars prests um öll aukaverk, og með það sama verður hann laus við að greiða sínum presti fyrir þau, svo sem skírn, fermíng, hjónavígslu og líksöng. Jeg vona þó, að nefndin verði fús á, að breyta orðinu bein gjöld, og setja vanaleg gjöld eða eiginleg gjöld í staðinn, þ. e. allt það, sem goldið er sem prestsgjöld: tíund, dagsverk, lambsfóður, offur, og til kirkjunnar tíund og ljóstollur. Það er betra að telja upp þessi beinu eður föstu gjöld, til að fyrirbyggja þann misskilning, að bein gjöld yfirgrípi bara hin vanalegu gjöld, en eigi hin sjerstaklegu. Nefndin ætlast til, að sá sem býr á kirkjujörð skuli lúka sóknarpresti eptirgjaldið, þótt maðurinn sje utan þjóðkirkju, svo og hið sama kirkjubóndi prestsmötuna, með því að slík gjöld eru ekki hin vanalegu eður almennu gjöld til prests og kirkju. Ef einhver getur gefið nefndinni betra orð en bein, þá mun því verða tekið með þakklæti.

Að öðru leyti hefir verið ágreiningur um gjaldskylduna eptir 16. gr. Greinin skiptir utanþjóðkirkjumönnum öllum í tvo flokka: Fyrst í þá menn, sem eru í kirkjufjelagi, því sem konungur hefir staðfest; og lætur nefndin alla þá menn vera lausa við hin vanalegu prests- og kirkjugjöld. Í hinum flokknum eru þeir menn aðrir, sem eru ekki í neinu staðfestu kirkjufjelagi, og skiptast þeir í hintrúarmenn, í lausasöfnuði og í lausakirkjumenn; en lausakirkjumenn kalla jeg þá, er segjast ekki vera í þjóðkirkjunni, en geta þó ekki verið í neinu sjerstöku kirkjufjelagi, svo sem af því að þeir eru of fáir. Allir þessir menn greiða öll gjöld til prests og kirkju, og eru í engu undanþegnir. Gjaldskyldan fer því eingöngu eptir því, hvort fjelögin eru staðfest eða óstaðfest, og skal jeg nú gera grein fyrir ástæðum og skoðun nefndarinnar í þessu efni. Nefndin var, eins og vjer allir erum í h. deild, bundin við það að fylgja 45., 46. og 47. gr. í stjórnarskránni. En svo kom spurningin: Hvernig getum vjer gert það rjettast? Eigum vjer að undanþiggja alla þá, sem utan þjóðkirkju eru, frá öllum gjöldum, sem væri frelsi yztu vinstri handar? Eða eigum vjer að undanþiggja engan frá neinu gjaldi, sem aptur væri ófrelsi yztu hægri handar? Þingið hefir með l. 12. maí 1882 leyst menn frá gjöldum fyrir aukaverk til sóknarpresta sinna, og í 1. gr. stendur: »Sóknarprest-

ar einir mega kjörprestar vera«. En nú er spurningin: Þegar konungur er búinn að staðfesta prest í utanþjóðkirkjufjelagi, hvað er hann þá? Hann hefir þá öll hin sömu rjettindi og hinar sömu skyldur sem þjóðkirkjuprestur; og er hann þá ekki orðinn sóknarprestur síns safnaðar? Jú. Þá er konungur er búinn að staðfesta kosninguna, þá er það jafngilt því sem hann hafi veitt honum embættið; en þar af leiðir, að presturinn á að hafa hinn sama rjett, sem hver sóknarprestur annar innan þjóðkirkjunnar, til að heimta tekjur af sóknarbörnum sínum. Hinn staðfesti utanþjóðkirkjuprestur hefir fengið sama embættisvald, sömu embættisskyldum að gegna í sínum verkahring, sem þjóðkirkjupresturinn; fyrir því hlýtur hann að fá að hafa hinn sama embættisrjett og þar á meðal rjettinn til að heimta hinar sömu embættistekjur. Með þessu þykist nefndin hafa þrætt hinn rjetta meðalveg, og þann veg, sem samkvæmastur er stjórnarskránni. Upphaf 47. gr. í stjórnarskr. ætti samkvæmt danska teztanum að vera svo hljóðandi: »Engum má fyrirmuna að geta orðið aðnjótandi allra þegnlegra og þjóðlegra rjettinda, sakir trúarbragða sinna«. Nú vil jeg spyrja: Er það ekki hið sama sem að fyrirmuna mönnum að verða aðnjótandi trúarfrelsisins í 46. gr., eður þá aðnjótandi þegnlegra og þjóðlegra rjettinda í 47. gr., ef þeir eru skyldaðir til að lúka einlægt þjóðkirkjupresti og þjóðkirkjunni öll gjöld, föst og laus, hvort sem þeir svo eru í staðfestu kirkjufjelagi eða ekki? Teljandi eru þau hjeruð, sem geta byggt sjálf kirkju fyrir sig og haldið prest fyrir sig, og auk þess greitt þjóðkirkjupresti og þjóðkirkju öll lögboðin gjöld. Að minnsta kosti liggur það mjög nærri því að fyrirmuna landsmönnum trúarfrelsið í 46. gr., ef þeir eru skyldaðir til að greiða öll sömu gjöld, sem þjóðkirkjumenn.

En nú spyrja menn: Hvaðan á að taka fje til að bæta þjóðkirkjupresti og þjóðkirkjunni þann tekjumissi, sem verður við þetta? Svarið liggur í 45. gr. stjórnarskr. Fje það verður sjálfsagt að taka af landsfje, ef á þarf að halda. En jafnframt skal jeg taka það fram, að það er ekki líklegt, að til þess komi optlega. Það getur t. d. komið fyrir, að önnur af tveim sóknum eður tvær af þrem sóknum í brauði segi sig lausar, og má þá sameina þriðju sóknina við næsta brauð, eða, ef lausa-kirkjan verður mjög stór, má leggja brauðið alveg niður. En samkv. 45. gr. er það skylda landsvaldsins, að styðja hina evangelisku- lútersku kirkju af landsfje, og veit jeg, að h. þingdeild er svo frjálslynd, að hún vill ekki binda utanþjóðkirkjumenn svo um skör fram, að hún vilji skorast undan sjerhverjum þeim kostnaði, sem af trúarfrelsi landsmanna leiða kynni. Jeg er samdóma h. hæstv. landshöfðingja um það, að eigi sje það allt eitt, að vera ekki í þjóðkirkjunni og hafa ekki þjóðkirkjutrú. Það er víst, að lausakirkjan (free church) á Skotlandi er svo kalvínsk í trú sinni, sem kalvínska þjóðkirkjan var þar áður og er enn. Eins veit jeg ekki til, að lausasöfnuðirnir (Frimenighederne) í Danmörku hafi í nokkru mismunandi trúarlærdóma frá þjóðkirkjunni. En stjórnin hefir sjálf gefið tilefni til, að vjer höfðum orðið þjóðkirkja, en ekki þjóðkirkjutrú, í orðtækinu »utanþjóðkirkja«, til þess að tákna eður grípa svo yfir bæði hin-trúarmenn, svo sem kaþólska, kalvínínga o. s. frv., sem yfir hin-kirkjumenn, þ. e. menn lúterskrar trúar, en eigi sömu kirkjusiða eður kirkjuskipunar. Eins og nefndin hefir orðað það, nær talsháttur inn yfir hvorutveggja flokkinn.

Eirikur Briem: Jeg verð að láta í ljós þakklæti mitt til nefndarinnar fyrir, hvað frv. hennar er yfir höfuð vel úr garði gert. Að eins líkar mjer eigi 16. gr., enda hefir einn af hinum h. nefndarmönnum tekið það fram, að ástæða gæti verið til að breyta henni við 3. umr. Jeg álít, að beinlínis ætti að telja upp, hvað væru bein gjöld, eða með öðrum orðum: þau gjöld, sem nefndin ætlast til, að þeir, sem eru í söfnuði utan þjóðkirkjunnar, er staðfestingu hefir fengið, ættu að vera lausir við að borga til þjóðkirkjunnar. Það hefir verið tekið fram, hver gjöld nefndin meinar með

bein gjöld, en jeg vildi beina þeirri spurningu til h. nefndar, hvað snertir fasteignartíund, sem á að felast í bein gjöld, hvort þá ábúandinn eða eigandinn á að vera í staðfestu fjelagi utanþjóðkirkju, til þess að jörð verði tíundfrjáls til prests og kirkju; þessi tíund var upphaflega gjald, sem lagt var á eigandann eða eignina, og því verður eigi neitað, að þetta kunni að hafa þýðingu fyrir eigandann, því ef jörðin er tíundarfrjáls, þá getur hann byggt jörðina hærra. Jeg veit ekki, hver meining nefndarinnar er í þessu efni, og vildi gjarnan heyra hana. Enn fremur vildi jeg heyra meining nefndarinnar viðvíkjandi eigendum bændakirkna sjerstaklega. Þegar kirkjur eru bændaeign, þá eru kirkjueigendurnir skyldir til að halda kirkjunum sómasamlega við, móti því að fá lögákveðin gjöld til kirkjunnar. Má jeg nú spyrja: eiga bændurnir, sem eiga kirkjurnar, að missa þessar tekjur, án þess að fá þau bætt, og vera þó skyldir til að hafa sömu skyldur sem áður í tilliti til þess að halda kirkjunum við? Eða, ef þeir eiga að fá tekjumissirinn bættan, hvort þeir þá eiga að fá hann bættan úr landssjóði, eða af hinum hluta safnaðarins, er eptir verður í þjóðkirkjunni, eða enn úr öðrum stað?

Eiríkur Kúld: Jeg stend einungis upp til þess, að biðja h. 2. þm. S.-Múlas. (J. Ó.) að gera mjer eigi ósannar getsakir, þar sem hann sagði, að jeg hefði lesið upp ræðu mína af blöðum; því slíkt eru hrein og bein ósannindi. Hvað því við víkur, að hann taldi sig með þessum utankirkju-söfnuði í Reyðarfirði, þá getur það ekki verið rjett, því hann er heimilisfastur í Reykjavík, og mun hann þá sem fríkirkjumaður í Reykjavík hafa myndað hjer söfnuð fyrir sig og róa svo einn á báti; og með því hann lýsti því yfir, að hann aldrei mundi snúa aptur til þjóðkirkjunnar, vildi jeg óska honum þess, að þegar hann þarf að leita til lands, að hann ekki þá lendi í ófæru brimróti.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Viðvíkjandi spurningu hins h. 2. þm. Húnvetninga. (E. Br.), hvort það sje ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í staðfestu fjelagi utan þjóðkirkju, eða innan endimarka þess fjelags, sem á að vera tíundarfrjáls til prests og kirkju þjóðkirkjunnar, þá svara jeg: ábúandinn, eptir því sem nú er landsvenja til. Viðvíkjandi hinu atriðinu, að kirkjueigandi missti í, þar sem um bændakirkju væri að ræða, ef ekki væri goldin tíund til kirkjunnar, þá er það sjálfsagt; en þá getur hann líka haft kirkjuna minni. Annars er jeg fús til að eiga samkomulag við h. þm., og vita, hvort jeg get sannfærzt betur um þau atriði, er hann drap á, en jeg er enn þá; og mætti þá gera breytingu á því við 3. umræðu, ef sú yrði niðurstaðan.

Atkvæðagreiðsla:

1. gr. samþykkt með 19 atkvæðum.
2. - — — 18 —
3. - — — 19 —
4.—15. gr. samþ. með — 18 — hver.
16. gr. samþ. — — 13 — atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Frumv. til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 164); 1. umr.

Vísað til 2. umr. með 18 atkv. umræðulaust.

Frumv. til laga um farmgjald skipa (C. 162); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta mál. Eins og h. þingd. er kunnugt, þá var hjer í deildinni í hitt eð fyrra samþykkt frv. alveg samhljóða þessu, sem hjer liggur fyrir. Aðalástæðan fyrir því, að samþykkja það, var sú, að menn vildu afnema þetta skipaafgreiðslugjald, sem nú er goldið, og sem er mjög óþægilegt, bæði til greiðslu og innheimtu, sjer í lagi fyrir gufuskipin, sem koma á margar hafnir, og dvelja þar örstutta stund, enda getur það líka á hinn bóginn orðið alltilfinnanlegt, því ef sýslumaður ekki býr á staðnum, þar sem skipið kemur, þá á að greiða hálft gjald að auki til umboðsmanns hans. Annað augnamið með þessu frv. var, að auka tekjur landssjóðsins, og er það haganlegt, þar sem þetta að hinu leytinu leggur ekkert tilfinnanlegt band á verzlanina. Það sem haft var á móti þessu frv. í hinni háttvirtu efri deild í hitt

eð fyrra, að það legði band á verzlunina, er sannarlega ekki á rökum byggt, því ef kalla má þetta band, þá er það þó í öllu falli hvorki óeðlilegt nje skaðlegt, þar sem gjaldið er svo lítið, að ekki mundi nema meiru en svo sem í mesta lagi 12 aurum t. a. m. á hverri tunnu af salti. Jeg áskil mjer rjett til við 2. umr. að skýra frá, hve miklu tekjuauki sá, er landssjóður muni fá við þetta frv., muni nema. En til bráðabirgða leyfi jeg mjer að vísa til áætlanar h. varaforforseta (Tr. G.) hjer í deildinni um daginn, þar sem hann sagði að það mundi nema 15—16000 kr.

Atkvæðagreiðsla: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkvæðum.

Frumvarp til laga um friðun á laxi (C. 221); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Eins og kunnugt er, hafa verið gefin út viðaukalög við Jónsbók dagsett 11. maí 1876 um friðun á laxi; þau lög eru auðvitað talsverð rjettarbót; en þykja þó alls ekki fullnægjandi; sýna það meðal annars hinar ýmsu tilraunir, sem gerðar hafa verið af þingsins hálfu til að koma fram breytingum á þeim, þótt það enn ekki hafi heppnazt; í öðru lagi er almenningur, einkum þeir, sem eiga laxveiði ofarlega í ám, ekki ánægðir með þessi lög; lögin eru ekki fullnægjandi til að friða laxinn svo, að hann geti gengið að mun upp eptir ánum til þeirra, sem ofar búa; og í þriðja lagi álítur fiskifræðingur Feddersen, sem allir verða að játa að hefir vel vit á því máli, að lögin sjeu óhagfelld með tilliti til hinnar almennu friðunar; jeg hef bæði talað við hann um þetta efni og eins lesið ritgerð hans í Andvara þ. á. Bæði þetta og svo mín eigin sannfæring er orsök í því, að jeg hef komið fram með frv. til breytingar á laxafriðunarlögunum. Nefnd sú, sem hjer í deildinni var kosin í þetta mál, komst að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að leggja hin gildandi lög um þetta efni til grundvallar með nauðsynlegum viðbótum og breytingum. Hvað þá breytingunum við víkur, þá er 1. gr. í þessu frv. samsvarandi 1. gr. í lögunum 11. maí 1876, nema hinum almenna friðunartíma er breytt; þar sem í hinum eldri lögum er ákveðinn 1. sept., þá vill nefndin setja 1. ágúst, þó með þeirri viðbót, að sýslunefndin getur lengt þennan friðunartíma til 1. sept. með samþykki amtsráðs, ef nauðsynlegt þykir. Þessi ákvörðun fannst nefndinni vera hentug, þar sem víða hagar mjög misjafnt til; hjer á Suðurlandi álít jeg nóg, að friðunartíminn sje að eins til 1. ágúst; en hitt getur máske verið hentugra annarstaðar. Svo er önnur ákvörðun, sem er alveg ný, og stendur ekki í hinum núgildandi lögum, nefnilega, að lax skuli vera friðaður 36 klukkustundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardagskvöldi til dagmála á mánudagsmorgna, og lítur þessi tillaga sjerstaklega til þeirra, sem búa ofar með á, svo þeir einnig geti fengið hlutdeild í veiðinni, og þess vegna hefir nefndin ekki getað tekið til greina bendingu h. þm. N.-Múl. (B. Sv.) við 1. umr.; en þessi ákvörðun er nauðsynleg, því þeir, sem búa neðstir með á, hafa engan eðlilegan rjett til allrar veiðinnar. Þá er 3. gr. frv.; hún hefir það fram yfir 3. gr. hinna núgildandi laga, að hún tekur undan ósa við stöðuvötn, bæði þar sem á rennur úr vatni og í vatn. Eptir áliti Feddersens er mjög mikið í það varið, að laxinn geti gengið upp í vötn; þar hefir hann hæli og þaðan kemur hann aptur út í árnar til þess að hrygna; lagði hann því mikla áherzlu á, að ekki væri leyft að veiða við slíka ósa. Þá er ein ný ákvörðun um ádráttarveiðina; þá ákvörðun vantar algerlega í lögin 11. maí 1876, og það er einn af höfuðgöllum þeirra laga; menn geta strangt tekið verið að draga á allan sólarhringinn, og tekið hvern einasta lax, án þess að varði við lög, ef netið er löglegt. Þess vegna áleit nefndin þessa ákvörðun nauðsynlega. Enn er ein ný ákvörðun, og hún er sú, að það er leyft að veiða með stöng; með stöng geta menn vitaskuld veitt bæði smáan lax og stóran, en með stangarveiði er eigi eins mikil hætta fyrir að eyða veiðinni eins og með netaveiði, því með stönginni næst svo lítið; en á hinn bóginn er það hagur, að leigja Englendingum veiði í ám og útlendingum yfir höfuð; þeir veiða

að eins sjer til skemmtunar, og leggja sig því ekki mjög eptir veiðinni, og lifir því miklu meira af laxinum en ef veitt er á annan hátt; álít jeg því heppilegt, að sem flestir leigðu Englendingum veiði í ám sínum; en það er tekið fram, að það skuli brúka vanalega beitu, því Englendingar hafa sagt mjer, að reynt væri að brúka á Englandi tálbeitu, sem stranglega væri bönnuð, enda mætti með henni veiða hvern einasta lax, og mundi sú beita verða hjer laxveiðinni mjög til hnekkis, ef hún kæmist á. 6. gr. er ný grein, og hefir nefndin breytt frá því, sem var í hinu upprunalega frumv., í þá átt, að hún áleit rjettast, að leggja það á vald sýslunefndanna, að skera úr því, hvort í þeim tilfellum, sem þar eru tekin fram, minni hlutinn sje skyldugur að laga sig eptir meiri hlutanum; má búast við, þótt sýslunefndina kynni að vanta staðlega þekkingu í þeim efnum, þá muni hún kynna sjer málið sem bezt og útvega sjer ýtarlegar skýrslur, bæði með og móti, og sjá um, að einkis rjettur sje fyrir borð borinn; en að þessi grein sje nauðsynleg, held jeg að þeir, sem eru kunnugir áliti Feddersens, verði að játa; hann hefir sagt, að bezta meðalið til að auka laxveiði verulega væri það, að laxveiðin í hverri á kæmist í eins manns höndur, þannig, að annaðhvort landssjóður eða einhver einstakur maður keypti alla veiðina; og það er skiljanlegt, að ef veiðandi er einn um hituna, þá fer hann vel með veiðina og reynir að efla hana sjer í hag; en þegar margir eru um veiði í sömu ánni, þá reynir hvor að ná því, sem hann getur, af því að hann veit, að það sem hann ekki tekur, tekur nágranni hans; þess vegna er fjelagsveiði sú hentugasta veiði; þar er allra ábati eins ábati, og eins ábati allra ábati, og eins er með skaðann; jeg verð því að álíta þessa gr. eins hættulausa fyrir veiðieigendurna, eins og jeg álít hana nauðsynlega vegna sjálfrar veiðinnar. Jeg ætla svo ekki að taka fleira fram að sinni, fyr en jeg heyri mótmæli gegn þessu frv.; en óska, að h. þingdeild taki því vel og leyfi því fram að ganga.

Alþt. B 1885.

Benidikt Sveinsson: Jeg er sannfærður um að það yrði sönn gullnáma fyrir landið, ef fiskirækt kæmist á sama fullkomnunarstig hjer á landi, sem hún er komnin á hjá frændþjóðum vorum, einkum Norðmönnum, þó vjer tökum eigi lengra til. Nú eru laxveiðar ein grein fiskveiða og þarf ekki hvað minnst að gefa þessari grein þeirra gaum. Það er þó gleðileg og gagnleg hugsun, og eitthvað fyrir hana gjörandi, að hvort sem bóndinn býr upp til dala, eða niður við sjó, getur guðs gjöf, laxinn, komið með sumrinu eins og kærkominn gestur til að auðga hinn efnaða, og seðja hinn svanga, konu hans og börn! Jeg er h. framsögum. (Þ. B.) samdóma um það, að laxfriðunarlögin 11. maí 1876 sjeu ekki nógu ströng, af því þeim er ekki beitt; lögin verða í þessu efni að þrýsta mönnum fram á velferðarveg almennings. En þar sem hann talaði um, að fiskifræðingurinn Feddersen hafi rannsakað hjer laxveiðar í þeim skilningi, sem hann tekur þessa rannsókn, þá er það alls ekki rjett. Hann var fenginn hingað til landsins til þess að rannsaka, hvernig ætti að koma fiskirækt og laxveiðum í sem bezt horf, en ekki til þess, að kenna mönnum, eigingjörnum, að drepa hann sem mest. Nefndin þykist nú og hafa gjört friðunina strangari en núgildandi lög ákveða.—En hefir nefndin þá gjört sjer það fullkomlega ljóst, að þegar um friðun er að ræða, þá er með henni meint áskilin og ákveðin fortakslaus takmörkun á eignarrjetti hvers einstaks manns, og þessi takmörkun verður því að ná til allra eigenda, hverjir svo sem þeir eru, hvort sem eru einn eða fleiri, nokkrir eða margir? Þær ákvarðanir nefndarinnar, sem ekki ganga í þessa stefnu, eru því einmitt gagnstæðar friðunarreglum, og geta því ekki átt heima í friðunarlögum.

Í þessu tilliti er enda lauslegur samanburður milli friðunarlaganna 11. maí 1876 og frumvarps nefndarinnar þýðingarmikill og fróðlegur. Fyrri málsgrein 1. gr. í nefndarfrv. er eiginlega hið sama sem 1. gr. í lög. 11. maí 1876, sbr. við 6. gr. þeirra.

Fyrir hinn 36 stunda langa friðunartíma í viku hverri er jeg nefndinni þakklátur; en hjer er galli á gjöf Njarðar, því að við er bætt: »nema einn eigi veiði alla í á«. En samkvæmt því, sem jeg gat um upphaflega, hlýtur friðunin samkvæmt hugmynd sinni og eðli að binda alla, og því eins þann, er einn á veiði í á. Friðunin er til almennings heilla, og þær heimta alveg eins mikið og allt hið sama, enda þótt einn eigi veiðina. Setjum svo, að 4 jarðir eigi veiði í á og sinn maður eigi hverja; þá skal friða í 36 stundir á viku hverri; en nú skyldi einn maður eignast allar jarðirnar. Þá er auðsjáanlega eptir skýlausum ákvæðum og ásetningi nefndarinnar þessi friðun þegar öll á enda! Skyldi nú nefndin dirfast að neita því, að eins þarf að efla laxveiðina, þótt einn eigi, eins og þótt fleiri eigi hana, og að það beri jafn-brýna nauðsyn til að reisa skorður við eyðilegging laxveiðarinnar, hvort sem einn eða fleiri eigi hana? Með þessu er það sýnt og sannað, að þessi orð: »nema einn eigi veiði alla í á«, eru alveg óhafandi; þau verður að nema alveg burtu, og með því skilyrði, og engu öðru, skal jeg greiða atkvæði með greininni, enda vil jeg ennfremur benda á það, að orðin í kring eða hinar aðrar ákvarðanirnar í 1. gr. verða óskiljanlegar, nema þessi áðurnefndu orð sjeu brott numin.

Í 2. gr. er veruleg breyt. frá núgildandi lögum (2. gr. laga 11. maí 1876), þar sem í frv. er leyft að leggja fastar veiðivjelar út í miðja á, með því skilyrði, að hinn helmingurinn sje »laxgengur«. Þessi breyting nefndarinnar stefnir þannig einnig mikið til hins verra fyrir friðunina, þegar áin er sem minnst, því eptir 2. gr. í lög. 11. maí 1876 má eigi vatn vera dýpst þar, sem veiðivjelin liggur. Eptir því má samkv. frv. hafa veiðivjelar þar sem dýpst er, og þetta getur auðsjáanlega orðið til þess, að eyðileggja alveg veiðina, því laxinn fer þar um, sem dýpst er. Þessu ætti því að breyta, ef lög þessi eiga að vera friðunarlög, og annað en úlfur í sauðargæru. Ákvörðunin um, að 40 faðmar skuli vera á milli veiðivjelanna, þykir mjer aptur góð og heppileg; en hvað vegur það á móti hinu? Mjer væri næst skapi, að 2. málsgrein 2. gr. væri numin burt, svo að hið sama gilti um hverja kvísl, sem annars um á. Það er og hættulegt, að gefa sýslunefnd vald til að lina friðunarlög. Friðunarprincip verða að standa óhögguð. Byrjunarákvæði 3. gr. um að »eigi megi leggja net eða aðra veiðivjel í stöðuvatn, þar sem laxgeng á rennur í það eða úr því, svo að það hindri laxinn að nokkru« er að vísu strangt; en þó tel jeg það gott, því það er sama sem að banna alveg veiðivjel á þessum stöðum, nema menn haldi að laxinn sje óhindraður, þó hann gangi í veiðivjel!! 2. málsgr. 3. gr. um bann á laxveiði við ósa er samin í góðum tilgangi, en er alveg óþörf, sakir 4. gr., sem byrjar svo: »Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga í vötn eða ár eða upp að þeim«. Að leyfa ádráttarveiði svo nálægt árósum, sem farið er fram á í 3. gr. frv., tel jeg eigi hyggilegt. Jeg álít það of nærri. Jeg er h. nefnd samdóma um, að selurinn ætti að vera alveg ófriðhelgur, og væri tilvinnandi, að bæta þeim upp, sem í missa við það, enda þótt eggver líði hnekki eða friðlýst selalátur. Ákvarðanirnar viðvíkjandi smálaxinum eru alveg hinar sömu, sem nú gilda, og eru því meinlausar og gagnslausar, nema til að eyða fje landsins og tíma þingsins. Hjer eru að eins ákveðnir lóðrjettir rimlar, en þó um leið þverrimlar, svo með þessu er ekkert bætt, nema ef liggja skyldi í stærð millibilsins. Þótt Feddersen sje á því, að einn ætti að eiga veiði í á, þá er jeg alveg á móti honum í því, að landssjóður fari að kaupa veiðina alstaðar. Slík skoðun er á alveg röngum rökum byggð, og sjálfsagt sprottin af viðræðum við þenna ókunnuga erlenda ágætismann, sem ekki hafa verið sem hollastur, hvaðan sem þær hafa komið. Jeg vil ráða mönnum til að fylgja grundvallarreglunum í vorum góðu og gömlu lögum, og láta veiðina fylgja hverri jörð. Öll einkarjettindi eru baneitruð spjót í atvinnufrelsi, jafnrjetti, rjettlæti og framför lands og þjóðar. Jeg veit ekki,

hvort Feddersen er meiri »Autoritet« í þessu, en jeg; sízt veit hann betur um, hvað hagar bezt hjer á landi um löggjöf, enda hefi jeg enga sönnun fyrir, að hann hafi tekið þessa skoðun upp hjá sjálfum sjer.

Á hinn bóginn skal jeg játa það, að svo getur hagað til á einstöku stað, að heppilegt væri, að draga veiðina meira saman á einn eða færri staði; en þetta kemur ekkert því við, hvort einn eða fleiri eru eigendur veiðarinnar. Hinir fleiri verða þá að mynda fjelagsskap, og aldrei mega menn gleyma því, að þetta verða hreinar undantekningar, en aldrei almenn regla. 7. gr. get jeg alls ekki með mínum bezta vilja talið betri en 6. gr. laganna.

Eptir frv. á ekki uppljósturmaður að fá neinn hlut af andvirði ólöglegra veiðivjela, og því minni verður þá hvötin fyrir menn að segja til ólöglegra veiða; og að því leyti er frv. verra en núgildandi lög.

Jeg hefi gert þessar athugasemdir, ekki til að rífa málið niður, heldur til að beina því í það horf, að friðunin verði strangari og laxveiðin eflist sem mest; en það tek jeg fram, að eins og þetta frv. liggur núna fyrir, þá er það rjettarspillir, hvað friðunina snertir, en ekki rjettarbót, og hefi jeg leitt ljós rök að því.

Eiríkur Kúld: Jeg er í flestum greinum nefndinni samdóma; en jeg hefði þó óskað, að hún hefði ekki alstaðar farið eins langt eins og hún hefir gjört. Jeg vil t. d. heldur miða friðunartímann við 1. sept. en 1. ág. Svo vildi jeg spyrja h. nefnd, hvort henni sýndist ómissandi, að draga algjöralega upp öll laxanet í þær 36 stundir, sem friða skal í viku hverri; má ekki hafa að eins göng á milli netanna til að greiða fyrir laxinum?

Ef bæta ætti hlutaðeigendum skaða fyrir ófriðhelgun selsins, þá gæti jeg verið með því að gera hann ófriðhelgan. En þess þarf ekki laxins vegna. Það veit jeg, því að bæði hefir útlendur fiskifræðingur, sem jeg spurði um þetta, sagt mjer, að það væri ástæða til að eyða selnum í þeim ám, hvar laxveiðin gæfi meiri arð en selveiðin, en annars ekki. Það yrði heldur ekki lítið smáræði, sem þyrfti að bæta upp, því að víða er mikil selveiði, og öldungis óvíst, að laxveiði ykist að sama skapi. Það er allvíða, sem bæði er laxá og selveiði við sömu jörð, t. d. á Hjaltabakka. Skyldi vera heppilegt, að eyða selveiðinni þar? Hlutaðeigandi þingmenn geta ef til vill gefið mjer upplýsingar um selveiðina þar. Jeg hef heyrt, að eitt ár hafi þar verið veiddir 120 selir. Hvernig stendur á við Húnaós, get jeg ekki um sagt; en um það geta ef til vill þm. Húnvetninga gefið upplýsingar. Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir takmörkun á ádráttarnetum. En bilið á milli rimlanna held jeg að sje heldur þröngt; þó er jeg ekki nægilega kunnugur til að geta dæmt um það með fullri vissu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir þetta frv. í heild sinni, þó jeg ekki sje því ef til vill alveg samdóma í einstöku atriðum. Hennar tillögur ganga talsvert lengra í friðuninni á laxinum, til að tryggja laxveiði þeirra er ofar búa með veiðiám, en lög þau, sem áður eru til um það efni. Jeg held því að þessar 36 stundir í viku, sem nefndin fer fram á, sje alveg rjett ákvörðun. Og h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) lagði of mikla áherzlu á sum atriði. Mikið af þeim laxi, sem þá fær að ganga óhindraður, getur komist svo langt, sem eðli hans er til, og hrygnt og fjölgað með því veiðinni, auk þess sem hinir, sem ofar búa með laxánum, geta notið hans; því það getur þó ekki verið meining forsjónarinnar, að þeir sjeu afskiptir af laxveiðinni, þótt þeir ekki búi neðst við laxána eða árnar. Það voru fögur orð og forn, sem alla tíma ættu að hafa gildi, hjá h. þm. N.-Múl. (B. Sv.), að guðs gjöf skyldi ganga óhindruð milli fjalls og fjöru. Og jeg vil segja, að það er skylda löggjafarvaldsins, að halda þeim orðum í sem mestu gildi, að tryggja veiðirjett þeirra, sem ofar búa við laxárnar.

Í 5. gr. er talað um, að spelarnir í veiðivjelum skuli vera lóðrjettir, en samt er leyft

að hafa þverrimar. En jeg heldi að þessar þverrimar ættu að falla burtu, því það er óþarft; það ætti ekki að leyfa hvorttveggja. En hitt er nauðsynlegt, að leyfa lóðrjetta spela með vissu millibili. Þar sem talað er um selinn í 4. gr., var h. þm. Barðstr. (E. K.) viðkvæmur, eins og hann á vanda til, þegar um selinn er að ræða, og mig furðar ekki á því nú, þó hann vilji friða hann út á fjörðum og flóum; en hitt er meira, að vilja friða hann gagnvart laxinum, enda er selurinn lítils virði fyrir þetta land hjá laxinum. Eins og selurinn sje göfugt dýr og heilagt! og eins og hann þurfi ekki að lifa af neinu! Það er þó viðurkennt, að selurinn er mjög gráðugt dýr og jetur mikið af laxi og öðrum fiskum; það kveður svo rammt að græðgi hans t. a. m. í Ölvesá og Hvítá í Borgarfirði, að hann gengur upp eptir þeim upp í laxanetin og rífur þau og jetur laxinn úr þeim. Svo að frá því sjónarmiði ætti að friða laxinn, en lýsa ófriðhelgi yfir selnum. Það er auðvitað, að þar sem selveiði í lögnum er mikil, gæti komið til umtals, að bæta þeim, sem selinn eiga, ef hann væri skotinn og flæmdur burtu; en það er þá einungis þar, sem miklar tekjur eru af selnum; en yfir höfuð eru það víst fáir staðir, þar sem selveiðin er meira virði en laxveiðin gæti orðið. Jeg hefði viljað, að friðunartakmarkið hefði náð lengra, t. a. m. til maímánaðarloka; en um það geta nú að sönnu verið deildar meiningar. H. framsögum. vitnaði til þess, að Feddersen hefði álitið nauðsynlegt, að sem mest væri einn umsjónarmaður yfir veiði í ám, auðvitað þannig, að hver hlutaðeigandi fengi sinn tilsvarandi arð af. Jeg verð líka að leggja meiri áherzlu á það en h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) Við Íslendingar erum opt of nærsýnir, og hugsum um að ná hverju því kvikindi, sem hægt er, og við það gæti veiðin upprætzt. Að því leyti væri það betra og jafnvel nauðsynlegt, að einn hefði umsjónina. Jeg verð að leggja mikla áherzlu á það, sem Feddersen hefir sagt í þessu máli, því hann hefir bæði bent okkur á margt um laxaklak og fleira viðvíkjandi silungs og fiskiveiði í ám og vötnum, og það skyldi enginn hugsa, að ekki neitt væri til greina takandi, sem sá maður hefir sagt um laxveiði hjer hjá oss, nema það hvernig klekja megi upp lax með lærdómi og list.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær mótbárur, sem fram hafa komið. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að Feddersen hefði að eins átt að koma til að kenna okkur fiskiklak, en hans ætlunarverk hefði ekki verið að kenna okkur laxveiðar eða segja fyrir, hvernig laxveiðalögin væru hentugust. En hann hefir þó gert það og gefið okkur ráð og bendingar í því efni, og megum við sannarlega þakka honum fyrir það, að hann hefir gert meira en skylda hans var til. Það sýnir hans áhuga og að honum er annt um málið, og vill að við förum skynsamlega að. Hinn sami h. þm. kunni ekki við það, að þar sem einn á veiði í á, skuli hann vera undan þeginn að vera skyldugur til að friða laxinn þessar 36 stundir, og bar hann það fyrir, að tilgangur þessara laga væri að herða á friðunarákvörðunum, sem áður væru til. Menn verða að gæta þess, að þessar friðunarákvarðanir eru tvenns konar. Hin fyrri er tímaákvörðun frá 1. ágúst til 20. maí, og á sú ákvörðun við alla, hvort sem einn á veiði eða ekki; þó með þeim takmörkunum, að sýslunefnd getur lengt tímann. Með þessari ákvörðun er það nægilega tryggt, að nægur lax getur hrygnt í hverri á. Hin ákvörðunin, 36 stundir í viku, er einkum með tilliti til þeirra, sem ofar búa með laxánum, svo að þeir sjeu ekki gersamlega útilokaðir frá veiðinni, og er það óþarfi, að sú ákvörðun nái yfir alla, eins þar, sem einn á veiði í á. Það er líka almennt álit fiskifróðra manna, að lax gangi aptur til sjávar í ágúst, og síðan upp aptur í september til að hrygna. Hví skyldi þá friða þann lax, sem í júní kemur upp t. d., ekki til að hrygna, heldur til að vera í ánni að eins um stundarsakir, og leyfa ekki þeim, sem einn á veiði, að taka þann lax, sem í ágúst er á niðurleið, og tvísýnt, að

komi upp aptur í sept? En þegar fleiri eiga veiði í á, ber að taka tillit til þess, að eigi taki sá, er neðar býr, alla veiði frá þeim, sem ofar eru, og fyrir því þarf að friða 36 stundir í viku hverri. Menn verða að ganga út frá því, þar sem einn á veiði, að hann muni ekki gera sjer far um, að eyðileggja veiði fyrir sjálfum sjer, heldur miklu fremur reyna að bæta hana. Hann hugsar sem svo: Jeg lofa þessum laxi að komast upp, hann er mín eign og enginn getur tekið hann frá mjer. Hann veit það, að það er honum fyrir beztu, að nægur gotlax geti sloppið fram hjá sjer. Á þennan veg skoðar Feddersen þetta mál, og maður verður að búast við, að þá einn er eigandi, muni hann fara með veiðina eins og skynsamur maður; lögin mega til að gera ráð fyrir því, að menn vilji sinn eigin hag.

Í 2. gr. fann h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) það að, að nefndin hefir tekið burt ákvörðunina um, að ekki mætti veiða þar sem vatn er dýpst; sagði hann, að það gæti verið rjett á einstöku stöðum, en af því gæti leitt, að allan lax mætti veiða, sem skaðlegt væri. En nú stendur í 2. gr.: »ekki má leggja veiðivjelar lengra út í nokkra á, en í hana miðja, og þó því að eins svo langt út, að hinn helmingur árinnar sje laxgengur«. Allir vita, að laxinn er styggur og var um sig, leitar hann því fyrir sjer, og gengur með fram netinu eða veiðivjelinni, til þess að reyna að finna smugu, og af því er það, að netin eru höfð í krókum, því þangað kemur laxinn, þegar hann fer með netinu og flækir sig þar. Sje því hálf áin laxgeng, og ekki með neinum veiðivjelum, er ekkert á móti því, að leyfa að leggja veiðivjelar þar sem dýpst er, því laxinn passar sig og mun leita fyrir sjer þangað til hann getur fengið greiðan veg. Hinum sama háttv. þm. þótti ótiltækileg ákvörðunin í 3. gr. viðvíkjandi »stórstraumsfjöru«, og þótti honum að sumu leyti óþörf 3. gr., af því sama væri tekið fram í 4. gr. En jeg held þó, að það sje ekki svo; sá, sem veiðir samkv. 3. gr., getur sagt: Jeg styggi eða fæli engan lax frá að ganga upp í ána, þó jeg taki og drepi þá laxa, sem jeg get, og það rjett upp við árósinn, ef til vill. En það er auðvitað, að hann hindrar þá laxa frá að ganga upp í ána, sem hann veiðir. Jeg skal fúslega játa, að takmark 3. gr. er ef til vill of stutt; en nefndin fann ekki annað hentugra. Jeg er h. þm. samdóma um það, að rjettara væri, að hafa það lengra, og mun nefndin án efa vilja sameina sig við hann um annað takmark, ef hægt væri að finna það hentugra.

H. sami þm. fann enn fremur að 6. gr.; fannst honum sú gr. leggja óeðlilegt band á laxveiðieigendur. En lögin leggja að sjálfsögðu ýms bönd á þá. Það eru bönd, að mega ekki veiða þessar 36 stundir, og mega ekki veiða frá 1. ágúst til 20. maí. Jeg held því að ekkert sje á móti þessari grein; hún er að eins eitt af hinum mörgu nauðsynlegu böndum. Auk þess er það sýslunefndin, sem hjer á að skera úr; sýslumaðurinn er oddviti hennar, hann er löglærður maður, svo full trygging er fyrir því, að allt gangi reglulega og löglega til, því sýslumaðurinn að minnsta kosti veit, hvað lögin segja. Jeg álít mikið unnið sumstaðar, ef grein þessi yrði að lögum.

H. sami þm. fann og að 8. gr., að sá sem uppljóstar, ætti ekki að fá af andvirði veiðiáhaldanna, og því væri hvötin svo lítil fyrir hann. En sektirnar eru ákveðnar hærri hjer en í hinum eldri lögum, og hygg jeg því fulla og nægilega hvöt fyrir hann, þegar hann fær helming þeirra, að koma upp hinni ólöglegu veiði.

H. þm. Barðstr. (E. K.) fann það að 1. gr., að taka þyrfti upp öll net, og spurði, hvort ekki væri nægilegt, ef netin væru látin standa opin. Jeg játa það, að jeg skil ekki, hvernig það er hægt; jeg þekki ekki, hvernig hægt er að hafa op í netunum. Nefndin vissi að sönnu, að það kostar ekki svo lítið erfiði, að taka netin upp í hvert skipti, en hún treysti sjer ekki til að koma þessu öðruvísi fyrir, einkum þar sem eptirlitið verður mjög torvelt, ef netin eru látin liggja. Eins og honum er títt, var honum líka sárt um selinn. En jeg skal nú lofa h. þm. að heyra álit Feddersens um hann. Í

Andvara-bls. 149 stendur: »Ef menn viðhalda og auka laxveiðina á Íslandi, þá mega menn ekki hlífast við að reka selinn burtu með öllu hugsanlegu móti, og á öllum tímum árs. Selurinn jetur nefnilega mikið af laxi og honum þykir líka silungurinn góður«. Og enn fremur: »Ef menn vilja viðhalda og auka laxveiðina, þá verða menn líka að velja um hana og selveiðina«. Feddersen hefir gert þann reikning, að 100 selir jeti á 4 mánuðum 60,000 pd. af laxi, og er sá lax 20,000 kr. virði. Og nú ef selirnir verða 3—5 vetra gamlir, eru þeir nokkrum sinnum búnir að jeta sig út, þar sem þeir sjálfir kosta í mesta lagi 1,000 kr. En til að ganga úr skugga um það, hvort arðsamari er, selveiðin eða laxveiðin, þarf að drepa allan sel í vissri á, og láta svo lax tímgast þar í 20 ár, og sjá þá, hver arður er af laxinum. Síðan friða selinn þar önnur 20 ár, og bera svo saman arðinn. Í þessu laxa- og selamáli verður að fara eptir sögnum þeirra manna, sem skyn bera á þetta mál, og einn af þeim er Feddersen, og trúa þeim. Það er auðvitað, að annað mál er það, hvort ekki væri ástæða til, að endurgjalda þeim mönnum, sem sellátur eiga við árósa, og missa þá veiði. Það er fjarskinn allur af sel við ósa hinna stærri fljóta landsins, svo sem í Hjeraðsvötnum, Ölvesá og Hvítá í Borgarfirði. Þar eru selir svo hundruðum skiptir, sem sjálfsagt ekki lifa á öðru en laxi og silungi, og má þá geta nærri, hvílíkum kynstrum þeir eyða. Það var eitt atriði, sem h. þm. Árn. (Þ. G.) hreyfði, að máske væri ástæða til að færa tímann til maímánaðarloka. Jeg ímynda mjer, að nefndin muni ekki ófús á að taka þá breyt. til greina. Laxinn kemst á vorin á fáum dögum svo langt upp eptir ánum, þá er hann gengur fyrst, að hann nær í fylgsni, sem honum verður ekki náð í, og getur hann þá verið þar öruggur, og hrygnt, og því væri ekki af vegi, að hann kæmist dálítið upp áður en farið væriað veiða að vorinu. Viðvíkjandi 5. gr., um bilið milli netanna, heyrðist mjer h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) beina þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort bilið væri ekki tiltekið oflangt. Jeg játa það, að jeg get ekki sagt um það með vissu, en jeg er þó ekki fjarri því, að svo sje. Jeg held jafnvel, að 9 þuml. lax smjúgi það.

Jeg vona að þetta frv. nái fram að ganga; jeg álít að það bæti talsvert úr þeim lögum, sem áður eru til, enda þótt þetta mál sje mjög vandasamt, og örðugt að setja góð og fullnægjandi lög um það.

Holger Clausen: Mjer virðist það undarlegt, að h. framsögum. (Þ. B.) í þessu laxafriðunarmáli er nú stækur á móti selnum, en áður hefir hann verið með selafriðuninni á Breiðafirði. Jeg hygg líka, að talsverð spurning sje um, að hve miklu leyti þessi laxafriðunarlög eru nauðsynleg. Það er hart, að banna mönnum að veiða lax; margir fátæklingar lifa á því, og okkur öllum þykir laxinn góður. Það virðist og því minni ástæða til að fara að friða svona mikið laxinn nú, þar sem laxveiðin hefir víst ekkert minnkað nú í 100 ár, þótt þessi ströngu laxalög hafi ekki verið til. Það er líka nokkuð þröngt tímatakmark þetta, þar sem það eru í rauninni ekki meira en 3 vikur, sem laxinn má veiða, þegar þessar 36 stundir í viku eru dregnar frá. Jeg held því, að það sje nokkuð hart, að takmarka þessa veiði svona mikið fyrir landsmönnum.

Benidikt Sveinsson: Viðvíkjandi selaskotum nálægt æðarvarpi skal jeg geta þess, að það er óhætt að fullyrða, að það er ekki æðarvarpinu til mjög mikils hnekkis, því æðarfuglinn fælist ekki skot mikið, ef honum sjálfum er ekki nein hætta búin, enda þekki jeg mann, sem þóttist fara á mis við mikinn part af laxveiði sinni fyrir sakir þess, að selurinn var friðaður, og fyrir því tók hann það fyrir, að eyða sjálfur selnum sem mest mátti hann.

Viðvíkjandi þeirri athugasemd h. framsögum. (Þ. Bj.), að laxinn skuli vera friðaður 36 stundir í hverri viku, þá á það ekki við, ef einn á veiði í á, og þar af flýtur, að það er þá heldur ekki bindandi, þó fleiri eigi veiðina. Yfir höfuð vitna jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt, að það eru mörg ákvæði í frv., sem ekki mega í því standa, ef þingdeildin ekki vill nema burtu alla

laxfriðun eptir lögum 11. maí 1876. Jeg vil því áskilja mjer breytingaratkv. við það til 3. umr., ef einhverjir h. þm. vildu vera með mjer í því; ella gef jeg óhikað atkv. móti öllu frumvarpinu.

Atkvæðagreiðsla:

1. gr. frv. samþ. með 17 atkv.
2. — — — — 16 —
3. — — — — 14 —
4. — — — — 14 —
5. — — — — 15 — : 4
6. — — — — 12 — : 4
7. — — — — 13 — : 1
8. — — — — 13 —
9. — — — — 14 —
10. — — — — 14 —

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Frv. til laga um lausamenn, húsmenn og purrabúðarmenn (C. 219); 1. umr.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, en vona að allir sje mjer samdóma um það, að þetta sje merkilegt mál og varði mikilvæg rjettindi landsmanna, og þess vegna álít jeg, að það eigi að íhuga það ýtarlega og vandlega. (*H. Kr. Fr.*: Nei, við drepum það). Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 5 manna nefnd.

Var 3 manna nefnd samþ. eptir uppást. L. Blöndals. Fyrir kosningu urðu:

J. Sigurðsson með 15 atkv.
A. Ólafsson — 12 —
H. Kr. Friðriksson — 9 —

Frv. til laga um rjett til að fá útmælda verzlunarlóð á löggiltum verzlunarstað (C. 227); 1. umr.

Lárus Blöndal: Jeg vil að eins gera fáar athugasemdir viðvíkjandi frumvarpi þessu, af því að jeg er einn af flutningsmönnum þess. Eins og h. þingdeildarmönnum er kunnugt, hefir orðið ágreiningur um það, hvort kaupmenn, sem vilja reisa hús á löggiltum verzlunarstað, geti krafizt að fá útmælda nauðsynlega óbyggða lóð til verzlunarafnota, þó lóð þessi hafi áður verið öðrum útmæld; það er landsh.-úrsk., að mig minnir fleiri en einn, fyrir því, að slíks verði krafizt að lögum; en eigi að síður hefir þó kaupmaður einn á Austurlandi eigi viljað fallast á þá skoðun, og þess vegna kosið að snúa sjer til dómstólanna í áþekku tilfelli sem því, er frv. gerir ráð fyrir. Til þess nú að taka af allan vafa í þessu efni, þá höfum vjer uppástungumenn komið fram með þetta frv., og vona jeg, að h. þingd.menn sjái, að það er í fullu samræmi við stjórnarskrá vora; það er engin skerðing eignarrjettarins; lóðin er ekki tekin til eignar, heldur til afnota gegn árlegu eptirgjaldi, enda virðist það skylt við almennings heill, að sá, sem vill byggja á löggiltum verzlunarstað, geti fengið útmælda lóð til verzlunarafnota. Jeg skal að svo stöddu ekki fara fleirum orðum um málið, en vona, að h. þingd. geri góðan róm að því.

H. Kr. Friðriksson: Jeg get alls ekki verið á sama máli og h. flutningsm. (L. Bl.), að þetta frv. eigi fram að ganga, því að jeg fæ með engu móti sjeð, að það samrýmist við 51. gr. stjórnarskrárinnar. Hjer er um enga almenningsþörf að ræða. Þegar um almenningsþörf er að ræða, þá er landið »exproprierað»; hjer er að eins sagt: hann skal hafa rjett til að fá þessa lóð; það verð jeg að telja svo mikla skerðing á eignarrjettinum, að það geti með engu móti framgang fengið. Hefði hjer einungis verið talað um þá staði, sem konungur gaf land til verzlunarstaðar, þá var nokkuð öðru máli að gegna; en þetta frumvarp nær til allra þessara nýju verzlunarstaða, sem þegar eru löggiltir eða síðar kunna að verða löggiltir, og jeg fæ eigi betur sjeð, en að það sje með öllu gagnstætt stjórnarskránni, að lóðareigendur skuli vera skyldir til að láta lóðina af hendi við hvern og einn, sem vill byggja þar, enda getur það verið mikið tjón fyrir hann. Hið eðlilegasta er, að ef einhver vill fá einhvern hlut hjá öðrum, þá geti sá, sem hlutinn á, að minnsta kosti samið við hinn um kostina; hjer er ekki slíkur samningur nefndur á nafn; hann kemst ekki að; frv. útilokar alla samninga. Hvílíkt tjón geti af þessu hlotizt fyrir hinn lóðareigandann, getur hver og einn sjeð, ef t. a. m. einhver vill eða heimtar að setja verzlunarhús í túni hins, þar sem það, ef

til vill, er bezt; setjum svo, að túnið liggi að sjó; þá á hinn fyrri túneigandi eptir þessu að vera skyldugur til að láta það mótmælalaust af hendi. Er slíkt sanngjarnt? Nei; það er töluvert brot á eignarrjettinum. Yfir höfuð álít jeg lagaboðið óþarft, og ekki í samræmi við stjórnarskrána; jeg legg sjerstaklega áherzlu á það.

Lárus Blöndal: Það er misskilningur hjá h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.), að lóðin sje útmæld eða tekin til eignar, heldur að eins til afnota gegn árlegu eptirgjaldi. H. þm. veit þó víst, að maður geldur ekki árlegt eptirgjald eptir eign sína. Ef hann getur sannfært mig um hið gagnstæða, þá skal jeg láta af skoðun minni. En meðan hann getur ekki sannfært mig nje deildina um það, þá held jeg mínum skilningi fram. Jeg bið h. þm. að athuga það. (*H. Kr. Fr.:* Nei!).

Atkvæðagr.: Þá var eptir skriflegri ósk 8 þingmanna samþykkt að hætta umræðunum, — og málinu síðan vísan til 2. umr. með 15 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp undir Reykjavíkurkaupstað (C. 223); 1. umr.

H. Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki vera langorður. Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru þær, að úr því að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir keypt þessar jarðir, þá þykir henni óeðlilegt, að þær standi í sambandi við önnur sveitarfjelög eða liggi undir þau. Þetta mál er svo einfalt, að jeg ætla það ekki þurfa frekari skýringar við.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer brá kynlega við, þegar jeg sá þetta frv. (*H. Kr. Fr.:* Það get jeg ekki gert við), og mjer finnst það koma eins og úr sauðarleggnum, og það einhverjum fásjeðum legg. Jeg hef heldur engin skjöl sjeð þessu viðvíkjandi, enga ósk eða beiðni um þetta mál. Jeg veit að eins, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir keypt þessar jarðir; en jeg verð að álíta það alveg ranga aðferð, að bera þetta mál ekki fyrst undir viðkomandi sveitarfjelög; sú aðferð stendur að minnsta kosti ekki í samræmi við seinni lið 23. gr. í tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. Jeg verð að álíta það ólöglegt, að leita ekki fyrst samkomulags við hlutaðeigandi sveitarfjelög.

H. Kr. Friðriksson: Hjer þarf ekkert samkomulag um, að leggja þessar jarðir með lögum til kaupstaðarins. Hjer ræðir eigi um önnur gjöld en jarðartíund; og það munar ekki miklu.

Þorlákur Guðmundsson: Það eru fleiri gjöld en jarðartíund, sem jarðarábúendurnir geta tekið þátt í; t. d. tillag til fátækra, fjallskil, refaveiðar og ýmislegt fleira; t. a. m. boðskil, og það er þó skylda allra að bera hina sameiginlegu byrði, sem á sveitarfjelaginu hvílir, og það er auðvitað, að eptir því, sem sveitarfjelag er fámennara, eptir því er gjaldþolið minna, sjer í lagi þegar um grasbýlismenn er að ræða, eins og hjer á sjer stað. Hvort þessi hlutaðeigandi sveitarfjelög hefðu samþykkt þetta, skal jeg ekki um segja, ef það hefði verið á löglegan hátt borið undir þau; en það hefir ekki verið gert, víst ekki hreppsnefndina í Seltjarnarneshreppi. Jeg efast enda um, að það hafi nokkurn tíma verið rætt í bæjarstjórninni hjer.

Atkvæðagr.: Frv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 8.

Uppástunga forseta um, hvernig ræða skuli uppást. til þingsályktunar um rannsókn á hag manna í Vestur-Skaptafellssýslu og vesturhluta Snæfellsnessýslu (C. 227).

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu um þessa þingsályktunartill., og var það samþ.

Síðasta málið á dagskrá, uppástunga frá 3 þingmönnum, er ræðast skyldi á heimulegum fundi, varð ekki rætt, sökum þess, að svo margir þingmenn gengu af fundi, að ekki var orðið fundarfært.

Tuttugasti og níundi fundur, mánudag 3. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi, nema 2. þm. Árn. (M. Andr.), sem var fjarverandi með leyfi forseta.

Frumvarp til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 224, breyt.till. 276); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Frumv. þetta hefir fengið svo góðan byr, að það er eigi ástæða til að fara um það mörgum orðum að svo stöddu. Jeg vil að eins taka það fram, að þar sem frv. hefir ekki verið prentað upp aptur, þá eru í því fáeinar prentvillur, sem jeg vonast eptir að h. þm. hafi leiðrjett. Samt sem áður vil jeg leyfa mjer að áskilja nefndinni leyfi til að laga þær, ef þess þykir þörf. Nefndin hefir gert eina breytingartillögu við frumv. eptir 2. umr.; hún vildi ganga svo langt, sem auðið væri til þess, að frv. kæmist á. Nefndin áleit og, að ekki mætti rjettur utanþjóðkirkjumanna vera þrengri, en hún hefir ákveðið; þeir verða að byggja sjer kirkju, kosta prest sinn og gjalda fasteignartíund til þjóðkirkjuprests o. s. frv. Af því einum þingm. við 2. umr. þótti orðin »bein gjöld» óljós, hefir nefndin í breytingartillögunni sett í þess stað það, sem hún meinti með þeim orðum, og talið það upp. Jeg álít svo eigi ástæðu til að tala um frv. meira að þessu sinni.

Atkvæðagr.: Með því eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

Breytingartill. frá nefndinni við 16. gr. (C. 276) samþ. með 16 atkv.

16. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 16 atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 19 atkv. og síðan sent Ed.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. 266); 3. umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Frv. þetta var samþ. við 2. umr., og er breytingartill. (215) eigi annað en lítil skýring, sem jeg vona að allir fallist á, og skal jeg því eigi tala frekara um frumv. í þetta sinn.

Atkvæðagr.: Enginn annar tók til máls, og var gengið til atkv., og fjellu þau þannig:

1. Breytingartill. við 3. gr. samþ. í einu hljóði.
2. Breytingartill. við 5. gr. samþ. í einu hljóði.

Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og sent Ed.

Frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir (C. 266; breyt. 267, 268 og 279); 3. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg kom ásamt fleirum h. þingm. fram með viðaukatillöguna (nr. 219), af því, að við 2. umr. fjekk jeg eigi að skýra málið nógsamlega. Jeg hefi áður skýrt frá því, hvernig jörðin Vík hefir komizt í þetta verð. Fyrst þegar jörðin var metin, var það að eins ágizkun, eins og sýslunefndin sagði þá. En þótt ábúendurnir vilji gefa hálfu þúsundi meira fyrir jörðina, en sýslunefnd metur, er náttúrlegt, vegna þess, að þar búa ekkjur, sem vilja, að börn sín njóti handaverka sinna, sem er óvíst, ef ábúendurnir verða ekki eigendur að henni eptir því fyrirkomulagi, sem er á þjóðjörðum, og er þetta sú ástæða, sem jeg eigi fjekk að skýra við 2. umr. o. fl.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg álít mjer skylt, að skýra mál þetta dálítið, og er þá fyrst að tala um viðaukatillöguna um Rauðará með afbýlinu Lækjarbakka (nr. 217). Nefndin samþykkti, að jörð þessi væri seld. Matsverð það, sem á jörð þessari er, er það hæsta, sem hugsast getur, og væri hún eflaust of hátt matin, ef hún lægi eigi eins nálægt Reykjavík og hún er. Nefndin áleit, að nokkuð væri sjerstaklega ástatt með Rauðará, þar eð hún væri eigi seld ábúanda hennar. Hvað snertir eyðijörðina Efriströnd, hygg jeg, að h. þingm. muni eigi kunnugt um skjöl, er snerta þá jörð, og skal jeg því minnast lítið eitt á hana. Hún hefir verið í eyði síðan 1709. Í jarðabókinni frá 1861 er hún metin 1,6 hndr., og 1863 verður fyrst sjeð, að boðið hefir verið í leigu eptir hana 7 rdl. eða 14 kr., og er líklegt, að sá leigumáli hafi haldizt síðan. Jörðin er að eins fyrir þá, sem búa næst, og eiga land að henni; kaupandi býður að eins 200 kr. fyrir hana, og hefir hlutaðeigandi sýslunefnd lýst því yfir, að boð umbiðjanda jarðarinnar væri aðgengilegt, og er því verðið, 350 kr., sem nefndin hefir stungið upp á, nógu hátt, og

í rauninni of hátt; en þó áleit hún, að það væri eigi svo hátt, að hún væri eigi kaupandi fyrir það verð, ef kaupanda væri hugleikið að fá hana. Í viðaukatill. nr. 218 er bætt við því, sem fallið hafði úr: »með hjáleigunni Herjólfsstöðum», og í 2. tölul. er bætt inn í »nr. 26», af því, að fleiri lög eru dags. sama dag. Hvað snertir jörðina Vík í Dýrhólahreppi, að hún megi seljast fyrir 6000 kr., þá áleit nefndin, að það verð mundi vera nægilegt, enda hefir umboðsmaður ár eptir ár eigi talið hana meira virði en 5000 kr. Einmitt af því, að eptir lögum 8. nóv. 1883 er heimild til að selja jörð þessa fyrir 7370 kr., áleit nefndin, að eigi ætti við að taka hana upp í frv. þetta, og hjelt, að það, ef til vill, kynni að valda því, að stjórnin síður samþykkti frv., og rjeði nefndin því h. þm. V.-Sk. (O. P.) til að koma með sjerstakt frv. í þá áttt; en það var fellt af einhverjum óhöppum hjer í deildinni. Viðvíkjandi verði einnar jarðarinnar, Hafsteinsstaða, sem nefndin setti 2800 kr., skal það tekið fram, að hún tiltók hið hæsta verð; við þá ætlun, að það sje rjett, verður nefndin að halda sjer og getur því eigi fallizt á þá breytingartill., að færa verð þeirrar jarðar niður í 2400 kr.

Friðrik Stefánsson: Jeg er eigi svo kunnugur sem skyldi um Rauðará, hvers virði hún er, en held þó, að verð hennar sje heldur lágt, vegna þess, að það er mikill kostur, að hún er svo nálægt Reykjavík, og bærinn hlýtur að hafa mjög mikið gagn af jörðinni, og vil jeg því leyfa mjer að biðja h. þm. Rvík. um upplýsingar um það, og skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni.

H. Kr. Friðriksson: Það hafa verið útnefndir óvilhallir matsmenn til þess að virða Rauðará, og hafa þeir gefið það álit sitt, að 2400 kr. væru hæsta verð, sem hægt væri að setja á hana. Hið sama er álit sýslumannsins; en bæjarstjórn Reykjavíkur er í stað sýslunefndar í sýslum; en um hennar mat er eigi að ræða, þar eð hún á hlut að máli. Jeg vona, að þessi skýrsla mín sje nægileg fyrir h. þm. (Fr. St.). Viðvíkjandi breytingaruppást. nr. 219 get jeg eigi borið um, hvort verð jarðarinnar Víkur er of hátt eða of lágt; en jeg spyr, hvort það sje rjett form, að taka hana upp í frv., og breyta þannig eldri lögum frá 8. nóv. 1883, sem enn standa óbreytt. Jeg álít það eigi reglulega formlegt, heldur er viðkunnanlegra, að fá um þá jörð sjerstök lög. Jeg álít eigi rjett, að lækka verð jarðarinnar Hafsteinsstaða, eða selja hana við lægra verði en sett er í stjórnarfrumvarpinu, með því líka umboðsmaður segir, að það sje of lágt.

Ólafur Pálsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að svara h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) með því að spyrja hann að, hvers vegna Vík megi eigi komast inn í frv., úr því lögum 8. nóv. 1883 er breytt á annað borð? Það er undarlegt, ef ókunnugir menn eiga að vita betur um ástand og mat jarða, en hlutaðeigandi sýslunefndir og umboðsmenn. Hví skyldu þær vera teknar til að segja álit sitt um mat jarða, ef þær eru eigi kunnugri heldur en til dæmis þingmenn af yztu landshornum, sem ekkert þekkja til? Jeg veit þá ekki, til hvers sýslunefndir og umboðsmenn eru, ef þeim er í engu trúað, eins og líka þingmenn, ef þeim er ekki trúað til neins úr sínum kjördæmum.

H. Kr. Friðriksson: Jeg talaði að eins um formið, en minntist ekkert á, að jeg vildi tortryggja sýslunefndirnar.

Friðrik Stefánsson: Breytingartillaga sú, sem jeg ásamt 4 öðrum þm. hefi komið fram með (nr. 237), er sprottin af því, að mjer er sjerstaklega kunnugt um jörðina Hafsteinsstaði, að hún er of hátt sett, eins og umboðsmaður hefir metið hana, nefnilega á 2800 kr., enda hefir sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu metið tjeða jörð hæfilega selda fyrir 2400 kr., og verð jeg að vera á þeirri skoðun, að svo sje; því eins og jeg vil ekki láta selja landssjóðsjarðir fyrir of lítið verð, eins vil jeg ekki láta skrúfa þær upp í óhófsverð við ábúendur jarðanna, því það hljóta allir að játa, að ef sjálfseignarábúð gæti aukist sem mest í landinu, hlyti það að verða hin sterkasta stoð til þess, að landbúnaðinum færi fram, en allir munu játa, að þess sje fyllsta þörf. Við þetta

tækifæri vil jeg minnast þess, að á alþingi 1881 var samþykkt frv. um sölu nokkurra þjóðjarða, og fór þingið þá með sumar þeirra eptir mati sýslunefnda; en við 3. umr. kom hinn þáverandi landshöfðingi með breytingartillögu um að hækka verðið eptir uppást. umboðsmannsins, en sú breytingartillaga fjell. En lagafrv. þetta náði samt ekki samþykki stjórnarinnar, og kom fyrir þing aptur 1883, og þá setti stjórnin það verð á jarðirnar, sem umboðsmaður hafði sett á þær, og ef þetta er regla landshöfðingjanna, að fylgja umboðsmönnum, og heimta hæsta verð, þá lýsi jeg þeirri skoðun minni, að hyggilegri regla og sanngjarnari mundi vera, að fylgja því, sem óvilhallar sýslunefndir segja, heldur en umboðsmenn, sem dæma að nokkru leyti um sinn eigin hag, Um umboðsmanninn í Skagafjarðarsýslu er mjer kunnugt, að þó hann sje mikill framfaramaður í búnaði og fleiru, að áður en hann varð umboðsmaður hafði hann sömu skoðun og h. 1. þm. S.-Múl. (T. G.) til skamms tíma hefir haft, að heppilegast væri, að selja engar þjóðjarðir. Nú þykir mjer eðlilegt, að umboðsmaðurinn hafi sömu skoðun á því enn, ogsvo er hætt við, að þeir sem eru miklir jarðabótamenn, eins og umboðsmaðurinn í Skagafjarðarsýslu er, kunni að meta jarðirnar nokkuð dýrt, eða eptir því, hvað í þeim geti legið með endurbótum. Áður en þessari umræðu er lokið, vona eg að geta komið að breytingartillögu um að færa niður verðið á Skíðastöðum, Hafragili og Veðramóti, sem allar eru of hátt settar af nefndinn, og mun jeg þá gera grein fyrir skoðun minni í því máli, því jeg þekki jarðirnar vel; en Hafsteinsstöðum, sem nú eru til umræðu, mun samþingismaður minn lýsa. Að endingu leyfi jeg mjer að leita upplýsinga hjá h. hæstv. landshöfðingja um, hvort það er orðin ófrávíkjanleg regla stjórnarinnar, að fylgja mest umsögn umboðsmanna.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins lýsa því, út úr því sem h. sessunautur minn (Fr. St.) talaði um Rauðará, að ef hún eigi er seld nú við þessu verði sem býðst, þá líður eigi á löngu áður hún verður ekki seljanleg fyrir það hálfa. Mótekjan, sem er einn af hennar aðalkostum, er eyðilögð með illri meðferð, jörðin öll mjög niðurnídd, og fer síversnandi; hús fallin og ekki að telja. Það er því mikill hagur fyrir landssjóð, að selja hana einmitt nú. Hann fær aldrei síðar eins mikið. Jeg vona h. þingdeild greiði atkvæði með því, að hún verði seld, eptir þessar upplýsingar.

Jón Sigurðsson: Jeg ætla að eins að tala fáein orð um jörðina Vík í Skaptafellssýslu. Málið kom til nefndarinnar frá landshöfðingja, með þeim skýrslum, að umboðsmaður mat hana 5100 kr., en sýslunefndin 5500 kr. En nefndin fjekk ekkert að vita um, hvernig stóð á því verði, sem þingið 1883 setti á jörðina, sem sje 7370 kr., því að hún getur engar upplýsingar gefið um það. Það lítur út fyrir, að það hafi verið sett beint út í loptið. En nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að hæsta verð, sem um væri að tala, væri 6000 kr., og það er það sama, sem ábúendur hafa boðið. Eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, búa 2 rosknar ekkjur á jörðinni, sem vilja jafnvel yfirborga hana, til þess að geta skilið börnum sínum hana eptir í arf. Það er satt, sem h. þm. Reykvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að dálítill formgalli gæti verið á þessari tillögu, sem sje, að hún kemur í bága við lögin 1883 um sölu þjóðjarða; en flutningsmaður kom og með uppástunguna í rjettu formi til þingdeildarinnar fyrir skömmu, og er jeg hræddur um, að það hafi verið af einhverri fljótfærni eða misskilningi, sem h. deild felldi hana þá. Það er satt, að það þyrfti þá breyting, að 1. tölul. í 1. gr. í lögum 8. nóv. 1883 væri úr lögum numinn, ef allt ætti að vera vel »korrekt«; en jeg vil þó leggja til, að h. deild gefi viðaukatillögunni samþykki sitt, því það er þá innanhandar, að laga slíkt í Ed., ef deildin vill vera eins rýmileg og jeg legg til.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi jörðinni Vík finnst mjer óviðkunnanlegt, að þingið fari nú að breyta því, sem það samþykkti 1883. Það er heldur snemmt fyrir þingið,

að sjá sig um hönd um það, með því að ekkert er fram komið, sem geri breytinguna nauðsynlega. Jörðin Vík er ein af landsins góðu jörðum, hlynnindajörð, sem landssjóðurinn þarf eigi að láta sjer neitt annt um að selja; þeim sem hafa búið á þessari jörð, hefir búnazt þar vel, og það er engin ástæða til, að landssjóður selji með lágu verði fasteignir sínar, sízt þær, sem góðar eru, og byggjast vel. Þó að verðið kunni að vera sett nokkuð hátt, þá er þess að gæta, að borgunarskilmálarnir eru mjög vægir og sanngjarnir, svo að eigi þarf að verða mjög tilfinnanlegt fyrir kaupanda, að greiða andvirðið. Þessi jörð á eptir lögum 8. nóv. 1883 að seljast nokkuð dýrara en sýslunefndin hefir álitið hæfilegt; en þegar amtsráðið átti að segja álit sitt um hina hjer umræddu jörð, þá var lækkun sú, sem amtsráðið stakk upp á, byggð á þeim kunnugleika, sem amtsráðið hafði Jeg efast því um, að ástæða sje til, að samþykkja þessa viðaukatillögu. Viðvíkjandi forminu skal jeg taka fram, að það er ekki í sjálfu sjer því til fyrirstöðu, að þetta gæti orðið samþykkt. Því þó að ei sje getið um, að með því sje breytt lögunum frá 1883, þá er ekki alveg nauðsynlegt, að ákveða slíkt. Það er sjálfsagt, að yngri lög gilda fram yfir eldri, þegar ákvarðanir þeirra eru frábrugðnar hinum eldri lögum. Á jörðinni Efriströnd, sem nefndin hefir tekið upp eptir áskorun minni, samkvæmt umboði, er jeg fjekk frá stjórninni, er verðið sett hærra en boðið hefir verið. En jeg gat ekki í tillögum mínum farið fram á, að verðið væri sett lægra en 350 kr., af því það svaraði til þess afgjalds, sem nú er greitt af jörðinni; og þótt það að vísu ekki sje líklegt, að svo hátt afgjald fáist af þessari eyðijörð eptirleiðis, þá er þetta samt ósannað, og reynslan verður að sýna það. Jeg hlýt því að vera á því máli, að ekki sje vel gjörlegt, að setja verðið lægra. Að lækka verðið á Hafsteinsstöðum get jeg ekki lagt til að gjört sje. Jeg held því fram, að nauðsynlegt sje að jarðirnar sjeu seldar með fullu verði, því með borgunarskilmálunum má gjöra hægt fyrir að borga kaupverðið.

Gunnl. E. Briem: Jeg er samdóma hæstv. landshöfðingja um, að selja landssjóðsjarðir móti hæsta sanngjörnu verði; en eigi að síður verður að taka hitt til greina, hvað líklegt er, að jarðirnar geti selst fyrir. Mjer er sjerstaklega kunnugt um Hafsteinsstaði. Árið 1881 taldi umboðsmaðurinn þessa jörð 3000 kr. virði, en síðan hefir hann fært sig niður í 2800, og sýslunefndin í 2400 kr. Umboðsmanninum er vorkunn, þó hann frá sínu sjónarmiði setji verðið nokkuð hátt, en afgjald jarðarinnar er 95 kr., ef al. væri 50 aura, sem því nær samsvarar 4% rentu af þeirri verðupphæð, sem sýslunefndin hefir álitið hæfilega, nfl. 2400 kr., og þar að auki er þess að gæta, að af rentunni þarf ekki að borga sjötta part í umboðslaun, eins og dregst frá afgjaldinu. Þegar líka þess er gætt, hve jörðin er lítil, er þetta í sjálfu sjer nægt verð. Túnið liggur hátt og er snöggslægt mjög, engjarnar litlar og ógreiðar, nema lítill blettur við Staðará, sem er áveituengi, og optast góð slægja. Umboðsmaðurinn gerir ekki ráð fyrir, að fá megi af þeim meira en 250 hesta. Túnið segir hann fóðri tæplega 4 kýr. Ef reiknaðir eru 25 hestar fyrir kúna, eins og sumstaðar var gert fyrir norðan, meðan menn voru að streitast við að hafa bandið sem stærst, þá mætti vel telja, að túnið fóðri 4 kýr. En þegar talað er um hestatölu, á það ekki saman nema nafnið. Það verður ekki haft stórt band, þegar á mjög snöggu er slegið, og svo mun opt vera þar, að ekki mun vera gott að setja á hestatöluna. Málnyta er þar lítil; en þar sem umboðsmaðurinn nefnir kjarngott land, álít jeg hann eigi við þrætuspildu eina uppi milli fjalla; en hún er svo langt burtu, að hún verður eigi höfð til daglegra nota, þó koma megi af sjer fje þangað. Þegar maður skoðar þessar kringumstæður, álít jeg sanngjarnt og ráðlegast, að taka það verð, sem sýslunefndin hefir álitið hæfilegt.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vildi minnast á, að þó að hæstv. landshöfðingja þyki leiðinlegt og lítil ástæða til að breyta nú lög-

unum frá 1883, þá er þó ástæða til þess hjer, þar sem gamlar ekkjur eiga hjer hlut að máli, sem vilja eptirláta börnum sínum ábúðina í arf, og því kaupa jörðina. Og þó að tímabilið sje stutt, síðan hið háa verð var lögsett, sýnist mjer þó orð sýslunefndarinnar megi vera næg sönnun fyrir verðinu, og skil jeg eigi, að jörðin verði nokkurn tíma seld fyrir hið setta verð, því jeg álít það of hátt, og það sýnir sig, að ábúendur hafa eigi getað gengið að því, þó að þeir hafi átt kost á því síðan 1883. Þeir sem hafa búið þar, hafa að vísu grætt og búið vel, en þeir hafa líka orðið að flytja hey langt að utan úr Mýrdal, og beitt upp á nágrannana í kring um sig. Ábúendurnir hafa brúkað miklu meira land, en jörðinni tilheyrir. Ef þingd. vill gera ábúendum mögulegt að neyta rjettar síns, að kaupa jörðina handa eptirkomendum sínum, þá er sanngjarnt, að setja verðið skynsamlega hátt. Það, að jörðin hefir ekki verið keypt, er sönnun fyrir því, að verðið í lögunum frá 83 er of hátt.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það var eingöngu formsins vegna, að nefndin tók ekki jörðina Vík upp í frv. sitt. En þegar hæstv. landsh. hefir lýst yfir því, að ekkert sje til fyrirstöðu frá formsins hlið, vil jeg mæla með, að hún sje tekin upp. Jörðin hefir aldrei verið metin meira en 5—6000 kr. Amtsráðið hefir orðið þess valdandi, að verðið var sett svo hátt 1883. En jeg held þess álit sje ekki eins vel á þekking byggt eins og álit umboðsmanns og sýslunefndar. Jeg held öll líkindi sjeu til, að þeir sje kunnugri. Það er snertir breyt.till. um Hafsteinsstaði, þá hefir þingið að undanförnu tekið hæsta verð, þó að 800 kr. hafi munað á áliti umboðsmanns og sýslunefndar. Á þessari jörð munar 400 kr. hjá umboðsmanni og sýslunefnd. Umboðsmaður hefir áður sett 3000 kr., en nú við nákvæmari yfirvegun fært sig niður í 2800 kr. Jeg get því ekki fallizt á þessa breytingartill. Eins og landsh. tók fram, á þingið ekki að taka lægsta verð. Það liggur ekki svo mikið á því, að losa landssjóðinn við jarðirnar.

Þorlákur Guðmundsson: Það hafa komið fram efasemdir um, að Rauðará væri of lágt sett. Jeg ætla það væri h. 1. þm. Skagf. (Fr. St.), sem hreyfði því. En virðingargerðin ber með sjer, að þetta er hið hæsta verð, sem fengizt getur. Af því jeg er kunnugur, get jeg sagt, að jeg ímynda mjer, að enginn annar mundi bjóða þetta, því síður meira, í þessu ári, eins niðurnídd og jörðin er, og húsalaus, liggjandi í miðju Reykjavíkurlandi; mótekja er að mestu til þurrðar gengin. Það er að eins af því, að jörðin liggur þar sem hún liggur, að Reykjavík vill gefa svona mikið fyrir hana. Hún gæti ekki komizt til neins gildis, nema lagt væri í hana annað eins fje og söluverðið; jarðir ganga ekki upp af sjálfum sjer. Þær gera það svo bezt, að fje eða verk sje í lagt. Og er þá rjett þeir njóti, sem í leggja. Jörðin er því alls ekki of lágt sett. Til sveita hefði engum dottið í hug að setja hana svona hátt. Það er að eins vegna afstöðu hennar. Annars er þingmönnum innan handar að kynna sjer ástand hennar; hún liggur ekki svo langt frá. Hundraðatöluna er ekkert að marka. Matið er alveg rangt, í samanburði við flestar aðrar jarðir, sem meira og betra land hafa.

Forseti: Umræðum er þá lokið; en hjer hefir komið breytingartill. frá 6 þm. meðan á umr. stóð (nr. 238); það er yfir höfuð leiðinlegt, að þm. skuli ekki geta komið með breytingar sínar í tíma, og þessi breyt.till. getur samkvæmt þingsköpunum ekki komið til atkv., nema með leyfi hæstv. landsh. Vil jeg því spyrja hann, hvort hann vilji gefa samþykki sitt til þess.

Landshöfðingi: Jeg skal gefa ástæður fyrir svari mínu upp á spurningu hins háttvirta forseta. Það er yfir höfuð óheppilegt, og ætti sem sjaldnast að dragast til 3. umr., að koma með breytingaratkv. Tilgangur þingskapanna með því að gefa kost á því, að koma með breytingartillögur til 3. umr., mun vera sá, að gefa þm. færi á, að lagfæra það, sem þeim hefir

yfirsjezt við 2. umr. Hjer er talað um, að færa niður verð nokkurra jarða, og að selja nokkrar jarðir fyrir ákveðið verð, og veit jeg eigi, hvort h. þingd. hefir nokkra hugmynd um verðið, sem á rökum sje byggð. Jeg leyfi mjer því að neita um samþykki mitt til afbrigða frá þingsköpunum í þetta skipti. *(Fr. St.:* Tak!).

Atkvæðagreiðsla:

1. Fyrri hl. viðaukatill. nr. 218 samþ. 21 atkvæði.
2. Breytingartill. nr. 237 samþykkt með 12:6.
3. Viðaukatill. nr. 221 samþ. með 21 atkv.
4. —— — 219 — — 14 —
5. Síðari hl. viðaukatill. nr. 218 samþ. með 18. atkv.
6. Viðaukatill. nr. 217 samþ. með 18 atkv.

1. gr. með á orðnum breytingum samþ. með 20 atkv.
2. gr. samþ. með 20 atkv.
3. gr. — — 20 —

Frv. í heild sinni samþ. með 21 atkv. og sent síðan Ed.

Frumv. til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 164, breytingartill. 233 og 234); 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held að jeg verði að byrja á því, að þakka stjórninni fyrir, að hún hefir farið að óskum þingsins, og lagt frv. fyrir í þessa átt. Jeg skal nú reyndar játa, að jeg hef aldrei verið svo hrifinn af þessu máli, því þótt jeg hafi ávallt talið það æskilegt, að söfnuðirnir fengju nokkra hlutdeild í veitingu brauða, þá hef jeg aldrei getað sjeð, hvernig þessari hlutdeild ætti að vera varið, svo vel færi, og jeg get bætt því við, að jeg sje það ekki enn fyllilega; jeg skal þó gjarnan játa, að ákvæði þessa frv. eru ein af þeim tiltækilegustu. Jeg held aðalgallarnir á þessu frv. sjeu, að það muni valda vafningum og tímatöf; það getur orðið mikill dráttur á veitingu brauðanna fyrir þessar sakir, ef það á að gera söfnuðina ánægðari en verið hefir að undanförnu með presta sína. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að til þess að lögmætur fundur sje, þarf ekki að mæta nema helmingur þeirra, er kosningarrjett hafa í prestakallinu, og til þess að kosning sú, er fram fer á slíkum fundi, sje gild, þarf ekki nema helming atkvæða af öllum fundarmönnum. Þannig getur kosningin verið lögmæt, þótt ekki greiði nema rúmur $^1/_4$ af öllum kjósendum atkv. með umsækjanda, og þá er óvíst, að hinir $^3/_4$ safnaðarins verði ánægðir með kosninguna. Jeg verð að segja, að þetta er neyðarúrræði; en það er líklega ekki gott að finna annað betra ráð, því það verður sumstaðar mjög erfitt, að sækja þessa fundi, og þeir verða því að líkindum opt fámennir. Hvað kostnaðinn snertir, sem talað er um í 11. gr., þá er mjer ekki ljóst, hvað til kostnaðar skal telja. Mjer þykir þó sjálfsagt, að til hans eigi þó ekki að telja ferðakostnað sóknarmanna á kjörfundinn. Þar á mót á kjörstjórnin líklega að fá einhverja borgun, og get jeg ímyndað mjer, að prófasturinn gæti fengið tilhneigingu til að gefa reikning, einkum þegar hann þarf nú að fara langt til kjörstaðar. En það sem er eitt af kostum þessa frv., er, að prófastur á að stýra fundinum. Það er mjög heppilegt, að hann sje þar viðstaddur og geti leiðbeint almenningi; getur verið, að það verði til þess, að hann ráði kosningunni í einstökum tilfellum; en jeg vil vona, að hann ráði þá vel. Hvað breytingartillögurnar snertir, þá get jeg ekki verið þeim meðmæltur. Hvað breytingartillöguna við 11. gr. snertir, um að jafna kostnaðinum niður á alla atkvæðisbæra safnaðarmenn, þá get jeg ómögulega álitið hana heppilega, því bæði yrði niðurjöfnun sú mjög erfið, og sjerstaklega yrði innheimtan ákaflega erfið. Hvað eðlilegt það er hins vegar, að greiða kostnaðinn úr jafnaðarsjóði amtsins, skal jeg ekkert um segja; en jeg held þó, að það sje það tiltækilegasta. Jeg vona, að frv. verði vel tekið og að það verði til góðs; en jeg verð að gefa atkv. á móti þessum breytingartillögum. Hvað drættinum viðvíkur, þá kemur sá galli sjerstaklega fram á hinum smærri brauðum, þar sem prestaskipti verða optast. Þannig getur kandídat, sem tekur próf í ágúst, optast ekki komizt að brauðinu fyr en vorið eptir, og þetta er

mjög óheppilegt. En þótt mjer þyki þetta stór galli á frv., þá verð jeg þó að greiða atkv. með því.

Arnljótur Ólafsson: Með því að jeg ásamt tveim öðrum h. þm. hef gert breytingartillögur, nr. 232 og 233. við þetta frv., verð jeg að fara um þær nokkrum orðum Mjer heyrðist h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) vera fremur hlynntur breytingartill. okkar við 9. gr., sem fer fram á að fella úr þessa endursending á málinu heim til nýrra kosninga, ef fyrri kosningin reynist ógild. Það var líka tilgangur okkar með þessari breytingartillögu, að reyna að fyrirgirða þann mjög svo langa drátt á veitingu brauðsins, sem leiða hlýtur af endurkosningunni. Ed. hefir bætt þeim ákvæðum við stjórnarfrumv., að kosningin skyldi ekki dæmd ógild, þótt ekki hefði verið fylgt nákvæmlega eða bókstaflega reglum þeim, sem settar eru í 3.—8. gr., ef gallarnir væru ekki svo miklir, að þeir hefðu getað haft veruleg áhrif á úrslit kosningarinnar. Þegar nú prófastur á að stýra kjörfundinum, þá eru mjög lítil líkindi til, að stórgallar verði á kosningunni, og verði því kosningar sjaldan ógildar; en þess minni þörf virtist oss á að halda því ákvæði í frv., að senda skyldi málið aptur heim til endurkosningar. En það var þó einkanlega sá hinn mikli dráttur, sem endurkosningin mundi valda, sem knúði oss til að koma með þessa breytingartillögu, til þess að stytta þann tíma, sem brauðin yrðu að standa prestslaus. Því má og við bæta, að geti söfnuðurinn ekki undir góðri umsjón prófasts kosið löglega, þá er líklega ekki mikill áhugi hjá honum.

Breytingartillaga við 11. gr. er veruleg efnisbreyting, að hvert prestakall greiði sinn kostnað sjálft. Það gladdi mig, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sagði, að það væri sjálfsagt eðlilegast, að hver sókn borgaði þann kostnað sjálf, sem hún bakaði sjer. Þetta finnst mjer líka, og mjer finnst að það ætti ekki að víkja frá þessari reglu, nema brýna nauðsyn beri til. Það er grundvallarregla eða frumlögmál, að rjettindi og skyldur, frelsi og ábyrgð skuli fylgjast að. Þess vegna á hver sá, sem vill fá rjett, að takast á hendur allar þær skyldur, sem þeim rjetti fylgja. Þessari reglu ætti ætíð að fylgja, sem framast er auðið, við alla lagasetning. H. þingdm. (Þór. Böðv.) talaði um, að það mundi verða svo örðugt, að innheimta fjeð með þessu móti. Það get jeg ekki sjeð, því kostnaðurinn af kosningunni er ekki svo mikill; hvað ætti þá að segja um örðugleikana við innheimtuna á öllum sveitarútsvörum? Og þó fá hreppsnefndir ekki einn eyri fyrir að heimta inn sveitarútsvör um allt Ísland. Við niðurjöfnunina á að fara eptir efnahag og ástæðum, og má þannig auðveldlega hafa fyrir sjer sveitarútsvörin og jafna kostnaðinum svo niður, að leggja víst á hverja krónu í aukaútsvarinu, og er þá enginn annar vandi fyrir sóknarnefndina, en að fylgja hinni sömu reglu sem gert er við aukaútsvörin. Sje brauðið í fleirum en einum hrepp, þá búa og líka sóknarnefndarmenn vanalega í fleirum en einum hrepp, og því getur þeim ekki veitt mjög erfitt að fá aðgang að sveitarbókinni, til þess að byggja niðurjöfnun sína á henni. Af því sem þessi breyting hefir kostnað fyrir söfnuðina í för með sjer, gátum við ímyndað okkur, að sumir söfnuðir mundu ekki vilja neyta kjörrjettar síns. Jeg set sem svo, að þeir hafi um þrjá umsækendur að velja, og segi þá sem svo: Jeg get ekki um sagt, hvern þeirra jeg vil helzt, því jeg þekki engan þeirra, hvort heldur það nú eru gamlir prestar eða kandídatar, og sje heldur ekki, að jeg geti útvegað mjer kynning af neinum þeirra áður en kosning á fram að fara; og af því jeg á nú að bera kostnað þann, sem af kjörinu leiðir, en kjörið verður út í bláinn, þá vil jeg helzt vera laus bæði við það ómak, sem jeg hef af því að kjósa, og þann kostnað, sem þar af leiðir. Af þessum ástæðum komum við með þá breytingartill. við 3. gr., að skjóta inn í orðunum: »Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður frestur þessi sje liðinn, að söfnuðurinn ætli sjer eigi að nota kjörrjett sinn«, til þess að prófasturinn þyrfti ekki að ómaka s

þegar söfnuðurinn ætlaði sjer ekki að neyta kosningarrjettar síns. Mig minnir að h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) hreyfði því, að ef svo færi, að ekki kæmi nema rúmur helmingur sóknarmanna á fund, þá mundi hinn helmingurinn kunna illa við að borga, úr því að hann hefði engan þátt tekið í kosningunni. En alveg hið sama er tilfellið, þegar kosið er til alþingis; þeir, sem ekki koma á kjörfund, mega borga alveg eins og hinir — allan kostnað af kjöri alþingismanna. Og jeg held það sje ekki rjett regla, að ef menn ekki neyta kosningarrjettar síns, þá skuli þeir vera lausir við að lúka kostnaðinn, eða við þær skyldur, sem rjettinum fylgja. Vanræking þess, að neyta rjettar síns, á ekki að frelsa neinn frá gjaldinu, því hvar þess er rjetturinn er til staðar, þar á skyldan og að fylgja með, og auk þess er það bein skylda hvers frjálsborins manns, að neyta og gæta rjettar síns. Mjer finnst þessi breyting ekki fara fram á annað en það, sem sanngjarnt er í hverju efni sem er.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er samdóma h. þm. Eyf. (A. Ó.) um 1. tölul.; jeg álít, að sú breyting sje æskileg, einmitt til þess að stytta þann tíma, sem gengur til kosningarinnar. Um 2. tölul. játa jeg, að jeg sagði áður, að það væri eðlilegast, að jafna gjaldinu þannig niður, sem þar er farið fram á; en jeg er fastlega á því, að það mundi hafa svo mikla vafninga í för með sjer, að jeg er hræddur um, að gleðin yfir þessu frumvarpi verði mjög blönduð, eða hverfi jafnvel alveg, ef þessi dilkur fylgir því. Það er alveg rjett, sem hann tók fram, að með rjettinum fylgir skylda; en jeg óttast, að þegar nálega $\frac{3}{4}$ safnaðarins ekki taka þátt í kosningunni, þá muni verða erfitt, þó það verði kannske mögulegt, að fá þá til að borga; að minnsta kosti muni mikil óánægja rísa út af því. Um breytinguna við 3. gr. er jeg honum meira samdóma, enda gerði hann ljósa grein fyrir henni.

Jón Ólafsson: Jeg mun greiða atkv. með breytingartill. nr. 233, en þar á mót ekki með breytingartill. við 9. og 11. gr. Breytingin við 9. gr. fer fram á, að svipta söfnuðina rjetti, ef einhver smá formgalli er á kosningunni í fyrsta sinn. Það gæti hugsast, að fundarstjóri eða einhver annar stuðlaði til þess af ásettu ráði, að formgalli yrði á kosningunni, til þess að ónýta hana ef hann vildi koma að einhverjum öðrum en hann þættist hafa tryggingu fyrir að kosinn yrði. Breytingin við 11. gr. miðar til þess, að draga úr söfnuðinum að neita rjettar síns, með því að gera kostnaðinn mjög tilfinnanlegan fyrir hann. Jeg álít, að áhugi safnaða sje ekki alstaðar svo mikill hjer á landi, að það sje vert, að draga úr honum að óþörfu. Jeg verð því að álíta heppilegast, að greiða þetta gjald úr jafnaðarsjóðnum.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki sannfærður um, hversu glæsilegt þetta frv. verður, þegar það kemur til framkvæmda. Það er einkum eitt, sem jeg er mjög hræddur við, og það er, að það tefur mjög fyrir veitingu brauðanna. Þegar brauðin liggja t. a. m. austast eða vestast á landinu, þá tekur þetta upp mikinn tíma, áður en það er komið í kring. Jeg verð því að halla mjer að breytingartillögunum, bæði 232 og 233. Breytingin við 9. gr. styttir tímann, og það er alveg nauðsynlegt. Eins kann jeg betur við, að úr því söfnuðirnir hafa fengið þennan rjett, þá beri þeir einnig kostnað þann, er af honum leiðir. Jeg held, að kostnaðurinn verði heldur ekki mjög mikill. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) hjelt, að prófasturinn mundi fá tilhneiging til þess, að gefa reikning; jú, en þótt hann geri reikning, þá verður hann varla mjög hár; má ske einhverjum prófasti þyki heiður að verða kjörstjóri og geri sig því ekki mjög dýrkeyptan!? En jeg held nú samt, að þessi lög verði, þegar til framkvæmdanna kemur, ekki mjög þokkasæl, meðfram vegna kostnaðarins, og verði ekki almennt notuð; en að sumir söfnuðir noti þau, en sumir ekki, það kann jeg ekki vel við.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skildi ekki vel ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Ef jeg hefi skilið hana rjett, þá lítur hann nokkuð einræningslega á málið; hann lítur að

eins á aðra hlið þess, en sjer ekki hina. Hann segir: söfnuðurinn er sviptur rjetti, ef hann fær ekki að endurkjósa, þótt formgallar sje á. Þetta er rjett, en það er að eins önnur hliðin á málinu. Hin er sú, að ef þessi mikli dráttur verður á veitingunni og brjef um það eru á flakki með pósti fram og aptur, svo það getur dregizt, jeg veit um tvo mánuði eða lengur, og ef nú miklir örðugleikar eru á að fá einhvern til að þjóna brauðinu og nábúaprestur getur ekki fengizt til þess, þá verður söfnuðurinn að vera tveim mánuðum lengur þjónustulaus. Þótt nú h. þm. sje ekki í þjóðkirkjunni, þá ímynda jeg mjer, að hann kunni að meta mikils, að guðsþjónusta eigi sjer stað í þjóðkirkjunni. Þetta tvennt verður maður að meta hvort á móti öðru, og vita, hvort vegur meira á metaskálunum. Jeg verð líka að álíta, að frv. gefi fulla trygging fyrir því, að hver kosning verði tekin til greina, sem ekki er alveg markleysa, þar sem stendur: »sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti hafa haft veruleg áhrif á úrslit hennar (o: kosningarinnar)«. Jeg held því að engin hætta sje á, að menn dæmi kosninguna ógilda, nema fullgildar ástæður sjeu til. Jeg tek til dæmis kosningar til alþingis; þær hafa aldrei verið dæmdar ógildar, þótt ýmsir smærri gallar hafi á þeim fundizt. En hjer er beinlínis lögskipað, að dæma kosninguna ekki ógilda, nema þeir gallar sje á, sem hafi haft verulega þýðingu fyrir kosninguna. Mjer finnst því nægileg trygging fyrir kosningunni, þótt endurkosningin falli burt. Að minnsta kosti er svo með kosningar til alþingis, að ekki er gerð minnsta tilraun til, að kjördæmi megi kjósa aptur, þótt gallar hafi orðið á kosningunni, fyr en búið er að úrskurða kosninguna af alþingi. Þar sem h. þm. vildi nú þannig tryggja kosningarrjettinn sem bezt, þá þótti mjer því undarlegra, að hann skyldi geta verið á móti breytingartill. við 11. gr., því jeg veit að hann vill ekki fylgja þeirri reglu í lífinu, að hafa öll rjettindi sjálfur, en kasta öllum skyldunum yfir á náunga sína, en ef hann ekki vill fylgja þessari reglu í prívatlífi sínu, þá væri það ósamkvæmni, að vilja fylgja henni sem alþm., sem löggjafi, sem fulltrúi S.-Múl., því þaðan veit jeg að hann hefir ekki fengið neitt umboð frá kjósendum sínum til að fylgja þessari reglu, heldur sannfæringu sinni. Annars þykir mjer líklegast, að þm. muni varla fylgja fram annari reglu á þingi, en hann vill fylgja sjálfur í prívatlífi sínu.

Jón Ólafsson: Jeg verð að játa það, að jeg hef ekki sannfærzt af ræðu h. þm. Eyf. (A. O.). Hann sagði, að það mundi mjög sjaldan koma fyrir, að kosningarnar yrðu ónýtar, og vildi sanna það með því, að þingkosningar hefðu aldrei orðið ógildar. En nú hafa einmitt þingkosningar verið gerðar ógildar. (*A. Ól.:* Hvenær var það?). Ártalið man jeg ekki, hvort það var 1865 eða ekki; en það man jeg, að það voru þingkosningar hjer í Reykjavík. (*A. Ó.:* Já, en það var eptir gömlu kosningarlögunum). Getur ekki hið sama komið fyrir undir þeim kosningarlögum, sem nú gilda? H. þm. Eyf. (A. Ó.) spurði, hvort kosið væri upp aptur, ef þingkosningar verða ónýtar. Já, þá er kosið upp aptur. Og því skyldi ekki mega láta þá prestakosningar fara fram að nýju, ef þær yrðu ógildar? H. sami þm. (A. Ó.) kom með þá ástæðu á móti því, að póstbrjef gætu legið svo lengi og lent í óskilum; en jeg get ekki gert ráð fyrir því; það eru optast aðrar sendingar, en brjef, sem legast lengst, og þótt það hafi átt sjer stað, vona jeg það taki batnaði, sem annað. Jeg get ekki sjeð, að dráttur á veitingunni þurfi að vera fjarska mikill, þótt endurkosning megi fram fara, ef gallar eru á fyrri kosningu. H. þm. (A. Ó.) brá mjer um það, að jeg skoðaði að eins eina hliðina á þessu máli; en það get jeg ekki kannazt við. Jeg hafði ekki síður þörf safnaðarins á að fá prestinn fyrir augum en rjett hans til að kjósa prestinn. Ef söfnuðurinn finnur hjá sjer þörf á að fá prestinn sem fyrst, getur hann lýst yfir því þegar við kosninguna, að hann ætli ekki að nota kosningarrjett sinn,

til að kjósa aptur, ef svo kynni að fara, að kosningin yrði talin ógild. Ætlun mín er, að söfnuðinum muni þykja meira varið í að fá þann prest, sem hann vill, þótt það kunni að dragast nokkrar vikur, en að fá einhvern sem allra fyrst og það ef til vill þann, sem þeir vilja síður, enda ber það opt við nú, að brauð standa lengi óveitt. Að því er kostnaðinn snertir, þá er það ekki rjett hjá h. þm. Eyf. (A. O.), að jeg vildi láta söfnuðina hafa rjettinn; en ekki skyldurnar, sem stæðu í sambandi við rjettinn. Jeg veit ekki betur, en hver sókn taki tiltölulega þátt í kostnaðinum, þótt hann væri borgaður af jafnaðarsjóði, því að jafnaðarsjóðsgjaldi er jafnað niður tiltölulega. (*A. Ó.:* Það kemur ekki jafnt eða rjett niður, því að því er jafnað niður á lausafjárhundruð). Já, það veit jeg mikið vel; að það er greitt eptir lausafjáreign, en kemur það þá ekki tiltölulega furðujafnt niður? Jafnaðarsjóðsgjaldið er almenn byrði, sem hvílir á amtinu. Þess vegna er það enginn ójöfnuður, að kostnaðurinn greiðist af jafnaðarsjóði, og það er ekki eins tilfinnanlegt fyrir söfnuðina. En þar á móti gæti það dregið úr söfnuðum að nota kjörrjett sinn, ef það ætti að jafna kostnaðinum beinlínis niður á þá sjálfa, enda ekki hentugt nje sanngjarnt, að leggja á menn þorgunarlaust að innheimta sjerstaklega þvílíkt gjald, og það verður ekki sanngjarnara fyrir það, þótt sú byrði liggi á mönnum að því er innheimtu á sveitargjöldum snertir.

Atkvæðagreiðsla:

1. gr. samþ. með 20 atkv.
2. — — — 20 —

Breyt.till. nr. 233 við 3. gr. samþ. með 21 atkv.

3. gr. samþ. með 21 atkv. með á orðnum breytingum.
4. gr. samþ. með 21 atkv.
5. — — — 20 —
6. — — — 21 —
7. — — — 21 —
8. — — — 20 —

Breyt.till. nr. 232 fyrri hluti samþ. með 15 atkv.

9. gr. með á orðnum breyt. samþ. með 22 atkv.
10. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. nr. 232 við 11. gr. samþ. með 16 atkv., og 11 gr. þar með fallin.

12. gr. samþ. með 21 atkv.

Að málið gengi til 3. umr. var samþ. í einu hljóði.

Frv. til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum (C. 177, breyt.till. 232, 233 og 276); 2. umr.

Th. Thorsteinson: Jeg hefi komið með breyt.till. (C. 233), sem gengur í þá stefnu, að rýmka um sveitaverzlun, án þess þó að staðurinn sje ákveðinn út í bláinn; því að jeg tel heppilegt, að hreppsnefnd og sýslunefnd ákveði, hvort þessi og þessi staður sje haganlegur eða ekki. Með því fæst trygging fyrir hentugum stað. Það er óheppilegt, að binda sveitaverzlun við það, að menn sjeu búsettir, eins og nú er, og því vildi jeg afnema þetta skilyrði.

Að því er snertir breyt.till. mínar við 1. gr., þá skal jeg geta þess, að nú eru lausakaupmenn hjer um bil hættir að koma til landsins, nema Norðmenn með timbur. Þess vegna er ekki þörf á að leyfa lausakaupmönnum að verzla með annað en þunga- og nauðsynjavöru, nefnilega timbur, kol, salt og kornvöru. Með því er fengin trygging fyrir, að vínfangasala eigi sjer ekki stað hjá þeim, eins og nú vill brenna við hjá lausakaupmönnum.

Holger Clausen: Jeg vil spyrja, hvort menn með þessu geta kontrollerað vínfangasölu? Ef það er meiningin, þá mega þeir ekki hafa með sjer nein vínföng, og ef það er ákveðið, þá geta þeir ekki verzlað með vínföng. En ef það ákvæði vantar, geta þeir farið inn á hverja vík og vog og »smúglað« með brennivín. Menn byrja opt með að segja, að þeim sje ekki kappsmál, og það ætla jeg líka að segja í þessu tilfelli.

Tryggvi Gunnarsson: Þetta frv., sem komið er frá Ed., fer fram á að auka rjett lausakaupmanna þannig, að þeir megi einnig verzla á ólöggiltum höfnum; nú sem stendur mega þeir að eins verzla á lög-

giltum höfnum. Fyrir þenna aukna rjett eiga þeir að greiða 25 kr. gjald í landssjóð. Þar sem búsettir kaupmenn þurfa að borga talsverð gjöld, bæði til landssjóðs og sveitaþarfa, þá býst jeg við að h. deild þyki mikil sanngirni mæli með því, að lausakaupmenn sleppi ekki við að gjalda nokkuð líka. Hingað til hafa þeir verið gjaldfríir, og hafa þannig haft betri kjör en búsettir kaupmenn, en slíkt er þó bersýnilega órjett, að útlendir menn skuli hafa minni skyldur en landsmenn sjálfir. Frumv. Ed. fer fram á, að lausakaupmenn fái að verzla borgunarlaust á löggiltum höfnum, og þurfi ekki að greiða meira en 25 kr. fyrir að verzla hjer við land heilt sumar; en þetta gjald virðist mjer vera allt of lítið og höfum við þm. Eyf. (A. Ó.) því komið með breyt., sem fer fram á að gjaldið skuli greiðast 25 kr. fyrir hvern stað, sem lausakaupmaður verzlar á, hvort heldur staðurinn er löggiltur eða ekki. Gjald þetta er að sönnu lágt, en þó dregur það sig saman, ef hlutaðeigandi verzlar á mörgum stöðum. Leyfið á að gilda að eins fyrir eitt ár, því að það er óhugsandi, að gefa mönnum, sem eru ekki búsettir hjer á landi, leyfi fyrir lengri tíma.

Í frv. er ákveðið, að gjaldið renni í landssjóð, en eptir breyt.till. okkar þm. Eyf.(A. Ó.) á gjaldið að renna í hlutaðeigandi sýslusjóð eða bæjarsjóð, og er það samkvæmt ákvæðum laganna 7. nóv. 1879.

Breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) nr. 201 minnkar rjett lausakaupmanna, því hingað til hafa þeir mátt verzla á löggiltum höfnum með alls konar vörur, vínföng með talin, en með breytingartill. er rjettur þessi tekinn af þeim, þar sem þeir ekki mega verzla með annað en trjávið, kol, salt og kornvöru, og auk þess þurfa þeir að greiða 25 kr. gjald fyrir hverja höfn sem þeir áður hafa verið fríir fyrir. Þetta þykir mjer of hart gagnvart þeim. Ekki get jeg heldur fallizt á breyt.till. hins sama h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) nr. 226. Jeg get ekki skilið í, hvað honum gengur til að vilja fella burt orðin: »Með áfenga drykki er honum þó óheimilt að verzla nema á löggiltum höfnum«, því að með þessu vill hann gefa þeim leyfi til að verzla með vínföng hvar sem er. *(Forseti:* Jeg vil leyfa mjer að benda h. þm. (Tr. G.) á, að þetta er breyt.till. við breyt.till. nr. 201).

Svo kemur h. sami þm. (Th. Th.) með nýja grein, um það, að búlausir menn geti einnig fengið leyfi til að reka sveitaverzlan. Ekki get jeg sjeð, hvað mælir með, að þessir búlausu menn skuli borga 25 kr., sem er helmingi minna en búsettir menn þurfa nú eptir lögum 7. nóv. 1879, 5. gr. Jeg vil halda fast við ákvæði þessara laga, að að eins búsettir menn fái að reka sveitaverzlun. Með þessari nýju gr. komast ef til vill að verzlun margir smáprangarar, með ónauðsynjavörur, sveitunum til stórskaða, því ekki er hætt við, að sýslunefndin neiti um leyfið; sú skoðun ríkir nú víðast, að verzlunin sje því betri, sem á fleiri stöðum sje verzlað; þeir álíta, að þá verði samkeppnin meiri.

Jón Ólafsson: Jeg var mótfallinn frumvarpi því, sem hingað kom frá Ed.; en jeg get miklu fremur orðið hlynntur þessu máli nú, ef þær breytingar, sem hjer liggja fyrir, ná fram að ganga. Breyt.till. h. 2 þingmanna (nr. 198) er mikið til bóta, því þar er af tekinn sá órjettur, að lausakaupmenn útlendir sleppi við greiðslu fyrir verzlunarleyfið; en gjaldið er of lítið. Jeg hygg líka, að það hefði verið heppilegra, að heimild væri gefin til að jafna niður á þá aukaútsvari. En samt sem áður eru þessar breyt.tillögur betri en hið upphaflega frv., og betri en það ástand, sem nú er. En bezt fellí jeg mig við breyt.till. h. þm. Ísf. (Th. Th.), því hún gefur útlendum lausakaupmönnum ekki leyfi til að verzla með annað en salt, kol, timbur og kornvöru, þá vöru, sem bæði er nauðsynleg og sem líka opt fæst með betra verði hjá öðrum en samþegnum vorum. Gjaldið er líka hæfilega hátt þar, þegar litið er til þess, að lausakaupmenn fá eigi að verzla með annað en þessar vörur. Jeg kann líka vel

þessa nýju grein; það er heppilegt, að farið sje eptir legu staðarins, en ekki eptir manngreinaráliti um það atriði, hvort lausaverzlun skuli leyfa, og að því leyti tekur þetta breyt.atkv. fram lögunum frá 1879. H. varaforseti (Tr. G.) hafði á móti því, að færa gjaldið niður úr 50 kr. niður í 25 kr. En þess ber að gæta, að þetta leyfi kostar 50 kr. á löggiltum verzlunarstöðum, allt svo þar sem vínsala er og með, og þess vegna er það sanngjarnt, að það að eins kosti 25 kr. á öðrum stöðum, þar sem ekki er leyfilegt að selja vín. Jeg álít sem sagt lögin um sveitaverzlun að þessu leyti fallin úr gildi, ef þetta nær fram að ganga, og vona jeg, að svo verði; að minnsta kosti gef jeg þessum breyt.till. atkv. mitt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er ekki viss um, að jeg skilji rjett breyt.till. h. þm. Ísf. Önnur breyt. nr. 201 er við frv., og svo aptur nr. 226 breyt. við þá breyt.-till., þ. e. nr. 201. Er ekki svo? *(Th. Th.:* Jú, það er rjett). Jeg skal þá fyrst skoða þessar breyt.till. í sambandi sín á milli og síðan í sambandi við breyt.till. okkar h. varaforseta og mína. Ef jeg ber saman breyt.till. nr. 201 við nr. 198, þá er 1. gr. eins í báðum, nema nr. 201 hefir viðaukann, að þessir lausakaupmenn megi ekkert selja, nema salt, kol, timbur og kornvöru. Í þessu felst það, að enginn lausakaupmaður má verzla með eða flytja hjer til lands annað en þessar vörur, þess vegna hvorki nýlenduvarning, ljerept, járn eða nokkuð annað. Þessi ákvörðun er svo þröng, að eg hygg, að enginn lausakaupmaður vilji hjeðan af verzla við bændur. Svo er víst, að á norðurlandi hafa lausakaupmenn jafnan meira og minna af kramvöru, og kaffi, sykur, ljerept, og annað þess háttar. Og af þeim vörum hafa þeir mestan sinn hagnað. Með þessu fyrirkomulagi, sem nr. 201 fer fram á, er þeim nú allt þetta fyrirmunað, og með því verzlun þeirra að mestu gerð ónýt. En ef jeg nú skoða nr. 226 í sambandi við 201, þá skil jeg ekki, hvers vegna h. þm. vill fella burtu orðin: »Með áfenga drykki er honum þó óheimilt að verzla nema á löggiltum höfnum». Það er þó ekki líklegt, að h. þm. vilji með því að fella burt þessa ákvörðun, gefa þeim leyfi til að selja áfenga drykki á ólöggiltum höfnum. Því til hvers væri að gefa þeim leyfi að selja þar áfenga drykki, ef þeir samkvæmt breyt.till. nr. 201 eigi mega flytja inn annað en salt, kol, timbur og kornvöru? Þá yrðu lausakaupmenn að kaupa þá áfengu drykki hjer á landi, svo þetta leyfi gæti ekki orðið landsmönnum að liði. Jeg verð því að vera á móti þessum breyt. báðum, því hvor þeirra rekur sig á aðra, og hin fyrnefnda gerir verzlun lausakaupmanna ónýta, að minnsta kosti á norðurlandi.

Tilgangur okkar varaforseta með okkar breytingartill. var sá, að þrengja ekki að lausakaupmönnum, heldur láta þá halda því leyfi, sem þeim er veitt í frv. h. Ed., en höfum einungis bætt því við, að þeir skuli greiða 25 kr. á hverri höfn, sem þeir verzla á. Þetta er ekki að álíta sem þrenging, og því síður afarkosti, því þótt lausakaupmaður verzli á 4—5 höfnum, — og fáir verzla á fleirum — eru það ekki meira en 100 kr. til 125 kr., og verður að álíta það lágt gjald í samanburði við það, sem fastir kaupmenn þurfa að gjalda, bæði tekjuskatt af verzlun sinni og aukaútsvar. Við þetta hvorttveggja eru hinir lausir. Bæjargjald eða aukaútsvar kaupmanna er venjulega miklu hærra en tekjuskattur þeirra í landssjóð, og þess vegna höfum við og gert þá breyt., að þetta gjald lausakaupmanna skuli renna í hlutaðeigandi sýslusjóð eða bæjarsjóð. Um seinni till. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), að skjóta inn í nýrri gr., skal jeg ekki tala, því h. varaforseti (T. G.) hefir tekið fram hin helztu mótmæli móti henni, og skal jeg láta það nægja.

Th. Thorsteinson: H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir gert mjer ljett að svara þeim mótmælum, sem fram hafa komið um breyt.till. mínar, því hann hefir gert grein fyrir þeim, og tekið það fram, sem jeg hefði þurft að segja. En jeg undrast það, að bæði h. varaforseti (T. G.) og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hafa báðir misskilið breyt.till. nr. 226. Jeg vona, að þeir geti báðir áttað

sig á þeirri breyt.till., ef þeir gæta vel að. Það á, sem sagt, alls ekki við í breyt.till. nr. 201, að tala neitt um sölu áfengra drykkja á ólöggiltum verzlunarstöðum, þar sem þessum lausakaupmönnum er þar bönnuð öll sala, nema salt, kol, timbur og kornvara. Þessi setning um vínsöluna er því sjálfsögð að falla burtu, því hún er óþörf.

En jeg vona, að h. deild sjái það, að það er heppilegt, að taka þessa nýju grein inn í frv. Það er sett sýslunefndum og hreppsnefndum í sjálfsvald, að veita eða neita um þetta leyfi. Þar sem þeim sýnist ástæða vera til að fjölga verzlunum, geta þær veitt þetta leyfi; en sje þeim ekki um það hugað, að aukaverzlunum fjölgi, eins og mjer er kunnugt um, að það er ekki lengur almennt álit, að heppilegt sje að fjölga verzlunum um of, af því menn eru farnir að sjá, að smá sveitaverzlanir eða þær nú víða byrjuðu sveitaverzlanir opt hafa einokun í för með sjer, og þessu er mest við að búast, ef eingöngu bændur mættu verzla; þeir mundu nefnilega banna öllum öðrum að byrja þessa atvinnu við hliðina á sjer.

En ef mín breyt.till. kemst að, getur einnig í sveitaverzlun komið keppni, og með þessu getur þingið komizt hjá að löggilda nýja verzlunarstaði.

En þar sem sveita- og sýslunefndir álíta, að verzlan sje ekki heppileg, þá geta þær neitað að veita þetta leyfi. H. þm. Eyf. (A. Ó.) tók fram, að lausakaupmenn mundu hætta að verzla á norðurlandi, ef þeir ekki fengju að verzla með annað en salt, kol, timbur og kornvöru. Það getur vel skeð, að svo verði; jeg hygg, að lausakaupmenn frá útlöndum sjeu nú þegar fáir orðnir, og að þeir heldur ekki geri landsmönnum svo mikið gagn. En hitt veit jeg, að fastir kaupmenn tíðka það, að senda skip sín með ýmsan varning á ýmsar hafnir, og af því þeir hafa meiri skyldur að bera, er sanngjarnt, að þeir hafi meiri rjettinn. Það er auðvitað, að lausakaupmenn hafa leyfi til að koma með hvaða farm, sem þeir vilja, og selja hann föstum kaupmönnum. Og ef það virðist ekki nægilega ljóst hjer, er jeg fús til að koma með breyt.till. í þá átt við 3. umr.

Atkvæðagr.: Síðan var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

Breyt.till. nr. 226 samþ. með 14 atkv.
—— — 201 1. gr. felld með 13 —:4.
—— — 198 samþ. — 15 —

Þar með var 1. gr. frv. fallin.

2. gr. frv. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. nr. 201 (ný grein) samþ. með 12 : 5; verður því 3. gr.

3. gr. frv. nú 4. gr. samþ. með 16 atkv.

4. — — nú 5. gr. —— — 16 —

Fyrirsögn á nr. 198 fallin.

—— á nr. 201 samþ. með 16 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Uppástunga til þingsályktunar um rannsókn á hag manna í Vestur-Skaptafellssýslu og vesturhluta Snæfellsnessýslu (C. 226); ein umræða.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hef leyft mjer að koma með þessa uppástungu, af því jeg veit, að ástandið í þessum hjeruðum er bágborið og fer að öllum líkindum versnandi; þess konar uppást. geta menn ekki búizt við að komi frá stjórninni, enda hefir hún ekki ráð á fje til slíkra fyrirtækja; varla getum vjer heldur búizt við, að þær komi frá hjeraðsbúum sjálfum, því það hvílir einhvers konar deyfð og drungi yfir þeim af þessu volæði. Jeg veit það, að áður var álitið gott landspláss kring um Snæfellsjökul og fiskisælt vel, því það pláss telur M. Stephensen í »Eptirmælum 18.aldar» eitt hið bezta fiskiver landsins; en uppgjafabeiðslur á hallærislánum með fleiru sýna, að nú er þar öðru máli að gegna um aflabrögð, manndóm, og megun; því það er víst, að fiskiveiðum fer þar heldur aptur, og það mun margt benda á, að ástandið með menntunina sje þar ekki heldur gott. Í Skaptafellssýslu er dálítið öðru máli að gegna; þar fer landinu mjög svo aptur af völdum náttúrunnar, og yfir höfuð er þar víst heldur bágt ástand. Þetta þarf að bæta, ef unnt væri, og vjer verðum að játa, að alþingi á að vera nokkurs konar líflæknir þjóðarinnar, og það er ekki álitinn góður læknir, sem kaupir alls kyns dýra áburði

til að bera á einhverja meinsemd, í staðinn fyrir að stinga á henni; hvað er hjer gert, ef veitt er lán á lán ofan, og svo gefnar eptir leigur, en ástandið má ske allt af fer versnandi, án þess að vjer þó vitum gjörla, af hvaða ástæðum? Nú vil jeg óska nákvæmari skýringar frá h. háttv. viðkomandi alþingismönnum um ástandið í þessum hjeruðum, með því jeg er því ekki nógu kunnugur, eins og kann ske fleiri h. þm.

Ólafur Pálsson: Jeg get verið h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) þakklátur fyrir það, að hann hefir komið fram með þessa tillögu, því jeg veit honum hefir gengið gott eitt til þess. En allt fyrir það finnst mjer dálítil mótsögn í þessu hjá h. þm. Jeg kom fram með tillögu um daginn, að meta að nýju nokkrar jarðir í Skaptafellssýslu, en það vildi hann ómögulega, vegna kostnaðar af landssjóði, og svo kemur hann fram með þessa tillögu. Hitt þóttu honum of mikil útgjöld fyrir landssjóð; en þetta held jeg hafi ærinn kostnað í för með sjer, að senda menn austur og vestur um allt land, og láta þá húsvitja í hvers manns búri og rannsaka menntun hvers manns. Yfir höfuð verð jeg algjörlega á móti þessari tillögu, af því mjer finnst hún allsendis óþörf.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Við þessu gat jeg alls ekki búizt, að h. þm. snerist svona öfugt við þessu þarfamáli kjósenda sinna; jeg er nú að vísu ekki sögufróður, en jeg minnist ekki að hafa opt sjeð, að sá, sem átti að halda skildi, hjyggi skjólstæðing sinn, en hjer höggur sá, er hlífa skyldi, og sje jeg ekkert á móti, að húsvitjað sje þar austur frá; en það heyrir helzt til umboðsmanni landssjóðseigna, að húsvitja í búrinu í tilliti til smjörgjaldsins, eins og jeg líka álít það þarft, ef ástandið er eins og jeg held það sje, og þingmaðurinn hefir einmitt sjálfur sannað með 2 frumv., er hann hefir flutt hjer inn á þing, að ástandið sje bágborið; en hann vill líklega ekki, að þessi meinsemd verði þjóðkunn; en svo vildi jeg biðja þingmanninn að skýra, hvað hann meinti, er hann sagði 1883, að svo mætti brýna deigt járn, að biti; ætlaði hann í herferð með apturúrgengna sjálfskeiðunga?

Holger Clausen: Jeg get líka verið þakklátur h. flutningsm. (Þ. G.) fyrir þessa tillögu, því ástandið í Snæfellsnessýslu er hreint ekki glæsilegt. Jeg veit vel, að fiskiríið undir Jökli er ekki eins mikið nú eins og fyrir 100 árum; en þá vil jeg biðja h. þm. Árnes. (Þ. G.) að gera svo vel og segja okkur, hvernig við eigum að fara að fiska, og koma vestur, og kenna okkur fiskiveiðar; innanhjeraðsmenn geta náttúrlega ekki dæmt um þetta; því þá vantar menntun til þess; en þótt h. þm. þyki þessir menn í Snæfellsnessýslu hafa orðið svo óheppnir, að fá þann mann á þing, sem eptir hans áliti kynni að vera ekki vel menntaður, þá má hann ekki dæma alla eptir honum. Það væri gott, ef hann vildi koma vestur og kenna okkur og mennta okkur, og við gætum, ef til vill, kennt honum eitt, og það er að dæma ekki um það, sem hann ekkert skilur í.

Eirikur Kúld: Jeg get tekið að vísu í sama strenginn, og þakkað h. flutningsm. (Þ. G.) fyrir þá landsföðurlegu umhyggju, sem hann virðist bera fyrir Snæfellingum bæði í andlegum og líkamlegum efnum. Annar eins þjóðkunnur búmaður og hann mundi sjálfsagt mikið geta bætt búhag þeirra, og líklegt væri, að landstjórninni sæist ekki yfir jafnþjóðkunnan bónda til þeirrar ferðar, sem h. flutningsmaður er. En hið andlega ástand í þessum hjeruðum er ekki þannig, að hann væri fær um að kippa því mikið í lag, þótt hann kæmi og færi snöggvast í kring um Jökulinn. Jeg gef ekki atkvæði mitt með þessari till., af því jeg er ekki heldur alveg viss um, að h. flutningsm. verði í þessari sendiför, og þá er því síður víst, að þetta verði til nokkurra bóta, en það hefir sjálfsagt ærinn kostnað í för með sjer.

Benedikt Sveinsson: Mjer er vel kunnugt um, að ástandið í Skaptafellssýslu er hvergi nærri glæsilegt, og jeg þekki ekki nokkurn kjálka landsins, sem verður fyrir öðrum eins og jafn stöðugum ómildum

árásum af völdum náttúrunnar; en jeg vil ekki bæta ástandið hjá þeim, með því sem jeg álít enga bót í og mínum kæru gömlu Skaptfellingum fremur til skapraunar og hneisu, og það um skör fram. Í tillögunni segir, að tveir valinkunnir menn utanhjeraðs—annar þjóðkunnur bóndi!—skuli látnir rannsaka búnaðarástandið og menntunarástandið í þessum tilteknu hjeruðum, og ef þessum »landsföðurlega« tilgangi uppástungumannsins yrði framgengt, þá yrði þetta að vissu leyti nokkurs konar sálnamat, og held jeg að það ætti ekki betur við en jarðamatið í Skaptafellssýslu, sem jeg ætla að ætti þó enn þá ver við, enda þótt hinn háttvirti uppástungumaður berðist á móti því, með hnúum og hnefum, sem menn segja, fyrir fám dögum. Þetta sálnamat, sem jeg vil kalla eins konar brennimark í menntunarlegu tilliti eða öllu heldur í menntunarleysislegu tilliti á Skaptfellingum hjer á þinginu, verð jeg öldungis að frá biðja þeim. Þeir eru yfir höfuð góðir menn og guðræknir, eptir því, sem gjörist, og halda vel við sinni heimilismenntun, sem ber höfuð og herðar yfir skólajarminn á suðurlandi, já, í kjördæmi hins háttvirta flutningsmanns. Jeg skal til dæmis því, að Skaptfellingar standa alls ekki svo mikið á baki öðrum hjeruðum landsins í þjóðlegri, íslenzkri menntun og fræði, geta þess, að jeg heyrði Dr. Scheving segja, að einmitt frá Skaptfellingum hefði hann fengið fjölda af fornum íslenzkum orðum, sem hefðu varðveitzt þar og hvergi annarstaðar á landinu. Hvað búnaðarástandinu viðvíkur, þá held jeg að utanhjeraðsmenn geti ekki eins vel dæmt um það, t. d. menn norðan úr landi, sem þó helzt ættu að vera hæfir til þess; þeim er, segi jeg, ekki eins hægt að gjöra sjer hugmynd um, hvað bezt hentar þar, eins og einmitt Skaptfellingum sjálfum. Ef uppástungan hefði hljóðað um það, að vita, hvort ekki mætti sjá ráð til að koma á gufubátsferðum með suðurlandinu, þá hefði jeg verið með henni, og jeg vil hjer í tilefni af þessu geta þess, svo það sjáist í alþ.tíð., hvort ekki væri íhugunarvert fyrir hjeraðsbúa og þingið og landsstjórnina, að reyna að ljetta hina örðugu aðdrætti og stopulu samgöngur með því, að reyna að koma vörum upp í Dýrhólaey. Jeg fyrir mitt leyti hefi mikið hugsað um það mál, með sjálfum mjer, síðan jeg var ungur maður, því jeg er borinn, barnfæddur og upp alinn í Skaptafellssýslu—en atvik og kringumstæður hafa ollað því, að jeg hefi ekki komið fram opinberlega með þessa hugsun; en á seinni árum hefi jeg sannfærzt um, að það sjálfsagt mætti búa svo um, að hægt væri þegar, landátt væri, og ekki hafátt eða brimrót, og yfir höfuð þegar brimlítið væri, að koma vörum upp á Dyrhólaey, en þá væri með því fenginn hin mesta hjálp, sem Skaptfellingum yrði veitt. Með uppástungu í slíka átt skyldi jeg vera, en með annari eins uppástungu eins og þessari get jeg ómögulega verið, því jeg álít, sem sagt, ekki svo mikinn mun á Skaptfellingum og mönnum í öðrum hjeruðum, hvorki í menntalegu nje búnaðarlegu tilliti, að vert sje að gjöra svona mikinn rekstur út úr því eða verja stórfje úr landssjóði til að rannsaka það. Jeg álít þetta satt að segja Skaptfellingum til hreinnar og beinnar minnkunar, og það er sannarlega tvöfalt gönuskeið, að eyða landssjóðsfje til þess.

Þorsteinn Jónsson: H. þm., sem síðast talaði, tók það fram, sem jeg hafði hugsað mjer að segja, nefnilega, að nauðsynlegt muni vera, að skoða strendurnar, hvort þeir í Skaptafellssýslu ekki muni geta fengið vörur nær sjer, en þeir hafa getað fengið hingað til, og held jeg ugglaust, að með gufubát mætti mikið bæta úr hinum örðugu aðdráttum. Jeg er að vísu h. flutningsmanni (Þ. G.) þakklátur fyrir tillögu hans, því jeg veit, að hann hefir haft góðan vilja með hana, en jeg get samt ekki gefið henni atkvæði, af því, að jeg sje ekki, að þeir hafi neitt upp úr henni.

Arnljótur Ólafsson: Mjer þykir þetta mál fá nokkuð undarlegar undirtektir hjer í deildinni; flestir þakka flutningsmanni fyrir þessa tillögu sína, en enginn vill þó

þiggja hana, og sumir hafa jafnvel sett í hann ónot jafnframt þakklætinu. Sumir hafa talið þetta svívirðing fyrir sveitir þær, sem hjer er um að ræða. Og það er þó undarlegt. Því í hinu hversdagslega lífi, ef einhverjum er illt, þá spyr læknirinn vanalega: Má jeg skoða? Hvar er það? Og hvernig er meininu varið? Svona fer læknirinn að, til þess að vita hver sjúkdómur þetta sje og hve hættulegur. Þetta vill þingið ekki. Þingið veit mikið vel, að það er eitthvað að í þessum sýslum. Bænarskrár um uppgjöf á skuldum koma þaðan. Selurinn þykir slæmur á sjónum og aðrir meinvættir á landi, svo sem Hafursá og Rifsós. Þetta álít jeg nauðsynlegt að skoða. Flestar endurbætur á hag vorum Íslendinga á átjándu öld eru einmitt eptir tillögum nefnda, sem sendar hafa verið út um landið, til þess að rannsaka ástand og hag landsbúa. En nú má ekki skoða. Það þykir vansæmd. Jeg verð að taka ræðu þeirra h. þm., sem talað hafa á móti þessari till. (B. Sv., H. Cl., E. K., Þ. J., Ó. P.) eins og vottorð um, að þeir vilji ekki láta skoða hjá sjer, af því, að ástandið sje í raun og veru ekki eins aumt, eins og það er sagt, heldur sjeu þetta mestmegnis skrópar. Nú vitum vjer, að allt, sem hjer er að, það er bæði að kenna náttúrunni, t. d. fiskileysi, illri veðurátt, harðæri, eldgosum o. fl., og í annan stað mönnunum sjálfum, hvernig þeir bera sig eptir björginni. Eins og stormur getur verið ofmikill fyrir ónýtan og veikan bát, þar sem sterkur bátur hefir þægilegasta leiði í sama stormi, eins bjargast þeir bezt áfram, sem bezt kunna að nota sjer gæði náttúrunnar. Jeg álít því uppástunguna þarfa og gef atkv. með henni, enda er þetta aðferð, sem hefir allt af verið brúkuð, ekki einungis hjer á landi, heldur einnig annarstaðar, t. d. í Noregi; þar eru búfræðingar látnir ferðast um, og bera saman búnaðarháttu manna, þá sem beztir eru, og þá sem verstir eru, og gæti slíkt mikið bætt búskapinn hjá oss, ef vjer notuðum búfræðinga vora á þennan hátt.

Þorkell Bjarnason: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) tók nú reyndar fram margt af því, sem jeg ætlaði að geta um, er jeg bað um orðið. Jeg er flutningsmanni (Þorl. G.) þakklátur fyrir að hafa komið með þessa uppástungu, og það í alvöru. Eins og h. þm. Eyf. (A. Ó.) gat um, var títt á 18. öldinni, að senda menn bæði til landsins og um landið, til að kynna sjer hag landsins; þeir Páll Vídalín og Árni Magnússon ferðuðust hjer um land á 18. öldinni, til að kynnast háttum manna og öllum hag, og leggja ráð við því, sem miður fór, og 1770 ferðaðist Fjeldsted og 2 aðrir um landið, og fyrir þeirra uppástungu eru margar umbætur gerðar, og mjer er óhætt að segja, að flestar umbætur á síðara hlut 18. aldar eru af þeim rótum runnar. Ef menn kynna sjer stjórnartíðindi Íslands, þá geta menn víst ekki verið í efa um, að Snæfellingar eru bágstaddir mjög, svo ekki mun vera óþarfi, að líta eptir hjá þeim; þeir hafa eptir 1861 mjög opt beðið um lán eða uppgjöf á lánum; þetta geta menn kynnt sjer ef menn lesa stjórnartíðindi undanfarandi ára. Það má líka geta nærri, hvílíkur hagur Skaptfellinga er, þegar gætt er að, hve erfitt þeir eiga með alla aðdrætti og aðflutninga, og hversu langt þeir eru frá aðalmenntunarsetri landsins. Enda get jeg tilfært dæmi, sem sýna það, hve mikil bágindi eru þar, bæði andleg og líkamleg. Jeg hefi haft í mörg ár vinnukonu þaðan, sem sagðist hafa fleirum sinnum átt svo bágt, að hún hefði tímum saman lifað á eintómum mjólkurdropa, að mig minnir 1 mörk í mál. Hún tók og einn vetur út svo mikið hungur, að hún varð jafnvel að leggja sjer til munns töðu. Einu sinni fluttist bóndi inn í mitt prestakall úr Skaptafellssýslu, og hann var svo við barn eitt, sem hann tók, af því, að hann hjelt að það væri umskiptingur, að jeg varð að taka það af honum; og hann hjelt, að huldufólk væri í hverjum steini og hól, og vildi reyna til að sannfæra mig um þetta. Þetta dæmi sýnir menntunarástandið hjá Skaptfellingum. Þess vegna er það eigi ástæðulaust, að komið er fram með þessa uppást., sem hjer

liggur fyrir, til þess að þingið hlutist til um, að skynsamir menn geti ferðast þar um og lagt góð ráð til að bæta hag viðkomenda.

Þórarinn Böðvarsson: Af því jeg er kunnugur mönnum í báðum sýslunum, vil jeg taka þátt í þessum umræðum með fáeinum orðum. Jeg vil ekki segja, að jeg sje flutningsmanni (Þ. G.) þakklátur fyrir þessa uppástungu; en það er langt frá, að jeg álasi honum. Að því er Skaptfellinga snertir, þá hef jeg fyrir mjer orð hins fyrverandi prófasts þar, um menntun þeirra, og sagði hann, að þeir væru að því leyti eigi ver staddir, en alþýðumenn í öðrum hjeruðum landsins, þar sem hann þekkti til. Að því er Snæfellinga snertir, þá er jeg viss um, að prófastur þeirra hefir eptirlit með menntunarástandi þeirra, svo að h. 1. þm. Árnesinga þarf eigi úr því að bæta. En að því er efnahag þeirra snertir, þá veit jeg svo mikið, að þeir hafa nú um langan tíma ekki fengið jafnmikið lán, sem Gullbringu- og Kjósarsýsla. Jeg veit til, að búfræðingur hefir ferðazt um Snæfellsnessýslu í 2 hin síðustu ár, og sýnir það hið gagnstæða því, sem fram er borið, að þar sje fullkomið rænuleysi. Ef þingmenn gætu hugsað eitthvert ráð til að efla búnaðinn hjá þeim, eins og h. þm. N.-Múl. (B. Sv.) var að tala um, þá skyldi jeg vera fús á að greiða atkv. mitt með fjárveiting til þess. En á móti þessari tillögu verð jeg að greiða atkvæði, af því jeg álít hana ástæðulausa.

Holger Clausen: Jeg er ekki nægilega kunnugur ástandinu í þessum sýslum. Engin bænarskrá hefir komið um lán úr Snæfellsnessýslu; en Gullbringu- og Kjósarsýsla hefir beðið um 20,000 kr. lán, og þyrfti þá ekki síður að rannsaka ástandið þar. H. þm. G.-K. (Þork. Bj.) talaði mikið um, að hann hefði fengið að vita um ástandið í Skaptafellssýslu á vinnukonu úr Skaptafellssýslu; en jeg held að vinnukonur sjeu ekki meira »autoritet« en menn, þó h. þm. (Þork. Bj.) þyki það kann ske. Mjer finnst það ekki rjettur tími, að koma með þetta nú.

Jón Jónsson: Þótt jeg væri búinn að biðja mjer hljóðs, ætla jeg ekki að taka til máls að sinni, af því að jeg vil að flutningsmaðurinn (Þ. G.) komist að.

Ólafur Pálsson: Jeg held að uppástungumaður (Þ. G.) hafi misskilið mig áðan. Jeg var hreint ekki vondur út af uppást., en sagði, að enginn árangur yrði af henni. En eitt get jeg sagt þeim h. þm. Eyf. (A. Ó.) og 1.þm. Gullbr. og Kjósars. (Þ. Böðv.), að ef þeir sæktu um brauð í Skaptafellssýslu og fengju þar brauð, þá veit jeg, að þeir gætu bætt mikið ástandið þar, víst hvað menntun snerti, og sparað þar annan manninn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg veit, að þessi uppástunga er borin fram í bezta tilgangi; en mjer sýnist eigi vera full ástæða til hennar. Vestur-Skaptfellingar hafa eigi kvartað um nokkur bágindi, og eigi hafa þeir heldur beðið um gjafir nje lán, sem er bezta sönnun fyrir því, að ástandið er þar eigi eins bágborið og látið er í veðri vaka. Miklu nær finnst mjer standa, að rannsaka ástandið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem í allt og allt hefir beðið um 191,000 kr. að gjöf eða láni. Reyndar á þetta að vera að miklu lán; en vanalega gengur svo til, að nokkru eptir að lánin eru fengin, er farið að biðja um uppgjöf á þeim, og er jeg illa svikinn, ef ekki verður á næsta þingi beðið um einhverja tilslökun eða uppgjöf á einhverju af þessu láni. Ef menn vilja fá greinilegar skýrslur um ástand manna í þessum hjeruðum, sem hjer ræðir um, má fá þær eins góðar hjá hreppsnefndum og sýslunefndum, eins og þótt tveir menn ferðuðust um sýslurnar. Mjer þætti þetta ágæt uppástunga, ef tilætlunin væri sú, að rannsaka, hvort t. a. m. eigi væri hægt að greiða fyrir með höfn, og sendir væri menn til að rannsaka það. H. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að það væri almennt í Noregi, að senda búfræðinga til að kynna sjer hag og háttu manna í ýmsum hjeruðum; slíkt væri efalaust hjer einnig æskilegt, en það

þarf eigi að senda neina nefnd til þess. Í sumar er nú búfræðingur sendur austur um Skaptafellssýslu eptir tilhlutun búnaðarfjelags Suðuramtsins,og skal jeg framvegis styðja að því, að búfræðingur komi þar næsta ár, ef jeg fæ að ráða. Mjer er eigi kunnugt menntunarástandið þar; en ýmsir menn hafa flutt þaðan hingað til bæjarins, sem jeg hef komizt í kunningsskap við, og get jeg alls eigi af þeim ráðið, að menntunin muni vera þar minni, en víða annarstaðar hjer á landi; eigi veit jeg heldur, að þeir, sem hafa komið þaðan hingað, hafi síður reynt að bjarga sjer en aðrir. *(H. Clausen*: Eru Snæfellingar þar með taldir?) Þeir hafa líka komið hingað, og get jeg heldur eigi borið upp á þá, að þeir hafi eigi reynt að bjarga sjer.—Það dæmi, sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) kom með um manninn, sem hugði barnið umskipting, finnst mjer eigi sanna mikið. Þótt þessi eini maður hefði þessa skoðun, má eigi þar af álykta, að allir sjeu eins og hann. Hjer á landi á hjátrú sjer stað líklega víðar en í Skaptafellssýslu. Þeir h. þm., sem talað hafa, hafa eigi enn sýnt nauðsynina til þessarar sendifarar, og get jeg því eigi fallizt á uppástungu þessa.

Jón Jónsson: Jeg ætla mjer að vera stuttorður, og að eins lýsa yfir því, að uppástungan finnst mjer heppileg og margt mæla með henni. Jeg get að vísu eigi fallizt á, að menntunin sje miklum mun minni í Skaptafellssýslu en annarstaðar á landinu; en erfiðleikar eru þar margir, og vildi jeg að það yrði landsstjórninni ljóst, hvernig Skaptfellingar eru settir hjá með ýmislegt, svo sem samgöngur o. fl., og ímynda jeg mjer, að tillögur þessara manna, sem sendir væru, hefðu meiri þýðingu en einstakra manna í sýslunni sjálfri. Það hefir verið talið til, að æskilegt væri, að rannsaka skipaleiðir og hafnir þar eystra, og álít jeg það hið mesta nauðsynjamál, eigi að eins fyrir Skaptfellingaheld, ur og Rangvellinga. Þar er um mikið svæði að ræða, og er því fyllsta ástæða til að rannsaka, hvort eigi mætti takast að greiða fyrir vöruflutningum þangað. Eigi finnst mjer það ástæða mót uppástungunni, þótt Skaptfellingar hafi eigi kvartað; og þótt búfræðingur, eins og h. þm. Rvk. talaði um, ferðaðist um meðal þeirra, þá er það eigi nóg, með því að hann hlýtur að fara fljótt yfir, og er ekki nema einn; hann ferðast líka á óhentugum tíma, um sláttinn, þegar eigi er hægt að nota hann til að standa fyrir jarðabótum, sem ýmsir hafa þó mikinn hug á. Í Austur-Skaptafellssýslu höfum vjer beðið um búfræðing, en höfum eigi fengið hann. Jeg get ímyndað mjer, að ef menn væru sendir, gætu þeir komið mörgu í lag með góðum tillögum. Jeg veit, að í Skaptafellssýslu eru mörg smábýli, sem mjög ólífvænlegt er að búa á; gætu þá þessir menn rannsakað, hvort eigi væri tiltækilegt að sameina eitthvað af þeim, og gjöra með því móti jarðir byggilegri.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að svara hverju orði, sem hjer hefir verið talað móti þessari þingsályktun, en að eins að snúa orðum mínum að h. þm. Snæf. (H.Cl.), og segja honum það, að ræða hans snerist um allt annað en það, sem hjer liggur fyrir. Hann talaði um, að jeg sjálfur mundi vilja fara vestur í Snæfellsnessýslu til að menntast, en slíkt er alveg skakkt. Það var alls eigi tilætlun mín með uppástungu minni. Eitt til dæmis held jeg væri æskilegt að rannsaka þar, hvort eigi væri þar nokkurs konar ljensherrar sumstaðar, eins og átti sjer stað víða á miðöldunum, sem veittu þegnum sínum þungar búsifjar. Jeg hef til að mynda heyrt, reyndar að eins af mönnum hjer á götunum, að bátsuppsátur í Ólafsvík mundi vera fyrir hvern bát 24 kr., og eptirgjaldið eptir búðarhreysin frá 20—40 kr., og álíka fyrir slægjur, ef einhver heytugga væri reytt í útlandi með miklum erviðleikum,og 2 kr. væru goldnar fyrir hvert hross í hagatoll og eins fyrir kú. Þetta hefi jeg ei beinlínis fyrir mjer, en ætla þó satt að vera, og þessa sögu frá seinustu tímum; en um þetta þyrfti að sannfæra sig, og ef þetta skyldi eiga sjer stað, þá er slíkt rannsóknarvert, og ekki sízt, þegar landssjóðurinn á eignina.

Hvað viðvíkur því sem h. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, þá var það alls eigi tilgangur minn, að ganga of nærri prófastinum í Snæfellsnessýslu; en gömlum mönnum er vorkunn, þótt þeir sjeu viðkvæmir; en þó veit jeg til þess, að hann hefir reynt til að koma þar á fót barnaskóla, og ber það vott um, að honum hefir eigi þótt menntunin vera komin þar of langt eða ekki svo, að það þyrfti að sleppa strengnum í þá átt, að þeir þar vestra yrðu ofvita. Það gæti líka hugsazt, að menn er sendir væru kenndu Snæfellingum að friða seli með fram. Þá tók hann sama úrræðaleysisvopnið og þingmaður Snæfellinga, að mig mundi langa þangað vestur, en það er ekki rjett til getið, víst ekki til að búa undir hinni mildu stjórn í Ólafsvík. Hvað snertir kerlinguna hans Páls Vídalíns, sem h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) gat um að hann hefði fundið í Skaptafellssýslu, þá hefði hann eigi fundið hana eða þann lagadýrgrip þar, ef hann hefði eigi farið þar um eða verið þangað sendur; gæti þá eigi skeð, að önnur eins kerling fyndist þar nú, ef sent væri þangað og rannsakað? Að Skaptfellingar hafi eigi beðið um styrk eða lán, finnst mjer alls eigi merki um menntun þeirra; jeg gæti miklu fremur hugsað mjer, að þeir væru eins og sauðskepnur, sem ekki hefðu rænu á að jarma; en hjer í Reykjavík kunna þeir að jarma og biðja um fje; getur verið, að Skaptafellingar aldrei bæru sig upp, hvernig sem ástand þeirra væri; þeir hafa t. d. eigi beðið um búfræðing, heldur hefir þeim verið óbeðið sendur hann af búnaðarfjelagi Suðuramtsins, og einmitt þetta bendir á ástandið m. fl., en flest önnur hjeruð hafa beðið um búfræðing. Það er eins og þessum h. þingmönnum kjördæma þeirra, er hjer eiga hlut að máli, sje ekki um að láta skoða ástandið þar heima. Þingmanni Vestur-Skaptf. (Ó. P.) vildi jeg svara því, að það væri nokkuð annað, ef fundin væri leið að því, að gera landssjóði ókostbærara en nú er að sakramenta þá þar eystra í landssjóðskirkjunum með ódýrara messuvíni en nú kann að eiga sjer stað.

Th. Thorsteinson: Af því að h. þm. Snæfellinga (H. Cl.) má ekki tala optar við þessa umræðu, ætla jeg að tala fáein orð fyrir hans hönd. Mjer heyrðist h. flutningsmaður (Þ. G.) fara í ræðu sinni í allt aðra átt en ástæða var til fyrir hann; og hefir hann víst misskilið mjög h. þm. Snæfellinga (H. Cl.). Hann vonaðist ekki vestur eptir h. 1. þm. Árnesinga (Þ. G.), en hann sagði, að allir væru velkomnir, sem koma vildu að skoða ástandið í Snæfellsnessýslu, og sjerstaklega óskaði hann — þm. Snæfellinga — að flutningsmaður vildi koma og kenna þeim betur að fiska. Hinn háttv. flutningsmaður var enn fremur að tala um einhvern ljensherra, sem hefði átt að setja landsetum sínum einhverja skilmála, sem hann hefði heyrt um talaða úti á götu. Fyrst og fremst kemur nú þetta ekkert málinu við, og í annan stað mætti heyra margt ranghermt, ef allt væri tínt til, sem talað er á götunni. Mjer er svo kunnugt um ástand manna undir Jökli, að jeg veit jafnvelað, þó ástandið sje bágborið þar víða, þá er það einmitt bezt í Ólafsvík. Jeg held því að þetta hafi verið hreinn misskilningur hjá h. flutningsm., og að hann gerði rjettast í að halda sjer við efnið, en sleppa því alveg, sem hann heyrir á götunni.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vildi að eins leiðrjetta ummæli h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) um það, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hefðu beðið um 191 þús. krónur að láni. Þetta er ekki rjett hermt. Sýslan hefir að eins lagt það til, að 100,000 kr. lán væri veitt af landssjóði til eflingar sjávarútvegi, en 40,000 kr. væru veittar að láni sýslunni til að afstýra hallæri. Jeg vona, að jeg geti einnig mótmælt spádómum hans um það, að sótt mundi verða um eptirgjöf á þessu á næsta þingi. Sýslan hefur tvisvar sinnum áður tekið lán og aldrei beðið um neina uppgjöf á því, heldur borgað í hvert skipti, eins og lög standa til. Eins vona jeg að enn fari. Sýslubúum er tíu sinnum hægra að borga í góðu ári, en nú að vera án, þegar atvinna hefir brugðizt fyrir sumum að

mestu leyti, fyrir sumum að nálega að öllu, en kostnaður því nær hinn sami.

Benidikt Sveinsson: Það er einungis stutt athugasemd, sem jeg vildi gera. Mjer finnst þetta mál vera sótt með miklu kappi, þegar menn eru að koma með dæmi um umskiptinga, og hvað það sje sem menn í Skaptafellssýslu leggja sjer til munns, að þeir trúi á huldufólk og annað þess konar, sem mætti tilfæra af öllu Íslandi, eins og þjóðsögur vorar sýna. Ef þetta væri satt og sannað nokkuð, þá væri það fólgið í því, að hin þjóðlega »tradition« hefði haldið sjer betur í Skaptafellssýslu, en annarstaðar, t. a. m. í Mosfellssveit og Kjósinni. Þess konar umræður sanna því ekki neitt, minna en ekki neitt. En viðvíkjandi þessum umskipting hins háttvirta 2. þingmanns Kjósar- og Gullbringusýslu (Þ. Bj.), skal jeg geta þess, að hann var alinn upp einmitt í Kjósarsýslu og hvergi annarstaðar! (Hlátur). Ólukkan er sú, að h. 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (Þ. Bj.) hefir sjálfsagt ekki fengið hann nógu snemma til uppfræðslu. (Hlátur). En hafi nú þetta verið sannur umskiptingur, er ekki gott að vita, hvaðan hann hefir verið upprunninn; allt eins líklegt og líklegra að minni meiningu, að foreldrar hans hafi verið úr Kjósinni, því þó að foreldrar barnsins, sem tekið var fyrir umskiptinginn, hafi verið úr Skaptafellssýslu, þá sannar það ekkert. Og þó nú þessari rannsókn væri sleppt og menn ættu yfir höfuð að fara að rekja ættartölu umskiptinga upp til Adams og Evu, er jeg hræddur um, að margur kynni að finna umskipting í ætt sinni. Skaptfellingar yrðu þá ekki einir á bandi! (Hlátur). H. flutningsmaður sagði, að þessir sendimenn máske fyndu kerlingu, sem gæti kennt þeim lög. Má vel vera, og jeg efast ekki um, að hinn háttvirti þingmaður Kjósar- og Gullbringusýsla mundi finna jafnvel margar kerlingar í Skaptafellssýslu, sem getur frætt hann í lögum. En þá gengur sendiförin í öfuga átt. Þá er sendiförin sendimannanna vegna, en ekki kerlinga og sýslubúa vegna. Jeg skal játa það, að opt er hart í ári í Skaptafellssýslu og þeir leggja sjer opt til munns hvannarætur og fjörugrös og annað þess konar. En jeg vil vitna til hins nafnfræga landa okkar dr. Hjaltalíns. Hann hefir sýnt það í sínum ritum, að það er talsvert manneldi í fjörugrösum, sölvum og mörgu fleiru, sem menn ekki hagnýta sjer hjer á landi, og því gætu þess vegna Skaptfellingar einnig í þessu efni kennt mörgum öðrum landsbúum og verið þeim til fyrirmyndar í því, að hagnýta sjer það rjettilega, sem landið framleiðir, þeim fyrirhafnarlaust. Jeg hef því meðhaldslaust ástæðu til að álíta, að Skaptafellssýslubúar standi alls ekkert á baki í menntun eða búnaði bændum í öðrum sýslum landsins. Ekki er heldur ástæða til að skoða þá sem olnbogabörn landsstjórnarinnar. Þeir hafa presta, prófasta og valdsmenn; þeir hafa hreppstjóra, hreppsnefndir og sýslunefndir og amtsráð, sem engin ástæða er til að ætla, að standi ver í stöðu sinni þar en samkynja embættis- og sýslumenn á öðrum stöðum, og amtsráðið er öllu amtinu sameiginlegt. Maður skyldi þó sízt ætla, að hinn háttvirti þingmaður væri að væna embættisbræður sína í Skaptafellssýslu um það, að þeir vanræktu uppfræðslu ungmennanna í Skaptafellssýslu, sem þeim er trúað fyrir. Jeg tel annars sjálfsagt, að þessir háttvirtu geistlegu herrar, sem nú halda þessari tillögu svo mjög fram, sæki strax og hægt er þangað austur til að geta látið ljós sitt skína fyrir þessum vanræktu Skaptfellingum! H. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) tók fram, að Skaptfellingum hefði nú í sumar verið sendur búfræðingur. Ef búfræðingur gerir gagn í öðrum sýslum, ætti hann að mjer skilst líka að geta gert jafnmikið og samkynja gagn í Skaptafellssýslu. Nema svo sje, að Skaptafellssýsla sje það apturúrkast, að hún þurfi að fá bændur hjer að sunnan til að segja sjer, hvernig hún á að nota búfræðing, þá bændur, sem þó sjálfir verða að læra af búfræðingunum! Þetta tekur engu tali og nær engri átt. Að þessir herrar fari því betri ferð þangað, en búfræðingarnir sjálfir, það get jeg ekki skilið. En jeg vil nú fella þetta; en álít það mikið gott, að landsstjórnin hafi það hugfast, að rannsaka það sem jeg áður benti til,

hvort ekki mætti búa svo um við Dyrhólaey, að fluttar yrðu þangað vörur á gufubát og dregnar upp á eyna, sem byggja mætti hús á. Til þess að rannsaka þetta er jeg viss um, að ekki þyrfti einu sinni $^1/_8$ part af því fje, sem mundi ganga til þess að brúa Ölvesá og Þjórsá, — þó jeg sje reyndar því máli hlynntur — og jeg er viss um það, að það fyrirtæki hefði tuttugufallt meiri áhrif til góðs á hagi Skaptfellinga og jafnvel Rangvellinga líka, að minnsta kosti í austurhluta Rangárvallasýslu, en brýr á þessum báðum ám, enda þótt þær kæmust á.

Þorkell Bjarnason: Barnið var ekki úr Kjósarsýslu, foreldrar þess voru heldur ekki úr Skaptafellssýslu, og það var heldur ekki á þeim aldri, að hægt væri að kenna því; það var ekki einu sinni ársgamalt. Foreldrar barnsins komu því fyrir hjá þessum Skaptafellssýsluhjónum; það var því tökubarn. Jeg held því, að hinn háttvirti þingmaður hefði átt að vita betur áður en hann fór að reyna að gera þetta mál hlægilegt. En sjeu Skaptfellingar bágstaddir í andlegum efnum, þá er það landsstjórnin, en ekki einstakir andlegrar stjettar menn, sem á að bæta úr því. (*Benidikt Sveinsson:* En til hvers eru þá blessaðir prestarnir?). En búfræðing hafa þeir aldrei beðið um, þótt flestir aðrir hafi gert það (*H. Kr. Fr.:* Þetta er ekki rjett), og hverja ályktun má nú draga út af þessu? (*B. Sv.*: enga).

Atkvæðagr.: Uppástungan var felld með 14 atkv. gegn 5.

Þrítugasti fundur, þriðjudag 4. ágúst, kl. 11 f. h. Allir á fundi, nema 2. þm. Skagf. (G. E. Br.), er var fjarverandi með leyfi.

Frv. til laga um farmgjald skipa (C. 162); 2. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Með því engar breyt.till. hafa komið við þetta frv., finn jeg ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Það er prentvilla í 4. grein. Þar stendur 1885, en á að vera 1886, og bið jeg h. þm. að leiðrjetta það. Jeg vona svo, að h. þingd. samþykki þetta frv., með því það er orðrjett eins og frv. það, sem samþ. var hjer í deildinni 1883 með 19 samhljóða atkv.

Atkvæðagr.: 1. gr. samþ. með 19 atkv.
2. — — — 19 —
3. — — — 18 —
4. — — — 18 —

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um friðun fugla og hreindýra (C. 276); ein umr.

Lárus Blöndal: Jeg hef ekki áður tekið til máls í þessu máli, hvorki þegar lögin frá 17. marz 1882 voru í undirbúningi á þingi 1881, nje heldur á þessu þingi, ekki af því, að mjer hafi ekki fundizt eða finnist ekki ástæða til þess, heldur af því, að jeg hefi álitið og álít reyndar enn, að ummæli mín muni verða þýðingarlaus, til þess að varna því, að mál þetta nái fram að ganga; en allt um það vil jeg þó láta það sjást, að jeg hafi álitið og álíti enn alla þessa fuglafriðunarviðleitni h. þingmanna, bæði 1881 og nú, hvorki til nytsemdar nje af nauðsyn sprottna; jeg get ekki sjeð ástæðuna til að vera að búa til þessi friðunarlög, nema ef vera skyldi rjúpunnar vegna; það er rjett eins og hjer á landi væru þeir »sportsmenn» eða veiðigarpar, sem gengju yfir lönd manna eins og logi yfir akur, og ljetu engan fugl í friði; en þessu er sannarlega ekki þannig varið. Vjer höfum líka veiðilög, og eptir þeim getur hver jarðeigandi bannað öðrum að veiða á sinni eigin lóð. Menn færðu það sem ástæðu fyrir friðunarlögunum 1881, að það viðgengist mjög, einkum kringum kaupstaðina, að útlendingar gengju um og skytu fugla á eggjum, og fullorðna fugla frá ungum þeirra; en þetta hefir mátt og má auðveldlega fyrirbyggja, með því að beita veiðilögunum, því að jarðareigendurnir eða leiguliðarnir geta, sem sagt, bannað að veiða í sínu landi, enda veit jeg, að því banni hefir verið beitt, og hefir dugað vel. En þessi friðunarlög vor — ef menn á annað borð hlýða þeim — hafa leitt og leiða til þess, að vjer ölum upp þessa farfugla að eins fyrir útlendinga, og gerum allt okkar til, að þeir

fái alla viðkomuna á ári hverju með tölu, en útilokum því nær sjálfa oss frá þeim hagnaði, sem menn hjer gætu haft af að skjóta þá. Jeg álít rjett að friða farfugla og ýmsa aðra fugla, að eins meðan eggtími þeirra stendur yfir og ungarnir eru ekki orðnir fleygir, og þá væri nægilegt, að tímatakmarkið að framan væri sett 10. maí, í stað 1. apríl. Þetta frumvarp er miklu ófrjálslegra en lögin frá 17. marz 1882; þar er takmarkið sett 1. maí, en hjer 1. apríl. Að leyfa mönnum að skjóta ekki álptir, gæsir og helsingja fyr en í júlímánuði, er í þeim hjeruðum, sem jeg þekki til, hjer um bil það sama, sem að banna alveg að skjóta fugla þessa. En um þetta er ekki til neins að tala; jeg hef átt tal við ýmsa h. þingdeildarmenn um þetta mál, en því nær alstaðar mætt því, að það hlyti að hafa framgang. Jeg fyrir mitt leyti álít þetta frumvarp og friðunarlögin yfir höfuð í alla staði óþarft, og það er, vægilegast að kveðið, hlægilegt, að vera að eyða tíma þingsins og landsfje til þess að vera að þvæla máli þessu úr einni deildinni í aðra.

Eirikur Kúld: Jeg er samdóma h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.) í sumu um þetta frv.; en úr því nú er búið að eyða tíma til frv., þá held jeg ekki sje til neins að sakast um orðinn hlut, heldur að halda því í frv., sem kynni að vera að einhverju leyti brúkanlegt, svo að frv. verði ekki til einskis. Jeg er samdóma honum um friðunartakmarkið, og mjer þykir frv. ekki hafa tekið bótum í h. Ed., og þykir það nú orðið svo slæmt, að jeg greiði hálfnauðugur atkv. með því; einkum þykir mjer slæmt, að rjúpan skuli ekki vera friðuð nema til 20. júlí, því jeg veit með vissu, að ungar hennar eru alls ekki orðnir fleygir um það leyti. Mjer finnst friðunartíminn til 31. júlí vera í allra styzta lagi, sem hann mætti vera. Þessi breyt. Ed. getur orðið til þess, að til næsta þings kemur beiðni um breyting á þessum lögum, og þá verður enn á ný að eyða tíma og fje til þeirra.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get verið þm. Húnv. (L. Bl.) samdóma um það, að þetta frv. sje alveg óþarft, og enda hjegómlegt, þar sem vjer höfum ný lög um þetta efni, enda verður eptirlitið erfitt og ónýtt; einkum þykir mjer friðunartími rjúpunnar allt of stuttur, eins og h. þm. Barðstr. (E. K.) tók fram. Það ætti að friða hana frá 1. apríl til 20. sept., því það er ekki mikill matur í ungunum, að vera að skjóta þá óþroskaða og illa lita, og því naumast verzlunarvara.

Th. Thorsteinson: Ef fleiri eru hjer í deildinni, sem ekki hafa gert sjer kunnugt, hvers vegna þetta frv. er komið fram, þá vil jeg geta þess, að aðaltilgangur þess er sá, að friða laxinn. (*L. Bl.*: Það þarf þá að breyta fyrirsögninni). Í þessu frv. er leyft að skjóta marga þá fugla, sem áður voru friðaðir í lögunum frá 1882, t. d. andir o. fl., sem sjerstaklega eru álitnir vera silungs- og laxafjölgun til stórskaða, og þó mest hættulegt fyrir laxaklakið. Þessir fuglar eru nefnilega ekki alleina gráðugir eptir hrognum, heldur jeta þeir líka unglaxinn; en nú eru menn, sem kunnugt er, farnir að gefa sig við laxaklaki, og það er vegna þess, að þetta frv. er komið fram.

Ólafur Pálsson: Jeg býst ekki við, að þetta friðunarfrv. geti þóknazt öllum, en það yrði stórkostegur skaði fyrir einstaka menn, ef þetta frv. væri látið deyja. Jeg get sagt svo mikið, að þá yrðu margir illa farnir í Vestmannaeyjum og í Skaptafellssýslu, ef frv. verður drepið, því ef fýllinn yrði friðaður til 20. ágúst, væri mikið af honum flogið.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 11 atkv. gegn 10, og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frv. til laga um selaskot á Breiðafirði (C. 266); ein umr.

Frv. samþ. í einu hljóði umræðulaust, og afgreitt síðan til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frv. til laga um sjerstaka dómþinghá í Grafningshreppi (C. 228); ein umr.

Frv. samþ. í einu hljóði umræðulaust, og afgreitt síðan til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frv. til laga um lögtak og fjárnám án

undanfarins dóms eða sáttar (C. 228); 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Það liggur ekki fyrir í þetta sinn, að ræða einstakar greinir, heldur að eins aðalstefnu frv. Jeg skal játa, að það eru ýms ákvæði í þessu frv., sem jeg álít rjettarbót í, einkum í fyrri kaflanum um lögtak. Jeg vil ekki segja, að það megi ekki gera þau breytingaratkvæði við þennan kafla, að jeg geti fallizt á hann; en þar á móti get jeg ómögulega gengið að seinni kaflanum, að menn geti án dóms og laga gengið að fasteignum manna, ekki einungis þegar viðkomandi hefir skuldbundið sig til að þola slíkt, heldur einnig, þótt til þess liggi ástæður, sem honum eru, eða að minnsta kosti geta verið alveg ósjálfráðar, og hann getur eptir ástæðum orðið rjettilega ásakaður um. Það er auðsætt, að lögin, eptir því hvernig til hagar hjer á landi, mundu með slíkum ákvæðum hreint og beint ofurselja skuldunauta harðýðgi og hrekkjum lánardrottna. En ef málið gengur til 2. umr., sem mjer þykir líklegt, þá má gera breyting á þessu, og kippa því í lag, svo jeg þykist ekki þurfa að fara um málið fleiri orðum á þessu stigi.

Jón Sigurðsson: Jeg verð að álíta mikla rjettarbót í þessu frv., og margt í því gott og hagfellt; en jeg er samdóma h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) um II. kaflann, að hann muni þurfa breytingar við, og ef ekki væri orðið eins áliðið þings, eins og er, mundi jeg stinga upp á nefnd í málið, en sökum þess, hvað liðið er á þingtímann, dettur mjer það ekki í hug; en jeg vildi gjarnan sameina mig við h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) um breytingaratkvæði við frv. til 2. umr., og vildi jeg því óska, að forseti vildi draga málið og taka það ekki upp á dagskrá fyr en eptir 2—3 daga.

Atkvæðagr.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Þrítugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 5. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi, nema Gunnl. E. Briem og Ólafur Pálsson, sem höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (stjórnarfrv. C. 1; nefndarálit 238, með fylgiskjali 280); frh. 1. umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg skal vera fáorður um málið að sinni. Eins og h. þingdm. vita, er þetta framh. 1. umr., og má því eigi fara út í einstakar greinir; en um málið í heild sinni er lítið að segja, sem ekki getur komið fram við 2. umr., þegar rætt er um einstakar greinir þess; þá geta h. þingdm. komið með þær breytingar, sem þeim sýnist haganlegar, og mun þeim þá verða svarað, og hef jeg því eigi lengri formála í þetta sinn.

Landshöfðingi: Jeg skal eigi tala langt um málið á þessu stigi þess. Jeg skal að eins leyfa mjer að geta þess, að meðferð nefndarinnar á málinu mun hafa verið góð, og er því eigi tilefni til almennra athugasemda við álit hennar; en hvað einstök atriði snertir, mun jeg við 2. umr. koma með nokkur breytingaratkvæði, kann ske að eins eitt eða tvö. Annað er tillaga sú, sem jeg sendi h. nefnd um aðstoðarprest í Reykjavík, en sem hún hefir eigi getað tekið til greina; en hitt breytingaratkv., sem jeg, ef til vill, mun gera, er um sóttvarnarhús. Þetta gef jeg til vitundar til umhugsunar fyrir h. deild.

Eiríkur Kúld: Jeg skal geta þess, að þegar jeg lít á nefndarálitið í heild sinni, get jeg verið nefndinni þakklátur; en sumt er þó þar, sem mig vantar nægilegar upplýsingar um til þess að geta gefið atkvæði mitt. Aðalgalli hennar finnst mjer sá, að hún hafi verið rífleg í sumum tiltektum og eigi alstaðar sjálfri sjer samkvæm nje sanngirnin sem jöfnust. Þess vegna álít jeg hana ekki eiga fullkomið hrós skilið, og af því mjer finnast ýmsir gallar á frv. hennar, áskil jeg mjer við 2. umr. rjett til breytingaratkvæða, eigi eins eða tveggja, heldur, ef til vill, margra.

Jón Sigurðsson: Mjer þykir nauðsyn bera til þess, að fara nokkrum orðum um frv. nefndarinnar, en þó eigi til að hæla henni, því það hlutverk munu aðrir taka

af mjer, og væri það því að bera í bakkafullan lækinn. Það er að sönnu satt, að nefndin hefir haft vandastarfa á hendi, eigi sízt vegna hinna afarmörgu bænarskráa um fjárstyrk og aðrar fjárveitingar, er henni hafa borizt í hendur; en mjer finnst þó fara fjarri, að hún hafi leyst starf sitt vel af hendi. Jeg skal fyrst geta þess, að mjer er eigi enn ljóst, hvers vegna hún hefir vikið frá stjórnarfrv. og fært upp lausafjárskattinn fyrir fjárhagstímabilið, úr 24,000kr. í 34,000 kr. Jeg sje eigi aðra ástæðu hjá nefndinni líklegri en þá, að hún hafi viljað gera reikninginn glæsilegri í augum almennings; mjer finnast engar líkur til, að lausafjárskatturinn verði hærri en 24,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Að vísu legg jeg ekki mikla áherzlu á þessa breytingu fjárlaganefndarinnar, þar það er ávallt komið undir álitum, hvort þessi eða hin tekjugrein í fjárlögunum muni ná þeirri eða þeirri upphæð; en reynslan mun skera úr því, hverir hjer hafi rjettara að mæla. *(Forseti:* Það má eigi fara út í einstök atriði). Það skal vera sem minnst. Þetta snertir nú tekjurnar. En hvað útgjöldin snertir, get jeg heldur eigi fallizt á aðgjörðir nefndarinnar í ýmsum atriðum, einkum hvað sumar fjárveitingar snertir; jeg vil eigi segja, að hún komi hlutdræg fram, en að minnsta kosti kemur hún fram með einkennilegum lit í fjárveitingatillögum sínum, og er það reyndar eðlilegt, því samsetning nefndarinnar er fremur einkennileg, þar sem hún að mestu leyti er skipuð mönnum búsettum hjer í suðurumdæminu. Nefndin kemur fram með sömu einkennum sem fjárlaganefndirnar á undanfarandi þingum, að hún er hugulsöm, en smátæk; en slík smátæk hugulsemi hefir sjaldnast komið að nokkru liði. Jeg hef gert yfirlit yfir þær fjárveitingar, sem nefndin stingur upp á, fram yfir hinar venjulegu, og jafnvel fram yfir það, sem stjórnin ætlast til. Eptir lauslegri áætlun ræður nefndin til að veita 14,500 kr. til þessa, og er það að vísu ekki svo mikið, þegar litið er til þeirra mörgu bænarskráa um fjárveitingar, sem hjer liggja fyrir; en það er skiptingin á þessum náðarveitingum nefndarinnar, sem hneyxlar mig. Af þessari upphæð hefir nefndin ætlazt til, að Suðuramtið og Rvík og sjerstaklega embættismenn þar fengju 11,700kr.; Vesturamtið 2,300 kr.; en Norður- og Austuramtið að eins 500 kr., — segi og skrifa fimm hundruð krónur. — Þetta sýnir ljóslega, hvernig nefndin er lit; en jeg skal eigi fást un þetta, ef fje þessu er varið til sjerstaklega nauðsynlegra fyrirtækja; vjer Norðlingar munum bera það með kristilegri þolinmæði, þótt vjer höfum orðið olnbogabörn nefndarinnar að þessu sinni. Svo lítur út, sem líknarhönd nefndarinnar hafi eigi náð lengra en á Akureyri, því að þar eru einum manni þó veittar þessar áminnztu 500 kr. Vjer, sem búum fyrir norðan Akureyri, höfum eigi fengið að sjá svo mikið sem litla fingurinn á líknarhönd nefndarinnar. *(L. Blöndal:* Hreppapólitík!). En jeg skal samt eigi fást svo mjög um þetta, því það er hvorttveggja, að Þingeyingar og Múlasýslumenn mæða ekki þingið að jafnaði með mörgum fjárbænum, enda vona jeg þeir taki þessu mótlæti með stillingu og þolgæði. En þar hjá þykir mjer illa farið, að nefndin hefir gleymt einum manni í Þingeyjarsýslu, sem sannarlega er allrar viðurkenningar verður fyrir framkvæmdir sínar í landsins þarfir. Þessi maður, Magnús Þórarinsson, er orðinn nafnkenndur í blöðunum og um allt land fyrir tilraunir sínar að innleiða hjer handhægar tóvinnuvjelar. Á þennan mann minnist eigi fjárlaganefndin, sem mjer finnst fremur hefði átt að fá áheyrn, en margir aðrir; hann hefir farið til Kaupmannahafnar, og verið þar einn vetur til að kynna sjer verkvjelafræði og sjerstaklega tóvinnuvjelar, og hefir honum tekizt það betur en nokkrum á undan honum, að hann hefir getað notað vatnið, sem er hið eina vinnuafl, er við getum fengið ókeypis, til að hreyfa tóvinnuvjelar sínar, og til þessa hefir hann eytt öllu því, er hann á og hefir getað yfir komizt, svo hann er bláfátækur maður. Menn hafa notað vatnið til að snúa mylnum og mala korn, en til tóvinnu hefir enginn áður getað notað það. *(Forseti:* Það má eigi fara út í einstök atriði. *T. G.:* Maðurinn er nefnd-

ur í fylgiskjalinu við nefndarálitið við 51. tölulið. *L. Bl.:* Þetta eru einstök atriði). Jeg skal þá snúa mjer að öðru. Eptir tillögum nefndarinnar finnst mjer eigi varið nógu miklu fje til að bæta atvinnuvegi landsins, og álít jeg, að það hefði staðið miklu nær fyrir h. nefnd, heldur en að veita svo og svo mikið fje til lagasafns. Lagasafnið verður þó eigi látið í askana, en um það þurfum vjer mest að hugsa á þessum tímum. *(A. Ó.:* Stjórnarskráin nýja mun bæta úr). Um allt slíkt þurfum vjer að hugsa, og er jeg samþykkur öllu því hjá nefndinni, sem gengur í þá stefnu; en jeg hlýt að vera mótfallin öllum þeim fjárveitingum að þessu sinni, sem fara í þá átt, að gæða einstökum embættismönnum, eða þeim, sem án nokkurra verðleika hafa fundið sjerstaka náð fyrir augum nefndarinnar.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): H. þm. S.-Þing. (J. S.) efndi sannarlega það, sem hann lofaði, að hann skyldi eigi ljúka lofsorði á nefndina fyrir starfa hennar, og eins skal jeg játa það, sem h. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að nefndin mundi hafa verið ríftæk í sumu; en slíku má eigi kasta henni einni í nasir, því hið sama hefir þinginu opt áður orðið á, að það hefir verið nokkuð ríflegt í fjártillögum sínum, og það hafði nefndin fyrir sjer. Til þess hefði h. þm. átt að hafa tillit. H. þm. S.-Þing. (J. S.) þótti það ástæðulaust hjá nefndinni, að setja upp lausafjárskattinn frá því, sem áætlað er í stjórnarfrv.; en slíkt álas á eigi við rjett rök að styðjast. Þrátt fyrir þessa upphækkun vora er hann þó einum þriðjungi minni, en hann hefir nokkru sinni verið áður, og finnst mjer eigi ástæða til að barma sjer svo mjög, þótt ástandið sje nú slæmt, að það megi eigi setja skattinn svo hátt. Mjer finnst eigi ástæða til, að barma sjer yfir hor og vesöld — guði sje lof —; en það getur verið, að sumt sje sett nokkuð hátt hjá nefndinni í frv. hennar; en hún hefir haldið sig til þess, er áður hefir verið. Hann var og að finna að því, að nefndin hefði eigi rjett líknarhönd sína norður og lítið annað en til Reykjavíkur, og veit jeg eigi, við hvað þær ákúrur eiga að styðjast. Vjer tókum helzt þær bænarskrár til greina, sem vjer hugðum, að landið í heild sinni hefði helzt gagn af, að veittar væru, án tillits til þess, úr hvaða hjeruðum þær voru. Vjer tókum t. a. m. til greina bænarskrána um forngripasafnið, og má eigi ætla, að það snerti Reykjavík eina, heldur landið í heild sinni, og eins er um fleiri fjárveitingar nefndarinnar. Viðvíkjandi þessum eina manni, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) talaði um, skal jeg við 2. umr. sýna, að nefndin hefir eigi verið hlutdræg, eins og hann sagði. Það, sem h. þm. Barðstr. (E. K.) sagði um nefndina, að sanngirni mundi eigi alstaðar hafa komið fram hjá henni, þá þykir mjer sá dómur harður, því að með honum er gengið svo langt, að nefndinni er allt að því brugðið um, að hún hafi verið hlutdræg. Jeg fer eigi út í einstök atriði, sem eigi er leyfilegt á þessu stigi málsins, en við 2. umr. mun jeg reyna að svara þeim, eins og kostur er á.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 287); 3. umr.

Frv. var umræðulaust samþ. með 19 atkv., og síðan sent aptur til Ed. sökum breytingar, sem á því hafði orðið í Nd.

Frv. til laga um rjett til að fá útmælda verzlunarlóð á löggiltum verzlunarstað (C. 227); 3. umr.

Umræðulaust samþ. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum 7. nóv. 1879 um siglingar og verzlun á Íslandi (C. 288, breyt.till. 295); 3. umr.

Með því að breytingartill. hafði eigi verið útbýtt fyr en á fundinum, var leitað leyfis deildarinnar um, að hún mætti koma til umræðu, en þess var synjað með 11 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já*: Arnljótur Ólafsson, E. Egilsson, E. Briem, L. Blöndal. T. Gunnarsson, Þór. Böðvarsson, Þorkell Bjarnason,

Þorlákur Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson.

Í fyrirsögninni var villa, þannig að þar stóð: »Frv. til laga um verzlun lausakaupmanna«, og var það talin prentvilla.

Málið var án frekari umræðu samþ. með 11 atkv., og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 221, breyt.till. 293); 3. umr.

Benidikt Sveinsson: Eins og jeg tók fram við 1. og 2. umræðu þessa máls, viðurkenni jeg, að þetta frv. nefndarinnar hefir að vísu, eins og framsögumaður hefir tekið fram, þann góða tilgang, að bæta laxafriðunarlögin frá 11. maí 1876 í þá átt, að skerpa þau lög. Það liggur í augum uppi, að eins víst og það, að minni hyggju, er eitt af hinum miklu velferðarmálum landsins, að efla og auka laxveiðarnar hjer á landi, eins víst er það, að það er nauðsynlegt að stemma stigu fyrir því, að nokkrum manni haldist það uppi, að við hafa þá veiðiaðferð, sem bæði stemmir stigu fyrir hinni eðlilegu fjölgun laxins og spillir um leið veiðinni, bæði fyrir hlutaðeigenda sjálfum, og öðrum. Jeg hef tekið það fram, að sumar greinir þessa frumv. miða að, að ná þessu, en á hinn bóginn eru einnig í því nokkurar ákvarðanir, sem alls ekki samsvara þessum tilgangi, heldur ganga bersýnilega í gagnstæða átt, og breyta þannig hinum gildandi lögum til hins verra; þess vegna hef jeg leyft mjer að koma með þessar breyt.till., sem hjer liggja fyrir (C. 293).

Fyrsta breyt.till. fer fram á það, að fella úr 1. gr. þessi orð: »nema einn eigi veiði alla í á«. Það liggur í augum uppi, að fái þessi orð að standa, þá getur ákvörðun greinarinnar um að friða laxinn hinn ákveðna tíma í hverri viku ekki staðizt sem friðunarregla, hún verður sem slík eptir eðli sínu að binda hina með sama bandi, hvort sem einn á veiði í á eða fleiri menn. H. framsögum, (Þork. Bj.) hefir tekið fram þessari ákvörðun til varnar, að frv. þetta hefði í sjer fólgna sjerstaka friðun og almenna friðun; en þessi aðgreining á einmitt ekki við, og stríðir gegn hlutarins eðli, því þar sem tilgangurinn er að friða laxinn, getur hver heilvita maður sjeð, að hann er jafn nauðsynlegur gagnvart einum eiganda, eins og fleirum; það er ekki mætara að einn eyðileggi laxinn en fleiri geri það. Það er fallegt og prestslegt, að vilja friða laxinn og ferskvatnsfiska yfir höfuð á helgidögum og að láta lögin banna að vanhelga hvíldardaginn með því að veiða hann og drepa og að leiða menn ekki í freistni til að veiða lax á helgidögum. En hverjum einum er auðsætt, að einnig þetta atriði á ekki síður við þann, sem á einn veiði í á, en aðra veiðieigendur, sem eiga veiðina í sameiningu. Að öðru leyti ættum vjer ekki að vera eptirbátar forfeðra vorra í þessu efni; en jeg get frætt hinn háttvirta framsögumann um það, að einmitt sama regla og þetta gilti fyrri á öldum, á 13. öld, og sjá menn bezt á því, hvernig menn skildu hin eldri lög. Sje nú þessi hluti 1. gr. burtnuminn, er í henni fólgin allmikil rjettarbót, og vona jeg því, að h. nefnd fallist á þessa breyt., enda er greinin án hennar óhafandi. Önnur breyt. er í því fólgin, að síðari málsgrein 2. gr. falli burt. Hin hljóðar um það, að þvergirða megi ár-kvíslar. Þessi ákvörðun slæddist inn í lögin 11. maí 1876, en h. nefnd hefir ekki íhugað það, að sú grein á alls ekki við og getur ekki samrýmzt fullkomnum friðunargrundvallarreglum, því lax gengur opt einmitt mest í vissar kvíslar í ám, og gæti jeg nefnt h. nefnd dæmi upp á það, enda er það opt hægðarleikur, að gjöra laxinum eina kvíslina aðgengilegri en hina. Í öðru lagi getur það orðið mesta þrætuefni, hvað sje að álíta sem kvísl í á og yfir höfuð er það, eins og jeg sagði, óheyrilegt, að nefna þvergirðing eða láta friðunarlög heimila nokkra þvergirðing, því hvort sem um ár eða árkvíslar er að ræða, þá koma þær í bága við þá gullvægu og fögru setningu vorra fornu laga: »ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa«.

Þriðja breyt. er við 5. gr., og er óverulег. Hún er um það, að nema burtu þverrimlana, sem alls ekki geta átt við, þegar nefndin, eins og líka er alveg rjett, vill láta rimlana standa lóðrjetta. Jeg er

þakklátur h. nefnd fyrir sínar ákvarðanir um, að spelarnar skuli standa lóðrjett; en þá má hún ekki í sömu andránni heimila þverrimlana, enda mættu þeir missa sig, svo menn þyrftu nú ekki lengur að vera að bleyta heila í því hlægilega spursmáli, hvort laxinn syndi á hliðinni eða ekki, sem miklar þrætur hafa orðið út af. Lögin eiga ekki að gefa tilefni til þess konar vafninga og vitleysu. Af þessu vona jeg, að nefndinni skiljist, að hlægilegt sje að tala um lóðrjetta rimla.

Fjórða breyt. er sú, að 6. gr. falli burt. Jeg tók það fram við 2. umr., að hún er ekki hafandi í lögum. Að meiri hlutinn geti þvingað minni hlutann til að veiða eins og honum líkar, það »princip« stríðir á móti eignarrjettinum.

Ef 9 menn eiga veiði saman,og 3 af þeim eiga að lúta atkvæði hinna 6, þá geta verið þau tilfelli, að þessir 3 hafi náttúrlegri rjett til að ráða meiru en hinir 6. Jeg vil skjóta því til rjettlætistilfinningar h. nefndar, hvort þessi ákvörðun á við í lögum. Það á heldur ekki við, að sýslunefnd sje dómari í þess konar málum. Jeg er sjálfur sýslunefndaroddviti, og vil jeg frá biðja mjer þann heiður, að dæma um það, hvort rjetti minni hlutans mundi vera hallað í slíkum tilfellum, sem hjer ræðir um. Sami tilgangur, sem með þessu er hafður fyrir augum, getur bezt náðzt með frjálsum fjelagsskap, sem sprottinn er af frjálsum vilja, en ekki þvingað með lögum. Menn verða að ganga út frá því, að þegar menn sjá, að einhver aðferð er skynsamleg og til bóta, muni hún ryðja sjer til rúms, án nokkurra þvingunarmeðala frá laganna hálfu. Vjer lifum á þeim tímum, sem frelsið er að ryðja sjer til rúms, og berjumst fyrir því, að það geti gert það óhindrað; en einmitt þess vegna eigum vjer þá líka að treysta því, að menn muni leiðast af sínum eiginn frjálsa vilja til að velja það, sem bezt hentar hverjum einum út af fyrir sig og öllum til samans. Jeg vona líka, að h. fiskifróða framsögumanni (Þork. Bj.), þegar hann fer að hugsa sig betur um, muni þykja sæmra að styðja að því, að menn í þessu efni komi sjer saman af frjálsum vilja, heldur en hinu, að lagaþvingun sje beitt til þess að ræna menn rjetti sínum. Jeg þykist því ekki þurfa að gera þetta að kappsmáli, en læt mjer nægja að skjóta því til frelsis- og rjettlætistilfinningar h. nefndar, hvort hún vill ekki aðhyllast þessa breyt., því með því móti verður að þessum lögum rjettarbót, en ella verða þau sannkallaður rjettarspillir.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Jeg verð að fara fáeinum orðum um breyt.-till. h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) og ástæður hans fyrir þeim. Hann tók fram, að tilgangur þessa frv. væri, að skerpa hin almennu friðunarlög.

Það er og rjett að sumu leyti, því að þessum tilgangi nær frv. með því, að þrengja meira en áður þann tíma, sem heimilar laxveiðar. Tíminn er hjer til tekinn frá 20. maí til 1. ágúst eða í einstöku tilfellum til 1. sept. Þetta er mikil skerping, þar sem tíminn er styttur um heilan mánuð frá því, sem áður hefir verið. En frv. hefir og annan tilgang, þann, að friða laxinn þennan vissa tíma, 36 stundir á viku. Aðaltilgangurinn með þeirri friðun er sá, að þeir, sem ofar búa með laxánum, fari ekki varhluta af veiðinni, og geti líka náð í lax, því þeir hafa þó nokkurn rjett til veiðinnar, þó hann sje ekki eins mikill eins og hinir, sem neðar búa.

En það sem okkur h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) og mjer ber á milli, er um það, hvort þeir, sem einir eiga veiði í ám, eiga að búa undir sömu lögum og aðrir, sem ekki er eins ástatt með. *(B. Sv.:* Sjálfsagt). Ef sjeð er fyrir því, að sá, sem einn á veiði, taki ekki smálax, og líka hinu, að nægur lax komizt upp til að hrygna, þá hygg jeg, að engin ástæða sje til að þvinga hann til að veiða með vissu móti, eins og þá sem veiði eiga saman í á. Ef veiði hættir 1. ágúst, getur nægur gotfiskur gengið upp eptir þann tíma, og þótt sýslu-

nefnd hafi rjett til að leyfa laxveiðina til 1. sept., veitir hún ekki það leyfi, nema þegar hún er viss um, að nægur gotfiskur gangi eptir 1. sept. Af því jeg álít, að með þessu sje viðkomu laxins nægilega borgið, finn jeg ekki ástæðu til að heimfæra þessa 36 stunda vikufriðun til þeirra, sem einir eiga veiði í ám, því sú ákvörðun á að eins að verða þeim að notum, sem ofar búa, og er gerð fyrir þeirra sakir.

Hin 2. breyt. h. þm. er á sama grundvelli byggð. Hann sagði, að sú ákvörðun hefði slæðzt inn í lögin 11. maí 1876. En hún er líka í ýmsum frumvörpum alþingis, og síðast var hún 1881 í því frv., sem þessi sami h. þm. kom fram með ásamt öðrum h. þm.

Af því að þessi breyt. fer í sömu stefnu og hin fyrri, að veita eineiganda ekki meiri rjett en öðrum, sem eiga veiði fleiri saman, get jeg ekki fallizt á hana.

Þriðja breyt. er við 5. gr. og get jeg fallizt á hana, og álít, að hún sje á góðum rökum byggð.—Það er óþarft að geta um þverrimar í þessu frv., þar sem rjett á undan er sett reglan um, að spelirnir skuli vera lóðrjettir.

Viðvíkjandi 6. gr. skal jeg taka það fram, að komist hún ekki að, er óhugsandi, að laxaklak geti komizt á, því að laxaklak er því að eins tilvinnandi, að menn kosti það í fjelagsskap. Menn munu varla ganga í fjelagsskap til að veiða, nema þessi grein verði að lögum, svo menn megi til. Þeir sem neðar búa vilja ekki fjelagsveiði, því þeir hugsa, að þeir fái þá ekki eins mikið í sinn hlut og þeir annars mundu fá, ef þeir veiða einir; og hinir sem ofar búa hugsa sem svo: Það getur sloppið svo mikill lax upp hjá þeim, sem fyrir neðan mig eru, að betra sje fyrir mig að vera ekki með í fjelagsskapnum. Jeg álít það sannarlega framför viðvíkjandi laxveiði og einkum laxaklaki, ef þessi grein verður að lögum. Enginn einstakur maður vill leggja á sig þann kostnað, sem laxaklak hefur í för með sjer, ef aðrir mega taka það frá honum, sem hanklekur út. Sýslunefndin á að sjá um það, ♀♂ einskis rjettur sje fyrir borð borinn, og hún getur það vel, því hún getur jafnan fengið allar ákjósanlegar upplýsingar frá báðum málspörtum. Sýslunefndin er hjer tekin fremur en hreppsnefndin, því nefndin áleit, að hún yrði síður hlutdræg en hreppsnefnd, enda er líklegt, að jafnan sje í sýslunefnd einhver úr þeim hreppi, sem hlut á að máli, svo ólíklegt er að kunnugan mann mundi vanta. Þessi grein er mjög óskaðleg; hún leggur ekki meiri bönd á frelsi manna en ýmsar aðrar ákvarðanir í þessu frv., því hún hefir sjálf í sjer fólgna ákvörðun, sem hindrar það, að nokkurs rjetti geti verið hallað. Hún hefir einnig í sjer fólgna meiri friðun á laxinum en annars, ef hver einangraðist út af fyrir sig, því menn mundu opt viljandi sleppa löxum upp hjá veiðistöðvum sínum, ef veiðin væri stunduð í fjelagi, auk þess sem laxaklak getur með þessu eina móti orðið til gagns og auknings laxveiði í landinu. Jeg verð nefnilega að ganga út frá því, að menn sjái, að þessi ákvörðun frv. er fullkomlega eins skynsamleg og rjett, sem aðrar ákvarðanir þess, og skal jeg svo ekki fjölyrða um það að sinni.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvað er meint með því, að einn eigi veiði í á? Eptir mínum skilningi getur það verið með því einu móti, að hann eigi allt land að ánni. Jeg set svo, að það liggi 4 eða 5 jarðir að einni á og einn eigi þær allar, þá á hann einn veiðina í ánni, eptir þeirri gömlu reglu, að hver eigi vötn og veiðistöðu fyrir sínu landi. Með þessu stendur alveg jafnhliða, að einn maður á löglegan hátt hafi orðið eigandi að veiðirjettinum fyrir allra þessara jarða landi, svo að veiðin sje jörðunum frá komin. Því hvort sem hann á veiðina sem landeigandi, eða hann rekur rjett sinn til veiðarinnar til landeiganda eptir sjerstakri löglegri heimild, þá hlýtur hann skilyrðislaust og ótakmarkað að vera bundinn við öll hin sömu friðunarlög, sem einstakir eigendur jarðanna, eða einstakir eigendur að veiðirjettinum fyrir hinum einstöku jörðum. Það er að segja: hann verður að nota veiði-

rjettinn fyrir og á hverrar einstakrar jarðar landi alveg samkvæmt friðunarlögunum. En hitt tilfellið, ef tilfelli skyldi heita, sem hinn háttvirti framsögumaður sjálfsagt hefir fyrir augum, og er að streitast við, að koma inn í friðunarlögin, að einn eigi veiði í á, án þess að hann eigi allt land að ánni, eða hafi komið í landeiganda stað með sjerstökum löglegum heimildum til veiðirjettarins fyrir landi allra þeirra jarða, sem að ánni liggja, hvar finnst það hjer á landi? Hvergi. Það getur að eins komið til með því að búa til lög, það er að segja óheyrileg ólög, sem skapa þetta tilfelli; en það er, hamingjunni sje lof, ekki til enn. En geri maður nú ráð fyrir, að sá, sem býr neðan til eða neðst við á, eigi alla veiðina í ánni einnig fyrir landi þeirra, á þann hátt, sem jeg hef tekið fram, sem landeigandi eða veiðieigandi eptir sjerstökum heimildum, þá verður hann samt sem áður að finna sig í því, að laxinn gangi upp til þess, sem býr efst til fjalla, þó hann eigi ekkert í veiðinni; já, hann má ekki einu sinni hindra laxinn frá að ganga upp fyrir land sinnar eigin jarðar, þegar um ströng laxafriðunarlög er að ræða, með öðrum orðum: hann er skyldugur til að nota veiðina fyrir og á hverrar einstakrar jarðar landi eptir reglum friðunarlaganna, ef hann ekki vill láta veiðina liggja ónotaða. Allt svo: aðallaxaförin verður að vera óhindruð, sem eitt aðalmeðal til að fjölga og viðhalda laxinum, eins af einum eiganda, eins og fleirum eigendum. Af þessu er augljóst, að það er óleyfilegt, að hindra að laxaförin gangi upp eptir ám, því það kemur gagngjört í bága við aðalgrundvallarreglu þessara laga, sem er sú, að auka og efla laxveiðina. Þessi ákvörðun stríðir því á móti yfirlýstum tilgangi framsögumannsins sjálfs og frumvarps hans, og má því ekki standa í því. Jeg skora á þingd., að taka þetta atriði til ýtarlegustu yfirvegunar og nema það burtu; og hvað sem öðru líður, þá get jeg fullvissað hinn háttvirta framsögumann um það, að slík óheyrileg ákvörðun, sem þessi, gengur ekki í gegnum greipar efri deildarinnar. Jeg fyrir mitt leyti neyðist til að greiða atkv. móti öllu frv., ef þessi ákvörðun stendur. H. h. framsögumaður (Þ. Bj.) vill halda þvergirðingunum! Ójæa! Því vill hann halda þeim? Ef mikil laxgengd er í einni kvísl á á, þá má þó auðsjáanlega eyðileggja alla laxveiði fyrir öðrum, sem land eiga að henni, með því að þvergirða hana, já meira að segja máske að miklu leyti eyðileggja veiði í allri ánni fyrir ofan, þar sem kvíslin rennur úr henni. Jeg get nefnt eina á fyrir norðan, Laxá; þar gengur laxinn máske einna mest eptir einni kvísl, sem þó er lítill hluti af ánni, og er stutt rennsli úr henni í eins manns landi. Bóndinn á Laxamýri gerði um árið samning við þá sem ofar bjuggu með Laxá og áttu veiðirjett í henni, um að hann mætti þvergirða þessa kvísl, móti því, að hann ljeti aðalána standa opna, nema hvað kistur eru settar nokkuð út í hana; en það er sagt svo að laxveiði hafi ekki minnkað á Laxamýri eptir það, en hinir iðrast sárt eptir samningnum. Jafnvel þó kvíslin sje lítil, sem þvergirt er, þá getur það verið eins skaðlegt fyrir því; því laxinn getur eins gengið eptir hinum minni kvíslum, eins og eptir hinum stærri. Þetta er mest komið undir því, hvernig til hagar, og þessa tilhögun má skapa með hyggjuviti og mannahöndum. Já, því vill þá hinn háttvirti framsögumaður þessar þvergirðingar? Annaðhvort af vanhyggju og þekkingarleysi viðvíkjandi laxafjölguninni, eða af öðru verra, eða þá af hvorutveggja þessu. Hvað 6. gr. snertir, þá get jeg ekki skilið, að hún sje nauðsynleg til þess að fæla menn ekki frá að koma upp laxaklaki eða stunda það. Jeg skal ekki hrósa mjer af því, að jeg sje svo óeigingjarn; en jeg er þó ekki svo eigingjarn, og ekki vil jeg lýsa yfir því á alþingi Íslendinga, að jeg sje svo gagntekinn af ágirnd og eigingirni, undirrót alls ills, að jeg ljeti það fæla mig frá að stunda laxaklak fyrir mínu eigin landi, þótt jeg vissi, að þeir, sem fyrir ofan mig byggju, hefðu líka einhvern hagnað af því. Jeg get líka vel ímyndað mjer, að þeir vildu rjetta mjer hjálparhönd, er þeir sæju, að jeg ynni þeim gagn. En h. framsögu-

maður (Þ. Bj.) sagði, að það væri óhugsandi, að slíkur fjelagsandi væri hjá mönum, að þeir kæmu sjer saman um annað eins og þetta. Mundi ekki hinum háttvirtu þingmönnum og landsmönnum, er þeir lesa alþingistíðindin, þykja þessi orð kynleg, úr munni hins háttvirta geistlega framsögumanns? Jeg fæ ekki sjeð, og fæ þó sjeð, af hverju þau eru sprottin! Hjer er um líkt að ræða, eins og að eiga skip í sameiningu. Sú ein veiðiaðferð er rjett, sem eflir allra hag, og ef menn ekki vilja fylgja þessari aðferð, þá eiga friðunarlögin, friðunarlög framsögumanns sjálfs, að koma til, að þrýsta honum sem öðrum til þess. Jeg vil ekki gefa sýslunefndunum vald til að dæma um, hvort rjetti nokkurs sje hallað um þessi mál, því af þessum rjetti flýtur jafnframt skylda til þess að gera það, sem sýslunefndin hefir ef til vill ekki skynbragð á. Þessi ákvörðun er því allsherdis óhafandi í lögunum. Þegar hinn háttvirti framsögumaður gerir ráð fyrir skorti á rjettsýni, drengskap og skynsömum fjelagsanda, og telur hann jafnvel óhugsandi yfir höfuð, þá er hætt við, að slíkur skortur geti einnig slæðzt inn í sýslunefndina, því hún er þó líka skipuð Adams niðjum, og það er margt, sem getur verkað á þá þar, eins og annarstaðar; eða mundu sætin í sýslunefndinni, innblása mönnum æðri hugsunarhátt, en sætin í þingsal Íslendinga? Jeg vil því í bráðina ráða hinum háttvirta framsögumanni til að fella þessa grein alveg í burtu; jeg ímynda mjer, að eins megi koma á laxaklaki og fjelagsveiði fyrir því, og það einmitt bezt með því móti, að lögin að öðru leyti sjeu svo útbúin og úr garði gerð, að enginn geti gert öðrum srórkostlegan miska með því að misbrúka rjett sinn og níðast á öðrum með hrekkjum eða ofbeldi.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) spurði, hvað væri meint með því, að einn ætti veiði í á. Það getur verið á tvennan hátt, sem menn eignast veiði alla. Fyrst með því móti, að hann eigi allt land, sem liggur að ánni, eða allar jarðir, sem að henni liggja, því þá á hann alla ána, ef hún er ekki undan skilin, og þá get jeg ekki sjeð, hvað er á móti því, að hann hafi einn veiðina, og hann ekki láti þann laxinn, sem hann má að lögum veiða, ganga upp til þeirra manna, sem enga veiði eiga. Í annan stað getur einn átt veiðirjett í á, af því að hann hefir keypt hann undan jörðum þeim, sem að ánni liggja. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) áleit ómögulegt og óleyfilegt, að selja þannig veiðirjett undan jörðunum. Jeg get sagt honum eitt dæmi. Ef jeg og aðrir, sem eigum veiðirjett í Laxá í Kjós, hefðum fyrir 6 árum síðan mátt selja ána, þá hefðum við getað fengið svo mikið fje fyrir hana, að rentan af því hefði numið mjög miklu meira, en arðurinn var þá af veiðinni. Ef svo hefði farið, að við hefðum selt ána, hefðum við þá átt að veiða lax í henni eins eptir sem áður? H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) talaði allt af um, að ef einn ætti veiði í á, þá hlyti hún að eyðileggjast, ef sömu takmörkin væri ekki lögð á veiði hans, sem þeirra manna, er veiði eiga saman; mjer finnst miklu meiri líkindi til, að ef einn á veiði í ánni, þá hagnýti hann sjer hana sem bezt; hann hefir þá við engan að keppa. En ef fleiri eiga veiðina, þá kemur samkeppnin, og þá hugsa menn sem svo: ef jeg sleppi nokkru af laxi upp hjá mjer, þá veiða hinir hann, og því er bezt fyrir mig að reyna að sleppa engri bröndu fram hjá mjer, sem jeg get náð að lögum. En ef einn á veiðina, mun hann hugsa sem svo: Þetta er arðsamur atvinnuvegur, og jeg skal því reyna að fara skynsamlega með hana, svo hún ekki eyðileggist. H. þm. (B. Sv.) sagðist vera svo óeigingjarn, að hann vildi kosta upp á laxaklak fyrir sínu landi, þótt hann vissi, að aðrir hefðu eins mikið gagn af því, eins og hann, án þess að leggja nokkurn kostnað til. Það er gott að geta játað slíkt um sig; en jeg get ekki sagt það sama um mig. Jeg vil ekki sá til þess, að aðrir eingöngu uppskeri, (*Benidikt Sveinsson:* og þá ekki guðsorði); en jeg vil gjarnan sá með öðrum og njóta svo uppskerunnar með þeim, því jeg hef ávallt álitið, að verður væri verkamaðurinn launanna. Viðvíkjandi því, sem hann tók

fram um 6. gr., þá skal jeg geta þess, að sýslunefndin er ekki, eins og hann tók fram, skyld til að ákveða, að menn skuli veiða í fjelagi, nema hún álíti, að einskis rjetti sje hallað, og það getur hún allt af borið fyrir sig, ef henni þykir ástæða til að neita um samþykki sitt. Mjer finnst engin ástæða til að vantreysta sýslunefndinni í þessu efni. Jeg vona, að þingd. leyfi málinu fram að ganga.

Um 1. og 2. breyt.till. skal jeg geta þess, að mjer er ekkert kappsmál, hvort þær komast að eða ekki; en jeg álít rjett þeirra, sem eiga einir veiði í á, fyrir borð borinn, ef þær komast að.

Arnljótur Ólafsson: Það er nokkur ágreiningur milli h. framsögumanns (Þ. Bj.) og h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.). Mjer finnst nú þetta ágreiningsefni vera ljóst. Spurningin er um það, hvort nokkur ástæða sje til, að sá, sem á einn veiði í á, hafi nokkuð fram yfir hina, sem eiga veiðina saman við aðra. Mjer finnst það nú vera sitt hvað, að eiga veiði saman við aðra í á, eða að eiga hana einn. Hjer þarf tvennt að aðgreina; annað er hin almenna friðun laxins, og hitt er gagn það, sem menn hafa af veiðinni. Til þess nú að friðunarlögin nái tilgangi sínum, verða þau að ná þessu tvennu. Því eru þau lög bezt, sem friða fullkomlega, en veita þó eigendum veiðarinnar gagn sitt og hagsmuni óskerta í sambandi við fullkomna friðun. Þegar jeg nú sný mjer að friðuninni, þá er hún næg í þessu frv. Friðunartíminn til að hrygna er nægur. Að ekki megi veiða með öðrum veiðivjelum en þeim, sem sleppa öllum smálaxi, um það efni eru einnig settar hinar sterkustu skorður. En þá kemur hitt til skoðunar, hvort ekki sje ástæða til, að sá, sem á veiði einn í á, hafi meiri rjett en hver einstakur, sem á veiðina saman við aðra. Þegar samveiði er, verða lögin að ákveða, að rjettur einskis af eigendum samveiðarinnar skuli fyrir borð borinn; en þegar einn á alla veiðina, er veiðirjettur hans ekki bundinn við neinar þær reglur, sem að eins snerta samveiðarrjettinn, heldur að eins við hinar almennu friðunarreglur.

Hvað nú snertir breytingaratkv. við 1. gr. um, að fella úr orðin »nema einn eigi veiði í á», þá álít jeg þess enga þörf, að fella þau úr, af þeim ástæðum, sem h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) taldi til, að málsgrein þessi skapaði eineigendur, því það gerir hún ekki, heldur verður sá atburður (factum) að vera til áður. Orðin gera að eins ráð fyrir, hvernig skuli að fara, ef þetta tilfelli eigi sjer stað; en þau heimila engum að verða eineigandi. Sá, sem þykist vera eineigandi, verður fyrst að sanna, að hann sje það, eða eigi einn veiðirjett í ánni. En hver er nú undantekningin í 1. gr. fyrir þessa eineigendur? Engin önnur en sú, að þeir eru ekki bundnir við að láta laxinn vera friðhelgan þessar 36 stundir í viku hverri. Hann er laus við þessa ákvörðun, en hann er bundinn við allar aðrar friðunarákvarðanir frv. Þessi ákvörðun er heldur engin friðunarákvörðun á laxinum, heldur að eins til þess gerð, að friða gengd hans, þar sem allar hinar ákvarðanir frv. miða að því, að friða smálaxinn og hrygnunina. Þessi ákvörðun er eðlilega einungis fyrir sameigendur, og fyrir þá er það nauðsynlegt, að laxinn hafi óhindraða göngu, svo þeir, sem ofar búa, sjeu ekki bolaðir frá veiðinni. Jeg get því ekki betur fundið, en að 1. gr. sje fullkomlega á rökum byggð, eins og hún er í frv. Aptur er jeg á því, að gefa breytingartill. við 2. gr. atkv. mitt, ekki af því, að ákvörðun frv. sje ekki rjett, heldur, af því að það getur komið prætni út úr því, hvort enginn annar eigi veiði í kvíslinni. Ef á rennur sundur og saman, og ef menn þvergirða eina kvíslina, þá getur það spillt veiðinni í allri ánni. Þvergirðingin getur ekki átt sjer stað, nema kvíslin komi aldrei saman við ána ofar; en þá er það í raun rjettri ekki kvísl, heldur á; kvísl er það, er rennslið er sprottið út úr á og fellur í hana aptur eða til sjávar. Jeg held þess vegna, að rjettara sje, að fella þessa ákvörðun burtu. Hvað breytingartill. við 5. gr. snertir, þá álít jeg sjálfsagt að fallast á hana, og fella burtu ákvæðið um bilið milli þverrimanna, þar sem þeir í raun rjettri geta ekki átt sjer stað, því áður

stendur, að spelirnir (ætti að vera spelarnir) skuli standa lóðrjettir upp og ofan. Hvað 6. gr. snertir, þá verð jeg að gefa henni atkvæði mitt; jeg get ómögulega sjeð, að hún raski í nokkru rjettarreglum vorum, því lík ákvæði munu vera í farmannabálki um sameigendur að skipi, að minni hlutinn verður að beygja sig fyrir vilja meira hlutans, ef halda skal skipinu til fiskjar. Lík ákvæði þeim í 6. gr. frv. munu standa í lögbók vorri, Jónsbók. Að sýslunefndin dæmi um þetta, sje jeg ekkert á móti, þar sem oddviti hennar er lögfróður, og getur sagt, hvað sje lögum samkvæmt.

Magnús Andrjesson: Jeg hef skrifað nafn mitt undir breyt.till., þótt jeg sje ekki með þeim öllum. En nafn mitt setti jeg undir þær, af því að jeg er með sumum þeirra. Jeg gef atkvæði móti breytingartillögunni við 1. gr. Því eigi það sjer einhverstaðar stað, að einn maður eigi alla veiði í á, þá virðist mjer ekki ástæða til að leggja önnur bönd á veiðiaðferð hans, en nauðsynleg eru til þess, að friðun laxins sje fullkomlega sjeð borgið, og það er gjört í frumvarpinu. Þar á móti ætla jeg að greiða atkv. með breyt.till. við 6. gr., eða með því, að sú gr. falli burt, því að það er ekki fullkomlega rjettlátlegt, að neyða þá menn, er eiga beztu veiðistöðvarnar með einhverri á, og sem optast munu vera þeir, er búa neðst með ánni, og því venjulega hafa mesta veiðina, að neyða þá til að ganga í samveiði við þá, er búa ofar eða efst við ána, eða þar sem minni er veiðivonin. Þessi ákvörðun 6. gr. hallar því að minni ætlun rjetti þeirra, er bezt standa að vígi með veiðina. Þess vegna get jeg ekki verið með 6. gr., þótt eitthvað kunni að mæla með henni.

Jón Ólafsson: Jeg stend upp mest vegna þess, að h. sessunautur minn (B. Sv.) er dauður, — það er að segja, þingskapalega dauður. — H. þm. Eyf. (A. Ó.) gat þess, að í 1. gr. væru tvenns konar ákvarðanir, fyrst og fremst friðunarákvörðun, og í öðru lagi bann að veiða laxinn í 36 stundir á viku hverri, til að skipa rjetti þeirra manna, sem eiga veiði í sömu á. En tilgangurinn með þessa ákvörðun er ekki einvörðungu sá, heldur er þetta jafnframt friðunarákvörðun, og ætti þess vegna að snerta hvern, sem á veiði í á, hvort sem það er einn eða fleiri. Það eru fleiri friðanir til en friðun á unglaxi, og skal jeg nefna friðun á laxi um hrygningartímann, til þess að laxinn geti hrygnt, og komizt eptir ánum til hrygningarstaðarins. Þetta 36 stunda veiðibann í viku hverri er, eins og jeg gat um, ekki til þess einungis, að skipa fyrir um rjett veiðenda á milli í ánni, heldur er það og friðunarákvörðun, og það mjög þörf, því að það getur vel hugsazt, að maður, sem á einn veiði í á, líti svo mjög á stundarhaginn, en horfi eigi fram í tímann, að hann reyni á allan hátt að fá sem mesta veiði, að ná sem mestum laxi, svo að veiðin alveg eyðileggist, eins og menn ofsitja jörð, og þannig rýra hana. Þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að breyt.till. gæti ekki skapað ný tilfelli; en það er þó einmitt svo, því að þar sem fleiri eiga veiði í á, getur ákvörðun breyt.tillögunnar orðið hvöt fyrir einn til að kaupa alla veiðina af hinum, til þess einmitt að geta haft sem mestan stundarhag af veiðinni, án þess að hugsa fram í tímann, ofveitt þannig, og þar með eyðilagt veiðina; þetta kemur og saman við það, sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. B.) sagði, að hann liti mest eða jafnvel eingöngu á sinn hag við veiðarnar, en ekki á hag eptirkomandanna. En jeg álít þetta óheppilega skoðað af h. þm. Og vafalaust hefir hann litið öðruvísi á, er hann vildi fá styrk af almannafje til laxaklaks.

Arnljótur Ólafsson: H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir víst ekki tekið eptir því, sem jeg sagði, að það væri tvenns konar friðanir til: 1., friðun um hrygningartímann; 2., friðun á unglaxi. En þetta 36 stunda veiðibann á viku hverri er engin friðun, heldur ákvörðun til að skipa fyrir um rjett samveiðenda, eða til að tryggja göngu laxins upp eptir ánni, og þannig láta þá, sem ofar búa, einnig fá að njóta sinnar veiði; enda er það auðsætt, að í þessar 36 stundir gengur eigi að eins smálax, heldur og stórlax upp eptir ánni; eða skyldi h. þm.

(J. Ól.) halda, að þá gangi laxinn upp ána til að hrygna? Veit hann eigi, hve nær hrygningartíminn er? Hann er eigi fyr en í nóvember, eða, ef til vill, seint í október; en það er hjer um bil 2 mánuðum eptir að friðunartíminn hefst. Af þessu hlýtur mönnum að vera ljóst, að 36 stunda veiðibannið er að eins fyrir samveiðendur. Jeg skal leyfa mjer að leiða athygli manna að 6. gr., sem mjög nauðsynlegri. Þótt h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) prjedikaði mikið um drenglyndi manna til laxaklaks fyrir aðra en sjálfa sig, þá held jeg, að hann hafi gert of mikið úr drenglyndi þessu; því að það væri þá algjör undantekning með laxaklak. Ekki vilja menn ala upp gemlinga eða fölöld fyrir aðra. *(Þ. G.:* Eða kálfa). Já, það má líka bæta kálfunum við. Stjórnarskrána vilja menn búa til fyrir aðra, og láta þá og niðja sína borga; en hvorki lömb, fölöld nje kálfa, nje heldur laxunga. Friðunin í frv. er fullmikil, nær því of ströng eða of mikil; svo sem að 2 þuml. sje milli spela. Tíu punda lax smýgur t. d. $1\frac{3}{4}$ þuml. bil. Framsögum. (Þ. Bj.) hefir verið umhugað um, að efla laxveiðar, og megum vjer því bera fullt traust til hans.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla alvarlega með 6. gr. frv., því að það er svo langt frá því, að jeg telji hana skerða rjett manna, að hún miklu fremur tryggir mönnum rjettinn gagnvart heimskum og of eigingjörnum veiðieigendum. Að sýslunefndinni er þar gefið úrskurðar- eða samþykktarvald, sje jeg ekkert á móti. Ekki mundi vera betra að leggja slíkt undir amtmenn; ekki mundu þeir vera kunnugri. Jeg álít rjett að þröngva megi minni hluta veiðieigenda til samveiði, því að það geta hugsazt þeir þrákálfar, sem enga samveiði vilja hafa, heldur líta meira á stundarhaginn og sinn eiginn hag, en framtíðarhaginn og annara hag; en hjer er ekki lengra farið en í fiskiveiðasamþykktalögunum; eptir þeim verður þó minni hluti að lúta, þar sem $\frac{2}{3}$ greiða atkvæði með á almennum hjeraðsfundi, og hjer er þá ekki neitt á móti, að sama hugsunin gangi gegnum laxafriðunarlög vor. 6. gr. er og þýðingarmikil fyrir laxaklakið.

Jón Ólafsson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir víst ekki tekið eptir því, sem jeg sagði. Laxinn gengur fyr til hrygningarstöðvanna en hann hrygnir. Hvað heldur þm. (A. Ó.), að laxinn sje að gera þangað? *(A. Ó.:* Jeg hef aldrei talað við lax), — og má ske heldur ekki tekið mikið eptir laxi. Heldur þm. (A. Ó.), að hann sje bara að sýna sig, til þess að láta veiða sig? Til þess fer laxinn víst ekki upp eptir ánum á vorin. Hann hefir eitthvert annað erindi. Ef menn svo drepa allan laxinn á þeirri uppgöngu, getur það orðið til tjóns fyrir veiðina. Þess vegna er nauðsynlegt, að þessi 36 stunda friðun á viku hverri nái til allra laxveiðenda.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): H. 2. þm. Árn. (M. A.) kvaðst ekki geta fallizt á 6. gr., af því að þeir, sem ofar búa með á, tækju veiðina frá hinum, sem neðar búa. En það er ekki meiningin, að svo verði, því að sýslunefndin mun útvega sjer skýrslur um, hve mikil veiðin hefir verið að undanförnu á hverjum stað, bæði hjá þeim, sem neðst búa, og þeim, sem ofar búa, og fara eptir því við skiptinguna á veiðinni. Jeg þarf ekki að svara h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) um 36 tíma veiðibannið á viku hverri, því að h. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir svo greinilega sýnt fram á, að sú ákvörðun er gerð fyrir þá, er eiga saman veiði í á, en er engin almenn friðunarákvörðun.

H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) spurði, hvers vegna laxinn færi á vorin upp eptir ánum. Menn vita það ekki, ekki einu sinni fiskifræðingar, því að laxinn fer aptur niður árnar í ágúst, eptir sögn fiskifróðra manna, og þess vegna var ferðin upp árnar ekki til að hrygna. H. sami þm. (J. Ól.) sagði, að jeg hefði sagt, að jeg liti að eins á minn hag við veiðarnar; það sagði jeg ekki, heldur að jeg mundi kynoka mjer við að stunda laxaklak, ef jeg nyti þess ekki sjálfur, heldur ætti jeg að bera kostnaðinn allan, en aðrir að

taka arðinn. Og svo kom hann með samanburð á mjer og landssjóði; en samanburðurinn getur alls ekki átt við. Landssjóður kostar laxaklak til þess að almenningur hafi gagn af því, en hver einstakur maður gerir það að minnsta kosti fyrst og fremst til þess að efla sinn eiginn hag; þess vegna getur ekki hvílt á mjer sama skylda, að efla almenningshag, eins og á landssjóðnum.

Jón Ólafsson: H. 2. þm. G.-K (Þ. Bj.) hefir misskilið mig. Jeg meinti, að úr því að landssjóður kostar mann við laxaklak hjá honum, þá væri vafalaust tilgangurinn, að hann liti nokkuð á almenningshag jafnframt sínum eigin.

Atkvæðagr.: Breyt.till. við 1. gr. (C.293) samþ. með 12 atkv. gegn 9, að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu. Nei sögðu: Halldór Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Eiríkur Briem, Holger Clausen, Jón Jónsson, Magnús Andrjesson, Tryggvi Gunnarsson, Þorkell Bjarnason, Þorlákur Guðmundsson.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 1.

Breyt.till. við 5. gr. samþ. með 19 atkv.

Að 6. gr. falli burt, var fellt með 11 atkv. gegn 8.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum var samþ. með 18 atkv., og síðan sent Ed.

Uppástunga forseta um, hvernig ræða skuli uppástungu til þingsályktunar um lán til þilskipakaupa (C. 238).

Samþykkt var, að hafa eina umræðu um þessa þingsályktunartillögu.

Tillaga til þingsályktunar um aðgang kvenna til námsprófa (C. 234); ein umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er samþykkur því, sem stendur í öðrum tölulið tillögunnar, að konum verði leyft, að ganga undir burtfararpróf við lærða skólann, og njóta kennlsu og taka próf við hinar æðri menntunarstofnanir landsins. Hið eina, sem jeg hefi við þetta að athuga, er það, að eptir því sem þetta er orðað, geta þær ekki notið kennslu við lærða skólann, en bæði við prestaskólann og læknaskólann. Jeg skil ekki vel, á hverju þessi munur er byggður, nema ef vera skyldi sú sjerstaka umönnun fyrir kvennfólkinu, að eigi þætti með öllu óhætt, að sleppa námsmeyjunum saman við skólapilta, en hitt gerði minna til, þó þeim sje hleypt til læknaefna eða prestlinga.

Að 1. tölulið sje jeg lítið gagn, að samin sje reglugerð, og haldið próf einusinni á ári, fyrir konur, sem vilji ganga undir það, til þess að fá vitnisburð um kunnáttu sína og hæfilegleika til að verða kennarar við kvennaskóla landsins. Jeg efast að vísu ekki um, að í þeirri prófsnefnd gætu setið konur, sem bærar væru að dœma um hœfilegleika kvenna til að kenna; en þó er það ekki víst, með því að hvergi er kennd uppeldisfræði eða kennslufræði (pædagogik) hjer á landi, og án hennar er ekki gott, að dæma um hæfilegleika manna til að vera kennarar, og jafnvel ómögulegt, nema með töluverðri reynslu, ef prófið ætti að vera áreiðanlegt og verklegt. Jeg hygg heldur ekki, að margar kennarakonur mundu verða til fyrst um sinn, að taka sjer ferð á hendur hingað suður til að fá vitnisburð. Og þær mundu helzt útvega sjer hana, sem mest þættust við þurfa, og minnst álit hefðu; einnig þær, sem framfúsastar væru, svo prófið gæti haft í för með sjer, að miður færar konur væru vegna þessa prófs teknar fram yfir færari konur, sem heima hefðu setið. Eptir því sem jeg þekki til kennsluskoðana manna utanlands, eru menn farnir að leggja minni áherzlu á próf en áður, svo þessi tillaga gengur að því leyti í gömlu stefnuna. Próf eru að eins neyðarúrræði. Skriflegar ritgerðir eru að vísu áreiðanlegar nokkurn veginn, en munnleg próf eru ávallt óáreiðanleg. Lærisveinninn er aldrei jafnvel að sjer í öllu, og getur þá auðveldlega hitt á þá kafla við prófið, sem hann veit annaðhvort betur eða ver en aðra að meðaltali. Menn geta verið heppnir eða óheppnir við prófið, sem menn svo kalla. Jeg verð því að vera á móti 1. tölulið, af því hann gengur í gömlu stefnuna, að leggja meiri þýðing í prófin heldur en á við.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að vera á móti báðum töluliðunum. Hversu vel sem þetta er meint, vantar þó töluvert til, að það sje gjörlegt. Jeg hefði búizt við að uppástunga kæmi um, að ráðherrann semdi reglugjörð fyrir kvennaskólana, svo að vissa væri fyrir, hvað kennt er, og hvernig því fje er varið, sem er veitt til þeirra. Í þess stað er í 1. tölul. farið fram á, að halda próf í Reykjavík yfir þeim, sem á kvennaskólunum eru; það er að skilja þeim, sem vilja taka próf í þeim greinum, sem þar eru kenndar, og er þá sjálfsagt meiningin, að þær sem próf taka verði teknar fram yfir aðrar, sem ef til vill hafa lært allt annað, og ef til vill miklu meira. En þá liggur það nærri, sem h. 1. þm. Eyfirð. (A. Ó.) sagði; þær sem framgjarnastar væru og ríkastar mundu koma til prófsins; en hinar sitja heima, þó að þær sjeu ef til vill betur að sjer heldur en hinar, annaðhvort af því, að kostnaður hamlar, eða af framtaksleysi. Jeg sje því eigi neitt unnið við þetta fyrirkomulag. Í stað þessa hefðu þurft að vera ákvæði um, hvað kenna skyldi í kvennaskólum, og þá einnig, hvernig próf þar skyldi vera. Það er snertir 2. tölulið, sje jeg ekki, að neinn hjer í deildinni geti samþykkt hann í alvöru, eins og nú stendur á. Það er kunnugt, að engin kona hefir lagt sig eptir þess háttar lærdómi hjer á landi; þegar til þess kemur, má hafa einhver ráð. Ef þessi uppást. er alvara, þá ættu konur eins að mega ganga á latínuskólann eins og hina skólana; en það eru svo miklir gallar á því, að það er að mínu áliti ekki gjörlegt, að samþykkja það. Ef tillagan verður felld, koma uppástungumenn ef til vill með aðra, sem minni gallar væru á, og gæti þá skeð, að jeg fjellist á hana.

Jón Ólafsson: Mjer þykir mjög sorglegt og satt að segja minnkun fyrir deildina að heyra, að þetta mál skuli mæta andmælum hjer. Mjer finnst báðar greinarnar góðar. H. 1. þm. Eyfirð. (A. Ó.) hafði á móti prófum; hefir hann rjett í því, að próf eru í sjálfu sjer ekki mikils virði, en það mun hafa vakað fyrir uppástungumönnum, að prófið væri ekki yfirheyrsla ein, heldur fremur praktiskt, — ekki svo mjög til að sjá, hvað konurnar kunna, eins og til að sjá, hversu þeim fer úr hendi að kenna það, sem þær kunna, þannig, að þær væru látnar spyrja og yfirheyra í viðurvist prófdómenda. Það próf sýnir nokkuð, hvernig viðkomandi er fær um að kenna, og eins hitt, hvað hann þekkir og veit. Jeg get því ekki álitið það óþarft, og sje ekki, að það geti gjört ógagn, heldur gagn. Viðvíkjandi seinni töluliðnum getur skeð, að fáar yrðu fyrst til að fylgja honum, en það gæti þó verið, og það skaðar ekki í öllu falli, að láta það vera frjálst. Það var eins og dreginn efi á, hvort mönnum væri alvara að mæla með þessu. Já, mjer er alvara; jeg vil af alhug styðja þetta. Syni landsmanna styðjum við og styrkjum á allar lundir, gefum þeim fría kennslu, ölmusur, húsaleigustyrk o. fl., og væri þá undarlegt, að vera svo missýnn við dætur landsmanna, að meina þeim svo lítið sem að ganga undir próf. Það hefir og verið sagt, að engin stúlka hjerlend hafi nokkurn tíma lagt þetta nám fyrir sig. Jeg þekki þó stúlku, sem hefir lært latínu, og nú sem stendur er íslenzk embættismannsdóttir á latínuskóla í Kaupmannahöfn, og er undarlegt, að þurfa að leita út úr landinu til þess háttar. En að námið kvenna er enn ekki almennt, kemur til af því, að það hefir engin hvöt verið fyrir þær til að leggja það fyrir sig. Hversvegna fara 10—11 ára gamlir piltar að stúdera latínu og grísku og þess háttar? Ætli það sje af innri þörf, vísindalöngun?! Nei, það er af því, að foreldrarnir láta þá taka þann atvinnuveg. Það mun vera svo um flesta, að þeir læra til þess að lifa á því. Svo lengi sem íslenzkar stúlkur hafa ekkert próf getað tekið, hefir þeim ekki verið til neins að læra. Að fara að fella þetta af þeirri orsök, að engin kona hafi lært, væri líkt eins og að segja, að óþarfi sje að fara að læra laxaklak, af því að enginn innlendur maður hafi áður lært laxaklak. Jeg held konan muni nota rjett sinn, þeg-

ar er hún fær aðgang til þess. Konan er í nálega öllu ver sett en karlmaðurinn; hún á venjulega ekki annars úrkost en að gipta sig til þess að forsorga sig, af því að flestir aðrir vegir eru lokaðir. Þetta er ófrelsi, sem á að bæta úr. Það eru mörg embætti, sem ekki yfirstíga krapta kvenna; erlendis þykja margar konur heppnir læknar, og þó ekki yrði farið að setja þær í embætti strax, er líklegt, að einir tveir, þrír kvennlæknar gætu fengið praxis hjer á landi, í Reykjavík og hinum öðrum stærri bæjum landsins. Það er svo miklu þægilegra fyrir kvennmenn, að geta snúið sjer til kvennmanns sem læknis. Þessi uppástunga kostar ekkert, svo ekki er hægt að berja við barlómnum gamla. Við viljum unna konunni þessa mögulegleika. Hver sá, sem á konu og börn, mun finna, hve æskilegt það er, að geta veitt konu sinni og börnum sama eða áþekkan andlegan sjóndeildarhring, eins og hann hefir sjálfur, svo að sameign hjónanna geti einnig náð til hins andlega. Og hversu miklu mætari er ekki konan sem móðir og fræðari barnanna, ef hún er vel mennt? Jeg hefði viljað óska, að lengra hefði verið gengið, og kvennmönnum gefinn aðgangur til alls náms og alls styrks, sem karlar eiga nú aðgang að; en því síður er ástæða til að vera móti þessari tillögu, ekki lengra en hún fer.

Jón Sigurðsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. Eyfirðinga (A. Ó.) um það, að 1. töluliður þessarar þingsályktunartillögu er ekki heppilegur. Það er ekki af því, að jeg hafi á móti prófi yfir höfuð fyrir konur, heldur af því, að það er bundið við Reykjavík eina. Það má vera og það get jeg skilið, að hjer í bænum sje meiri völ á hæfum mönnum, konum sem körlum, til að gjöra það, próf er hjer ræðir um; en jeg held þó, að það mætti vel fá hæfa menn bæði fyrir austan, norðan og vestan, sem líka væri vel færir til að vera prófdómendur, bæði konur og karla, því þetta getur naumast verið sá vandi, að ekki nema sprenglærðir menn geti leyst hann af hendi. Vegna kostnaðar og erfiðleika við að fara hingað mætti svo fara, að þær konur, sem færastar eru til að ganga undir próf, ef til vill dragi sig apturúr, en hinar sem væru miður hæfar ráðeddu það. Til þess getur svo margt verkað, sem hjer yrði of langt upp að telja. Þess vegna er jeg á móti 1. tölulið; en jafn fúslega mun jeg greiða atkv. með seinni liðnum og það í fullri alvöru. Það hefir verið sagt, að óþarft væri að veita konum þau rjettindi, er hjer ræðir um, þar sem þær mundu aldrei nota þau, en' það er ekki von, að stúlkur hafi lagt sig eptir miklum lærdómsiðkunum hingað til, þar sem engin von hefir verið fyrir þær, að hafa nokkurt gagn af því fyrir framtíðina; en jeg vona að sá tími sje eigi svo langt í burtu, að konur geti fengið jafnrjetti við karlmenn til að komast að ýmsum embættum hjer á landi, og því vil jeg styrkja málið með atkvæði mínu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg held líka móti þessum 1. tölulið. Það er ekki af því að jeg vilji meina kvennfólkinu að taka þetta próf, en það er yfir höfuð rangt, að binda alla menntun við ákveðnar fastar reglur, svo að menn megi ekki menntast nema upp á einhvern sjerstakan ákveðinn hátt. Hver ímyndar sjer, að sönn menntun þurfi að vera bundin við einhverja ákveðna tölu á námsgreinum? Þess háttar á ekki að binda. Það á að vera frjálst. Það er líka líklegt, að þeir, sem veita forstöðu þessum skólum, sjeu einfærir um, að útvega einhverja prófdómendur við próf sín, sem færir sjeu um að dæma. Jeg sje ekki þetta sje annað en óeðlilegt band á menntun manna. Jeg skal ekki tala um þann kostnað, sem það hefir í för með sjer, að senda hvern kvennmann hingað, sem vill ef til vill verða kennari. En það er í sjálfu sjer óeðlileg ákvörðun.—En hvers vegna tökum við ekki allan rjett kvenna í einu lagi? Við höfum áður gefið þeim kosningarrjett til bæjarfulltrúa. Við þyrftum lög um allan rjett þeirra,svo að konan nái sínum almennu mannrjettindum. Í Englandi eru komin út lög um rjett konunnar viðvíkjandi fje sínu gagnvart bónda sínum, og er ekki vanþörf á því, og öðrum ákvæðum um fjárhag hennar. Ef konan má hafa

kosningarrjett til bæjarstjórna, sje jeg ekki, hversvegna hún má ekki líka hafa kosningarrjett til alþingis; þetta sem hjer liggur fyrir er nokkuð lítilfjörleg breyting. Þó að jeg sje viss um, að hver skólastjórn mundi leyfa kvennmanni að ganga undir próf, þó þessi ályktun ekki væri, mun jeg samt greiða atkv. með 2. töluliðnum. En það er illa farið, að h. Ed. skuli hafa tekið svona grunnt í árinni. 1. tölulið er jeg á móti, af því hann leggur band á menntun manna, sem jeg álít rangt, skaðlegt og óeðlilegt.

Jón Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem haft hefir verið á móti 1. gr., þá vil jeg geta þess, að þar er að eins farið fram á, að gefa kennslukonum kost á að ganga undir próf, en það er alls ekki gert að skilyrði fyrir því, að þær geti verið kennslukonur. Þar sem h. þm. Rvk. segir, að æskilegt væri, að taka allt kvennamálið fyrir í einu; þá er jeg honum hjartanlega samdóma um það, og ef komið væri fram með frv. um slíkt, skyldi jeg vera fyrstur manna til að styðja það; en það verður líklega bið á því, að það komi fram, og því verður maður að stíga stig af stigi, og rýmka til um rjettindi þeirra smátt og smátt. Þar sem þm. tók fram, að yfirstjórn skólans mundi ekki neita konum um að ganga undir próf, þá skal jeg ekkert um það segja, hvað yfirstjórn skólans kann að gera hjer á landi; en það veit jeg, að í Danmörku var slíkt ekki leyft, fyr en gefin voru lög um það efni. Og meira að segja, það eru enn sumar greinar, sem konum er ekki leyft, að taka próf í við háskólann sjálfan, t. d. guðfræði. Danir eru ekki enn komnir lengra en svo.

Atkvæðagr.: 1. tölul. felldu með 17 atkv. gegn 4; 2. tölul. samþ. með 16 samhljóða atkv. Vegna þessarar breytingar var málið endursent Ed.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi (C. 200); 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál, enda er það að eins fátt eitt, sem jeg vil taka fram. Jeg get ekki verið samdóma h. Ed. um það, að það hafi verið ósamkvæmni í frv. því, sem alþingi samþykkti 1883, með því, að orðið »landsskóli« innilyki í sjer hugmynd um háskóla, en þó hafi staðið í 1. gr. frv., að skólinn skyldi vera fyrir íslenzk embættismannaefni. Jeg sje ekki neina ósamkvæmni í þessu, því sjálfur háskólinn í Khöfn er og fyrir íslenzk embættismannaefni. Hugmyndin um háskólann í Kaupmannahöfn ætti því einnig að útiloka alla hugmynd um háskóla og vísindalega kennslu; en allir vita þó, að hún er að eins það, sem hún annars nær, vísindaleg, svo vísindaleg, að enginn á að geta numið lögvísi nema þar. Hvað er mótsögn, ef ekki þetta? Að stofnun landsskóla mundi hafa meiri kostnað í för með sjer, en stofnun lagaskóla, get jeg ekki skilið. Jeg get ekki sjeð, að þessar þrjár stofnanir þurfi að kosta meira, þótt þær sjeu allar sameinaðar í eina heild, heldur einmitt þvert á móti miklu minni, heldur en þær kosta allar, hver í sínu lagi. Eptir því sem mjer hefir verið skýrt frá af áreiðanlegum mönnum, er prestaskólinn að verða húsnæðislaus; og mundi það kosta meira, að byggja eitt hús fyrir 3 skóla, en þrjú hús sitt fyrir hvern? Jeg vil eigi að síður taka það fram, að jeg er Ed. þó mjög þakklátur fyrir, að hún hefir viljað beina þessu máli áfram, og sjer í lagi vil jeg lýsa gleði minni yfir því, að nú er fengin fullvissa fyrir því, að allir dómarar yfirdómsins, þrjú hin áreiðanlegustu vitni, sem fengizt geta í þessu máli, hafa með því að gefa atkvæði sín með þessu frv. viðurkennt og eru orðnir mjer samdóma um nauðsyn lagaskólastofnunarinnar, þó seint sje. Þetta vona jeg að spari nú stjórninni og andmælendum lagaskólans það ómak, að efast lengur um, að hann sje og hljóti að vera almennt áhugamál þjóðarinnar. Jeg óska þess af hjarta, að hann verði áður en mörg ár líða þessu landi og þessari þjóð til gagns og sóma, blessunar, framfara og frelsis. Og þykist jeg svo ekki þurfa að orðlengja frekar um það mál.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að lýsa yfir skoðun stjórnarinnar á þessu máli, og er hún að vísu þinginu þegar kunnug

af svörum þeim, sem stjórnin hefir gefið upp á það, sem komið hefir frá þinginu í þessa átt. Jeg vil skírskota til ráðgjafabrjefs frá 31. marz 1884, þar sem einnig er vísað til eldra brjefs frá 28. febr. 1880. Skoðun stjórnarinnar er hin sama enn sem fyrri á þessu máli, að það sje alls ekkert nauðsynjamál að sinni, og þar sem nú eru svo harðir tímar, þá vona jeg að h. þingdeildarmenn sjeu mjer samdóma um, að það sje íhugunarvert, hvort rjett sje einmitt nú að koma á fót stofnunum, sem hafa mikinn árlegan kostnað í för með sjer, og þótt menn álíti, að lagaskóli sje æskilegur, þá held jeg að hann sje ekki svo bráðnauðsynlegur, að stofnun hans ekki vel megi fresta, meðan svona er ástatt; hjer eru margar fleiri, og jeg vil segja brýnni nauðsynjar upp að fylla. Áður var farið fram á stofnun landsskóla, en nú er að eins talað um lagaskóla og lagakennslu, og verð jeg að játa, að frv. er í þessu tilliti búið að fá eðlilegri takmörk, ef málið á annað borð á fram að ganga, en jeg álít rjettara að fresta málinu, og hlífa landssjóðnum við þessum kostnaði að sinni. Þessar eru frá mínu sjónarmiði ástæðurnar fyrir því, að jeg mæli á móti því, að frv. verði samþykkt að þessu sinni. Það hefir einnig verið sagt, að þetta mál sje eitt af áhugamálum þjóðarinnar, og þetta er rjett að því leyti, að það hefir sýnt sig um langan tíma, að ýmsir menn hafa haft nokkurn áhuga á þessu máli; en jeg verð að efast um, að þessi áhugi sje eins almennur eins og forvígismenn þessa máls hafa haldið fram. Jeg held menn verði að játa, að margar aðrar nauðsynjar liggi nær á þessum tíma, svo sem að koma fram með eitthvað það, sem gæti eflt velmegun manna og stutt menn svo, að þeir yrðu færari um að bjarga sjer sjálfir, þegar lík ár koma fyrir og þetta. Hjer er ekki um alllítinn kostnað að ræða, ekki að eins um launin til lagakennslunnar, 6100 kr., heldur er þar að auki ýms annar kostnaður, svo að allur kostnaðurinn líklega ekki verður fjarri 10 þús. kr. á ári hverju. Jeg ætla svo ekki nú við 1. umr. að fara frekara út í þetta mál, en legg til, að því sje frestað.

Benidikt Sveinsson: Jeg get ekki vel komizt hjá, að gera fáeinar athugasemdir við ræðu hæstv. landsh., en frv. er reyndar svo margrætt fram og aptur, að það ætti ekki að vera þörf á að taka upp aptur ástæðurnar bæði með og móti. Hin fyrsta ástæða, sem hæstv. ldsh. kom fram með, var sú, að þetta mál væri svo lagað, að stjórnin gæti ekki veitt því samþykki sitt. Þetta er merkilegt! Hinn 8. dag júnímán. 1863 segir hans hátign konungurinn, sjálfur Danakonungur, svo í auglýsingu sinni til hins ráðgefandi alþingis, að hann vilji og óski að stofnuð verði lagakennsla á Íslandi, en það skorti að eins fje til þess. En 1885 segir hin *ráðgefandi* stjórn við hið *löggefandi* alþingi um þetta *sama mál:* Það er ekki til neins að fara fram á það; það fæst *ekki*. *(Landshöfðingi:* Það hefir ekki verið sagt.) Nei, vitaskuld ekki *beinlínis*, en vitaskuld var það sagt *ó*beinlínis, sem kemur alveg í sama stað niður. Já, því segi jeg það. Er það ekki dæmalaus apturför í hugsunarhætti *stjórnarinnar*, að setja árið 1885 þvert nei fyrir samþykki sitt til þeirrar stofnunar, sem hans hátign konungurinn hefir lýst yfir árið 1863 að væri sinn vilji og sín ósk, að kæmist hjer á fót! H. hæstv. landsh. sagði því næst, að þetta væri víst ekkert sjerlegt áhugamál. En öll frumvörpin, allar ályktanirnar, allar bænaskrárnar frá þinginu frá árinu 1855, allt svo í 30 ár, opt með flestöllum atkvæðum, er þá þetta engin eða ekki næg sönnun fyrir því, að málið sje áhugamál þjóðarinnar? Hvað getur verið öflugri og augljósari sönnun fyrir því, að þetta sje áhugamál þings og þjóðar, en þetta? Ekkert, alls ekkert, eins og ekkert getur verið meiri sönnun fyrir því, að það sje stjórninni í Danmörku hið mesta áhugamál, að lagakennsla í íslenzkum lögum ekki komist á hjer á landi, en neitanir hennar og undanfærsla allt það árabil, sem jeg nefndi! Jeg spyr: Mundi það ekki örðugt, að sanna áhuga þjóðar og þings yfir höfuð á nokkru máli öðruvísi eða rækilegar en ein-

mitt á þennan hátt. Það er þó víst ekki meining stjórnarinnar eða hins hæstv. ldsh., að alþingi eigi að ganga fyrir hvers manns dyr út um allt land, og spyrja hvern mann: Viltu fá innlendan lagaskóla? Og þó er það grunur minn, já, fullkomin sannfæring, að margfallt fleiri bændur mundu segja já, hjartanlegt *já*, en *ekki nei* við slíkri spurningu. Og hvernig mundi fara, ef þingið heimtaði af stjórninni slíka sönnun fyrir því, að frumvörp hennar, sem þingið andæfir á móti, væru byggð á almennum áhuga þjóðarinnar?. Stjórnin gerir sig þó ánægða með vitnisburð og já-kvæði þingsins *eins* í hennar málum.

Þar næst talaði hæstv. landsh. um kostnaðinn, sem af þessu leiddi. Jeg er nú búinn að heyra þessa viðbáru svo opt frá stjórnarinnar hálfu, að mjer er nærri farið að ofbjóða. Þegar hið löggjefandi alþingi er tvisvar búið að samþykkja þetta, 1879 sem lagaskóla, en 1883 sem landsskóla, þá á það alls ekki við, að stjórnin sje alltaf að tala um þennan fjeskort; nema landshöfðinginn eða stjórnin sanni, að fjárhagurinn standi svo, að annað enn nauðsynlegra verði að sitja á hakanum. Það væri allt annað mál, ef þingið með því að samþykkja þetta frv. yrði þess valdandi, að landsmenn fyrir það dæju úr hungri. En það er ekki tilfellið. Það er heldur ekki í fyrsta sinn, sem þessi ástæða kemur fram. Hún kemur ekki fyrst fram núna, þegar hart er í ári. Nei, hún er mjög gömul og hefir eins komið fram á góðu árunum; en jeg verð að lýsa þeirri skoðun minni yfir, að þingið skuli gjalda varhuga við, að það sje ekki sett á knje viðvíkjandi fjárframlagi úr vorum eigin sjóði til þess, sem varðar þjóðlega menntun í landinu, já meira að segja það sem er tilveruskilyrði allrar þjóðlegrar framsóknar Íslendinga á æskustigi mannfjelagsins og landsstjórnarinnar. Jeg álít, að þingið geti ekki með sóma sínum hjeðan af látið sjer koma til hugar að fella þetta frv., þar sem það nú hefir fengið þá festu og það form, að það hefi verið samþykkt í h. Ed. svo að segja í einu hljóði, allt svo jöfnum höndum af konungkjörnum löglærðum, og þjóðkjörnum fulltrúum þjóðarinnar.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins leiðrjetta það hjá h. þm. N.-Múl. (B. Sv.), að jeg hef ekki lýst því yfir, að stjórnin mundi ekki samþykkja þetta frv. sem hjer liggur fyrir. Jeg vil ekki láta hafa það eptir mjer, sem jeg aldrei hef sagt. Þegar jeg lýsi því yfir, að stjórnin muni ekki samþykkja eitthvert lagafrv., þá vil jeg að mjer sje trúað; en í þetta skipti sagði jeg að eins, að stjórnin áliti þetta mál ekkert nauðsynjamál að sinni, og þar af geta menn dregið þær ályktanir, sem líklegastar þykja. Af því jeg tók til máls, skal jeg minnast á eitt atriði í ræðu h. þm. N.-Múl. (B. Sv.), þar sem hann var að tala um þessa undarlegu kostnaðar- og fjeskortsmótbáru, og sagði, að landshöfðinginn eða stjórnin ættu að sýna, að fjárhagurinn standi svo illa, að annað enn nauðsynlegra verði að sitja á hakanum. Í tilefni af þessu skal jeg benda á, að þessi ástæða frá stjórnarinnar sjónarmiði hefir við full rök að styðjast; jeg vil í því tilliti benda á fjárlagafrv. stjórnarinnar; þar hrökkva tekjurnar ekki fyrir gjöldunum, og þar er svo langt frá, að nokkuð verði afgangs af tekjunum til slíkra fyrirtækja, sem þetta, að taka verður á hinum fasta viðlagasjóði til að standast hin nauðsynlegu útgjöld. Reyndar hefir h. fjárlaganefnd komizt að dálítið annari niðurstöðu um hlutfallið mill gjalda og tekna á fjárhagstímabilinu; en þó er afgangurinn hjá henni ekki mikill. Og þegar nú fjárhagurinn er þannig, að hann jafnvel eptir áliti h. fjárlaganefndar er ekki svo glæsilegur, að ekki sje ísjárvert að ráðast í að koma á fót jafn kostnaðarsömum stofnunum og þeirri, sem hjer er um að ræða, þá vil jeg enn ráða til að málið sje ekki til lykta leitt að þessu sinni, af því jeg líka verð að álíta, að ekki beri sjerlega brýna nauðsyn til þess.

Arnljótur Ólafsson: Mín skoðun á þessu máli er hin sama sem áður, og fær líklega svipaðar móttökur og að undanförnu. Þetta mál er mjög gamalt á dagskrá Íslendinga. Meðan alþingi var ráðgefandi þing, þá hafði

landið ekki sinn fjárhag út af fyrir sig; nú hefir það hann; þá var ekki að tala um, að landið kostaði þessa stofnun, heldur ríkið. Þá vildu menn auka kostnaðinn, fá fjárhags-skilnaðinn sem fyrst og gjöra Dönum allan kostnaðinn sem ískyggilegastan. (*B. Sv.*: Nei! Jeg mótmæli þessu). Jeg er eins kunnugur eins og h. þm. því sem gjörðist á þingi 1859. Síðan hefir það verið hjer og þar einstakur maður, jeg vil ekki segja einstakir menn, sem hafa tekið einhvers konar ástfóstri við þessi tvö mál: stjórnarskrána og lagaskólann. Þessi tvö mál virðast í höfði þessara háskýjamanna vera þau einu lífsnauðsynjamál landsins. Þegar talað er um þessi tvö mál, þá er Ísland nógu ríkt. En fyrst nú þingið hefir fengið sitt eigið fjárforræði, þá hvílir líka sú skylda á herðum þingsins, að spyrja sjálft sig ávallt sem svo: Er þetta fyrirtæki eins nauðsynlegt og, eða nauðsynlegra, en það sem jeg neita um að veita fje til? Það liggur fyrir hinum h. þm. fjárlaganefndarfrv. fyrir næsta fjárhagstímabil, og ærið langur listi af bænarskrám, og af þessum bænarskrám er um hálft hundrað bænarskrár, sem h. fjárlaganefnd hefir ekki fundið ástæðu til að taka til greina. Þetta fjárlagafrv. og þennan langa bænarskráalista vil jeg hafa fyrir mjer til samanburðar við þetta lagaskólafrv., og vona jeg að flestir þeir h. þm., sem hafa gagn fósturjarðarinnar fyrir augunum, verði að játa, að hjer er neitað um fje til þarflegri fyrirtækja, en til þessa lagaskóla, því lagaskóli er þó ekki annað en verkfæri til þess, að búa til lögfræðinga, eins og prestaskólinn til að búa til guðfræðinga og læknaskólinn læknisfræðinga. Hversu mörg eru nú lögfræðingaembætti hjer á landi í samanburði við guðfræðinga- og læknisfræðinga-embættin? Þau eru víst 27. Það er landshöfðingja-, landritara- og bæjarfógeta-embættið í Reykjavík, og embætti 3 dómenda í yfirdóminum; það eru 6; málfærslumannaembætti 2; sýslumannaembætti 17, og amtmannaembætti tvö, þangað til amtmannirnir verða teknir af, — jeg vil ekki segja hálshöggnir. Og hversu marga þurfum vjer svo fyrir vanhöldum, eða til að fylla þessi embætti? Varla 1 á ári. Setjum nú samt, að svo sje. Og til þess að skapa þennan eina lögfræðing, þarf lagakennslu og lagaskóla. Til þess að koma þessari stofnun á fót og halda henni við, þarf víst um 9 eða 10 þús. kr. á ári. Það er dýr lögfræðingur. (*B. Sv.*: Stór misskilningur!) H. þm. N.-Múl. (B. Sv.) getur reiknað fyrir sig; jeg reikna fyrir mig.

Þeir sem ganga á lagaskólann, eiga að vera útskrifaðir af latínuskólanum; aðrir fá ekki inngöngu. Nú segja menn, að fleiri muni stúdera lög, en þeir sem embætti vilja; það held jeg ekki verði að nokkurum mun. Oss vantar guðfræðinga enn í embættin; oss vantar lækna enn í læknaembættin. Og vjer eigum að draga ályktanir til lagaskólans af reynslunni með hina skólana, ef vjer ekki viljum verða hreinir loptkastalamenn. En er það ekki að byggja í lausu lopti, að ímynda sjer að aðsóknin að lagaskólanum muni verða mikil, þrátt fyrir þá reynslu, sem vjer höfum af hinum skólunum? Og hverja tryggging veitir svo lagaskólinn, í annan stað, fyrir því, að lagakennslan verði að gagni til hlítar? Hjer eiga að verða að eins tveir kennarar. Þeir, sem við háskólann lesa lög, eru vanalega stytzt 4 ár. Hve lengi verða þeir hjer? Líklega 4 ár, og kosta landið um 10,000 kr. ár hvert. Og svo getur kandídatinn að líkindum þegar fengið hjer embætti. Það er þannig fellt burtu allt það verklega. Lögfræðisefnin eiga eingöngu að læra fyrirlestrana, en ekkert verklegt próf er skipað, og engin verkleg æfing. Kennararnir eru tveir. En hverjar kennslubækur hafa þeir? Þeir geta eingöngu lagt út og lesið upp danskar lögfræðisbækur, ef til vill með ofurlitlum viðbótum, eptir því, sem hlutaðeigandi kennari hefir föng á. Svona er fyrirsjáanlegt, að kennslan muni vera; það verður þessi fyrirlestrakennsla, eins og nú t. d. á prestaskólanum; þessi skrif-kennsla í stað háskólakennslunnar. Jeg er alveg viss um, að eptir sem áður fara margir til háskólans, enda verður ódýrara að lifa þar, með

þeim hinum mikla styrk á Garði, heldur en að lifa hjer ölmusulaust. Sömuleiðis er þar meiri vísindalega kunnáttu að fá, og í því tilliti er betra að lifa í vísindaborg en í Reykjavík; jeg segi ekki, að hún sje óvísindaleg, en hún getur þó í því efni engan veginn mælt sig með öðrum eins borgum og Kaupmannahöfn. Hjer hefir komið fram ein bænarskrá frá íslenzkum kandídat í lögfræði, um styrk til náms í íslenzkum lögum, fornum og nýjum, ekki til þess að stúdera lög hjer heima á Íslandi—, heldur suður á Þýzkalandi. Orsökin til þess er sú, að það er mjög mikið í lögfræðinni sjálfri, allt eins og í hverri annari vísindagrein, sem öllum þjóðum er sameiginlegt, og þess vegna dugar sjerstök kennsla í íslenzkum lögum og íslenzkir fyrirlestrar harla skammt. Jeg held nú að þetta frv. sje mest sprottið af þessu stærilæti, sem smáþjóðunum er eiginlegt. Þær vilja hafa sína kyma út af fyrir sig. Umfram allt hafa nafnið, hversu mikinn kostnað sem það hefir í för með sjer, og hvort sem það verður að nokkuru eðu engu gagni. Þetta getur verið glæsilegt að utan, en liggur við að það verði hlægilegt, þegar maður les það dýpra ofan í kjölinn, og gætir betur að. Gamla orðtækið segir: »Syndum vjer fiskarnir, segja hornsílin«. Það er eins og þessi hornsílapólitík hafi smeygt sjer inn hjá stöku þingmönnum, og væri, held jeg, vel gert af stjórninni, að koma í veg fyrir, að þessi hornsílapólitík kosti landið svo og svo mörg þús. króna, bæði til lagakennslu og stjórnarskrárendurbóta.

Jón Sigurðsson: Ræða h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) gaf mjer sannarlega tilefni til að standa upp, og skal jeg byrja á því, er ræða hans mest laut að, hvernig gekk til um þetta mál í fyrri daga, eða á ráðgjafarþingunum sælu. Þm. (A. Ó.) sagði, að menn hefðu þá farið fram á, að fá lagaskóla einungis til þess, að pressa sem mest fje út úr ríkissjóðnum. Þessu mótmæli jeg algerlega. Það var einmitt þörfin á lagaskóla, sem knúði landsmenn til að biðja um hann, og ætla jeg að þessi þörf sje sprottin af því, að menn hafi ávallt fundið til þess, hversu kunnátta þeirra lögfræðiskandídata, sem komu frá háskólanum, í íslenzkum lögum var ófullkomin. Jeg hefi þekkt fleiri en einn lögfræðiskandídat frá háskólanum, sem sannarlega var mjög ábótavant í kunnáttu íslenzkra laga. *(A. Ó.:* Þekkir þingmaðurinn íslenzka lögfræði?). Nóg til þess, að þekkja, hvort menn eru vel að sjer í henni eða ekki, og gæti jeg fært nokkur dæmi þessu til sönnunar, ef mjer þætti það eiga við, og jeg vildi eyða tíma þingsins með því. Þm. (A. Ó.) talaði mikið um kostnaðinn við lagaskólann. Það er auðvitað, að hann fæst ekki kostnaðarlaust. En heldur þá þm. (A. Ó.), að það kosti ekkert að nema lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn? Jú, það kostar ekki svo lítið. Það get jeg sjálfur borið um að eigin reynslu, þó jeg hafi aldrei komið til háskólans, og það fje, sem íslenzkir námsmenn eyða við háskólann, gengur þó út úr landinu, og kemur því ekki beinlínis að notum. Ef hjer kæmist á lagaskóli, yrði það fje brúkað í landinu sjálfu, sem til hans gengi, hvort það yrði meira eða minna, því eflaust yrðu innlendir menn teknir til að kenna við skólann, og yrði það ný atvinnugrein fyrir námsmenn vora.

Jeg skal ekki þræta um það, hvort kennslan við hinn tilvonandi lagaskóla yrði fullkomin eða ófullkomin, eða hvort þeir menn, sem á hann gengju, yrðu jafn vel að sjer í almennum vísindum, sem kandídatar frá háskólanum eru nú. En það þykist jeg vera sannfærður um, að þeir mundu geta fengið svo mikla þekkingu á íslenzkum lögum, og lagamenntun yfir höfuð, að þeir gætu staðið forsvaranlega í stöðu sinni í öllum hinum lægri embættum í landinu, sem útheimta lagaþekkingu. Að endingu brá hann (A. Ó.) þinginu um hornsílapólitik; jeg verð að játa, að jeg veit eigi almennilega, hvað hann meinar með hornsílapólitík, eins og jeg ekki skil pólitík hans sjálfs hjer á þinginu í sumar.

Halldór Kr. Friðriksson: Það væri æskilegt, að vjer þyrftum alls ekkert að líta á kostnaðinn í neinu, sem oss gæti verið til frama eða að einhverju leyti til gagns. En vjer verðum að taka hlutina eins og þeir eru. Þess vegna verðum vjer fyrst að sinna því, sem mest nauðsyn er á. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) skoðaði málið frá einni hlið: kostnaðinn. En svo er að gæta að, hvort nokkurt fje er nú fyrir höndum til lagaskóla. Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, voru tekjurnar í fjárlagafrv. stjórnarinnar áætlaðar um 4000 kr. minni en útgjöldin. Nefndin komst reyndar að annari niðurstöðu, en það var einmitt h. þm. S-Þing. (J. Sig.), sem gaf nefndinni ákúrur fyrir þetta í dag, en þó telur hann nú engan hanka á nægilegu fje til lagaskólans. Þess ber einnig að gæta, að jafnan þarf meira og minna fje til aukafjárveitingar; fyrir yfirstandandi ár nam hún um 14000 kr. Það má heldur ekki klípa af viðlagasjóðnum. Hann mun ekki hvort sem er verða of mikill á endananum, er aukaárgjaldið úr ríkissjóðnum er þrotið. Því verður víst ekki neitað, að atvinnuvegirnir verða að sitja fyrir.

Það hefir komið fram lagafrv. um linun á ábúðar- og lausafjárskattinum. Ef það verður að lögum, verður enn minna fje fyrir hendi. H. landshöfðingi gat þess, að lagaskólinn mundi kosta um 9 til 10 þús. kr.; en það má taka dýpra í árinni. Læknaskólinn kostar 10,880 kr. á fjárhagstímabilinu, en hann þarf þó ekki að kosta húsnæði. Þegar þess er gætt, að lagaskólinn mundi þurfa að borga húsaleigu, ljós, eldivið, mikið af bókum, húsaleigustyrk til lærisveina og ölmusur handa stúdentum, því að einhvern styrk þyrftu þeir að fá, þá mun lagaskólinn kosta frá 10—20 þús. kr.

Erum vjer nú færir um þetta? Að því ættum vjer að gæta, og það því fremur, sem nú er farið fram á breyt. á stjórnarskránni, sem hafa aukaþing að ári í för með sjer.

Eirikur Kuld: Þar sem jeg gat fylgt reikningum h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.), fann jeg að þeir voru ekki alls kostar rjettir. Hann sagði, að lagaskóli mundi kosta 20,000 kr. *(H. Kr. Fr.:* Nei, yfir 10,000 kr.); 20,000 kr. getur hann aldrei kostað. En setjum svo, að hann kosti 10—12,000 kr. Það er auðvitað mikið fje. En menn fá og mikið í staðinn. Þessir 2 h. þm. (A. Ó. og H. Kr. Fr.) róa 2 á báti, þar sem þeir eru að berja við kostnaðinum. En þetta er því undarlegra, sem nafn h. þm. Eyf. (A. Ó.) stóð efst á blaði undir bænarskrá, sem kom til þingsins 1855, um að reyna að fá lagaskóla; og einmitt á sama þingi mælti h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) fastlega með lagaskóla, af því að bænir um hann kæmu frá þeim mönnum, sem þessu eru kunnugastir og bezt þekkja til, hvað ábótavant lögfræðingum vorum frá háskólanum í Kmhöfn væri í kunnáttu íslenzkra laga. H. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að á ráðgjafarþingunum hafi menn beðið um lagaskóla að eins til að fá sem mest fje úr ríkissjóðnum, án þess að menn teldu hann verulega nauðsyn. Það kann að hafa verið meining hans. En mín meining var það alls ekki, og jeg held engra, sem þá voru þingmenn.

Jón Ólafsson: H. þm., sem talað hafa á móti þessu máli, hafa fært tvennt til sem mótbárur móti því, að það fengi framgang, og er það: vanþörf málsins og kostnaður. Svo jeg víki mjer að hinu fyrra atriði, þörfinni, þá veit jeg eigi, hvers vjer höfum fremur þörf, en á lagakennslu. Vjer höfum lög á máli voru, sem eru sjerstakleg fyrir Ísland, en höfum eigi kost á að læra þau við neinn skóla. Þau eru eigi kennd við Kaupmannahafnarháskóla, enda hafa kennarar háskólans sjálfir viðurkennt, að þeir gætu eigi kennt íslenzk lög þar, því að þeir hvorki kynnu þau nje skildu. *(A. Ó.:* Þau eru til á dönsku). Það er ekki satt. Það eru engar löghelgaðar þýðingar til af öllum lögum vorum, og danski texti sá, sem kemur nú árlega út undir nafni konungs í Stjórnartíðindunum, er engin lög, heldur stjórnarskrárbrot. Allir verða að viðurkenna, að nauðsyn beri til, að vjer nemum lög vor, en það er oss eigi unnt

án þess að lagaskóli sje stofnaður hjer. Afleiðingin af því, að hann er eigi til, er sú, að þeir, sem vilja komast hjer til sýslumanns- eða lögfræðingsembætta, verða að leita til Kaupmannahafnar, ekki til að læra íslenzk lög, heldur til að læra almenna lögfræði, en það gætu þeir fullt eins vel í Þýzkalandi og Englandi eða hvar sem er; og þar á ofan til að læra dönsk lög, sem þeir hafa ekkert gagn af á eptir. Margsinnis hefir það verið látið í ljósi, að þörf væri á lagaskóla hjer, og hafa lögfræðingarnir tekið ávallt í þann strenginn. Á Þingvallafundinum í sumar var að eins einn sýslumaður, og hann talaði mjög um þörfina á, að stofnaður yrði lagaskóli hjer á landi. Dómararnir yfirrjettarins, sem allir sitja í Ed. alþingis, hafa meira að segja, allir gefið atkvæði sitt með frv. þessu, sem nú er komið þaðan til deildar vorrar. Það er heldur eigi torvelt, að sýna þörf lagaskólans með þeim dæmum, sem bera með sjer, hve lítið lögfræðingar frá Khöfn kunna í íslenzkum lögum. Jeg get t. d. fært til það dæmi, að fyrir yfirrjettinn hefir komið skiptagjörð, sem sýndi, að dómarinn hafði brotið hverja einustu grein skiptalaganna eða ekkert vitað um þær. Slíkt hefði líklega eigi komið fyrir, ef íslenzk lög væru kennd íslenzkum embættismannaefnum. Í sögu Alþingistíðindanna væri líka hægt að benda á löglærða menn, sem lítið hafa verið heima í íslenzkum lögum. Jeg hygg, að viðurkenning flestra lögfræðinga vorra sje fullgild sönnun fyrir þörf lagaskólans. Þeir h. þm., sem talað hafa móti frv., hafa enn fremur spurt: Hverjir eiga að vera kennarar, og hvaða bækur á að brúka? Hvað bækurnar snertir, vil jeg spyrja: Hvaðan hafa bækur verið teknar, er fyrst var byrjað að kenna? Hvaðan fengust bækur, þegar skólinn fyrst var stofnaður í Khöfn og hinn fyrsti fór að kenna þar dönsk lög? *(A. Ó.:* Hver var það?). Stendur þingmanninum nafnið á miklu? Það er óvíðast, að bækur sjeu til á undan kennslu, heldur eru þær ávöxtur hinnar vísindalegu kennslu. Það er eigi náttúrlegt, að bækur sjeu enn til til lagakennslu; kandídatar frá Khafnarskóla eru engir vísindamenn í lögum, enda er kennslan þar eigi vísindaleg, heldur praktiskt menntandi með vísindalegum blæ. Allir, sem komið hafa frá háskólanum, hafa sezt í praktiska stöðu, en eigi gefið sig við bókritum. Það eru einmitt kennarar skólans, sem síðar meir eiga að rita bækurnar handa skólanum. Hvað kostnaðinn snertir, sem h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) talaði svo mikið um, er þess að geta, að hann mundi eigi lenda á þessu fjárhagstímabili, sem í hönd fer, og því er heldur eigi hægt að berja því við, hversu illa láti í ári, því að eigi er að vita, hvernig áraði þá, þegar lagaskólinn færi að verða landinu byrðarauki. H. þm. sagði, að það gæti komið fyrir svo mikill aukakostnaður, að tekjurnar mundu eigi hrökkva til, og þá yrði að taka kostnaðinn upp í fjáraukalög. Þetta játa jeg að geti komið fyrir; en enginn landsreikningur hefir enn sýnt, að afgangurinn hafi orðið minni en ætlazt var til eða með öðrum orðum tekjurnar minni, en til var ætlazt að þær yrðu. Þingið hefir verið svo forsjált í áætlunum sínum, að það hefir aldrei komið fyrir enn. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) talaði einnig mjög mikið um kostnaðinn, og sagði, að einn maður mundi ganga á skólann á ári og sá maður mundi því kosta um 9000 kr. Þetta finnst mjer óhugsandi, því að eptir því gerir hann ráð fyrir, að enginn löglærður embættismaður dæi fyr en á 80.—90. ári; en raunin er samt sú, að menn deyja á öllum aldri. Mjer þætti líklegt, að að minnsta kosti þyrfti tvo lögfræðinga á ári til að fylla embættin, og sýnir tala nemenda við háskólann nú síðustu árin það líka; þó hefir til þessa verið hörgull á íslenzkum lögfræðingum, svo að þurft hefir að senda hingað danska sýslumenn í embætti; eins var það þegar árið 1882 kom til tals, að víkja sýslumanni einum úr embætti; þá var það leitt hjá sjer af því, að þá var enginn lögfræðingurinn til að taka við embætti hans aptur. Mjer finnst það og æskilegt, að fleiri lögfræðingar væru til, svo að eigi þyrfti að binda sig við einn

heldur mætti velja úr; lítur svo út, sem það muni verða svo með guðfræðinga innan nokkurra ára. Auk þessa veit h. þingmaður, að sumir fatlast frá, svo allir taka ekki próf, sem á skóla ganga. Ef sparlega væri með farið, hygg jeg kostnaðurinn mundi eigi verða svo mikill; en jeg skal líka benda á, að nú er árlega varið 8000 kr. til ölmusu handa lærisveinum lærðaskólans, sem mætti klípa af, og rýra þannig kostnaðinn. H. þm. Eyf. gat þess, að á ráðgjafarþingunum hjer hefðu menn viljað fá lagaskóla, eigi af því, að nauðsyn bæri til, heldur af því, að menn hefðu viljað pressa sem mesta peninga út úr stjórninni; en jeg skal benda á, að eigi var þá að eins beðið um lagaskóla á kostnað ríkissjóðsins, heldur hafa menn beðið um, að þeim kostnaði væri líka jafnað niður á landið eða landsmenn. Þetta getur h. þm. lesið í Alþingistíðindunum frá þeim tímum. Þetta sýnir, að um langan tíma hefir það álit verið, að þörf væri á lagaskóla, og að menn vildu leggja nokkuð í kostnað til þess að hann kæmist á, og sjálfur h. þm. var lengi vel mikill forvígismaður þess máls.

Arnljótur Ólafsson: Það er að eins stutt athugas. við ræðu 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem jeg vildi gera. Mjer skildist svo á orðum hans, sem menn gætu eigi lært íslenzk lög nema hjer, og heldur ekki nema við skóla. Jeg vil biðja hann að bregða sjer ögn aptur í tímann og spyrja sig: Við hvern skóla lærði Njáll lög? Ef menn eru mjer um það samdóma, að forfeður vorir hafi kunnað lög, þá verða menn að játa, að auðið sje að læra lög á annan hátt en við skóla. Þá voru til lagabækur, lagaskrár, svo sem þær í Skálholti og á Hólum, sem áttu að skera úr, hvað væri lög. Þannig var því varið á beztu öldum landsins. Ef menn vilja hæðast að mjer fyrir það, að jeg leggi mikla áherzlu á bækur, þá gæti menn þess, að hið sama, sem jeg geri, gerðu hinir fornu Íslendingar.

Í annan stað skal jeg taka það fram, að hið ráðgefandi alþingi lagði áherzlu á lagaskólann, bæði til þess, að neyða fram fjárhagsaðskilnaðinum, svo og líka af því, að þá var svo mikil þurð á lögfróðum embættismannaefnum. En nú eru ástæður þessar farnar. Fjárhagsaðskilnaðurinn er fenginn, og nú eru nógir lögfræðingar til; því geta menn eigi neitað, ef þeir á annað borð vilja binda sig við tilveruna. Það er satt, að menn geta lesið læknisfræði og guðfræði, hvar sem menntun er næg til og bækur. En ástæðan til þess, að skóli hjer á landi er nauðsynlegur handa guðfræðingum, er sú, að landið þarf um 150 guðfræðinga, eða hjer um bil 6 sinnum fleiri en lögfræðinga. Kostnaðurinn við prestaskóla er þó ekki vitund meiri en hann yrði við lagaskóla, en gerir 6-falt gagn við hann. (*J. Ól.:* En læknaskólinn). Já, vel á minnzt. Læknaskólinn var nauðsynlegur, af því að svo mörg læknishjeruð voru stofnuð í einu, sem þurfti að fylla. En jafnskjótt sem þau eru orðin full, er víst full ástæða til að spyrja sjálfan sig að, hvort því fje, sem til hans er eytt, mundi ekki betur varið til að styrkja nemendur til útlanda að afla sjer þar lærdóms og æfingar í þeirri grein.

Að lögfræðinga þurfi hjer á landi fleiri en einn á ári, get jeg ekki skilið. Setjum svo, að meðalaldur þeirra sjeu 30 ár, er þeir fá embætti; og deyi þeir allir síðan á 25 árum, ná þeir meðalaldrinum 55 ár, sem þó er lægri aldur en nú er meðalaldur þeirra manna, sem komast yfir þrítugt. Munurinn hjá okkur er sá, að jeg held mjer við reynsluna, en h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) stendur fyrir utan reynsluna.

Jón Ólafsson: H. þm. Eyf. (A. Ól.) spurði, hvar Njáll hefði lært lög, og yfir höfuð vildi segja, að fornmenn hefðu lært af bókum lög sín. Jeg þekki ekki, að þeir hafi haft lögfræðisbækur til að læra af; en hins vegar var það líkara lagaskóla, að lögsögumaður á alþingi sagði, hvað lög væru; það var munnleg kennsla, en ekki bók, og því líkari skóla. Það er annars hjákátlegt, að miða við það ástand, sem var fyrir mörgum öldum. En viðvíkjandi lögfræðingaþörfinni á ári, þá ímynda jeg mjer, að lögfræðingar geti útskrifast 25 ára. (*A. Ó.:* Því betra fyrir mig). En heldur þá h. þm., að enginn geti dáið frá 25 árum og upp að

30 árum? Lagaskólinn verður líka að bæta það upp.

En hvað bækur snertir, er lagakennslan eins ljett hjer eins og í Danmörku, því það er ekkert örðugra að fá bækur hjer en þar. Vjer eigum kost allra hinna sömu hjer.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 5, að við höfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna.

Nei sögðu: H. Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Holger Clausen, Þorkell Bjarnason, Th. Thorsteinson.

Fjarverandi: Gunnl. E. Briem og Ólafur Pálsson.

Þrítugasti og annar fundur, fimmtudag 6. ágúst, kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 268, breyt.till. 292); 3. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal ekki tala neitt um breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir, og heldur ekki um málið sjerstaklega; en jeg álít mjer skylt að gera grein fyrir atkvæði mínu, einkum af því, að það verður ekki samkvæmt því, sem kallaður hefir verið þjóðarvilji í þessu máli, en sem jeg skal ekkert fara út í, hvort sje eða ekki. Jeg skal geta þess, að jeg er mjög á því, að ýmsir gallar sjeu á stjórnarskránni, og er ekki ólíklegt, að menn hafi því fremur fundið til þessara galla sakir þess, að lagasynjanir hafa verið tíðari hin síðari árin. Jeg hefði óskað mjög eptir breytingum á stjórnarskránni í þá átt, að vjer gætum fengið sjerstakan ráðgjafa, helzt íslenzkan mann, sem mætti hjer á þinginu, og hefði ábyrgð gagnvart þinginu. Þessa breyting álít jeg æskilega; en það frv., sem hjer liggur fyrir, fer svo langt, að jeg get ekki gefið því atkvæði mitt. Vjer erum smá og fátæk þjóð, og tökum því framförum með smáfetum, en ekki með þeim stökkum, sem að mínu áliti fara jafnvel fram fyrir frelsishugmyndir þær, sem enn eru kviknaðar á norðurlöndum.

Jeg álít, að á þessu frv. sjeu ýmsir agnúar, og skal jeg þá fyrst taka kostnaðinn.

Reyndar hefir það verið sagt hjer í salnum, að frelsið megi ekki meta á peningavog. En hver skynsamur maður og hyggginn segir þó við sjálfan sig, áður en hann leggur út í eitthvað stórt: Hef jeg efni á þessu fyrirtæki? Og er fyrirtækið svo, að það borgi sig, þegar litið er á kostnaðinn? Reynslan sjálf er harður skóli, ekki sízt, þá er um kostnað er að ræða. Vjer höfum allir fyrir líkama að sjá, og þjóðin hefir að sjá fyrir sínum þjóðlíkama, og þess vegna þarf þjóðin, eins og hver einstakur maður, að hafa tillit til kostnaðarins, þá er hún ræðst í eitthvert fyrirtæki. Til þess nú að gera sjer þetta ljóst, þá skulum vjer skoða fjárhag landsins, sem sumir kunna að álíta mjög glæsilegan, sakir viðlagasjóðsins. En vjer skulum nú bera saman fjárhaginn nú og fyrir 10 árum síðan, eða 1875, þegar alþingi kom saman fyrst með fullu fjárforræði.

Árið 1875 voru tekjur landsins 579,593 kr., og þegar útgjöldin voru dregin frá, var afgangurinn áætlaður 127,697 kr., því útgjöldin voru ekki meiri en 451,895 kr. Nú eru í ár eptir frv. fjárlaganefndarinnar tekjurnar 889,300 kr., en útgjöldin 870,000 kr. Á þessu sjest, að útgjöldin hafi á 10 árum aukizt um 418,100 kr., en tekjurnar að eins 309,797 kr., og hafa þá útgjöldin aukizt nærfelt hundrað og níu þúsund krónur fram yfir tekjurnar. Og afgangurinn er nú áætlaður ekki meiri en 18,000 kr., í stað þess, að hann var árið 1875 127,697 kr. Jeg hygg, að þetta sýni, að þótt talsverður viðlagasjóður sje til, sje fjárhagurinn ekki eins góður og hann var fyrir 10 árum. Jeg held því, að menn verði vel að skoða huga sinn, áður en menn vilji leggja enn á sig talsverð útgjöld. Menn kunna nú að segja: Það er búið að gera svo mikið hjer á landi, að það fer nú að minnka, sem landssjóður þarf að leggja fram til landsþarfa. En jeg held, að ef menn eiga að dæma eptir þeim röddum, sem komið hafa inn á þingið, þá sje öðru nær. Menn hafa beðið um lán til að afstýra hallæri, lán til þilskipa-

kaupa, aukinn styrk til búnaðar, og enn fremur er það almenn skoðun, að mikið þurfi enn að efla menntun alþýðu. Það verður vissulega ekki hjá því komizt, að leggja enn töluvert fram til að efla atvinnuvegi landsins, sem mjög eru á lágu stigi.

Þegar vjer nú gætum þess, að afgangurinn eptir fjárlagafrv. þessa árs er að eins 18,000 kr., og þegar þess er gætt, hve mikið enn þarf að gera til eflingar atvinnuvegum, og til menntunar alþýðu, þá hygg jeg, að það komi í ljós, að ástandið er ekki svo glæsilegt, að ekki sje nauðsynlegt, að menn reyni að forða sjer við þeim kostnaði, sem hægt er að komast hjá, og að öðru leyti er tvísýnt, hversu mikið gagn mundi verða að.

Það hefir verið talað um, að kostnaðurinn við hið nýja stjórnarfyrirkomulag mundi nema 13,000 kr. En ætli það verði svo í raun og veru? Menn hafa gert ráð fyrir launum landsstjórans 16,000 kr., ráðgjafarnir fái 6,000 kr., og skrifstofustjórar 2,000 kr. En jeg hygg, að þetta verði ekki svo í reyndinni. Eptir þeim hugsunarhætti, sem fram hefir komið á undanfarandi þingum, þá mun það liggja nær, að auka laun til embætta, en minnka þau. Hvernig er það hugsanlegt, að landsstjórinn, sem er ímynd konungs og sem konungur á að staðfesta, fái að eins 16,000 kr.? Þótt þingið geti sett laun hans svo, þarf þó konungur að samþykkja þau lög, áður en þau fá gildi. Konungur verður að hafa þar hönd í bagga með. Er það enn fremur hugsanlegt, að ráðgjafar hafi minni laun en biskup landsins? Það er þó víst siður í öllum löndum, að ráðgjafar hafi þau hæstu laun, sem embættismenn landsins annars hafa. Eins er um skrifstofustjórana, sem talið var að nægði 2,000 kr., sem allir, jafnvel þeir, sem mest vilja spara, finna, að er of lítið. Það eru einhver hin minnstu laun, sem embættismenn landsins hafa nú. Með þessu fyrirkomulagi segja þessir frumvarpsmeðmælendur, að ekki þurfi nema 13,000 kr. fram yfir þau laun, sem sparast muni við þau embætti, sem af nemast eigi. En jeg er hræddur um, að ekki veiti af allt að 50,000 kr., og er þó ekki mjög hátt í lagt. Stjórnin mun aldrei ganga að því, að landsstjóri hafi minni laun en 30,000 kr.; en nú hverfur landshöfðingjaembættið og landritaraembættið, til samans 15,000 kr., og eru þá eptir . . . . . 15,000 kr.

Þrír ráðgjafar hver 8,000 kr. = 24,000 —
Þrír skrifstofustjórar 3,000 kr. = 9,000 —
Þrír fullmektugir 2,000 kr. = 6,000 —
Þetta verður samtals 54,000 kr.

Og þetta hygg jeg að muni vera nær því sanna en 13,000 kr.

Við getum komizt hátt í huganum; en reynslan kemur og nær okkur, og svo mun verða með kostnaðinn, ef til kemur; og það er það lakasta, að hann kemur ekki að eins niður á þeim mönnum, sem hafa verið frumkvöðlar að því, að koma þessu á, heldur líka niður á niðjum þeirra og á eptirkomendum vor allra; þeir munu fá engu síður en vjer að kenna á kostnaðinum, gangi þetta fram.

Þetta er nú, að því er þennan kostnað snertir; en svo er líka á þessu þingi talað um að bæta við lagaskóla, og hann kostar sjálfsagt 10,000 kr. á ári; enn fremur 6 læknahjeruðum, og það er 6,300 kr., þegar frá er dreginn kostnaðurinn, 2,700 kr., til þriggja aukalækna. Aukatillagið frá Dönum er nú komið niður í 27,000 kr., og fer ár frá ári minnkandi, þangað til það er alveg horfið 1901. Af þessu sjest, að komizt þetta allt á, sem nú er talið upp, aukast útgjöldin þá, er tillagið er horfið, yfir 90,000 kr. á ári, auk þess sem gengur til að efla atvinnuvegina og menntun alþýðu, og til þess álít jeg sjálfsagt, að eigi að leggja fje meira en nú er gert.

Þar sem nú afgangurinn í fjárlagafrv. nefndarinnar, sem nú liggur fyrir þinginu, er ekki nema 18,000 kr., hvernig hugsa menn sjer þá, að koma öllu þessu á, án þess að auka við nýjum sköttum? Og hvernig geta menn hugsað sjer, að alþýða þoli þyngri skatta, þar sem nú liggja fyrir þinginu bænir um, að af nema lausafjár- og ábúðarskattinn, af því efnin vanta sannarlega víða til að borga hann? Ef svo væri, að atvinnuvegir landsins jykjust veru-

lega við þetta fyrirkomulag, sem frv. fer fram á, þá væri annað mál. En það er ekki, að mínu áliti, nokkur vissa fyrir því. Jeg held því, að það sje mjög ísjárvert, að leggja út í þennan kostnað.

En kostnaðurinn er ekki í raun og veru sú aðalástæða, sem jeg hef til að gefa ekki frv. atkv. mitt; því sæi jeg stóran hag við það, þá mundi jeg ekki sjá í kostnaðinn.

Mín önnur ástæða er sú, að jeg er hræddum, að þetta muni ekki fást. Frelsishugmyndirnar eru ekki enn þá komnar svo langt á norðurlöndum, að oss muni verða veitt þetta að sinni. En þegar tímarnir eru orðnir því vaxnir, og vjer færir um dýra stjórn, þá munum vjer og fá þetta. Ef vjer nú leggjum út í þetta, að reyna að fá þessu framgengt, þá hefir það fyrst og fremst aukakostnað í för með sjer, því konungur verður að stofna til nýrra kosninga, og þing haldið að sumri, og verði svo þetta frv. samþykkt af næsta þingi, og konungur neitar að samþykkja frv., hvað svo? Á svo að hætta og leggja árar í bát? (*J. S.*: Hvað segir þingmaðurinn?). Jeg segi nei, heldur munu menn halda áfram, og þá náttúrlega leggja þetta fátæka land út í deilu við stjórnina, eins og nú á sjer stað í Danmörku. Og hver er svo afleiðingin? Meðal annars sú, að ekki er ólíklegt, að hugir manna snúist frá hinum öðrum málum, nauðsynjamálum landsins. En er nú landið fært um þetta?

Nei, alls ekki.

Þó jeg nú óski stjórnarbótar og óski hennar af hjarta, þá get jeg ekki verið með þessu frv.; jeg vil ekki hafa ábyrgð á því, að hafa gefið þessu frv. atkv. mitt, að leggja á þjóð mína þann kostnað, sem þetta hefir í för með sjer, og ef það ekki fæst, eins og öll líkindi eru til, að leggja þá út í þá deilu, sem getur orðið mjög óhappaleg fyrir framtíð landsmanna og ekki er sjeð fyrir endann á. Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkv. móti þessu frv.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg ætla ekki strax — og sannarlega hefði jeg óskað, að þurfa aldrei að svara slíkri ræðu frá nokkrum þjóðkjörnum þingmanni — jeg ætla ekki strax, segi jeg, að svara h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.). Jeg tek það fyrst fram, að það virðist að vísu svo, þegar maður lítur í fljótu bragði á þær breytingar allar, sem nefndin eða meiri hluti hennar hefir stungið upp á við frumvarpið, að þá sjeu það margar og miklar breytingar. Því langur er breytingaratkvæðalistinn. En þegar betur er að gætt, þá miða þær flestar að eins til að gera hugsanina ljósari eða velja betri og íslenzkulegri orð, og eru því að eins orðabreytingar. Jeg þarf því ekki, að mjer finnst, að fara nákvæmlega út í þessar smábreytingar, er jeg þykist mega ætla, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að þær fara betur en það, sem stendur í frumvarpinu. Í öðru lagi vil jeg þá með fám orðum minnast lítið eitt á þær breytingar á þessum lista, sem virðast vera — og sem sumar eru — eiginlegar efnisbreytingar, og vil jeg þá leiða athygli þingmanna að því, að þær eru allar þess eðlis og svo lagaðar, að þær geta ekki heitið nein nýmæli í frumvarpinu frá því, sem það var samþykkt við aðra umræðu, og breyta því alls ekki þeim grundvelli og meginsetningum, sem nefndin hefir byggt og byggir frv. sitt á.

Það er þá fyrst sú breyting eða rjettara sagt viðbót, að á eptir 7. grein komi ný gr. svo hljóðandi: »Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en 3, og skal einn vera æðstur þeirra. Landsstjóri og ráðgjafar er landsráð og landsstjóri forseti þess. Í landsráðinu skulu rædd lagafrv. öll og áríðandi stjórnarmálefni; deyi landsstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landsstjóra, eða landsstjóri tekur aptur við stjórninni».

Þessi viðaukagrein liggur í hlutarins eðli, þegar vjer sníðum stjórn Íslands og íslenzkra mála sem mest má verða eptir stjórnarskipunarfyrirkomulaginu hjá Dönum, enda miðar hún og helzt til þess, og eingöngu til þess, að landsstjórnin hjer á landi hafi sömu hvöt og sömu skyldu til að ræða og yfirvega allt lagasmíði, öll mikilsvarðandi mál og öll stjórnarmálefni

að landsstjórnin hjer, segi jeg, hafi alla þá sömu hvöt og sömu skyldu til grandgæfilegustu íhugunar á landsstjórnarmálunum, sem stjórnin í Danmörku hefir í samkynja málum þar. Þetta gildir um fyrri hluta greinarinnar; en síðari hluti hennar er ekki síður nauðsynlegur, er hún gefur reglur um, hvernig að skuli farið, ef landsstjórinn deyr eða hindrast.

Þá skal jeg í öðru lagi geta þess, að það virðist vera efnisbreyting, sem stungið er upp á við 17. gr., sem verður 19. grein frumv., að nema orðin »eða landsstjóri« burtu; en það var að eins af ógáti fyrir nefndinni, að þessi orð slæddust þar inn við 2. umræðu málsins; þau stóðu þar ekki upprunalega, og eiga þar ekki að vera; þau eru þar á röngum stað. Á undan orðunum í breytingaratkvæðaskjalinu 253: »fyrir tvöföldum kosningum«, vantar töluna: 20 —, eins og h. forseti tók fram, því sú breyting er auðvitað við 20. grein, sem verður 21. grein, ef hin nýja gr., sem nefndin stingur upp á, verður samþykkt. Þessi breyting við 20. gr. er í raun og veru ekki mikil efnisbreyting. Meiningin er sú, að nefndin vill ekki láta frumvarpið beinlínis binda sig við hinar tvöföldu kosningar. Í hinu upprunalega frumvarpi vor þriggja þingmanna var stungið upp á hlutfallskosningum, sem auðvitað hafa mikið gott við sig, og því áleit nefndin heppilegast, að gera ákvörðunina svo víðtæka, að hún tæki bæði yfir tvöfaldar kosningar og hlutfallskosningar, og eptir því, sem ákvörðunin er orðuð nú, má jafnvel taka í lög hvoratveggju aðferðina, sameinaða, en eptirmenn vorir á alþingi geta skorið úr, hver kosningaraðferðin er heppilegri, og hvort slík sameining er æskileg. Að vísu veit jeg vel, að kosningarmátinn er nákvæmlega einskorðaður í stjórnarskrám annara landa; en mjer virðist engin nauðsyn bera til þess frekar en hjer er gert, og að það sje einmitt heppilegra að krefjast ekki stjórnarskrárbreytingar til umbóta á slíkum kosningum. Við 47. gr. (48. gr.) er efnisbreyting um skipunina á landsdóminum; en hún er alveg samkvæm því, sem jeg tók skýrt fram við 2. umr. málsins. Það var sem sje ekki meining nefndarinnar upphaflega, að útiloka alla tryggingu fyrir því, að ávallt sætu löglærðir dómarar í dóminum; en til þess að aftaka allan vafa, hefir nefndin komið fram með þessa breytingu, »að jafnan sitji í dómnum eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls«.

Breytingin við 72. grein, sem verður 73. gr., er í raun og veru engin efnisbreyting. Það er ekki meiningin, að stjórnarskrá vor frá 5. jan. 1874 skuli numin úr gildi, jafnskjótt sem hans hátign konungurinn hefir staðfest hana, heldur fyrst þá, þegar landsstjórn er skipuð eptir 6. og 7. grein þessara stjórnarskipunarlaga. Þetta flýtur allt af og stendur í fullkomnasta samræmi við aðaltilgang, aðalákvarðanir frumvarpsins. Jeg hefði nú álitið rjettast, að fara ekki fleiri orðum um þetta mál í þetta sinn, því það er orðið nokkuð ýtarlega rætt —, ef h. 2. þm. Gullbringu og Kjósarsýslu (Þ. Bj.) hefði ekki gefið mjer tilefni til, já, meira að segja alveg neytt mig til þess, að gera fáeinar athugasemdir. Hinn háttvirti þingmaður má þó ekki taka það svo, að jeg sje hræddur um, að hann hafi talið nokkrum skynjandi manni hughvarf; nei, alls ekki; þvert á móti, skal jeg lýsa því yfir, að það er full og föst sannfæring mín, að þetta frv. sje þannig lagað, að h. þingdeild hljóti að samþykkja það nú með eins ljúfu geði og með eins miklum atkvæðafjölda, eins og við 2. umræðu; en ekki láta telja sjer hughvarf af eintómum barnagrýlum, ef jeg mætti svo að orði kveða, og hrakspádómum, heldur af þeim einum ástæðum, sem á rökum eru byggðar og meira að segja á alveg rjettum og óvefengjanlegum rökum. Það er því ekki beinlínis á þessum atkvæðafjölda, sem jeg byggi þessa mína sannfæringu. Nei, hamingjunni sje lof. Nefndin þarf ekki að gera sig ánægða með tóma höfðatölu. Hún getur þar að auki með glöðu geði sagt eins og hinir fornu og frægu Rómverjar sögðu: Vota sunt ponderanda, non numeranda, þ. e. atkvæði skulu metin að gildi, og eigi mæld með tölum einum. Ef því þessi h. þm. (Þ. Bj.) eða einhverjir aðrir þingmenn geta sannað mjer

það, að hjer sje að eins um blinda höfðatölu að ræða, og að þetta frumvarp sje ekki byggt á þörf og vilja þjóðarinnar, á ófrávíkjanlegri þjóðarnauðsyn og þjóðarvilja, eða þá ekki breyti því núverandi stjórnarfyrirkomulagi til hins betra, eða jafnvel til hins verra, þá skal jeg taka þetta frumv. til baka, og koma aldrei með það aptur. En þetta frv. er byggt á fastara grundvelli en svo, að hinn háttvirti 2. þingmaður Kjósar og Gullbringusýslu, eða nokkur annar þingmaður, geti látið sjer detta í hug að hreifa slíkum sönnunum. Vel á minnzt. H. þm. (Þ. Bj.) hefir ritað heila bók um sögu Íslands, og jeg hef því ímyndað mjer, meira segi jeg nú reyndar alls ekki, að hann væri vel að sjer í sögu landsins; en hvað hefir hann svo sjálfur lært af þessari bók eða rjettara sagt af þeim auðugu uppsprettum, sem honum var innan handar að ausa hana af? Og hvað á þá þessi bók, þessar uppsprettur að kenna öðrum? Jeg er nú ekki — það játa jeg — vel fallinn til sögunáms, enda hef jeg heldur ekki getað lesið þessa bók h. þm. svo ofan í kjölinn, jeg hef ekki getað fundið þann kjarna í henni, að hún hafi hrifið mig til muna. En svo mikið hef jeg þó lesið í henni, að hún, og sú umhugsun, sem hann hefir orðið að verja til hennar, hefði átt að geta kennt honum allt annað en helberan misskilning á sögu Íslands. Hann verður — jeg vona að honum þó ekki sje alvara með að draga þá heiðurs-ögn af sjálfum sjer, — að játa, að hann með þessu riti sínu hafi gefið allt annað í skyn, en það, sem hann nú hátt og hátíðlega prjedikar hjer í alþingissal Íslendinga. Látum sjá! Hvernig stóð hagur Íslendinga á hinu 1. tímabili frá landnámstíð og aptur að árinu 1262? Hvernig stóð hagur Íslands á lýðveldistímunum? Sóttu Íslendingar þá yfirráð, kúgun og undirokun allra þjóðlegra krapta til útlanda? Vóru þjóðfulltrúarnir þá að væla og jarma á þjóðþingi Íslendinga, alþingi að Öxará, eptir krónum og aurum til að mennta sig og börn sín? Nei, jeg held síður en svo. Þá lifði á Íslandi og blómgaðist þar sannarlegt þjóðfrelsi, vísindi, auðsæld, dugnaður, drengskapur, framkvæmd og fjör í andlegum efnum. Þá voru Íslendingar prýði annara margfalt fjölmennari þjóða, á svo margan og margvíslegan hátt, að stjórnspeki, lögspeki, skáldskap, sagnfræði, hetjuskap, dáð, atorku og drengskap. En hvernig fór svo seinna? Hvernig gekk svo á næsta tímabili, segjum frá 1262—1662, þegar norskir og norsk-danskir konungar komu í spilið, þegar Íslendingar ljetu tælast til að sleppa því dýrmætasta hnossi, sem þeir áttu til í eigu sinni, því hnossi, sem nokkur þjóð, hvort sem hún er stór eða lítil, voldug eða vanmegna, getur átt dýrmætast og helgast? Þegar hið útlenda vald fór að aukast og magnast í landinu, hvernig fór þá? Dvínaði þá ekki fet fyrir fet öll blessun lands og þjóðar? Fór þá ekki yfir höfuð allt hið þjóðlega, góða og fagra hjá oss að hverfa og hopa aptur á bak? Og magnaðist ekki að því skapi allt það, sem illt var og til eyðileggingar horfði bæði fyrir land og lýð? Jú. Sannarlega. Hjelt svo ekki þetta jöfnum fetum allt af áfram, að allt þjóðlegt, gott og fagurt dvínaði, en hið gagnstæða magnaðist, efldist og þróaðist í landinu? Jú; þetta hjelt áfram allt fram á byrjun þeirrar aldar, sem vjer sjálfir lifum á, en sjálfsagt með ýmsum smátilbreytingum. Það er, þó fljótt og lauslega sje farið yfir og viðburðir ekki raktir, sönn saga, áreiðanlega sönn, að eptir því sem áhugi þjóðarinnar á sínum eigin málum og landsrjettindum, — sem þjóðin þó aldrei afsalaði sjer, heldur geymdi sem ónotaðan fjársjóð, — hvarf og minnkaði, eptir því fór vaxandi að sama skapi vesöld og örbyrgð og menntunarlegur drungi og deyfð í öllum líkamlegum og andlegum efnum hjá þjóð vorri. (H. Kr. Fr.: Það er ekki satt). Hver heldur að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga játi þetta satt að vera, þó það sje svo? Jú, þetta vona jeg að sje satt, og jeg skora á h. þm., að sanna hið gagnstæða.

En nú snýst taflið, og þó eptir sama lögmáli, hinu óbreytanlega lögmáli þjóðlífsins og veraldarsögunnar, þegar frelsishreyfing-

arnar fóru að ryðja sjer til rúms á Norðurlöndum eða rjettara sagt í Danmörku, sem oss skiptir mestu, frá 1830 og allt fram á þennan dag, svo jeg fari enn stutt og lauslega yfir. Fór svo ekki aptur að byrja nýtt líf á landi hjer, fóru þá ekki jafnskjótt að vakna nýjar lífshreyfingar hjá þjóð vorri? lífshreyfingar, sem vöknuðu af dauðadvala við dagsbrún frelsisins, og opnuðu augu vor fyrir líkamlegum og andlegum framförum. Þá fór þjóðin fyrir alvöru að hugsa um að hreinsa málið, hina fornu og frægu tungu Norðurlanda, og að gæta þeirra landsrjettinda sinna, sem hún þó hafði — forsjóninni sjeu þakkir — geymt gegnum alla hörmungasögu hinna liðnu tíma. Jeg skal ekki fara nákvæmar út í þessi meginatriði í sögu Íslands; jeg þarf ekki nema að nefna árin 1262 og 1662; þau og þýðing þeirra viðburða, sem á þeim skeðu, eru öllum hinum sögufróðu þjóðfulltrúum, sem sitja hjer í salnum ásamt mjer, jafnkunnug eins og mjer. — Þetta er aðalþráðurinn, þetta er aðalgangurinn í sögu Íslands, og þennan aðalþráð má finna — þó ekki nærri nógu glöggt — í sögu h. þm. (Þ. Bj.); en — satt er það þó ótrúlegt sje — af ræðu hans síðast neyðist maður nærri því til að álíta, að þessi aðalgangur í sögu Íslands hafi hvergi nærri verið full-ljós fyrir honum, því ella hefði hann ekki getað varpað þessum leiðarsteini fyrir fætur sjer, er hann dæmdi um þýðingu og dýrmæti frjálsrar lögbundinnar þjóðstjórnar á Íslandi, sem nefndarfrumvarpið heldur fram og stofnir að. En hvað sem þingmanninum líður, þá er það þessi saga landsins, sem jeg með fáum og ófullkomnum orðum nú drap á, það er hún segi jeg enn og æ, sem gengur í gegn um öll lífsatvik og æfi þjóðar vorrar frá landnámstíð fram á þennan dag, og um þetta vitnar allt, sem með rjettum rökum hefir verið skrifað og skráð í þá átt, fyrr og seinna; þessi saga hefir geymzt, mun geymast og skal geymast um aldur og æfi oss og niðjum vorum til fyrirmyndar og viðvörunar, til hugrekkis og eigi til heigulskapar. Gleymum aldrei því, að Ísland hefir aldrei afsalað sjer lögum og landsrjetti, aldrei skýlausri heimtingu á þeirri sjálfstjórn, sem er samsvarandi eðli þjóðarinnar, þörfum hennar og vilja. En gleymum heldur aldrei hinu, að það hefir fylgt hvort öðru eins og líkami og skuggi á lífsleið þjóðar vorrar: Eina stundina frelsi, auðsæld og framför, hina stundina ófrelsi, örbyrgð og apturför. Það er þessi bók, það er þessi saga, sem er dýrmætari og helgari en orð, orð og enn aptur dauð orð; þessi bók, þessi saga er enginn hismishjúpur reikullra og rangra hugsana, sem má anda á og feykja burtu. — Nei, hún er rituð með gullnu óafmáanlegu letri sögunnar, heimsreynslunnar.

En þetta er ekki sú eina röksemd, sem nefndin hefir við að styðjast. Nei! Því segi jeg það, nefndin hefir sannarlega ekki byggt skoðun sína í lausu lopti, heldur á óbifanlegu hellubjargi. Látum sjá! Sláum stryki yfir allt þetta, sem jeg tók fram, yfir alla sögu Íslands, bæði hin glæsilegu tímabil, og hin miður glæsilegu; tökum ekki tillit til neins annars en stöðu Íslands á hnettinum, afstöðu þess gagnvart öðrum löndum, og fjarlægðar frá þeim, í einu orði sagt: allS þess, sem einkennir sjerstakt land og sjerstaka þjóð,—þá er þó þessi grundvöllur nefndarinnar rjettur,og ekki nóg með það, en hann er sá *eini* rjetti grundvöllur fyrir stjórnarskipunarlögum vorum; það er þessi grundvöllur, sem ekki einasta getur dregið, heldur hlýtur að draga fram alla þá krapta, sem búa í þessari þjóð á þessu landi. Það er á þessum grundvelli sem nefndin hefir byggt. Það er sá grundvöllur, sem allar menntaðar þjóðir heimsins hafa byggt á, og munu byggja á, og það er sannarlega bjargfastur grundvöllur. Það er sá munurinn, einn og eingöngu, að hjer er um íslenzkt bjarg að ræða, og eins og það er einkennilegt og út af fyrir sig, þannig hlýtur byggingin að verða einkennileg og út af fyrir sig; og þessi bygging er sú stjórnarskipun í landinu,sem fullnægir þjóðerniskröfum og þjóðernisrjetti Íslendinga, með öðrum orðum: veitir þeim þá sjálfstjórn, að minnsta kosti, sem nefndarfrumvarpið fer fram á. Hann sagði enn fremur, h. þm., að

þetta og annað eins þekktist ekki á Norðurlöndum, að slíkar grundvallarskoðanir, sem eru í þessu frumvarpi, sjeu ekki til á Norðurlöndum. Vill þá h. þm. máske sýna mjer og sanna, að grundvöllur þessa frumvarps gangi feti framar en t. d. grundvallarlög Dana? Er Danmörk þó ekki á Norðurlöndum? Jú, það mun þingmaðurinn þó kannast við. Vill h. þm. sýna mjer og sanna, að hjer sje gengið feti framar, en í stjórnarskrá Svía? Svíþjóð er þó á Norðurlöndum. Ekki satt? Eða getur h. þm. sýnt og sannað, að þessi stefna og þessi grundvöllur gangi feti framar en stjórnarskrá Noregs? Og Noregur er þó virkilega á Norðurlöndum. Það játar þingmaðurinn þó. Ekki satt? Nei, h. þm. hefir hlotið að meina Grænland og Síberíu, en ekki Danmörk, Svíþjóð eða Noreg. Þetta frumvarp gengur ekki nærri eins langt eins og stjórnarskrá þessara landa — það get jeg sýnt og sannað —; það stendur langt á baki þeim þjóðlega sjálfstjórnaranda, sem nú ríkir og er að ryðja sjer til rúms á Norðurlöndum. Ef svo væri, sem h. þm. sagði, já, þá gæti öðru máli verið að skipta; en hverju sætir það, að þingmaðurinn skuli leyfa sjer, að koma með önnur eins fjarmæli eins og hann gerði? Hjer er ekki um annað að ræða, en að Ísland skipi sjer innlenda og eðlilega stjórn í hinum sjerstaklegu málefnum sínum, þá stjórn, sem þjóðin sjálf veit, að er sú eina bezta og happasælasta stjórn. Það er þetta, sem nefndin fer fram á, og ekkert annað. Það er þessi grundvöllur, sem nefndin byggir á.

En látum hjer nú staðar nema um grundvöll og grundvallarstefnu nefndarinnar. Snúum oss að sjónarsviði h. þm.; á hverju byggir hann svo, h. þm. (Þ. Bj.), má jeg spyrja? Eitt er víst: hann byggir ekki á staðháttum Íslands, ekki á afstöðu Íslands, ekki á þjóðerni Íslendinga, ekki á sögu Íslands, sagnaritarinn sjálfur, og ekki einu sinni á þjóðvilja Íslendinga!! En á jeg að segja h. þm., á hverju hann byggir? Vill hann það? Hann byggir á því, að grundvallarlög Dana sjeu í »sidste Instans« (eða þegar til róta er rakið) gildandi á Íslandi, að löggjafarvald Dana sje hið æðsta löggjafarvald í öllum Íslandsmálum, ekki einungis í hinum almennu málum — því það skal jeg játa að það er —, heldur einnig í hinum sjerstöku málum lands vors. Jeg get fært rök að því, að það er einmitt þetta, sem h. þm. byggir á. Og í tilefni af þessu skal jeg með leyfi h. forseta leyfa mjer að lesa upp í lauslegri íslenzkri þýðingu greinarkorn, sem stendur í dönsku blaði stjórnarinnar í Danmörku, Dagblaðinu, nýútkomnu, sem jeg hef hjer í höndunum. Orsökin til þess, að þessi grein er skrifuð, er, eins og greinin sjálf sýnir, sú hreyfing, sem þegar er komin á stjórnarskipunarmál vort um land allt, sú hin sama hreifing, sem vjer, að jeg vona, sem flestir fulltrúar Íslands innan þessara vebanda finnum til í brjóstum vorum, og þessi grein á svo dæmalaust vel við efnið, er jeg tala um ræðu h. 2. þm. K.-G.; því er alveg eins og hún væri innblásin af honum og rituð undan hjartarótum hans. Í grein þessari stendur meðal annars svo:

»Hið danska löggjafarvald er æðsta vald í íslenzkum málum; það getur numið úr gildi, breytt og gefið stjórnarlög og hver sem helzt önnur lög fyrir Ísland. En að eins með ráðherrum, sem ábyrgð bera fyrir ríkisþinginu og eptir umræður í ríkisráðinu tekur konungur þátt í löggjafarvaldinu; jarl á Íslandi mun ekki geta samrýmzt grundvallarlögum vorum.

Enn fremur er það vafamál, hvort störf konungs í Íslands málum einnig að því leyti, sem hann ekki kemur þar fram sem takandi þátt í hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins, verði eigi að skoðast eptir grundvallarlögum Dana, að svo miklu leyti, sem þau heimta, að ráðherra, sem ábyrgð ber fyrir ríkisþinginu, vinni með konungi«.

Nú segi jeg: H. þm. (Þ. Bj.) er víst ekki það barn, að hann haldi, að ráðgjafinn geti hreift við þessum grundvallarlögum, þó hann gjöri sjer ferð hingað til okkar, og við getum sjeð hann augliti til

auglitis hjer í þingsalnum. Nei. Þótt vjer sæjum ráðgjafa vorn, Nellemann, og þótt hann sæti hjer vor á meðal í salnum, þá standa þessi grundvallarlög óbreytt eptir sem áður, og Íslendingar hafa alveg hina sömu erlendu og ábyrgðarlausu stjórn allra sinna mála, eptir sem áður. Þetta er sá grundvöllur, sem þessi gagnstæða stefna 2. þingmanns Kjósar og Gullbringu, og þeirra allra, sem eins hugsa og vilja eins og hann, lýtur að, og er rígbundin við. Og þegar maður við hliðina á þessu leggur allt, sem fram hefi farið, öll þau »veto«, allar þær synjanir á staðfestingu laga, bæði um lagaskóla eða innlenda lagamenntun á Íslandi og ótal fleira,— hvað segir svo hinn h. þm.? Að jeg taki lagaskólann einn til dæmis, þá vil jeg minna hinn h. þm. á það, að jeg, sem stúdent í Kaupmannahöfn, ásamt fleirum löndum mínum, sömdum, mjer liggur við að segja í barnslegum hug og bezta tilgangi, árið 1855, áskorun eða ávarp til alþingismanns þess, er vjer bezt treystum, að hann bæri það mál fram, og framfylgdi því á alþingi, að það sendi bænarskrá til konungs um að stofnuð yrði lagakennsla á Íslandi, alls ekki jafnhliða háskólanum, heldur sem að eins gæti komið í staðinn fyrir hið svo nefnda »Dansk juridisk Examen«, sem þá var beitt til þess, að lítillægja valdsmannastjettina á Íslandi gagnvart Danmörku, þar sem þetta próf ekki veitti aðgang til samkynja embætta. Þessu máli hjelt svo hið ráðgefandi alþing, þing eptir þing, einlægt áfram, og ekkert rak eða gekk hjá stjórninni. Nei! Eilíft afhögg. Já meira að segja, einmitt þetta sama mál að vísu á fullkomnara stigi hefir tvisvar sinnum verið samþykkt af hinu löggefandi alþingi, vel að merkja: hinu löggefandi alþingi, einnig árangurlaust, og nú enn í 3. sinni hefir það verið samþykkt í h. Ed. með nærfelt öllum samhljóða atkv. þjóðkjörinna og konungkjörinna þingmanna, samþykkt af öllum dómendum yfirdómsins og um leið af 3 hinum beztu, reyndustu og álitlegustu lagamönnum landsins. En allt um þetta kemur hinn h. 2. þm. Kjósar og Gullbringusýslu í sömu andránni með þau orð og ummæli um stjórnarmál Íslands, sem hljóta að vera fyrirboði þess, ef nokkur samkvæmni er hjá þingmannin, um,—að hann greiði atkvæði á móti þessu frumvarpi um stofnun lagaskóla á Íslandi. Finnst nú ekki hinum h. þm., að hann sje í huga sínum og hjarta alveg samferða stjórninni í þessu máli, að hann sje sannur andlegur fulltrúi hennar og forvígismaður? En jeg skal segja h. þm. (Þ. Bj.) það, að það er sannarlega hált gler, þessi grundvöllur, sem hann stendur á, það gler, sem jeg fyrir mitt leyti ekki vil standa á; en hann er nú máske fótfastari en jeg. En gæti sá, sem stendur, þess, að hann ekki falli.

Hinn háttvirti þingmaður talaði um kostnaðinn; en jeg vil benda honum á, að sje það kostnaðarsamt að standa á bjargföstum grundvelli eins og nefndin gjörir, þá mun það þó reynast kostnaðarsamara, að detta á þessari glerhálku, sem hann vill leiða þjóð sína og þing út á, og að láta hana standa jafngóða upp aptur. Ef það kostar þjóðina 20 þús. krónur að standa á föstum grundvelli í stjórnarskipunarmáli sínu, þá vil jeg segja hinum háttvirta þingmanni, að það kostar hana 20 sinnum 20 þús. krónur að afsala sjer öllum lands- og sjálfstjórnarrjettindum og ganga út á þetta hálkugler, sem þingmaðurinn er að gylla. Sízt dugar þingmanninum að vera allt af að stagast á því, að fjárhagurinn standi svo og svo miklu ver nú, en fyrir nokkrum árum, þegar þingið fjekk hið svonefnda fjárforræði. Fyrst og fremst segi jeg nú, að þetta sje ekki satt, og það mætti þingmaðurinn verða fegnastur að játa, því annars gæfi hann mjer einmtt vopnin í hendur á móti sjálfum sjer og ástæðuleysi sínu.

Gæti hann að því, að—ef menn gætu sannað, að fjárhag landsins hefði farið hnignandi, þá er það óræk sönnun þess, að vjer höfum ekki haldið í rjettu horfi hin liðnu árin, að búskapur vor á hinum liðnu árum hefir ekki verið byggður á rjettum grundvelli; og ættum vjer svo enn að bíða í 10 eða 20 ár, og halda í sömu stefnu? Hvað ætli

vjer þurfum lengi að bíða, þangað til fjárhagur vor verður »minus«, þangað til vjer komumst niður fyrir núll? Hvaðan fáum vjer svo peninga? (*Þ. Bj.*: Vjer eigum að stoppa útgjöldin). Það dugir ekki, ef menn hafa tapað í 10 ár, að halda áfram sama búskaparlagi; það verður að breyta um; því fyr því betra. En að stoppa útgjöldin, það segir enginn framfaramaður. Sá sem er framfaramaður og ekki nirfill, hann talar ekki um að stoppa eða spara útgjöldin, heldur auka inntektirnar, og halda þannig jafnvæginu. Og það er áreiðanlega víst, að því hærri sem útgjöld einnar þjóðar eru, því betur stendur hagur hennar, ef hún getur með tekjunum staðið straum af útgjöldunum. Eða heldur h. þm. að ástand þeirrar þjóðar sje betra, sem hefir 500 þús. króna útgjöld á ári, og leggur 500 þús. krón. upp á ári hverju, það er að segja, leggur þær á kistubotninn eða í handraðann, heldur er ástand þeirrar þjóðar, sem leggur lítið eða ekkert upp á hverju ári, en tekjurnar og gjöldin skipta mörgum miljónum króna? Hjer sjer maður í glöggum spegli þá stjórnlegu og þjóðlegu hugsjón 2. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu; hún siglir sannarlega ekki háan vind. — Það dæmi, sem þingmaðurinn tók, hvernig fjárhagur vor var og hvernig hann er, það sýnir og sannar allt annað, en hann vildi láta það gera. Það er ljós vottur þess, að Íslendingar kunna að fara sjálfir með fjárhag sinn, að það litla þjóðfrelsi, sem þeir hafa notið síðan 1874, hefir auðgað landið að mun, og það sýnir aptur, að fullkomnara og sannarlegt stjórnfrelsi hlyti enn meir að auðga landið. Á þessum hugsunarhætti þingmannsins sjest bezt, að þótt hann h. þm. (Þ. Bj.) hafi tvisvar haft þá æru að sitja í fjárlaganefndinni, þá get jeg ómögulega álitið, að fjárhagsframfarir landsins sje honum eða hans tillögum að þakka. Það er þing og þjóð í heild sinni, án alls tillits til hans, að þakka.

Annars, eða að öðru en því, sem jeg nú hefi svarað, skildi jeg ekki þráðinn í ræðu h. þm. Stundum sagði hann, að hann svo guðs feginn vildi fá stjórnarbót; stundum að það væri allt of dýrt; stundum að það væri ekki til neins, því við fengjum það aldrei, heldur mundi það valda langri baráttu; og yfir höfuð talaði hann svo óglöggt og—jeg hefði nærri því sagt—óhugsað, að eitt virtist reka sig á annað. Viðvíkjandi kostnaðinum sjer í lagi, þá er hann hjer um bil á sam máli og jeg um, að hann muni verða allt að 60 þús. krón.; en honum gleymdist—og hvað kom til þess?—að draga frá það sem landstjórnin kostar nú, og það voru eptir mínum reikningi hjer um bil 47000 kr.; hann gleymdi nefnilega öllu þessu stórfje, sem sparast við þau embætti, sem hljóta að hverfa.

Jeg hefi talað um þetta mál, eins nú og endranær, alveg blátt áfram og huldulaust. Það vantar sízt, að nefndin, já, landið og þjóðin í heild sinni hafi fengið nóg háð og glósur fyrir uppástungur sínar í þessu máli; en hún tekur sjer það sannarlega ekki nærri. Það hefir verið sagt aptur og aptur, að Ísland sje fátækt og umkomulaust land. Það er nú eins og máltakið segir, að »sjaldan bregður hinu betra, ef veit hið verra«. En það er hart, jeg verð að segja sannarlega hart, að fulltrúar Íslendinga, sem hafa alizt upp á brjóstum fósturjarðar sinnar, og notið alls þess af henni, sem hún hefir getað í tje látið, til þess að þeir gætu vel staðið jafnhliða mönnum af öðrum, enda stærri þjóðum, að þeir skuli bera þetta sem banaspjót móti nefndinni í hinu mesta áhugamáli landsins. En jeg segi: því fátækara sem Ísland er, og því aumara að auðsældum, því sterkari kröfu og því meiri rjett hefir það til þess, að fá sjerstaka stjórn í sínum sjerstöku málum, svo það sem fyrst og bezt geti losnað úr þessari örbyrgð. Það er heldur enginn sá, sem geti sagt eða hafi vald til að segja: Þú skalt ekki í bráð losna úr þessari örbyrgð og úr þessari fátækt. Og það er enginn, sem getur sagt eða hefir leyfi til að segja, að hans hátign, konungurinn, hugsi nokkuð í þessa átt! Og jeg mótmæli alveg, að svo sje. Því eins og Ísland á rjett á að fá hagfellda stjórn fyrir land og lýð, eins er jeg fullkomlega sannfærður um hitt, að

hans hátign, konungurinn, muni svo fljótt sem honum er unnt, vilja veita oss það, sem vjer förum fram á í þessu frumvarpi. En hann er maður, og er því bundinn við kringumstæðurnar eins og hver annar. Það hefir heldur engum fulltrúa Íslands dottið í hug, að hlaupa með þetta frv. eins og hvað annað blað til óvalins manns og að skipa honum að skrifa undir það strax. En það hefir enginn heimild til að efast um vilja konungsins í þessu efni.

Jeg vona nú, að h. þm. sjái, að það er allt sem mælir með þessu frv., en ekkert á móti: Landsrjettindi Íslands, afstaða þess, frelsishreyfingar annara landa, og þá getum vjer eigi síður treyst því, að forsjónin muni halda sinni hinni sömu hjálparhönd yfir Íslandi hjer eptir sem hingað til; hún hefir upp vakið margan afbragðsmann, margan föðurlandsvin, landi voru og þjóð til ómetanlegs gagns og viðreisnar, og einn þeirra höfum vjer sýnilegan hjer í salnum, dauðan lifandi og lifandi dauðan. Jeg vona því og óska, að h. þm. greiði atkv. með þessu frv., en ekki á móti því, með stöðugu trausti til forsjónarinnar; þegar vjer biðjum hana og treystum henni, þá vona jeg þó, að bæði h. þm. Eyf. (A. Ó.) og þm. G.-K. (Þ. Bj.), þessir tveir geistlegu herrar, slæðist með í atkvæðagreiðslunni. Jeg læt svo úttalað um þetta mál að sinni.

Landshöfðingi: Í byrjun ræðu sinnar sagði h. framsögumaður (B. Sv.), að hann vonaði, að þingmenn ljetu eigi annað en gildar ástæður ráða fyrir atkvæðagreiðslu sinni í þessu máli; jeg verð einnig að láta það traust mitt í ljósi, að hinir háttvirtu þingmenn geri þetta; að þeir fari ekki eptir háværum ræðum eða glymjandi mælsku þeirra manna, sem flytja málið, heldur fari að eins eptir rólegri yfirvegun sinni, og byggi atkvæði sitt á þeim rökum, er þeir með rólegri yfirvegun finna, að eiga að ráða úrslitum málsins. Jeg ætla eigi að fara út í einstakar ákvarðanir frv., heldur að eins endurtaka þá yfirlýsingu, sem jeg gaf í byrjun þessa máls, að stjórnin væri því mótfallin; og þó að hún álíti, að hin núverandi stjórnarskrá þyrfti í einhverju umbóta við, eða að hagfellt kynni að vera að breyta einhverju í henni, þá mundi hún eigi geta fallizt á svo stórkostlega breytingu, sem frv. fer fram á. Jeg hef ætlazt til, að þessi ummæli mín væru eigi af þinginu álitin sem markleysa; en hverja þýðingu hinir háttvirtu þingmenn leggja í orð mín, munu úrslit málsins á þinginu sýna.

Þegar er að ræða um að koma einhverju miklu til leiðar, þá er það tvennt, sem líta verður á og skoða: 1. hversu gott og hagfellt er að fá það; og í 2. lagi: hvort mögulegt er að fá því framgengt.

Það hafa komið fram margar raddir um það, að menn hafa eigi búizt við, að stjórnarskrárfrv. þetta yrði samþykkt af stjórninni, og hefir þetta álit líka jafnvel komið fram hjá flutningsmönnum málsins; að minnsta kosti hafa þeir búizt við, að það fengi eigi framgang að sinni. Til hvers eru menn þá að leggja út í baráttu fyrir það, sem þeir álíta, að þeir muni eigi fá fram komið? Og hvers vegna er þá lagt í erfiði og kostnað til þessa? Landið er fátækt, og það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frv., auk annars, mjög kostnaðarsamt; en menn verða að sníða sjer stakk eptir vexti. H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) tók mjög ljóslega fram ýms atriði í málinu, og sýndi fram á, hversu mikil byrði legðist á landið, ef þetta frv. fengi framgang, og verður mikillega að athuga það og meta það hnoss, sem með því fengist fyrir landið, á móts við þann mikla kostnað. Þetta álít jeg skyldu hvers þingmanns að íhuga vandlega. En jeg bæti því við, að þetta fyrirkomulag er eigi praktiskt, og engin von um, að það komist á nokkurn tíma; þegar jeg tala hjer um framtíðina, þá er auðvitað, að jeg á við þá framtíð, sem við getum á þessum tíma haft nokkra meiningu um; hvað ske kunni eptir margar aldir, liggur öldungis fyrir utan okkar sjóndeildarhring. Þegar nú engin von er um, að það fáist í þeirri framtíð vorri, sem er nærri, hvers vegna erum vjer þá að leggja út í kostnað og baráttu?

Hinn fyrsti kostnaður, sem leiðir af því,

ef frv. verður samþykkt nú á þinginu, er sá, að næsta ár þarf að halda auka-alþing; og má gera ráð fyrir, að sá kostnaður muni verða um 20,000 kr. Þetta kann, ef til vill, eigi að þykja stórfje, ef um mjög mikið er að ræða, sem ætti að vinnast með þessu; en þetta yrði þó tilfinnanlegt gjald fyrir landssjóðinn og of þungbært, ef því er eigi varið til bráðra nauðsynja. H. framsögum. (B. Sv.) hygg jeg hafi í eitt skipti gleymt ákvörðununum frv., þegar hann gerði ráð fyrir, að ráðgjafinn mundi mæta á þinginu. *(B. Sv.:* Þetta er misheyrn eða misskilningur). Þingm. nefndi jafnvel nafn hans; eptir frv. á enginn ráðgjafi frá Danmörku að mæta á þinginu, og hefir hann líklega gleymt því. H. flutningsm. (B. Sv.) ljet í ljósi þá von sína, að fjárhagur landsins mundi batna, ef þetta stjórnarfyrirkomulag kæmist á. Mjer þykir sannarlega æskilegt, ef fjárhagur landsins gæti batnað; en mjer finnst eigi frv. vísa á neinn veg til þessa, heldur er þvert á móti farið fram á það fyrirkomulag á stjórnarskipuninni, sem er miklu kostnaðarsamara en það, sem nú er. Bæði h. flutningsmaður (B. Sv.) og h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) minntust á, hve æskilegt það væri, að hafa sjerstakan ráðgjafa fyrir Ísland, sem hefði ábyrgð fyrir alþingi; en til þess að fá þann ráðgjafa, sem eigi hafi annað á hendi, en Íslands málefni, til þess þarf eigi breytingu á stjórnarskránni; og hvað ábyrgðina snertir, þá hefir ráðgjafinn eptir 3. gr. stjórnarskrárinnar ábyrgð fyrir alþingi; en jeg skal játa, að þetta atriði er það, sem mest hefir verið rætt um milli þinga, og sem menn hafa mestan áhuga á. Þessari breytingu mætti koma á, ef hún annars gæti fengið framgang, án þess að breyta stjórnarskránni.

Það voru svo margar almennar hugleiðingar í ræðu h. flutningsmanns (B. Sv.), að jeg ætla mjer eigi að fara út í þær; það mundi verða of langt; en tilvitnun hans til hins gamla lýðveldis á eigi við; tímarnir eru breyttir á þeim öldum, sem síðan eru liðnar, og jeg ætla jafnvel, að hann mundi þó eigi vilja innleiða Sturlungaöldina aptur, þótt hann væri þess megnugur. Jeg er samdóma h. flutningsmanni (B. Sv.) í því, að konungur vor vilji landi voru allt hið bezta; en hann veit, að það hefir áhrif á stöðu konungsins gagnvart Íslandi, að hann er konungur alls ríkisins, en eigi að eins Íslands, eins og það hlýtur að hafa áhrif á stjórnarfyrirkomulag Íslands, að Ísland er partur af Danaveldi. Jeg skal leiða hjá mjer, að fara nokkrum orðum um blaðagrein þá, sem hann las upp, og þær setningar, sem þar voru fram settar; því mjer virðist það ekki eiga við, að vera að ræða blaðagreinir hjer á þinginu.

Það var eitt atriði, sem jeg benti á áðan, nefnilega kostnaðurinn við aukaþing á næsta ári, ef frv. þetta kæmist áfram, og skal jeg enn fremur leyfa mjer að taka það fram, að alþingi hefir eigi enn ætlað fje til þess, og hygg jeg því, að stjórnin mundi komast í vandræði, ef þingið setti eigi áætlun um þann kostnað í fjárlögin. Enn þá er engin ákvörðun um það sett í fjárlögin; en enn er, ef til vill, tími til þess. Jeg ætla svo eigi að tala lengur, en að eins brýna fyrir þingdm., að róleg yfirvegun ætti eingöngu að ráða úrslitum þessa máls, en ekkert annað.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg vonast eptir, að hæstv. landshöfðingi hafi ekki lagt mikið í þau orð, sem hann sagði, að hann vonaði, að þingdm. færu eigi eptir háværum ræðum eða mælsku manna við atkvæðagreiðslu sína. Ef hann hefir meint mig, verð jeg að frábiðja mjer slíka dóma bæði frá hálfu hans eða annara hjer í salnum. Þó jeg kunni að hafa verið hávær eptir smekk hins hæstv. landshöfðingja, þá vil jeg benda honum á, að hinn háttvirti forseti fann eigi ástæðu til að grípa fram í fyrir mjer eða setja út á það; en honum einum bar um slíkt að dæma. Að öðru leyti vil jeg leyfa mjer að segja bæði um mig og hinn hæstv. landshöfðingja, og alla aðra, að »syngur hver með sínu nefi», og benda honum á, að sönn orð verða ekki ósönn, þó þau sje töluð hátt, og ósönn orð verða ekki sönn, þó þau sjeu töluð svo

lágt, að næstum ómögulegt sje að heyra þau.

Hæstv. landshöfðingi talaði mikið um stjórnina, og að hún mundi eigi ganga að frv. þessu; en stjórnin er allt annað en konungurinn, og það er því alls eigi sannað eða sýnt, að hann muni ekki vilja staðfesta frumvarpið, þó hann sjálfsagt ekki geri það, meðan stjórnin ræður frá því; en það er þá eingöngu á hennar ábyrgð; jeg, nefndin og sjálfsagt alþingi líka, meta meir vilja sjálfs konungsins, en álit hinnar núverandi stjórnar. Eptir því getur alþingi ekki farið, þegar það stríðir gegn vilja þingsins, vilja og þörfum þjóðarinnar, og þegar eingöngu ræðir um það, sem þingið hefir í sinni hendi, og það er að endurskoða stjórnarskrána; frá því hefir stjórnin enga heimild, engan rjett að hamla þinginu, og sem sagt, þá hefir hinn hæstv. landshöfðingi enn eigi komið með nokkra konunglega yfirlýsingu um það, að konungurinn muni eigi geta fallizt á breytingar vorar á stjórnarskránni; en jeg veit líka, að hæstv. ldsh. hefir alls eigi tekið þessa yfirlýsingu upp hjá sjálfum sjer, heldur ber hann hana fram af hendi stjórnarinnar; en það kemur þinginu eigi við. Eða skyldum vjer eiga að fara að koma þeim rekspöl á, að spyrja stjórnina fyrirfram um það, hvort vjer megum samþykkja og leggja fram þau og þau lagafrumvörp fyrir hana, eða hvort vjer megum nokkuð hreyfa við stjórnarskránni? Ef vjer ættum að hopa á hæl og leggja árar í bát, þó stjórnin segi: »Jeg vil það ekki, jeg álít það enga nauðsyn», þá væri fróðlegt að vita, hvað eptir væri af löggjafarvaldi, sjálfstæði og sóma alþingis. Mjer þykir það þvert á móti vera stórkostleg missýning, að stjórnin skuli senda slíka yfirlýsingu, sem þessa, löggjafarþingi voru; en stjórnin hefir má ske þá skoðun, að vjer höfum að eins ráðgjafarþing, og þeim einum skoðunarhætti gæti slík yfirlýsing samþýðzt, og það þó þó naumlega, ef frjálslynd stjórn ætti í hlut.

En hvað sem þessu líður, þá held jeg því fast fram, að enda þótt stjórnin, sem nú situr að völdum í Danmörku, aldrei nema setji sig á móti nokkrum helztu breytingum á stjórnarskránni, þá er það alls eigi víst, að sú stjórn sitji til lengdar að völdum, og því síður getum vjer sagt um, hvort stjórn sú, sem í stað hennar kæmi, væri eins til sinnis, að hún vildi eigi ganga inn á neinar breytingar á stjórnarskrá vorri. Maður skyldi miklu fremur ætla, að hitt væri eigi óhugsandi, og jafnvel ekkert ólíklegt, að sú stjórn jafnvel, sem nú situr að völdum, gæti breytt og hlyti að breyta þessari skoðun sinni, þegar hún hefir fengið að sjá þær yfirgnæfandi og ómótmælanlegu ástæður, sem vjer byggjum á breytingar vorar; því maður verður þó að öllu óreyndu að treysta því, að vjer eigum að skipta við þá stjórn, sem beitir öðru gegn fulltrúaþingi Íslendinga en ástæðulausum geðþótta sjálfrar sín. Nei! Þessar og þvílíkar yfirlýsingar frá stjórnarinnar hálfu hefðu menn getað vænt sjer á einveldistímunum, en alls ekki gagnvart hinu löggefandi alþingi; og er því hætt við, eins og jeg sagði áðan, að löggjafarvald alþingis, eptir þessu, eigi ekki upp á háborðið hjá ráðgjafastjórninni.

En jeg bið menn að gleyma því ekki, að afleiðingin af því, að vjer færum eigi öðru fram en því, sem ráðgjafastjórn Danmerkur vildi fallast á, yrði eðlilega sú, að þingið gæti ekkert gert nema það, sem það vissi fyrirfram, að stjórninni þóknaðist að veita oss. En með þessu virðist mjer því snúið upp, sem niður á að vera, og að minnsta kosti þarf þó að vera jafntefli milli þingsins og stjórnarinnar. Jeg get alls eigi sjeð, að af þessu muni eða hljóti að leiða stríð milli vor og stjórnarinnar, eins og hinn hæstv. landshöfðingi sagði; miklu fremur finn jeg mjer skylt, að svo stöddu, að búast við beztu samvinnu milli þeirra, því að jeg get fullvissað hinn hæstv. landshöfðingja um, að Íslendingar eru ekki svo pólitiskt óþroskaðir eða heimtufrekir, að þeir geti eigi komið sjer saman við stjórnina, ef hún að sínu leyti stendur í skyldusporum sínum við þjóðina og löggjafarþing hennar; en skyldi hún, mót von, ekki gera það, verður ábyrgðin af stríðinu hennar megin.

Já, vjer megum óhult fulltreysta því, að þó að stríð kynni að stofnast útaf þessari endurskoðun stjórnarskrárinnar, þá verður það ekki alþingi að kenna, því að það fer eigi fram á annað en það, sem er lögheimilað og byggt á skýlausum landsrjettindum Íslands, og ekki ein einasta ástæða hefir komið nje getur komið gegn því. Jeg held því fast fram, að alþingi hefir rjett til þess, að semja og samþykkja lög um breytingar á stjórnarfyrirkomulaginu á hinum sjerstöku málum sínum, og þetta sýnir og sannar 3. gr. stöðulaganna svo augljóslega, sem nokkur lagastafur getur gert það. Orðin, sem þar standa um það, að stöðu hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum verði ekki breytt, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því, það sýnir og sannar, segi jeg, svo enginn fær í móti mælt, að alþingi hefir fullkomlega frjálsar hendur í að fá fram stjórnlagabreytingar viðvíkjandi öllum sínum sjerstöku málum, að þessu einu undanskildu, því að ákvæðið um hæstarjett er hin eina undantekning í þessu tilliti. Þótt vjer því eigi fáum þessum stjórnarskrárbreytingum vorum framgengt hjá stjórninni, þá er það eigi af því, að vjer eigi höfum skýlausasta rjett til þess, eður af því, að vjer í þessu sjeum háðir hinu almenna löggjafarvaldi Dana, heldur af því, að stjórnin vill ekki viðurkenna rjett vorn og þarfir, og þó nú þessi yfirlýsing stjórnarinnar bendi á þetta síðara, þá er hún þess vegna í mínum augum alls eigi til greina takandi.

Hvað hið annað atriði snertir, sem hæstv. landshöfðingi vakti athygli á, nefnil. kostnaðurinn, sem af þessu leiddi, og einkum aukaþingi að sumri, þá sje jeg eigi, þó hjer væri um kostnað þennan að ræða, hvernig því fje gæti verið betur varið, en til þess, að fá hagfellda og gagnlega stjórn, enda fellur aflið úr þessari ástæðu við það, að Íslendingar sjálfir vilja leggja fjeð fram. Þetta atriði er því stjórninni óviðkomandi. Ekki var hinum fornu Íslendingum það of vaxið, að mæta árlega á alþingi að Öxará. Skyldi hinn hæstv. landshöfðingi ekki geta verið mjer samdóma um, að mögulegt væri að hugsa sjer, að fje landsins væri ver varið en til þess, að efla landsins sjálfsstjórn, og að optsinnis hafi jafnmiklu fje, já margfalt meiru fje, verið varið til ekki neins hjer á landi?; þetta gæti jeg nú sannað, ef menn vildu, og það með dæmi frá þessum seinustu árum; en jeg vil eigi vekja óþægilegar tilfinningar með því að koma með slík hryggileg dæmi; nomina sunt odiosa. Hæstv. landshöfðingi sagði, að þetta stjórnarfyrirkomulag vísaði ekki á leið til þess að bæta fjárhag landsins; en jeg segi, að það sje þvert á móti, og það er sannarlega þvert á móti, þó það sjáist eigi fyr en sjálfsstjórn þjóðarinnar er komin á. Þó eigi sje litið á annað, þá kostar það eigi lítið fje, að fjalla hjer árlega um lagafrumvörp, sem eigi fást staðfest í Danmörku, og sem varða landið svo mikils, að eigi verður með krónutölum talið. Þetta kæmi eigi fyrir, ef stjórnin færðist inn í landið, og lögin væru staðfest hjer á landi, því þá væri mótspyrnan frá ríkisráðum numin burt, er veldur lagasynjununum. Jeg fæ eigi skilið í því, að unnt sje að fá sjerstakan ráðgjafa, án breytingar á stjórnarskránni, í þeim skilningi, sem jeg meina; því að jeg sagði, að mín, þingdeildarmanna og þjóðarinnar hugsun væri eigi sú, að hann sæti í Danmörku og ferðaðist hingað til þingsins ábyrgðarlaus, eins og hann nú er, heldur að hann hefði ábyrgð fyrir þinginu, og hefði aðsetur sitt hjer á landi. (*Landshöfðingi:* § 3 í stjórnarskránni). Já! Það er gott, að hæstv. landshöfðingi einmitt minnir á þessa grein. Hvað stendur nú þar? Þar stendur, að alþingi komi fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum. En hvar eru nú þá þessi lög og þessar reglur? Hvaða lög eru nú enn orðin fyrir þessari ábyrgð? Engin, alls engin. Og hví hefir stjórnin eigi fyrir löngu síðan lagt frv. fyrir þingið, sem kveði á um, hvernig ábyrgð þessari verði komið fram á hendur ráðgjafanum? Ef stjórninni hefði

verið nokkur alvara með að uppfylla það fyrirheit, sem þessi grein gefur, þá hefði hún þó að minnsta kosti átt að gera það núna, um leið og hún er að gylla svo mjög um skör fram stjórnarskrána í augum þingsins. Hver getur borið um það, hvað þingið hefði þá gert? Það er nokkuð, sem eigi er hægt að dæma um; en svo mikið þori jeg að fullyrða, að skipun sjerstaks ráðgjafa fyrir Íslands mál með sannarlegri stjórnlagaábyrgð fyrir alþingi, og þá sjálfsagt landsdóms hjer á landi, fæst ekki, alls ekki, án breytingar stjórnarskrárinnar, enda er sjerstakur ráðgjafi eigi nefndur í 3. gr., heldur ráðgjafi. Um þetta hlýtur h. hæstv. landshöfðingi að vera mjer samdóma. En ráðgjafi, sem ekki hefði önnur mál um að fjalla, en Íslands mál, en væri þó háður ríkisráði Dana, er enn ekki stjórnlagalega sjerstakur ráðgjafi Íslands, heldur danskur ráðgjafi í íslenzkum málum, sem einn liður í hinu danska löggjafarvaldi.

Þegar jeg talaði um hinar liðnu aldir, var það alls eigi meining mín, eins og allir máttu skilja, að jeg vildi, að Sturlungaöldin kæmi upp aptur, og hún kæmist sannarlega heldur eigi á við þetta stjórnarfyrirkomulag. Þótt Sturlungaöldin sje blettur á sögu vorri, býst jeg við, að annan eins og ljótari blett megi finna á sögu annara þjóða. Og hvaðan var líka sú alda runnin? Sú alda var sannarlega eigi runnin frá Íslendingum einum, heldur líka jafnframt, og ef satt skyldi segja, miklu fremur, ef til vill, frá útlöndum, sumpart beinlínis frá Noregskonungum sjálfum, sem vildu sölsa undir sig, eins og þeim tókst, yfirráðin yfir landi voru og þjóð, og sumpart óbeinlínis frá klerkavaldinu, sem varð hentugt meðal í þeirra hendi.

Jeg get verið hæstv. landshöfðingja að öðru leyti þakklátur fyrir bendingu hans og hugulsemi viðvíkjandi kostnaði til alþingis að ári, sem hann kallar aukaþing, og efast jeg eigi um, að fjárlaganefndin taki þessa bendingu til greina; það er að segja, eptir því, sem þess gerist þörf. Jeg skal að öðru leyti fúslega játa, að jeg get eigi talað tilfinningarlaus um þetta mál, og að rómur minn því kunni að breytast, þegar jeg ræði um það, sjer í lagi þegar brýxl eru borin á forfeður vora fyrir sakir þess, að þeir voru þau börn, að láta tælast af því erlenda valdi, því valdi, sem hefir valdið öllu böli Íslands, til að hella út sínu eigin blóði, blóði hinna frægu, frjálsbornu Íslendinga; en jeg er fullviss um, að jeg hef eigi sagt annað en það, sem jeg fyrir guði og samvizku minni álít rjettast, og sje, að er rjettast, og jeg mundi því glaður ganga í dauðann fyrir þá óbifanlegu sannfæringu mína og fullkomnustu vissu, að þetta fyrirkomulag, einmitt þetta stjórnarfyrirkomulag, sem nefndarfrumvarpið heldur fram, sje í aðalatriðum sínum svo lagað, að það eitt muni leiða til þess, að Íslendingar geti tekið þeim þjóðarþroska, þjóðsælu og frelsi, sem þeim er áskapað, því það eitt gefur tryggingu fyrir því, að útlendar höndur drepi eigi niður hin andlegu og líkamlegu öfl þjóðarinnar.

Landshöfðingi: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gera við ræðu h. framsögumanns. Jeg skyldi hann svo, að sú ábyrgð, sem 3. gr. stjórnarskrárinnar talar um, sje þýðingarlaus eða þýðingarlítil, af því að engin lög um ráðgjafaábyrgð sjeu til; þær reglur sjeu ekki enn settar, sem þurfi til þess að koma fram þessari ábyrgð. Hann sagði: Hví kemur ekki stjórnin með lög um ábyrgð ráðgjafa? Jeg vil leyfa mjer að benda h. framsögumanni á 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir. Þar er bent á þann veg, sem fara skal, þangað til reglur um það verði settar með lögum. Þar er ákveðið, að hæstirjettur ríkisins skuli dæma þau mál, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum. Hjer er það tekið fram, sem gert er ráð fyrir sem almennum ákvörðunum í 3. gr. stjórnarskrárinnar. Mjer virtist og h. framsögumaður vefengja það, að jeg hefði umboð frá stjórninni (*B. Sv.:* konungi) til að koma með yfirlýsing í þessu máli. Þá er jeg setti þing, las jeg upp umboð frá hans hátign konunginum, sem mjer var veitt til að mæta á þinginu fyrir hönd stjórnarinnar. Og eptir stöðu minni sem umboðsmaður stjórnarinnar hef

jeg komið fram með þessa yfirlýsingu. H. framsögumaður minntist á kostnaðinn; var hann mjög höglegur, þar sem hann hjelt, að það mætti verja fje lakar og hefði verið varið fje lakar. Það virðist ekki lýsa miklu trausti á þessu máli, ef það er hin næst versta brúkun á fje landsins, sem h. framsögumaður (B. Sv.) getur hugsað sjer, að verja því eptir fyrirmælum þessa frv. *(B. Sv.:* Það hef jeg aldrei sagt). Mjer finnst það liggja í orðum h. þm. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Jeg hygg, að h. þm. sje ljóst, hver meining stjórnarinnar er í þessu efni.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg leyfi mjer að leiðrjetta dálítið ummæli hæstv. landsh. Jeg gerði skarpa greining milli konungs og stjórnar. Jeg sagði, að landsh. hefði komið með sína yfirlýsing fyrir hönd stjórnarinnar, en ekki fyrir hönd konungsins. Það voru alls ekki mín orð, nei, langt frá því, að þetta, sem hjer ræðir um, að verja fje landsins til að ræða og álykta um allsherjarmál þjóðararinnar, stjórnarskipunarmálið sjálft, væri hin næst versta brúkun á fje landsins. Nær hefði mátt geta! Nei! En hitt sagði jeg, að hægt mundi vera að verja fje landsins framvegis ver en til þessa, og hitt sagði jeg líka, eða gaf hinum hæstvirta landshöfðingja fullkomlega í skyn, að mig vonar, að mig vantaði ekki sönnun fyrir því, að fje landsins, eins miklu og hjer væri um að ræða, já meiru, hefði verið varið til þess, sem eigi hefði verið betra, heldur einmitt verra; en jeg vil ekki fremur nú en þá tala berar um þetta atriði, sem er þessu máli óviðkomandi, en gæti valdið bitrum umræðum.

Jón Ólafsson: Hæstv. landsh. sagði, að hann vonaðist eptir því, að h. þm. mundu taka það tillit til yfirlýsingar stjórnarinnar, sem hún ætti skilið. Jeg geri það æfinlega, eins og liggur í hlutarins eðli, og svo eru víst allir h. þm. En þegar hæstv. landsh. skorar á þingm., að taka þessa yfirlýsingu til greina, þá er skilyrðið fyrir því, að það sje mögulegt, það, að þingm. fái að vita, hvaða þýðingu þessi yfirlýsing hefir, hvað í henni liggur. Þegar stjórnin sendir þau boð, að hún muni eigi ganga að neinum breytingum og sjerstaklega ekki þessum breytingum, sem hjer liggja fyrir, þá hygg jeg, að hún hafi, þegar hún kallaði hæstv. landsh. á sinn fund gefið honum upp einhverjar ástæður fyrir því, hvers vegna breytingar á stjórnarskránni væru svo óaðgengilegar, að hún hafi gefið honum umboð til að segja meira en já eða nei; því þess konar gat hún sent oss í brjefi. Skilyrðið fyrir því, að þingið geti tekið þessa yfirlýsing til greina, er það, að þingið fái að vita, hvers vegna stjórnin getur ekki gengið að neinum breytingum. Jeg verð því, bæði í mínu eigin nafni og annara þingmanna, að skora á hæstv. landsh. að skýra þinginu frá því, hvað það er, sem gerir allar breytingar svo óaðgengilegar; því vjer getum ekki varast vítin nema vjer vitum þau, ekki lagt oss í bleyti til að útgrunda ástæður stjórnarinnar, þegar hún segir ekkert annað en nei, nei. Jeg leyfi mjer því að skora á hæstv. landsh., að hann gefi þinginu þessar ástæður.

Landshöfðingi: Jeg gæti látið mjer nægja með það, að skírskota til þess, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls. Jeg sagði, að stjórnin áliti enga breytingu á stjórnarskránni nauðsynlega að svo komnu, að hún áliti að stjórnarskráin væri þannig úr garði gerð, að landið gæti fyrir henni tekið hverjum þeim framförum í andlegum og líkamlegum efnum, er hagir landsins og ástand annars leyfðu. Þegar breyta skal stjórnarskrá, verður að vera öflug ástæða til þess. Þessi ástæða álítur stjórnin ekki að sje fyrir hendi, heldur að landið geti náð þeim framförum, sem það annars er megnugt að ná, þó að engu sje breytt. Þess vegna er hún mótfallin breytingum yfir höfuð á stjórnarskránni. Það er sjerstaklega snertir þetta frv., sem hjer liggur fyrir, hefir það verið tekið fram, að þær breytingar, sem það fer fram á, ganga svo miklu lengra, heldur en nokkur önnur undanfarin frv., bæði frá stjórninni á sínum tíma og síðar þinginu, og færi svo langt, þar sem það dregur svo mjög stjórnina úr

höndum konungsins, að hver maður gæti sagt sjer sjálfur, að frumvarp þannig lagað mundi aldrei verða staðfest sem stjórnarskipunarlög fyrir Ísland. Þetta frv. hefir ekki legið fyrir stjórninni, svo að ráðgjafinn hefir ekki enn fengið tækifæri til að lýsa beinlínis áliti sínu um það. En það fer svo langt frá þeim grundvelli, sem hin núverandi stjórnarskrá er byggð á, að það getur ekki komið til tals, að ráðgjafinn ráðleggi konungi að staðfesta það. Jeg skal sjerstaklega taka það fram, þegar talað er um, hve langt frv. fari, að hjer er ekki gert ráð fyrir neinum ráðgjafa við hlið konungs, sem geti ráðið honum til, hvað hann eigi að fallast á og staðfesta; enda er gert ráð fyrir, að hann afsali sjer til landstjóra miklu af sínu valdi. Þetta er svo fjarlægt eigi að eins því, sem stjórnin gat gengið að, þegar hin núgildandi stjórnarskrá var gefin, heldur gengur það lengra, en alþingi nokkurn tíma áður hefir farið fram á, miklu lengra en sum frumv., sem stjórnin þó ekki hefir getað álitið aðgengileg. Jeg álít, að jeg þurfi ekki að svara h. þm. (J. Ól.) frekara. Jeg vona, að honum og h. þingi sje nú ljóst, hvers vegna stjórnin er breytingum á stjórnarskránni mótfallin. Það er sjálfsagt, að hjer er að ræða um verulegar breytingar; því stjórnin getur ekki gert ráð fyrir, að þingið vilji fara að breyta stjórnarskránni vegna einhverra óverulegra atriða, sem ekki gera til nje frá. En verulegum breytingum á stjórnarskránni er stjórnin, eins og jeg opt hef tekið fram, eindregið mótfallin. Og þetta frv. verður að teljast að innihalda mjög verulegar og stórkostlegar breytingar. Að endingu skal jeg geta þess, eptir því tilefni, sem umræðurnar gefa mjer til þess, að jeg meina ráðgjafastjórnina, þegar jeg tala um stjórnina. Jeg vil sem minnst blanda hans hátign konunginum inn í þessar umræður, því það er ráðgjafinn, sem ábyrgðina ber; ekki konungur.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Hæstvirtur landsh. gaf í skyn, að frv. vildi draga vald úr höndum konungsins. Þessu verð jeg að mótmæla, að það sje rjettur skilningur, og þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefir þegar áður sagt þetta, og jeg sýnt og sannað, að þetta er ástæðulaus mótbára gegna nefndarfrumvarpinu, þá þykist jeg mega vænta, að þessi misskilningur hans verði ekki æ ofan í æ endurtekinn úr þessu frá hans hálfu. Annars get jeg nú, hinum hæstvirta landshöfðingja til enn frekari leiðbeiningar, sagt honum það, að sama hugsunin, sama stefnan eins og í frumv. er, hefir komið fram áður, og það einmitt frá hálfu stjórnarinnar að fyrra bragði; hún kom fram 1867, þegar talað var um fyrirhugaða landsstjórn, skipaða 3 mönnum, sem áttu eiginlega að vera ráðgjafar, með ábyrgð fyrir þinginu, sem flytja skyldu mál fram fyrir konung. Hvað er á móti því, að einn af hinum íslenzku ráðgjöfum fari utan, og beri fram mál fyrir konung, ef svo ber undir? Þetta kom þá fram, og konungsfulltrúi hafði ekkert á móti því. En sjer í lagi vil jeg minna hinn hæstv. landshöfðingja á frumvarp stjórnarinnar 1869. Þar standa í 2. eða 3. gr. þessi orð: »Konungur ákvarðar með tilskipun, í hverjum öðrum tilfellum en þeim, sem lögin mæla fyrir um, og með hverjum skilyrðum landsstjóranum sje heimilt, að gera ályktanir, og framkvæma þær í nafni konungs«. Vildi þá sjálf stjórn konungs 1869 draga valdið úr höndum konungs með þessari ákvörðun? Sjálfsagt ekki; og þó er hjer um hið sama að ræða að eins, að eins víðtækara og almennara. 1873 kom einmitt alveg hið sama fram, sem hjer, frá þingsins hálfu. Hæstv. landshöfðingi var þá á þingi sem konungkjörinn þingmaður, og hann drap þá ekki á með einu orði, að það gengi í þá átt að draga vald úr höndum konungs, eins og heldur ekki gat eða getur verið nokkur hin minnsta átylla til að segja eða álíta. Hún kom aldrei fyrir í umræðunum, sú viðbára; jeg hef þingtíðindin fyrir mjer, og menn geta leitað, hver sem vill, með logandi ljósi. Ekki einu sinni konungsfulltrúi kom með eitt orð í þá átt. Jeg get ei nje nokkur annar maður fundið neinn mun á frumv. því, og frv. nú, nema að nú stendur »landstjóri« í staðinn fyrir jarl, af því það þótti of tigulegt fyrir vort fátæka

land, er vjer verðum að sníða oss stakk eptir vexti, og ei ofbjóða kröptum landsins, heldur finna það fyrirkomulag, sem því hæfir. Því jeg segi æ og enn: stjórnin er fyrir landið, en ekki landið fyrir stjórnina. Þó að stjórnin hafi gefið hæstv. landsh. í skyn, að hún muni láta beita veto í þessu máli, þá geri jeg sannarlega ekki svo mikið úr því. Vjer höfum átt þessu áður að venjast, og það í einfaldari og óverulegri málum, en þetta er.

Arnljótur Ólafsson: Enn sem fyr vil jeg gjöra h. deild grein fyrir atkvæði mínu; þótt henni sje nú orðið nokkurn veginn kunnugt um skoðanir mínar, finnst mjer þó skylt við enda þessa máls að líta á helztu atriði þess. H. framsögumaður (B. Sv.) sagði meðal annars, að grundvöllur frv. væri »hinn eini rjetti grundvöllur», »bjargfastur, studdur á hellubjargi íslenzks sjálfsforræðis». Jeg veit, að þetta er sannfæring hans, og flestra, ef ekki allra þeirra, sem nú greiða atkv. með frv. í deildinni, og þótt jeg væri ekki fyllilega sannfærður um það, mundi jeg samt greiða atkv. með frv., ef jeg væri ekki einmitt sannfærður um hið gagnstæða. Jeg fæ ekki skilið, hvernig h. framsögum. (B. Sv.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem báðir munu vel að sjer í stjórnfræði, geta talið sjálfum sjer og öðrum trú um, að þetta frv. sje byggt á rjettum grundvelli, hvað þá á þeim eina rjetta. Mjer finnst liggja í augum uppi, að í 18 fyrstu greinunum er hinn mesti tvískinnungur og tvöfeldni, sem dæmi eru til í nokkurri stjórnarskrá. Í þessum 18 gr. er konungur og landsstjóri 9 sinnum settir jafnhliða, og landsstjóri aptur settur einn saman 9 sinnum. Þannig er hinum æðstu valdsmönnum ruglað saman aðgreiningarlaust á 9 stöðum; konungurinn er að eins talinn fyr. Jeg vona þó, að h. þingmenn telji sjer skylt, að koma með einhver rök fyrir þessum tvíleik eður tvíveðrungi. Til þess að sýna hann enn glöggvara, skal jeg fyrst til nefna 3. gr. frv.: »Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru o. s. frv.» Hverjar eru nú þessar takmarkanir? Þær koma einna bezt fram í 6. gr., er svo hljóðar: »Landsstjóri hefir í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins», þ. e. konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstöku málum landsins, með þeirri takmörkun, að landsstjóri hefir hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málum landsins. Þessi er takmörkunin, að hið æðsta vald, konungsvaldið, sem getið er um í 3. gr. frv., er flutt afdráttarlaust eður takmarkalaust í 6. gr. til landsstjórans. *(B. Sv.:* Misskilningur). Jeg segi, hver minn skilningur sje; jeg get auðvitað misskilið, en h. framsögum. getur líka misskilið. Nú vil jeg spyrja: Hvert er aðaleinkenni hins æðsta valds í landi, sem hefir þingbundna konungsstjórn? Hæstv. landshöfðingi hefir að vísu tekið það fram; en jeg ætla líka að taka það fram í stuttu máli, svo það heyrist einnig frá þingmannabekkjunum. Aðaleinkennið er það, að ráðgjafi eður ráðgjafar, sem hafa á hendi alla stjórnarábyrgðina, ræði öll mál með hinum æðsta valdsmanni ríkisins, með konungi sjálfum í ríkisráði, og skrifi undir lög og öll helztu mál með honum. Það er auðsætt, að þeir, sem alla ábyrgðina bera, verða að sitja við hlið þess, er æðsta valdið hefir, og ræða málin með honum. En hvar eiga nú ráðgjafarnir sæti eptir þessu frv.? Eiga þeir að sitja við hlið »konungs eða landsstjóra»? Nei. Við hlið konungs þá?. Nei. Ekki svo mikið sem erindsrekar eiga að sendast til hans. Þeir eiga sæti eingöngu hjá landsstjóra. Hann tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin, og alla ábyrgð á þeim, samkvæmt fyrri málsgrein 7. gr. frv. Konungur getur ekki vikið ráðgjöfunum frá. Það er landsstjóri einn, sem þar er kominn í hans stað. Jeg verð að álíta, að það sje augljóst fyrir hvern, sem hefir þekking á stjórnmálum, að 6. og 7. gr. og hin nýja grein, sem á eptir 7. gr. á að koma eptir breytingartill. og eins 8. gr., frv. setja landsstjórann æðstan valdsmann; konungurinn er að eins svipur eða skuggi við hlið lands-

stjórans. Jeg kann sannarlega ekki við þessa tvöfeldni, að hafa konunginn sem nafn 9 sinnum, og gera þó vald hans í rauninni að eins að skuggavaldi, í öllu nema því einu, að konungur skrifar undir stjórnarskrárbreytingar, samkv. 71. gr. frv. En með hverjum skrifar konungur þá undir? Annaðhvort með engum, eða þá með dönskum ráðgjafa. Þá held jeg nú framsögum. (B. Sv.) fengi tilefni til að leggja eitthvað út af dönskum blaðagreinum, ef danskur ráðgjafi ætti að undirskrifa allar breytingar á stjórnarskránni nýju.

Jeg hef nú bent til, að frv. setur landsstjóra í öllum helztu málum yfir og í staðinn fyrir konung, og að konungur í 6. gr. frv. afsalar honum þetta vald. En má jeg spyrja: Getur hann það eptir grundvallarlögum Dana, án þess að spyrja hið almenna löggjafarvald um það? Framsögumaður sagði, að þingið færi ekki með þessum ákvæðum frv. út fyrir löggjafarumdæmi sitt. En er það rjett mælt? Ráða þeir, sem mest fylgja þessu frv., þinginu til að halda sjer innan rjettra takmarka? Jeg leyfi mjer að efast um það. Jeg skal ekki fást um, að nefndin hefir tekið efni stöðulaganna upp í frv. sitt, því stjórnarskrá vor gerir það líka að miklu leyti, með því að hún vitnar til þeirra; en eptir þessari stefnu, sem frv. fer fram á, er mjer spurn: Verður þá Ísland »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis»? (*J. Ól.*: Já). Nei, það er ómögulegt að segja slíkt í alvöru, nema ef menn vilja, eins og sagt er um strútinn, fela höfuðið í sandinum, til þess að sjá eigi hættuna. Ef hið »almenna löggjafarvald ríkisins» verður nokkurn tíma leitt í freistni til að fylgja skoðun »prófessorsins», þá neyðir sannarlega þingið það nú til að gera það. Það eru greinar í grundvallarlögum Dana, sem snerta Ísland, þó að þau gildi ekki á Íslandi í orðsins vanalega skilningi. Má jeg spyrja: Ætli 1. gr. grundvallarlaganna $\frac{28}{7}$ 1866 hafi ekki gildi fyrir Ísland? (*B. Sv.*: Jú). Ætli konungserfðirnar gildi ekki eins hjer? Ætli konungur sje ekki eins fulltíði, þegar hann er 18 ára, hjer eins og í Danmörku eptir 6. gr. grundvallarl.? Ætli ákvæði um, hver stjórnar í forföllum konungs, gildi ekki líka fyrir þetta land? Sje nú svo, sem jeg hygg vafalaust, þá verður að ætla, að konungur Danaveldis sje einnig konungur Íslands. Nú fæ jeg eigi betur sjeð, en skipun sú, sem gerð er í grundvallarlögum Dana $\frac{28}{7}$ 1866, 13.—16. gr., um hið æðsta stjórnarvald ríkisins, og hvernig því skuli beitt, hljóti að hafa einhver áhrif á, hvernig hinu æðsta valdi hjer innanlands skuli hagað. Jeg tala varlega, til þess að egna eigi hinar landsrjettarlegu tilfinningar andmælenda minna, — og segi því eingöngu: jeg hygg, að þessi skipun í fyrnefndum greinum grundvallarlaganna muni í afleiðingum sínum ná hingað til lands, þegar um það er að ræða, að landsstjórinn hjer fá skuli svona mikið vald, en völd konungs detta niður að því skapi. (*B. Sv.*: Nei!). Jeg skora á hinn háttv. mælska og stjórnfróða framsögumann, að hann sýni mjer í einhverri stjórnarskrá slík ákvæði, sem þau, er standa í 6.—8. gr. frv., og í 7. tölul. breytingartill., fyrir utan allan tvískinnunginn í greinum frv. þar á eptir. Það má ómögulega gleyma því, að Ísland er sambandsland, en ekki ríki fyrir sig. Framsögumaður, sem hefir kynnt sjer svo vel grundvallarlög Norðmanna, hefir þó sjeð, að norskir ráðgjafar sitja við hönd konungs í Svíaríki. Hjer vantar alveg alla samtenging, og allt valdið er flutt í raun rjettri hingað. Þetta verð jeg að taka fram aptur og aptur, og biðja h. nefndarmenn að sanna, að það sje eigi rjett hermt af mjer, eður þá hitt, að slík sundrungarstjórn eigi sjer stað í nokkru öðru ríki í heimi. Hjer er ekki einu sinni erindsreki, eins og t. d. í Luxemburg. Hjer er að eins konungsnafn, sett eins og tóm vofa, eins og nokkurs konar ryk, til að blása í augu stjórnarinnar; en hún mun sjá í gegnum slíkt myrkur.

Um kostnaðinn skal jeg ekkert tala; jeg veit, að h. framsögumaður vill ekkert um hann vita; hann vill í rauninni helzt ekki vita um tilveruna; hann er svo háfleygur, að hann flýgur hátt fyrir ofan alla slíka smámuni. En frá hinu vil jeg biðja hann að skýra, hvernig hann á háflugi sínu hefir

hugsað sjer þetta þriggja manna ráðaneyti, þegar það er sezt á laggirnar. Því eptir viðaukatill. við 7. gr. eiga ráðgjafarnir að minnsta kosti að vera þrír. Hvernig hefir hann nú hugsað sjer, að þessar stórskrifavjelar allra þriggja ráðgjafanna skuli kippa öllum meinum landsmanna í lag, þegar þær eru komnar á kreik með öllum sínum skrifstofum, hærri og lægri, stærri og smærri, allt ofan frá ráðherrunum, deildarstjórunum, skrifstofustjórunum, og niður til fullmættingjanna, yfirskrifaranna, undirskrifaranna o. s. frv. Eiga þessir menn að skrifa Íslandi ár og frið og alls kyns blessun í skaut? Eiga þeir að mala landinu gull og gróða með skrifvjelunum, eins og forðum kvernin Grótta? Er ekki einhver skínandi skriffinnskubragur yfir þessu margþráða þjóðviljabarni? *(J. Sig.*: Amtmennirnir!). Þeir eru að eins tveir, en ráðgjafarnir góðu eru fleiri og dýrari, og ekki svo lítilfjörlega hærra uppi í skriffinnskustiganum. Mjer datt sízt í hug, að h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) mundi fara að vitna í amtmennina mjer í hag. Hann vill nú draga saman í einn göndul allt vald, sem er úti um landið. Það, sem þeir fjelagar þrá og sækjast eptir, sem vilja með þingmanninum (J. S.) þessa stjórnarbreyting, það er samdráttur eða sinadráttur valdsins, En of mikill samdráttur valdsins (centralisation) þykir nú jafnan mjög ófrjálslegur landsstjórnarháttur. Jeg sje nú eigi betur, en að öll þessi eptirsóttu miklu gæði sjeu í rauninni eintóm skriffinnskugæði; svo og eintómur landsstjórnardrómi, að setja upp í Reykjavík eina æðstu stjórn með þessum aragrúa af skrifvjelum, í staðinn fyrir marga embættismenn, svo sem amtmenn, landfógeta og biskup. Einn af nýju ráðgjöfunum mun nú eiga að fara að vígja presta, þegar þetta skrifvjelabákn er komið í sitt almætti. Jeg skal enn taka það fram, að eptir hinni nýju viðbót við 7. gr. kemur það bezt fram, að landsstjóri og ráðgjafarnir eru landsráð, og í því skulu rædd öll lagafrv. Það sýnir, að konungur kemst þar hvergi að, því það er þó víst ekki meiningin, að landsráðið ræði »lagafrumvörp öll og áríðandi stjórnarmálefni» í víðri veröld. Það væri nú að snúa út úr, líklega. Öllu konunglegu valdi er þó kippt inn í landið. Já, Íslendingar hafa lengi konunghollir verið, og h. framsögumaður er það líka og vill vera það af öllu hjarta. Ef maður nú vildi lýsa tilfinningum þessara stjórnbreytingarmanna, mundu þær vera á þessa leið: »Svo er jeg ástfólginn konungsvaldinu, að jeg vil endilega fá það flutt hingað heim í mitt eigið land, svo jeg jafnan geti fallið fram og tilbeðið það af einlægni hjarta míns. Skelfing skal jeg elska landsstjórann með konungsvaldinu, ef jeg bara fæ hann! Öll þjóðfrelsisblóð og öll þjóðliðsblóð skulu kasta sjer fram fyrir fætur hans, og syngja honum hósíanna. Bara maður megi fá að líta við og við á vjelaganginn og brjefafokið og blekstraumana; hvað gerir það þá til, þó það kosti landið einar 50,000 kr. Nei, það gerir svo sem ekki neitt, ef jeg má bara einu sinni á ári taka mjer pílagrímsför á hönd á tveimur jafnfljótum suður í höfuðstaðinn Reykjavík, og í andakt hjarta míns horfa á, hvernig skrifvjelarnar fara að dansa í höndunum á þeim hringinn í kring um landsstjórann».

Jón Sigurðsson: Jeg ætla ekki að svara h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), því flest af því, sem hann sagði, hefir hann komið með áður, svo það eru engin nýmæli. Jeg skal heldur ekki svara einstökum mótmælum, sem fram hafa komið frá einstökum þingmönnum, svo sem 2. þm. G.-K. (Þ. B.), því það gerði framsögumaður (B. Sv.), og jeg hefði líklega ekki tekið til máls í þetta skipti í máli þessu, ef jeg hefði ekki þurft að bera hönd fyrir höfuð mjer, því við aðra umræðu þessa máls, rjeðst 1. þm. S.-Múl., Tryggvi riddari Gunnarsson, heldur óriddaralega að mjer, því hann gerði það fyrst eptir að jeg var orðin vopnlaus, það er að segja: eptir að jeg var búinn að tala tvisvar, svo jeg gat ekki svarað honum. *(Forseti:* Jeg verð að biðja þingmanninn að nefna ekki nöfn). Aðalefnið í ræðu 1. þm. S.-Múl. var, að skýra frá ritgerð nokkurri um stjórnarskip-

unarmálið, sem stóð í norðlenzku blaði í vetur leið, og sem jeg kannast við, að vera höfundur að, og las hann upp heillanga kafla úr þessari ritgerð. Tel jeg það mikinn heiður fyrir ritgerðina, og mig sem höfund hennar, að nokkur kafli hennar kemst inn í Alþingistíðindin. Af því að jeg er nú svo mjög við ritgerð þessa riðinn, og af því þingmaðurin notaði ritgerðina sjer í hag, þá verð jeg að fara nokkurum orðum um hana. Það hefði nú með fullri sanngirni mátt ætlazt til, að 1. þm. S.-Múl. (T. G.) hefði lesið ritgerðina rjett, og gert sjer nokkurt ómak fyrir að skilja hana rjett; en hann hefir hvorugt af þessu gert. Í ritgerðinni er ljóslega gerð grein fyrir því þrenns konar fyrirkomulagi, sem stungið hefir verið upp á, bæði í ræðum og ritum, að væri hið tiltækilegasta á stjórn hinna sjerstöku mála Íslands. Það er fyrst og fremst jarlshugmyndin, sem fram kom í frumvarpi þingsins 1873. Þar næst hinn alvaldi landshöfðingi, sem neðrideild alþingis 1883 fór fram á, með erindsreka eða skrifara við hlið konungs í Kaupmannahöfn. Og í þriðja lagi er stungið upp á sjerstökum ráðgjafa við hlið konungs í Kaupmannahöfn. En 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) gleymdi að geta þess, eða sleppti því með ásettu ráði, að höfundur greinarinnar telur frumv. frá 1873 hið lang yfirgripsmesta og fullkomnasta stjórnlagafrumvarp, sem vjer höfum á okkar máli.

Minn tilgangur var engan veginn sá, að ákveða, hverju stjórnarfyrirkomulagi helzt skyldi framfylgja, heldur einungis, að benda landsmönnum á það þrenns konar fyrirkomulag á stjórn landsins, er spursmál gæti orðið um að innleiða hjer. Tilgangur minn með þessu var enginn annar en sá, að almenningi gæfist kostur á að dæma um og velja, að hverju honum geðjaðist bezt. Þetta hefir nú komið fram á þingvallafundinum. Þar hefir þjóðin látið vilja sinn í ljós; þar hafa fulltrúar af öllu landinu lýst því yfir, að þeir vildu helzt leggja frv. frá 1873 til grundvallar, og það er aðalástæðan fyrir nefndina til þess, að miða uppástungur sínar sem mest við þetta frv. H. þm. (Tr. G.) sleppti líka að geta þess, að um leið og jeg í ritgerð minni benti á það stjórnarfyrirkomulag sem hið auðfengnasta, að hafa sjerstakan ráðgjafa í Khöfn, þá var það af mjer bundið við það skilyrði, að neitunarvald konungs væri takmarkað.

Mjer hefir aldrei dottið í hug að nokkuð væri unnið við það, að fá sjerstakan ráðgjafa í Kaupmannahöfn með öðru móti, og svo jeg tali hreint út, þá get jeg lýst því yfir sem minni pólitisku trúarjátning, að jeg gef ekki eyrisvirði fyrir sjerstakan ráðgjafa í Kaupmannahöfn, nema neitunarvald konungs sje takmarkað. Nefndinni hefir verið núið því um nasir, að hún tæki of mikið tillit til þjóðviljans eða almenningsálitsins, og menn hafa jafnvel gengið svo langt í því, að menn hafa haft það sem spottnafn um suma þm., og kallað þá þjóðvilja. Jeg get því vel búizt við því, að við nefndarmenn fáum þetta auknefni, þegar þessu þingi er lokið, og við komnir heim af þingi; en mjer þykir engin minnkun að því, og jeg sje ekki eptir því, að nefndin hefir fylgt þjóðviljanum í þessu máli. Því svo er fyrir að þakka, að það er ekki alstaðar, að almenningsálitið sje álitið svo lítilsvert, eins og sumir þingmenn hjer í deildinni virðast álíta það, og skal jeg nefna til þess eitt dæmi. Það er sagt um Jóhann Sverdrup, sem nú er stjórnarforseti í Noregi, að hann hafi fyrir »valgsprog« (orðtak): »almenningsálitið er minn styrkur», og »almenningsálitið á að ráða lögum og lofum í landinu«. Þessu hefir hann fylgt fram, og reynslan hefir sýnt, að með því að fylgja þessari stefnu er hann búinn að hefja Noreg í það öndvegissæti, að jeg ímynda mjer, að hann standi nú efst af öllum ríkjum á Norðurlöndum, þegar um þjóðfrelsi og þjóðþrifnað er að ræða. Ekki hefir honum þótt niðurlæging í því, að fylgja þjóðviljanum eða almenningsálitinu. Líkt »valgsprog« hafði og hinn næst síðasti konungur vor Friðrik hinn 7.: »þrek er mjer þjóðarhylli« (folkets kærlighed er min styrke). Jeg held, að þessi skoðun sje líka alstaðar ríkjandi, að farsælast sje að fylgja

þjóðviljanum. Svona hefir það gengið og svona mun það ganga bæði hjer og annarsstaðar, að þar sem nokkur ágreiningur er milli almennings eða þingsins sem fulltrúa hans og stjórnarinnar, þá verður þjóðarviljinn annars vegar, en stjórnarviljinn hins vegar, og eptir því skiptast menn í flokka. Svo hefir það gengið alstaðar og eins í Danmörku. Reynslan hefir sýnt, að menn skiptast í tvo flokka: stjórnarflokkinn og almennings- eða þjóðflokkinn. Hverjir ganga nú í stjórnarflokkinn? Jafnaðarlegast embættismenn og hálaunaðir menn. Hvers vegna? Svarið liggur nærri. Þeir taka svo miklu ástfóstri við stjórnina fyrir embætti þau, sem hún veitir þeim. Mjólk sú, sem stjórnin mylkir þeim, er ekki hollari en svo, að þeir missa sjónar á því, sem fram fer í kringum þá, og kunna því eigi að meta að verðugleikum þjóðviljann í landinu. Meðan embættismenn ekki komast á á það menntunarstig eða ná svo miklum andlegum þroska, að þeir skilji, að þeir eru embættismenn þjóðarinnar, þá er ekki að treysta því, að þeir reynist öruggir til framgöngu í stjórnarbaráttu landsins; það er sorgleg reynsla fyrir því. Embættismennirnir ættu að láta sjer skiljast, að þeir eru vinnumenn þjóðarinnar, en ekki stjórnarinnar. Svo hafa sumar stjórnir það ráð, að laða menn með krossagjöfum og þess leiðis hjegóma, og það ekki sízt hin danska stjórn. *(Forseti:* Jeg verð að biðja þm. að fara ekki lengra út í þessa sálma). Jeg segi þetta ekki Danastjórn til niðrunar, því heiðursteikn geta í sjálfu sjer verið mjög heiðvirð og góð, þegar þau eru borin með »anstand«, sem danskurinn segir; en mjer virðist að sumir hafi ekki borið þau eins og jeg veit að ætlazt hefir verið til af veitandanum. Það virðist svo sem holdið hafi eigi þolað svo mikla áreynslu hjá sumum mönnum að minnsta kosti. Jeg segi þetta svona blátt áfram; en það er bezt, að hver stingi hendinni í sinn eigin barm, og spyrji sjálfan sig, hvort hann eigi hjer óskilið mál, eða hvort krossaveitingarnar hafa haft nokkur áhrif á skoðanir hans í stjórnarmálum.

Þá var það ein mótbára, sem kom fram hjá h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), að þessir neíndarmenn vildu hleypa þjóðinni út í langvarandi stríð, sem gæti ef til vill orðið 30 ára stríð og því staðið eins lengi og 30 ára stríðið gamla. Þetta getur vel verið, og það getur vel verið, að það verði nokkuð langt; því vjer höfum reynsluna fyrir oss í því, að það hefir hvorki gengið fljótt nje baráttulaust fyrir oss, að ná rjetti vorum hjá Dönum. Stjórnarbaráttа vor, hin síðasta, stóð yfir frá 25 til 30 ár, hvort sem menn heldur telja stjórnardeilutímann frá 1845, þegar alþingi var stofnað, eða frá 1851, þegar Þjóðfundurinn sæli kom saman. Jeg ætti að þekkja til, hvernig þessi stjórnardeila gekk, því jeg hafði þann heiður, að vera með í henni meðan hún stóð sem heitast yfir. Það er ekki þýðingarlaust fyrir oss, að athuga, hvernig þá gekk til, meðan það stríð stóð harðast. Jeg játa, að það er athugunarvert, að hleypa sjer út í þetta stríð, því jeg man eptir, að þá kom ýmislegt það fyrir, sem mörgum góðum drengjum varð minnisstætt, og margt ekta íslenzkt hjarta kenndi til af; en það sem eiginlega mun hafa verið viðkvæmast fyrir þann flokk, sem jeg fyllti, var það, þegar þeir menn, sem voru af sama bergi brotnir og við, synir hinnar sömu fósturjarðar, og höfðu allan sinn heiður af því, sem er mergur og blóð þjóðarinnar, þegar þeir, segi jeg, báru vopn á móti oss. Og þetta getur allt af komið fyrir og getur komið fyrir enn. Oss þótti það líka sárt, þegar þeir, sem voru í vorum flokki og stóðu þar framarlega í fylkingu sumir hverjir, og vjer treystum bezt, þegar þeir gerðust liðhlauparar, köstuðu vopnunum á bak sjer og hlupu burt og yfir í fjandmanna flokk. Þetta getur komið fyrir enn. Ef nokkrir menn eru þeir hjer innan þessara veggja, sem geta tekið þetta til sín, þá mega þeir það gjarnan. Ef vjer leggum út í þetta stríð, látum það standa eins og 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) sagði, 10—20 eða

30 ár, þá getum vjer búizt við öllu þessu. Það, sem mjer finnst að oss vanti mest nú, er, að oss vantar öflugan forvígismann; því nú er Jón Sigurðsson dauður, og getur því ekki lengur látið oss njóta sinnar ágætu forustu. Og þótt menn voni, að einhver muni fylla pláss hans með tímanum, þá er það ekki víst; og sízt víst, hvenær það verður. En jeg vona nú, að allir þeir, sem eru á sama máli og jeg, hopi ekki á hæli. Það hefir verið haft eptir Jóni heitnum Sigurðssyni, að hann hafi haft fyrir orðtak »aldrei að víkja«. Þetta er ekki rjettur skilningur á stefnu Jóns heitins Sigurðssonar í stjórnmálum, og þeir, sem hafa lagt honum þessi orð í munn, hafa annaðhvort ekki skilið hann rjett, eða sagt á móti betri vitund. Stefna Jóns Sigurðssonar mundi vera rjettilega einkennd með þessum orðum: »Það skal fram, sem fram er, meðan rjett horfir«. Þessi orð vil jeg, að vjer, sem erum á sama máli, tökum oss í munn. Höldum stefnu vorri fast fram, meðan rjett horfir, allir, sem mjer eru samdóma, og látum svo guð og gæfuna ráða, og vonum að rjetturinn sigri þó að lokum. Höldum fast saman og látum ekki fylkinguna riðlast; þá mun oss verða sigurs auðið um síðir.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) tók fram verulega galla, sem honum þætti vera á frumv. að vissu leyti. Hann talaði mjög ljóst og jeg get vel sett mig inn í hans sjónarmið; en jeg sje það líka, að hefði hann bætt við því,sem stendur í frv., þá hefði öll hans aðfyndni og röksemdaleiðsla fallið um sjálfa sig; en það gerði hann ekki, og leiðir af því, að hann hefir talað um og ályktað af ímyndun sinni, en ekki af nefndarfrumvarpinu, sem ræða hans gat ekki átt við. Hann tók það fram, að konungur væri nefndur á 9 stöðum í frv. ásamt landsstjóranum, og landsstjórinn aptur einn á öðrum 9 stöðum. Jeg álít,að í þessu sje engin sönnun fyrir því, að þetta stjórnarskrárfrumv. sje á röngum rökum byggt; eða hverjum heilvita manni skyldi geta skilizt það? Jeg bið þess að eins gætt, að á þessum 9 síðartöldu stöðum er konungi ætlað, að hann gefi landsstjóranum vald til að framkvæma það fyrir sig í umboði sínu, sem hann getur ekki gert sjálfur sökum fjarlægðar sinnar. Konungur framkvæmir þetta eigi að síður stjórnlagalega eða valdlega allt saman, þó hann láti annan gera það í umboði sínu; hann framkvæmir það að eins »per alium«, fyrir annars hjálp, annars verklega aðstoð. Þm. veit að hið sama á sjer stað í fjölmörgum af nýlendum Englendinga, og sama hugsun kom fram við jarlshugmyndina í Noregi, þó ekkert yrði úr henni þar. Hið sama hefir komið í fleirum tilfellum í veraldarsögunni að fornu og nýju. Það liggur í valdi konungs, að hann getur látið annan framkvæma það fyrir sig, sem hann getur ekki aðstaðið sjálfur. Hann getur ekki verið á tveim stöðum; úr því hann býr í landi, sem liggur 300 mílur í burtu frá oss, þá gefur öllum manneskjum í víðri veröldu, nema bara hinum háttvirta 1. þingmanni Eyfirðinga, að skilja, að hann getur ekki líka verið til staðar hjer út á Íslandi. Allar þær ástæður, sem h. þm. (A. Ó.) færði fram sem mótbárur móti þessu máli, eiga þannig alls ekki við á móti þessu frv., fremur en hverju öðru því máli, sem er samkvæmt óbrigðulu eðlislögmáli náttúrunnar og skynseminnar. Þær voru eintóm »illusion« eða hugarburður og hindurvitni. Það var líka eins og þm. vildi ekki treysta þessum mótbárum sínum, og því kom hann fram með þá spurningu, hvort konungur mundi geta afsalað sjer þessum rjettindum samkvæmt grundvallarlögum Dana. En þessi spurning sýnir ekki síður, að það er fleiri en ein skrúfa laus í heilavjel þingmannsins. Því jeg og allir skynsamir menn verða að svara já, því hið almenna löggjafarvald Dana eða rjettara ríkisdagurinn hefir afsalað sjer löggjafarvaldi í öllum sjerstökum málum Íslands, með þeirri einu undantekning, sem það eða ríkisdagurinn hefir gert með tilliti til hæstarjettar sem æðsta dómi í íslenzkum málum. Þetta er nú gert með stöðulögunum og heimilað með þeim; en þau eru aptur einföld lög, og gátu því ekki gert neina breyting á grund-

vallarlögum Dana. Löggjafarvald Dana nær ekki til hinna sjerskildu mála Íslands eptir grundvallarlögum Dana; annars hefði það verið brot á móti grundvallarlögunum, að stöðulögin voru út gefin með þessum ákvæðum. Stöðulögin, segi jeg, gátu ekki breytt grundvallarlögum Dana; þau hlutu að vera innan takmarka þeirra. Þetta svar sýnir og sannar, að engin mótbára getur komið fram gegn því, að nefndin hefir trúlega haldið sjer innan hinna almennu löglegu takmarka; en jeg hef velt svarinu og snúið því á ýmsar hliðar til þess, að reyna að koma skrúfu þingmannsins í samt lag. Þm. áleit, að Ísland væri ekki lengur óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, ef þetta frv. yrði samþykkt, og að almenn mál væru ekki nógu skarpt aðgreind frá sjerstökum málum. Ekkert getur verið sterkara merki þess, að Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, en að það verður að lúta öllum lögum í almennum málum, sem ríkisþing Dana samþykkir, ekki einungis hvað snertir konungserfðirnar, heldur og í öllum sameiginlegum málum, t. a. m. um myntina o. s. frv. Þetta verða Íslendingar að þola meðan þeir ekki taka neinn þátt í hinu almenna löggjafarvaldi og hafa ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en ekkert óaðskiljanleikans einkenni getur verið berara eða sterkara en þetta.

En gæti nú þingmaðurinn að því, að eins og í hinu sameiginlega almenna löggjafarvaldi í öllum sameiginlegum málum felst óaðskiljanleikinn við Danaveldi, ekki Danmerkurríki, innibindast hin sjerstöku landsrjettindi Íslands í hinu íslenzka alþingi ásamt hinni innlendu íslenzku stjórn og konungi, þeirri stjórn með konungi, sem er alveg óháð öllum stigum hins almenna löggjafarvalds. Jeg er sannfærður um, að ef þm. gætir vel að, og setur skrúfuna fasta, þá er hann svo skarpur, að hann hlýtur að geta komizt að sömu niðurstöðu og jeg. Hinn h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) brá sjer á leik viðvíkjandi skriffinnskunni; þar komu honum aptur skrúfurnar í góðar þarfir. En jeg held að þetta fyrirkomulag, sem nefndin stingur upp á, minnki skriffinnskuna, og að hún því ekki vaxi við það, að við fáum innlenda stjórn. Að minnsta kosti þyrfti þá ekki að leggja lögin og öll stjórnar- og dómsmál, sem til Danmerkur ganga, út á dönsku; ef meira þarf að rita, þá verður það af því, að hinar eðlilegu ritþarfir verða meiri en sú ritmennska, sem að rjettu lagi ber háðsnafn þingmannsins, skriffinnskuna; hún hverfur sem dimman fyrir birtunni. H. þm. talaði um, að »concentrationin« eða stjórnarsamdrátturinn væri óeðlilegur, og þessu sama hjelt hann fram í hitt eð fyrra, þegar tilrætt varð um afnám amtmannaembættanna, nefnilega að ekki mætti færa valdið úr hjeruðunum að neðan og concentrera það hjá landshöfðingja upp á við. Jú, þá skildi jeg vel, hvað h. þm. fór, og í þá stefnu hafði það — það játa jeg — allmikið við að styðjast; en ef valdið er dregið saman inn í landið að ofan, þá verður concentrationin, centralisationin einmitt eðlileg. Því það vald, sem nú er á 2. og 3. stigi að ofan, hjá amtmanni og landshöfðingja, t. a. m. fátækramál, gæti þá orðið á 1. og 2. stigi að neðan, hjeraðamál, landsfjórðungamál, og stigin þannig í heild algerlega breytzt. Með öðrum orðum: við það, að hið erlenda æðsta vald verður innlent, færist hið núverandi innlenda vald niður á við, og dreifist, decentraliserast. H. þm. talaði enn um, að ekki væri gert ráð fyrir, að neinn ráðgjafi skrifaði undir með konungi; hann hefir þá víst ekki lesið vel 7. grein. Þar sem stendur, að undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans veiti lögum og ályktunum alþingis gildi, þegar einn eða fleiri ráðgjafar skrifa undir með honum. Þegar nú einhver gerir eitthvað í nafni annars manns, þá er hann að eins verkfæri; en valdið er hjá hinum, sem það er framkvæmt fyrir. Vill nú þm. enn þá vera svo djarfur að segja, að ekki sje gert ráð fyrir neinum sjerstökum ráðgjafa eptir frumvarpinu? Hjer er gert ráð fyrir íslenzkum ráðgjafa, sem fari til konungs í öllum þeim tilfellum, sem konungur óskar sjálfur að skrifa undir. Þetta sama var einnig ráðgert 1867

og þá var þm. ekkert á móti því. H. þm. talaði um, að það væri ekki gott að draga konungsvaldið inn í landið, því það mundi koma upp einveldi í landi. Jeg skora á þingmanninn, að segja og skýra ljóslega, hvað hann meinar með þessum orðum? Er hjer ekki neinn »Bagtanke«, fiskur falinn undir steini? Hann er þó víst ekki að hugsa um »republik«, og hvað getur hann þó annað meint? Getur það verið álas fyrir nefndina frá sjónarmiði þingmannsins, að hún vill láta konungsvaldið vera »repræsenterað« í landinu? Nefndin vill engan veginn ganga of nærri »prærogativis« konungs eða draga úr þeim; en það virðist einmitt þingmaðurinn vilja, er hann vill gera sjálfa konungstignina í landinu varúðarverða. Hann um það. En nefndin er bæði konungholl og lýðholl. Af því að konungurinn er svo langt í burtu, að hann kemur hjer ef til vill ekki nema einu sinni á æfinni, þá er nauðsynlegt, allshendis óumflýjanlegt, að hann hafi hjer landstjóra, sem annaðhvort framkæmi það í umboði hans, sem honum þóknast að skipa fyrir, eða undirbúi löggjafarmálin svo vel, með innlendri stjórn, er hafi fulla ábyrgð fyrir alþingi, áður en þau eru lögð fyrir konung, að eigi sje unnt að undirbúa þau betur. Ef h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) vill koma með frumvarp um, að vjer förum að taka þátt í hinu almenna löggjafarvaldi og sendum fulltrúa á ríkisþingið, þá skal jeg ekki segja nema jeg yrði á hans bandi, svo að það yrði enn sýnilegra og áþreifanlegra en er í verkinu, að oss dettur ekki í hug að skerða um eina hina minnstu hársbreidd hið almenna löggjafarvald, eða hið viðurkennda stjórnlagasamband millum Íslands og Danmerkur, með stjórnarlagafrumvarpi voru um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Jón Ólafsson: Það er svo margt, sem menn hafa talað í dag móti þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og svo margt, sem menn hafa talað með því, að jeg get verið því stuttorðari. Það var undarlegt, hversu mikið h. 2. þm. G.-K (Þ. Bj.) gerði úr kostnaðinum við hið nýja stjórnarfyrirkomulag. Þegar jeg heyrði h. þm. (Þork. B.) tala, datt mjer í hug sá siður, sem h. þm. mun vera kunnugt að tíðkaðist á miðöldunum, nl. að hafa djöfulinn málaðan framan á kirkjuhurðirnar. Þetta hafa menn sjálfsagt gert til að gleyma aldrei hinum forna óvini. Það lítur út fyrir, að h. þm. hafi líkt ráð til að gera sjer minnisstætt það, er honum þykir áríðandi að hafa fyrir augum. Það er nærri eins og hann hafi málað upp krónu á veggiun hjá sjer; sízt skal jeg nú að vísu lasta sparnaðinn, *en of mikið má af öllu gera*, og þess vildi jeg óska, að svo nýtum þm. sem h. 2. þm. G.-K. yrði ekki svo starsýnt á krónuna, að hann missti augun af öllu öðru, eða að hann einblíndi ekki á krónuna þangað til hans andlegi sjóndeildarhringur er orðinn svo takmarkaður, að hann nær ekki út fyrir krónuröndina. Það er annars því undarlegra, að heyra þessar ýkju-viðbárur um kostnaðinn nú, sem ljóslega var sýnt fram á við 2. umr., að kostnaðurinn yrði ekki svo mikill. Það er undarlegt, að h. þm. skyldi ekki taka tillit til þess, sem þá kom fram. Mjer fannst h. þm. (Þork. B.) hugsa nokkuð kotungslega, er hann var að tala um kostnaðinn; en það er opt einkenni þeirra, sem hversdagslega hugsa mjög kotungslega, að þeir ætla, að hin æðsta landsstjórn og æðstu yfirvöld sje eitthvað svo háleitt og hátt, að þau hljóti að kosta ógrynni fjár, og þess vegna ætlaði h. þm. (Þork. B.) landstjóranum að minnsta kosti 30,000 kr. Sem betur fer, er h. þm. sjaldnast svona rífur við embættismenn yfir höfuð. En það er engin ástæða til að halda slíkt. *(Þork. B.:* Reynslan mun verða ólygnust). Jeg þekki engan umboðsmann konungs í nokkru landi, sem hafi svo hátt kaup að tiltölu við efni og mannfjölda þjóðarinnar. Hver ástæða er til fyrir oss, að sníða oss stakk á vorn litla og magra þjóðkropp eptir vexti stórra og feitra konungsríkja? Nei, vjer eigum að sníða oss stakk eptir vorum vexti; sníðum launin eptir efnum landsins. Má jeg spyrja h. þm. (Þork. B.), hvort hann þekki nokkursstaðar í heiminum það fyrirkomulag á launum landsstjóra eða »Gouver-

neurs«, að hann hafi nálægt ½ kr. af hverju nefi landsmanna, eins og h. þm. (Þork. B.) ætlar landstjóranum hjer? Hann hlýtur að vita, að forsetinn í Sviss hefir að eins 9720 kr. í laun um árið, og er þó Sviss bandaveldi 25 þjóðvelda með 3 miljónum íbúa. Það hefði hann átt að taka til fyrirmyndar. Þar sem h. þm. (Þork. B.) talaði um, að úr því laun biskups væru nú 7000 kr., þá mundi landstjóri þurfa svo há laun, sem hann talaði um, og ráðgjafar fyrir víst 12000 kr. En telur hann nú laun biskups hæfileg? Jeg veit ekki betur en hann hafi sjálfur fylgt fram, að laun biskups væri lækkuð, enda eru þau laun ásamt launum ýmissa annara embættismanna hjer allt of há, og mun það eindreginn vilji allra, að lækka þau, nær sem því yrði við komið. Jeg skil annars ekki í því, að h. þm. (Þork. B.) skyldi telja svo há laun handa þeim, sem yrði í hinni nýju landsstjórn, sem hann gerði, — hann, sem er svo mikill sparnaðarmaður. Hvað gengur honum til? Heldur hann að við fáum því betri, samvizkusamari, skylduræknari og vitrari landsstjóra, sem vjer berum meira gull í hreiður hans? Ekki staðfestir reynslan það, að embættismenn sje því rjettvísari, nýtari og þjóðhollari, sem þeir eru hærra launaðir; mjer liggur við að segja, að hið gagnstæða eigi sjer optar stað. Þessi ýkta ástæðulausa áætlun um svo há laun og hinn öfgamikla kostnað er ekki er nema gríla, sem á að fæla menn frá að gefa atkv. með þessu frv.

Hæstv. landshöfðingi varð ekki eins skörulega við áskorun minni, eins og jeg hefði óskað og vænzt, því að hann kom ekki með, hvað stjórninni þætti að þessu frv., þar sem hann þó fullyrðir, að stjórnin geti ekki gengið að því, heldur tók hann að eins upp yfirlýsing þá, sem hann flutti þinginu í byrjun 1. umr. um þetta mál; en þessi yfirlýsing var ekki annað en almenn orðatiltæki, hún gekk ekki inn á nein einstök atriði; það var ekki vitund af ástæðum frá eðli málsins gegn hinum sjerstöku breytingum—ekkert þetta var í yfirlýsingunni, heldur almenn orðtæki út í bláinn, og því hefir hún ekki það gildi í mínum augum, að jeg geti farið eptir henni. Jeg get ómögulega metið hana meira, en hún eptir innihaldi sínu er verð. Stjórnin telur yfir höfuð sjerhverja breyting á stjórnarskránni ónauðsynlega. En landsmenn hafa sjálfir fundið til nauðsynjarinnar á breytingunum, og sá er þó vanur að finna bezt, hvort skórinn kreppir hann, sem hefir hann á fætinum. Ísland finnur til þarfarinnar, og það á rjett á að mega bæta úr henni. Þetta virðir stjórnin að vettugi, og sýnir með því, að hún þykist hafa betur vit á, hvað landinu sje fyrir beztu, en landsmenn sjálfir. Þessi skoðun er ekki ný hjá stjórninni, heldur kemur hún fram árlega við lagasynjanirnar. Nú er það einmitt þessi skoðun stjórnarinnar, sem komið hefir mönnum til að hreyfa við stjórnarskránni. Jeg þarf ekki að telja upp allar lagasynjanir stjórnarinnar hin síðari ár; en skal að eins minnast á amtmannaembættin. Í fjárlögunum 1879 var settur sá fyrirvari, að amtmannaembættin skyldi ekki veita, er þau losnuðu. Á þingi 1881 mæltist landshöfðingi til, að þessi fyrirvari yrði eigi settur í fjárlögin; og hjet hann því þá, að stjórnin mundi gæta hins sama tillits til vilja þingsins, þótt henni væri ekki sett þetta skilyrði. Jeg var þá í fjárlaganefnd, og skal játa, að þess hefir mig mest iðrað þingstarfa minna, að jeg trúði stjórninni til þess, að hún mundi enda orð sín, og greiddi því atkv. fyrir að sleppa skilyrðinu; enda var það gjört 1881. 1883 voru samþykkt lög um afnám amtmannaembættanna; en hvað gerir stjórnin? Hún neitar um staðfesting á lögunum, en veitir amtmannsembættið nyrðra, enda var þá annar í fulltrúasæti stjórnarinnar en 1881. Stjórnin neitar þannig allri samvinnu við þingið, þykist betur hafa vit á hvað Íslandi er fyrir beztu, en þingið sjálft,—þessi stjórn, sem er skipuð ráðgjafa, sem ekki skilur tungu vora, aldrei hefir komið hingað, hvað þá dvalið hjer nokkurn tíma, og á engan hátt getur verið kunnugur högum landsins. Sökum þessa er nauðsynlegt að

fá stjórnina inn í landið. Þá mundi hún ekki lengur neita allri samvinnu við þingið.

Yfirlýsing landshöfðingja takmarkast þar að auki af því, sem hann sagði um leið og hann flutti hana, að hann vildi ekki blanda nafni konungs inn í þetta mál, enda bar hann hana fram frá stjórninni. Það er því að eins skoðun stjórnarinnar, en ekki konungs, sem kemur fram í yfirlýsingunni; en þessi stjórn getur verið komin frá völdum ef til vill nú, þótt vjer vitum það ekki, hvað þá heldur áður en þetta mál verður lagt fyrir konung, og það því getur komið fyrst til skoðunar, að samþykkja breytingar þessar á stjórnarskránni; og maður veit ekki, nema sú stjórn, sem þá kemur í þessarar stað, verði fús til að leggja gott til með breytingunum, og það því fremur sem það er siðferðisleg skylda stjórnarinnar, að fara eptir vilja landsmanna.

H. þm. Eyf. (A. Ó.) fór, eins og honum er svo lagið, mjög skoplegum og háðslegum orðum um þjóðviljann, sem kæmi fram í þjóðfrelsisblöðunum, eins og hann komst svo fyndnislega að orði. En þm. (A. Ó.) ætti víst að vera kunnugt, að í öllum menntuðum löndum kemur þjóðarviljinn hvergi eins glöggt fram eins og í blöðunum. Þau eru opt kölluð sjöunda stórveldið, og þau eiga sannarlega meira undir sjer, en h. þm. Eyf., og verðskulda því eigi þetta skop þingmannsins. Það færi nú annars betur,—frá sjónarmiði h. þm. (A. Ó.)—, að þjóðviljinn hefndi sín ekki á honum; þess mættu þeir óska, sem hafa, eins og jeg, mætur á hinum miklu hæfileikum þingmannsins, að skopræða hans þessi yfir þjóðviljanum verði ekki jafnframt líkræða yfir sjálfs hans þingmennsku. En vari hann sig á því, að þjóðviljinn lætur ekki óhegnt að sjer hæða.

Að því, er frv. sjálft snertir, þá tel jeg alls ekki allt fengið með því, sem vjer ættum að fá, ef það verður samþykkt. Því er nú miður; því að frjálslyndinu er ekki svo þjett skipað enn á alþingi. Margt og mikið er eptir og miklu meiri breytinga þörf; en þingið er nú ekki meiru vaxið að sinni. Mörg umbót fæst þó með því. H. þm. Eyf. (A. Ó.) var að tala um, að með þessu frv. væri dregið vald úr höndum konungs, og þess vegna væri það miklu óaðgengilegra en frv. frá 1883. Jeg satt að segja get ekki verið að mæða mig á að hrekja hann; en mjer datt í hug áðan þessi staka, sem margir kunna:

„Sterkur, Björn, og stór ert þú,
en sterkari er þó *Tíminn;*
því tek jeg að þreytast nú,
þó að jeg sje glíminn".

Jeg skal skýra frá, hvers vegna mjer datt stakan í hug. *Nú* telur h. þm. Eyf. þessu stjórnarfyrirkomulagi allt til ills og vansa, en telur *nú* frv. 1883 allt til gildis. Á þingi 1883 hafði hann þó mjög á móti því frv., sem *þá* var fyrir þinginu, en taldi *þá* því fyrirkomulagi, sem *nú* er farið fram á í frv., alt til gildis, og sagði *þá* meðal annars: »Það er einkum fjarlægðin, sem jeg legg mikla áherzlu á. Hygg jeg miklu hentugra hjer á landi stjórnarfyrirkomulag líkt því, sem er t. a. m. í Kanada, þar sem landsstjórinn er ímynd konungs og hefir ráðgjafa undir sjer, enda er sú hugmynd eiginlega sama sem jarlshugmyndin, er menn hafa áður aðhyllzt hjer á landi« (Alþt. 1883 B II 84—85). *Þá* áleit hann *þetta* stjórnarfyrirkomulag, sem *nú* er hjer farið fram á, hentugast af öllu; en *nú* telur hann allt annað hentugt. Svo staðfastur og sterkur á svellinu, sem h. þingm. því er, þá hefir *tíminn* ekki þurft nema tvö ár til að hafa alveg endaskipti á h. þingskörung. Ef þjóðviljinn er liðugur í hálsliðunum, eins og hann hefir verið að prjedika fyrir mönnum, þá kemst hann þó ekki í hálfkvisti við h. þm. Eyf. (A. Ó.) að liðugleik og snúningshraða, slíkar pólitískar draugasveiflur, sem hann getur haft í skoðunum sínum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg kannast vel við þau orð mín frá þingi 1883, sem h. 2. þm. Suð.-M. (J. Ól.) las upp, og stend við þau enn. En stjórnarfyrirkomulagið í Kanada er allt annað en hjer er farið fram á.

Í ráðaneytinu á Englandi á nýlendustjóri sæti, en í þessu frv. er ekki ætlazt til, að neinn ráðgjafi sitji við hlið konungs í Danmörku, eða eigi sæti í ríkisráði konungs. Hjer er þá vikið frá enskri stjórnarreglu. En auk þessa hefir parlamentið á Englandi vald til að nema úr gildi lög nýlendnanna og stjórnarskrár þeirra. Þessa löggjafarreglu vil jeg eigi hafa; en hana hljóta þeir h. þingdm. að innleiða, sem fylgja fram stjórnarskrárfrv. Að setja hjer landsstjóra eptir þessu frv., einkum 6.—8. gr., það stríðir á móti grundvallarlögum Dana, einkum 13.—16. gr. Jeg ætla eflaust, að konungur geti eigi afsalað sjer hinu æðsta valdi oss í hönd, án breytingar á grundvallarlögunum, og því eigi án samþykkis ríkisdagsins, fyrir því, að konungur er bundinn við grundvallarlögin gagnvart Dönum.

Ef vjer viljum fá landstjóra hjer eptir norsk-sænsku lagi, þá verður ráðgjafi fyrir vora hönd að sitja við hlið konungs í Danmörku. Ef vjer viljum fá landstjóra eptir ensku lagi, þá verður ríkisþingið að hafa sama vald yfir vorum lögum, sem parlamentið í Englandi hefir yfir lögum nýlendnanna, svo og verður ráðgjafi að vera fyrir vora hönd hjá konungi, sem svaraði til nýlenduráðgjafans á Englandi. En hjer er hvorugri reglunni fylgt í þessu frv., hvorki stjórnarreglu meginlandsins, svo sem hinni norsk-sænsku, nje heldur hinni ensku stjórnarfarsreglu.

Tryggvi Gunnarsson: Það var ýmislegt í ræðu h. þm. S.-Þing. (J. Sig.), sem ekki kom málinu neitt við, og skal jeg því fara sem fæstum orðum um það; en aptur nokkuð af því, sem hann sagði, sem þarf leiðrjettingar við. Mjer dettur nú ekki í hug að meina öðrum að hafa sínar skoðanir, og þá náttúrlega ekki heldur h. þm. S.-Þing. (J. Sig.). En þá ætla jeg einnig, að jeg verði að hafa jafnrjetti til að halda minni skoðun. Þegar skoðun mín mætir mótmælum, þá veg jeg þau, og gái að, hvort þau sjeu svo mikilvæg, að jeg eigi að láta af skoðun minni sakir þeirra. Ef jeg nú heimfæri þessa setning upp á það mál, sem hjer liggur fyrir, þá verð jeg fyrst að leita að skoðun almennings og gæta þess, hvort hún sje skoðun minni samkvæm eða ekki, og síðan meta það, hvort jeg ætti að láta af minni skoðun gagnvart skoðun almennings. Til þess að rannsaka þetta og leiða líkur að fyrir aðra, hver sje skoðun almennings eða hver sje hinn svo kallaði þjóðarvilji, þá las jeg um daginn upp kafla úr grein í Fróða eptir h. þm. S.-Þing. (J. Sig.), en alls ekki til þess að gera lítið úr skoðun hans eða staðfestu í málinu. Eptir rannsóknir mínar verð jeg að játa það, að jeg hef ekki getað fundið, að það sje þjóðarviljinn, stjórnarfyrirkomulag það, sem kemur fram í þessu frv. En úr því svo er, þá getur h. þm. (J. Sig.) ekki með rjettu láð mjer, þótt jeg geti ekki verið með þessu frv.

H. þm. (J. S.) talaði um, að jeg hefði mishermt úr grein hans í »Fróða«; jeg verð að mótmæla þessu. Hjer stendur, þegar hann er búinn að bera saman frumv. 1873 og 1883, og tala um jarlinn eða landshöfðingjann: »Vjer getum ekki ráðið til að hafa þetta stjórnarfyrirkomulag« o. s. frv.; jeg læt nú blaðið ganga til þingmanna, svo þeir sjái hvert þetta er rangt lesið. Sami þm. var að tala um liðhlaupa. Mjer finnst, að slík ummæli sjeu mjög ótilhlýðileg, og það sje ósamboðið honum og virðingarlítið gagnvart þinginu, að bera samþingismönnum sínum slíkt á brýn, eða drótta því að þingm., að þeir geri móti betri vitund. Jeg er sannfærður um, að hver fylgir því fram, sem hann telur heppilegast. Hið gagnstæða ættu þingmenn allra sízt að bera hver upp á annan; mjer dettur ekki í hug að bera það á h. þm. (J. S.), þótt hann fylgi nú annari skoðun en hann gerði næstliðinn vetur í áminnztu blaði, að hann af hagsvon fyrir sig greiði atkv. hjer á þingi öðru vísi en hann álítur rjett. Jeg talaði við 2. umr. um það, að þessi tími væri mjög óheppilegur til að leggja út í stjórnardeilur, hvort heldur litið er á ástandið í Danmörku, eða harðindaástand það, sem er hjer á landi, og svo þegar það bætist við,

að Íslendingar sjálfir og þingmenn margir eru vaklandi, já, það svo, að jeg er sannfærður um, að aukaþingið næsta sumar breytir þessu frv., og þá er allt erfiðið og kostnaðurinn til einskis. Það sjest bezt, hve menn eru »vaklandi«, að á Þingvallafundinum var haldið fram um daginn allt til kl. 9 um kvöldið allt öðrum skoðunum og umræðum, en þeim sem urðu þar ofan á síðast eptir stutta en ákafa umræðu. Það er þannig ekki fengin nægileg festa í málinu nje nægilegur undirbúningur, eins og jeg opt hefi tekið fram. Þannig er enginn varnagli sleginn með tilliti til sameiginlegra mála. Um þau stendur ekkert í frv. Konungi og landstjóra er á víxl otað fram, og margt fleira mætti til tína.

H. framsögum. (B. Sv.) talaði mikið um þá blómgvun í efnahag landsins, og þær gullhrúgur, sem mundi leiða af því, að frv. þetta yrði að lögum; en jeg er hræddur um, að þetta sje meira hugsjón, en sú verði reyndin; því jeg get ekki betur sjeð, en að stjórnarskráin gefi oss fullkomið frelsi til að hrinda atvinnuvegum vorum í gott lag, og nokkurn veginn fullt vald til að verja fje voru á þann hátt, sem oss virðist bezt eiga við. Sje þetta missýning af mjer, og nefndin líti annan veg á það, þá hefði hún átt að gera breytingar við stjórnarskrána í þá átt, en í allri hennar löngu breytingarrollu sjest ekki eitt breytingaratkv. á þá leið. Auk margs annars má geta þess, að vjer höfum eigi nógu staðfasta forvígismenn fyrir þessu máli. Jeg treysti þeim eigi til að fylgja fram þessu máli með því þoli og þreki, að þeir geti tekið sjer það einkunnarorð: »aldrei að víkja«. Þeir hafa of opt skipt skoðun til þess. Jeg vil því leyfa mjer að minna á og halda fram tillögu minni við 2. umr. þessa máls, að senda ekki þetta mál frá þessu þingi sem fullgjört lagafrv., heldur senda ávarp til konungs, með bendingu til umræðanna og vilja þingsis, og biðja hann um sjerstakan ráðgjafa, sem leggi frv. til endurskoðunar á stjórnarskránni fyrir næsta þing. Við þetta komumst vjer hjá kostnaði í þessu harðæri af aukaþingi að sumri komanda, og er málinu að minni meiningu eins vel borgið á þann hátt. Þrátt fyrir það, þó þetta sje mín skoðun, skal jeg gefa atkvæði mitt með frv., af því jeg vil að málið sje rætt í efri deild, og svo jeg ekki með atkv. mínu standi í vegi fyrir nefndinni, svo ábyrgð sú sje óskert, sem forgöngumenn málsins taka upp á sig gagnvart þjóðinni í meðferð málsin.

—Þá er umr. höfðu staðið til kl. 3½ e. h., frestaði forseti umræðunum til kl. 5 e. h. sama dag.

— Kl. 5 e. h. var aptur settur fundur, og haldið áfram 3. umr. um stjórnarskipunarmálið.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal ekki svara þeim mótbárum, sem hafa komið fram móti ræðu þeirri, sem jeg hjelt í morgun; jeg hef að eins talað eptir sannfæringu minni, og jeg óska, að jeg verði aldrei svo þreklaus, að jeg þori ekki að segja hana, þegar á þarf að halda. Jeg vil að eins reka af mjer ýms brixl, sem 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) kom fram með móti mjer. Hann brixlaði mjer um kotungskap og nirfilshátt, af því að jeg talaði um kostnaðinn við þetta nýja stjórnarfyrirkomulag, og tók fram, að jeg væri sparnaðarmaður hjer á þinginu. Jeg játa, að þegar um landsfje er að ræða, vil jeg vera sparnaðarmaður, af því jeg þykist þekkja svo hag almennings, að hann sje eigi fær til stórgjalda. Það er margur maður, sem á að gjalda töluvert til allra stjetta, en er þó svo fátækur, að hann veit varla, á hverju hann á að lifa, og fyrir því álít jeg, að almenningur þoli eigi aukin gjöld. Það heyrðist og á ýmsum í gær, þegar fjárlögin komu fyrir, að þeim þótti nefndin hafa verið helzt til ríf í ýmsum veitingum, þegar litið væri á ástandið í landinu og hallærið, sem yfir vofir. Ef h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) álítur, að mönnum þurfi eigi að vera hugleikið, hve mikið fje er lagt í þessa stjórnarbreyting, þá álítur hann þjóðina ríka. En ef hann er á sömu skoðun og jeg, að hún sje fátæk, þá hefir hann fyrst rjett til

að ámæla mjer fyrir mína sparnaðarhugsun, þegar það er búið að sýna sig, að þetta nýja stjórnarfyrirkomulag gerir þjóðina ríka. Hann spurði, hvort jeg þekkti nokkra landsstjórn, sem hefði tiltölulega við fólksfjölda eins mikil laun, eins og jeg taldi að verða mundi eptir þessu frv. En jeg vil aptur spyrja hann: Þekkir hann nokkurt land, þar sem goldið er tiltölulega við fólksfjöldann eins mikið til embættismanna, verzlegra og geistlegra, eins og hjer? Jeg þekki það eigi. Það leiðir beint af því, hve þjóðin er fámenn og strjálbyggt landið, að við þurfum að gjalda mikið tiltölulega. Það dugar ekki að vitna í forsetann í Sviss. Það er heiðursstaða, sem að eins ríkir menn sitja í. *(Jón Ólafsson:* Nei, ekki satt. Það er ekki rjett!). En hjer fást víst ekki margir menn til að taka að sjer landsstjórastörf í heiðursskyni. Að minnsta kosti hef jeg litla vissu fyrir því. Vera má, að hinn háttvirti þingm. álíti ekki gott að fara út í kostnaðarspurningar í þessu máli; en jeg held, að hver hyggginn prívatmaður geri sjer þó ljósa grein fyrir kostnaði og ábata, áður en hann leggur út í eitthvert fyrirtæki; eins álít jeg, að þjóð og þing eigi að gera, ef hyggilega á að vera að farið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað svo mikið og margt í þessu máli, að það virðist óþarfi að lengja umræðurnar mjög fram úr þessu. Jeg hef áður lýst skoðun minni á málinu, og er það illa farið, ef mín skoðun er rjett, að hinir aðrir nefndarmenn gátu eigi orðið mjer samdóma, eins og það á hinn bóginn er illa farið, að jeg gat ekki orðið þeim samdóma, ef þeirra skoðun er hin rjetta, því að munur er að manns liði. En það verður að taka þetta eins og það er. Þær ræður, sem haldnar hafa verið, hafa ekki sannfært mig um, að nú sje hinn rjetti tími til að koma fram með þessar breytingar, eða þær sjeu tímabærar, nje heldur að þær miði til verulegra bóta á stjórnarskrá vorri.

Um kostnaðinn skal jeg ekki mikið tala. En þegar menn halda því fram, að fá landsstjóra hjer á landi, sem er nokkurs konar ígildi konungsins, þá verða menn þó að leggja dálítið í sölurnar, því að annars er það ósamkvæmni; en hvort til þess ganga 20 eða 30 þúsundir, skal jeg ekki um segja; en það mundi þó ekki þykja mikið í öðrum löndum. Og þó h. meðmælendur þessa frv. segi, að ýmislegt fje sparist með þessu fyrirkomulagi við þau embætti, sem þá yrðu lögð niður, þá eru það tómar getgátur út í bláinn. Andmælendur þeirra hafa sýnt, hver kostnaðurinn muni verða; en hinir verða að minnsta kosti að sýna fram á, hvað spara megi, eða hver embætti megi leggja niður, og þá fyrst, er þessum breytingum verður framgengt, þá má fyrst segja, að svo eða svo mikið verði sparað við þær breytingar; annars er það ástæðulaust og út í bláinn, að segja, að kostnaðurinn verði eigi eins mikill við hina nýju tilhögun, eins og hin nýja stjórn hlýtur að hafa í för með sjer. Og enda þótt að þetta fyrirhugaða stjórnarfyrirkomulag aldrei komist á, þá hefir þessi tilraun þó talsverðan kostnað í för með sjer. Eptir minni skoðun er sú breyting, sem hjer er farið fram á, óþörf, því að það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er, er alls ekki því til fyrirstöðu, að atvinnuvegir vorir geti þrifizt. Það er engin ákvörðun í stjórnarskránni, sem bannar oss að nota þá eins og oss er hagkvæmast og oss er hentast. Og fyrir hverju eigum vjer heldur að berjast en því, að atvinnuvegir vorir sjeu og geti verið í því lagi, að vjer fáum það fje, sem vjer þurfum, að vjer fáum afl þeirra hluta, sem gera skal? Ef oss vantar fje, fáum vjer eigi ýmislegt, sem vjer æskjum og sem kostar fje; ef fjeð vantar, getum vjer eigi stofnað landsskóla, sem margir telja svo nauðsynlegan, en sem vjer höfum eigi fje til nú; og svo er um margt fleira, og þá getum vjer yfir höfuð ekkert áfram komizt. Hið fyrsta er, að efla svo atvinnuvegi vora, að vjer fáum fjármagn. Og jeg sje eigi neitt það í stjórnarskrá þeirri, sem vjer nú höfum, sem hamlar því, að vjer fáum neytt allra krapta vorra og notað

atvinnuvegi vora, eins og vjer viljum og höfum krapta og þrek til. Fjárveitingarvaldið höfum vjer svo ótakmarkað, sem vjer þurfum, og jeg veit ekki til þess, að stjórnin hafi hikað nokkru sinni, síðan vjer fengum fjárveitingarvald, við, að samþykkja þær fjárveitingar, sem þingið hefir samþykkt. Þannig eru oss frjálsir vorir atvinnuvegir, og oss frjálst að verja voru fje eins og oss bezt líkar.

Og þó nú þessi innlenda stjórn fáist, hafa menn þá nokkra sönnun fyrir því, að þessi landsstjóri verði fúsari að samþykkja lög vor en konungur nú? *(J. S.:* Já). Nei; það er verið að berja þetta blákalt fram, að landsstjórinn verði frjálslyndari en ráðgjafinn nú. Það er ekki svo mikið um, að víst sje, að hann yrði Íslendingur, og þó svo væri, þá sannar það alls ekkert. Ólafur Rögnvaldsson og Gottskálkarnir og Staða-Árni voru ekki útlendingar, nei, þeir voru innlendir höfðingjar, og búsettir hjer á landi; í þeirra höndum voru mikil ráð innlendra mála, og er þó eigi mikið lof kveðið um frjálslyndi þeirra. Að segja, að allt sje fengið með því, að stjórnin komi hingað í Rvík, það er svo fráleitt, að engu tali tekur. *(J. S.:* Svo?). Já; jeg vona, að h. þm. S.-Þing. (J. S.) verði að játa með mjer, að það er full ástæða til að efast um það. Menn verða þó að gæta þess, að stjórnin hefir komið til móts við þingið í mörgum málum, svo sem nú síðast í bankamálinu. Og það er ekki svo að sjá, sem stjórnin vilji beita við oss neinu ofbeldi eða ráðríki, þegar hún sjer, að vjer viljum það, sem rjett er, og oss er að sönnum notum; og þótt hún hafi eigi samþykkt ýms þau lög, sem alþingi hefir búið til, kemur það eigi af neinu ófrjálslyndi, heldur af því, að stórgallar hafa verið á lögunum. Það er ekkert oflof á stjórnina, þótt jeg segi, að hún vilji láta oss fá þær rjettarbætur, sem hún sjer, að oss eru hagkvæmar og samrýmzt geta við önnur lagaákvæði. Og sum af þeim lögum, sem frá oss fara, eru svo úr garði gerð, að engin vanþörf hefir verið á, að íhuga þau betur, en þingið hefir gert, og ekki er ávallt mikill skaði, þótt þau hafi fengið að bíða eitt ár eptir staðfestingu. Það er því opt og tíðum ekki full ástæða til að kasta eins þungum steini á stjórnina og gert er, og engin vissa er fyrir því, að þessi fyrirhugaða innlenda stjórn verði frjálslyndari en sú stjórn sem nú er, og þessi landsstjóri og ráðgjafar hans verði fúsari til að veita oss samþykki sitt til laganna eða annara óska vorra, en konungur vor nú og ráðgjafi Íslands mála. *(B. Sv.:* Jú). Það er ávallt hægt að segja »jú« út í bláinn; það eru allt saman getgátur út í ókomna tímann. Það hefir ekki við neinar sannanir að styðjast. Ef þjóðarviljinn, sem menn eru að stagast á, væri svo ríkur, sem sagt er, þá væri sannarlega rjett, að taka hann til greina. Það er verið að ota fram þessum þjóðarvilja; en jeg held, eins og tekið hefir verið fram hjer í salnum, jeg held, að hann sje ekki eins ríkur, hvorki í þessu máli nje ýmsum öðrum, eins og h. framsögumaður og h. þm. S.-Þing. (J. S.) vilja láta hann vera. En þá er menn vilja beita þjóðviljanum til styrkingar máli sínu, þá verða þeir og að vita með fullri vissu, að það sje þjóðarvilji, sem þeir berjast fyrir. Af því h. þm. S.-Þing. (J. S.) nefndi Joh. Sverdrup, þá skal jeg geta þess, að það hefir verið um hann sagt, að hann hafi opt verið fyrirliði án hers, flokksforingi án allra fylgismanna. Þetta hefir vinur hans, háskólakennari Ullmann sagt um hann. Hann hefir ekki fylgt þjóðviljanum fastara en svo, að þegar stúdentar ætluðu að sýna gömlum manni frá Eidsvold sóma með blysför, þá fjekk Johan Sverdrup ekki að vera með. Til þess það geti heitið þjóðvilji, verður hann að ganga í gegn um þjóðina sem ljós hugsun og fastur vilji, en ekki vera svo hvikur, að hann sje sitt á hverri stundinni. Hann má ekki vera svo hvikull, að komi ein blaðagrein út í dag, þá sjeu allir með, en komi svo önnur á morgun í aðra stefnu, þá sjeu líka allir með henni. Þetta er enginn sannur þjóðvilji. Það gæti farið svo, að þingmenn sumir vildu síðar óska, að þeir hefði ekki beitt svo miklu kappi með þessu máli, og þjóðviljinn verði

allt annar, en þeir telja hann nú. Þjóðviljinn gæti sýnt sig, ef til vill, á allt annan hátt, en menn nú hyggja, og það gæti, ef til vill, átt við, sem Jónas Hallgrímsson kvað: »og lízt það sje, löglegt verk, þó að fjórtán manns þjóðina mína hneppi í hlje». Hjer getur verið á sama hátt; þótt fáeinir menn þykist vera með þjóðviljanum, þá ganga þeir, ef til vill, þvert á móti honum, þegar til reyndarinnar kemur.

Það hefir talsvert verið talað um skiptinguna á valdinu milli konungs og landsstjórans. Jeg get ekki skilið, hvers vegna h. framsögumaður (B. Sv.) er að koma með það, að valdið sje í rauninni hjá konungi, og að konungur fái landsstjóranum valdið til að hafa á hendi í sínu umboði. Þegar valdið er einmitt með lögum tekið frá konungi, er það hið sama sem að konungi sje frjálst að afsala sjer valdi sínu til annars, þannig, að sá hafi valdið í hans umboði? Nei, það er ekki konungur, sem eptir þessu frv. afsalar sjer sínu valdi; nei, það er þessi fyrirhugaða stjórnarskrá, sem gerir það. Konungurinn hefir ekki svo mikið vald, að hann megi afsala sjer sínu valdi; það er stjórnarskráin, sem gerir það, og þess vegna eru þessi orð »í umboði konungs» öldungis þýðingarlaus. Það er merkilegt, að h. framsögum. (B. Sv.) og aðrir fleiri eru allt af að vitna í frv. þingsins 1873, og eru svo djarfir, að láta sjer það um munn fara, að þar sje öldungis eins ákveðið, og það eigi við sama grundvöll að styðjast. Í frv. frá 1873 er tekið til, að konungur má gefa jarlinum umboð til að skrifa undir í sinn stað; en hjer í þessu frv. er það konungur, sem skal gefa þetta umboð; hjer er honum skipað það. Það er þessi stóri munur, sem er á þessum 2 frv. Þess vegna fer jeg nærri því að efast um, að það sje einlægur vilji h. þingm., að fylgja sannleikanum, því að þeir eru svo skynsamir menn, að þeir hljóta að sjá þennan mikla mismun; *(S. J.:* því?); af því hann er svo ljós.

Það er líka annað atriði. Liggur svo fjarskalega á, að vera að keppast við þetta núna, þegar sú stjórn, sem nú er, hefir lýst því yfir, að hún geti engum breytingum tekið? Og þótt menn segi, að skipzt geti um, áður en þetta er komið í kring, þá er það tómur spádómur. Á þingdeildin víst, að það verði mikil breyting? Og enda þótt breyting yrði, hvar hafa þeir þá vissu fyrir því, að þótt andstæðingar stjórnarinnar nú í Danmörku komist að, að þeir þá verði sömu skoðunar og h. þingd. nú? Nei, langt frá; það eru svo mýmörg dæmi þess, að þeir, sem mest hafa rifið niður aðgjörðir einhverrar stjórnar, hafi einmitt sjálfir fetað í hennar fótspor, þegar þeir hafa komizt í völdin. Jeg skal nefna til Gladstone, sem var þess valdandi, að Beaconsfield jarl varð að fara frá stjórninni á Englandi út af egipzka málinu. En hvað gerir Gladstone svo? Hann og hin nýja stjórn heldur hjer um bil í sama farið. Og það er ógnarlega skiljanlegt, því að breytingarnar eru ekki svo lausar fyrir. Þegar einhver rekspölur er kominn á, er ekki ávallt svo hægt að breyta, enda gefur það að skilja, að meðan þeir standa fyrir utan, eru þeir eigi svo gagnkunnugir öllum málavöxtum, að þeir þekki allar tálmanirnar fyrir breytingunum. Reynslan sýnir, að opt fer svo, að þeir, sem mestir andstæðingar stjórnarinnar hafa verið, halda í sama horfið, sem þeirra fyrirrennarar, þegar þeir sjálfir komast í völdin. Og enda þótt þeir komist nú að í Danmörku, sem eru andstæðir stjórninni þar, hve lengi sitja þeir þá að völdum? Þótt þeir kynnu að komast að næsta vetur, á þá þingd. víst, að þeir sitji lengur en árið að völdunum? Og er þessi breyting á stjórnarskránni svo bráðnauðsynleg, að nokkur hætta sje að bíða með hana ein 2 ár, til að sjá, hverju fram vindur í Danmörku, og hver breyting verður þar á stjórninni? Og ef vjer þá sjáum, að nýir menn eru komnir að völdum, og þykjumst hafa vissa von til þess, að þeir vilji láta að vorum vilja, þá er sá rjetti og hentugi tími kominn. En sem sagt, þegar nú svona stendur á, get jeg ekki sjeð,

að nú sje rjettur tími til, að reyna að fá stjórnarskránni breytt, nje heldur að það sje veruleg bót að þessum breytingum, sem hjer er farið fram á. Og þess vegna skil jeg ekki, hvers vegna menn vilja berja þetta fram nú, þegar stjórnin hefir lýst því yfir, að hún geti engum breytingum tekið, og hún álíti engar breytingar nauðsynlegar. Hið eina, sem oss er sannarlega nauðsynlegt, og sem vjer höfum fyllstan rjett til að fá, er það, að fá að vinna saman við ráðgjafann sjálfan; en hitt stendur á minnstu, hvort hann býr í Reykjavík eða í Danmörku. Það er oss nauðsynlegt, að fá hann sjálfan til að semja við hann hjer á þinginu, því að hann getur ekki gefið neinum manni fullnaðarumboð fyrir sína hönd í öllum greinum og öllum atvikum; því að hann getur eigi vitað, hverjar uppástungur þingið kann að gera. Það er þess vegna eðlilegast, að vjer höldum þessu atriði fram, því að umboðsmaður ráðgjafans getur ekki með vissu sagt, hvernig ráðgjafinn mundi taka hverju einu, sem fyrir kemur; því að »enginn er öðrum sjálfur». H. framsögum. (B. Sv.) sagðist eiga það víst, að fá þessu framgengt; það er gott fyrir hann; en jeg þvæ mínar hendur, og segist ekki hafa hopað. Það var haft eptir Jóni heitnum Sigurðssyni: Höldum áfram, meðan rjett horfir. Það vil jeg líka, og á meðan haldið er í rjettu horfi, þá er jeg með, en þegar komið er út í þessa skekkju, þá get jeg eigi fylgzt með, og vil eigi fylgjast með. Og það er jeg viss um, að hefði Jón Sigurðsson verið nú á þingi, mundi hann ekki hafa farið niður úr forsetasætinu til þess, að verja þetta stjórnarskrárfrv.

Jón Sigurðsson: Jeg þarf ekki að svara h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) mörgu, því allt það sama, sem hann tók fram í þessari ari ræðu sinni, sagði hann áður við 2. umræðu málsins, og jeg hef mörgum sinnum heyrt hann taka fram hið sama í nefndinni. Mjer dettur ekki í hug að fara nú að reyna til að sannfæra þingmanninn (H. Kr. Fr.: Það er ekki til neins), því að það er margreynt, að sá maður lætur ekki sannfærast; en þar sem mjer skildist eins og hann beina því að oss nefndarmönnum, að vjer værum börn, eða að minnsta kosti fórust honum þannig orð, að þetta frumvarp okkar, sem hjer liggur fyrir væri tómur barnaskapur, — þá get jeg ekki kunnað því vel, því að við nefndarmenn þykjumst allir vera komnir af barnsaldri. Mjer datt í hug, hvort það mundi eigi öllu heldur vera, að þingm. Reykvíkinga væri sjálfur farinn að ganga í barndómi; því það er sagt, að tvisvar verði gamall maður barn, og hann mun vera elztur manna í nefndinni, ef ekki elztur manna hjer í deildinni. Jeg held virkilega, að hann sje farinn að ganga í barndómi; því jeg get ekki rjettlætt öðruvísi fráhvarf hans frá skoðunum þeim, er hann hafði 1873, og sem lesið var upp hjer í deildinni um daginn. Jeg vil ekki fara að rifja þetta upp aptur, því jeg er viss um, að þingmaðurinn man eins vel og jeg, hverrar meiningar hann var 1873 um stjórnarskipun Íslands, þótt honum hafi ekki tekizt sem heppilegast að rjettlæta þau meiningaskipti, er hann hefir tekið síðan.

Það er að eins fátt, sem jeg skal svara h. þm. S.-Múl. (Tr. G.); því eptir þá yfirlýsing, sem hann gerði, að hann mundi greiða atkvæði með málinu, get jeg fyrirgefið honum allar hans syndir; því þó honum kunni að þykja eitthvað að frumvarpinu, getur það staðið til umbóta síðar meir. Aðalatriðið er, að hann sje með málinu í heild sinni. En þar sem hann fór enn á ný að fást um hvikulleik hjá þjóðinni og einstökum mönnum í þessu máli, og fór enn á ný að lesa upp kafla úr þessari nafnfrægu grein minni í norðlenzka blaðinu Fróða, þá skal jeg taka það upp aptur, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls, ef hann hefir ekki skilið það þá, að tillaga mín um að fá sjerstakan ráðgjafa, sem sæti í Kaupmannahöfn, var beinlínis bundin því skilyrði, að neitunarvald konungs væri takmarkað á líkan hátt og hjá Norðmönnum. Þetta sama tók jeg opt fram í nefndinni, og jeg vona að h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) geti borið vitni um það, að jeg enda gerði fyrir mitt leyti kost á, að ganga inn á slíkt

stjórnarfyrirkomulag, ef þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) gæti ábyrgzt mjer, að vjer fengjum því framgengt, að neitunarvald konungs væri jafnframt takmarkað. Jeg get því ekki kannast við nein hvikulleik hjá mjer í þessu máli. H. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) eru allt af að tala um, að þetta sje ekki þjóðarvilji. Hvernig á þjóðviljinn að koma fram? Getur h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) fremur sagt, að þetta sje ekki þjóðvilji, en við 6 nefndarmenn um, að þetta sje þjóðvilji. Við, sem erum sinn af hverju landshorni, ættum þó líklega að geta vitað eins vel um, hvað er þjóðvilji, eins og hann, sem situr suður í Kaupmannahöfn mestan tíma ársins; og þótt hann kunni að eiga tal við ýmsa menn ofan úr sveitum á ferðum sínum kring um landið — máske helzt vinnumenn og hreppakerlingar, — jeg skal engan veginn rengja að hann tali við þær um pólitík sína í þingmálum — þá verð jeg að ætla, að eigi megi taka meira mark á því, sem hann þannig snapar sjer út, en þeim tillögum og áliti beztu og skynsömustu manna landsins, sem þingmaðurinn hefir átt kost á að kynna sjer hjer á þinginu. Það er satt, að almenningsálitið hefir ekki komið fram í þeirri mynd, að hver hreppakerling eða hreppastrákur hafi látið álit sitt í ljós um það, hvernig stjórnarskipun landsins eigi að vera háttað. En þegar hinir helztu og skynsömustu menn í hverju hjeraði lýsa yfir skoðun sinni á málinu, þá verður naumast annað sagt, en að þjóðviljinn eða almenningsálitið komi hjer fram í sinni rjettu mynd. Það er auðvitað, að til kunna að vera þeir, sem hafa aðra skoðun, og margir hafi enga skoðun í þessu tilliti; því það mun ávallt vera svo í hverju landi sem er, að máske meiri hluti landsmanna, hugsar alls ekkert um pólitík, og það mun brenna við í flestum löndum; og mun það þá eigi vera svo, að álit og tillögur hinna helztu og beztu manna sje tekið sem almennur þjóðarvilji og almenningsálit, hvort sem það nú kemur fram í blöðum og ritum eða á mannfundum? Svona mun vera litið á almenningsálitið í pólitiskum málum í öllum þeim löndum, þar sem þjóðfrelsi og þingræði hefir náð nokkrum viðgangi, og eins verður að gera hjer. Fyrir þinginu liggja nægar sannanir þess, að almenningsálitið hefir komið hjer fram á eðlilegan hátt, og gengið í sömu stefnu og nefndin hefir farið.

Jón Jónsson: Það hafa ýmsir orðið til þess að rífa þetta frv. niður, og þar á meðal hafa h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og hæstv. landshöfðingi sagt, að það gengi miklu lengra en nokkurt annað frv., sem fram hefði komið í þessu máli, í þá, átt að rýra vald konungs hjer á landi. Jeg verð að segja, að þetta frv. er byggt á alveg sama grundvelli eins og frv. frá 1873, *(H. Kr. Fr.:* Nei). Þm. Rvk. getur lengi neitað slíku; en hann getur ekki sannað það, sem hann ber fram, og það stendur óhrakið enn, að þetta frv. er í öllum aðalatriðum sniðið eptir hinu. Menn hafa talað mikið um það, að skoðanir manna í þessu máli væru á reiki og hjer mundi enginn þjóðvilji vera með málinu, heldur væri það barið fram af einstökum mönnum. Það er leiðinlegt, að heyra þessar sömu raddir um almenningsálitið hjer á landi, sem komu fram á dögum Jóns sál. Sigurðssonar frá mótstöðumönnum hans, koma nú hjer fram einmitt frá fylgismönnum hans, svo sem h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.). Þetta er jeg sannfærður um, að skynberandi mönnum út um landið þykir eitthvað óviðkunnanlegt. Þjóðin hefir líka ávallt haft fasta stefnu í þessu máli; hún hefir ávallt viljað fá innlenda stjórn; en um það, hvernig ætti að koma þessari stjórn fyrir, geta verið ýmsar skoðanir. Hvað var nú eðlilegra fyrir oss en að sníða frv. vort sem mest eptir frv. því, sem vor frægi þjóðhöfðingi Jón Sigurðsson hjelt fram? Menn hafa talað um þunga ábyrgð, sem forvígismenn þessa máls vildu taka upp á sig. Það er víst, að hún getur verið þung; en ef vjer erum fulltrúar þjóðarinnar, þá eigum vjer að fylgja því fram, sem vjer álítum rjettast, hvort sem það bakar oss meiri ábyrgð eða minni. Þjóðin hefir skýlaust lýst yfir þeim vilja sínum, að draga sem

mest stjórn sína inn í landið, og fá að skipa málum sínum sem mest sjálf. Þetta kom fram á Þingvallafundinum í vor, og þar gengu menn jafnvel lengra en vjer í ýmsum atriðum. Það hefir verið talað um kostnað við aukaþing; en jeg get ekki horft í þann kostnað, ef stjórnarskrárbreytingin yrði þá samþykkt. Þá hafa menn lagt óttalega áherzlu á kostnaðinn við hina nýju landsstjórn. Jeg get heldur ekki hræðzt hann, og jeg get sannarlega ekki láð þeim mönnum, sem segja að þeir geti ekki vegið frelsi á móti peningum. Jeg átti bágt með að skilja, hvernig h. þm. G.-K. (Þ. Bj.) gat gert það, þar sem hann þó hefir skrifað sögu landsins og rakið hinn blóðuga hörmungarferil þjóðar vorrar, þegar hún var »kúguð og hrakin og svipt öllum sóma«. Hvað kostnaðinn að öðru leyti snertir, þá hefir h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sýnt fram á, að hann muni ekki verða voðalegur, og jeg treysti svo föðurlandsást og drengskap mótmælendanna, að jeg er viss um, að ef h. 1. þm. Eyf. (A. Ó. eða 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) yrðu t. d. kvaddir til þess að standa fyrir fjármálum eða kirkju- og kennslumálum, sem ráðgjafar, þá mundu þeir ekki fara að krefjast þess, að setjast á bekk með þeim hálaunuðu.

Friðrik Stefánsson: Jeg sagði það við 2. umr. málsins, að jeg mundi fylgja þessu máli fram óhikað, og það geri jeg enn, jafnvel þó sú stjórnarskrá liggi ekki fyrir nú, sem jeg hefði helzt kosið landsins vegna; líka tek jeg það fram, að jeg álít, að allvel hefði mátt fara, að hafa ráðgjafa, sem hefði setið á alþingi og haft fulla ábyrgð fyrir því, og konungurinn hefði að eins haft frestandi neitunarvald, sem mjög mikil ástæða virðist vera til, vegna fjarstöðu Íslands frá konunginum; en þetta liggur heldur ekki fyrir; svo þá er að snúast að þeirri stjórnarskrárbreytingu, sem hjer liggur fyrir. Það er vitaskuld, að breytingin á stjórninni og embættunum í landinu verður mikil, svo þar af hlýtur að leiða þó nokkurn kostnað, einkum fyrst í stað; en hvað er að tala um nokkrar krónur á móti frelsi, þó við sjeum fátæk þjóð? Því þegar það er fengið, getur þjóðin breytt öllu á þann hátt, sem bezt hagar, og stjórn landsins þarf sízt að kosta meira en nú, og verður líka framkvæmdarmeiri; jeg hef talað við marga bændur, sem hafa sagzt vilja kosta nokkru til, ef vjer fengjum frjálsa og innlenda stjórn, sem vjer gætum samið við, og sem gæti samið við oss. Vjer viljum ekki hafa útlenda stjórn, sem ekki þekkir, hvað landinu er fyrir beztu. H. varaforseti (Tr. G.) sagðist ekki vita, hver þjóðarviljinn væri í þessu efni, og það er ósköp náttúrlegt; hann þarf svo mikið að hugsa um Gránufjelagið, hann, sem er lestreki þess milli Danmerkur og Íslands. En það eru margir og það einmitt helzt merkir bændur, sem eru mjög óánægðir með þá stjórnarskrá, sem vjer nú höfum; því nú er ráðgjafinn farinn að láta oss finna til gallanna á henni. Hefði hjer verið farið fram á íslenzkan ráðgjafa með ábyrgð og frestandi neitunarvaldi, eins og jeg hef áður tekið fram, þá skyldi jeg hafa gert mig vel ánægðan með það. »Þið getið ekki fengið þetta; ykkur vantar fje til þess«, segir nú máske stjórnin. Jeg er nú samt ekki á því, að svo sje, því bæði hljóta mörg hin æðstu embætti sem nú eru, að leggjast niður, og svo eigum við ekki að elta eða stæla útlendra þjóða venju í tilliti til hæstu launa, heldur hljóta þau að vera sniðin eptir ástæðum vorum og landsháttum. Hæstv. landshöfðingi sagði, að fáa, og þá líklega ekki h. þm. N.-Múl. (B. Sv.) mundi langa eptir Sturlunga-öldinni. En jeg þoli það ekki vegna forfeðra vorra á 13. öldinni, að skuggahliðin ein sje skoðuð á sögu Íslands á þeim tíma, en að sleppt sje alveg hinni fögru, frjálsu og björtu hliðinni, sem þjóðveldi þeirra óneitanlega hafði. Höfðingjar og bændur á Íslandi vóru mjög tregir til að láta yfirráðin ganga út úr landinu, þegar þeir sömdu við Norvegskonung. Og að hverju leyti eru forfeður vorir á 13. öld sekari fyrir innanlandsófrið sinn en nágrannar þeirra um þær mundir? Skoðum Svía, sem frá árinu 1060 til 1250 áttu opt í innanlandsófriði út af ríkiserfðum o. fl.; skoðum Dani frá 1241 til 1340; skoðum

Norðmenn, sem frá 1130 til 1240 áttu í hinum mesta innanlandsófriði. Nú er það viðurkennt, að menn sjeu almennt meira og minna börn þess tíma, sem þeir lifa á, og það eina verður sagt um innanlandsófrið Íslendinga á Sturlungaöldinni, að þeir áttu þar í sammerkt við nágrannaþjóðir sínar á þeim tímum, eins og jeg hef áður tekið fram. Og þeir sem ekki vilja nú fá stjórnina inn í landið, ættu allrasízt að hallmæla forfeðrum vorum á 13. öldinni mjög, því þeir hefðu víst ekki gengið þeim í spor með að halda eins lengi í sjálfsforræði landsins, eins og Íslendingar þó gerðu á 13. öld, undir þeim kringumstæðum, sem þá vóru. Það lítur annars helzt út fyrir, að sumir hjer í salnum hafi ekki mikinn áhuga á stjórnfrelsi landsins. Sumir líta svo á þetta mál, að við hljótum að ganga út í stjórnardeilustríð, ef við förum fram á þetta. Mjer finnst eiginlega ekki vera um það að tala. Við búumst við að stjórnin vilji oss vel, og þá fáum við stjórnbreytinguna fram án stríðs, og þótt þessi breyting á stjórnarfyrirkomulaginu kosti oss nokkurt fje, meðan hún er að komast á, þá hygg jeg, að stjórnin veigri sjer við að neita oss um það, og láta þannig allt ríkið, Ísland sem Danmörk, vera óánægt með sig og sína stjórn. Því slík óánægja, sem nú er í Danmörk, getur orðið hættuleg fyrir ríkið, þar sem um jafn ríka nágranna er að ræða sem þjóðverjar eru, og sem þá líka eru reyndir að því, að vera mjög ágjarnir til fjár og landa. Nú búast víst margir við, að bráðum verði stjórnarskipti í Danmörku; og fari svo, vænti jeg Íslandi alls góðs af vinstrimönnum, sem þá komast að, og ríkinu í heild sinni; því stjórnarstefna hægrimanna í Danmörku og þráhaldi þeirra var það að kenna, að Austurríkismenn og Prússar tóku Sljesvík, Holstein og Lauenborg af Dönum árið 1864, sem þannig misstu $\frac{2}{5}$ hluta ríkisins.

Eiríkur Kúld: Jeg hef nú ekki talað fyr í þessu máli í dag, en hlustað með athygli í ræður manna með og mót. Þegar um frelsi er að ræða, þá eru hugmyndir manna opt ýmist of háar eða of lágar. Það er á sinn máta eins þegar menn líta til frelsisins, eins og þegar menn líta upp til sólarinnar. Hún er ekki allt af í heiði; hún er stundum í hjálmaböndum. Þá segir máltækið: »sjaldan er gýll fyrir góðu nema úlfur á eptir fari« — mjer virðist að hjer sje eins hjá sumum sem gýllinn fari á undan og beri hjer fána á hárri stöng, þrílitan fána, með »þremur fálkum og einum dannebrogskrossi«. Og jeg held, að úlfurinn renni hjer líka á eptir. Það eru einmitt skoðanir þeirra, sem skoða nákvæmlega hinn óumflýjanlega kostnað. Það hefir verið sagt: Það sem dýrmætt er vil jeg dýrt kaupa; og jeg vil í sannleika ekki vega frelsið á nokkra peningavog. En hvernig er svo þessu frelsi varið? Og eru nokkrar líkur til, að það fáist? Getur verið. En ef menn svo aðgæta ástæður þessa lands nú sem stendur, fiskileysi, harðæri, og hinar ótölulegu fjárbænir, sem komið hafa til þessa þings, og sem sumar víst fá bænheyrslu, og ef svo þar ofan á bætist 20,000 kr. kostnaður við aukaþing að sumri, skyldi þá ekki þessi margumtalaði þjóðvilji, sem menn segja að heimili nú þegar breytingu á stjórnarskránni, fara að líta í gaupnir sjer og segja sem svo: «Þetta datt mjer sízt í hug. Öllum þessum undrakostnaði bjóst jeg ekki við«. Þó má álíta hjer um bil ljóst, að það sje einhver áhugi á einhverri breyting uá stjórnarskránni. En hvort það er þessi breyting, — eins og nefndin stingur upp á og fylgir svo fast fram, það er jeg öldungis ekki viss um. Líklega hefðu menn, þar sem jeg þekki til út um landið, ekki viljað ganga lengra en frv. 1873; en því er nú ver, að þetta frv. gengur talsvert lengra. En þótt nefndin segi, að menn eigi sjálfsagt að fylgja þjóðviljanum, — það er að vísu satt; en hversu lengi er hann bindandi fyrir mann? Meðan hann kemur saman við sannfæringu manns sjálfs og meðan maður sjer nokkurn mögulegleika til að fá honum framgengt. Ultra posse nemo obligatur. Þá er nú þessi yfirlýsing frá stjórnarinnar hálfu, sem svo mikið hefir verið talað um. En jeg verð að lýsa því yfir, að hún hræðir mig ekki svo mikið. Jeg hef nefnilega skil-

ið hana svo, sem að stjórnin sjái sjer ekki fært nú að ganga inn á nokkrar breytingar á stjórnarskránni; en hún hefir ekki sagt að hún vildi aldrei ganga að neinum breytingum á henni. Þrátt fyrir það þótt þm. G.-K. (Þ. Bj.) hafi fengið átölur viðvíkjandi kostnaðarreikningi sínum, þá hræðir það mig ekki frá að segja, að jeg líka eins og nú stendur hræðist kostnaðinn einmitt mikið. Jeg vil halda málinu í horfinu, en ekki útkljá það á þessu þingi, heldur fresta því til næsta þings, með því það heldur ekki er svo vel úr garði gert, að nefndin sjálf geti gert sig ánægða með það; það sjest bezt á því, að fyrst kemur fram frv.; síðan því aptur mikið frábreytt nefndarfrumv.; og svo álnarlangur breytingarlisti frá nefndinni sjálfri eða meiri hluta hennar. En þó jeg telji þetta allmikla vöntun á, að málið sje nú vel undirbúið frá þessu þingi, vil jeg samt samþykkja málið við þessa umræðu til þess, að h. Ed. fái tækifæri til að fjalla um það líka, því umræðurnar hjer á þingi geta einmitt orðið bending fyrir stjórnina í þá átt, að oss líki ekki við vora stjórnarskrá; og ekki er ólíklegt, að stjórnin þá taki það til greina, sem komið hefir fram í umræðunum og hið fyrsta verða má leggi frv. til stjórnarskrárlaga fyrir þingið. Að öðru leyti vil jeg, eins og minni hlutinn fer fram á, nú þegar senda konungi ávarp, og biðja hann um að skipa sjerstakan ráðgjafa fyrir Ísland.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg held jeg verði þó að svara h. þm. Rvk. (H. K. F.) nokkrum orðum, enda þótt jeg hefði helzt viljað geta leitt það alveg hjá mjer, með því að flest af því, sem hann sagði, er marghrakið áður, en allir vita, hve árangurslaust það er, að vilja sannfæra h. þm. Hann vildi þá fyrst draga það í efa, að landfógetinn, landshöfðinginn og landritarinn yrðu afnumdir sem slíkir embættismenn, og spurði um, hvað ætti að gera af þeim. Því svara jeg svo, að jeg vildi helzt ímynda mjer, að jeg og h. þm. gætum þó orðið samdóma um það, að minnsta kosti, að þessir menn mundu verða álitnir vel færir til að ganga í hina nýju stjórn. Hann gat þess líka, að engin vissa væri fyrir því, að gagn mundi verða að þessu fyrirkomulagi. Hjer meinar þm. sjálfsagt sögulega vissu, og er það auðvitað, að hún getur aldrei fengizt um nokkurn óorðinn hlut, eins og t. a. m. ekki um það, að h. þm. verði lifandi, eða með öllum mjalla til að dæma um nytsemi þessa fyrirkomulags, þegar það er komið á. Nei! Um það er eigi hægt að dæma fyrir fram á þenna hátt; það er eigi unnt að dæma um hið fyrirhugaða stjórnarfyrirkomulag frá »empiriskri« hlið, fyrri en það er komið á og reyndin sýnir ávexti þess; en jeg verð eigi að síður að ætla, að nefndin sje betri og fullkomnari spámaður en h. þm., því hún byggir spádóminn á því, að það verði, sem hlýtur að verða, og þessa vissu taka allir gilda, sem kunna að hugsa og álykta eptir skynsemislögmáli, hvað sem þm. Reykvíkinga líður. Þá sagði h. þm., að stjórnarskráin gæfi Íslendingum fullt færi á, að efla atvinnuvegi vora. Þó þetta væri nú rjetthermi, þá er nú slíkt fyrst og fremst mjög lítilfjörlegur kostur, og, frá vissu sjónarmiði skoðað, þarf jafnvel alls enga stjórnarskrá til þess. Í stjórnarskrá liggur annað og miklu meira; jeg gat satt að segja eigi hugsað mjer, að h. þm. legði eigi meiri meiningu en þessa í þá stjórnarskrá, sem hann vildi gera sig ánægðan með fyrir Ísland; en satt er það: þm. getur ekki þanið þýðingu hinnar núgildandi stjórnarskrá út fyrir verksvæði atvinnuveganna og almennra borgaralegra rjettinda, og inniheldur þannig setning þm. óyggjandi játningu um það, sem nefndin hlaut að hafa byggt á breytingu sína. Því jeg get frætt þm. á því, að stjórnarskrá Íslands verður jafnhliða hinu að viðurkenna Íslendinga sem sjerstaka þjóð, með fullkominni stjórnlagalegri (pólitísk) sjálfstjórn, í öllum sjerstaklegum landsmálum, frá neðsta stigi til hins efsta; en á þessu, sem öll þjóðleg framför vor Íslendinga er undir komin, gefur stjórnarskrá sú, sem nú er, oss Íslendingum engan kost, og meira að segja: þó maður vildi halda sjer við atvinnuvegina eina, þá hefir

einu hinu helzta velferðarmáli voru, fiskiveiðalögunum, ekki reitt svo vel af hingað til, að þingmaðurinn eða nokkur annar geti sagt, að stjórnarskráin gefi oss næga trygging fyrir því, að vjer einu sinni getum óáreittir af öðrum þjóðum fært oss í nyt atvinnuvegi vora. Þingmaðurinn hjelt, að öll mein væru bætt, ef einhver ráðgjafi fengist, sem mætti hjer á þinginu. Hvernig getur h. þm. farið að tala svona? Heldur hann, að það sje nóg, að ráðgjafi Íslands sæti hjer á meðal vor í salnum? mundi hann hafa nokkra stjórnlagaábyrgð fyrir alþingi einungis fyrir þá sök? og sjer virkilega h. þm. ekki, hve erfitt og ómögulegt það er fyrir mann, sem situr suður í Danmörku, að þekkja landsmál vor og landsþarfir, og hve ómetanlega miklum mun þetta er auðveldara fyrir þann mann, er hefir aðsetur sitt hjer á landi? Sá sem ekki sjer þetta, hann sjer ekkert. Þingmaðurinn talaði enn fremur um, að frumvarp nefndarinnar mundi eigi vera byggt á þjóðviljanum á Íslandi; en þessari mótbáru hefir svo opt verið svarað, að mjer finnst varla þörf á að eyða frekar orðum að henni. En gert get jeg þm. það til geðs, að rifja það upp fyrir honum. En taki hann þá eptir: alþingið er einmitt þjóðviljinn á Íslandi. Það er lögheimilaður þjóðvilji Íslendinga, og því sterkari, sem meiri hlutinn með frv. nefndarinnar er stærri, og má það því vera sönn huggun fyrir þingmanninn, eins og hann talar, að hann getur auðvitað rýrt meiri hlutann, og um leið þjóðviljann í þessum skilningi, með því að vera móti honum í atkvæðagreiðslu sinni, með því að kveða nei við landsrjettindum og sjálfstjórn þjóðar sinnar. En gæti þm. þó að því, að einmitt atkvæði þingmanna í máli þessu eptir nokkrar mínútur sýnir, hver þjóðarviljinn á Íslandi er. Að það sje þjóðarvilji á Íslandi, að þessi breyting, sem nefndin fer fram á, að verði á stjórnarskránni, sannar enn fremur að jeg vona fyrir öllum hinum menntaða heimi, allri víðri veröldu, að næstum öll kjördæmi landsins hafa, í því bágbornasta ástandi, sem nokkur man og sem sögur fara af, sent fulltrúa sína til Þingvallafundar á undan alþingi, til að ræða þetta mál; og í þriðja lagi lýsa ávörpin bæði frá þessum fundi og úr hjeruðum landsins, sem legið hafa á lestrarsalnum, því bezt, hver þjóðarviljinn sje, og að hann er alveg samhljóða nefndarfrumvarpinu. Í þeim öllum er skorað á alþingi, að endurskoða stjórnarskrána, og að sá starfi þess sitji í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum málum eða jafnhliða fjárlögunum. Af því að h. þm. Reykvíkinga og nokkrir aðrir hafa einlægt verið að rengja þjóðarviljann í þessu tilliti, þá hefi jeg orðið an telja upp þessar sannanir, og sjeu þessar sannanir nægar, sem jeg ætla að enginn geti vefengt, þá er þessi þjóðarvilji í mínum augum sannarlega eigi það, sem fulltrúum þjóðarinnar sæmir að skopast að; að því vona jeg að h. þm. verði. En vel á minnzt. Látum hið nýkosna alþingi að ári, ef nefndarfrv. verður samþykkt á þessu þingi, skera úr, hver þjóðarviljinn sje á Íslandi! Látum þjóðina enn á ný skera úr því með atkvæðagreiðslu utan þings og innan, hver hennar vilji sje; það er nauðsynlegt og æskilegt fyrir stjórnina líka, að vita, hvort sá þjóðarvilji, sem nefndin heldur fram í þessu máli, sje sannur og innrættur þjóðinni, eða ekki, og því mættu sinnar hennar, sem draga áhuga þjóðarinnar í efa, verða fegnir nýjum alþingiskosningum, eigi síður en vjer hinir.

H. þm. var enn fremur að klifa á því, stagast á því, sem svo opt hefir verið stagazt á, að frv. þetta dragi valdið úr höndum konungs, og gangi miklu lengra í því efni en frv. alþingis 1873; en jeg tek það enn fram, að það mismunar eigi hársbreidd frá því frumvarpi í þessu efni, og get sýnt og sannað hinum háttvirta þingmanni það með því, að bera saman grein fyrir grein. Í frv. 1873 hljóðar 7. gr. svo: »Konungur hefir æðsta vald á Íslandi með þeim einum takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari«. Til þessarar greinar svarar 3. gr. í frv. nú: »Konungur hefir hið

æðsta vald yfir öllum sjerstaklegum málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landsstjóra, sem hefir aðsetur sitt í landinu, framkvæma það«. 9. gr. frv. 1873 hljóðar svo: »Konungur skipar jarl á Íslandi. Hann hefir í umboði konungs hið æðsta vald á hendi, sem fyrir er mælt í stjórnarskrá þessari og konungur að öðru leyti gjör ákveður«. Þessi gr. svarar til 6. gr. frv. nú: »Konungur skipar landsstjóra *og víkur honum úr völdum*. Hann hefir í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum þess, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari«. Í 10. gr. frv. 1873 er ákveðið, að jarlinn hafi ábyrgð fyrir konungi einum, og að undirskript konungs, eða jarlsins í umboði hans, undir ákvarðanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veiti þeim fullt gildi, þegar einn af stjórnarherrunum skrifar undir með konungi eða jarli. Hjer í 7. gr. er ákveðið, að landsstjóri hafi ábyrgð fyrir konungi einum, og að undirskript konungs, eða landsstjóra í umboði hans, undir ályktanir þær, sem snerta löggjöf og stjórn, veiti þeim gildi, þegar einn ráðgjafi eða fleiri skrifi undir með honum. Þetta eru alveg sömu ákvæði. Í 12. gr. frv. 1873 stendur, að konungur veiti embætti, en hjer í 9. gr., að konungur eða landsstjóri eigi að gera það. Hjer er eigi skuldbinding fyrir konung að láta landsstjóra gera það, heldur er honum lagt það á sjálfs vald. Þannig getur maður gengið grein fyrir grein gegn um bæði frv. og sjeð, að þau eru alveg eins. Jeg get því alls eigi skilið í því, að h. þm. skuli vera að reyna til að berja þetta blákalt fram, að þetta frv. sje allt annað, og að hann því verði að vera á móti, þar sem hann þó greiddi atkvæði sitt með frv. 1873. Það eina, sem munar á millum þessara frumvarpa, er annar pappír, önnur prentsverta og annar prentari; en það hjelt jeg ekki að mundi ráða atkvæði hins háttvirta þingm. Reykvíkinga, úr því ákvæði frumvarpanna eru öll hin sömu í þeim atriðum, sem hann leggur alla áherzluna á! Hjer ræðir því um breyting á manni, þingmanninum sjálfum, og skoðun hans á allsherjarfrelsismáli Íslands. Jeg vil því brýna fyrir þingmanninum, að allir hinir þjóðkjörnu þingmenn greiddu atkvæði sitt með frv. 1873, og með allmörgum greinum þess einnig sumir af hinum konungkjörnu þingmönnum. Og með þessu hefi jeg sagt, að hinn háttvirti þingm. Reykvíkinga hafi vissulega 1873 greitt atkvæði fyrir stjórnarskipunarlagafrumvarpi, sem er alveg eins og það, sem hann rífur niður, og vill neita um atkvæði sitt 1885; með öðrum orðum, að hann sje í mótsögn við sjálfan sig. Og þetta get jeg sannað honum, hvort hann *vill* eða ekki. Á þinginu 1873 voru sem sje alls 19 þjóðkjörnir menn, og hinn háttv þm. Rvík. var einn af þeim. Treystist þingm. til að neita þessu? Nú, jæja! Það gerir hann ekki! Höldum þá áfram. Forseti alþingis var þjóðkjörinn þingmaður; játar ekki þingm. það? Nú, það játar þó þingmaðurinn líka; forsetinn var Jón sál. Sigurðsson. Gott og vel; en þá játar þm. víst, að 19 ÷ 1 sje = 18; játar hann ekki það? Jú sjálfsagt. Þingmaðurinn er betur að sjer í talnafræði en svo, að hann vefengi slíkt.—En þá verður hinn h. þm. Reykvíkinga líka að játa, að hann hlýtur sjálfur að hafa greitt atkvæði með frv. 1873, því allar aðalgreinar þess voru samþykktar með 18 atkv. þjóðkjörinna þingmanna, en þessi atkvæðatala var ekki til nema að meðtöldu atkvæði þingmanns Reykvíkinga, enda man jeg líka eins vel eins og það skeði í dag, að hann greiddi atkv. með frv. þá; því mjer er minnisstætt, hversu glaðlega þingmaðurinn stóð upp með frv. þá. Þá hefir hann eigi álitið, að gengið væri of nærri prærogativis konungs eður að landsrjettindum Íslands væri of freklega haldið fram, einmitt með þeim sömu ákvæðum, sem standa í þessu frv. 1885. Þingmaðurinn getur líka verið rólegur fyrir því, að hvorugt af þessu á sjer stað. Tign konungs er einmitt fólgin í því, að hann getur takmarkað veldi sitt á þann hátt, að það einmitt aukist og útbreiðist þegnum hans til frelsis og blessunar. H. þm. sagði

loksins, að það væri engin trygging fyrir því, að sú stjórn, sem kynni að koma í Danmörku, í stað hinnar núverandi ráðgjafastjórnar, mundi taka betur undir þetta mál, en sú sem nú er. Þessi setning þingmannsins hefði nú þá fyrst snefil af líkindum fyrir sjer, ef það væri gefið, að enginn meiningamunur væri á millum hinnar eldri og yngri stjórnar; en ástandið í Danmörku núna sýnir bezt, hve fráleit þessi getgáta er; og eitt væri þó æfinlega víst með stjórn þá, er kæmi í staðinn fyrir þá sem nú er, að hún væri eigi bundin við þá yfirlýsingu frá sjálfri henni, sem hæstv. landshöfðingi hefir borið fram fyrir þingið af hendi stjórnar þeirrar, sem nú er, og sem hún sjálf að öllum líkindum álítur sig meira eða minna bundna við. Þvert á móti eru mestu líkur til að álíta og gjöra sjer vissa von, að ný stjórn í Danmörku mundi fúslega fallast á nefndarfrumvarpið, svo skoðun þingmannsins er í þessu efni, eigi síður en öðru, á skökkum grundvelli byggð. Ræða þm. Barðstr. (E. K.) fannst mjer vera nokkuð reikul eða fram og aptur. Hann sagði, að þjóðarviljinn mundi vera fyrir frv.; en þó fannst mjer hann fremur hallast móti því.—Jeg óska nú og vona, að umræðurnar hafi gjört hinum h. þm. málið ljóst. Jeg hef reynt að sýna og gjöra skiljanlega grundvallarhugsun og aðalstefnu nefndarinnar til hlítar, en ef mönnum finnst eitthvert atriði enn óljóst, skal jeg vera fús á að skýra það betur.

H. Kr. Friðriksson: H. framsögumaður (B. Sv.) ljet sjer þau orð um munn fara, sem neyða mig til að standa upp. Hann vill berja það blákalt fram, að þetta frv. sje hið sama, sem frv. 1873. En fyrst og fremst eru orðin allt önnur, og í öðru lagi efnið mjög svo ólíkt. Eptir frv. 1873 var það á konungsins valdi, hvað hann ljeti jarlinn staðfesta, og yfir höfuð, hvort vald jarlinn skyldi hafa; þetta sýna orðin í 3. gr. frv.: »..., sem konungur að öðru leyti gjör á ákveður«. En eptir þessu frv. skal konungur láta landsstjóra staðfesta lögin, og yfir höfuð hafa hjer um bil konungsvald. (*B. Sv:* Nei. Nei.) Það dugir ekki fyrir h. framsögumann (B. Sv.) að koma hjer fram sem prókúrator og teygja sannleikann sundur og saman. Jeg var með frv. 1873 og er með því enn, að allri grundvallarhugsuninni, enda þótt jeg nú kunni að vilja framkvæma þessa grundvallarhugsun á nokkuð annan hátt, en það frumvarp ætlaðist til; en það frumv. liggur ekki hjer fyrir. (*B. Sv.:* Það er sama frumvarpið.). Það er alveg rangt. Eptir þessu frumvarpi á landstjórinn að hafa eitt af hinum helztu »prærogativis« konungs; þ. e. að náða menn samkvæmt 17. gr. (*B. Sv:* Því er breytt.) Breytingin er ekki komin inn. Þar, sem h. framsögumaður (B. Sv.) talar um, að kostnaðurinn verði svo lítill, þá verður hann sannarlega að koma með einhverja áætlun um, hver kostnaðurinn verður, áður en hann getur staðhæft, að hann verði minni. Hann verður og að geta bent á kostina að einhverju leyti fyrir fram, þótt hann segi, að þeir sjáist eigi fyr en með reynslunni. Um þetta frumvarp er ekki komin fram neinn þjóðarvilji. H. framsögumaður (B. Sv.) getur ekki neitað því, að skoðanir manna um þetta mál eru mjög á reiki, og jafnvel skoðanir hans sjálfs með, því hann var með frumv. 1873; hann fylgdi frumvarpinu 1881, og hann fylgdi fram frumvarpinu 1883, sem öll eru ólík hvert öðru; en það má ekki fylgja hverri lauslegri skoðun, sem fram kemur.

Tryggvi Gunnarsson: Til þess að firrast misskilningi, af því jeg heyri, að sumir hafa misskilið orð mín, ætla jeg að taka það fram, að jeg var ekki á þingunum 1871 og 1873, en á þinginu 69 var jeg, og þá lá ekkert frumvarp fyrir um stjórnarfyrirkomulag líkt þessu. Jeg hefi því ekki breytt skoðun minni frá því á fyrri þingum, þó jeg greiði atkv. móti þessu frv. nú. Jeg vil taka það fram, að jeg hef enga rýrð dregið á þjóðarviljann, þar sem hann er, og vil gjarnan fylgja honum þar sem

mjer virðist hann fara í rjetta stefnu; jeg hef að eins sagt, að hann sje ekki eins almennur og ákafur, eins og sagt er, í þessu máli. Jeg hef heldur ekki neitað, að þjóðin vildi einhvern veginn lagaða stjórnarbreytingu, en jeg hef að eins efast um, að hún vildi hafa breytinguna svona lagaða. En áður en jeg sezt niður, ætla jeg að taka fram eitt atriði, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði. Jeg heyrði ekki betur en hann segði í tölu sinni: »jeg lýsi því yfir, að jeg bauð í nefndinni að taka aðra stefnu í þessu máli, ef þm. Reykvíkinga vildi ganga að frv. frá 1883, að viðbættu frestandi neitunarvaldi«. Gangur málsins er því þannig, að hefði þm. Rvk (H. Er. Fr.) látið undan og gengið að þessu, þá hefði meiri hluti nefndarinna eða hún öll komið með frv. frá 1883 með nokkrum breytingum, einkum um frestandi neitunarvald konungs, og þá hefði það legið hjer til umræðu í þeirri mynd og þá sjálfsagt verið álitið,að þjóðarviljinn væri einmitt fyrir því og engu öðru. En þm. Rvk vildi það ekki, og við það varð stefna frv. gagnstæð, sem sjest af frv. því, er hjer liggur fyrir. Hvortteggja hefir þó ekki getað verið jafnt þjóðarandi eða þjóðarvilji. Fyrst þm. S.-Þing (J. S.) þóttist geta verzlað þannig, þá lýsir það því, sem jeg hef sagt áður, að annaðhvort hefir hann ekki álitið sig svo bundinn við þjóðarviljann, eða þjóðarviljinn út um landið sje ekki svo einbeittur með þessu stjórnarfyrirkomulagi, sem látið er; að minnsta kosti getur hann ekki álitið að svo sje. Þegar þetta fyrirkomulag er á þann hátt fram komið, að það veltur á vilja tveggja manna, eða samkomulagi og ekki-samkomulagi í nefndinni, hvernig stjórnarfyrirkomulag landsins verði framvegis, og svo þegar því er viðbætt, að hvað sem verður ofan á, er eignað einbeittum þjóðvilja, þá er mjer og öðrum sannarlega vorkunn, þó við ekki óskum, að svo bráður bugur sje gjörður að þessu, að velta þjóðinni í margra ára stjórnardeilu.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skil ekki, hvernig h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) ber það blákalt áfram, að orðin: konungur eða landsstjóri sje annað enn orðin: »konungur eða landstjóri, eptir því sem konungur gjör ákveður«. Það er alveg þýðingarlaust, hver orðin heldur standa í frumvarpinu, því í báðum tilfellunum ákveður konungur það gjör, annaðhvort í eitt skipti fyrir öll, eða smátt og smátt, hvernig umboði landstjóra er háttað. (*H. Kr. Fr.*: Höfuðatriðið!). Já, höfuðatriðið, segir þingmaðurinn, var það, sem eg tók fram. En eitt vil jeg gjöra þingmanninum til geðs. Jeg vil gera þá athugasemd, að jeg vil jafnrjetti á þessu þingi. Því neitar þingmaður Reykvíkinga þó ekki, og þessu jafnrjetti vil jeg nú beita gagnvart þingmanni Reykvíkinga svona: Jeg ætlast ekki til, að jeg eða nokkur dauðlegur maður geti sannfært þm. Reykvíkinga; en, sem sagt, jeg heimta jafnrjetti, og krefst því, að hann heldur ekki ætlist til, að hann geti sannfært mig eða neinn annan þingmann hjer í salnum um, að hann hafi á rjettu máli að standa, því það er og verður ómögulegt. En það gleður mig jafnframt hjartanlega, að jeg veit það, eins og heil er á mjer hendin, að það er nógsamlega skýrt fyrir öllum öðrum þingmönnum hjer í salnum en þingmanni Reykvíkinga, að það er alveg það sama, hvort heldur stendur í frumvarpinu: »konungur eða landstjóri í hans umboði«, eða »konungur eða landstjóri eptir því sem konungur gjör á kveður«, því það er undir hans hátignar ákvörðun komið, hvort sem er, að hve miklu leyti hann vill láta landstjóra gegna störfum sinnar hátignar. Það er eins og jeg áður sagði ekki annar munur en sá á þessum frumvörpum 1873 og 1885, að það er annar pappír í þessu frv. heldur en frv. 1873, önnur prentsverta og kannske annar prentari; en jeg hjelt ekki h. þm. Reykvíkinga (H. Kr. Fr.) gæti verið þekktur fyrir, að láta mismunandi pappír og þess konar vera ratio sufficiens eða fullnægjandi ástæðu fyrir sig til að greiða atkv. móti sjálfstjórn þjóðar sinnar!

Atkvæðagr.: Viðbót nýrrar greinar eptir 7. gr. samþ. með 14 atkv.; við það breytist greinaröðin á eptir.

Breyt.till. við 10. gr. samþ. með 14 atkv.
—— — 12. — — — 14 —
—— — 17. — — — 14 —
—— — 20. — — — 12 —
—— — 21. — — — 14 —
—— — 22. — — — 14 —
greinin öll samþ. með 15 atkv.
Breyt.till. við 23. gr. samþ. með 13 atkv.
greinin öll samþ. með 15 atkv.
Breyt.till. við 24. gr. samþ. með 13 atkv.
greinin öll samþ. með 15 atkv.
Breyt.till. við 30. gr. samþ. með 13 atkv.
Breyt.till. við 31. gr. samþ. með 12 atkv.
greinin öll samþ. með 17 atkv.
Breyt. við fyrri hl. 47. gr. samþ. með 15 atkv.
Breyt. við síðari hl. 47. gr. samþ. með 14 atkv.
gr. með áorðnum breyt. samþ. með 15 atkv.

Um breytingartill. við 54. gr. »landstjórnin« í staðinn fyrir orðin: »hið opinbera« var haft nafnakall, og sögðu

já: E. Kúld. B. Sveinsson, E. Egilsson Fr. Stefánsson. Gunnl. E. Briem, Jón Sigurðsson, Þór. Böðvarsson, Þórður Magnússon, Þorst. Jónsson, Þorv. Kjerulf.

Nei sögðu: H. Kr. Friðriksson, Eiríkur Briem, Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Lárus Blöndal, M.Andrjesson, Tr. Gunnarsson, Þork. Bjarnason, Þorl. Guðmundsson, Th. Thorsteinsson.

Arnlj. Ólafsson og Holger Clausen greiddu eigi atkv.; Ól. Pálsson var eigi á fundi.

Breytingartill. var þannig felld með 10 : 10. Hinar breytingarnar við 54 gr. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. við 56. gr. samþ. með 11 : 4 atkv.
—— — 58. — — — 15 atkv.
—— — 63. — — — 12 atkv.
—— — 72. — — — 15 atkv.
Breyt.till. við 3. málsgr. ákvarðana um stundarsakir samþ. með 15 atkv.
og ákvarðanir un stundarsakir í heild sinni samþ. með 14 atkv.

Öll önnur breytingaratkv. voru talin orðabreytingar, og samþ. án atkvæðagr.

Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingm. var viðhaft nafnakall um frv. í heild sinni, og sögðu

nei: Halldór Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Þorkell Bjarnason, Th. Thorsteinson.

Allir aðrir sögðu *já*, nema Ólafur Pálsson, sem ekki var á fundi.

Frv. var þannig samþykkt með 18 atkv. gegn 4, og síðan sent Ed.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 (C 75, nefndarálit 291); frh. 1. umr.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um farmgjald skipa (C. 162); 3. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Úr því engin breytingaratkv. eru komin fram, sje jeg ekki ástæðu til að taka til máls, fyr en mótmæli koma frá hálfu hinna h. þingm.

Lárus Blöndal: Þó sú athugasemd sje of seint fram komin, vil jeg samt geta þess, að hjer vantar að nema burt 8. gr. í lögum 15. apríl 1854; en það mætti, ef til vill, laga það í Ed.

Landshöfðingi: Það er líka eitt atriði í 2. gr., sem jeg vildi benda á. Meiningin er víst, að farmgjaldið komi í staðinn fyrir gjaldið fyrir áteiknun skipaskjalanna. (*B. Sv.*: Já). En það gæti orðið misskilið eins og það stendur. (*B. Sv.*: Já, það mætti orða það glöggar). Það mætti skilja svo, að hið gamla áteiknunargjald væri enn í gildi. Til þess að koma í veg fyrir, að frv. þurfi að koma aptur til deildarinnar frá efri deildinni, vil jeg skjóta því til framsögumanns og h. forseta, hvort ekki mætti taka málið út af dagskrá að sinni, til þess að kostur væri á að koma með breytingar og laga þessar misfellur.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Til þess að engin misfella sje á þessu máli, vildi jeg gjarnan óska, að málið væri að þessu sinni tekið út af dagskrá.

Síðan tók forseti málið út af dagskrá.

Þrítugasti og þriðji fundur, föstudag 7. ágúst kl. 11 f. m. Allir á fundi, nema þm. Mýram. (E. Egilsson).

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 1; nefndarálit 238, 280;

breytingartill. 303—306, 309, 323, 325); 2. umr.

Fyrsti kafli: 1.—6. gr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þennan kafla; nefndarálitið liggur fyrir h. þingm. ásamt ástæðum nefndarinnar. Um breyt.till. þær, sem komnar eru fram við þennan kafla, ætla jeg heldur ekki að tala að sinni, því að þar sem jeg hefi fengið sumar þeirra núna rjett í þessu, þegar jeg var að undirbúa fundinn, þá hef jeg heldur engan tíma haft til að átta mig á þeim; jeg ætla því að bíða átekta og heyra ástæður manna fyrir þeim.

Landshöfðingi: Eins og uppástunga h. nefndar og yfir höfuð nefndarálitið sýnir, hefir h. nefnd komizt að betri niðurstöðu með tilliti til fjárhagsins en stjórnin í sínu frumvarpi,—og er það gott, ef þetta er á góðum grundvelli byggt. Stjórninni hefir talizt svo til, að útgjöldin á fjárhagstímabilinu mundu verða hartnær 4000 kr. meiri en tekjurnar, og ætlast til, að þennan halla skyldi greiða úr viðlagasjóðnum. En h. nefnd hefir þar á móti komizt að þeirri niðurstöðu, að afgangurinn, eða það, sem tekjurnar mundu nema meiru en útgjöldin, mundi verða allt að því 19 þús. krónur, eða 18,797 kr. 16 aur. En þessi afgangur hefir eingöngu náðzt með því að hækka tekjurnar, hinar áætluðu tekjur. Það er auðvitað, að í raun rjettri stendur það ekki á miklu, hvort tekjurnar eru áætlaðar nokkrum þúsund krónum hærri eða lægri; ef þær nema meiru en útgjöldin, þá verður afgangurinn vitanlega lagður við viðlagasjóðinn; en ef tekjurnar hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, þá verður að taka mismuninn úr viðlagasjóðnum. En þótt tekjurnar ávallt sjeu áætlaðar, þá verð jeg að álíta rjettara, að setja þær heldur lægri en hærri, svo menn ímyndi sjer fjárhag landsins ekki glæsilegri, en hann í raun og veru er, og byggi ekki útgjöldin á þeim tekjum, sem aldrei greiðast. Þetta er nú mitt álit á hinni almennu hlið málsins.

Viðvíkjandi hinum sjerstöku töluliðum skal jeg vera fáorður. Einn liðurinn, sem h. nefnd hefir hækkað, er lausafjárskatturinn, um 5000 kr. á ári; þar hefir hún fengið alls 10,000 kr. tekjuauka; aukatekjurnar hefir hún hækkað hvort árið um 3,000 kr.; þar eru 6,000 kr. bæði árin; aðflutningsgjaldið af áfengum drykkjum hefir hún hækkað um 5,000 kr. hvort árið, og þar hefir hún unnið 10,000 kr. fyrir fjárhagstímabilið; tekjurnar af póstferðunum hefir hún hækkað um 3,000 kr. hvort árið; þar hefir hún fengið 6,000 kr. fyrir fjárhagstímabilið. Þessa töluliði hefir h. nefnd hækkað, og þótt jeg í þessu efni álíti vissara að fylgja tillögum stjórnarinnar, þá legg jeg ekki svo sjerlega áherzlu á það, þótt vafasamt sje, að þessar tekjugreinir nái þeim upphæðum, sem h. fjárlaganefnd hefir ætlazt til. Jeg er alveg samdóma h. nefnd um, að nema nafnbótaskattinn burtu. H. nefnd hefir í athugas. sínum við 3. tölul. 3. gr. getið þess, að henni þætti ástæða til, að allar þær kirkjur, er landssjóður á, væru taldar í landsreikningunum með tekjum sínum og gjöldum, og hef jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því. Þetta er einmitt það sama, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa farið fram á í athugasemdum sínum, og hef jeg þá í svörum mínum upp á þær látið þá skoðun mína í ljósi, að það væri engum vandkvæðum bundið. Við 4. tölul. 3. gr. hefir h. nefnd gert þá athugasemd, að henni þyki óviðfeldið, að hjer sje í frv. stjórnarinnar gert ráð fyrir ágóðanum einum af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, að öllum kostnaði frá dregnum, en hvergi gert ráð fyrir neinum útgjöldum, og að ekki skuli hafa verið leitað aukafjárveitingar til kostnaðarins við nám þetta, og enn fremur lýst því yfir, að hún vildi »eigi kannast við, að slík fjárbrúkun sje eðlileg að fornspurðu alþinginu». Hvað það snertir, að »netto»-tekjurnar eru að eins til færðar í frv. stjórnarinnar, en ekki »brutto»-tekjurnar, og útgjöldin eða kostnaðurinn, þá er þetta alveg samkvæmt því, hvernig tekjur þjóðjarðanna eru reiknaðar. Þar eru að eins reiknaðar »netto»-tekjurnar, en ekki »brutto»-tekjurnar, og þá heldur ekki útgjöld-

in sjerstaklega tilfærð, og eins er hjer; en það, sem er einkennilegt hjer, er það, að gjöldin koma á öðru fjárhagstímabili en tekjurnar, og það er þetta, sem hefir vakað fyrir h. nefnd, þegar hún ætlaðist til aukafjárveitingar til kostnaðarins. Í raun og veru er þetta að eins formspursmál. Um leið og netto-tekjurnar eru taldar sem einn tekjuliður á fjárlögunum, þá er þinginu í athugasemdunum við frumvarpið skýrt frá, að stjórnin á yfirstandandi fjárhagstímabili láti brjóta silfurberg, sem tekjur komi af á næsta fjárhagstímabili, en auðvitað hefir þetta fyrirtæki kostnað í för með sjer. En að eigi hefir verið farið fram á aukafjárveitingu til kostnaðarins, kom til af því, að ekki var hægt að fá neina nákvæma áætlun um kostnaðinn, og sýndist það ekki ísjárvert fyrir stjórnina að greiða þetta fje, sjálfsagt upp á væntanlegt samþykki þingsins, enda sýnist það ekki standa á miklu, hvort þessi fjárveiting er samþykkt fyrirfram eða eptir á, þar sem hjer er eingöngu spurning um að greiða hinn nauðsynlega kostnað, til þess að landssjóður geti notað sjer eign sína og gert sjer hana arðsamari.

H. nefnd hefir einnig lagt það til, að ekki verði samþykkt sú ákvörðun stjórnarinnar, að allt að 24,000 krónum verði varið til höfuð-aðgjörðar og aukningar á húsum hins lærða skóla; en þar get jeg ekki verið h. nefnd samdóma, að sú tillaga hennar sje rjett. Þeir sem hafa nákvæmlega rannsakað þetta mál, og skoðað skólahúsið utan og innan, álíta þessa viðgerð og aukningu nauðsynlega, og jafnframt, að skólahúsið sje svo traust bygging, að það geti þolað þessa viðbót, þessa ofanábyggingu, auk þess sem hið nauðsynlega húsrúm mundi fást við það, og skólinn þá fá svo gagngjörða endurbót og aukning, að landssjóður um langt árabil ekki þyrfti að kosta miklu til viðurhalds húsum hans. Þessu hefir h. nefnd ráðið frá, en vill að eins veita 4,000 kr. til hinna bráðnauðsynlegustu aðgjörða á skólahúsinu og leikfimishúsinu. En við þetta vinnst ekki að mínu áliti það, sem vinnast átti; þetta er að eins bráðabyrgða-viðgjörð, og mjög hætt við, að nýjar fjárbænir komi fljótt aptur í sama augnamiði til þingsins. Og það lakasta er, að þessi tillaga h. nefndar um þessa fjárveitingu á hinum umgetnu 4,000 kr. kemur ekki fram í fjárlögunum, heldur í fjáraukalögunum fyrir árin 1884 og 1885, og gerir það nauðsynlegt, að nota fjárveitinguna á þessu ári, en slíkt mun verða erfitt, ef ekki ómögulegt, þar sem viðgerðinni þarf að vera lokið fyrir 1. október, þegar skólinn byrjar.

H. nefnd hefir tekið til greina tillögu mína viðvíkjandi ákvörðunum um hallærislán, og hefir hún inn í þessi fjárlög um hin nýrri hallærislán sett álíka ákvarðanir og þær, sem stóðu í fjárlögunum fyrir árin 1884 og 1885 viðvíkjandi launum þeim, sem ýmsum sýslum höfðu verið veitt á árunum 1882 og 1883, og er jeg h. nefnd þakklátur fyrir, að hún hefir í þessu efni tekið tillögur mínar til greina, og eins vona jeg að h. þingd. geri. Jeg skal hjer geta þess, að það er allt útlit fyrir, að nauðsynlegt verði á þessu næsta fjárhagstímabili, að veita talsverð hallærislán, en viðvíkjandi þeim lánum eru, eins og menn vita, engar reglur enn settar, og þá vil jeg einnig geta þess, að jeg hef hugsað mjer, að þau lán yrðu veitt með þeim skilyrðum, sem væru komin undir alþingi 1887, hvað snertir greiðslu vaxta og afborgana, og þetta leyfi jeg mjer framvegis að skoða sem nokkurs konar reglu fyrir slíkum lánum, ef það ekki mætir mótstöðu hjá hinu háttvirta þingi. Ef mikið hallæri skyldi verða bæði á þessu ári og næstkomandi ári, eru öll líkindi til, að nauðsynlegt verði að grípa til nokkurs af innstæðufje viðlagasjóðsins, og yrðu það þá sjálfsagt innritunarskírteini eða hin konungl. skuldabrjef; það er svo sem sjálfsagt, að þessi lán eru aldrei veitt, nema brýna nauðsyn heri til; en þá verð jeg líka að álíta, að brýna nauðsyn beri til, þegar hlutaðeigandi sýslunefnd eindregið fer því fram, og kveður það bráðnauðsynlegt til að afstýra hallæri í því hjeraði; því það er bein skylda sýslunefndanna, að gera ráðstafanir gegn því,

að hallæri komi yfir hjeraðið, og það getur hún því að eins, að hún hafi einhver efni, og þar sem nú sýslunefndin annars til þess að útvega fje vanalega grípur til þess meðals, að hækka gjaldið til sýslusjóðs, þá yrði slíkt úrræði ónógt hjer, ef það ætti að vera til þess að útvega sýslufjelaginu hjálp til nokkurra muna, því þá yrði þetta óbærilegt fyrir sýslufjelagið, og það allra helzt einmitt í harðærinu sjálfu. Þegar því sýslufjelögin beiðast lánsins og amtsráðin samþykkja það, þá verður landshöfðingi að álíta, að næg skilyrði sjeu fyrir hendi til þess að þetta lán verði veitt, enda býst jeg við, að það sje fremur vilji h. þings, að slík lán sjeu heldur veitt, en að neitun þeirra orsaki mannfelli eða önnur stórkostleg vandræði í sýslufjelögunum.

Við 5. gr. hefir h. nefnd gert mjög verulega breytingu. Hún hefir sem sje farið fram á, að einum tekjuliðnum væri sleppt, nefnilega tekjum af árgjöldum brauða, sem í frv. stjórnarinnar er áætlað 3300 krónur hvort árið. Þessu vill h. nefnd alveg sleppa. Þessi tekjuliður stendur í sambandi við útgjaldamegin 13. gr. A. b. 1.: Árgjöldin eða uppbæturnar til prestakallanna samkvæmt lögum 27. febr. 1880. Jeg skal hjer geta þess, að jeg verð að vera á móti því, að þessum tekjulið sje sleppt, af því jeg er algjörlega á móti þeirri breytingu á tilsvarandi útgjaldalið í 13. gr., sem hlýtur að leiða af því, að þessum tekjulið sje sleppt. Jeg hef því gert breytingaratkv. við þessa 5. gr., og er það aðaluppástunga mín, að þessum tekjulið sje haldið óbreyttum, eins og hann er í stjórnarfrv.; en ef h. deild ekki vill fallast á það, þá hef jeg komið fram með breytingaratkv. við frv. h. nefndar, í þá átt, að þessari upphæð, 3,300 kr., sje haldið fyrra árið. Eins og jeg og aðrir hafa opt tekið fram, þá er það sjálfsagt, að með uppbótinni til prestakallanna leggja lögin frá 27. febr. 1880 þunga byrði á herðar landssjóðs; þessar ákvarðanir um borgun árgjaldsins til brauðanna eru auðvitað settar til að bæta kjör prestanna, til að bæta úr því, sem nauðsynlegt er að ráða einhverja bót á. En til þess að ná þessum tilgangi, þá er nauðsynlegt, að það, sem lagt er til brauðanna, sje fullkomlega víst og áreiðanlegt, svo að þeir embættismenn, sem í þessum brauðum sitja, eða um þau sækja, geti reitt sig á það. Nú vill h. fjárlaganefnd, að þessi árgjöld sjeu ekki eins og að undanförnu hefir átt sjer stað með samþykki þingsins, greidd í landssjóð og uppbæturnar til hinna fátækari brauða sje svo aptur greiddar úr landssjóði til prestakallanna; mjer skilst af því, að reynslan hafi sýnt, að þessar tekjur sjeu ekki áreiðanlegar, og landssjóður geti því auðveldlega beðið halla við þetta fyrirkomulag. Jeg skal fúslega játa það, að það er illt, ef landssjóður bíður halla við það, að þessar tekjur ekki greiðast að fullu; en jeg vil segja, að það er enn þá verra, ef tekju-uppbót einhvers prestakalls fæst ekki af því, að það prestakall, sem á að greiða hana, getur það ekki. Á þessu má, vitaskuld, að nokkru leyti ráða bót með því að leggja afgjaldið af jörð eða jörðum eins prestakalls til hinna prestakallanna samkvæmt lögunum frá 27. febr. 1880. En þetta er víða mjög miklum vandkvæðum bundið. Jeg vil taka til dæmis Laufás. Það er ekki unnt að taka þaðan afgjald af jörðum upp í þær 400 kr., sem eiga að gjaldast frá brauðinu. Sama mundi hafa verið tilfellið með árgjaldið af Odda. H. nefnd hefir fundið ástæðu til, að leggja til að árgjaldið af Odda verði gefið eptir fyrir liðna tímann og út þetta fjárhagstímabil; ekki af því, að viðkomandi prestur ekki vilji greiða það, heldur af því, að hann ekki getur það. Þingið hefir í þessu efni gætt þeirrar sanngirni, sem eptir kringumstæðunum var nauðsynleg. En þótt ekki sje unnt allt í einu, að koma þessu í það horf, sem hin háttvirta nefnd fer fram á, er samt ekkert því til fyrirstöðu, að reyna að koma þessu á, eins og h. nefnd leggur til, við þau brauð, sem hjer eptir losna, og, ef til vill, að nokkru leyti við þau brauð, sem þegar hafa verið veitt með uppbót, er það er auðsætt, að

til þess muni þurfa langan tíma að koma þessu í kring, og álít jeg því æskilegt, að halda sömu reglu og að undanförnu á næsta fjárhagstímabili, og innheimta gjaldið samkvæmt þar til gefinni heimild í fjárlögunum, og greiða það svo út úr landssjóði, en reyna jafnframt að koma smátt og smátt þeirri reglu á, sem h. nefnd leggur til, og sem er samkvæm 5. gr. laga 27. febr. 1880; þar er gjört ráð fyrir, að gjöld þessi sjeu goldin í landssjóð og úr landssjóði, meðan þessi breyting sje að komast á brauðaskipunina; en það liggur í anda laganna, þótt það sje ekki beinlínis ákveðið, að koma hinni reglunni á, og það er heldur ekkert á móti því. Jeg vona því, ef h. þingdeild ekki vill fallast á, að samþykkja þennan lið óbreyttan frá því, sem hann er í stjórnarfrv., þá muni hún þó að minnsta kosti samþykkja mína breyt.-till., þannig, að upphæðinni 3,300 kr. sje að minnsta kosti haldið fyrra árið, og þá yrði að gera tilsvarandi breytingu við tilsvarandi útgjaldalið, nefnil. 13. gr. A. b. 1. En að landssjóður hefir beðið halla við þetta fyrirkomulag, þá hefir ekki orðið hjá því komizt, enda er það ekki meiningin, að útvega landssjóði vissar tekjur með þessu fyrirkomulagi, heldur brauðunum, og bæta svo landssjóði upp skarðið með árgjaldinu frá brauðunum eptir því sem unnt er. Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þennan kafla að þessu sinni.

Framsögumaður (H. Kr Friðriksson): Jeg skal leyfa mjer að svara hæstv. landshöfðinga fáum orðum. Það vill svo vel til, að hæstv. landshöfðingi er í flestum greinum ánægður með aðgerðir nefndarinnar, og getur það eigi annað en glatt nefndina mjög; en hann er þó á annari skoðun um einstök atriði. Að því er þá 2. gr. snertir, taldi hann rjettara, að gera tekjurnar heldur minni, en of miklar. Það hefir líka nefndin gert, t. a. m. með 4. tölul. 2. gr. Sú tekjugrein fer sívaxandi; 1882 voru tekjur þessar 22,000 kr., og 25,000 kr. árið 1883; en nefndin telur þennan lið 22,000 kr. eða 3,000 kr. minni en hann reyndist 1883, og getur það ekk verið of hátt, einkum þar sem þessar tekjur fara sívaxandi. Sama má segja um 11. tölul. um aðflutningsgjald af áfengum drykkjum. Það gjald hefir farið og vaxandi; árin 1882 var það nálægt 150,000 kr., og 1883 nálægt 166,000 kr., og mun hafa verið líkt árið 1884. Það getur verið, að þessi tekjugrein minnki næsta fjárhagstímabil, en að sú minnkun nemi meiru en liðugum 30,000kr., eins og nefndin hefir sett, er mjög ólíklegt, og því hefir nefndin lagt ríflega í fyrir minnkun þeirri, sem kann að verða. Líka athugasemd má gera við 12. tölul. í nefndarfrumvarpinu; sú tekjugrein fer sívaxandi, og var 1884 fullar 19,000 kr. Sakir þess mun ekki of hátt farið, að telja þessar tekjur 17,000 kr. 1. tölul. b., eða lausafjárskatturinn, hefir verið 25,000 árið 1883, og þá varð hann lægstur, sem hann hefir orðið, en árið 1884 mun hann hafa verið 28,000 kr., ef hann hefði allur verið heimtaður, og lausafjeð því vaxið frá 1883. Nú telur nefndin hann 8,000 kr. lægri en 1883, og 11,000 kr. lægri en 1884; get jeg því ekki skilið, að það muni verða of hátt, því að lausafjeð mun eigi hafa minnkað þetta árið, þegar litið er til alls landsins; þótt það kunni að hafa minnkað sumstaðar, mun það hafa aukizt aptur á öðrum stöðum. Svo sem það er skaðlegt, að ætla tekjurnar of háar, þannig er það eigi rjett að telja þær of lágar, því að það hindrar menn frá nauðsynlegum fyrirtækjum, og safnar fjenu í sjóð, sem nú er ekki eins nauðsynlegt eins og áður.

Það gladdi mig að heyra hinar góðu undirtektir hæstv. landshöfðingja undir þá till. nefndarinnar, að bæði allar tekjur og öll gjöld kirkna landssjóðsins skuli verða taldar framvegis í landsreikningunum. Það er óeðlilegt og næsta óviðkunnanlegt, að vinna að silfurbergsnámunum án þess, að þingið hafi veitt fje til þess. Eðlilegast hefði verið, að veitt hefði verið fje til þess með fjáraukalögum fyrir 1884—85, úr því ekkert var til þess ætlað í fjárlögunum, og verkið er þó unnið á þessu árinu; það

virðist mjer óeðlilegt, að stjórnin verji fje landsins til nokkurra fyrirtækja, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, enda þótt ekkert sje á móti slíkum fyrirtækjum.

Viðvíkjandi latínuskólanum skal jeg geta þess, að ef þingd. sjer sjer fært, að veita þessar 4000 kr. til skólans, þá er það í sjálfu sjer ágætt. En þessar 24000 kr, sem farið er fram á til skólans í fjáraukalögunum fyrir 1884—85, má telja sem afdrátt af þessum 24000 kr., ef þær verða veittar,því að því fje yrði varið til ýmissa aðgjörða, sem kostnaðurinn er talinn til í hinum áætluðu 24000 kr., og sem eru þannig lagaðar, að þær mætti draga, þá er viðbótin, sem fram á er farið, væri gjörð, og þannig væri engu af þessum 4000 kr. varið til ónýtis. Landshöfðingi taldi vandkvæði á að nota þessar áðurnefndu 4000 kr. til aðgjörðar skólans í ár; en jeg sje eigi, að hæstv. landshöfðingi þyrfti að hika við, að láta nota fjeð, þá er þingið væri búið að samþykkja þessi útgjöld; því að stjórnin mundi sjálfsagt eigi neita um fjeð, og ef hæstv. landsh. sæi sjer þetta fært, þá mætti gjöra við skólann í haust, áður en skóli er settur 1. d. októberm.

Þá kem jeg til árgjaldsins af brauðum. Það var tilgangur nefndarinnar, sem sett var til að undirbúa prestakallalögin, að árgjald brauðanna gengi frá þeim beinlínis til þeirra brauða, sem leggja þyrfti, og árgjaldið af hinum betri brauðunum skyldi hjer um bil nægja til uppbótar hinum lakari brauðunum. Þetta er og beinlínis tekið fram í lögum 27. febr. 1880 3. gr., þar sem sagt er, að gjaldið skuli greiða »með fasteignum eða afgjaldi fasteigna«. Landstjórnin hefði því átt að hlutazt til um þetta jafnóðum og þau brauð losnuðu, sem árgjaldi átti að svara af; en það hefir hún ekki gert; en það er vonandi, að hún gjöri það framvegis. Þegar brauðin verða veitt, ætti þegar að taka frá þeim svo miklar jarðeignir, að afgjald þeirra næmi jafnmikilli upphæð sem árgjaldið frá brauðinu. Það getur verið, eins og hæstv. landshöfðingi sagði, að undir brauðið liggi eigi svo miklar jarðeignir, og tók hann til dæmis Laufás. En einmitt þessi brauð, sem eiga litlar jarðeignir, en sem árgjaldi eiga að svara, hafa þá optast einhver hlunnindi, svo að það væri ekki erfitt fyrir þau að borga í afurðum til þess brauðs, sem uppbótina ætti að fá. Það væri t. a. m. ekki neitt á móti því, að borga svo og svo mörg pund af dún. Óvissan með að fá þetta árlega gjald, eins og því er nú háttað, liggur í gjaldmátanum, þar sem prestinum er gjört að skyldu að borga þetta gjald í peningum, en honum er það ef til vill mjög örðugt eða jafnvel eigi auðið, að fá peningana; en jarðargjöldin eða afurðir hlunninda getur hann alla-jafna látið af hendi.

Jeg get ekki verið með breyt.till. hæstv. landshöfðingja (nr. 275, B, 1.), því að jarðarafgjöldin eiga að greiðast »in natura«, og þvílík gjöld greiðast einmitt fyrst í fardögum; og því mætti til næstu fardaga koma þessari nýju skipun á um gjaldið af brauðunum. H. landshöfðingi heldur hinni sömu upphæð, sem frv. stjórnarinnar, en eptir hans eigin skýrslu ætti þó upphæðin að vera 4600 kr.

Því næst skal jeg víkja mjer að hallærislánunum. Nefndin taldi rjett, að gefa eptir vexti af þeim í 2 ár og fresta afborgun á fjárhagstímabilinu. H. hæstv. landshöfðingi talaði um, með hverjum skilmálum ætti að veita hallærislán hin næstu 2 ár. En úr því verður þingið 1887 að skera. Það er sjálfsagt, að bjarga verður við manndauða af hallæri og verja menn neyð og bágindum,—en það verður vel að gæta þess, að veita ekki lánið, nema þar sem er sönn þörf á því. Það verður aldrei of vandlega athugað, að lána eigi fje að óþörfu, og því meiri varkárni verður að við hafa við þessar lánveitingar, sem eptir á koma optast bænir um uppgjöf á lánum. Þess eru og dæmi, að menn hafa fengið lán, ekki til að fá matbjörg fyrir, heldur til að eyða því í óþarfa. Jeg veit það af eigin reynslu. Þegar menn hafa fengið lánið, ganga menn stundum í búðirnar og kaupa óþarfa fyrir. Einu sinni rakst hreppstjóri nokkur á einn

sveitunga sinn, sem hafði keypt óþarfa fyrir gjafastyrk, sem hann hafði fengið, og ljet hreppstjórinn hann skila því aptur. Þessi lán draga og úr mönnum alla viðleitni að bjarga sjer sjálfir og liggja eigi upp á öðrum.

Þórarinn Böðvarsson: Það er ekki þörf á, að tala langt um þennan kafla. Það er álit mitt, að eigi skipti mjög miklu um þessar áætlanir. Þær verða svo hvort sem er ekki annað en spádómar, spádómar um árferði, kaup og sölu, og jeg get því síður álitið ástæðu til að tala langt, sem jeg held jeg verði ekki viðkvæmur, þó áætlanirnar kunni að verða of litlar, og þótt ögn gangi á viðlagasjóðinn. Því óheppilegri brúkun er ekki til, en að safna því fje saman á vöxtu í öðru landi, meðan menn eigi hafa getað fengið lán af sínu eigin fje í landinu sjálfu. Jeg skal því ekki ganga út í einstök atriði, nje spá neinu um, hvort áætlanir verði of háar eða of lágar; en jeg geng út frá þessari skoðun eigi að eins í þessum kafla frv., heldur og þegar til útgjaldakaflans kemur. Jeg verð að álíta, að bezta brúkun á fje sje að safna því til framfara í landinu sjálfu, og út frá því geng jeg.

Það er til breytingaratkvæðanna kemur, er jeg riðinn við tvö af þeim, sem snerta 2 kirkjur. Jeg hefði ef til vill ekki skrifað undir þau, ef fjárlaganefndin sjálf hefði ekki minnzt á eina kirkju, sem hún vildi gefa svo mikið eptir, svo jeg mátti til að vera með þessum líka, af því jeg vissi til, að þær voru svo miklu fátækari. Það hefir verið minnzt á 1. tölul. 5. gr., og vildi jeg samþykkja hann eins og hann er í frv. stjórnarinnar. H. framsögumaður sagði, að meiningin væri með breytingu nefndarinnar, að prestaköllin bæru sig sjálf, með þeim viðauka: að svo miklu leyti, sem auðið væri. Nefndin, sem fjekkst við þetta mál milli þinga, stakk upp á, að frá hverju prestakalli skyldi leggja tiltekna jörð til annara prestakalla. Þetta varð fyrir nokkurri breytingu á þinginu 1879, og það ekki að orsakalausu; þingnefndin gat ekki fallizt á, að það gæti staðizt, meðan breytingin væri að komast á í landinu. Þess vegna stendur í prestakallalögunum 27. febr. 1880, að gjöld frá einu brauði til annars skuli greiða með fasteignum eða gjöldum af fasteignum að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Jeg er fjárlaganefndinni samdóma um, að þessari grundvallarreglu beri að fylgja svo mikið, sem mögulegt er, og svo fljótt, sem auðið er; en jeg fæ ekki sjeð, að þetta geti komizt í kring á því fjárhagstímabili, sem nú fer í hönd. Sjerstaklega skal jeg nefna það, að mörgum prestum eru veitt brauð þeirra með ákveðnu krónutali, sem þeir eiga að fá úr landssjóði, og jeg þykist vita, að margir þeirra muni þykjast hafa rjett til að halda sjer til orðanna; því einmitt krónutalið frá vissum gjaldanda, eins og landssjóðnum, getur hafa komið þeim til að sækja. Því er skylt að taka þetta til alvarlegrar íhugunar. Landsstjórnin er ekki laus við, að hafa valdið því, sem fjárlaganefndin segir sje til svo mikils halla; en af því jeg vil gæta sanngirni, verð jeg að segja, að hún hefir verið neydd til þess. Því að til hvers leiðir heimildin í prestakallalögunum? Þegar brauð losnar, sem gjalda á til, er heimild til að veita það með uppbót úr landssjóði, án þess hitt brauðið losni, sem gjalda skal frá. H. framsögum. (H. K. Fr.) talaði auk þess um lán úr landssjóði, og sýndist mjer hann horfa sjerstaklega mikið til mín, einkum þegar hann talaði um hina brýnu þörf, sem þyrfti að vera. Það er snertir þessa brýnu þörf, get jeg ekki tekið að mjer, að jeg hafi verið með í því nokkurn tíma, að sækja um lán, nema brýnasta nauðsyn hafi verið til. Gullbr. og Kjósarsýslu hafa fengið 3 lán úr landssjóði nú á fáum árum, og það þó aldrei, nema í brýnustu nauðsyn. Jeg get upplýst h. framsögum. um, að sú sýsla og sjerstaklega sá hreppur, sem jeg er í, ætlaði sem lengst að komast hjá því, að taka landssjóðslán; því þau eru enginn leikur, og það er annað en gaman fyrir sveit, að eiga að standa skil á peningum. Þess vegna gerir enginn slíkt, nema nauðsyn

beri til, og ætti jeg að segja, hvað jeg kalla nauðsyn, þá er það það, þegar fleiri þúsundir manna missa atvinnu sína, og margir fá ekki 20., ekki 30., ekki 50. part af vanalegum arði atvinnu sinnar, en tilkostnaðurinn er eins mikill og vant er. En ef jeg ætti að segja, með hvaða kostum lánin ættu að gefast, vildi jeg helzt þau væru vaxtalaus hið fyrsta ár, og meðan eigi keyrir úr hófi, er það hættulaust. Jeg verð að afsaka mitt sýslufjelag frá því, sem sagt er, að þegar lánið sje fengið, sje skuldin óviss og sje beðið um uppgjöf á öllu saman. Gullbringusýsla hefir borgað hvern eyri svo fljótt, sem óskað hefir verið, að undanteknu einu láni, sem hafði verið tekið áður en jeg kom, og sem menn vonuðust eptir uppgjöf á. Og jeg verð að segja, að jeg hafði þá æru, að borga þá skuld að miklu að 10 árum liðnum frá því lánið var tekið. Það er eigi rjett, að ásaka sveitarstjórnirnar fyrir meðferð á lánsfje. Jeg er viss um, að hver sveitarstjórn vill verja því sem bezt; en hitt er ekki ætíð á hennar valdi, hvernig hver einstakur maður fer með það.

Tryggvi Gunnarsson: H. framsögumaður hefir svarað flestu af því, sem hæstv. landsh. hafði að athuga. Um silfurbergsnámurnar get jeg verið fáorður; sú athugasemd hjá nefndinni er mest formspurning. En jeg legg meiri áherzlu á tillögin, sem eiga að ganga til og frá prestaköllunum, því það skiptir miklu, og gladdi það mig, hve vel hæstv. landsh. tók í það mál. Það er bæði óhentugt og ónáttúrlegt, að afgjald brauða gangi í landssjóð, og borgist svo frá honum aptur.

Úr því minnzt hefir verið á Laufás, vil jeg taka það til dæmis, að undir Laufáskirkju liggur jörð, sem er í Þönglabakkasókn, svo að heila dagleið þarf að flytja afgjaldið. Önnur kirkjujörð frá Laufási er í Bárðardal, 1½ dagleið frá Laufási, og þaðan verður líka að fara með landsskuldina alla þessa leið. Nú fær Þönglabakkabrauð tillag úr landssjóði, en Laufás geldur til landssjóðs, svo að hjer getur engum dulizt, að þetta er óhentugt, og að langt um haganlegra væri, að bóndinn í Þönglabakkasókn flytti gjaldið beint til prestsins þar, en flytti það aldrei til Laufáspresta.—Alveg eins er með hina jörðina, sem liggur í Halldórsstaðasókn í Bárðardal. Þaðan fer afgjaldið fyrst til prestsins í Laufási 1½ dagleið; hann á að koma því í peningaverð og síðan senda það í landssjóð; þaðan er svo tillag goldið aptur og sent prestinum á Halldórsstaðabrauði. Þetta er ekkert annað en óþarft hringsól, og einber kostnaður fyrir alla hlutaðeigendur. Því þótti mjer vænt um, er hinn hæstv. landsh. sagðist skyldi gera sitt til að þetta kæmist í betra horf, þar sem það kemur bæði prestum og leiguliðum vel, en þó einkum landssjóði, að afgjald kirkjujarðanna greiðist beint til þess brauðs, er gjaldsins á að njóta. Jeg veit eigi, hvað *hinir* aðrir nefndarmenn segja, en jeg er fús fyrir mitt leyti til, að ganga inn á, að fjárveitingunni til brauðanna úr landssjóði verði ekki breytt fyrir fyrra árið í fjárhagstímabilinu. Það er ekki meining nefndarinnar, að leggja landsstjórninni byrði á herðar, sem henni er mjög óþægileg, eða ómögulegt að framkvæma; en höfuðsökin er, að bót verði ráðin á þessari jarðajöfnun sem fyrst.

Hvað snertir það, sem framsögumaður (H. F. Fr.) sagði, að sjálfsagt væri að lána fje úr landssjóði til að fyrirbyggja stórkostleg vandræði, þó að eigi horfði beinlínis til manndauða, þá er jeg honum samdóma í því; en varlega verður samt að fara, því það er mikið varhugavert, að leggja gjöld á eptirkomendurna. Jeg er einnig samdóma honum um, að Gullbringusýsla er makalaus sýsla í fjárbænum sínum: ofan á 200,000 kr. lán og styrk til ýmsra fyrirtækja biður hún um 40,000 kr. hallærislán, hvar af hún hefir þegar fengið 20,000 kr. hjá landsh. Hún biður um langmest af öllum sýslunum, og er mjer það þó því óskiljanlegra, sem jeg hef heyrt, að þar eru vel efnaðir menn og enda ríkir, sem ekki gjalda meira útsvar en 60—80 kr. en; jeg man eptir að meðalbændur í minni sveit fyrir 10—20 árum borguðu 70—100 kr. fátækra-

útsvar, án þess nokkrum dytti í hug að biðja um lán til sveitarinnar, auk heldur hallærislán. Það verður ekki annað sagt, en þeir sjeu nokkuð »flot« í bænum sínum, þegar gjöldin eru ekki meiri, en menn samt skirrast ekki við að fara í landssjóð eptir stóru hallærisláni. Síðar kemur að skuldadögunum, og segi jeg þetta sem bending fyrir landsstjórnina, að full þörf virðist vera á því, að vandlega sje rannsakað ástandið, þar sem beðið er um hallærislán. H. 1. þm. G.-K. (þ. Böðv.) talaði um, að fje landsins gæti ekki verið ver varið, en að leggja gjöld á bændur, og geyma þau í sjóði í öðrum löndum. Þetta er tíð viðbára, sem heyrzt hefir áður opt í blöðum og á þingi, en það er ekki vel að gætt, hvar peningar landssjóðsins standa. Það sjest á stjórnarfrv., að að eins 307,000 kr. standa á rentum erlendis, og það má varla minna vera, ef bráða neyð ber að höndum. Það voru yfir 400,000 kr., sem komu hingað frá Danmörku og útlöndum í hallærunum 1882—83; hefði það fje ekki komið, hefði ekki til annars verið að taka en landssjóðsins. Og af því ekki er hægt að grípa upp í fljótu bragði það sem er í landinu útistandandi í lánum, ef nauðsyn knýr í hallæri, þarf þetta fje að liggja utanlands á vöxtum, í peningum eða pappírum, sem fljótlega má grípa til. Viðlagasjóðurinn átti við næstl. nýár nálægt 900,000 kr.; af því er útlánað í landinu sjálfu c. 590,000 kr., en 307,000 kr. eru geymdar arðberandi í danska ríkissjóðnum. Það er því að eins þriðjungur af eign viðlagasjóðsins, sem ekki er í útlánum í landinu sjálfu; af þeim tveim þriðjungum sem í landinu eru, standa 225,000 kr. í afborgunarskuldabrjefum, þar af 80—90,000 í lánum til prestakalla, kirkna og hreppa, 80,000 kr. til sýslna, 30,000 kr. til brúargjörða og jarðabóta, og 30—35,000 kr. er lánað ýmsum mönnum og til ýmsra fyrirtækja, og 365,000 kr. eru lánaðar móti jarðarveði til ýmsra manna víðsvegar um landið. Það er því ekki rjett hermt, að þingið dragi fje saman til þess, að setja í sjóð utan landsins; það er einmitt mest í höndum landsmanna sjálfra. Af því umræðuefni er ekki mikið í þessum tekjukafla, hef jeg eigi meira að athuga. Hvort áætlanir nefndarinnar eru of háar eða lágar, verður ætíð álitamál; sumir álíta þær of háar, aðrir of lágar, og ekki hægt að sýna, fyrri en með reynslunni, hver rjettast hefir.

Jón Ólafsson: Það sem jeg hef komið með breytingu við, liðurinn um Reykjavíkurkirkju í 4. gr. frv., stendur ekki í frumvarpi stjórnarinnar. Tekjur Reykjavíkurdómkirkju eru ekki svo litlar, að nokkur ástæða sje til, að gefa henni eptir vexti af skuld sinni til landsjóðs og frest á afborgun. Jeg játa, að eptir reikningnum er ekki nema lítill afgangur, en það liggur í því, að tekjum kirkjunnar er ekki nærri sparsamlega varið til útgjalda. Jeg hef kynnt mjer reikninginn nokkuð, þó ekki hafi jeg haft hann eins lengi til nákvæmlegrar íhugunar og nefndin, og gæti jeg fundið til mörg atriði; þótt sumt kannske kunni að sýnast smásmuglegt, verða menn að gæta þess, að »margt smátt gerir eitt stórt«. Það er nærri eins og það sje samvizkupóstur fyrir fjárráðamenn kirkjunnar, að brúka endilega allar tekjur hennar upp, svo að landsjóðurinn geti ekkert fengið. Það er t. d. óskiljanlegt og einkennilegt, þegar teknir eru menn til að rannsaka, hve votur nokkur partur af kirkjugarðinum sje, til þess að vita, hvernig skuli þurka hann, eða til að rannsaka nýja túnið og melana í kring, til þess að vita, hvort færa megi út kirkjugarðinn. Jeg hefi aldrei vitað til þess háttar kostnaðar fyr í reikningum kirkna; jeg hefi ekki vitað, að hætt væri að grafa, fyr en eitthvað kemur fyrir, sem tálmar því; en hjer kostar þessi rannsókn 60 kr. Jeg ætla að umsjónarmaður kirkjunnar, sem hefir fulla borgun fyrir umsjónina, slái kirkjugarðinn árlega, sem jeg ekki lái honum; og að hann geldur ekkert eptir þessa grasnyt, lái jeg honum heldur ekki, úr því þess er ekki krafizt af honum; en hitt er undarlegra, að þessi herra tekur árlegt gjald fyrir að hreinsa í burtu steina, sem koma upp úr gröfunum, sjálfsagt til þess þeir verði ekki fyrir ljánum. Jeg hefi

hvergi vitað þetta talinn sjerstakan útgjaldapóst, nema í Reykjavíkurkirkjugarði. Jeg hefi líka orðið áskynja um, þótt það standi enn ekki í reikningunum, að sami herra hefir gert áætlun um, hvað kosta mundi að mála að utan hlið og gafl á líkhúsinu, og varð það 150 kr., sem hann hjelt að mætti komast af með til þessa, en það er fjórfalt meira, en jeg af eigin reynslu veit, að kostar að mála allar 4 hliðar á heilu húsi, sem er þó nokkru stærra. Margt fleira mætti til finna, t. d. að kolin, sem kirkjan brúkar, kosta 5 kr. skpd., þar sem vjer almennir dauðlegir menn fáum þau fyrir 3 kr. Jeg skil ekki, til hvers þessi fína tegund er höfð annars, en brúka upp peningana. Jeg skal ekki segja um, hve hin nýju áhöld kirkjunnar eru mikil; en kunnugir segja, að þau sjeu, að eins 5 vatnsfötur, og þær kosta 14 kr. Þessa óhyggnislegu brúkun mætti koma í veg fyrir, ef þingið tæki upp á fjárlögin vissa upphæð til tekja og vissa upphæð til útgjalda fyrir kirkjuna árlega, því með því mætti binda reikningshaldarann til þess, að brúka ekki meira en áætlað er. Jeg vil því leggja til, að þessi liður sje felldur úr frv. nefndarinnar. Jeg get enn bætt því dæmi við, að það, að rista niður 8 plankastúfa í garðrimla fyrir kirkjuna, varð að 28 dagsverkum, og vinnulaun því samsvarandi. Menn vita, að kirkjan hefir nýlega verið undir höfuðaðgjörð, og auk þess hefir síðan verið kostað 700 kr. til aðgjörðar við hana; en jeg vil biðja alla þá, sem fram hjá ganga, að gæta að, hvar merki sjást þessara peninga. Jeg get ekki sjeð þau

Landshöfðingi: H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) lagði harðan dóm á meðferð á tekjum dómkirkjunnar og hafði þetta sem ástæðu fyrir beytingaratkv. sínu. Hann byggði þetta á ýmsu, sem hann tók fram, en hann kippti burt grundvellinum undan þessu með því að segja, að hann hefði ekki eptir því sem mjer skildist sjeð reikninga kirkjunnar *(J. Ó.:* Jú, en ekki kynnt mjer þá eins lengi eins og nefndin), jæja, ekki kynnt jer þá eins vel eins og æskilegt er til þess að geta dæmt vel um þá. Hann sagði, að hann hefði heyrt, að það hefði verið farið óforsjállega með ýmislegt, sem tilheyrði kirkjunni; en jeg verð að geta þess, að reikningar kirkjunnar eru endurskoðaðir og rannsakaðir, og haft eptirlit með brúkun á fje hennar, svo að jeg held að hafður sje á sá sparnaður sem unnt er, og því held jeg engin ástæða sje til að segja, að gerður sje leikur til þess að eyða fje kirkjunnar, svo að hún geti ekki goldið skuld sína til landssjóðs. Kirkjuna vantar margt, sem hún þarf að hafa, svo að hún sje í sómasamlegu standi, og því vona jeg að h. þingd. líti á hag kirkjunnar með meiri sanngirni en þessi þingm. (J. Ó). Þessi uppástunga h. fjárlaganefndar stendur í sambandi við, að nefndin ekki vildi veita fje það í útgjaldabálkinum til aðgerðar á kirkjunni, sem stjórnin hafði farið fram á, og þótt þessi fjárveiting sje engan veginn nægileg, þá er hún þó betra en ekkert, og líklegt að það megi ef til vill nokkurn veginn bjargast við hana fyrst um sinn. H. þm. (J. Ó.) taldi upp ýmislegt, sem honum virtist óskynsamlegt og óráðlegt að gera, t. d. að kanna, hvort kirkjugarðsstæði væri votlent. Jeg get ekki sjeð, að það sje óhyggilegt, að láta kanna kirkjugarðsstæði, áður en það er lagt til kirkjugarðs. Það þurfti að rannsaka þetta af því, að nokkuð af kirkjugarðsstæðinu innan garðs var álitið óhæfilegt. Því var nauðsyn á að sýna, hvort þörf væri á að færa út kirkjugarðinn, og rannsaka, hvort sá hluti hans, sem enn er óbrúkaður, væri ekki brúklegur. En þessa rannsókn var auðvitað ekki unnt að fá kostnaðarlaust. Jeg verð þvert á móti h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að halda því föstu, að viðvíkjandi viðhaldi á dómkirkjunni sje höfð öll sú sparsemi, sem hægt er við að koma. Að viðhaldið á kirkjunni hljóti að kosta nokkuð, er óumflýjanlegt. Kostnaðurinn við viðhaldið er sjálfsagður, og hvort hann er sýnilegur eða ekki, finnst mjer ekki geta orðið spurning um, því hann kemur fram í því, að kirkjan er vel útlítandi. Að viðhalda húsi kostar ávallt peninga, en með viðhaldinu er komið í veg fyrir, að húsið hrörni og líti illa út.

Jeg þarf ekki að svara h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), þar sem hann sagði, að það væri sú versta fjárbrúkun að safna fje á vöxtu í öðru landi, því h. varaforseti (Tr. G.) tók af mjer ómakið í því tilliti. En af því menn koma opt með þetta sama, þá skal jeg ítreka það, að það er alveg nauðsynlegt að hafa talsvert mikla fjárupphæð þannig, að menn geti án fyrirstöðu gripið til hennar, ef á liggur. En þótt menn ættu mörg hundruð þúsundir í lánum gegn veði hjer í landi, verður ekki gripið til þess fjár nema með löngum tíma og löngum fyrirvara, og það mundi valda þeim talsverðum vandræðum, sem heimta ætti fjeð hjá, ef allt í einu ætti að innheimta mikið fje, sem er í lánum. Þar á móti má allt af selja konungleg skuldabrjef, og þess vegna er svo nauðsynlegt fyrir viðlagasjóðinn að eiga talsverða upphæð í þeim. H. varaforseti (Tr. G.) sýndi fram á, hve mikið væri í kgl. skuldabrjefum; það er ekki mikið og ekki meira en nauðsynlegt er að hafa. Jeg verð að ítreka það með tilliti til gjalda þeirra, sem eiga að greiðast frá prestaköllum, og uppbóta þeirra, sem önnur þeirra eiga að fá, að þótt jeg álíti sjálfsagt, að landsstjórnin fari í þá stefnu, sem alþingi fellst á, þá álít jeg ekki gjörlegt, að taka fyrir alla fjárveiting í einu, svo að öll þessi gjöld hætti undir eins í byrjun næsta fjárhagstímabil. Þar af mundi leiða vandræði með tilliti til prestakallanna og miklu meiri vandræði en h. fjárlaganefnd vill stofna til. Hvað snertir kostnaðinn við silfurbergsnámurnar í Helgustaðafjalli, sem stendur í sambandi við 3. gr. 4. tölul. í stjórnarfrumv., þá er það einungis formspursmál, hvort jafnframt skuli gert grein fyrir honum, og stjórnin hefði ekkert haft á móti því, að taka kostnaðinn upp í fjáraukalögin, ef hún hefði álitið að það stæði á nokkru, en jeg ítreka það, að þessi ráðstöfun, sem leiðir kostnað af sjer, er tilkynnt h. þingi með að taka upp í fjárlögin áætlun um arðinn af henni.

Eiríkur Kúld: Jeg verð að vera hæstv. landshöfðingja samdóma um það, að nauðsynlegt verði að ætla eitthvað fje, ef á þarf að halda að veita hallærislán. Mjer virðist allt benda til þess, að að minnsta kosti sumstaðar verði eigi hjá því komizt, að veita styrk til að afstýra neyð og hallæri. Mjer þótti þess vegna að nokkru leyti undarlegar undirtekir framsögum, (H. Kr. Fr.) um það. Hvað því viðvíkur að fje það, sem lánað hafi verið í þessu skyni, sem hafi verið vanbrúkað og sumstaðar verið varið enda til óþarfakaupa, þá veit jeg ekkert dæmi til þess, þar sem jeg þekki til. Að hann hjelt, að engin þörf eða lítil væri á því, að veita slík lán, er undarlegt. Það er auðvitað, að þeir menn, sem taka laun sín úr landssjóði eins og hann, þurfa ekki að kvíða harðrjetti af því, að atvinna þeirra bregðist, því landssjóður stendur þeim full skil, hvernig sem árar. En skilur ekki þm., að öðru máli er að gegna um aðra? T. a. m. bóndann, sem fellir skepnur sínar af harðæri, og sjávarmanninn, þegar aflinn algjörlega bregzt, eins og allir vita, að á sjer nú víðast stað. En af því að jeg er viðriðinn eitt af viðaukaatkvæðum þeim, sem hjer eru til umr., skal jeg fara um það nokkrum orðum. Mjer mun hafa orðið það, að jeg sagði um daginn, að mjer virtist sumar tillögur hinnar h. nefndar lýsa minni sanngirni og samkvæmni en jeg hafði ætlað nefndinni. Meðal annars sagði jeg þetta með sjerstöku tilliti til Stykkishólmskirkju. Þegar jeg lít til þess, að nefndin hefir lagt það til, að Lundarbrekkukirkja fengi þó nokkra ívilnun, þó hún sje lítil, en einkum þó að Reykjavíkurkirkja, sem er vel stödd, fær svo mikla tilslökun hjá nefndinni, þá á jeg bágt með að sætta mig við það, að nefndin skoðar Stykkishólmskirkju sem það olnbogabarn, að hún má alls enga ívilnun fá. Stykkishólmskirkja er byggð af samskotum sóknarmanna, sem eru margir hverjir mjög fátækir. Menn voru komnir að fullri raun um, hve nauðsynleg þessi kirkja væri, því ekki að eins var Stykkishólmsbúum yfir höfuð kostnaðarsamt og lítt kleyft að sækja kirkjuna að Helgafelli, og eru þeir þó að fólkstölu fullur þriðjungur af öllu Helgafellsprestakalli, heldur var öllum eyjamönnum að minnsta kosti allan

veturinn ómögulegt að sækja til þeirrar kirkju, og eru þeir þó hjer um bil annar þriðjungurinn af öllu prestakallinu að tölu. Þeir eiga nefnilega sumir yfir langan sjóveg að sækja, og þegar til lands er komið, fulla mílu til kirkjunnar að Helgafelli. Það má geta nærri, hve erfitt, og ef til vill, ómögulegt þeim var að koma líki til Helgafellskirkju á vetrardegi. Þetta og margt fleira rjeð því, að kirkjan var byggð, eins jeg gat um, af samskotum og láni, þar á meðal úr landssjóði 3000 kr. Alls mun kirkjan hafa kostað um 5000 kr., enda má jeg fullyrða, að hún er einhver hin snotrasta kirkja á vesturlandi. En jafnvel þó að hún, áður en árferðinu hallaði, gæti vel borgað vexti og afborgun af landssjóðsláninu, er það langt um erfiðara nú, með því líka að kirkjuna enn vantar nauðsynleg áhöld og »ornamenta», jafnvel þó að henni hafi bætzt nokkuð af slíku frá einstökum mönnum að gjöf. Það er þessa vegna einkum, að farið er fram á, að vextirnir væru gefnir upp á þessu fjárhagstímabili, en það þykir nefndinni ógjörandi, en aptur sjálfsagt að veita Reykjavíkurkirkju uppgjöf bæði á vöxtum af skuld hennar og frest á afborgunum lánsins. Þó er kirkja þessi öðruvísi stödd en Stykkishólmskirkja. Stykkishólmskirkja er í stórkuldum og á ekkert, en Reykjavíkurkirkja átti í eptirstöðvum við árslok 1884 í sjóði 1789 kr. 94 aur., og þennan sjóð átti hún þrátt fyrir það, að í reikningum hennar virðist, eins og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir tekið fram, margt athugavert. Jeg skal ekki fara langt út í að telja það upp, því satt að segja eru reikningarnir svo — jeg hef fengið þá ljeða hjá revisor til athugunar — að jeg fæ ekki skilið margt af þeim gífurlegu útgjöldum, sem þar eru tilfærð, t. a. m. að kol til að hita kirkjuna að vetrinum, jeg geri ráð fyrir 30 sinnum, skuli nema meiru en tvöföldu verði við það, sem brúkað er á allstóru heimili allt árið. Jeg gæti tekið langt um fleiri dæmi, sem sýna, að reikningar þessir hefðu þurft nákvæmari endurskoðun. Reikningarnir hafa heldur ekki, eptir því sem prófasturinn í Gullbringusýslu hefir tjáð mjer, allir verið endurskoðaðir af hjeraðsfundi og úrskurðaðir þar. Stundum kann það að hafa verið, en stundum segir hann að þeir hafi verið ófáanlegir. Sem sýnishorn þess, að kirkja þessi er í meiri náðinni en aðrar, skal jeg taka það fram, að auk þess, sem henni er ætlað fje sjálfri, er stungið upp á í frv. stjórnarinnar, að veita til aðgjörðar á kirkjugarðinum 437 kr. Þetta ætla jeg muni vera eins dæmi, því allir vita, að bygging og viðhald kirkjugarða á alls ekki að hvíla á kirkjunnar reikning, heldur eingöngu á sóknarbúum að lögum. Hverjir halda nú eptir þessu við kirkjugarðinum í Reykjavík? Ekki sóknarmenn, nei, það er landssjóður, með öðrum orðum þeir, sem greiða til landssjóðs, og þar á meðal Stykkishólms-sóknarmenn, hverra beiðni h. nefnd finnur ástæðu til að neita. Yfir höfuð að tala er það ætlun mín, að nefndinni hjer, þegar jeg ber saman Reykjavíkurkirkju og Stykkishólmskirkju, hafi verið mjög mislagðar hendur. En samt sem áður mun jeg greiða atkv. með tillögum nefndarinnar, hvað Reykjavíkurkirkju snertir.

Jón Ólafsson: Til þess að sanna, að athugasemdir mínar viðvíkjandi reikningum dómkirkjunnar sjeu ekki rangar, skal jeg taka fram ýms atriði málinu til skýringar. Að því er snertir kolin, þá veit jeg ekki til, að kolin sjeu hjer neinstaðar seld við svo dýru verði sem 5 kr. skpd. Í hitt eð fyrra voru kol kirkjunnar reiknuð hátt á 7. krónu, en nú eru þau þó komin niður í 5 kr., af því að fundið var að því þá, hvað þau væru dýr. Hvar eru þessi kol keypt? Hver selur svona dýrt? Einmitt sami maðurinn, sem hefir umsjón með kirkjunni. Hann er kolakaupmaðurinn, og lætur reikning frá sjálfum sjer fylgja reikningunum sem sönnun fyrir hinu rjetta verði og megni kolanna. Jeg veit ekki til, að vant sje að álíta reikninga frá reikningshaldara sjálfum sem nægileg fylgiskjöl við reikninga hans. Það er satt, að kirkjan hefir fengið ýmisleg áhöld til sparnaðar, t. d. til að spara kerti. Til þessa hafa verið smíðaðir tveir hólkar ofan á ljósastikurnar sína hvoru meginn við altarið. Þessir hólkar hafa sjálfir kostað

23 kr. En nú hefir þurft að lita þessa hólka hvíta, og það kostar 5 kr. Svo hafa verið fengnar stjettir (Lyseasietter) ofan á þessar stikur, og þær hafa kostað 6 kr. Þannig hafa menn keypt alls verkfæri fyrir 34—35 kr. til þess að geta brennt betur út kertastubbana í kirkjunni. En merkilegast er, að ekki hafa ljósareikningarnir þó minnkað við þetta, svo sparnaðarins sjer að eins merki í auknum kostnaði. Kirkjan hefir átt töflur til að sýna við messugjörð sálmanúmerin, sem syngja ætti. Nú hefir þurft flát undir þessi spjöld, þótt þess hafi aldrei þurft áður. Slíkt flát skyldi maður nú halda að þyrfti ekki að kosta meira en svo sem 2 kr.; jú, það kostar 7 kr.; það hefði þó mátt fá hálfkistu í búðunum undir þessar töflur fyrir 5—6 kr.. Kirkjan hefir átt sálmabækur, sem hún reyndar hefir orðið að endurnýja á árinu, en hún hefir líka þurft skáp til þess að geyma í þessar bækur, og hann kostar 14 kr. Það er gott að eiga svona dýra muni, en því að eins að maður hafi efni á því, og geti borgað það af sínu eigin fje. Hefði nú sparlega verið á haldið, þá mátti kaupa hálfkistu læsta fyrir 5—6 kr., og geyma sálmabækurnar á botninum og spjöldin í handraðanum, í stað þess að kaupa 2 flát fyrir 21 kr., og svo er stokkurinn ólæstur. Umsjón kirkjunnar er borguð með 100 kr.; reikningshaldið með 100 kr. Ræsting á kirkjunni og þvottur kostar 150 kr. um árið hjer í Reykjavík. Nú hefir biskup landsins lagt svo fyrir, að eigi mætti greiða meira en 4 kr. fyrir hreinsun og þvott kirkna út um landið um árið. En þessi kirkja er undantekning. Það er auðvitað, að hún er stærri en aðrar kirkjur, en hjer kostar þetta líka 150 kr. Auk þess verða menn að leggja sjer allt til sjálfir til þess að hreinsa sveitakirkjur, en hjer er sjerstakur reikningur fyrir gólfklúta, bursta, vendi, sápu, sóda o. s. frv. Þetta kostar 14 kr. fyrir utan þessar 150 kr. Það er líka undarlegt, að það skuli auk þessa kosta hjer um bil eins mikið sjer á parti að leggja í ofnana eins og öll kolin kosta, og það með því verði, sem á þeim er. Auk þess má geta þess, að fyrir kolin er reikningurinn ætíð gefinn fyrirfram. Menn vita allt af, hvað muni ganga upp; það stendur á sama, hvort það er harður frostavetur eða einmunatíð. Aldrei þarf aukafjárveitingu og aldrei sjest neinn afgangur. Það er víst álitinn samvizkupóstur, að láta allt ganga upp, svo engin afgangur verði. Og svo geta menn vitað upp á skpd, hvað mundi ganga upp fyrirfram. Þegar aukaverk eru framin í kirkjunni, þurfa hlutaðeigendur að borga svo og svo mikið fyrir kerti; en varla ganga þau upp í hvert skipti; þó sjest aldrei getið um neinn afgang af þeim. Það heyrir má ske til aukatekjum umsjónarmannsins, að hirða stubbana. Það er margt dýrt við þessa kirkju. Allir aðrir kirknaumsjónarmenn verða að hafa fyrir að skrifa lista yfir inventarium kirkjunnar; en hjer má til að prenta þennan lista; og þetta blað, sem jeg held hjer á, þingheimi til sýnis, þetta eina eintak, það kostar 14 kr. Hjer er sannarlega ekki beitt mikilli ökonomí. Þar sem jeg minntist á, hvað hefði kostað að mála líkhúsið, þá er það ekki rjett, að búið sje að því enn. Það er að eins áætlað, að það muni kosta 150 kr. að mála annan gaflinn og hliðarnar. Jeg vil nú spyrja: Er mögulegt að fá svona dýra málun? Varla hjer í Rvík. Það verður þá að fara til útlanda til að sækja málara, sem geri það fyrir þetta verð, og málar listaverk á líkhúsvegginn. Sá litur, sem nú er á líkhúsinu, hefir varla kostað svona mikið. Það er má ske ekki ósanngjörn borgun, sem tekin hefir verið fyrir að yfirlíta vætuna í kirkjugarðinum. Sá, sem það hefir gjört, hefir tekið væg daglaun. En hann hefir verið nokkuð lengi að því; hann hefir verið að því í 17 daga. Hann hefir verið nærri því þrisvar sinnum eins lengi að því, eins og guð var að skapa himin og jörð. Auk þess hefir maðurinn fengið óbreytta verkamenn til að styðja sig í rannsókninni í 77 stundir, og hefir hann orðið að hafa umsjón með þeim. Það má því ekki heita dýrt, þótt hann taki 45 kr.

fyrir sjálfan sig. En hafa nú þessi útgjöld verið nauðsynleg? Það held jeg ekki. Þetta er gert alstaðar annarstaðar á landinu án nokkurs aukakostnaðar fyrir kirkjuna. Þeir, sem taka gröf síðast, sjá hvernig jarðvegurinn er, og þarf ekki að fá búfræðing til að rannsaka slíkt. Auk þess efast jeg um, að rjett sje að slengja slíkum kostnaði upp á landssjóð; jeg held, að hann eigi að hvíla á söfnuðinum. (*H. Kr. Fr.:* Nei, að eins hleðsla kirkjugarðsins). Jæja, ef að sóknarmenn eiga að kosta hleðslu á kirkjugarðinum, þá er hjer annar póstur, sem hlýtur að heyra þar undir. Þeir eiga þó sjálfsagt að hlaða kirkjugarðinn svo háan, að stórgripir ekki stökkvi yfir hann og inn í garðinn. En hjer er talað um dálítinn kostnað við að grafa skurð fram með kirkjugarðinum, svo að skepnur komist ekki yfir garðinn. Þennan skurð eiga sóknarmenn sjálfsagt að kosta, ef þeir nenna ekki að hlaða garðinn svo háan, að skepnur komist ekki yfir hann. Það lítur því út fyrir, að sóknarmenn vilji hjer engu til kosta, en slengja öllu upp á landssjóð.

Landshöfðingi: Jeg er hræddur um, að hinum h. þm. Barðstr. (E. K.) hafi orðið það, að láta dómkirkjuna í Reykjavík gjalda þess, að honum hafi eigi þótt farið nógu vel með Stykkishólmskirkju, og mundi hann annars hafa talað með meiri velvild um dómkirkjuna. Jeg álít eigi hentugt að endurskoða kirkjureikninga hjer á þingfundi, og held jeg, að sú endurskoðun yrði eitthvað lík endurskoðun hjeraðsfunda, sem hinn h. þingmaður hefir svo miklar mætur á. Honum þótti það verst, að reikningar dómkirkjunnar hefðu eigi verið endurskoðaðir á hjeraðsfundi; en jeg verð að álíta endurskoðun endurskoðanda á reikningum kirkjunnar og úrskurði þá, sem lagðir hafa verið á þá, fullt eins góða og endurskoðun hjeraðsfundar. Það hefir verið farið út í svo margt einstaklegt reikningunum viðvíkjandi, að jeg vil eigi fara út í það allt saman, og álít það heldur eigi eiga við. En þar sem menn hneyxluðust á, hvað kolin og ofnarnir í kirkjunni kostuðu mikið, þá verð jeg að leyfa mjer að gefa þá upplýsingu, að það er nokkuð sjerstaklegt með þessi gjöld. Það þarf að leggja í ofnana kvöldinu á undan, og vaka yfir þeim yfir nóttina, því eigi væri forsvaranlegt eldsvoða vegna, að láta þá vera ópassaða. Og hvað kolin snertir, þá eru það Cinders- eða Coaks-kol, sem brúka verður í þessa ofna, og þessi kol eru mjög dýr, þegar talið er eptir vigt. Þótt mönnum því kunni að þykja þetta kostnaðarsamt, vonast jeg eptir, að það verði skiljanlegt, þegar menn vita, hvernig á stendur. Það getur villt, ef einstakir liðir eru teknir fyrir og skoðaðir án heildarinnar. Þegar um endurskoðun er að ræða, verður að kynna sjer bæði reikninginn í heild sinni og einnig hafa tillit til allra fylgiskjala. Slík endurskoðun á eigi við hjer á þingi, enda álít jeg eigi endurskoðunina hjer í dag þýðingarmikla.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla mjer að eins að tala fáein orð um hallærislánin með fl. H. hæstv. landshöfðingi sagði, að þau mundu eigi veitt nema í ýtrustu nauðsyn, og að honum fyndist tilhlýðilegt, að það væri lagt fyrir þingið 1887, hvernig vöxtum og afborgunum skyldi hagað á þeim lánum, er veitt yrðu á komandi fjárhagstímabili, og finnst mjer það alveg rjett skoðun. Það er brýn nauðsyn til þess, að landsstjórnin gæti allrar varúðar við veitingu þessara lána, því margföld reynsla liðinna tíma bendir á þessa þörf. Menn gætu hugsað sjer, að við veitingu slíkra lána hefðu eigi verið látnar nógu augljósar skýrslur í tje fyrir nauðsyn lánanna, og að því hefði sumstaðar eigi verið full nauðsyn til að veita þau. Mjer finnst sjálfsagt, að landsstjórnin eigi að vera ströng í slíkum sökum, og hefir mjer því hugkvæmzt, hvort ekki mundi vera heppilegt. að landsstjórnin setti ýms skilyrði til þess að lánið fengizt, og sjerstaklega með fleiru skipað að gefa ýtarlega skýrslu um hagtæringu á lánunum. Eins álít jeg nauðsynlegt, að sýslunefndir væru strangar við hreppsnefndir, til þess að allt lægi hverjum og einum, sem hjer ætti hlut að máli, sem

ljósast fyrir, og sem mest trygging væri fyrir því, að þau ekki væru veitt þeim án ýtrustu þarfar; og í þriðja lagi ættu hreppsnefndir að beita ströngum skilyrðum við einstaklingana, sem lánið fá. Það mun optast vera svo, að láni er útbýtt ekki meðal þeirra, sem eru komnir á sveit, heldur þeirra, sem menn vilja halda uppi, svo þeir fari eigi á sveit; mjer fyndist því ekkert á móti því, að hjer væri fylgt sömu reglu og þegar er um prívat-lán að ræða, að menn, sem fengju lánið, settu pant, því maður verður að hugsa hjer, að allir, sem ekki eru komnir á sveit, eigi eitthvað til. Með því móti væri trygging sett fyrir tvennu: 1., að lánið sje eigi tekið að nauðsynjalausu, og 2., að þeir vilji borga aptur, sem lánið fá, svo fljótt sem auðið væri. Skýrslur um hag einstaklinga, sem lánið fá, eru alveg nauðsynlegar, og eins nauðsynlegt er það, að þeir, sem útbýta fjenu, gefi skýrslu um, hvernig þeir gera það, og vil jeg í því skyni benda til hallærisgjafanna. Jeg held, að það hefði verið miklu betra, að úthlutendur þeirra hefðu gefið skýrslu um, hvernig fjenu hefði verið útbýtt í sveitarfjelagi hverju; það mundi hafa gefið gott aðhald með vandvirkni, og svo hafa staðið eigingjörnum á sporði. Viðvíkjandi dómkirkjunni skal jeg geta þess, að það vakti fyrir nefndinni, að meðferð efna hennar mundi vera ábótavant, og hefir hún líka fyllilega látið það í ljósi í nefndaráliti sínu á 3 stöðum; en hún áleit jafnframt, að slíkt mundi eigi verða betra framvegis, þótt hún minntist á það með stærri og víðtækari orðum en hún gerði; því að þrátt fyrir það, að minnzt var á þetta 1883, virðist allt vera í sama horfi. Það var líka skoðun nefndarinnar, að rjettast væri að söfnuðirnir tækju að sjer kirkjurnar. Ef nú skorað væri á söfnuðinn, að taka að sjer kirkjuna hjer, og ef það fengist, er jeg sannfærður um, að hagur hennar mundi fljótt standa betur en nú. Ef söfnuðurinn ætti að annast kirkjuna hjer, er jeg viss um, að einhver mundi andvarpa undir öllum þeim kostnaði, sem til hennar gengur. Ef til vill væri bezt, að bjóða upp umsjón hennar, og vita þá, hvort enginn vildi taka hana að sjer fyrir minna fje. Ef sá maður, sem tæki við umsjóninni, þætti eigi viðunanlega leysa verk sitt af hendi, mætti víkja honum frá; það mundi vart verða hjer skortur á hæfum mönnum fyrir minna gjald en nú. Því verður eigi neitað, að stjórnin hefir verið betri við dómkirkjuna í Reykjavík, en aðrar kirkjur landssjóðsins, þar sem hún hefir ákveðið henni 3,502 kr. Það getur verið, að kirkja þessi sje fátæk, og þurfi fjár við; en eigi er hún fátæk af því, að hún gefi eptir legkaupin, því að þau eru heimtuð fyrirfram, og eru það víst þau einu gjöld, sem goldin eru áður en þau falla til reiknings. Jeg veit dæmi til þess, að maður einn hefir þurft að taka lán til að fá að opna jörðina hjer í kirkjugarðinum, og er slíkt hart fyrir sóknarmenn, sem ætíð má ganga að með lögtaki, ef ekki er greitt á rjettum tíma. Jeg fyrir mitt leyti vildi heldur láta grafa mig annarstaðar en hjer upp á þessa skilmála.

H. þm. Barðstr. (E. K.) þótti, að nefndin hefði sýnt Stykkishólmskirkju litla miskunn, og sett hana hjá; en nefndin gekk út frá því, að láta Lundarbrekkukirkju fá nú það, sem Stykkishólmskirkja hafði áður haft, og er það sanngjarnt. Lundarbrekkukirkja brann til kaldra kola fyrir nokkrum árum, og er því eðlilegt, að hún þurfi hjálpar við. Stykkishólmskirkja getur verið fátæk; en það sýnist eðlilegt, að þeir, sem reistu hana, beri að miklu leyti kostnað hennar. Þeir hafa hlotið að gera sjer það ljóst, þegar þeir fóru að byggja kirkjuna; annars gæti það orðið landssjóði dýrt, ef víða væru reistar aukakirkjur, að meira eða minna leyti upp á hans bak.

Jón Sigurðsson: Jeg skal eigi fara mörgum orðum um þennan kafla fjárlaganna, sem nú liggur fyrir; en jeg ætla að eins að lýsa því yfir, eins og jeg ljet í ljósi við 1. umr., að jeg er samdóma hæstv. landshöfðingja í því, að nefndin hafi gengið of langt í því, að færa upp tekjurnar frá stjórnarfrumvarpinu. Hún hefir fært lausa-

fjárskattinn á fjárhagstímabilinu upp um 10,000 kr., aukatekjurnar um 6,000 kr., og aðflutningsgjaldið af áfengum drykkjum um 10,000 kr. Jeg gæti hugsað mjer, að það gæti staðizt með aukatekjurnar; en jeg efast um, að lausafjárskatturinn og aðflutningsgjaldið nái þeirri upphæð, sem fjárhagsnefndin ætlast til; því að harðærið mun verka á þessar tekjur, svo þær hljóta að rýrna að miklum mun; en þó ætla jeg eigi að koma með breytingartillögu um þetta, heldur gefa atkvæði mitt með nefndartillögunni, af þeirri ástæðu, að það er fjárlaganefndin, sem ber — eigi lagalega, heldur — siðferðislega ábyrgð af því, að tekjur landssjóðs verði eigi of litlar móti gjöldunum, þegar til reyndarinnar kemur. Það er, ef til vill, rjett, að gera fjárhagsreikninginn sem glæsilegastan í augum þjóðarinnar, því það vekur sjálfstraust og framfarahug hjá henni, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir þjóðþrifum hennar og þroska. Hvað snertir breytingartillögu mína, viðvíkjandi Lundarbrekkukirkju, skal jeg fara um hana nokkrum orðum. Jeg er þakklátur nefndinni fyrir það, að hún hefir tekið bænarskrána um skuld Lundarbrekkukirkju að nokkru leyti til greina; en þó þykir mjer nefndinni mjótt á milli augnanna í tillögum hennar um þetta mál. Aðalbeiðni sóknarnefndarinnar er sú, að fá uppgjöf á skuld kirkjunnar, að því leyti, sem árstekjur hennar ekki hrökkva í árlega afborgun og vexti af skuldinni, en eptir hinum fram komnu skýrslum vantar hjer um bil 40 kr. til, að kirkjan geti staðið í skilum af eigin efnum. Bænarskráin er því á betri og—að minnsta kosti — meiri sanngirnisástæðum byggð, en sumar aðrar bænarskrár, sem h. fjárlaganefnd hefir tekið til greina. Jeg skal að sönnu eigi halda þessu mjög fast fram, en hefi komið með viðaukatillögu mína, af því jeg get þess til, að nefndin hafi af vangá gleymt að taka fram um vextina; því hún hefir að líkindum ætlazt til, að bæði vextir og afborgun skuldarinnar sættu sömu kjörum. *(H. Kr. Fr.:* Nei). Ef það er eigi, þá finnst mjer sannarlega of mjótt milli augnanna á nefndinni, þegar um annað eins lítilræði er að gera, eins og hjer er. Hjer er eigi beðið um gjöf, heldur að eins um 2 ára frest á borgun, svo að borguninni verður lokið á 30 árum í staðinn fyrir á 28 árum. Jeg vona, að þó h. nefnd vilji eigi fallast á þetta lítilræði, muni h. þingd. samþykkja það. Jeg verð að gera grein fyrir atkvæði mínu, hvað Reykjavíkurdómkirkju snertir. Jeg hef eigi haft tíma til að athuga það mál, en eptir syndaregistri h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) get jeg eigi annað en gefið breytingartillögu hans atkvæði mitt, nema ástæður þær, er hann færði fyrir því, verði greinilega hraktar. Mjer finnst, að landsstjórnin ætti að hreinsa sig af þessum áburði 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.); en þær upplýsingar, sem hæstv. landshöfðingi gaf um kolin, sem til kirkjunnar gengju, finnast mjer eigi fullnægjandi. Jeg skal eigi upp kveða nokkurn dóm um það spursmál, hvort dómkirkjan sje eign Reykjavíkur eða landssjóðsins; en eptir því, sem þingmönnum hafa farizt orð, álíta þeir hana vera landssjóðs eign; en ef svo er, finnst mjer fullgild ástæða til að rannsaka, hvernig fje hennar er varið, og eptir orðum h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sýnist mjer það eigi forsvaranlegt. Það væri æskilegt, að einhverjar þær ráðstafanir yrðu gerðar af hálfu landsstjórnarinnar, að á næsta þingi þyrftu menn eigi að heyra aðra eins syndaupptalningu um Reykjavíkurdómkirkju, eins og vjer höfum heyrt í dag.

Holger Clausen: Jeg ætla að eins að gefa hinni h. deild upplýsingu um, hvernig Stykkishólmskirkja er komin á laggirnar. Tveir menn samþykktu að reisa kirkju, og gáfu til þess sínar 200 kr. hvor. Annar þeirra greiddi þær með því að ljá grunn leigulaust undir kirkjuna í 10 ár, en hinn með því að búa til 8 eða 10 glugga í kirkjuna og fæða smiðina á meðan. Þessir gluggar eru nú í þinghúsinu. Síðan var bænarskrá samin og beðið um fje til að reisa kirkjuna, og fjekkst það. Síðan hef jeg aldrei sjeð nokkra reikninga kirkjunni viðkomandi, og hef jeg þó heitið, að gefa henni skírnarfont, ef jeg fengi að sjá þá.

Mjer finnst eigi þörf á kirkju í Stykkishólmi, því að hvorki er lengra að Helgafellskirkjn nú en áður, og eigi er mannfjöldinn heldur meiri í Stykkishólmi nú en hefir verið. Jeg get því eigi verið með fjárveitingu til hennar. Jeg er á því, að spara allt, sem eigi er brýn nauðsyn til, hvort sem það er í Snæfellsnessýslu eða öðrum sýslum landsins. Bænarskrár koma úr öllum áttum, sem er miklu þarflegra að sinna. Vjer, sem hjer erum saman, höfum allir nóg til viðurværis, en það eru margir aðrir, sem ekki hafa það, og sumir þeir, sem vjer vinnum fyrir nú. Um þá menn ættum vjer að hugsa.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gera litla athugasemd við það, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, með því hann beindi orðum sínum að mjer, og ætlaðist til að jeg gerði grein fyrir því, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) talaði um. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) byggði álit sitt á þeim reikningum, sem hann hafði eigi nægilega kynnt sjer, en h. þm. S.-Þing. (J. S.) á því, sem hann heyrði hinn þingmanninn segja. Þetta er grundvöllurinn, sem þeir byggðu á. Hjer er eigi tími til að rannsaka þessa reikninga. Til þess þyrfti að ganga í gegn um alla reikningana, athugasemdir endurskoðanda, svör hlutaðeigandi manna upp á athugasemdirnar og úrskurðina við þær; en það væri að misbjóða h. þingd., ef jeg tæki reikninginn og læsi hann upp lið fyrir lið og gengi gegn um fylgiskjöl hans. Hjer liggur nú eigi fyrir að ræða um »revision» reikninga, heldur um fjárlög Íslendinga. Jeg ætla eigi að fara fleiri orðum um þetta; en ræður þm. sýnast snúast um þetta eina ómerkilega atriði. Þar sem h. 2. þm. S.-Þing. (J. S.) þótti vafasamt, hvort dómkirkjan væri eign Reykjavíkur eða landssjóðsins, þá er enginn efi á því, að hún er eign landssjóðs. Reykjavíkurkaupstaður hefir aldrei haft veg nje vanda af henni, heldur hefir hún ávallt verið talin með kirkjum landssjóðsins, og hefir verið sett inn í fjárlögin ásamt þeim. Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið, að aldrei hefðu sjezt nokkrar tekjueptirstöðvar hjá Reykjavíkurdómkirkju, þá sjást þær heldur eigi hjá öðrum kirkjum, þegar ekkert er afgangs gjöldunum, en afgangurinn af tekjum Reykjavíkurdómkirkju hefir gengið til landssjóðsins.

Jón Ólafsson: Jeg verð að leyfa mjer að bera af mjer þann áburð hæstv. landshöfðingja, að jeg hafi eigi kynnt mjer nægilega reikninga dómkirkjunnar; jeg hef kynnt mjer þá til hlítar, þótt jeg hafi þurft skemmri tíma til þess en h. nefnd, og sjálfsagt er jeg þeim kunnugri en h. landshöfðingi, og jeg hef ekki sagt annað um þá en það, sem er satt og rjett. Slíkan endurtekin ósannan áburð verð jeg að frábiðja mjer frá hæstv. landsh., eða hverjum sem er.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki þræta við hæstv. landsh. um það, hvort dómkirkjan sje eign Reykjavíkur eða landssjóðs; þess konar er óafgert og hvorugt sannað. En setjum svo, að hún sje eign landssjóðs. En hví eru þá ekki reikningar hennar lagðir fram fyrir þingið? Því eru þeir ekki sýndir? Eigum við þm. að greiða atkvæði í blindni í þessu máli?

Fyrst hæstv. landsh. getur ekki gert betri grein fyrir þeim athugasemdum og útásetningum, sem fram hafa komið við þessa reikninga, nje hrundið af kirkjustjórninni ámælum 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), þá finn jeg ástæðu til að stinga upp á því, að nefnd verði sett til að rannsaka þessa reikninga.

Þórður Magnússon: Af því að það er að eins tekjukaflinn, sem nú liggur fyrir til umr., og fyrst ummæli hafa komið fram um það, afgjaldið af brauðunum, þá ætla jeg að láta álit mitt í ljósi um það. Mjer finnst það stór vandi fyrir þingið, að ná tillögunum frá brauðunum, og skal jeg nefna til Odda. Jeg er hinni háttvirtu fjárlaganefnd samdóma og þakklátur fyrir þær tillögur sínar, að þetta mikla tillag skuli því að eins gefið upp, að framvegis verði lagðar frá brauðinu svo margar kirkjujarðir, að afgjald þeirra nemi 500 kr. Það er alveg ómögulegt, að nefndin hefði getað kom-

izt að betri niðurstöðu. Jeg sje eigi, hvar það á að lenda, ef öll prestaköll, sem greiða á tillag frá, færu sömu leiðina. Og svo yrði þingið að segja: Vjer verðum að gefa þetta upp, því ekkert er af þeim að fá. Því sækir þá ekki þessi prestur til annara brauða, ef brauðið er skemmt af völdum náttúrunnar? Jeg held, að Oddabrauð mundi samt ganga út. Hvernig fer, þegar leiguliði getur ekki goldið eptir ábúð sína? Hann verður þá annaðhvort sjálfur að fara, eða honum verður vísað burtu af sínum yfirboðara. Eins er hjer: þingið neyðist til að taka jarðirnar frá brauðunum, þegar eptirgjaldið fæst ekki. Hið sama þyrfti einnig að gera á fleiri stöðum, þar sem tregða er á eptirgjaldinu. Þau brauð sem viðbót eiga að fá, þau fá það af landssjóði, því landssjóður refjast ekki, en jafnvægið fæst ekki, ef það er afgjaldsbrauðunum gefið eptir, sem þau aptur eiga að gjalda í landssjóð. Þetta er því eina ráðið, sem h. nefnd hefir farið fram á, að taka jarðirnar af brauðunum.

Jeg verð einnig að minnast lítið eitt á þessi hallærislán, fyrst h. þingmenn hafa farið að hreyfa því máli. Jeg hræðist þessi hallærislán svo mikið, að jeg get varla lýst því með orðum. Að leggja þessa fjarskalegu byrði á börn sín og eptirkomendur! Jeg vil taka þsð fram, að þingið þarf að vera fjarskalega varasamt með þessi hallærislán. Þó að við lifum á örðugum tímum, þá erum vjer ekki vissir um, að börn vor verði færari um að borga þau stóru lán, sem vjer tökum, eða hvort þá verða betri ár. Jeg verð sterklega að leggja það til, að öll varasemi sje höfð bæði af hinu opinbera, því þetta er svo hörmuleg byrði, og sömuleiðis sje það gagnskoðað í hverjum hrepp, áður en lánið er tekið, hverjir eru sannir þurfamenn.

Það sýnast vera misjafnar meiningar manna með þessa reikninga kirkjunnar í Reykjavík. Og jafnvel þó menn ekki geti gegnum gengið þá nákvæmlega hjer á þinginu, held jeg þó, að mótmælin hefðu verið hrakin, ef þau væru ekki sönn. Jeg get ekki skilið, hvers vegna landssjóði eru hans kirkjur svona þung byrði. Kirkjum í sveit gengur miklu betur, og þær eru opt prýðilega vel byggðar, og það jafnvel þó ekki sje fleiri í söfnuði en tvö til þrjú hundruð manns; en landssjóðskirkjurnnar geta aldrei borið sig. Við höfum annað dæmi af Vestmanneyjakirkju. Þær eru svo miklir vandræðagripir, að þingmenn eru í vandræðum með atkvæði sitt. Jeg er sjálfur kirkjurækinn og kem opt í kirkju, þegar jeg á von á því, að heyra eitthvað gott; en jeg er í stórum vafa, hvort það muni borga sig að halda þeim við.

En viðvíkjandi kirkjugörðunum, þá er það vænt, að hafa nú fengið upplýsingu um, að það er eigandinn, sem á að halda þeim við. Áður var það, að bændur áttu að sjá um bæði torf og þá náttúrlega timbur líka til kirkjugarðsins. En á kirkjum landssjóðs á eigandinn, sama sem landssjóðurinn, að halda við kirkjugarðinum. Og líklega skoða hverja gröf, sem grafin er. Ef bændur á sama hátt losast við þetta, þá þykir þeim náttúrlega vænt um. Því að ef þetta gildir um landssjóðinn, gildir það um alla eigendur kirkna.

Í þessum tekjuliðum fjárlagafrumvarpsins eru engar þær greinir, sem veruleg ástæða sje til að finna að; nefndin hefir ekki farið svo langt í áætlunum sínum, að ekki sje fullsæmandi.

Magnús Andrjesson: Jeg hefði kunnað betur við, að h. þingdeild hefði reynt að kynna sjer nákvæmar reikninga Reykjavíkurdómkirkju áður en hún fellir svo þungan dóm, eins og gert hefir verið í dag, yfir mönnum þeim, sem hjer eiga hlut að máli. Jeg held, að sumt af þessu sje nokkuð fljótskoðað. Það hefir meðal annars verið tekið fram, að það kosti 136 kr. að leggja í ofnana í kirkjunni. En ef gætt er að, hvað þá er fyrir hvern helgidag, þá hygg jeg að þetta sje ekki svo gífurlegt. Hjer er einnig nokkuð öðru máli að gegna, en með sveitarkirkjur; hjer eru það óviðkomandi menn, sem hlut eiga að máli, svo að engin skylda er fyrir þá til að vilna í. Ef reiknað er að hita þurfi kirkjuna hjer um bil 30 helgidaga og þegar þeirri tölu er

deilt í 136 kr., kemur út nálægt 4 kr. 53 a., sem þá er tekið fyrir að hita upp kirkjuna í hvert skipti. Þetta kann nú að sýnast nokkuð hátt; en ef þess er gætt, að byrja þarf að leggja í á laugardögunum snemma, og maður þarf að gæta ofnanna allan laugardaginn, sunnudagsnóttina og sunnudaginn fram að messutíma, þá vil jeg skjóta því til sanngirni h. þm., hvort þetta verður talið svo fjarskalega dýrt. Jeg get ekki fundið, að svo sje. Líkt er og varið með hreinsun og þvott. Það er 150 kr. um árið í reikningnum, og ef gert er ráð fyrir 60 helgidögum á árinu, þá eru þó ekki nema 2 kr. 50 a. fyrir hvern þvott, og er það ekki svo hátt, að talandi sje um. (*J. Ó.*: Góð atvinna). Það er líka lengi verið að því, að hreinsa og þvo bæði hátt og lágt, bæði uppi og niðri í kirkjunni, og mun ekki vera mikill afgangur af deginum fyrir tvo kvennmenn, þegar þær eru búnar að því. Það þarf vel að skoða alla málavexti áður en menn fella svona þungan dóm. Jeg hef þó ekki fengið eins glöggar upplýsingar um sumt, og jeg vildi. En þó að prestum í sveit sje gert að skyldu, að sjá um kirkjur sínar fyrir lítið sem ekkert, þá er hjer allt öðru máli að gegna. Hjer verður að fá einhverja hæfa óviðkomandi menn til að sjá um þetta, og láta þá fá fyrir það nægilega borgun, eins og hverja aðra verkamenn.

H. landsh. hefir svarað þeim ámælum, sem fram hafa komið út af kolunum til kirkjunnar. Jeg hef líka leitað mjer upplýsingar um þau; og þótt nafn umsjónarmanns standi undir fylgiskjali kolareikningsins, sem nefnt var áðan, mun líka mega fá annað nafn, sem sýnir, að þessi kolareikningur er rjettur. Á sama hátt er því og varið með fleira, sem fundið hefir verið að.

Það er líka annað atriði, sem jeg vildi minnast á; það er tillagið frá prestaköllunum. Það hefir hingað til gengið svo, að tillagið hefir verið borgað frá brauðunum í landssjóð, og svo hefir hann aptur borgað út til hinna rýrari brauða. En nú hefir h. fjárlaganefnd farið fram á, að jarðirnar sjeu teknar frá afgjaldsbrauðunum og lagðar til uppbótarbrauðanna. Þetta er reyndar samkvæmt prestakallalögunum; en þó er jeg hræddur um, að þetta muni reynast ýmsum annmörkum bundið, þegar til framkvæmdarinnar kemur, ekki sízt þegar hart er í ári. Jeg skal taka það dæmi, að einhver prestur eigi að borga af brauði sínu 200 kr. Hvernig á nú að taka svo mikið af brauðinu, að nemi 200 kr.? Á að taka beztu jarðirnar frá prestinum í brauðinu, og skilja þær jarðirnar eptir, sem líklegt er að ekki fáist afgjaldið af? Eða, á að taka lakari jarðirnar, sem hættast er við, að ekki gjaldist eptir, nema einhver meiri eða minni partur hins ákveðna eptirgjalds eptir leigumálanum? Ef svo er, þá er erfitt að vita, hversu margar jarðir þyrfti að taka frá brauðinu til þess að víst væri, að afgjöld þeirra næðu fullkomlega þeirri krónuupphæð, sem hitt brauðið ætti að fá. Ef það er hart fyrir landssjóðinn, að fá ekki það, sem honum ber, þá er það ekki síður hart fyrir fátækan prest á tekjulitlu brauði. Jeg vil taka til Mjóafjörð og Fjallaþing. Aðaltekjur beggja þessara brauða er tillagið úr landssjóði, Mjóifjörður 1000 kr., Fjallaþingin 600 kr. Jeg er hræddur um, að það mundi verða erfitt fyrir presta á þessum brauðum, að ná sínum tekjum, sem þeim væru lagðar frá öðrum brauðum, og að þær yrðu rýrar og litlar, þegar til framkvæmda kæmi. En suma tekur það ef til vill ekki eins sárt, þó að prestur tapi eða verði fyrir halla, eins og að landssjóður tapi.

Jeg get tekið undir það, sem sagt hefir verið um hallærislánin, að þau eru neyðarúrræði; það er neyðarúrræði, að verða að leggja þessa byrði á komandi kynslóð, sem einnig mun nægja sín þjáning eins og oss. Það er og vonandi, að landsstjórnin veiti þau eigi nema þegar brýn nauðsyn krefur. En jeg er þó hræddur um, því miður, að sumstaðar sje ef til vill tekið lán, sem ekki er svo alveg óhjákvæmilegt. Jeg þekki einn hrepp, þar sem svo stóð á, að einn bóndinn þar bar hjer um bil helminginn af öllum aukaútsvörum hreppsins, eptir því

sem jeg bezt veit, og var og er bjargvættur í sinni sveit, enda stórauðugur maður. Að þessu leyti var þessi hreppur betur staddur, en margir aðrir. Samt herjuðu hreppsnefndarmennirnir þar út fyrir ekki alls löngu síðan hallærislán, mörg hundruð krónur, og við úthlutun þess hlutu þeir sjálfir, að minnsta kosti sumir þeirra, drjúgan skerf; og jeg neita því ekki, að þeir hinir sömu hefðu líklega átt erfitt með að komast af án láns, eða fjárstyrks; en hitt er jeg líka sannfærður um, að hreppsfjelag það í heild sinnni hafði ekki neina brýna þörf á að fá hallærislán, enda var þetta haft fram móti vilja sumra sýslunefndarmannanna og sjerstaklega beint móti vilja sýslumannsins. Jeg álasa ekki landstjórninni, þó hún veitti þetta lán, því hún getur ekki jafnan vitað, hvernig á stendur; en það er þörf á því, að gefa gætur að, að þetta eða því líkt komi sem sjaldnast fyrir, ef hægt væri við því að sporna.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hygg jeg þurfi að halda dálítilli vörn uppi móti h. framsögumanni fjárlaganefndarinnar. Jeg held, að orðin, sem jeg talaði, hafi verið þau, að jeg hugði, að fje viðlagasjóðs eða landssjóðs væri bezt varið til að efla atvinnuvegina í landinu sjálfu; það getur verið, að jeg hafi bætt við, að jeg áliti ekki eins heppilegt, að safna því á vöxtu í öðru landi. Þetta sagði jeg almennt, og get jeg ekki tekið það aptur. H. varaforseti (T. G.) kom með skýrslu um, að 600,000 kr. af viðlagasjóðnum væru innanlands, en á 4. hundrað þúsund erlendis. En jeg held að það sje ekki víst, að þessi stóra upphæð þurfi að vera jafnan erlendis. Það er sjálfsagt skynsamlegt, að hafa nokkurt fje á vöxtum til að taka til þegar á ríður, enda þótt önnur lönd taki fje að láni, og ekki væri óhugsanlegt, að Ísland gæti einnig fengið lán. En nú er hart í ári, og einmitt vegna fátæktar landsmanna er hin bezta ástæða til að fá það mesta af þessari fjárupphæð til nota í landinu sjálfu. Jeg er líka viss um, að það er nálægt miljón, sem einstakir menn eiga auk þessa á láni erlendis. En nú kemur bankinn, og þá getur máske þetta lagast. Jeg held, að formaður fjárlaganefndarinnar afsaki þessa fjárbrúkun af föðurlegri umhyggju fyrir landinu, landssjóðnum eða landsstjórninni. Og gæti jeg betur skilið, að þessi afsökun hefði komið frá hæstv. landsh.

Það hefir verið talað margt um dómkirkjuna hjer í Reykjavík. En jeg verð þó að minnast nokkuð á hana, af því að jeg er þó dálítið kunnugur, enda hefir og verið skorað á mig, að skýra frá því, hvort reikningar hennar hafi verið lagðir fram á hjeraðsfundi í prófastsdæminu og skoðaðir þar. Það hefir verið regla í prófastsdæminu, að safnaðarfulltrúinn hefir skoðað kirkjureikninginn, og síðan komið fram á hjeraðsfundi með athugasemdir sínar. Reikningar dómkirkjunnar hafa stundum verið lagðir fram, en stundum ekki. Reikningar dómkirkjunnar hafa legið undir endurskoðun landsstjórnarinnar. Að sönnu er ekki hægt að neita því, að þeir eru háir; því 1882, 1883 og 1884 hafa tekjur kirkjunnar numið 2000 kr. En jeg verð samt að taka málið eins og það nú liggur fyrir. Jeg veit, að kirkjan er nú í fjárþörf, því hana vantar ýmislegt, til þess að vera sómasamlega útbúin, bæði skrúða og annað fleira. Jeg verð því að greiða mitt atkvæði með h. fjárlaganefnd; en bæti því við, að jeg vil þá líka vera með hinum fátækari kirkjum.

Th. Thorsteinson: H. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að Stykkishólmskirkja væri nokkurs konar olnbogabarn hjá nefndinni; en það er ekki rjett á litið. Það er sitt hvað, þótt nefndin vilji fremur skipta sjer af t. d. Reykjavíkurkirkju. Stykkishólmskirkja er ekki landssjóðseign; hún fjekk líka uppgjöf á síðasta fjárhagstímabili; hún var þá ekkert olnbogubarn nefndarinnar. Og einkum er þetta skiljanlegt hjá nefndinni, ef það er rjett, sem h. þm. Snæf. (H. Cl.) sagði, að þessi kirkja væri aldeilis ekki nauðsynleg, því ef landssjóður ætti opt að fara að leggja til þeirra kirkna, sem kunna að vera byggðar án þess að vera mjög nauðsynlegar, þá gæti það dregið heldur mikið út úr landssjóði, og yfir höfuð álít jeg, að það sje ógjörlegt

landssjóðsins vegna, að eptirgefa lán, sem veitt hafa verið, því þá mundi reyndin verða, að lántaka úr landssjóði yrði sama og betl. En hvað Reykjavíkurkirkju snertir og reikninga hennar, sem að nokkru leyti hafa verið lesnir upp hjer í dag, get jeg ekki neitað, að sumt í þeim hefi jeg fundið býsna hátt, og vert nánari rannsóknar; þó er jeg alveg á sama máli, og h. 2. þm. Árn. (M. A.), að hjer hafi verið dæmt heldur hart, án þess menn hafi verið nógu kunnugir málinu.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla að eins með fám orðum að minnast á hallærislánin, og er jeg alveg samdóma þeim, sem álíta að fara eigi mjög varlega í að taka hallærislán, og viðkomandi stjórnarvöld eigi að sjá um, að þeim sje vel varið. Það var nú nýlega tekið fram í deildinni, að Gullbringusýsla hefði beðið um 40,000 kr. hallærislán; en það er ekki fullkomlega rjett. Hún hefir að eins beðið um 20,000 kr. sem hallærislán, en aðrar 20,000 kr. til að útvega mönnum atvinnu, og það er sitt hvað. Enda er óhætt að fullyrða, að sýslan hefir ekki beðið um lán að ósekju! Í þessari sýslu hafa nú um tvö ár gengið mestu fiskileysis-ár, og hafa margir ekki aflað $\frac{1}{10}$ á við það, sem fengizt hefir í meðal-ári. Jeg treysti því, að sýslunefndin muni setja fulltryggjandi skilyrði fyrir veitingu lánsins til hreppanna, enda hefir úr þessari sýslu aldrei verið beðið um uppgjöf á hallærislánum. Þar sem nefndinni hefir verið borið á brýn, að hún hafi um of hækkað tekjudálkana, þá er jeg ekki svo mjög á því, þar sem bæði lausafjárskatturinn og víntollurinn eru mikið lægra áætlaðir en þessar tekjur hafa reynzt undanfarin ár. Um Reykjavíkurdómkirkju skal jeg ekki taka neitt annað fram en hvort það mundi ekki hugsanlegt, að sá sem vakir yfir ofnunum, þá er lagt er í, mundi um leið getað ræstað og þvegið kirkjuna. En fyrst farið hefir verið svona mikið út í reikninga dómkirkjunnar í Rvík, og heldur verið fundið að þeim, þá finnst mjer vert að geta eins reikninga þeirra landssjóðskirkna, sem eru mjög sanngjarnlega og vel úr garði gjörðir, og það er reikningur Bjarnaneskirkju. Mjer finnst eins mega geta þeirra reikninga, sem sanngjarnir þykja, eins og hinna.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla að eins að fara fáeinum orðum um viðlagasjóðinn, því það skiptir miklu, hvernig og hvar eignum landssjóðs er varið. H. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) sagði, að mín tillaga mundi vera sprottin af föðurlegri umhyggju fyrir landssjóðnum; en það er ekki, heldur af sonarlegri umhyggju fyrir landinu eða landsmönnum; því það er mjög svo óhentugt, að engir peningar sjeu til á reiðum höndum í sjóði erlendis, sem menn geti gripið til, ef á liggur. Ef þessar 307,000 kr., sem nú eru utanlands, væru teknar og lánaðar út um landið, þá mundi það koma sjer mjög illa, og verða mörgum til hnekkis, ef með stuttum fyrirvara þyrfti að krefja svo og svo mikil lán inn, í hörðu árferði, þegar snögglega þyrfti að grípa til peninga, til að afstýra hungri, eða hafa til annara bráðra þarfa. Þar að auki vil jeg geta þess, að það verður bráðum ekki 307,000 kr., sem standa á leigu utanlands, því nú er komin fram þingsályktunartillaga frá fjárlaganefndinni, sem jeg vona að verði samþykkt; þar er farið fram á að veita allt að 100,000 kr. lán til þilskipakaupa hjer á landi, og þá verða ekki eptir nema liðugt 200,000 kr., og er það þá allt það minnsta, sem það má vera, til að vera viðbúinn hverju, sem að höndum kann að koma.

Friðrik Stefánsson: Jeg ætla stuttlega að lýsa skoðun minni á þessum atriðum, sem hjer liggja fyrir. Jeg er ekki samdóma hækkun fjárlaganefndarinnar á lausafjárskattinum; þar vil jeg heldur aðhyllast stjórnarfrv.; sömuleiðis er jeg á því að vínttollurinn muni verða talsvert minni heldur en nefndin hefir áætlað hann. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði að það væri óþarfi hjeðan af að vera að leggja í sjóð; en þó er betra að leggja í sjóð, en brúka fjeð til ónauðsynlegra hluta, eins og

mjer sýnist nú vera stefnan með suma útgjaldaliði hinnar heiðruðu nefndar, en gott væri að eiga töluvert fje í landssjóði, til að bæta atvinnuvegi og sanna framför landsmanna. Hvað viðvíkur árgjaldinu að brauðunum, þá er jeg helzt á því, að brauðin ættu sem mest að bera sig sjálf og að tekjur þeirra væru jafnaðar; og þar sem það hefir verið tekið fram, að það væri opt mjög erfitt að innkalla þetta árgjald, sem á að leggja frá einu brauði til annars, og fengist stundum alls ekki, má jeg þá spyrja, hvernig er farið að, þegar fátækir bændur ekki geta borgað gjöld sín, sem til landssjóðs eiga að fara? Þau eru tekin lögtaki. En lögtakið nær náttúrlega ekki til þessara manna, því þeir eru embættismenn. En þó á jeg ekki gott með að skilja, að landsstjórnin styðjist hjer við fyllstu lög og rjett. Það er ekki nóg að segja: Vægð, vægð! fyrir okkur ólærðu mennina. Viðvíkjandi Reykjavíkurkirkju, þá veit jeg ekki, hvort hún kemur landssjóðnum nokkuð við; jeg held, að þingið hafi 1877 afneitað henni algjörlega sem landseign. Landshöfðinginn, sem þá var, áleit að Reykjavíkur-sóknarmenn væru skyldugir að kosta sína kirkju sjálfir sem aðrir landsmenn. Nú hafa reikningar kirkjunnar verið nefndir hjer í dag; og eigi landið ekki kirkjuna, þá koma reikningarnir þinginu ekkert við; að eins þarf þingið að sjá um, að landssjóður fái vexti og afborgun af því, sem kirkjan skuldar honum. En eigi landið hana, þá er allt öðru máli að gegna; þá finnst mjer þingið beinlínis þurfa að skipta sjer af slíku. Jeg álít bezt, að umsjón kirkjunnar væri boðin upp, eins og tekið hefir verið fram. Það hefir líka verið tekið fram, að það kostaði kirkjuna ekki svo lítið fje, að láta leggja kol í ofna, og vaka yfir ofnunum, meðan þeir væru að hita upp kirkjuna. Hvernig stendur á þessu? Er þeim mun kaldara hjer í Reykjavík en annarstaðar á landinu, að hjer þurfi ofna í kirkjuna? Það hafði jeg ekki haldið. Eða eru Reykvíkingar þeim mun kulsamari en allir aðrir landsmenn? Ef svo er, þá er ástæða að leggja í þessa ofna, en þó á þann hátt, að Reykvíkingar kosti sjálfir hita sinn.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sagði, að það mundu verða töluverð vandkvæði á því, að taka jarðir frá prestaköllum og leggja til annara, því að prestunum væru veitt brauðin með þeim rjettindum, að mega borga í krónutali. Jeg get nú ekki sjeð, að rjettindum prestanna sje spillt, þótt þeim sje gert að skyldu, að láta af hendi jarðir í staðinn fyrir að borga afgjaldið út í krónutali. Þeim er einmitt gert hægra fyrir, að borga á annan hátt. Annað mál er það, hvort nefndin ekki muni vilja slaka til við hæstv. landsh. og fresta því um eitt ár, að taka fyrir þessa fjárveitingu úr landssjóði. Nefndin mun taka það til íhugunar, og jeg fyrir mitt leyti mun verða því meðmæltur. Það hefir verið talað hjer mikið um hallærislán. Jeg álít, að þau eigi sem allra sjaldnast að veita og ekki nema í brýnustu nauðsyn. Jeg skil ekki, að ástandið sje svo bágborið í Gulbr.sýslu, að hún þurfi allt það hallærislán, sem hún hefir beðið um. Hún hefir nú fengið 20,000 kr. hallærislán, og svo biður hún um 40,000 kr. til að afstýra hallæri; hvernig því er varið, varðar mig ekkert um, það er ekkert annað en hallærislán fyrir því. Hún hefir þannig beðið um 60,000 kr. hallærislán fyrir utan allt annað, því alls liggja fyrir bænir frá henni upp á 191,000 kr. Þótt það reyndar eigi ekki að vera allt til hennar sjálfrar, þá er þó ætlazt til, að mestur hluti þessa fjár lendi þar. Jeg vil fallast á uppástungu h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), að mönnum sje gert að skyldu, að setja veð, og verði svo hinir efnameiri að hjálpa upp á hina efnaminni, heldur en að lána svona út í óvissu. Jeg vil spyrja: Hafa ekki stundum þessi hallærislán verið tekin beinlínis til þess, að forða efnabændum frá stórgjöldum og láta hina borga síðar? Viðvíkjandi því, sem hæstv. ldsh. tók fram um silfurbergsnámurnar, þá verð jeg að halda því föstu, að eðlilegast er, að þessi gjöld sje samfara tekjunum, eins og nú er gert með tekjur og gjöld af kirkj-

um landssjóðsins. Þegar jeg sje, að tekjurnar af þessum námum eru áætlaðar 200 kr. í fjárlögunum, þá er það nú mikið gott; en jeg fæ ekkert að vita um kostnaðinn, hver hann hefir verið. Viðvíkjandi Stykkishólmskirkju, þá skal jeg geta þess, að hún fjekk mikla ívilnun á síðasta þingi. Ef Stykkishólmsmenn hafa þurft þessa kirkju, þá eiga þeir að kosta hana sjálfir. Viðvíkjandi Lundabrekkukirkju, þá álít jeg, að henni hafi verið veitt sanngjörn ívilnun, hin sam sema Stykkishólmskirkju var veitt á síðasta þingi, og lengra á ekki að fara. H. þm. S.-Þing. (J. S.) vildi fá handa henni frest, bæði á afborgun og vöxtum. Ætlast hann þá til, að hún borgi tvöfalda vexti 1888 og 1889? Það hefir verið mikið talað um Reykjavíkurdómkirkju, og skal jeg því vera stuttorður um hana. Mjer þykir menn dæma nokkuð hart um meðferð á fje hennar. Það hefir verið talað um, að sumt væri dýrt, sem til hennar gengi; þetta getur vel verið. Nefndin hefir tekið það og fram, að henni virðist ekki sá sparnaður við hafður, sem hafa mætti, og þetta verð jeg að álíta nóga hvöt fyrir umboðsvaldið til þess að íhuga það vandlega, hvort ekki mætti við hafa meiri sparnað. En sumt af því, sem sagt hefir verið, er hreinn og beinn miskilningur, t. d. með verðið á kolunum, því það fer eins mikið að rúmmáli í skippundið af »cokes« eins og í 3 skpd af reglulegum ofnkolum. Tunnan af venjulegum kolum er venjulega 17½—18 lpd, en tunna af cokes mun ekki fara fram úr 6 lpd. Þessi eldiviður er því ekki dýrari en kolin; það get jeg sagt af eigin reynslu, því jeg hafi haft hann í mörg ár. Ofnarnir í kirkjunni eru þannig lagaðir, að þeir eru beinlínis ætlaðir fyrir svona kol, enda er mjög þægilegt að hafa þau, því að af þeim kemur aldrei reykur, og það væri ekki viðkunnanlegt, að koma inn í kirkjuna fulla af reyk. Það ímynda jeg mjer, að h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kynni ekki vel við. Það getur verið, að sumt sje dýrt í reikningum kirkjunnar; en það á ekki við, að fara frekar út í það hjer, enda er ekki gott að gera sjer skýra grein fyrir því hjer á þingi. En af því h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) eins og dróttaði því að umsjónarmanni kirkjunnar, að hann ljeti ýmislegt ganga í sinn vasa, t. d. afgang af kertum, þá get jeg fullvissað þingd. um, að umsjónarmaðurinn er ekki sá maður, að hann láti einn eyri ganga í sinn vasa, án þess að gera grein fyrir honum. Hann er í alla staða hinn vandaðasti maður, og vill heldur bíða tjón, en um hann yrði með sanni sagt, að hann dragi undir sig, það sem honum eigi ber. Að því, er snertir kostnaðinn við kirkjugarðinn, þá skal jeg taka það fram, að það er að eins skylda sóknarmanna að hlaða garðinn, en það er alls ekki skylda þeirra, að láta rannsaka kirkjugarðsstæðið. En hjer var þetta nauðsynlegt, af því að fólk afsagði að taka þar nokkra gröf; því þar sem ógrafið var í garðinum, var að eins 2 álnir niður í móhellu, sem mjög örðugt er að vinna. Hvort kirkjan sje eign landssjóðsins eða ekki, virðist mjer óþarfi að fara að þrátta um; jeg ímynda mjer, að öllum sje ljóst, að svo er. En eptir uppástungu nefndarinnar vill hún reyna að fá söfnuðinn til þess að taka við þessari kirkju fyrir fullt og allt, eins og hverri annari landssjóðskirkju, og þá verður ekkert þrátt út úr henni framar, ef sóknin tekur hana að sjer.

Eirikur Kúld: Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta orð h. þm. Snæf. (H. Clausen), þar sem hann sagði, að reikningar Stykkishólmskirkju væru ekki auglýstir, og þess vegna kæmi ekki skírnarfontur sá, sem hann kvaðst hafa lofað að gefa kirkjunni. En reikningarnir hafa legið frammi fyrir hlutaðeigendum til sýnis síðan snemma í vetur, og hafði sóknarnefndin auglýst það; það er því mishermt af þingmanninum og ekki rjett sagt frá; hitt er annað, að hann sjálfur hefir eigi hirt um að kynna sjer þá.

Um Reykjavíkurkirkju skal jeg ekki tala margt; jeg efast eigi um, að hún sje eign landssjóðs. H. hæstv. landsh. hefir víst misskilið mig, er jeg var að tala um Stykkishólmskirkju. Jeg bar að eins saman, hve

nefndin var hliðholl Reykjavíkurkirkju í samanburði við Stykkishólmskirkju. Aðgjörðir nefndarinnar gagnvart þessum kirkjum bar jeg saman.

En þar sem hæstv. landshöfðingi hjelt, að kirkjureikningar yrðu betur endurskoðir af vissum endurskoðunarmönnum en á hjeraðsfundum, þá eru þó dæmi til, að hjeraðsfundur hefir sjeð galla á kirkjureikningum, sem endurskoðendum hafði sjezt yfir, enda er það eðlilegt, því endurskoðandinn í Rvík er víða út um land eigi eins kunnugur og menn á hjeraðsfundum. Þrátt fyrir alla þá virðingu, sem jeg ber fyrir endurskoðun landskirknareikninga hjer í Rvík,get jeg ekki verið samdóma h. landsh., ef hann álítur að þeir eigi ekki að leggjast fyrir hjeraðsfund, og verð jeg að halda því fastlega fram, að það heyri undir hjeraðsfundi, að endurskoða og úrskurða kirknareikninga alls prófastsdæmisins. Það er beinlínis tekið fram í lögum 27. febr. 1880 11. gr., og eru þar alls ekki undanteknar landsjóðskirkjurnar, og samkvæmt því ætti hjeraðsfundur að endurskoða reikninga Reykjavíkurkirkju.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði mikið um legkaupið hjer í Reykjavík; og fannst honum það ótilhlýðilegt, að taka það fyrir fram; það getur verið nokkuð til í því, því að það fellur eigi í gjalddaga fyr en 4 vikur af sumri samkvæmt Kristinrjetti forna. Jeg hjelt nú annars, að h. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.), sem var í fjárlaganefndinni, mundi verða hugulsamari gagnvart Stykkishólmskirkju en hann var, af því að Snæfellingar eiga í hlut. Hann ætlaði að gjöra svo margt fyrir þá um daginn, sællar minningar, er hann kom með uppástunguna um að senda menn til að rannsaka þeirra andlega og líkamlega ástand. Mjer er nú annars næst skapi, að koma með breyt.till. enn, sem fari fram á, að Stykkishólmskirkja fái, úr því hún eigi fær uppgjöf á vöxtum af láni sínu, frest á afborgun lánsins um fjárhagstímabilið, og vona að hin h. deild verði því meðmælt, því það stendur þá á litlu fyrir landssjóðnn og jeg vil segja engu; það er einungis það, að hin allra seinasta afborgun lánsins verður 2 árum seinna.

Þorlákur Guðmundssou: H. þm. Barðst. (E. K.) hefir misskilið mig. Jeg talaði að eins um legkaupið hjer í Reykjavík, en ekki annarstaðar.

Atkvæðagreiðsla:

2. gr.

Breytingartill. nefndarinnar við 1. a. samþ. með 21 atkv.

Breytingartill. nefndarinnar við 4. tölul. samþ. með 22 atkv.

Að 8. tölul. fjelli burt, samþ. með 21 atkv.

Breytingartill. nefndarinnar við 10. tölul. samþ. með 22 atkv.

Breytingartill. nefndarinnar við 12. tölul. samþ. með 22 atkv.

Töluupphæðin í byrjun gr. samþ. með 22 atkv.

Öll gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.

3. gr.

samþ. óbreytt í einu hljóði.

4. gr.

Breyttill. nr. 277 samþ. með 18 atkv.

Breyttill. nefndarinnar (um Lundarbrekkukirkju) við sömu gr. samþ. með áorðinni breytingu með 21 atkv.

Breyttill. nr. 286 við sömu gr. var felld með 11 atkv. móti 11, að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	nei:
Benedikt Sveinsson	Eiríkur Kúld
Friðrik Stefánsson	H. Kr. Friðriksson
Gunnl. Briem	Arnl. Ólafsson
Holg. Clausen	Eiríkur Briem
Jón Jónsson	Lárus Blöndal
Jón Ólafsson	Tr. Gunnarsson
Jón Sigurðsson	Th. Thorsteinson
Magn. Andrjesson	Þórarinn Böðvarsson
Ólafur Pálsson	Þork. Bjarnason
Þórður Magnússon	Þorl. Guðmundsson
Þorv. Kjerulf	Þorsteinn Jónsson

Viðaukatill. nr. 287 við sömu gr. felld með 13 atkv. móti 9.

Viðbótin við 4. gr. í frv. stjórnarinnar felld með 18 atkv.

Allar breyt.till. nefndarinnar við þessa gr. voru samþ. með 21 atkv.

Tölurnar í greininni með áorðnum breyt. samþ. með 21 atkv.

Öll gr. með áorðnum breyt. samþ. með 22 atkv.

5. gr.

Uppástunga landshöfðingjans (nr. 275) við þessa gr. var samþ. með 17 atkv.

Tillagan í stjórnarfrv. við 1. tölul. um árgjaldið 1887 felld með 14 móti 4 atkv.

Öll gr. þannig breytt var samþ. með 20 atkv.

6. gr.

samþykkt óbreytt með 22 atkv.

Þrítugasti og fjórði fundur, laugardag 8. ágúst kl. 11. f. h. Allir á fundi.

Lagafrv. um kosningar til alþingis (C. 207; nefndarálit 307); framh. 1. umr.

Jón Ólafsson: Af því að þetta er 1. umr. skal jeg svo sem unnt er sneiða hjá að fara út í einstök atriði. Jeg get byrjað á því að segja, að það eru ekki þeir stórgallar sýnilegir á hinum núgildanda kosningar lögum, að neina knýjandi nauðsyn beri til að koma fram með breytingar á þeim einmitt nú í ár, þá er svo ærið er annað að starfa. Kosningarrjetturinn er ákveðinn í stjórnarskránni og skilyrðunum fyrir honum og fyrir kjörgengi verður ekki breytt nje skipað með einföldum lögum. Kosningarlög hljóða því um framkvæmd þessa rjettar.

Tilgangur góðra kosningarlaga er því einkum tvenns konar: 1. sá, að gera kjósendunum sem auðveldast að nota kosningarrjettinn; og 2., að haga svo öllu sem verða má til að efla áhuga manna, en ryðja öllu úr vegi, er dregið getur úr mesta áhuganum á kosningunum.

Til hins fyrra atriðis miðar það einkum, að hafa kjörstaðina svo marga, að öllum verði greiður aðgangur að þeim. Til hins síðara miða allar þær ákvarðanir, er tryggja það, að sem fæst atkvæði verði þýðingarlaus. Hvorugt þessara tveggja aðalatriða er tryggt í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Öðru þeirra er alls ekki sinnt einu sinni. Kjörstaðirnir verða eptir því sárlítið fleiri en þeir eru nú og alls ekki svo margir, að nokkur veruleg bót sje í, því að það verða þeir þá fyrst, er einn kjörstaður er að minnsta kosti í hverju prestakalli og kjördagur helgidagur. Á hinn bóginn er svo langt frá, að frv. efli áhugann á kosningunum, að það hlýtur miklu fremur að draga úr áhuga manna í því efni, með því að svo mörgum kjördæmum er slengt saman og gjörð að einu kjördæmi, t. d. þar sem ætlazt er til, að Rangárvalla- Vestmanneyja-, og Skaptafellssýsla skuli vera eitt kjördæmi, án þess að jafnframt sje þá gerðar tilsvarandi ákvarðanir til þess, að útlitið fyrir, að hvert atkvæði verði ekki þýðingarlaust, þverri ekki að sama skapi, sem fleirum kjördæmum er saman steypt. Setjum svo, að Vestmanneyingar vildu koma að einum manni, sem eigi væri von á að fengi nema fá atkvæði annarsstaðar; þeir mundu ekki geta það, þótt þeir kæmu allir á kjörfund, og úr því að svo væri, þá gætu þeir hugsað sem svo: »Það er ekki til neins fyrir okkur að koma á kjörfund; við komum ekki okkar manni að fyrir það; það er bezt að við sitjum heima«. Frv. dregur þannig úr áhuganum. Enn fremur er mjög hætt við, að því stærri sem kjördæmin eru, því minna verði gætt kjördæmisrjettinda eða hagsmuna hvers kjördæmis út af fyrir sig. Úr því að 2 deildir eru í þinginu, ætti að haga kosningunum ólíkt til hvorrar deildarinnar fyrir sig. Með kosningunum til neðri deildar ætti að tryggja það, að hinna sjerstaklegu hagsmuna hvers kjördæmis yrði gætt, en með kosningum til efri deildar ætti að hafa hagsmuni alls landsins í heild sinni fyrir augum; og það fengist með hlutfallskosningum. Með þeim kosningum gefst hinum fámennari flokkum færi á að koma þingmönnum að úr sínum flokki í hlutfalli við fjölmenni flokkanna. En þessar kosningar, sem frv. fer fram á, eru meirihluta-kosningar, sem hafa þann tilgang, að útiloka hina fámennari flokka enn meira en áður og gera þeim ómögulegt að koma nokkrum sínum mönnum að; þetta er aðalgalli þessa frv. Það hefir stundum verið talað um, að þm. væru mjög gjarnir á að

breyta lögum, án þess að hafa vissu fyrir, að þær breytingar sjeu til bóta. Þetta kemur einna berlegast fram í þessu frv. Jeg sje því ekkert annað til gildis, en að það gerir breytingar, en þær þó eigi til bóta.

Þótt þetta sje 1. umr., get jeg ekki leitt hjá mjer að geta um eitt einstakt atriði, sem að minni hyggju er breyting á stjórnarskránni, og sem gjörir það að verkum, að frv. ætti að vísa frá samkv. þingsköpunum, með því að fyrirsögnin er eigi frv. til stjórnarskipunarlaga.

Í 5. gr. frv. stendur: »Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þegar kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. En þá hefir hann kosningarrjett í kjördæmi því, er hann var heimilisfastur í næstliðið ár«. Þessi síðasta málsgrein er allt annað en það, sem stendur í 17. gr. stjórnarskrárinnar, eins og menn geta sjeð með því að bera þessi orð saman við 17. gr. stjórnarskrárinnar. Sökum þessa verð jeg að krefjast þess, að frv. sje vísað frá, svo þingtímanum verði ekki eytt til ónýtis; en verði það eigi gjört, þá er það mín tillaga að það sje fellt frá 2. umr., því að það er sannlega ekki betra vert.

Tryggvi Gunnarsson: Af því að framsögum. (A. Ó.) er ekki kominn, skal jeg leyfa mjer að svar h. þm. (J. Ól.), er seinast talaði. Hann sagði, að þetta frv. væri apturför frá því, sem nú er. En þessar kosningar, sem frv. fer fram á, eru mikið líkar hinum svokölluðu listakosningum, sem Gambetta var til dauðadags að berjast fyrir að koma fram á Frakklandi. Með síðustu póstferð fjekk jeg frá útlöndum blað; þar stendur að listakosningar sjeu nú í sumar lögteknar á Frakklandi. Það hefir þó aldrei verið sagt um Frakka, að þeir væru apturhaldsmenn, eða færu fram á það, sem talið er apturför. En þó er h. þm. (J. Ól.) að fræða menn um, að í frv. þessu sje apturför. Eptir þessu frv. að meðtöldum breyt. nefndarinnar er kjörstöðunum fjölgað um helming; verður því þar eptir miklu hægra að sækja kjörfundi, sem verður þó eitt með öðru að teljast framför. Jeg get með engu móti sjeð, að frv. komi í bága við stjórnarskrána; því var heldur ekki hreyft við fyrra hluta þessarar umr. Þar sem ræða þarf í dag fjárlagafrv., vil jeg ekki við þessa umr. tefja fyrir með löngum umræðum; jeg vona að mjer gefist kostur á því síðar, og óska að eins, að deildin lofi málinu að ganga til 2. umr.

Jón Jónsson: Þótt í frv. sje að nokkru fjölgað kjörstöðum, þá get jeg ekki álitið, að það verði til þess að auka rjett kjósendanna, heldur einmitt til hins gagnstæða sumstaðar, og er það þá apturför, en ekki framför. Jeg skal t. a. m. nefna Rangárvalla-, Skaptafells- og Vestmannaeyjasýslu. Þær eiga allar að verða eitt kjördæmi. Við þær kosningar gætir Vestmannaeyinga lítið, og þeir geta engu ráðið, hverjir verða kosnir fyrir kjördæmið. Skaptfellingar ráða eigi nærri jafnmiklu, sem Rangvellingar, sem eru langfjölmennastir, og eiga hægast með að sækja fundi, svo að það yrðu eiginlega þessir síðarnefndu, sem mundu geta ráðið öllu um það, hverja þingmenn kjördæmið sendi á þing. Nú verða gerðar breytingar á stjórnarskránni; þess vegna ætti að bíða með að breyta kosningarlögunum til þess, er endurskoðun stjórnarskrárinnar er komin í kring. Það ætti því að fella frv.

Jón Sigurðsson: Jeg er í engum efa um það, að bæði h. flutningsm. (Tr. G.) og h. nefnd í heild sinni hefir gengið gott til með þetta frv., en mjer finnst hún hafi ekki tekið tillit til þeirra kringumstæða, sem nú eru. Vjer stöndum á tímamótum að því er breytingar á stjórnarástandi voru snertir. Það er líklegt, að sá tími sje eigi langt í burtu, að vjer fáum stjórnarskrá vora aptur til meðferðar; en það þing, sem næst fæst við stjórnarskrána, ætti og að endurskoða kosningarlögin. Það á betur við og þá er betri tími en nú til þess. Jeg er samdóma h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um það, að þetta frv. bætir í engu verulegu hin núgildandi kosningarlög. Að fækka kjördæmum, en fjölga kjörstöðum, eins og þar er gjört, er ekki nema til hins lakara.

Jeg get eigi verið með því að fara að káka nú við kosningarlögin; en ætti að fara að breyta þeim á annað borð, virðist mjer helzt ætti að breyta þeim í þá átt, að fjölga kjörstöðum í hinum núverandi kjördæmum, en alls eigi að fækka kjördæmunum, eins og frumvarpið gerir. Það tjáir eigi að vitna til Frakka í þessu tilliti. Vjer erum svo langt á eptir þeim, bæði hvað stjórnfrelsi og frjálsmannlegt þingræði snertir. Þar er lýðstjórn; og þar geta þessar listakosningar átt við, til að útiloka þá frá þingi, sem eru andstæðir lýðveldinu. Þegar verið var að tala um stjórnarskrána um daginn, var ekki að heyra á h. flutningsm. þessa frv. (Tt. G.), að hann vildi taka stjórnarfyrirkomulag Frakka til fyrirmyndar hjer.

Th. Thorsteinson: H. 3 þm., sem hafa talað á móti þessu frv., hafa allir talað svo skýrt og ljóst um málið, svo að það er nú ljósara eptir en áður; þeir hafa, ef til vill, óafvitandi stutt nefndina í þessu máli, einkum h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) í niðurlagi ræðu sinnar. Hann hlýtur frá sínu sjónarmiði að vera með frv., úr því að hann vill nálgast stjórnfrelsi Frakka, og þessar kosningar eru brúkaðar þar.

Það er einkar-heppilegt, að fjölga kjörstöðum, því að þá eiga menn hægra með að sækja kjörfundina, og efiðleikarnir á að sækja fundina munu optsinnis vera orsök í því, að þeir eru svo fásóttir. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að það drægi úr áhuga manna, að kjördæmin væru stækkuð og fækkuð; en það er eptir mínu áliti einmitt þvert á móti, því að í hinum núverandi smáu kjördæmum, t. d. Vestmannaeyjum, sem þm. (J. Ól.) nefndi, hugsa menn sem svo: »Við verðum að fjölmenna til kjörfundarins, því að annars komum við *ekki okkar* manni að»; og þessi þanki mundi almennt svo ryðja sjer til rúms, að allir kjörfundir yrðu betur sóttir, já, mikið kappsamlegar en áður. Aðalkosturinn við frv. er líka sá, að það kemur í veg fyrir hina svo kölluðu hreppapólitík; því verði það að lögum, getur maður gert sjer von um, að mest verði kosnir menn, sem eru kunnir meira en í þeirri sveit, sem þeir eru heimilisfastir. Það má vera eitthvað sjerstaklegt, ef Rangárvallasýsla skyldi ráða öllu ein, hverjir þingm. yrðu úr kjördæmi því, sem hún er sameinuð í, eins og h. þm. Aust.-Skapt. (J. J.) var að ímynda sjer, þar sem kjörstaðirnir yrðu 6, en eru nú ekki nema 4; þá sýnir það þó, að hægra verður að ná á kjörstaðina en áður. Jeg vona, að h. þingd. taki vel í málið og leyfi því að ganga til 2. umr.; má þá við aðra umr. athuga betur, hvort hentugt þætti að fjölga kjörstöðunum meira, og einnig, hvort það komi í bága við stjórnarskrána.

Jón Ólafsson: Þeir, sem hafa talað með frv., hefðu líklega ekki talað eins og þeir töluðu, ef þeir hefðu tekið betur eptir því, sem jeg sagði áðan. Jeg gat þess þá, að það væri tvennt, sem kosningarlög ættu að hafa til síns ágætis, ef þau eiga að kallast góð: 1., að gera mönnum sem ljettast fyrir að neyta kosningarrjettar síns; og 2., að draga ekki úr áhuga manna á kosningunum. En nú fjölgar frv. kjörstöðunum svo óverulega, og sumstaðar eru þeir jafnmargir sem nú, t. d. í Rangárvalla-, Skaptafells- og Vestmannaeyjasýslu. Í þessum sýslum er ætlazt til, að sjeu 4 kjörstaðir alveg eins og nú er. *(Tr. G.:* En breytingarnar). Breyt.till. við frv. eru ekki frv. Þetta frv. dregur úr áhuga manna á kosningum, því að hinar smærri sýslur verða ofurliði bornar við kosningarnar af hinum stærri sýslum, og úr því að menn í smærri sýslunum vita það, sjá þeir, að það er ekki til neins fyrir þá að koma á kjörfund. Þannig er t. d. með Strandasýslu gagnvart Ísafjarðarsýslu og Vestmannaeyjasýslu gagnvart Skaptafells- og Rangárvallasýslum. Frv. gengur út á að ofurselja hina fámennari undir vægðarlaust einveldi meiri-hlutakosninga.

Listakosningar eru allt annað en hlutfallskosningar, og geta verið þeim alveg gagnstæðar, eins og í Frakklandi. Eins og þær eru þar, eru þær næsta óeðlilegar, því að þær hafa þann tilgang, að undiroka og útiloka hina fámennari flokka, og það var tilgangur Gambetta, að útiloka alveg þá

flokka, sem eru lýðveldinu óvinveittir, og sá tilgangur náðist að miklu leyti með listakosningum. Það er því mjög óheppilegt, að ætla, að það, sem við kann að eiga um stund á Frakklandi, eigi einnig hjer við. Frakkland þurfti um fram allt að fá ró til að rótfesta hjá sjer þjóðveldisstjórn, og til þess var það neyðarúrræði tekið, að misbjóða rjetti annara flokka. Hjer stendur ekki svo á; oss knýja engin byltingaráð gegn stjórnarskipuninni til þess, að þröngva að almennu mannfrelsi neinna geigvænna minni hluta. Það tjáir ekki, að taka Frakkland, Gambetta og listakosningar í munn sjer fyrir þá, sem ekkert vita, um hvað þeir eru að tala. Því meir, sem kjördæmin stækka, því meiri þörf er á að að gefa hinum fámennari flokkum trygging rjettar síns; en það verður að eins með einhverri tegund hlutfallskosninga.

Með frv. er lítillega aukinn kjörrjettur manna frá því sem nú er. Það er í sjálfu sjer eðlilegt og ágætt; en það kemst eigi að síður í bága við stjórnarskrána 17. gr. Um það blandast víst engum hugur, svo að þetta, sem er hið eina nýtilega í öllu frv., er þannig ónýtt og andvanafætt fyrir formleysi; gott ef það er orðið af öðru en tómu gáleysi.

Forseti: Hefði jeg skilið greinina eins og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), þá hefði jeg þegar vísað frv. frá, því það er skylda hvers, sem kemur með stjórnarskrárbreyting, að segja til þess í fyrirsögninni. Jeg hef ráðfært mig við hæstv. landsh., og hann hefir heldur ekki þann skilning, að þetta þurfi að vera breyting á stjórnarskránni. Nú getur verið, að skilningur h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sje betri en skilningur minn og landshöfðingjans; en meðan jeg er ekki sannfærður um, að þetta sje stjórnarskrárbreyting, vísa jeg ekki frv. frá. En h. þingd. getur vísað því frá með atkvæðagr., og um það hafa 8 menn óskað nafnakalls.

Atkvæðagr.: Því næst var gengið til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umr., og sögðu

já:	nei:
Eiríkur Kúld,	Egill Egilsson,
H. Kr. Friðriksson,	Friðrik Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,	Holger Clausen,
Eiríkur Briem,	Jón Jónsson,
Gunnl. E. Briem,	Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,	Jón Sigurðsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Magnús Andrjesson,
Þorkell Bjarnason,	Ólafur Pálsson,
Þorl. Guðmundsson,	Þórarinn Böðvarss.
Th. Thorsteinson,	Þórður Magnússon,
Þorv. Kjerulf.	Þorsteinn Jónsson.

Arnljótur Ólafsson var ekki á fundi, og var frv. þannig fellt frá 2. umr. með 11 atkv. móti 11.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887; frh. 2. umr.

Forseti lýsti því yfir, að gr. 7.—13. væru fyrst til umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg bið h. þingd. að vorkenna mjer, þó að greinarnar og breytingarnar komi ekki í rjettri röð hjá mjer. Það er ekki gott að átta sig, þegar breyt.till. er úthlutað á fundinum sama og þær koma til umr. á. Jeg álít rjett, að taka saman gr. 7—12, en 13. gr. fyrir sig, og vona jeg forseti leyfi það. Jeg býst við, að hæstv. landsh. taki til máls, og skal jeg svara, þegar hann hefir lokið máli sínu, og skal þá ræða lítið eitt breytingarnar um leið.

Landshöfðingi: Jeg ætla að víkja á nokkrar af tillögum nefndarinnar, sem eru breytingar við frv. stjórnarinnar. Jeg minntist á við 1. umr., að nefndin vill leggja til, að lóðargjald og kirkjutíund alþingishússins verði greitt af þeim gjaldlið, sem ætlaður er til alþingiskostnaðarins, en ekki, eins og tíðkazt hefir, af 17. gr. Þessu er jeg fyllilega samþykkur. En jeg vil taka fram, að hið sama er meiningin um kostnað til alþingishússins og viðhalds þess. Þessi kostnaður hefir undanfarin ár verið mjög lítill, og hefir, eins og skattarnir af húsinu, verið greiddur af 17. gr.; en þegar hinn umræddi kostnaður er nokkuð talsverður, eins og á sjer stað nú í ár,

þá er ómögulegt að greiða hann af fjárveitingunni í nefndri grein fjárlaganna, því sú fjárveiting er mjög af skornum skammti.

Hið næsta, sem liggur fyrir frá nefndinni, er það, að hún stingur upp á, að bæta við ritfje bæjarfógetans 400 kr. Jeg álít þessa uppástungu á góðum rökum byggða, og vil jeg styðja hana.

Við 10. gr. C. 1. hefir nefndin lækkað fjárveitinguna til Stjórnartíðindanna og landshagsskýrslnanna, og þykir henni nóg, að örkin af landshagsskýrslunum sje borguð með 40 kr. Jeg læt þessa breytingu vera; hún er í sjálfu sjer ekki mikil, en þó vildi jeg heldur, að stjórnarfrv. hefði verið haldið óbreyttu í þessu atriði, því þó sumar arkir af landshagsskýrslunum kunni að vera fullborgaðar með 40 kr., þá eru aptur sumar arkir af skýrslum þessum svo vandasamar og útheimta svo mikinn undirbúning og erfiði, að þær mega álítast að vera fremur vanborgaðar en ofborgaðar, þó að 50 kr. sjeu goldnar fyrir þær. Það, er snertir það, sem fjárlaganefndin segir í sama lið um útsöluverð Stjórnartíðindanna, og skírskotar til, að þingið hafi 1883 verið með því, að selja þau fyrir eina krónu, og ítrekar það nú, þá skal jeg játa, að jeg skildi tillögu nefndarinnar 1883 fremur sem bendingu, en svo, að áherzla væri lögð á þessa tillögu; þess vegna hefir, ef til vill, minna tillit verið tekið til hennar, en til kann að hafa verið ætlazt. Jeg áleit þessa niðurfærslu á verði tíðindanna frá 1 kr. 66 a. til 1 kr. ekki nauðsynlega af því, að þar sem Stjórnartíð. eru seld með mjög lágu verði, eins og er, örkin fyrir tæpa 4 aura, þá er það svo lágt verð, að það eigi sýnist í rauninni geta lægra verið, ef á að selja tíðindin á annað borð, og mundi það naumast auka útbreiðslu þeirra, þó það væri lækkað meira. En jeg er fús á, að taka til greina þessa ítrekuðu bendingu, ef menn halda það standi á nokkru.

Þá breyting, sem nefndin hefir gert viðvíkjandi fje til vegabóta, felli jeg mið vel við; það er sama grundvallarregla og áður, að verja því fje, sem ætlað er til fjallvega, einkum til póstvega, og því sem ætlað er til sýsluvega, líka einkum til póstvega í sýslunum; en þetta er skýrara tekið fram nú en áður, og þykir mjer það vel fara.

Með tilliti til vitans á Reykjanesi, hefir fjárlaganefndin athugað, að sumt, sjerstaklega olían, væri óþarflega dýrt; en jeg get gefið þá skýringu, að þessi olía er pöntuð beint frá Kaupmannahöfn, af því á miklu þykir standa, að vissa sje fengin fyrir, að hún sje góð; þess vegna hefir hún orðið nokkuru dýrari, en fá má hana hjer á staðnum.

Þar sem nefndin í 10. tölul. í sama stafl., fer fram á, að tillagið til útgáfu hins ísl. lagasafns sje fært niður úr 2,400 kr. í 2,000 kr., get jeg ekki verið henni samdóma, því að það er ekkert unnið við að geyma nokkuð af því efni, sem á að koma í safnið, til 3. bindis. Álít jeg rjettara, að hafa þau í tveimur stærri bindum, þó að kostnaðurinn í bráð yrði dálítið meiri við það. Breytingartill. um, að tölul. falli burt, er jeg mikillega á móti; því jeg vona, að allir sjeu samdóma um, að miklu varðar, að þetta merkilega verk komist út sem fyrst, og væri illa farið, ef hætt væri í miðju kafi, nú þegar svo lítið er eptir, og mönnum hefir áður einmitt þótt safnið koma heldur of seint út, heldur en of fljótt.

Undir 11. tölul. hefir nefndin farið fram á, að sett verði nokkuð niður fje það, sem stjórnin hefir til tekið til viðgerðar á nokkurum kirkjum landsjóðsins. Nefndin hyggur, að aðgerðirnar geti fengizt fyrir minna verð, en stjórnin álítur. Sú áætlun, sem stjórnin hefir, er byggð á álit imanna, sem eru kunnugir ástandi og verðlagi á þeim stöðum; en jeg er hræddur um, að nefndin hafi miðað meira við það verðlag, sem henni er kunnugt um, en ekki nógu mikið við það, hvernig á stendur á hverjum stað. Því vil jeg leyfa mjer að mæla með, að þessi breyting verði ekki tekin til greina.

H. fjárlaganefnd hefir að vísu ekki gert neina breytingartill. við 6. tölul. í 10. gr. C., um gufuskipaferðirnar; en það er komin tillaga um, að það skilyrði verði sett, að farið verði eptir þeirri áætlun, sem alþingi hafi samþykkt. Mjer er ekki ljóst, hvort meint er ný áætlun, sem alþingi ætli að samþykkja, eða sú gamla, sem samþykkt er; en hvort sem heldur er, álít jeg þetta mjög varhugavert, því ef þeir samningar nást ei við gufuskipafjelagið, þó að eins muni smámunum, þá er illa farið, ef gufuskipaferðirnar raskast eða líða við það, ef stjórninni er ekki lagt fram fje til þeirra, nema með einskorðuðu skilyrði. Hjer er sannarlega ekki um verulegan mun að gera. Menn eru víst í öllum aðalatriðum ánægðir með ferðirnar, svo að hjer er um smámuni að ræða, sem hafa ekki neina verulega þýðingu fyrir landið, en gætu hindrað samninga við gufuskipafjelagið.

Þar sem h. fjárlaganefnd í 11. gr., 3. tölulið a, hefir aukið styrkinn til sjúkrahússins í Reykjavík úr 800 kr. upp í 1200 kr., þykir mjer það vel við eiga, því að sjúkrahúsið hefir að nokkru leyti þýðingu fyrir landið, og með tilliti til læknakennslunnar á það sjerstaklega skilið styrk úr landssjóði. En það er snertir breytingartill. um að hafa 2 fríplass fyrir utanbæjarsjúklinga, játa jeg, að það væri í sjálfu sjer mjög æskilegt; en þegar fjártillagið er ekki hærra en þetta, er jeg ekki viss um, að spítalastjórnin gæti sjeð sjer það fært vegna efnaleysis. Það væri æskilegt, að það gæti verið, og ef fjárveitingin hefði verið ríflegri, t. d. 2000 kr. í staðinn fyrir 1200, þá hefði jeg ekki hikað mjer við, að mæla með breytingunni, og enda þótt hún væri yfirgripsmeiri. — H. fjárlaganefnd hefir tekið til greina tillögu mína um, að auka lítið eitt gjöldin til póstferðanna, til póstafgreiðslu- og brjefhirðingarmanna, og er jeg henni þakklátur fyrir það. — Breyt.till. mín við 13. gr. stafl. A, b, 1., stendur í sambandi við aðra tillögu, sem er fram komin við tekjudálkinn, svo að jeg ímynda mjer, að forlög þessarar till. verði í samkvæmni við það.

H. fjárlaganefnd hefir ekki viljað ráða þinginu til að samþykkja 13. gr. A. b. 9. í stjórnarfrv. um 1000 kr. fjárveiting hvort árið til þess að standast kostnað við þjónustu lausra brauða. Stjórnin hefir í þessu farið eptir tillögum biskups og stiptsyfirvaldanna, því það hefir komið fram, að það hefir verið mjög erfitt að fá nokkurn til að þjóna sumum brauðum, og reynslan hefir sýnt, að tekjur af smábrauðum hafa ekki verið nógar til þess að fá presta til að þjóna þeim, með því þær eru opt mjög rýrar, og erfiðleikar miklir, og verður varla sagt, að nábúaprestum verði gert það að skyldu til langframa. Annað er, þó þeim sje gert að skyldu, að þjóna til næstu fardaga eptir vanalegum reglum. Þess vegna álít jeg þessa fjárveiting æskilega, og því vil jeg leyfa mjer að mæla fram með henni við h. þingdeild.

Það er ýmislegt, sem stjórnin hefir farið fram á í 13. gr.. sem nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að fallast á, t. d. aukinn húsaleigustyrkur við prestaskólann og ölmusufjölgun; en jeg held að h. nefnd hafi ekki tekið nóg tillit til þess, hve erfitt er fyrir menn út um landið, að kosta syni sína við menntunarstofnanir hjer; einkum hefir hún ekki tekið nóg tillit til þessa við tillögu sína um ölmusurnar. Það er rjett, að þeir, sem ríkir eru, eiga ekki að fá styrk; en þeir eru sannarlega teljandi, sem eru svo efnaðir í þeim skilningi, að þeim sje eigi erfitt að komast fram við menntunarstofnanir án opinbers styrks. Sama er um læknaskólann. Það getur verið, að eigi þurfi að halda á meiri húsaleigustyrk, en nefndin álítur, svo að jeg skal ekki fást um það; það verða ef til vill ekki fleiri lærisveinar en hún segir. En nefndin hefir líka fært niður þá upphæð, sem skólanum var ætluð til bókakaupa og verkfæra. Jeg held, að það væri æskilegt, að í þetta skipti væri veitt upphæðin full, en þó játa jeg, að þar sem nefndin hefir veitt 600 kr. fyrra árið, er það nokkur bót í máli.

Og þar sem nefndin hefir farið fram á, að veita kennara Páli Melsteð 1800 kr. laun úr landssjóði, þá er jeg því meðmæltur, því þessi maður hefir unnið lengi fyrir skólann og þar að auki gjört bókmenntum vorum gagn og sóma með ritum sínum. Hann er nú hniginn á efra aldur, og á ekki von eptirlauna, og er jeg því mjög meðmæltur uppástungu fjárlaganefndarinnar.

En þar sem nefndin ekki vill hækka laun dyravarðar við skólann upp í 1000 kr., þá skal jeg í því tilliti athuga, að jeg held að það sje ekki eins auðvelt og hún heldur, að fá mann fyrir þau laun, sem nú eru, til að gegna þeirri sýslun; það er miklum erfiðleikum bundið, og hefir ekki ætíð heppnazt vel, að fá hæfa menn til þessar sýslunar. Jeg vil því leyfa mjer að ráða til, að uppástunga stjórnarinnar verði samþykkt, en ekki tillaga nefndarinnar. Eins held jeg það sje nokkuð lítið, sem nefndin vill veita til tímakennslu; en af því það er ákveðinn gjaldaliður, álít jeg þingið mundi þá ekki taka svo hart á því, þó það sýndi sig, að nauðsynlegt væri að fara eitthvað fram úr veitingunni, til þess að halda kennslunni í rjettu og viðunandi horfi. H. fjárlaganefnd hefir ráðið til, að auka tillagið til kvennaskólanna, og er jeg samþykkur henni í því, að það sje vel til fallið. En þar sem hún ekki vill fallast á, að hækka fjárframlagið til barnaskólanna, heldur vill minnka tillag stjórnarinnar úr 3000 niður í 2000, held jeg hún hafi ekki rjett fyrir sjer. Það virðist vera maklegt fyrir þingið, að styrkja barnaskólana af landsfje, og einar 3000 kr. til allra barnaskólanna er sannarlega lítið. Jeg held nefndin gjöri of lítið úr því gagni, sem barnaskólarnir vinna. Jeg hef haldið talsverðum spurnum uppi um þá skóla, og þótt þeir að vísu sjeu enn í barndómi, þá hafa þeir samt þegar mikla þýðingu, og menn hafa almennt gott traust á þeim. Nú eru þeir orðnir svo margir, að það er ekki hægt að veita þeim öllum nokkuð sem nokkru muni, ef fjárupphæðin er 2000 kr., svo að sumir af þeim verða að fara á mis við allan styrk. Jeg vona h. þingdeild sje mjer samdóma um, að ef veita skal barnaskóla styrk á annað borð, þá verður varla minna til tekið, en 200 kr.; það er það vanalega; og ef 2000 kr. eru veittar í allt, verða ekki nema 10 skólar, sem styrk geta fengið. En nú eru fleiri skólar, sem æskilegt væri, að sem flestir gætu fengið styrk. Sveitafjelögin leggja ekki að síður talsvert í sölurnar, og í þessu ári eru þau ekki fær um mikið aukatillag. En það er sjálfsagt uppörfun fyrir sveitafjelögin, ef þau sjá, að þingið vill styrkja skóla þessa til muna úr landssjóði.

Með tilliti til alþýðuskólanna hefir h. nefnd ekki alveg viljað fallast á uppást. stjórnarinnar. Einkanlega er það fjárveitingin til Flensborgarskólans, sem stjórnin hefir ætlazt til að væri 2500 kr., en h. nefnd vill færa niður í 2200 kr. Þar sem þetta er alþýðu- og gagnfræðaskóli, getur það fjárframlag, sem stjórnin fer fram á, ekki talizt hátt, og með því að prívatmaður hefir lagt svo mikið til, að skólinn gæti komizt á fót, og með því gjört það, sem er öldungis einstaklegt hjer á landi, þá ætti það vel við, að h. þing styrkti þennan skóla svo, að það kæmi honum að verulegu gagni. Og þótt lítill munur sje á 2500 og 2200, getur þá stofnun munað um það, sem hefir litlar tekjur. Það gæti jafnvel að mínu áliti verið ástæða til, að færa þetta tillag upp í 3000 kr.; en stjórnin vildi þó ekki stinga upp á meiru en 2500 kr., til þess að fara sem skemmst.

Tillögur h. nefndar viðvíkjandi fje til kennslu stýrimanna álít jeg mjög vel til fallnar, og get jafnframt eigi annað en hallazt að breyt.till. þeirri, sem fer fram á að veita þar að auki styrk nokkrum mönnum til að taka erlendis próf í sjómannafræði.

Með tilliti til landsbókasafnsins eru breytingartill. h. nefndar ekki svo verulegar, að jeg finni ástæðu til að fara mörgum orðum um þær. En þar sem h. nefnd hefir farið fram á, að færa niður um helming

styrkinn til amtsbókasafnanna, bæði á Akureyri og Stykkishólmi, og veita þeim að eins 100 kr. hvoru, í staðinn fyrir 200 kr., þá get jeg ekki verið þeirri breytingu hlynntur. H. nefnd hefir byggt þessar tillögur sínar að minnsta kosti meðfram á því, að hún hafi ekki fengið neinar skýrslur um þessi bókasöfn; en jeg verð að geta þess, að hin h. nefnd hefir ekki leitað þeirra hjá mjer; jeg skyldi fúslega hafa látið h. nefnd þær í tje.

Þar sem h. nefnd hefir farið fram á, að veita 300 kr. til Þjóðvinafjelagsins, þá álít jeg það vel til fallið; því fjelag þetta hefir á hinum síðari árum gefið út mjög góð alþýðleg rit, og er því maklegt, að styrkja það.

Það er ein breyt.till., sem jeg hefi gert við 13. gr. A. b., að bætt verði inn nýjum tölulið svo hljóðandi: Til launa handa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Rvík, 1200 kr. Jeg hafði hreyft því við h. fjárlaganefnd, að hún vildi koma fram með þessa uppástungu; en hún hefir ekki fundið ástæðu til að fallast á það. Jeg hygg, að allir, sem kunnugir eru, verði að játa, að embætti dómkirkjuprestsins er orðið svo örðugt, að það er ofvaxið einum manni að gegna því fullkomlega. Þess vegna hafði hinn núverandi dómkirkjuprestur farið fram á það, að stofnað yrði fast aðstoðarprestsembætti með 2000 kr. launum úr landssjóði, en þó til vara, að veittur yrði styrkur, til að dómkirkjupresturinn gæti tekið sjer persónulegan kapellán. Stjórninni þótti ísjárvert, að fara fram á, að stofnað yrði nýtt embætti, en viðurkennir þó, að nauðsyn beri til, að eitthvað sje gert í þessa stefnu; og þess vegna hefi jeg í umboði stjórnarinnar farið fram á, að 1200 kr. verði veittar sem styrkur handa aðstoðarpresti, með því líklegt er, að efnilegir kandídatar hjeðan af prestaskólanum mundu finnast, sem eins vel kynnu að vilja vera hjer aðstoðarprestar nokkur ár, eins og að fara þegar til einhvers lítils brauðs uppi í sveit. Þannig gæti sami tilgangur náðzt án frekari byrði fyrir landssjóðinn. Jeg veit, að mörgum er það kunnugt, hve örðugt dómkirkjuprestsembættið er orðið og hve mjög erfiðleikar þessa embættis hafa vaxið á síðari árum, við það, að íbúum í prestakallinu hefir fjölgað svo mjög. En ef álykta ætti þar af, að tekjurnar hefðu aukizt að sama skapi, þá er því ekki svo varið, því mest hefir bætzt við af fátæklingum, sem ekkert verulegt gjalda til prests. Erfiðleikarnir við dómkirkjuprestsstörfin hafa þannig mjög aukizt síðan hinn núverandi prestur kom, án þess tekjurnar hafi aukizt að sama skapi. Þar í liggur mikil sanngirnisástæða til að veita honum styrk af landssjóði, til þess að hann geti tekið sjer aðstoðarmann. Ef ríflar væru tekjur brauðsins, þá mætti segja, að hann gæti sjálfur borgað aðstoðarpresti; en þar sem tekjurnar ekki ná 4000 kr., er ekki von, að hann geti lagt svo mikið fram, sem þarf til þess, eða það sem nokkru nemi. Í þessu liggur því sanngirniskrafa; og hitt er víst, að embættisþjónustan útheimtir meiri krapta, en einn maður getur látið í tje, svo að sjálfur söfnuðurinn ætti líka að vinna við þetta.

H. nefnd hefir farið fram á það, að þóknunin til þessara 3 aukalækna verði aukin svo, að hún nemi 900 kr. til hvors. Það álít jeg vel til fallið; en þó álít jeg betri breyt. till. nr. 276, sem fer fram á, að launin verði til hvers þeirra 1000 kr. Það er alls ekki of hátt, ef launa á þessum aukalæknum svo, að staða þeirra verði nokkurn veginn aðgengileg, því það er neyðarúrræði að fara fram á það, að sveitarfjelögin launi þessum mönnum. Ef þörf þessara aukalækna er viðurkennd, er líka skylda landssjóðsins að launa þeim eins og öðrum læknum, án þess að sýslufjelögin eigi að leggja nokkuð til, eða þá sem allra minnst. Það er komið fram frv. um breyt. á skipun læknahjeraða, og ímynda jeg mjer, að ef það kæmist í kring, mundu þessir aukalæknar falla burt, svo að því leyti má skoða þetta sem bráðabyrgðarákvörðun.

Breyt. h. nefndar við 10. gr. C. 4 snertir að eins athugasemdina innan stryks og fellst jeg vel á hana. Aptur á móti eru margar aðrar breyt.till. fram komnar, sem

ganga út á að rýra þennan styrk, sem ætlaður er til eflingar búnaði, og get jeg alls eigi fallizt á þær. Jeg vil helzt mæla með þessum tölulið eins og hann er orðaður hjá h. fjárlaganefnd.

Jeg gat þess áðan, þegar jeg talaði um 10. gr. C. 10, að h. nefnd hefði fært niður fjárveitinguna til að gefa út lagasafnið. En hjer er breyttill. um að það falli alveg burt. Jeg verð í mesta máta að mæla á móti breyt.till.

Það er að eins ein breyt.till., sem jeg enn vil minnast á; það er nr. 289, sem fer fram á það, að við 10. gr. A. 1. verði bætt við athugasemd um, að amtmannaembættin verði ekki veitt á fjárhagstímabilinu. Þessu verð jeg að vera alveg mótfallinn. Annað er nú þegar veitt, en í hinu er settur amtmaður. Jeg álít, að h. þingdeild eigi ekki að hafa nein afskipti af um veitingu embætta; það er hans hátign konungurinn, sem veitir embætti þessi, án þess alþingi eigi atkvæði þar um, og konunginum og stjórninni er kunnugt um vilja þingsins í þessu efni. En stjórnarinnar skoðun er enn þá óbreytt með tilliti til þessara embætta, að þau eigi að halda sjer framvegis, og vil jeg því sjerstaklega leggja það til, að þessi athugasemd verði ekki sett inn á fjárlögin.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson: Jeg, og jeg vona nefndin líka, er glaður yfir, að hæstv. landshöfðingi hefir fundið að mjög fáu og óverulegu, og að hann fjellst á margt, sem nefndin hefir stungið upp á. Nefndin hefir sjálfsagt skilið fjárveitinguna í 9. gr. eins og hæstv. landshöfðingi, að þar af skuli greiða ekki einungis gjöld þau, sem hvíla á alþingishúsinu, heldur einnig það, sem gengi til viðhalds húsinu. En þar sem hæstv. landshöfðingi leit svo á, að ekki væri nógu vel borgað fyrir að semja landshagsskýrslurnar með því að greiða 40 kr. fyrir örkina, þá er jeg honum alveg ósamdóma um það, því að hjer er ekki að tala um að semja, heldur að eins að safna saman og draga út úr hinum og þessum skýrslum, og jeg er sannfærður um, að hver, sem hefir tíma til þess, tekur á móti því með glöðu geði fyrir þessa borgun. Jeg hygg, að þetta sje ekki heldur það vandaverk, að erfitt verði að fá hæfan mann til þess fyrir þessa borgun. Mjer fannst, að hinum hæstv. landshöfðingja væri ekki um það, að setja Stjórnartíðindin niður, með því að verðið á þeim nú væri mjög lágt. Það er satt, að verðið er lágt, en útbreiðsla þeirra er mjög lítil, og hún er þó nauðsynleg, því að almenningur þarf að fá að vita það, sem í þeim er. Nefndin vill því gera tilraun til að afla þeim meiri útbreiðslu með því, að setja þau niður. Um veitinguna til Reykjanesvitans hef jeg ekki annað að segja, en það, sem stendur í nefndarálitinu, nefndin vill vekja athygli á því, hvort það væri ekki nokkuð hátt, að gefa 30 aura fyrir hvern pott af steinolíu, sem má hjer fá fyrir 18—19 aura, og hvort það sje því nauðsynlegt, að kaupa hana eins dýrt og gert er.

Að því er snertir fjárveitinguna til þess að gefa út »Lovsamling for Island«, þá gerir það lítið til, hvort bætt er við hana 400 kr. eða ekki. Er nú víst að safnið verði ekki stærra en stjórnin hefir ætlast á, svo að ekki þurfi að veita fje til þess að gefa út nýtt bindi? En hvað sem því líður, þá held jeg, að það sje ekki skaði, þótt það bíði til næstu fjárlaga, að veita meira fje til þessa fyrirtækis, með því að auðsjeð er, að allan sparnað verður við að hafa. Hæstv. landshöfðingi lagði áherzlu á, að sett hefir verið niður fjárveitingin til viðgerðar á kirkjum landssjóðs, og ætlaði, að í því efni yrði að fara eptir áliti kunnugra manna. En jeg vil benda á, að þegar vjer í nefndarálitinu ætluðum til Munkaþverárkirkju 400 kr., þá erum vjer ekki svo fjarri áætluninni; því að hver er hinn áætlaði kostnaður? 424 kr.; munurinn er því að eins 24 kr., sem nefndin áleit að gerði hvorki til nje frá, en hún vildi helzt hafa svona sem menn segja »rund Sum«. Að því er snertir Möðruvallakirkju, þá höfum vjer viljað veita henni 200 kr., þar sem áætlunin nemur 220 kr.; hjer er því ekki vikið mikið frá áliti kunnugra manna. En þar, sem þeir menn, sem skoðað hafa kirkjuna, hafa stungið upp á nýju þaki, þá taldi nefndin eptir

þeim skýrslum, sem hún hafði fyrir sjer, að þakið væri ekki orðið svo skemmt, að ekki mætti gera við það, og taldi því ekki nauðsyn að veita fje til þess að leggja nýtt þak á kirkjuna að þessu sinni. Mjer finnst því nefndin ekki eiga mikið álas skilið fyrir naumleik sinn við þessar kirkjur. Að því er snertir Vestmannaeyjakirkju, þá hefir nefndin fært fjárveitinguna til hennar verulega niður. Stjórnin hefir beðið um 1600 kr., en áætlunin nemur 1950 kr. Hvort er nú rjettara, upphæðin hjá stjórninni eða hjá þeim, sem áætlunina hefir gert, þegar annar segir, að það þurfi 1950 kr. til viðgerðarinnar, en svo kemur annar og býðst til að gera það fyrir 1600 kr.? Þá vil jeg spyrja: getur ekki komið þriðji maður og boðizt til að gera það fyrir enn minna? Það get jeg vel ímyndað mjer, og að hann þó geti haft góðan hagnað af. Það er heldur engan veginn sýnt, að viðgerðin, eins mikil og sagt er, sje nauðsynleg, og nefndin áleit eptir þeim skýrslum, sem hún fjekk um málið hjá landshöfðingja, að með þessum 1000 kr. væri kirkjan frelsuð frá öllum skemmdum, og því held jeg að hún hafi farið nógu langt. Það er annars undarlegt með þessa kirkju: á seinustu fjárlögum fjekk hún 1100 kr., og nú vill hún aptur fá 1600 kr. Jeg verð að segja, að það er nokkuð dýrt viðhald á þessari kirkju, í 4 ár 2700 kr.

Nefndin hefir því komið með uppástungu um, að gera tilraun til að losa landssjóðinn við kirkjur sínar; en það er sjálfsagt, að ef sveitarfjelögin fást til að taka við þeim, þá muni þau heimta, að þeim sje skilað í góðu standi, eða að þeim fylgi hæfilegt ofanálag. Vilja menn nú ekki vita, hvort Vestmannaeyingar vilja ekki taka við kirkju sinni, og með hvaða kjörum, áður en stórfje er lagt henni til aðgerðar? Ef svo fer, þá er nógur tími til að hugsa um meiri fjárveiting til hennar.

Þar sem hæstv. landshöfðingi var óánægður með, að nefndin hefði strykað út í 13. gr. A. b. 9. fjárveiting til að borga prestum fyrir þjónustu lausra brauða, þá get jeg ekki verið honum samdóma um það. Þegar brauð eru laus — setjum 800—900 kr. brauð — þá held jeg að presturinn í nágrannabrauðinu, sem settur er til að þjóna því, fái ómak sitt fullborgað með tekjum brauðsins, þótt eigi sje við bætt úr landssjóði. Það er annað, sem jeg vildi leiða athygli að, og það er, ekki hversu lítil er borgunin, heldur örðugleikarnir, sem gera það, að prestarnir vilja nauðugir taka að sjer að þjóna þessum lausu brauðum, og þeir minnka ekki, þótt borgunin sje hækkuð. Það er búið að skipa prestaköllunum svo, að það er orðið næstum ómögulegt fyrir suma presta að þjóna sínum eigin brauðum, sem þeim eru veitt, og þegar svo á að fá þá til að þjóna öðrum lausum brauðum jafnhliða, þá eru þeir neyddir til að segja nei. Jeg vil spyrja, hver ætli að vildi þjóna Mýrdalnum með öðru brauði, þótt bætt væri töluverðu við borgunina, þar sem næsti prestur fyrir austan er fyrir austan Mýrdalssand, og næsti prestur að vestan fyrir vestan Sólheimasand, og það háaldraður maður? Til hvers ætli væri að bjóða þessum mönnum 100 kr. viðbót til að þjóna Mýrdalnum? Það er ekki til neins, þótt þeim væru boðnar 200 kr., já, þótt það væru 300 kr. þeim er það alls eigi auðið. Það eru ekki peningarnir, heldur örðugleikarnir, sem gera erfitt að fá presta til að þjóna lausu brauðunum. En ef til þess kæmi, að eitthvert lítið brauð losnar, sem örðugt yrði að fá þjónað án uppbótar, þá eru nógir peningar til þess, þótt þessum staflið sje sleppt, þar sem fjeð er, sem ætlað er til bráðabyrgðauppbótar fátækum brauðum.

Að því er snertir ölmusurnar við prestaskólann, þá þótti hinum hæstv. landshöfðingja heimasveinsplássin of fá, og gerði hann ráð fyrir, að skólann. myndu sækja 22 lærisveinar. En þegar nú styrkurinn á prestaskólanum nemur alls 2680 kr., þá virðist það töluverður styrkur, þó að lærisveinarnir sjeu 22. Þessi styrkur er fólginn í fylgjandi greinum:

3 ölmusur úr landssjóði . . .	600 kr.
3 ölmusur frá háskólanum . . .	600 —
leigur af sjóðum skólans . . .	200 —
	Flyt 1400 kr.

Fluttar 1400 kr.
húsaleigustyrkur . . . . . 1280 —
sem verður til samans . . . . 2680 kr.

Það er satt, að það eru margir fátækir á skólanum, sem þurfa styrks við, en það eru líka sumir, sem engan styrk þurfa, — jeg gæti nefnt suma af þeim, ef jeg vildi — og það var alls ekki tilætlun nefndarinnar, að allir ættu að fá styrk. Það má líka taka tillit til þess, að þessir menn fá embætti undir eins og þeir eru búnir að taka próf, já, og jafnvel áður, því að það er farið að semja við þá að taka brauðin áður en þeir eru búnir að taka prófin. Auk þess er námstíminn svo stuttur, að kostnaðurinn getur aldrei numið mjög miklu.

Að því er snertir fje til bókakaupa og verkfæra til læknaskólans, þá þarf jeg ekki að tala um það, því að mjer er nóg að vísa til þess, sem stendur í nefndarálitinu. Vjer sjáum ekki nauðsynlegt að kaupa miklar bækur til skólans, því að kennslubækurnar eiga piltarnir sjálfir að kaupa; en að því er til verkfæranna kemur, þá eru þau lítið notuð við kennsluna, fyr en kemur á spítalann; það er fyrst þar, þegar sjúklingar eru opereraðir, að þarf á verkfærum að halda, og það er því sptalinn, sem á að eiga verkfærin, en ekki læknaskólinn. Ef komið hefði fram uppástunga um að veita spítalanum fje til verkfærakaupa, þá væri öðru máli að gegna.

Þar sem vjer nefndarmenn höfum lækkað laun dyravarðarins við lærðaskólann um 100 kr., þá eru launin hin sömu, sem verið hefir að undanförnu, og jeg veit ekki til, að neinir örðugleikar hafi verið á að fá menn til að gegna dyravarðarstörfunum fyrir þau laun, og nú sækja nógir um það. En það er annað atriði, sem jeg vildi vekja athygli á, og það er ekki, hversu peningarnir eru litlir, heldur hversu húsnæðið er lítið, sem gerir örðugt að fá menn til þess. Jeg veit af einum manni, sem er ágætlega fallinn til þess starfa, og er reyndur í þeim efnum, og ef hann nú hikaði sjer við að sækja um þennan starfa, þá er það af því, að húsnæðið vantar. Ef hinn hæstv. landshöfðingi vill losa stofuna við hliðina á dyravarðarstofunni, sem umsjónarmaðurinn hefir nú, þá skal jeg útvega ágætan dyravörð, en það er conditio sine qua non. Það verður að eins skilyrðið, að hann fái þessa stofu. Jeg sje heldur enga ástæðu til að láta umsjónarmanninn halda þessari stofu lengur.

Að því er snertir fjárveitinguna til tímakennslu, þá held jeg að 1000 kr. sjeu nógar til hennar, úr því að landshöfðingi fellst á uppástungu nefndarinnar um, að láta Pál Melsteð hafa sjerstök laun, 1800 kr., fyrir kennsluna í sögu, því að þá verður upphæðin hjer um bil hin sama og að undanförnu, þar sem til þessarar kennslu munu hafa gengið að minnsta kosti um 600 kr. Þar sem hæstv. landshöfðingi ætlaði, að of lítið fje væri lagt til barnaskólanna, og að margir væru þess verðir, að þeir væru styrktir, þá get jeg ekki lagt eins mikla áherzlu á nauðsyn barnaskólanna upp til sveita eins og hann; en jeg verð að játa, að nauðsynin á barnaskólum er við sjávarsíðuna, og að þar sje nauðsynlegt að styrkja þá, ekki af því, að þar sjeu allir svo fátækir, heldur af því, að ástæðurnar eru svo, að þeir geta ekki gefið sig við uppfræðslu barna sinna, því að þeir eru allt af á sjó og við sjó, og konurnar hafa líka svo mikið að starfa, að þær geta ekki skipt sjer neitt verulega af uppfræðslu barnanna; þetta er nú allt öðruvísi upp til sveita; þar hafa bændur nógan tíma til að fræða börn sín, og sjerstaklega hafa konurnar tækifæri til þess, því að þær eru lausar við öll þau störf, sem tálmar þeim frá að uppfræða börnin, og það er mín sannfæring, að heimakennslan sje miklu hollari, en skólakennslan. Auk þess eiga prestarnir að líta eptir kennslunni og styðja hana, og þótt þeir eigi ekki að kenna sjálfir, þá geta þeir sannarlega hjálpað mikið til án sjerlegrar fyrirhafnar. Að því er snertir, að sveitarfjelögin leggi til þessara skóla, þá eru þau víða ekki aflögufær við sjávarsíðuna. Þótt 7—10 börn gangi á þessa skóla í sveitinni, þá ímynda jeg mjer, að hæstv. landshöfðingi verði að játa, að þegar árangurinn af skólunum er ekki meiri en svo, þá sje ekki vert að eyða mjög miklu fje til þeirra.

Við sjávarsíðuna eru barnaskólarnir malum necessarium, ef jeg má svo að orði kveða; en heimakennslan er hin bezta, og henni má koma við upp í sveitum. Það eru sannarlega ekki barnaskólarnir, sem hafa aflað Íslendingum þess orðtírs, að bændur þeirra væru betur að sjer en bændur annarstaðar, heldur einmitt fræðsla sú, sem þeir hafa fengið í heimahúsum.

Viðvíkjandi Flensborgarskólanum, þá þótti hæstv. landshöfðingja tillagið til hans allt of lítið; en jeg verð að telja það fullríflegt, hversu vel sem upphafsmanni þessa skóla hefir farizt; það játa allir, að honum hefir verið sannarlega umhugað um að gera landi sínu gagn, og ekkert sparað til þess í þessu efni; en tillögin til þessa skóla eru líka allt af að hækka, og mjer virðist nefndin hafa verið svo sanngjörn, sem af henni verður heimtað. Nefndin fjekk reyndar reikninga um kostnað þessa skóla, en þar var ekki gert grein fyrir, hvað gengi til barnaskólans og hvað til alþýðuskólans; en það verður þingdeildin að fá að vita. Ef barnaskólinn þarf að fá styrk, þá á hann að snúa sjer til landshöfðingja; en þegar litið er til útgjaldanna við alþýðuskólann sjálfan, þá verð jeg að álíta, að þetta tillag sje furðu-ríflegt.

Þá kem jeg nú til breytingartillaganna. Jeg verð að biðja deildina að gæta vel að, hvernig hagur vor stendur, áður en hún samþykkir breytingartillögurnar. Eptir stjórnarfrumvarpinu, þá eru tekjurnar hjer um bil 4000 kr. minni en gjöldin. Nú hefir verið stungið upp á, að nema á burt ábúðar- og lausafjárskattinn, og setja ýmsa tolla í staðinn; sum af þessum tollafrumvörpum eru þegar fallin, og jeg býst við, að hin falli líka, og að það verði ofan á, að ábúðar- og lausafjárskatturinn verði lækkaður um helming, og við það mundu tekjurnar rýrna um 23,000 kr. að minnsta kosti, því að það kom fram hjá þm. S.-Þing. (J. S.) í gær, að þessi skattur mundi vera fullhátt settur hjá nefndinni. En þegar maður lítur á þessar breytingartillögur, þá nema þær 40,598 kr., því að það hleypir fram, að veita 16,000 kr. til aukaþings að ári. En auk þess virðist mjer, að þessi upphæð muni ekki nægja; jeg held, að ekki sje óhætt að ætla minna en 20,000—22,000 kr. Kostnaðurinn við síðasta alþing var yfir 30,000 kr. Ferðakostnaður þingmanna verður hinn sami, hvort sem þingið er stutt eða langt, og yfir höfuð verður kostnaðurinn líkur; munurinn á kostnaðinum er mestur fólginn í dagpeningum þingmanna. Ef gjört er ráð fyrir, að þingið standi í mánuð, sem vel má gjöra ráð fyrir, því að ef stjórnin leggur þetta frumvarp fyrir þingið, þá verða líklega fleiri frumvörp að fylgja með, — þá nema dagpeningarnir fyrir þennan eina mánuð 5000—6000 kr. Þetta verður jeg að biðja þingmenn að hafa hugfast, þegar þeir gefa atkvæði fyrir breytingartillögum, sem hafa veruleg fjárútlát í för með sjer.

Að því er snertir breytingartill. við 10. gr. C. 4. á 277. blaði, að orðin »þar af helmingi« falli burt og að öllu fjenu sje því skipt upp á milli sýslunefndanna, þá getur nefndin ekki fallizt á hana. Hún getur ekki álitið rjett, að svipta landshöfðingja þannig öllum ráðum með tilliti til þessa fjár, og fyrirbyggja, að hann geti styrkt einhverja aðra. Hún verður að álíta, að það sje heppilegast, eins og verið hefir að undanförnu, að sýslunefndirnar fái ráð yfir helmingnum, en landshöfðingi úthluti hinum helmingnum eptir uppástungum amtsráðanna. Að því er snertir breytingartill. við 10. gr. C. 10, um að fella burt fjárveitinguna til að gefa út »Lovsamling for Island«, þá hefir h. hæstv. landshöfðingi svarað upp á hana og nefndin er þar alveg á sömu skoðun og hann. Að því er snertir breytingartill. við 10. gr. C. 4, sem fer fram á, að landshöfðingi úthluti 10,000 kr. af fje þessu, til þess að stofna ábyrgðarsjóð fyrir innlend fiskiveiðapilskip, þá er jeg samdóma h. þm. Vestm. (Þ. J.), að nauðsynlegt sje, að efla þilskipaútveg og að hann getur ekki komið að fullu gagni nema ábyrgð fáist fyrir skipin. Jeg er fús á að styðja að því, að slíkur ábyrgðarsjóður komist á; því fyr en hann kemst á, fjölga þilskip varla neitt

verulega. En til þess að landssjóður geti farið að styrkja slíkt fyrirtæki, þurfa landsmenn sjálfir fyrst að stofna ábyrgðarfjelag, og þá vildi jeg leggja það til, að landssjóður ekki gæfi fjelaginu 10,000 kr., heldur að hann tæki upp á sig ábyrgð á nokkrum hluta af verði skipanna, þangað til sjóðurinn þætti nógu mikill. En eins og uppástungan liggur fyrir, get jeg ekki fallizt á hana, því hjer er enginn ábyrgðarsjóður stofnaður, og auk þess fá þilskip, svo að jeg held að h. þm. Vestm. (Þ. J.) gerði rjettast í, að halda ekki þessu breytingaratkv. fast fram að svo komnu.

Að því, er snertir breytingartill. frá 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) við 10. gr. B, 3, a um að hækka laun umsjónarmannsins við hegningarhúsið úr 800 kr. upp í 1000 kr., þá eru töluverðir örðugleikar á þeirri uppfærslu, en jeg skal þó ekki mæla á móti henni, ef deildin vill samþykkja hana, og það gerir nefndin ekki heldur.

Þar á móti getur nefndin ekki fallizt á breyt.till. sama þm. (J.Ól.) um að lækka fjárveitingu til útgáfu Stjórnartíð. úr 1591 kr. niður í 1450 kr., ekki af þeirri ástæðu, að nefndin vilji ekki spara þetta fje, heldur af því, að upphæðin til þessarar útgáfu verður ávallt að vera áætluð, og það gerir því ekkert til, hvort hún er nokkrum krónum lægri eða hærri, því að, ef ekki þarf allt fjeð til útgáfunnar, þá verður afgangur; en þurfi meira, verður landshöfðingi að hafa ráð með, að bæta við þessa upphæð, með því landssjóður verður að sjálfsögðu að bera allan kostnað af útgáfunni. Þar sem sami þm. (J. Ól.) stingur upp á, að færa niður styrkinn til eflingar búnaði úr 20,000 kr. niður í 10,000 kr., þá verður nefndin að setja sig þvert á móti þessari uppástungu, því, ef landbúnaðarstyrkurinn kemur að gagni, þá vil jeg veita hann heldur meiri en minni. Ef 20,000 kr. er talinn of mikill styrkur, þá er það hið sama sem að segja, að það fje komi ekki að gagni. Jeg hefði miklu betur getað skilið, að þingmaðurinn hefði viljað færa styrkinn upp í 30,000 kr. úr 20,000 kr.

Að því er snertir breyt.till. hans við 10. gr. C. 10, um að fella burtu fjárveitinguna til að gefa út »Lovsamling for Island«, þá hefir landhöfðingi svarað henni, og nefndin er honum þar alveg samdóma.

Að því er snertir breyt.till. við 9. gr., að aptan við hana bætist: »til kostnaðar við auka-alþingi árið 1886 veitast allt að 16,000 kr.«, þá er víst nauðsynlegt, að taka upp þessa fjárveitingu, eptir þeirri stefnu, sem þingið hefir tekið.

Aptur verð jeg að vera á móti því, að athugasemdin um veitingu amtmannaembættanna verði tekin upp í fjárlögin. Annað þeirra var veitt þegar eptir árið 1883, og þar með hefir stjórnin sýnt sína skoðun, að hún er alveg á móti afnámi þessara embætta. Slík athugasemd á heldur ekki við í fjárlögunum. Þess konar athugasemd hefir einu sinni komizt inn á fjárlögin, og lá við, að hún yrði til þess, að fjárlögin kæmust ekki út. Ef þingd. vill enn halda áfram afnámi amtmannaembættanna, þá ætti hún að semja um það þingsályktun eða lagafrv.

Hið sama er og að segja um athugasemdina viðvíkjandi útborgun fjárins til gufuskipaferðanna. Nefndin verður að vera alveg á móti henni. Hún gæti orðið til þess, að fjelagið segði sem svo: Ef jeg á að binda mig í öllu við ferðaáætlun þingsins, þá vil jeg helzt ekkert við það eiga. Þetta getur orðið til þess, að við missum af nokkrum ferðum og ferðirnar verði ef til vill þar að auki dýrari. Það væri miklu betra, ef þingið semur nokkra slíka ferðaáætlun, að setja athugasemd aptan við hana, að þingið treysti því, að stjórnin fylgi því fast fram, að farið verði eptir henni, og að ferðirnar verði að öllu sem haganlegastar.

Að því er viðvíkur breytingunni við 10. gr. C. 4. tölul. (294), að »af hinum helmingnum gangi eigi minna en 3,000 kr. hvort árið til búnaðarskólans á Hólum«, þá hefir nefndin, í áliti sínu, óskað, að svo mikið yrði lagt til hans, sem unnt væri, og sem einkum er nauðsynlegt sökum

kostnaðar við smíðar á skólahúsi. Nefndin hefir því í sjálfu sjer ekkert á móti þessari breytingu, en hún álítur hana óþarfa.

Að því er viðvíkur 11. gr., um aukalæknana, þá liggur hjer þrennt fyrir, stjórnarfrumv. með 700, 800 og 900 kr., nefndarálitið með 900, og breyt.till. með 1,000 kr., og geri jeg það að engu kappsmáli, þótt jeg reyndar verði að álíta, að 900 kr. sje nóg borgun, og ganga þessir læknar, þar að auki sjálfsagt fyrir, þegar stofnuð verða læknaembætti með fullum launum,

Að því er snertir breytinguna við 11. gr. á nr. 282, að 37,150 kr. komi í staðinn fyrir 36,926, þá er ekki gerð grein fyrir, hvernig á þessari breytingu stendur; en jeg þykist vita, að þessi viðbót sje laun læknisins á Ísafirði, sem hefir misst 224 kr. á ári af því, sem hann átti að hafa, samkvæmt áður gildandi lögum. En í máli einu hefir verið dæmt, og hefir sá dómur fallið í þá átt, að þeir ættu enga heimting á þessu fje, með því þau lög hefðu ekki gildi, en með því þeir höfðu fengið von um, að fá þessi laun, þá mælir mikil sanngrini með því, að þeir sjeu ekki sviptir þeim; en hún getur ekki gengið að þessari breytingu að þessu sinni.

Breyt.till hæstv. landshöfðingja við 13. gr. A. b. 1, um gjöldin til prestakallanna, er nauðsynleg afleiðing af því, sem samþykkt var í gær í tekjukaflanum, og er því ekkert um það að segja.

Það er illa farið, að jeg og nefndin hefir ekki getað fallizt á þá breyt.till. hæstv. landsh., sem fer fram á fjárveiting til aðstoðarprests dómkirkjuprestsins hjer; en jeg vil vekja athygli hæstv. landsh. og þingdeildarinnar á því, hvernig það muni líta út, ef þessi ákvörðun stendur í fjárlögunum nú, að þetta fje skuli veita til aðstoðarprests hjá dómkirkjuprestinum, en svo stendur í lögum 27. febr. 1880: »Þær 800 kr., sem dómkirkjuprestinum eru nú ætlaðar, skulu falla burtu«. Þetta er óviðkunnanlegt. Jeg skal játa það, að störf dómkirkjuprestsins eru orðin fjarska-mikil og tekjurnar hafa ekki vaxið að sama skapi sem fólksfjöldinn. Og ef þingdeildin skyldi fallast á þessa fjárveitingu, þá er jeg hræddur um að þá kæmu fleiri beiðnir um aðstoðarpresta á landssjóðs kostnað, sem þá yrði torveldara að neita, allra helzt ef beiðni kæmi frá gömlum og slitnum prest í erfiðu brauði. Nefndin íhugaði þetta mál vel og vandlega, en sá sjer þó ekki fært að fallast á það.

Þá kemur viðaukatill. þm. Vestm. (Þ. J.) um 150 kr. styrk til organleikara í Vestmanneyjakirkju. Það er illt, að Vestmannaeyingar skuli vera svo illa staddir, að geta ekki haldið söng uppi í kirkju sinni. Svo finnst mjer, að 150 krónur sje helzt til mikið fyrir að spila í kirkjunni á organið, enda á það illa við, að þessir menn gjöri sig kostbæra, sem hafa á landssjóðs kostnað fengið kennsluna fyrir ekkert, og svo held jeg að þeir slökkvi ekki miklu niður, þótt þeir leiki á organ í kirkju fyrir lítið eða ekkert. Jeg álít það ekki nema gaman fyrir organistann í Vestmannaeyjum, að gera þetta fyrir lítið eða alls ekkert.

Svo vill sami þm. fá 1600 kr. í stað 1000 kr. til viðgerðar á kirkjunni í Vestmannaeyjum, og á þm. virkilega lofsorð skilið fyrir það, að hann vill styðja sveitunga sína af öllum mætti.

Þá kemur breyting frá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) við 11. gr., um að kauplaus rúm skuli jafnan vera á spítalanum fyrir 2 utanbæjarsjúklinga; þessari breyt. hefir hæstv. landsh. svarað, en jeg vildi að eins óska, að h. uppástungum. komi með þessa breyt. uppást. öðruvísi lagaða til 3. umr.

Þá kemur breyt. við 13. gr. B. V., að við læknaskólann skuli veita að eins 4 piltum húsaleigustyrk; þetta álít jeg ekki rjett; vjer þurfum að fá sem flesta og bezta lækna; því að ef annað verður ekki mælt á móts við peninga, þá verður ekki líf og heilsa manna vegin á sömu metaskál sem peningar. Nefndin getur því ekki fallizt á þessa breytingu.

Ekki getur nefndin heldur fallizt á, að fækka ölmusunum við lærðaskólann. Landsmenn láta sjer annt um að mennta sonu sína, og vill nefndin ekki draga neitt úr

þeim áhuga; og jeg fyrir mitt leyti álít miklu betra og heppilegra, að gefa nokkrum efnilegum piltum styrk til að ganga gegn um hinn lærða skóla, en að stofna skóla út um landið, og fyrst foreldrarnir sjálfir vilja kosta miklu til menntunar sona sinna, er sanngjarnt, að landssjóður kosti nokkru til. Jeg álít þetta breyt.atkv. ekki tímabært, og vildi helzt óska, að það yrði tekið aptur af uppástm.

Ekki getur nefndin heldur fallizt á breyt. við 13. gr. C. 1. d., að hætt sje að semja bókaskrá yfir landsbókasafnið. Það er nauðsynlegt að ljúka við að semja þessa bókaskrá, svo menn bæði geti vitað, hvaða bækur eru til, og að þær verði fljótt fundnar.

Þá er breyt. h. þm. Eyf. (A. Ó.) við 13. gr. C. 3. um Sýslumannaæfirnar; jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti þessum viðauka, en álít hann þó óþarfan, því úr því Bókmenntafjelagið hefir tekið að sjer, að gefa út þetta rit, má telja víst, að það geri það; það hefir heldur ekki sagt, að það mundi hætta því, heldur að eins fresta því.

Að því er það snertir, að auka styrkinn til forngripakaupa upp í 1000 kr., þá hefir nefndin þegar að fyrra bragði hækkað styrkinn úr 500 kr. upp í 700 kr., og meira vill hún ekki hækka hann, enda hefir hún enga skýrslu sjeð um, hvernig þessum 500 kr. hefir verið varið; nefndin er ekki þar með að efast um, að þeim hafi verið vel og rjettilega varið; en hún vildi þó sjá einhverja skýrslu, áður en hún hækkaði meira.

Þá er breyt. h. þm. Barðstr. (E. K.) um hækkun launa bókavarðarins við landsbókasafnið um 200 kr. Jeg verð að játa, að það er talsverð ástæða; maður sá, sem hjer er um að ræða, er farinn að eldast, og hefir víst í 37 ár starfað að umsjón landsbókasafnsins, fyrst fyrir litla sem enga borgun; síðan voru honum veittar 100 kr.; 1875 var það hækkað upp í 600 kr., og 1883 upp í 1000 kr., og finnst mjer margt mæla með því, að þessi borgun til bókavarðarins sje hækkuð upp í 1200 kr.; en jeg vil hafa það persónulega viðbót við hann.

Þá held jeg, að jeg hafi farið í gegn um flestar breyt.till., sem fram eru komnar, og ætla svo ekki að tala fleira að sinni.

Jón Jónsson: Það hafa komið mótmæli frá h. landsh. og h. framsögum. (H. Kr. Fr.) gegn breyt.till. þeim, sem jeg hef gert ásamt h. 1. þm. N.-Múl. (Þ. K.), nema þeirri, sem fer fram á fjárveiting til aukaþings. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) hjelt þó, að 16,000 kr. væri of lítið ætlað til aukaþingsins. Það getur verið, enda komum við með tillögu þessa í því skyni, að koma málinu til tals, en gerum það ekki að kappsmáli, og getur h. deild bætt við upphæðina eptir því, sem þörf þykir, ef hún annars aðhyllist tillöguna.

Að því, er snertir þá tillögu okkar, að amtmannaembættin sjeu ekki veitt á fjárhagstímabilinu, þá er þetta því nær hið sama sem stóð í fjárlögunum frá þinginu 1879; og á þingi 1883 var samþ., að af nema amtmannaembættin, en það var eigi að eins neitað um staðfesting á þeim lögum, heldur var amtmannsembættið fyrir norðan veitt, og vilji þingsins þannig alveg fótum troðinn. Eins og þingið 1879 setti þetta ákvæði inn í fjárlögin, getur það og gert það nú. Að hreyfa ekkert við þessu máli nú, væri með öllu ósamboðið virðingu þingsins. Vera kann, að rjettara sje, að gera það með þingsályktunartillögu. En hins vegar get jeg ekki sjeð nokkuð á móti því, að koma þessu ákvæði inn í fjárlögin. Að því, er breyt.till. við 10. gr. C. 6. um gufuskipaferðirnar snertir, þá höfum við það fyrir augum, að þingið mundi semja ferðaáætlun um gufuskipaferðirnar, og viljum halda því fastlega fram, að gufuskipafjelagið fylgi þeirri áætlun. H. landsh. tók það fram, að menn væru mjög ánægðir með ferðatilhögun gufuskipanna; en því fer fjarri. Menn hafa t. d. hvað eptir annað óskað, að skipið kæmi á Borðeyri og krafizt þess, en það hefir enn eigi orðið. Það hefir heldur engin gangskör verið gerð að því, að Húnaflói yrði mældur upp. Skipið

hefir stundum komið á Djúpavog, »þegar veður og vindur hefir leyft», en það er allt of sjaldan, því að það er, ef til vill, hvergi, méðal hinna núverandi komustaða skipsins, sem jafnmikil þörf er á að skipið komi við, sem þar, til þess að ljetta undir samgöngum og viðskiptum manna þar eystra, sem eru svo mjög afskekktir. Það er annars vafasamt, hvort landsmenn hafa svo mikið gagn af gufuskipaferðunum í kring um landið, að það svari þeim 18000 kr., sem varið er til þeirra, þegar þessum ferðum er hagað eins og nú gengst við. Það eru mest kaupmenn, sem hafa gagn of þessum ferðum nú, og, ef til vill, pöntunarfjelögin; en þau gætu eins notað skip Slimons, enda gera sum það. Gufuskipin ættu að vera bundin við ferðaáætlun, sem þingið semdi; en mjer þykir þingið gera of lítið úr sjer með því, að vera allt af að semja áætlanir, sem ekki er farið eptir.

Þá get jeg minnzt á fjárveitinguna til Hólaskóla; ef hann á að fá fje úr landssjóði, þá verður og Eyðaskólinn að fá það, því að hann er fyrir Austfirðinga, eins og Hólaskólinn er fyrir Norðlendinga, og er þannig líkt á komið með þeim. Ættu þeir því að fá jafnt báðir.

Að því, er aðrar greinir snertir, þá er jeg h. nefnd samdóma í flestu, en þó eigi alstaðar. Jeg er t. a. m. samdóma h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um, að fækka ölmusum til hins lærða skóla. Það þarf eigi að laða menn að þeim skóla með fje; þangað koma nógir samt. Í gegn um hann þurfa eigi að ganga langt um fleiri en nægi til embættismanna. Enda er önnur menntun þarflegri fyrir landið. Það er hin mesta þörf á að efla verklega menntun landsmanna, sem eru svo skammt á veg komnir í mörgum atvinnugreinum. Vjer þurfum nú að fá útlendinga til alls, sem lýtur að verklegum framförum, til að mæla upp hafnir, til vegagjörða, til að kenna oss fiskirækt, o. s. frv. Þótt jeg beri virðing fyrir hinum lærða skóla, þá tel jeg hina verklegu menntun meir umvarðandi, en latínulærdóminn, enda er ekki nauðsynlegt, að svo margir gangi lærða veginn, sem nú gerist.

Jón Sigurðsson: Jeg stend upp með hálfum huga til að gera grein fyrir atkvæðum mínum, því að það er svoddan moldviðri af breytingartillögum komið, að varla er unnt að átta sig á þeim, þar sem sumum þeirra hefir fyrst verið útbýtt í dag, svo að jeg hef varla haft tíma til að lesa þau yfir. Jeg ætla nú að reyna að fara aðra leið en h. framsögum. (H. Kr. Fr.). Hann fylgdi greinum frv., en jeg ætla að fara eptir númerum breytingartillaganna.

Jeg ætla þá fyrst að byrja á nr. 275, og er þar fyrst fyrir breytingaruppástunga hæstv. landshöfðingja um laun handa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Rvík. Þessu hefir h. framsögum. (H. Kr. Fr.) svarað, og er jeg honum alveg samdóma; jeg sje enga ástæðu eða nauðsyn til að veita fje til þessa, því að dómkirkjubrauðið er hið lang-tekjumesta brauð á landinu, og því skyldi þá eigi prestur þess geta kostað sjálfur aðstoðarprest, eins og aðrir prestar, sem þurfa aðstoðarprests við, verða að gera? Jeg álít, að eigi sje ástæða til að víkja frá þeirri reglu, sem nú gildir, að prestar kosti sjálfir aðstoðarpresta sína, því, ef svo yrði gert, gæti leitt af því, að fleiri prestar beiddu um þetta sama, og væri þá eigi sanngjarnt að neita þeim um styrk til að halda aðstoðarprest, þegar búið er að veita dómkirkjuprestinum slíka ívilnun. Ef dómkirkjupresturinn, sem nú er, treystir sjer eigi til að þjóna brauðinu, þá er honum innanhandar að sækja burt, og efast jeg eigi um, að hann fengi eitthvert af hinum beztu brauðum landsins. Ef t. d. Grenjaðarstaðarbrauð losnaði, þá mætti benda honum á að sækja um það, því að mjer skildist, að h. þingdm. um daginn álitu það fullgott brauð handa hverjum presti.

Hið annað breyt.atkv. hæstv. ldsh. á sama númeri, um árgjald prestakallanna, er eðlilegt að samþ. sje sem afleiðing af því, sem samþ. var í gær; en mjer finnst það þó eigi viðkunnanlegt, að sinni reglu sje fylgt hvort árið í fjárlögunum, og að annað árið renni árgjöld brauðanna í landssjóðinn, en hitt árið eigi; það hefir verið borið fyrir, að stjórninni væri eigi mögulegt að innheimta

árgjöld prestakallanna fyrra árið á fjárhagstímabilinu; en ef svo er, þá getur hún haft þann útveg, að taka það sem á vantar upp í aukafjárlög.

Þá kemur breytingartill. nr. 276 við 11. gr. 2., um að hækka styrk hinna þriggja aukalækna úr 900 kr. á ári upp í 1000 kr. Mjer er næst skapi að greiða atkvæði mitt með þessari breytingartill., því að úr því að þingið á annað borð hefir veitt fje til aukalækna, þá eru þessi laun eigi of há, og mitt álit er, að þegar menn gera eitthvað, sem til umbóta eða framfara horfir, þá eigi ekki að gera það til hálfs, heldur til fulls, og vil jeg því eigi, að verið sje að naga þennan styrk svo mjög við neglur, að enginn fáist til að takast þessa stöðu á hendur.

Þá kemur nr. 277 við 10. gr. C. 4.; það er breytingartill. við frv. nefndarinnar um, að orðin: »þar af helmingi» falli burt. Við, sem höfum komið með þessa breytingartill., álítum rjettast, að sýslunefndir eingöngu fengju búnaðarstyrkinn til útbýtingar. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að eigi væri rjett, að landshöfðinginn hefði eigi umráð yfir því fje eins og áður. Jeg játa, að það er alls eigi hægt að ásaka landshöfðingjann fyrir úthlutun hans á þessu fje, því að hann hefir farið eptir tillögum amtsráðanna í því tilliti; en mjer er kunnugt, að meðferð amtsráðanna á þessu fje er ekki almennt vinsæl, og er það því almenn skoðun, að minnsta kosti fyrir norðan, að það sje rjettara, að sýslunefndir hafi umráð yfir fjenu fremur en amtsráðin. Mjer finnst heldur ekkert eðlilegra en að sýslunefndirnar ráði yfir þessu fje.

Næst kemur breytingartill. nr. 278 við 10. gr. C. 10. um, að 2,460 kr. bæði árin til að gefa út »Lovsamling for Ísl.» falli burt. Álit okkar, sem komum með þessa breytingartill., er það, að með þessari fjárveitingu sje landinu bakaður óþarfakostnaður, sem þingið ætti að leiða hjá sjer að þessu sinni, því að þótt »Lovsamling for Isl.» kunni að vera góð bók í sjálfu sjer, þá er eigi brýn nauðsyn til að halda því safni áfram, allra sízt í þessu harðærisástandi. Jeg get nokkuð dæmt um þetta af eigin reynslu, því jeg held safnið, eða rjettara sagt, hjelt það allt fram að 1854, að Stjórnartíðindin fóru að koma út; þá hætti jeg að kaupa það; því fyrir almenning eru bæði hin eldri og yngri Stjórnartíðindi fullnægjandi, svo í því tilliti þurfum við ekki á lagasafninu að halda. Það getur í vísindalegu og sögufræðislegu tilliti verið æskilegt, að halda lagasafninu áfram með tíð og tíma; en jeg held, að yfirstandandi tíminn sje eigi hentugur til þess, og að rjettara sje að verja því fje, sem til þess er ætlað, til einhvers þarfara.

Þá er næst breytingartill. nr. 280 við 10. gr. B. 4. í frv. stjórnarinnar, um, að 10,000 kr. sje varið til þess að stofna ábyrgðarsjóð fyrir innlend fiskiveiða-þilskip. Jeg get alls eigi fallizt á þetta; því jeg álít, að það eigi ekki við, að landssjóður sje í verki með að stofna slíka ábyrgðarsjóði. Eigendur skipanna ættu að byrja sjálfir á, að setja slíkan ábyrgðarsjóð á stofn. Það hafa Eyfirðingar gert, og hefði h. þm., sem kom með þessa uppástungu, átt að leita upplýsingar hjá þeim um fyrirkomulag sjóðsins. Eyfirðingar hafa sjálfir stofnað þennan ábyrgðarsjóð fyrir þilskip sín, án þess að biðja um fje úr landssjóði til þess, og hefir þetta fyrirtæki heppnazt mjög vel, og orðið þilskipaútgerð Eyfirðinga til mjög mikilla framfara.

Þá er breytingartill. nr. 281 við 13. gr. B. V., að á eptir staflið d komi: »Allt að 10 ungum mönnum veitist 300 kr. styrkur hverjum á fjárhagstímabilinu til að taka próf í sjómannafræði erlendis, með því skilyrði, að þeir sýni skilríki fyrir því, að þeir sjeu æfðir sjómenn (fuldbefarne»). Jeg get engan veginn greitt atkvæði með þessu, af þeirri ástæðu, að mjer finnst rjettara að koma upp innlendri sjómannakennslu, og er jeg í því tilliti nefndinni alveg samdóma. En jeg skal játa, að mjer virðist nefndin hafa verið heldur smátæk til þessa sjómannaskóla, sem hún ræður til að stofnaður sje hjer á suðurlandi, og mundi jeg hafa greitt atkvæði með, ef hún hefði farið fram á meira fjárframlag til þeirrar stofn-

unar. Sem sagt greiði jeg atkvæði með nefndinni, þar sem hún veitir fje til sjómannafræðisnáms hjer innanlands, en álít enga ástæðu til að veita styrk til sjómannafræðisnáms erlendis.

Breytingartill. nr. 282 hef jeg eigi enn getað áttað mig á, og get því eigi talað um hana.

Í breytingartill. nr. 286 eru breytingarnar ýmist miðaðar við stjórnarfrv. eða nefndarfrv., og vil jeg því bíða skýringar h. flutningsm. (J. Ó.); en þó get jeg alls eigi fallizt á breytingartill. við 10. gr. C. 4. um, að styrkurinn til eflingar búnaði sje lækkaður um helming. Jeg get engan veginn samþykkt þá breytingaruppást. h. þm. (J. Ó.). Hvernig sem ástand landssjóðsins og landsins yfir höfuð er, þá er það hin mesta ósvinna fyrir þingið, að minnka styrkinn til eflingar búnaði úr því sem hann hefir verið. Atvinnuvegi landsins verður þingið að styrkja eptir ýtrasta megni, og þar megum vjer þingmenn ekki hopa á hæli hið allra minnsta, heldur sækja áfram svo sem föng eru á. Jeg get þess til, að uppástungumanni sje eigi alvara með þetta, og að hann muni taka breytingartillöguna aptur, áður en til atkvæða kemur. Um hinar uppástungurnar á blaðinu er mjer eigi enn ljóst, og get jeg því eigi talað um þær.

Þá er viðaukatill. nr. 289 um, að veita 16,000 kr. til kostnaðar við aukaþing 1886, og um að veita eigi amtmannaembættin á fjárhagstímabilinu.

Viðaukatill. um aukaþingskostnaðinn er eðlileg, ef búið væri að ákveða að halda auka-alþingi næsta ár; en nú er það eigi, og er því of snemmt að gera ráðstafanir um þann kostnað. Auk þess álít jeg það eigi nauðsynlegt, því að ef þing yrði haldið næsta ár, þá efast jeg eigi um, að stjórnin sjái veg til að kosta það. Hún getur gripið til þeirra úrræða, að semja aukafjárlög um þann kostnað, sem af þessu aukaþingi leiddi, og leggja þau fyrir það til samþykkis. Jeg er því eigi á móti tillögunni í sjálfu sjer, en er heldur þakklátur uppástungumönnunum fyrir hana; en mjer þykir hún of snemma upp borin.

Hvað amtmannaembættin snertir, mun jeg, þó jeg álíti þau óþörf, vera á móti tillögunni, og álít rjettast að bíða með þau, þangað til menn vita, hvernig stjórnarskrárfrv. reiðir af, og er því bezt að láta amtmennina í friði þangað til.

Hvað snertir breytingartill. við 10. gr. C. 6. um, að útborga eigi gufuskipafjelaginu þessar 18,000 kr. til strandferðanna kring um landið, nema því að eins, að farið verði eptir ferðaáætlun þeirri, er alþingi samþykkir, þá játa jeg það, að það væri næst mínu skapi, að greiða atkvæði með þessu; en álít á hinn bóginn ískyggilegt að samþykkja það, því að, ef gufuskipsfjelagið gengi eigi að þeirri ferða-áætlun, sem þingið setur, gæti svo farið, að vjer fengjum engar gufuskipsferðir. Jeg álít því bezt að fela þetta stjórninni á hendur.

Þá er breytingartill. nr. 290, sem er ákvæði um »Sýslumannaæfirnar», og get jeg eigi gefið því atkvæði mitt, því að þótt mjer þyki vænt um að fá Sýslumannaæfirnar, þá finnst mjer eigi nauðsynlegt að taka það upp í fjárlögin, að þær sjeu gefnar út. Þótt jeg sje gefinn fyrir sögu, og vildi því feginn fá framhald þessarar bókar, held jeg að hún sje eigi svo nauðsynleg fyrir almenning.

Um Forngripasafnið aðhyllist jeg tillögu nefndarinnar, og er því á móti breytingartillögunni.

Nú kemur breytingartill. nr. 296 við 13. gr. C. 1. a. nefndarfrv. um, að hækka laun bókavarðar landsbókasafnsins úr 1000 kr. í 1,200 kr. á ári. Með þeirri till. þarf jeg eigi að mæla, með því að h. framsögum. (H. Kr. Fr.) hefir gert það. Bókavörðurinn er mjög virðingarverður maður, eins og allir munu viðurkenna, og hefir unnið að safninu milli 30 og 40 ár, og mestan hluta af þeim tíma fyrir lítið eða ekkert kaup, og nú hefir hann eigi annað við að styðjast, en þau laun, er hann fær sem bókavörður. 1000 kr. er sárlítið til að lifa af í

Reykjavík eptir sögn, og ef 2000 kr. laun handa skólakennurunum eru of lítil, þá eru þetta víst of lítil laun handa aldurhnignum manni, þó hann sje enginn fjölskyldumaður. Jeg álít því rjett, að veita þessa launaviðbót þessum manni, ef eigi af meðaumkun, þá í virðingarskyni við hann.

Breytingaruppást. nr. 301 er ómögulegt að sjá, hvar við á, og get jeg því ekkert um hana talað. *(Forseti:* Hún á víst við 16. gr., og er því eigi fyrir í dag).

Þá er síðast viðaukatillaga nr. 302 við 10. gr. C. 4., um að 2000 kr. á ári gangi til búnaðarskólanna á Hólum og Eyðum. Með þeirri tillögu ætla jeg að greiða atkvæði mitt, því að úr því að þessir skólar eru komnir á fót, þá finnst mjer að ætti að styðja þá svo sem föng eru á, og vonast jeg eptir, að því fje sje vel varið, sem til þessara skóla gengur.

Jeg ætla svo eigi að tala meira um breytingartillögur þessar að sinni, en vegna þess að þær eru svo margar, og þar eð engin atkvæðaskrá er til að átta sig á, þá getur verið, að villur slæðist inn í fjárlagafrv. við þessa umræðu málsins, og áskil jeg mjer því rjett til breytingartill. við 3. umr.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að leyfa mjer að tala sjerstaklega um breytingartill. mínar.

Hin fyrsta breytingartill. mín er við 10. gr. B. 3. a. við nefndarfrv. um laun umsjónarmanns hegningarhússins, að þau verði hækkuð úr 800 kr. í 1000 kr. á ári. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) tók vel undir tillöguna, enda eru 1000 kr. eigi mikið til að lifa af, og álít jeg rjettara að samþykkja þetta en margt annað. Það er eins ranglátt, að launa manni með sveltilaunum, eins og að oflauna mönnum um hóf fram. Hvorttveggja er ranglátt.

Önnur breytingartill. mín er við 10. gr. C. 1. b. í nefndarfrv. um Stjórnartíðindin: að í staðinn fyrir 1591 kr. komi 1450 kr. Jeg byggi á þeirri arkatölu, sem gjört er ráð fyrir í frv., og skal jafnframt geta þess, um það, að landstjórnin kaupir nú pappírinn í tíðindin talsvert dýrara en hann er verður; hún kaupir hann hjer hjá pappírssala í Reykjavík, í stað þess að fá hann erlendis frá, sem væri miklu ódýrra, þar eð pappírssali þessi setur pappírinn óhæfilega upp. Ef sá sparnaður með pappírskaupin, sem hægt er að hafa, væri hafður, þá væri upphæð sú, sem jeg tiltók, nægileg. Jeg ætlast eigi til að tíðindin verði minni, heldur ætlast jeg til að með því að viðhafa hæfilega hagsýni, megi fá eins góðan pappír og nú í tíðindin, þótt þau verði eins stór og ráðgjört er, og upphæðin 1450 kr. nægi til þessa. Jeg gæti gefið h. þm. glöggari upplýsingar um þetta milli umræðanna, með því jeg hefi sjálfur keypt frá Englandi sams konar pappír og er í tíðindunum.

Breytingartill. mín við 10. gr. C. 4 um að færa styrkinn til eflingar búnaði niður um helming, held jeg fái verstar undirtektir hjá h. deild. Jeg kom með sams konar uppástungu á þingi 1883, og nú kem jeg með hana aptur, og er það af tveimur ástæðum: 1., af því, að jeg hef hvergi getað sjeð, að sú fjárveiting verði að verulegu gagni, heldur upp og niður að litlum notum, þar eð það gengur sem bitlingar til einstakra manna, sem eru í náðinni, en búnaður landsins yfir höfuð hefir fjárins lítil sem engin not; og 2., stendur það í sambandi við breytingartill. mína við 16. gr., 5. tölul., að styrkurinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja verði færður úr 7000 kr. niður í 3000 kr. Skoðun mín er sú, að alþingi, en eigi framkvæmdarstjórnin, ætti að úthluta þessu fje. Alstaðar í heiminum draga þingin sem mest vald til sín, enda álít jeg þingið miklu færara til þess en framkvæmdarstjórnina. Þingið hefir miklu fjölbreyttari þekking, heldur en hún, um beiðnir þær, sem berast að, og betur sjá augu en auga. Það er fjarri mjer að ætla, að fje þetta hafi verið vísvitandi vanbrúkað hingað til; en það getur orðið. Það getur orðið að aukabitlingum til einstakra manna, sem eru hollir framkvæmdarstjórninni. Mjer finnst því eigi rjett, að fela henni á hendur veitinguna, heldur ætti

þingið sjálft að veita fjeð, eða að minnsta kosti gjöra út um með já-i eða nei-i allar fjárbeiðslur, sem fyrir því liggja, en vísa þeim eigi til stjórnarinnar. Og flestir, sem fyrirtæki hafa í hyggju, geta komið til þingsins með beiðni sína; stjórnin ætti að eins að hafa í höndum litla—mjög litla—upphæð, til fyrirtækja, er eigi var unnt að fyrir sjá, þá er þing var saman. Þingið ætti annars einkum að styrkja þess leiðis stórfyrirtæki, sem ella yrðu eigi framkvæmd, en spara fjárveitingar til einstakra manna. Sú mun raun á verða, að stærri styrkur til stórræða í framkvæmdum er notadrýgri, en smáskammtar til smáfjelaga eða embættismanna. Jeg vil til dæmis taka, jeg ætla jeg muni það rjett, að Rangvellingar báðu eitt sinn um, að mega verja fje þessu til hestaræktar, og ef það hefir verið veitt, er eigi líklegt, að það hafi orðið að miklum notum. Þannig eru menn eins og í vandræðum með, undir hverju yfirskyni menn eigi að lauma fje þessu í vasa einhvers gróðamanns, eins og hjer hestamannsins í Rangárvallasýslu. Þessi smáskammtaútbýting, sem verður til lítils gagns, var ástæðan til breytingartill. minnar, en eigi það, að jeg vilji eigi styrkja atvinnuvegina.

Næsta breytingartill. mín er við 10. gr. C. 10, um að verja engu fje til útgáfu »Lovsaml. for Island«. Með sömu breytingartillögur hafa aðrir líka komið, og skal jeg því vera fáorður um hana. Lovsamling for Island er að sönnu eigi ógagnleg, en engin knýjandi ástæða er til að halda henni nú áfram. Hún hefir nú að eins vísindalega þýðingu, en eigi praktiska, og mætti því fresta að gefa hana út.

Þá hef jeg gjört breytingartill. við 11. gr. 3. a. í frv. nefndarinnar um fje til spítalans, að aptan við töluliðinn bætist: »með því skilyrði, að á spítalanum sje jafnan kauplaust rúm fyrir tvo utanbæjarsjúklinga«. Jeg skal játa, að það hefði verið heppilegra, að áskilja rúm fyrir einn utanbæjarsjúkling, með því það stæði í rjettara hlutfalli við styrkinn. Hæstv. landshöfðingi sagðist mundi hafa verið með 2 utanbæjarsjúklingum, ef styrkurinn hefði verið ætlaður 2000 kr., og verður hann því víst eigi á móti einum, því að þótt þriðji hlutinn af fjenu, sem nefndin hefir ætlað spítalanum, sem er 1200 kr., allt svo 400 kr., væri skoðað sem borgun fyrir, að kennslan á læknaskólanum fer þar fram, eru þó eptir 800 kr., sem mjer finnst gefa rjett til rúms fyrir einn utanbæjarsjúkling.

Ein breytingartill. mín er enn við 13. gr. B. III, c, 5 í stjórnarfrv. um ölmusur til lærða skólans, að lækka þær úr 8000 kr. niður í 6000 kr.; það er alls eigi af því, að jeg vilji eigi styrkja þetta nám, heldur er það af því, að mjer finnst að fjárlögin veiti meiri styrk en nauðsynlegt er, því að sumir af þeim piltum, sem styrkinn fá, eru hans eigi þurfandi, og sumir þeirra eiga hann líka trauðlega skilið.

Mjer finnst engin þörf á því, að veita sumum piltum úr Reykjavík ölmusu, og er það eigi til annars, en að veita þeim vasapeninga sumum hverjum, og álít jeg það eigi rjett. Hinn alkunni fiskifræðingur A. Feddersen, sem var hjer á landi í fyrra sumar, hefir ritað bók um Ísland, sem mjer finnst rituð með mikilli sanngirni. Þar segir hann meðal annars, hve óviðkunnanlegt sjer hafi þótt að sjá skólapilta og stúdenta þá fáu daga, sem hann dvaldi hjer í Rvík, rápa inn að drykkjuborðinu á veitingastöðunum til að drekka sig ölvaða, og að stúdentar byrji opt nám sitt með að drekka sjer staup. (*H. Kr. Fr.*: Það er ekki satt.) Jú, það er satt, því miður; það vita allir, og veit jeg að engum fellur slíkt ver en hinum h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), sem er við skólann riðinn. Þetta eru sumir hverjir sömu piltarnir, sem fá ölmusurnar og heimasveinsvistirnar. Þegar piltum hjeðan úr Rvík, og það kannske sumum þeim, sem eru síður en ekki reglupiltar, eru veittar ölmusur, þá finnst mjer of mikið fje veitt; en það hlýtur að vera, að styrk þessum sje svona út býtt af því, að fleiri verðugir eru ekki til; og úr því eigi eru fleiri verðugir til, ætti alls eigi að veita meira fje en jeg hef stungið upp á.

Ástæður fyrir breyt.till. minni við 13. gr. B, II, b, 5 við stjórnarfrv. eru hinar sömu. Stjórnarfrv. vill veita 8 lærisveinum læknaskólans húsaleigustyrk; en jeg fer fram á, að þeir sjeu eigi fleiri en 4, og álít jeg það nóg. Setjum nú svo, að 8—10 lærisveinar væru á skólanum; finnst mjer samt eigi skylda, að veita fleirum en 4 styrkinn, því það eru engin líkindi fyrir fleirum, sem styrksins hafa þörf. Það er engin nauðsyn til, að veita sonum embættismanna í Reykjavík *húsaleigustyrk*; þeim yrði eigi úthýst af foreldrum sínum fyrir það, þótt þeir fái ekki sveitarstyrk af landssjóði, ef svo má kalla. Styrkurinn verður að vera bundinn við *þörf*, en jeg veit, að sumir af læknaskólastúdentunum hafa stundum brúkað hana til alls annars en til að borga húsaleigu, því að þeir hafa drukkið hann út á veitingahúsum. *(L. Bl.:* Er þingmaðurinn svo kunnugur þar?). H. þm. getur spurt nær í ætt sína! Jeg gæti fært sönnur á þetta og nefnt suma þeirra með nafni, ef h.þm. Húnv. vill bera brigður á orð mín; en leiði það hjá mjer að sinni.

Enn er breytingartill. frá mjer við 13. gr. C. 1. d. í nefndarfrv., um að tölul. um að semja bókaskrá yfir landsbókasafnið falli burt. Jeg skal í sambandi við þetta gera grein fyrir áliti mínu um breyt.till. nr. 296, um að hækka laun bókavarðarins úr 1000 kr. á ári upp í 1200 kr.; jeg get eigi verið með því, ekki af því, að bókavörðurinn sje eigi persónulega verður þess, heldur af því, að hann er þess eigi verður sem bókavörður; jeg vil því eigi láta veita honum það sem bókaverði. Hann hefir unnið bókmenntum vorum sóma, en er nú orðinn svo gamall, að hann getur eigi verið bókavörður. Jeg vil því alls eigi launa honum fyrir það, sem hann getur eigi gert; hann sjer eigi og þekkir eigi bækurnar nje bókaskrá sína. Á þennan hátt vil jeg eigi veita honum fje; en vil heldur koma með breyt.till. við 3. umr., að veita honum 1200 kr. á ári í heiðurslaun, ef hann segir af sjer starfi sínu. Af því hefir bókasafnið betra.

Nú er að minnast á bókaskrána. Til hennar var veitt 1870..... 600 kr.
árið 1881 ..... 400 —
og nú í tvö hin síðustu ár..... 1200 —
Samtals: 2200 kr.

og ef ætti að bæta við það 800 kr. á fjárhagstímabilinu, þá mundi hún kosta 3000 kr.; en þótt þetta sje dýrt, þá er hitt lakara, að það, sem unnið hefir verið til þessa fyrir fje þetta, er alveg einskis nýtt — ekki til nokkurs minnsta gagns eða stuðnings, ef nokkurn tíma á að semja bókaskrá í lagi. Bókavörðurinn hefir eigi hugmynd um, að raða niður bókum á bókasafni eða færa þær á skrá. Hjer við safnið er nú fylgt reglu, sem hvergi er framar brúkuð annarstaðar í menntuðum heimi. Allt er unnið svo, að ef það ætti að koma safninu í lag, eins og þörf tímans krefur og annarstaðar tíðkast, þá er allt ónýtt, sem gert hefir verið, og öllu þessu fje er alveg kastað í sjóinn. Það gerði þar sama gagn. Jeg vil minnast á eitt dæmi upp á, hverja hugmynd bókavörður hefir um bókmenntir. Jeg þurfti einu sinni að fletta upp í Hamiltonska tímaritinu, og vissi jeg, að það var til á landsbókasafninu, og fór jeg því þangað. Hamiltons tímarit var eitt hið nafnkunnasta og bezta tímarit á norðurlöndum á sínum tíma; titillinn er: »Nordisk tidskrift för ekonomi, politik och litteratur«. Hamilton greifi gaf það út í Lundi, og vissi jeg, að það hafði verið gefið hingað á þjóðhátíðinni; en yfir þá gjöf er prentuð skrá, og hinum sænsku bókum raðað eptir efni. Jeg fór að leita í skránni. Jeg leitaði í pólitiskum ritum, jeg leitaði í bókmenntaritum og jeg leitaði í hagfræðisritum, og fann hana hvergi. Loksins eptir ½ ár fann jeg hana af hreinni tilviljun, er jeg var að leita að öðru í skránni; en hvar? Þótt jeg ætti þúsund krónur hjer í vasa mínum, þá þyrði jeg að leggja þær hjerna á borðið og bjóða að gefa þær hverjum þeim þingmanni, sem gæti getið upp á, í hvaða

flokki. Þótt þeir yrðu í allan dag, þá mundi enginn nokkurn tíma geta getið þess. Jeg fann hana í »búnaðarritum« !!, og hefir hún líklega verið sett þar af því, að á titilblaðinu stendur »ekonomi«. Til samninga slíkra bókaskráa vil jeg eigi veita peninga, og vil því alls eigi veita neitt fje í þessu skyni fyr en menn fást, sem færir eru til, að semja bókaskrána. Þetta er ekki af því, að jeg vilji ekki hlynna að safninu; jeg er þvert á móti hlynnandi því, eins og jeg hefi opt sýnt, bæði í orði og verki.

Þá er breyt.till. mín við nefndarfrumvarpið, 13. gr. C. 4., um að 300 kr. styrkur á ári til Þjóðvinafjelagsins falli burt. Jeg get eigi fallizt á, að það sje þörf á, að styrkja það fjelag. Það er allt öðru máli að gegna með Bókmenntafjelagið. Bókmenntafjelagið gefur með fram út vísindalegar bækur, sem fáir kaupa, sem eigi eru í fjelaginu; tilgangur Þjóðvinafjelagsins er aptur á móti ekki sá, því að bækur þær, sem það hefir valið og gefið út, eru alþýðlegs efnis, og útgengilegar, og hafa því gengið vel út meðal almennings. Þetta er tilgangur þess, og veit jeg að hann hefir vel tekizt, því að bækurnar hafa yfir höfuð verið vel valdar. Mjer finnst því eigi ástæða til, að styrkja fjelagið, enda hefir þessu aldrei verið hreyft áður; en jeg hef heldur eigi heyrt, að það ætlaði að fara að ráðast í nokkuð nýtt, svo það þyrfti nú fremur hjálpar við en áður.

Auk breyt.till. minna vil jeg að eins minnast á þær frá öðrum, sem eru á nr. 289. Hin fyrsta er um amtmannaembættin, að þau yrðu eigi veitt á fjáhagstímabilinu. Þetta ákvæði hefir staðið í fjárlögum áður, en 1881 var því sleppt, fyrir tilmæli stjórnarinnar, eða umboðsmanns hennar á alþingi, og var það vegna þess, að hann gaf í skyn, að stjórnin mundi taka tillit til vilja vors, og veita eigi amtmannaembættin, engu síður, þótt stjórninni væri trúað til þessa, en eigi settur stóllinn fyrir dyrnar með beinu skilyrði. Jeg gaf þá atkvæði mitt með því, að ákvörðuninni yrði sleppt; var það sumpart af kurteisi við stjórnina, og með fram af því, að jeg treysti stjórninni betur þá, en jeg geri nú; en jeg iðrast sárlega eptir því, því að stjórnin hefir nú sýnt það, að hún verðskuldar ekki þá kurteisi, að alþingi treysti á loforð hennar; og vil jeg því helzt, að skilyrðið standi ávallt í fjárlögunum. Jeg óska því, að breyt.till. fengi atkvæði h. þingd.m., því að þó stjórnin hingað til hafi eigi tekið tillit til vilja þjóðarinnar, heldur veitt annað amtmannsembættið, þá er hitt embættið enn óveitt, og eins gæti það, sem nú er veitt, losnað, og gæti það því, ef til vill, haft nokkurn árangur, að ákvörðun þessi standi í fjárlögunum.

Jeg er með breytingartill. við 10. gr. C. 6 um ákvörðunina um gufuskipskostnaðinn. Það er undarlegt, að landstjórnin skuli horga út fje til gufuskipafjelagsins, þrátt fyrir það þó það fylgi eigi einu sinni ferðaáætlun sinni, hvað þá alþingis, og brýtur þannig skýra samninga við stjórnina. Skipin hafa opt þotið á undan tímanum og hefir opt verið kvartað um það aptur og aptur, t. d. á Vestmannaeyjum biðu menn óbærilegan halla af aðferð þess. Þó hafa engar bætur komið og jafnvel ekkert svar upp á kærur manna. Jeg álít skyldu landsstjórnarinnar, að annast um, að fjelagið rjúfi ekki þannig samninga, eða haldi hvorki orð nje eiða, ef jeg mætti svo segja; ætti landsstjórnin að gangast eptir, að fjelagið svari sektum, ef það fer svo að; stjórnin hefir hæginn hjá sjer, að halda skaðabótum eptir af tillaginu úr landssjóði. Jeg hef reyndar heyrt, að skipstjórinn, sem var á skipinu við Vestmannaeyjar, hafi sagt, að hann hafi fengið ákúrur; en menn þeir, sem hallann biðu, eru engu bættari fyrir það. Mjer finnst, að fjelagið hefði átt að borga allan skaðann, og jeg álít það skyldu landsstjórnarinnar, að halda eptir af fjenu fyrir skaðabótum og yfir höfuð að vernda rjett alþýðu manna. Þeir, sem fyrir tjóni verða, eru opt fátækir, fákunnandi og lítilsigldir, og eru þess ekki um komnir, að reka sjálfir rjettar síns. En það er bein skylda stjórnarinnar, að vernda rjett þeirra

í þessu; annars er hún hrein óstjórn; betra nafn á hún þá ekki skilið.

Breytingartill. við 9. gr., að við hana sje bætt, að 16000 kr. sjeu veittar til aukaalþingis að sumri 1886, vil jeg biðja h. flutningsm. að taka aptur, því að hún er óþörf, því að þótt alþingi verði haldið þá, þá er það ekkert auka-alþing. Samkvæmt 61 gr. stjórnarskrárinnar, samanborinni við 5. og 8. gr., skal konungur, ef breyting á stjórnarskránni nær samþykki beggja þingdeildanna, leysa þegar upp alþingi og stofna til almennra kosninga að nýju og stefna alþingi saman næsta ár á eptir. Þessar kosningar eru til 6 ára, og þingið ekki aukaþing, heldur reglulegt þing. Því einkenni aukaþings er meðal annars það, að konungur getur stefnt því saman þá er og ef hann vill, og ræður hann þá, hversu langa setu það eigi (6. gr. stjórnarskr.); en það liggur í hlutarins eðli, að konungur getur ekki takmarkað eptir vild samverutíma þess þings, sem á að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þegar þetta kemur fyrir, þá er breytingin að eins sú, að alþingi færist af ójöfnu árunum á jöfnu árin, og helzt það svo þangað til alþingi verður leyst upp aptur. Alþingin næstu, hin reglulegu, verða því 1886, 1888, 1890 o. s. frv. Aptur á móti er auka-alþingi samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar ekki endilega hvert það þing, sem kemur saman á ári með jöfnu ártali, heldur þing, sem kemur saman fyrir utan lögboðinn þingtíma, og sem konungur hefir vald til að kalla saman og láta sitja svo lengi sem hann vill; þetta er ekki tilfellið með reglulegt þing. Þetta hefir því mikla þýðingu í stjórnarskrármálinu, þegar menn eru að gera grýlu úr kostnaðinum. Kostnaðurinn færist að eins til, svo að hann kemur fyrir á fyrra ári næsta fjárhagstímabils; en eykst ekkert. Þetta er gott að öllum sje ljóst.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hefi beðið um orðið vegna þeirra breytingartill., sem jeg hefi komið með. Jeg er h. framsögum. (H. Kr. Fr.) þakklátur fyrir undirtektir hans undir stóru breyt.till. mína. Jeg viðurkenni, að hún er ekki sem bezt orðuð; en það er hægt að laga það við 3. umr. Jeg treysti því, að þingið líti velvildaraugum til þessarar breyt.till. Sjávarútvegurinn hefir optast orðið út undan hjer á þingi, og hefir þingið þó seilzt til að fá tekjur af þeirri grein; því óskiljanlegra er það, að sjávarútvegurinn skuli ekki hafa verið styrktur betur, og litið hefir jafnvel svo út, sem þingið hafi hneyxlast á því, þegar farið hefir verið fram á aukning í þá átt.

Jeg hefi heyrt nú koma fram mótbárur frá h. þm. S.-Þing. (J. S.) móti þessari tillögu minni. En það er ekki meiningin, að landssjóður eigi hjer að byrja, heldur svo, að hann styrki þetta fyrirtæki með því, að lofa sinni hjálp, þegar aðrir hafa komið þessari ábyrgðarstofnun á fót. Jeg get heldur ekki sjeð, að farið sje fram á ofmikið, þó það væri 10,000 kr. Það er þó ekki nema eitt skipsverð. Þilskipaútvegurinn er lífsspursmál fyrir sjávarbændurnar. Jeg hefi sjálfur verið í 20 ár í Vestmannaeyjum og stundað sjóinn, og höfum við allt af fundið til þess, hve nauðsynlegt það er að hafa þilskip. Við eigum nú 2 þilskip, og mundum líklega vera búnir að eignast 6 skip, ef skipaábyrgð hefði verið til. Við urðum fyrir því óhappi fyrst, að við misstum eitt skip. Við tókum svo höndum saman, margir í fjelagi, til að fá okkur skip aptur, til þess að skaðinn yrði okkur ekki eins tilfinnanlegur. Og þó okkur gangi þessi fjelagsskapur vel, þá eru menn ófúsir á það út um landið, að kaupa svona skip í fjelagi; þess vegna er ekkert annað fyrir en að reyna að fá lán, því margir eiga veð, og það mundu menn ekki hika við, ef ábyrgð væri hjer á landi fyrir þilskip. Af því h. framsögum. tók þessari tillögu minni svo vel, vonast jeg líka eptir, að hin h. þingdeild verði hlynnt málinu.

H. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, að Norðlendingar þyrfti ekki þessa með, því þeir hefðu ábyrgðarfjelag. En meining mín var sú, að allir landsmenn gætu notað þetta ábyrgðarfjelag, svo að enginn þyrfti að sækja til útlanda til þess, að tryggja skip sín.

Jeg fel svo h. þingdeild þessa breyt. mína, og vona að hún verði henni hlynnt.

Jeg á líka aðra breyt.till. við 10. gr., viðvíkjandi kirkjunni í Vestmannaeyjum. Það er ekki í fyrsta sinni, sem jeg þarf að halda svörum uppi fyrir kirkju þessa hjer á þingi. Mjer þykir skylt að gefa h. þingmönnum upplýsing um þetta efni, því þeir eru svo hræðilega ókunnugir í Vestmannaeyjum. Jeg skal segja sannleikann í því efni, og vonast jeg eptir, að hinir h. þm. trúi mjer, eins og jeg líka trúi þeim, þegar jeg ekki þekki til. Nefndin setti niður í hitt eð fyrra það sem farið var fram á til aðgjörðar á kirkjunni; það hefir að sönnu verið gjört við hana; en peningarnir hrukku ekki til, svo að talsvert liggur eptir. Þetta hefir aukakostnaði í för með sjer, því það sem ekki var búið að gjöra við, hefir skemmzt enn þá meira síðan, svo það sem hefði mátt áður gjöra við fyrir 100kr., kostar nú meira en helmingi meira, og svo er líka búið að flytja tilfæringarnar burtu. Það hefði því verið miklu heppilegra, að taka alla aðgjörðina í einu. Kirkjan skemmist allt af meir og meir, fúnar af leka, og svo fennir inn í hana, svo að öll nauðsyn ber til, að sem fyrst verði gjört við hana. Jeg held að ekki sje farið fram á of mikið með þessum 1600 kr. Jeg held enginn í Vestmannaeyjum vilji taka þá aðgjörð að sjer fyrir minna kaup, og víst yrðu smiðirnir hjer í Rvík ekki ódýrari, ef dæma á eptir því, sem þeirra vinna kostar. Jeg hef álitið skyldu mína að koma fram með þessa breyttill., svo að þm. gæfist kostur á að fullnægja þeirri uppástungu, sem stendur í stjórnarfrumv.

Svo á jeg líka 3. breyt.till. Jeg þakka h. framsögum. (H. Kr. Fr.) fyrir þau komplíment, sem hann sagði sjálfum mjer, en fyrir undirtektir hans undir þessa breyt.till. get jeg ekki þakkað honum. Og allir í fjárlaganefndinni sýnast vera á móti þessari breyt.till. Það liggur fyrir þingd. bænarskrá frá Vestmannaeyingum, frá sóknarnefndinni, um þetta efni. Vestmannaeyingar eru orðnir þreyttir á samskotum í þessu efni. Þeir hafa keypt orgel fyrir samskotafje, og svo styrktu þeir mann til að læra að spila á það , og settu það upp fyrir, að hann spilaði kauplaust í eitt ár og kenndi öðrum. Maðurinn gerði svo þetta og kenndi dóttur prestsins. En svo vorum við svo óheppnir, að hann giptist stúlkunni á eptir, svo við erum engu betur settir eptir en áður, því hún vill auðvitað ekki spila fyrir minna kaup en hann. Hann vildi svo fá 120 kr. fyrir að spila, þegar árið var liðið. Sú hefir orðið niðurstaðan, að hreppsnefndin hefir með samskotafje borgað honum 60 kr., en presturinn, tengdafaðir hans, gaf honum aðrar 60 kr. til þess að hann fengist til að spila. Nú er sá prestur dáinn, og allir vita að brauðið hefir verið lækkað um 1000 kr., svo ekki er hugsanlegt að hinn núverandi prestur geti borgað organsspilaranum. Og menn eru sjálfir orðnir þreyttir á samskotunum, svo að ekki hefir allt borgazt síðasta ár. H. framsögum. sagði, að ekki væri langt til kirkju í Vestmannaeyjum og hann gæti því spilað fyrir minna, en við höfum ekki vald til að skipa honum að gera það fyrir minna. Jeg held ekki sje lengra í kirkju í Reykjavík en í Vestmannaeyjum og hefir þó organistinn hjer meiri laun fyrir. Og hver borgar það? Eru það Reykjavíkurbúar? Það er borgað af landsjóði. *(J. S.:* dómkirkja). Hún er ekki dómkirkja á hverjum degi. Jeg held að organistinn hjer fái nú laun fyrir allar messurnar. Jeg hef heyrt að menn efuðust um, að Reykjavíkurkirkja væri eign landsjóðs; en enginn hefir efað það um Vestmannaeyjakirkju. Og hún er svo mikil eign landsjóðs, að jafnvel sóknarbörnin eru það líka, af því þau eru leiguliðar landsjóðsins. Jeg get því ekki fundið neinn mun á því, að landsjóður borgi organistanum í Vestmannaeyjum, fyrst hann borgar organistanum í Rvík. Og af því að við erum fámennari og fátækari en söfnuðurinn í Reykjavík, ætti fremur að vera ástæða til þess, að landsjóður borgaði í Vestmannaeyjum.

Jeg er samt ekki að mæla á móti því, að landssjóður borgi organistanum hjer; en fyrst hann borgar organistanum hjer í Reykjavík, þá álít jeg að það sje ekki

hneysulanst fyrir þingið, að láta þurfa að hætta að spila í þessari landssjóðskirkju, á það orgel, sem sóknarmenn hafa skotið saman til að kaupa, vegna þess, að þingið hefir ekki tímt að borga organistanum þetta lítilræði. Jeg álít þetta ekki alveg hneysulaust fyrir þingið, ef það neitar þessu, og vill ekkert styðja það.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er samþykkur h. nefnd um að hækka skrifstofukostnað bæjarfógetans í Reykjavík, því mjer er kunnugt, að skrifstofan kostar miklu meira en svarar fje því, sem veitt er til skrifstofukostnaðar.

En aptur er jeg nefndinni ekki eins samdóma um ákvæðin við 10. gr. C. 4., því jeg legg mikla áherzlu á að sýslunefndirnar fái fjeð allt til útbýtingar, og held jeg að það gæti orðið hvöt fyrir þær að taka sjer fram í búnaðarefnum. Það var helzta ástæðan hjá h. framsögumanni (H. Kr Fr.) að landshöfðingi væri sviptur öllum ráðum yfir þessu fje; en það get jeg ekki skilið; það er heldur ekki meiningin; þvert á móti álít jeg að hann haldi öllu hinu sama valdi með tilliti til fjárins, sem áður, því jeg hef enga ástæðu til að ætla, að hann útborgi fjeð, nema hann sje sannfærður um, að fjenu sje vel varið. Það getur enginn vitað betur en sýslunefndin, hvernig eða til hvers hentugast er að verja fjenu í hverri sýslu fyrir sig, og er engin ástæða til að ætla, að amtsráðin viti það betur í amtinu öllu, en hver sýslunefnd í sinni sýslu. Jeg skyldi hafa verið með þessari fjárveitngu til búnaðarskólans á Hólum, ef fjeð væri allsendis lagt til sýslunefndanna. Að svo mæltu vonast jeg eptir, að h. deild fallist á að sýslunefndunum einum sje falin útbýting og umráð á öllu fjenu. Jeg legg mikla áherzlu á það, og hef ætíð haldið því fast fram. Jeg álít, að það sje von mikilla framfara og farsælda af því, að sýslunefndirnar fái sem mest vald í öllum innanhjeraðsmálum, einkum þeim málum, sem snerta búnað.

Friðrik Stefánsson: Jeg ætla að eins að mæla fáein orð fyrir breytingartillögunni við 10. gr. C. 4, sem jeg, ásamt samþingismanni mínum, hef komið með, um styrkinn til búnaðarskólans á Hólum. Eins og hinni h. þingdeild er kunnugt, kom bænarskrá frá skólastjórninni um 15,000 kr. til skólahúsbyggingar, en þessa fjárbeiðni hefir hin h. fjárlaganefnd ekki tekið til greina, þótt báðir þingmenn Húnvetninga væru í nefndinni, svo við vórum neyddir til að koma með þessa breytingartillögu. Jeg get ekki búizt við því, að landshöfðingi úthluti öllu því fje, sem skólinn þarf, af því fje, sem ætlað er til búnaðarlegra framfara, nema það sje tekið fram, þó jeg efist ekki um góðan vilja landsstjórnarinnar eins í því sem öðru atvinnuvegum viðkomandi. Viðvíkjandi skólanum er það að segja, að stjórn skólans er í bezta lagi; skólastjóri er mesti dugnaðarmaður og vel menntaður, sem bezt sjest á því, að nú eru búfræðingar farnir að koma út frá skólanum og þykja mikið duglegir og vel að sjer; lærisveinar vóru síðastliðið skóla-ár 10 á skólanum; en 8 var vísað frá vegna húsrúmsleysis, svo allir geta sjeð, að aðsókn er þó talsverð að skólanum; og fyrst þessi skóli er kominn á stofn, álít jeg sjálfsagt fyrir landsstjórnina og þingið, að styrkja þetta fyrirtæki, og hvort sem jeg lít beinlínis á þörf og hag skólans sjálfs, eða þá til hins, að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur eru næstum $\frac{1}{7}$ af landsmönnum að fólksfjölda. Svo allir geta sjeð, hvað mikla sanngirniskröfu þeir hafa til styrksins, og svo búumst við, við því, að Eyjafjarðarsýsla verði með. Að öllu þessu aðgættu, þá álít jeg, að þetta sje það minnsta, sem við getum farið fram á í þessu efni.

Ólafur Pálsson: Jeg ætla að eins að minnast á læknana. Jeg álít óheppilegt, að vera að bæta svona smátt og smátt við þá, og held jeg að miklu betra væri að taka það mál einhvern tíma rækilega fyrir í heild sinni, og vita, hve margra lækna viðbót mundi þurfa, þó jeg viti að þetta getur orðið og verður útgjaldadrjúgt fyrir landssjóð, enda er jeg ekki viss um, að einmitt á þessum stöðum sje meiri þörf á læknum en annarsstaðar.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer

að fara nokkrum orðum um viðaukatill. á blaðinu nr. 289, af því talað hefir verið um hana af nokkrum h. þm. og henni haldið fram. Hún gengur, eins og menn sjá, út á það, að amtmannaembættin skuli ekki veita á fjárhagstímabilinnu. Eins og tekið hefir verið fram, hefir slík athugasemd staðið einu sinni í fjárlögunum, en var svo sleppt þegar aptur í næstu fjárlögum, og mun það hafa verið að ráðum hins þáverandi landshöfðingja, og er víst, að þegar landshöfðinginu lagði til að þessu væri sleppt, þá mun hann hafa skýrt frá, að stjórnin vildi ekki taka á móti slíkum athugasemdum framvegis; fjárlögunum var í þetta skipti ekki synjað um staðfestingu, þótt þessi athugasemd stæði í þeim; en það mun víst hafa legið mjög nærri, að það yrði gert. Skoðun stjórnarinnar var og er, að þetta eigi ekki og megi ekki standa í fjárlögunum, og ef hin h. þingdeild endilega vill láta slíka athugasemd koma til stjórnarinnar, þá má finna annan heppilegri veg til þess, og þá liggur næst, eins og h. framsögumaður (H. Kr. Fr.) tók fram, að senda þessa athugasemd til stjórnarinnar í þingsályktunarformi, ef þingdeildin — jeg vil segja — mót von minni á annað borð vill láta slíka athugasemd komast til stjórnarinnar. Enda er mjög ísjárvert, að setja slíka ákvörðun inn í fjárlögin, sem hvorki er nauðsynleg, og þar að auki getur ollað því, að fjárlögunum yrði ef til vill synjað staðfestingar.

Annað atriði, sem jeg ætlaði að minnast á, er önnur breyting á sama blaði um skilyrðið fyrir útborgun á fje til póstskipsferðanna kring um landið. Það er nú eins og jeg tók áður fram, að jeg álít sjálfsagt, að stjórnin, að svo miklu leyti, sem unnt er, fari nákvæmlega eptir ferða-áætluninni; en hitt álít jeg ógerlegt, ef t. d. stjórninni í einhverju enda lítilsverðu atriði yrði alveg ómögulegt að fara nákvæmlega eptir áætluninni, að láta það verða þess ollandi, að ruglingur komist á póstgufuskipaferðirnar, sem getur leitt af sjer mikið og enda ómetanlegt tjón. Jeg vona því, að h. þingdeild finni ástæðu til að samþykkja ekki þessar breytingartillögur. Og ef þessum h. uppástungumönnum auðnaðist að áorka því, með þessum uppástungum sínum, að vjer fengjum bráðabyrgðarfjárlög, og ef þeim auðnaðist enn fremur að áorka því, að vjer misstum nokkrar póstgufuskipsferðir kringum landið eða að ruglingur kæmi á póstferðirnar, þá held jeg að þeir hafi átt annað erindi á þing í þetta skipti, en þeir hefðu óskað, og annað en æskilegt væri.

Þá er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og það er uppástungan um að kippa frá landsstjórninni þeim hluta af fjárveitingunni til eflingar búnaði, sem hún áður hefir ráðið, og láta sýslunefndirnar úthluta öllu þessu fje. Það er auðvitað, að það er engin eptirsjón í því fyrir landshöfðingjann, að þetta sje frá honum tekið, og sjálfsagt rjett að breyta þessu, ef menn þykjast sannfærðir um, að því verði betur útbýtt á annan hátt; en það er sá annmarki á, að fela þetta að öllu leyti sýslunefndunum á hendur, að jeg er hræddur um, að þá mundi síður nokkur hluti fjárins verða brúkaður til stærri fyrirtækja, en allt mundi hverfa í smærri þýðingarminni fyrirtæki. Jeg get bent á ýms stærri fyrirtæki, sem landsstjórnin með úthlutun fjárins hefir stutt að, t. d. í Vesturamtinu búnaðarskólastofnunin í Ólafsdal, sem mestmegnis er studd af því fje; í Suðuramtinu flóðgarðahleðslan í Safarmýri, sem einnig er hvað mest studd af því fje, og hefir það fyrirtæki mikla þýðingu fyrir stórt hjerað. Jeg álít þess vegna ekki rjett, að fela þetta að öllu leyti sýslunefndunum til útbýtingar og umráða.

Um hin önnur breytingaratkvæði er þegar búið að ræða svo mikið, að jeg finn ekki ástæðu til að lengja umræðurnar frekara, en legg sjerstaklega áherzlu á, að h. þingdeild ekki samþykki þessi 2 breytingaratkvæði: um amtmannaembættin, og fjeð til póstgufuskipsferðanna.

Egill Egilsson: Jeg ætla að tala örfá orð til upplýsingar, um steinolíu og stúdenta; hvorutveggja er til upplýsingar. Það hefir heyrzt í umræðunum, að steinolía til vitans á Reykjanesi þykir of dýr, og þetta

segir einnig hin h. fjárlaganefnd. Og í fyrstu lítur það svo út. Jeg hef í 2 ár verið umsjónarmaður vitans, og leitt það í tal við landshöfðingjann, hvort nokkra breytingu skyldi gera á þessu, því vitanlega má fá olíu hjer á staðnum fyrir þriðjungi minna verð, en olía sú kostar, sem til vitans er notuð; en okkur hefir komið saman um, að það væri ekki vert, því maður hefir enga tryggingu fyrir, að sú steinolía, sem fæst hjer við verzlanirnar, sje þeim kostum búin, að alveg óhætt sje að brúka hana við vitann; og ef slík olía explóderar, þá gæti það ollað ómetanlegum skaða, því vel gætu brotnað ýms stykki í lömpunum, sem ómögulegt er að gera við, nema með því að senda þau til útlanda, eða jafnvel fleiri lampar gætu alveg spólerast, og gæti þá svo farið, að hætta mætti að kveikja á vitanum, sem aptur gæti orðið til hins mesta tjóns fyrir skip, sem ættu von á vitaljósi á þessum stað.

Þá koma stúdentarnir. H. 2. þm .S.-Múl. (J. Ó.) fór mörgum hörðum orðum um svall og drykkjuskap skólapilta og einkum stúdenta, og hafði helzt fyrir sjer í því rit A. Feddersens fiskifræðings. Þetta ámæli vil jeg fastlega reka af stúdentum, sem alveg tilhæfulaust, og þar að auki mjög illa viðeigandi, að sletta því fram hjer á opinberum þingfundi. Jeg veit heldur ekki, hvaðan fiskifræðingurinn hefir getað haft þessa vizku, því þann tíma, sem hann var hjer, um miðjan septembermánuð, voru hjer mjög fáir eða því nær engir stúdentar eða skólapiltar, og verður þetta því að vera tilbúningur úr honum; enda er það mjög svo óviðurkvæmilegt, að nota glósur útlendra ferðamanna til að ófrægja beztu stjettir landsins, og það á öðrum eins stað og alþingi.

Atkvæðagreiðsla:

8. gr. stjórnarfrumvarpsins samþ. óbreytt með 22 atkvæðum.

Viðauki í nr. 289 við 9. gr. felldur með 15 : 3 atkv.

9. gr. stjórnarfrv. óbreytt samþ. með 22 atkv.

Viðbótin á nr. 289 við 10. gr. A. 1. felld með 14 : 5 atkv.

10. gr. A. samþ. óbreytt með 22 atkv.

10. gr. B. Breyt. nefndarinnar við 2. tl. samþ. með 13 : 8 atkv. Breyt. við B. 3. a. (286) samþ. með 12 atkv.

Sundurliðun nefndarinnar á 3. tl. samþ. í einu hljóði. Sundurl. nefndarinnar. á 4. tl. samþ. í einu hljóði. Allur stafl. B. samþ. með öllum 23 atkv.

10. gr. C. Breyt. við 1. b. (286) felld með 15 : 7 atkv.

Breyt. við C. 4. (286) felld með 18 : 1.
— — — — (280) — — 20 : 1.
— — — — (294) — — 12 : 10.
— — — — (302) samþ. með 16 atkv.
— — — — (277) þar með fallin.

Sundurliðun nefndarinnar á 1. tl. með áorðnum breyt. samþ. með 18 atkv.

4. tölul. með breyt. samþ. með 20 atkv.

5. tölul. a. b. hjá nefnd. samþ. með 23 atkv.

5. tölul. c. hjá nefnd. samþ. með 19 atkv.

5. tölul. d. hjá nefnd. samþ. með 17 atkv.

6. viðb. á 289 felld með 15 : 5 atkv.

7. tölul. Sundurliðun nefndarinnar samþ. með 23 atkv.

10. tölul. breytingartill. nr. 278 samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli. Já sögðu: E. Kúld, B. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, G. E. Briem, H. Clausen, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, M. Andrjesson, Ó. Pálsson, Þór. Böðvarsson, Þorv. Kjerulf.

Þar með var töluupphæð stjórnarfrumv. álitin fallin, en breyt. nefndarinnar við þennan tölul. var samþ. með 13 : 3 atkv.

11. tölul. Sundurliðun nefndarinnar var samþ. með 19 atkv..

10. gr. í heild sinni samþ. með áorðnum breytingum með 22 atkv.

Þrítugasti og fimmti fundur, mánudag 10. ágúst kl. 11. f. h. Allir á fundi.

Forseti: Jeg skal geta þess, að nú er þingtíminn á enda; en hæstv. landsh. er

gefið vald til að lengja þingtímann um 14 daga. Skil jeg það svo, að með því sjeu meintir 14 virkir dagar; og skal jeg í því efni leyfa mjer að víkja máli mínu til hæstv. landsh. um, hvort hann ekki einnig hafi sama skilning, sem jeg, á þessu, og tjá honum þá ósk þingdeildarinnar, að þingtíminn yrði lengdur hinn umrædda tíma.

Landshöfðingi: Jeg skil h. forseta svo, að hann óski lengingar á þingtímanum, og skal jeg leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg veiti þetta leyfi samkvæmt allrahæstu umboði til þess. En um leið skal jeg geta þess, að jeg skil það svo, að með 14 dögum sje meint, að þingtíminn sje lengdur til 25. þ. m., að þeim degi með töldum, og lengi jeg því þingtímann að þessu sinni til 25. þ. m.

— Var þá tekið til dagskrár.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 1; nefndarálit 238, 280; breyt.till. 303—306, 309, 323, 325); framh. 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hjelt, að hæstv. landsh. eða h. framsögum. (H. Kr. Fr.) vildu hafa orðið; en ef svo er ekki, skal jeg fara fáeinum orðum um ýms atriði í máli þessu.

Skal jeg þá fyrst minnast á 11. gr. 2. tölul., um styrk til 3 aukalækna, sem nefndin setur 900 kr. til hvers. Jeg og 2 h. þm. höfum komið með breyt.till. um, að setja þennan styrk upp í 1000 kr. til hvers, af því að vjer teljum nauðsynlegt, að fá lækna á umræddum stöðum, en þeir fást ekki, nema sýslusjóðirnir leggi svo mikið til, að læknar þessir fái jafnmikil laun, sem aðrir læknar, en það yrði mjög tilfinnanleg byrði, og eigi sanngjörn, þar sem önnur sýslufjelög þurfa þess ekki. Landssjóður ætti því að leggja sem mest til þessara launa, og að rjettu lagi allt, sem þarf til þess, að læknar fáist á þessum stöðum.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á 13. gr. B. V. e., um styrkinn til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík. Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir tillögur hennar; en að minni hyggju eru þær ekki einhlítar, og því hef jeg komið með viðaukatill. um styrk til 10 manna, 300 kr. til hvers, til að geta tekið próf ytra í sjómannafræði. Það kannast víst allir við, að það er lífsnauðsyn, að koma upp þilskipaútveg; en til þess verða menn að fá góða formenn á þilskipin, þá menn, sem sjeu vanir sjómennsku, kunni að fara með skip, og gera við það, sem kann að fara aflaga á skipinu. Aðaláherzluna legg jeg á þetta, en minna á það, að þeir sjeu sprenglærðir í reikningum sjómannafræðinnar. Þó vil jeg, að menn geti tekið próf í henni, og því hef jeg komið fram með þessa tillögu sem viðaukatillögu.

Jeg er h. fjárlaganefnd ósamþykkur, þar sem hún leggur til, að styrkurinn til barnaskóla sje eigi settur hærri en 2000 kr. Sá styrkur má ekki vera minni en farið er fram á í stjórnarfrv., það er að segja 3000 kr. Aðalástæða nefndarinnar til þessarar niðurfærslu var, eptir því sem jeg skildi h. framsögum. (H. Kr. Fr.), að barnaskólar ættu ekki við nema í sjóplássunum. Ef það væri satt, þá væri ástæða til niðurfærslunnar. En jeg neita því. Þeir eru nauðsynlegastir við sjó, en eigi ónauðsynlegir til sveita. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að barnaskólar við sjó væru að vísu nauðsynlegir, en þeir væru þar »malum necessarium». Ef svo væri, þá vildi jeg óska, að hann meinti eigi, að hinn lærði skóli væri það. Jeg játa, að heimakennsla er góð, ef menn að eins geta kennt. En það er víða meinið, að menn eru langt frá alstaðar til þess færir. Menn geta þó ekki kennt meira en þeir sjálfir kunna. Og svo góð sem heimakennsla er, þar sem heimamenn eru færir um að kenna, þá er ekki von nýrra framfara af henni. Jeg vil því sterklega mæla með stjórnarfrv. í þessu efni.

Þá kem jeg til 13. gr. A, b. 9. í stjórnarfrv., um 1000 kr. fjárveiting til að greiða kostnað við þjónustu lausra brauða. Þetta vill nefndin fella burt, og segir, að það megi þá taka af fje því, sem ætlað er til bráðabyrgðaruppbóta fátækum brauðum, ef með þarf. Jeg er á allt annari skoðun. Prestar úr nágrannabrauðunum fást ekki

til að leggja á sig það erfiði, sem þessi þjónusta hinna lausu brauða hefir í för með sjer, nema þeir fái það borgað ríflega. Þeir eru skyldugir til að þjóna lausu brauði um stundar sakir, meðan á veitingu stendur. En jeg get ekki álitið þá skylduga til að þjóna svo lengi, sem vill, brauði, sem enginn sækir um. Og hvað á umboðsstjórnin svo að gera?

Það er röng hugmynd hjá hinni h. fjárlaganefnd, að kirkjustjórnin þurfi að koma eins og ölmusukonu til hennar í þessu máli, og nefndin geti kastað í hana lokleysuástæðum í staðinn fyrir fje. Kirkjustjórnin á hina fyllstu kröfu til að hafa nægilegt fje til að viðhalda kristnum siðum í landinu; og til þess eru 1000 kr. ekki of mikið, heldur of lítið, því að þau brauð eru vitanlega til, sem enginn fæst til að þjóna, nema með talsverðu fjárframlagi, t. d. Mýrdalsþingin. Það er einmitt til að útvega prestsþjónustu, eða rjettara sagt, fasta presta í slík brauð, að fje þetta þarf, og þarf nauðsynlega.

Því næst skal jeg minnast á þá breyt.-till. h. landsh. (nr. 275), um 1,200 kr. laun handa aðstoðarpresti hjer í Reykjavík. Menn hafa komið með sem aðalástæður móti þessu, 1., eins og framsögum. (H. Kr. Fr.) tók fram, að með lögum 27. febr. 1880 sje ákveðið, að fje það, sem Reykjavíkurpresturinn fær úr landssjóði, skuli eigi greiðast framar eptir það er nýr prestur kemur í brauðið. Það þarf nú fyrst að sanna, að allt sje rjettlátt í lögum þessum, til þess að þetta geti verið rjett ástæða. En það verður að athuga fleira; það verður að athuga vel, hversu brauðið er orðið erfitt. Árið 1878, þegar prestakallalögin voru samin, var fólkstalan í brauðinu 2,762, 1883 3,875, og mun nú vera um 4000 manns. Það er því miklu erfiðara nú en fyr, og því fullkomin ástæða til þessarar fjárveitingar, einmitt sakir þessara erfiðleika. Það er, að mínu áliti, ofætlun fyrir einn mann að þjóna brauðinu. Þegar fyrirrennari þess prests, sem nú er hjer, fór hjeðan, og hann fór hjeðan af því, að hann treysti sjer ekki lengur til að þjóna hjer, gat hann þess, að sá, er eptir sig kæmi, mundi verða orðinn þreyttur, er hann væri búinn að þjóna brauðinu í 16 ár, eins og hann sjálfur, og síðan hafa þó störf prestsins aukizt mjög. Í öðru lagi hafa menn sagt, að presturinn gæti sótt hjeðan. Það er að vísu satt; en þá vil jeg spyrja: hver verður til að sækja um þetta brauð, með öllum tekjum þess, sem menn tala um? Jeg leyfi mjer ekki að svara því; en jeg leyfi mjer að segja, að jafnfæran prest fá menn eigi aptur í hans stað. Þótt þess vegna hinn núverandi prestur sækti um Grenjaðarstað, eins og h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) var að stinga upp á, þá fæst, ef til vill, enginn maður vel fær til að þjóna brauðinu. Aðalspurningin er, hvort það sje eigi orðið svo mannmargt, að ástæða sje til að skipta því í 2 brauð, og ef svo væri, sem er að ætlun minni, þá sýnist heldur ekki vafamál um, að veita eigi fje þetta.

Ölmusum til prestaskólastúdenta vilja sumir fækka. Jeg gæti skilið í því, ef nóg væri nú af prestum. En það er öðru nær; því að nú eru um 20 brauð laus. Meðan svo er, þarf að örfa menn til að ganga á prestaskólann með því að ljetta undir með þeim með fjárstyrk. Það þyrfti jafnvel að auka styrkinn. Það er kunnugt, að meðan vel hefir látið í ári, hafa margir stúdentar verið orðnir allmikið skuldugir, er þeir útskrifast af prestaskólanum; meðfram fyrir þá sök hafa þeir reynt að komast að einhverju, sem gefur peninga í bráða hönd til þess að borga skuldir sínar, og vilja því ekki fara upp í sveit og verða prestar. Hvað hafa þeir líka að gera efnalausir upp í sveit, á niðurnídd prestssetur með litlum tekjum?

Að því er snertir árgjaldið frá brauðunum og tillagið til hinna rýrari brauða, þá verður annaðhvort að fara eptir stjórnarfrv. eða tillögu hæstv. landsh. Að koma fram tillögu h. fjárlaganefndar, er eigi auðið á næsta fjárhagstímabili, og jafnvel eigi tillögu hins hæstv. landsh. Jeg greiði þó atkv. með tillögu hæstv. ldsh., þótt tvísýnt sje, að hún sje fullnægjandi, og vona jeg, að

h. þingd. geri það líka, en eigi með tillögu nefndarinnar.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsögum. (H. Kr. Fr.) hefir haldið svo rækilega svörum uppi fyrir nefndina, að jeg þarf eigi þar við að bæta. Þó vil jeg minnast á einstöku atriði.

Að því er snertir tillöguna um launahækkun handa lækninum á Ísafirði, þá kom bænarskrá fram um það efni; en nefndin gat ekki veitt henni áheyrn, þótt sanngirni kunni að mæla með henni, því að fjárbæn þessi fer nú að verða leiður langþurfamaður á þingi hjer, og sýnir það bezt, að hjer mun ekki vera til staðar beinn lagarjettur.

Jeg get heldur ómögulega verið með breyt.till. h. þm. Eyf. (A. Ó.) um, að verja skuli þessum 1000 kr., sem Bókmenntafjelagið á að fá, til útgáfu Sýslumannaæfanna; fjelagið ætti að hafa þar óbundnar hendur. Mjer finnst heldur ekki svo mikið varið í þessa bók, að hún eigi að sitja fyrir öðrum bókum, því að jeg hef fáar bækur lesið mjer til meiri leiðinda en þessa bók; fyrir utan það, að hún mun kosta ærið fje með öllu registri, þá er hún fjarri því að vera alþýðubók.

Jeg er samdóma h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um, að fækka ölmusum til hins lærða skóla. Skólinn er að vísu nauðsynlegur til að mennta embættismannaefni landsins; en nú ganga svo margir á þennan skóla, að það þarf ekki að laða menn að honum með fjárstyrk, sízt eins miklum og hjer á sjer stað; það fást nógir samt. Jeg vildi helzt reyndar enga ölmusu hafa við hann. Það á að leggja til þessa skóla yfir 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og þegar svo er litið til prestaskólans, læknaskólans og Möðruvallaskólans, og á hina hliðina til hinna 3 kvennaskóla landsins, þá sjá menn, að hjer er misjafnt skipt milli karlmanna og kvenna, því að til kvennaskólanna eru veittar að eins 3,600 kr. á ári eptir uppástungu fjárlaganefndarinnar, eða um fjárhagstímabilið 7,200 kr.; en til hinna, þeirra skóla, er karlmenn eingöngu sækja hjer hjá oss, eru veittar yfir 12,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Það hljóta allir, sem hugsa um þetta mál, að finna til þess, hversu þetta er ranglátt. Ef menn hugsa um, að láta kvennfólk okkar fá meiri rjettindi en nú er, og á því eiga þær fullar kröfur, jeg held lagakröfur, samkvæmt erfðalögum vorum, og þá rjett til arfs eða fje allrar þjóðarinnar, þá þurfa þær líka að fá meiri menntun, og þær þurfa þess líka til þess, að geta staðið í stöðu sinni sem konur. Jeg vildi heldur leggja þessar 8,000 kr. til kvennaskólanna, ekki sem ölmusur, heldur til að auka og fullkomna kennsluna við kvennaskóla vora; en að öðru leyti vildi jeg helzt, að allar ölmusur hyrfu með tímanum.

Jeg get ekki verið á sama máli, sem h. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að þörf sje á að veita 1000 kr. til þjónustu lausra brauða. Því að fyrst og fremst hafa þeir prestar, sem þjóna, allar tekjur brauðsins, sem þeir þjóna í hjáverkum, og svo er þessi þjónusta æfinlega ófullkomin, og mun allopt naumast geta verið eptir kringumstæðum annað en að skíra, gipta og grafa, svo að söfnuðirnir fá ekki það, sem þeim ríður mest á, sem sje barnauppfræðing. Það væri því miklu nær að veita þetta fje til umgangskennara handa prestaköllum, sem kynnu að vanta presta.

Þórður Magnússon: Jeg hef komið með lítilfjörlega breyt.till. við 1. tölul. 11. gr., og af því að einstöku þm. er ekki máske ljóst, hvað farið er fram á í þessari breyt.till., þá skal jeg upplýsa í því efni.

Þessi breyt.till. fer í þá átt, að bætt sje við Þorvald Jónsson lækni á Ísafirði 224 kr. á ári, sem aldursviðbót á launum hans, og samhljóða því, sem áður hefir verið farið fram á hjer á þingi. Hin h. fjárlaganefnd hefir viðurkennt, að þetta sje sanngirniskrafa, og hef jeg því fundið mjer skylt að koma fram með þessa breyt.till. Og þegar þessi nefnd er valin af beztu mönnum þingdeildarinnar, þá álít jeg, að þingdeildin sjálf verði að vera hlynnt málinu, fyrst nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sje sanngirniskrafa. Því að sanngirniskröfurnar ættu þó að

mega sín mest og bezt bæði hjá þjóð og þingi.

Annar læknir, sem eins er ástatt með, á nú mál fyrir dómstólunum út af þessu sama, og hefir hann unnið það mál bæði fyrir undir- og yfirrjetti, og þess vegna miklar líkur til, að hann fái sitt dæmt eptir sínum vilja. Jeg vil þess vegna mæla með því, að h. þingd. veiti einnig þessum lækni þessa viðbót.

Jeg er enginn ræðuskörungur, og skal jeg því ekki fara út í allar breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir, heldur að eins minnast á fáeinar þeirra.

Jeg tek þá fyrst skólana.

Jeg er ekki einn af þeim, sem vilja draga við skólana. Jeg aðhyllist fremur uppástungu stjórnarfrv. um tillagið til þeirra. Jeg hef heyrt nokkra h. þingmenn segja, að lítið gagn sje að barnaskólunum, og meta meira heimiliskennsluna; en jeg held að þeir, sem slíkt segja, taki þau heimili til fyrirmyndar og samanburðar, sem bezt eru, en gleymi sjávarplássunum. Þar sem svo er ástatt, að margir sjómenn eru, bóndinn rær með þeim öllum, og konan hefir má ske ekki meira sjer til aðstoðar en eina stúlku, sem þá verður að hirða öll plögg þeirra og allt það, sem til heimilisins heyrir,— þau hjón, sem svo er ástatt fyrir, komast ekki til þess, að kenna börnum sínum svo, að í góðu lagi sje. Þess konar fátæklingar eru það, sem styrkja þarf. Þeir aptur á móti, sem búa á stórbæjum, og sem ástæður og efni leyfa, geta haft heimakennslu. Ef barnaskólarnir gera ekki fyllilegt gagn, þá á það sjálfsagt rót sína í því, að kennarar þeirra skóla eru ekki starfa sínum vaxnir. Öll barnaskólastjórn, og prestar ekki sízt, þurfa að vera sjer úti um það, að fá hæfa kennara, og leita sjer upplýsingar um vitnisburð kennaranna, og með því gera sitt fyllsta til, að þeir menn einir verði fengnir til kennara, sem að fullum notum koma fyrir skólana. Í þessu tilliti er það einnig nauðsynlegt, að hjeraðsfundirnir segi sitt álit á kennurunum.

Sumir h. þm. hafa líka viljað fækka ölmusunum við latínuskólann. Þá tillögu get jeg með engu móti fallizt á. Það eru margir fátækir námsmenn, gáfaðir og í alla staði efnilegir, sem alls ekki mundu geta lagt út í að læra, eða haldið áfram lærdómi sínum, ef þeir væru sviptir þeim styrk, sem skólinn veitir þeim. Menn hafa haft það fyrir ástæðu, að ölmusur væru veittar ríkum mönnum og bæjarmönnum hjer, en hinir fátækari orðið út undan. Hafi þetta komið fyrir, er það af ókunnugleika yfirstjórnarinnar; en hún úthlutar styrknum eptir beztu samvizku, eptir beztu vitund; og þó einstöku sinnum kunni fyrir að koma, að henni sjáist yfir, þá er engin ástæða til, að af nema ölmusurnar þess vegna, eða leggja svona mikla áherzlu á það.

Jeg er líka með því, að prestaskólinn og læknaskólinn haldi sínum styrk óskertum. Það eru opt örðugar ástæður stúdentanna, þegar þeir eru búnir að ljúka sjer af á latínuskólanum, og komnir á þessar námsstofnanir, og má ske foreldrar þeirra dánir og aðrir, sem þá kunna að hafa styrkt til námsins. Það er þá hörmulegt, að gáfaður, fátækur piltur þurfi þá beinlínis að hætta á miðri leið, af því að styrkurinn til hinna æðri stofnana væri af numinn. Það er ekki nóg að segja, að aðsóknin til skólans sje svo mikil, meðan þó vantar 20 presta og 10 lækna til að öll embætti sjeu full. Ef allt á að kreppast svona saman, sje jeg ekki annað, en að við megum fara að fá okkur danska presta, eða þá að öðrum kosti verða prestalausir. Það kunna sumir að segja, að trúarlíf hjer á landi sje að deyja; en jeg held að presturinn hafi stórlega mikla þýðingu bæði fyrir andlegan og veraldlegan þroska þjóðarinnar, og þess vegna vil jeg ekki styðja að því, að við verðum framvegis enn þá prestafærri en hingað til; þeir mega þó ekki færri vera.

Þá kem jeg til þessa sjómannaskóla. Ekki get jeg fellt mig við þessa viðaukatill. um, að styrkja menn til útlanda til að taka þetta próf. Jeg get ekki sjeð, að það

sje nokkur viss trygging fyrir því, að þeir komi aptur og verði að gagni fyrir þetta land, heldur má ske kveðja landið fyrir fullt og allt, og þykja gott að hafa fengið þessar 300 kr., og fara síðan til Vesturheims. Jeg held engin vissa sje fyrir því, að einn af þeim komi til baka. Ef mönnum virðast tillögur nefndarinnar of litlar til þessa sjómannaskóla, vil jeg heldur mæla með, að sá styrkur sje aukinn einmitt til kennslu innanlands.

Þar sem h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) gat um, að styrkurinn til kvennaskólanna væri of lítill, þá liggur hjer ekki fyrir nein breyt. í þá átt, svo ekki er til neins um það að tala. Jeg er ekki á móti því af þeim ástæðum, að jeg vilji ekki, að kvennfólk hafi jafnrjetti við karlmenn, og jeg ímynda mjer líka, að ef svo færi, að konur gengju á prestaskólann eða læknaskólann, mundu þær fá þar hin sömu hlunnindi sem aðrir á þeim skólum. Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta efni.

Eiríkur Briem: H. 1. þm. G.-K. tók fram viðvíkjandi 13. gr. A. b. 1., að það væri óheppilegt, sem nefndin hefði lagt til, og mælti með því, að breyt.till. hæstv. ldsh. við þann tölul. yrði samþ. Það er líka sjálfsagt, eptir þeirri atkvæðagreiðslu, sem fallið hefir við 5. gr. tekjudálksins, að samþykkja þá breyt.till.

H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók í fyrra dag fram ástæðurnar fyrir breyt.tillögum sínum, og meðal þessara breyt.till. er ein, sem fer fram á það, að veita hið áætlaða fje til sjúkrahússins hjer í Rvík að eins með því skilyrði, að þar sje jafnan kauplaust rúm fyrir tvo utanbæjarsjúklinga. Þessu viðvíkjandi vil jeg taka það fram, að mjer er eigi ljóst, hvort í þessu liggur, að h. uppást.m. hefir í hyggju, að 2 utanbæjarsjúklingar skuli fá þar allt ókeypis, sem sjúklingar þurfa, svo sem eigi að eins húsnæði, heldur og mat og aðhjúkrun alla, eða þá að eins húsrúmið kauplaust. Ef h. þm. skilur þetta síðara við breyt.till. sína, þá sje jeg eigi annað, en að breyt.till. sje alveg óþörf, því að það hafa stöðugt verið miklu fleiri en 2 utanbæjarsjúklingar, er aðgang hafa átt að spítalanum. Síðan flutt var í hann í haust, hafa þar alls verið 37 sjúklingar, og að eins 3 af þeim hjeðan úr bænum, en 34 utanbæjarmenn.

Frá sama h. þm. er og breyt.till. um, að fækka ölmusum við lærða skólann, og hafa nokkir h. þm. tekið vel undir það. Jeg skal játa það, að því meiri aðsókn, sem að skólanum er, því minni ástæða er til að hvetja menn til náms með miklum ölmusustyrk. Það er líka rjett hjá h. þm. Austur-Skapt. (J. J.), að því miður er svo að sjá, sem hugur ungra manna snúist minna að verklegu námi, en óskandi væri. En jeg hygg samt, að nú sje ekki hentugur tími til að fækka ölmusunum, því að enn þá vantar mjög marga frá prestaskólanum og læknaskólanum til þess að öll embætti verði full. Hinir einu, sem nóg er til af, eru lögfræðingar. Það er líka mjög æskilegt, að svo mikið sje til af embættismannaefnum, að hægt sje fyrir veitingarvaldið að velja úr, svo að ekki sje alveg nauðsynlegt, að taka sjerhvern þann, sem fengið hefir hina ytri hæfileikleika til embættisins. Jeg held því, að það sje mjög varhugavert, að fækka ölmusunum nú sem stendur. Auk þess er hjer farið fram á allt of mikla fækkun, þar sem farið er fram á, að færa ölmusurnar niður um $\frac{1}{4}$ part. Því þá yrði óumflýjanlegt, að taka styrk af ýmsum þeim, sem nú hafa hann. Það gæti orðið mjög óheppilegt, því að þeir hafa ef til vill byggt upp á þann styrk, og yrðu vegna fátæktar að hætta við nám sitt, ef styrkurinn yrði allt í einu tekinn af þeim. Svona mikil svipleg breyting er þess vegna næsta viðsjárverð.

Viðvíkjandi því, að Þjóðvinafjelagið þurfi síður þennan styrk, af því að það gefur út útgengilegar bækur, þá væri það rjett, ef það seldi sínar bækur með sama verði sem bóksölumenn; en Þjóðvinafjelagið selur sínum fjelagsmönnum bækurnar með svo vægu verði, að þeir fá bækur fyrir hálfu meira verð en tillagi þeirra nemur.

Þorkell Bjarnason: Þó jeg sje einn í fjárlaganefndinni, er jeg því samþykkur, sem h. 2. þm. Ísf. og 1. þm. G.-K (Þór. B.) og hafa talað um barnaskóla. Og hygg jeg, að rjettara sje, að fylgja stjórnarfrv. í því tilliti, heldur en nefndinni. Jeg hefi þá skoðun, að þingið eigi sem minnst að taka fram fyrir hendurnar á stjórninni, þegar um fje til menntunar alþýðu er að ræða. Alþýðumenntunin er eitt af áhuga- og nauðsynjamálum þjóðarinnar. Og eitt af vorum aðalmeinum er það, að hugsunarháttur alþýðu er enn þá mjög lágsigldur, en það á menntunin að laga; hún á að skerpa skynsemina og hvessa og styrkja viljann og skapa sanna menn. Eg hygg, að engum geti blandazt hugur um það, að hugsunarhætti manna er mjög ábótavant, og má skoða, að þessi miklu hallærislán, sem menn svo opt biðja um, og hve fúsir menn eru að þiggja og biðja um gjafir, eigi rót sína ekki að eins í fátæktinni einni, heldur líka að nokkru í hugsunarhættinum. Það er þess vegna brýnasta skylda, að reyna að manna þjóðina upp, og til þess eru skólarnir bezta meðal, í hverri mynd sem þeir eru. Það er ótrúlegt, að barnaskólar geti ekki gert eins gagn hjá oss, eins og hjá öðrum þjóðum. Þeir kenna börnunum bæði þann fjelagsskap og þá reglusemi, sem þau eiga ekki kost á að læra eins fullkomlega heima; og af fjelagsskapnum í skólanum getur það fjelagslyndi sprottið, sem nauðsynlegt er fyrir hinn fullorðna mann. Vjer erum svo strjálbyggir og einangrunargjarnir, að oss veitir ekki af því, að læra fjelagsskap í æskunni, ef vjer kynnum að hafa gott af honum á fullorðinsárunum. Það hefir verið sagt, að það sje einkum í sjóplássunum, að menn komizt ekki til að kenna börnum sínum heima sökum heimilis-anna. En jeg held hið sama eigi sjer ekki síður stað á mörgum heimilum í sveitinni. Það koma opt kaflar, sem ekki er hægt að róa á sjóinn, og þá er tími nægur til að kenna börnum; en í sveitunum eru allt af sömu verkin, sem vinna þarf, hirðing á fjenaði, hirðing og þjónusta á mönnum, og í sveit eru margir einyrkjar, konan opt ein með mörg börn. Auk þess sem margir barnaskólar, einkum til sveita, kenna annað og meira en það, sem ákveðið er í lögunum, að prestar skuli hafa umsjón með, að börn nemi til fermingar. Það eru margir þeirra, sem einmitt kenna hið sama sem alþýðuskólar. Jeg veit um skóla þann, sem verið hefir á Þingvöllum, að þar var kennd saga, landafræði, eðlisfræði, danska og málfræði. Þessi skóli var til orðinn af samskotum einstakra manna; til hans gáfu ekki einungis efnaðir bændur, heldur vinnumenn og vinnukonur; svo var áhuginn mikill; en varð svo að hætta og gat ekki verið í vetur sem leið, sakir þess, að hann fjekk ekki styrk af hinu opinbera. Menn mega ekki fara eptir nafninu á þessum skólum eða láta það villa sig. Jeg hygg því, að h. þingd. geti verið þakklát stjórninni fyrir hennar uppástungu í þessu máli, og minnki ekki þann styrk, sem til þessara skóla er ætlaður í frumvarpi hennar.

Um ölmusur hins lærða skóla er jeg samdóma h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) og að ekki beri að gefa mönnum ofmikla hvöt til náms í latínuskólanum með mörgum ölmusustyrkjum. En eins og nú stendur get jeg þó ekki verið með því, að þær sjeu minnkaðar svona mikið; því margir af þeim, sem í skólanum eru, hafa komið með þeirri von að fá ölmusustyrk. Hitt væri eðlilegra og rjettara, að láta þær fara minnkandi með tímanum, þegar öll embætti verða orðin full. En það á ekki að eiga sjer stað, eins og því miður hefir stundum verið, að þeir sjeu styrktir við nám, sem ekki eru reglumenn. Það er sorglegur sannleiki, að hjer hafa verið á prestaskólanum þeir menn, sem ekki hafa verið reglusamir, og fengið þó sinn húsaleigustyrk. Það ætti um fram allt að taka tillit til siðferðis lærisveina við úthlutun allra »benificia« (styrkja).

Viðvíkjandi styrknum til Þjóðvinafjelagsins er jeg alveg samdóma h. 2. þm. Húnv. (E. Br.). Það er sannarlega vilji almennings, að því sje veittur styrkur, með því

að mönnum líka ágætlega bækur þess; þær eru yfir höfuð mjög þarfar og uppbyggilegar, og þegar fjelagsmenn fá bækurnar með svo vægu verði, og bækur meira en helmingi meira verðar en tillagið er, þá sýnir það, að fjelagið er þess maklegt, að fá fjárstyrk; því þá mundi það líka geta gefið út enn þá meira af góðum bókum, sem mjer er óhætt að fullyrða að hafa mikil áhrif til að vekja áhuga almennings til hins þarfa og góða.

Jeg get ekki annað en verið hlynntur viðaukatill. h. þm. Eyf. (A. Ó.) um Sýslumannaæfirnar. Það er að sönnu satt, að það er ekki alþýðleg bók; en Bókmenntafjelagið hefir líka þann tilgang, að gefa út vísindaleg rit, og til þess þarf það einkum styrk af almennu fje. Sýslumannaæfirnar eru einn þáttur úr sögu landsins, og þjóðin þarf að þekkja sína eigin sögu til þess að geta þekkt sjálfa sig; og heptíng á því er hepting á framförum þjóðarinnar. Jeg vona því, að h. þingd. samþ. þá breyttill.

Breyt.till. nr. 282 fer í þá átt, að bæta við lækninn á Ísafirði 224 kr. Það er að sönnu satt, að nefndin fann þá kröfu að sumu sanngjarna; en svo er líka um ýmsar fleiri kröfur og bænir, sem nefndin þó varð að synja bænheyrslu. Jeg vil nefna til Bjarna ættfræðing; hann er bláfátækur og hefir helgað allt sitt líf þessum starfa og þessari vísindagrein. Nefndin sá sjer samt ekki fært að mæla með því, að orðið væri við hans bón um fjárstyrk, jafnvel þó hún viðurkenndi, að öll sanngirni mælti með að veita honum styrkinn. Það er ekki hægt, að uppfylla allar þær kröfur, sem maður þó verður að játa, að geta verið sanngjarnar. Nefndinni þótti líka rjettara, að bíða eptir úrslitum þess máls, sem einn læknir, sem líkt stendur á fyrir, nú á fyrir dómstólunum. Vinni hann sitt mál, er líklegt að þessi læknir fái líka sinn hluta; en sje þessum lækni veitt nú viðbótin, þá koma einir 3 eða 4 læknar á eptir, sem eins er ástatt með; þennan dilk dregur það á eptir sjer, að verða við ósk hans. Án þess jeg þó sje á móti því, að hjer mæli sanngirni með þessum lækni, álít jeg þó ekki vert að veita honum einum þessa viðbót, með því að líkt er ástatt með fleiri lækna.

Gunnlaugur E. Briem: Jeg verð að taka í sama strenginn eins og h. 2. þm. G.-K. (Þ. B.) viðvíkjandi styrknum til barnaskólanna, og jeg verð að ætla, að þeim peningum sje vel varið, vem veittir eru til að viðhalda þeim og styrkja þá. Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar er stungið upp á 3,000 kr. á ári í þessu skyni, og finnst mjer ekki fært, að draga neitt af þeirri upphæð. Barnaskólarnir eru allt af að fjölga, sem er gleðilegur vottur þess, að almenningur vill láta börnin njóta meiri og reglulegri tilsagnar og uppfræðingar, en kostur kann að vera á í heimahúsum, og verði ekk bætt við þá upphæð sem á síðastliðnu fjárhagstímabili var ætluð barnaskólunum, þá verður styrkurinn til hvers einstaks annaðhvort svo lítill, að litlu nemur, eða að sumir skólarnir verða út undan að fá styrk, sem ef til vill kemur ekki sanngjarnlega niður. En að því leyti einn skólinn ætti að sitja fyrir öðrum, er jeg á skoðun h. framsögumanns (H. Kr. Fr.), að það ætti að vera barnaskólar í sjóþorpum; en jeg veit dæmi einmitt upp á hið gagnstæða. Á Sauðárkrók, sem menn vita að er sjóþorp, hvar íbúarnir fjölga árlega, er barnaskóli nýlega stofnaður, og hefir verið byggt skólahús fyrir samskot hreppsbúa og lán af landssjóði, og hefir skóli þessi notið að undanförnu 200 kr. árlegs styrks af landssjóði, en sat næstliðinn vetur á hakanum, eða varð út undan og einkis styrks aðnjótandi, er jeg verð að ætla að hafi verið fyrir það, að fjeð, er var til umráða í þessu skyni, hafi verið of lítið, til þess að allir barnaskólarnir gætu fengið þann styrk, er þá munaði að nokkru. Mjer er kunnugt, að skólastjórnin á Sauðárkrók gerði sjer fyrirfram fulla von um, að sami styrkur, eins og áður hafði verið veittur skólanum (200 kr.), mundi fást þetta ár, og kom það sjer mjög óþægilega, er það brást. Jeg veit ekki með vissu, hvort fleiri skólar í sjóþorpum

hafa orðið út undan, en jeg ætla þó, að svo hafi verið með barnaskólann á Seyðisfirði, og þetta eru þó einmitt skólarnir, sem h. framsögumaður (H. Kr. Fr.) áleit að mest nauðsyn væri á, og helzt ætti að fá styrk. Jeg verð því að vera eindregið með því, að barnaskólunum sje ætlaður eigi minni styrkur, en sá sem stjórnin stingur upp á.

Um leið og jeg minnist á barnaskólana, skal jeg geta þess, að mjer þykir nefndin ekki hafa verið nógu nærgætin við alþýðuskólann í Flensborg, þar sem hún hefir fært þá upphæð, sem stjórnin hefir stungið upp á, 2,500 kr., niður í 2,200 kr., einkum þegar tekið er tillit til þess, að þar er barnaskóladeild, þannig, að börn njóta þar uppfræðingar, en jeg vil ekki þurfa að ætla þeirri deild neina styrkveiting af því fje, sem sjerstaklega er ætlað barnaskólunum. Mjer heyrðist að vísu h. framsögumaður verja álit fjárlaganefndarinnar, viðvíkjandi þessari fjárveiting, með því, að hún hefði búizt við, að barnaskóladeildin kynni að fá fje hjá landshöfðingja af fje því, sem ætlað væri barnaskólum, en mjer þykir eða þætti það óviðkunnanlegra, að veita skólanum þannig fjárstyrk af landssjóði í tvennu lagi, þar sem þetta er þó að eins einn skóli, þótt í honum sje bæði alþýðuskóladeild og barnaskóladeild. Jeg vil því mæla með, að skólinn fái í einu lagi veittar með fjárlögunum þær 2,500 kr., sem stjórnin hefir stungið upp á, og þá er líka trygging fengin fyrir því, að það fje, sem ætlað verður til barnaskólanna, að öðru leyti skerðist ekki, með fjárveiting til Flensborgarskólans.

Að því er snertir ölmusurnar við lærða skólann, þá þótti mjer undarlegt að heyra, að nefndin skyldi vera sjálfri sjer sundurþykk, þar sem þó ekkert ágreiningsatkvæði hafði komið fram í því tilliti. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) er þeirrar skoðunar, að rjett sje að færa styrkinn niður, og álítur að styrkurinn til latínuskólans sje of mikill, því styrkurinn ginni menn til að setja sonu sína til mennta eða sækja skólann um of. Jeg held að við ættum nú sízt að kvarta yfir því, þó alþýða manna sje menntunarfús. Jeg álít fagurt, að bændur keppi allt hvað þeir geta til að mennta sonu sína, og að það sje gott og sanngjarnt, að styrkja þá til þess. Annað mál er það, hvernig styrknum er útbýtt; um það skal jeg ekkert dæma; en það er fullkomin þörf á því, að gjöra það með athuga, svo að styrkurinn komi þar niður, sem þörfin er mest, að yfirveguðum verðleikum hlutaðeiganda. Hvað það snertir, að kandídatar vilji ekki ljeleg embætti og sjeu á stundum svo unggæðislegir, að þeir vilji heldur snúa sjer að allt öðru, þá ber mest á þessu með þau prestsembætti, sem eru sára-tekjulítil, samfara einhverjum öðrum annmarka, og það er engum láandi, þó hann leiti sjer þeirrar atvinnu, er annaðhvort á bezt við hans hæfi eða gefur meira í aðra hönd. Annars hygg jeg, að ekki þurfi að bera kvíðboga fyrir því, að ekki fáist menn hvað af hverju einnig í slík embætti, því heldur sem þau verða sanngjarnlega bætt upp með tillagi úr landssjóði, og þegar embættismannaefnin verða svo mörg, að önnur staða býðst ekki betri. Og þótt þeir nú aldrei sæki um embætti og gerist bændur, þá álít jeg að enginn skaði sje skeður, heldur miklu fremur mikið gott, meðal annars það, að kostur sje á menntuðum bændum til að fara á þing. Auk þess hlyti uppfræðing og þekking bæði beinlínis og óbeinlínis að breiðast út í sveitinni út frá slíkum bændum. Úr því að skólapiltar nú líka eru eins margir og þeir eru, get jeg ómögulega mælt með því, að setja ölmusurnar niður að svo komnu. Hvað það snertir, að fella burt hálfan styrkinn, er í frv. stjórnarinnar er áætlaður til læknaefna, þá er það máske heldur langt farið. Mjer finnst hins vegar óþarft að gjöra ráð fyrir 8 læknaskólastúdentum, en að ætla 6 stúdentum styrk, eins og fjárlaganefndin hefir farið fram á, verður að álítast hæfilegt.

Þá vil jeg lítið eitt minnast á breytingar- eða viðaukatillögu hæstv. landshöfðingja um styrk til launa handa aðstoðarpresti hjá

dómirkjuprestinum, og með því jeg er nokkuð kunnugur hjeraðlútandi kringumstæð nm, vil jeg leyfa mjer að skýra þær dálítið.

Þegar núverandi prestur fjekk veitingu fyrir embættinu, þá var langt um minna að gjöra hjer í sókninni en nú er, en tekjurnar hafa ekki vaxið að sama skapi og störfin og fólksfjöldinn, því flest af því fólki, sem hefir flutt til bæjarins, eru tómthúsmenn og fátæklingar, sem koma hingað og setjast hjer að til þess að leita sjer atvinnu. Þetta fólk þarf nú allt að einu prestsþjónustu eins og hinir, sem færari eru um að borga hana. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) talaði um, að þegar prestakallalögin 27. febr. 1880 hefðu verið samin, hefði það verið álitið hæfilegt, að draga nokkuð af tekjum Reykjavíkur-brauðsins við næstu prestaskipti; en hvað sem hæfilegt eða ekki hæfilegt kann að vera í því tilliti, þegar nýr prestur kemur, þá var svo margt gert, auk heldur máske sagt, þegar prestakallalögin voru samin, er síðan hefir verið álitið óhæfilegt, að jeg get ekki tekið þetta áminnzta efni til greina. Þó öðru skipulagi verði komið á Reykjavíkurbrauðið við næstu prestaskipti, getur það ekki komið við því ástandi, sem nú er, og verði dregið af tekjunum eða lagt frá brauðinu, þegar nýr prestur kemur, þá mundi sá næsti prestur því fremur mega búast við að mega búa að sínu óskertu; hann mundi þá og sníða sjer stakk eptir vexti og búa um sig eptir því sem samsvaraði launum hans. Ef menn vildu bera saman laun annara embættismanna við tekjur dómkirkjuprestsins, þá má taka til dæmis laun forstöðumanns prestaskólans, sem eru 4600 kr. á ári, og goldin mánaðarlega í peningum. Fastar tekjur dómkirkjuprestsins eru þar á móti ekki nema 16—1700 kr.; hitt eru óvissar tekjur, og að nokkru leyti komnar undir því, hvað menn vilja gjalda. Það er samt ekki svo að skilja, að jeg ekki álíti tekjur prestsins nægar fyrir hann persónulega, en að hann hafi þær svo miklar, að hann hafi eða geti haft afgang til þess að öllu leyti að launa aðstoðarpresti, eins dýr eins og búast má við að slík þjónusta yrði hjer, það veit jeg, að það er ekki, og væri því ekki sem sanngjarnast að ætlast til þess. Að dæma af því, að ekki beri á vanrækslu hjá prestinum, að hann hafi ekki ofmikið að gera, er engan veginn rjett ályktun, og mjer þótti mjög undarlegt að heyra þá ástæðu af vörum h. framsögumanns, eins og hann ekki vissi, að dómkirkjupresturinn er mesti starfsmaður, afkastamaður og mjög skyldurækinn, er þráfallt leggur, og það um skör fram, heilsu sína og krapta í sölurnar til þess að gegna embætti sínu og þeim störfum, er á honum hvíla að lögum; og því skyldu menn ekki þar af marka, þótt hann ræki vel embætti sitt, að hann komist hæglega yfir það, sem hann hefir að gera. Nei, þvert á móti; hann leggur einmitt svo mikið á sig, að þótt hann sje nú á bezta aldri, þá ber einatt á því, að heilsu hans er það ofætlun, og slítur hann sjer þannig út, löngu fyrir tíman Hvað það snertir, að jafna dómkirkjuprestsembættinu saman við brauð í sveitum, þá finnst mjer hjer nokkuð öðru máli að gegna. Mjer kemur ekki til hugar, að neita því, því jeg þekki það eins vel eins og hver annar, að húsakynni og annar viðbúnaður á prestsetrum í sveit er víða í bezta lagi, en menn vita ekki heldur, með hvílíkum örðugleikum margur prestur hefir aflað sjer þeirra þægilegheita og hvað útheimtist til að halda þeim við. Samt sem áður verður meira heimtað af dómkirkjuprestinum, heldur en almennt af prestum í sveit, eða á öðrum stöðum á landinu; hann verður að vera fær um, að taka daglega öðruvísi móti fólki, hafa öðruvísi húsakynni og allan viðbúnað eptir því. Þar eð sumir kalla það styrk til dómkirkjuprestsins, ef einhver styrkur er veittur til launa handa aðstoðarpresti, þá vil jeg benda á, að dómkirkjupresturinn mun ekki njóta neins af því fje á annan hátt en þann, að hann með aðstoðarpresti getur betur verndað heilsu sína og þó útvegað nauðsynlega prestsþjónustu, og hann mundi ekki hafa leitað til þingsins í þessu tilliti, ef hann ekki fyndi það vera ofætlun aðstoðarlaust

að annast öll embættisverk, er fyrir koma, og það getur vel verið, að hann hefði hlífzt við að koma fram með þessa ósk á þessum tíma, ef kringumstæður hans hefðu leyft honum að bera þenna kostnað sjálfur; en fái hann engan styrk handa aðstoðarpresti, verður sá endirinn á, að hann leggur á sig meiri starfa en hann heilsunnar vegna er fær um, eða nokkrum manni í raun og veru er ætlandi. En hvort það er hentugt eða hagfræðislegt, hvort sem það er skoðað frá andlegu eða líkamlegu sjónarmiði, að láta sína beztu menn þannig slíta sjer út og eyða kröptum sínum og hæfilegleikum á unga aldri, skal jeg lofa öðrum að dæma um.

Að því, er snertir uppástungu þá, er fram hefir komið um að veita 10 ungum mönnum styrk til að taka próf í sjómannafræði, þá finnst mjer hún eiga vel við sem viðaukatill. við uppástungu nefndarinnar um stofnun sjómannakennslu hjer í Rvík. Það er gott, að menn fái hjer tilsögn í sjómannafræði; en það er nauðsynlegt, að einhver »praktisk« menntun í því efni fylgi með, og það er jafnvel mest í það varið, að þeir menn, sem eiga að stýra skipum, sýni einnig, að þeir hafi þá verklega þekkingu, sem nauðsynlegt er, og fyrir því, að þeir hafi hana, er miklu meiri trygging, ef þeir taka próf erlendis, enda mundi þá hægra að fá ábyrgð á skipum þeim, er þessir menn væru skipstjórar á.

Eiríkur Kúld: Að því er snertir breytingartillögu 282, þá er jeg alveg samdóma h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.). Þar á mót get jeg ekki verið samdóma orðum hans út af breytingartill. 281; þar verð jeg að vera samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) um, að veita eigi styrk til að taka próf í sjómannafræði erlendis, með fram af þeirri ástæðu, að jeg er því hlynntur, að sjómenn fái alla þá menntun, sem unnt er, og þótt till. nefndarinnar væri nóg til þess að menn gætu fengið hjer »theoretiska« kennslu, þá fá þeir ekki þá æfing í hinu verklega hjer í Rvík, að trygging sje fyrir, að þeir sjeu vel að sjer í því, og að öðrum kosti munu þeir ekki fullkomlega hæfir til að stýra skipum. Ef þilskip kæmust hjer upp, sem jeg álít skyldu þingsins að styðja að, þá er ekki nóg að búa til þilskip, því áhugi manna mun deyfast við það, ef engin trygging er fyrir því, að menn fái neitt í staðinn, ef skipin farast. En hvort þau skip fá trygging erlendis, sem þeir menn stjórna, sem einungis hafa tekið próf hjer í Rvík, það verð jeg að telja mjög vafasamt. Þar á mót munu þau fá það, ef stýrimennirnir hafa tekið próf í Danmörku. Þar sem h. 2. þm. G.-K. (Þ.-Bj.) færði það barnaskólunum til stuðnings, að hugsunarháttur manna hjer á landi væri svo lágsigldur, þá verð jeg hreint og beint að neita því, að svo sje. Þar sem slíkur fjöldi streymir að latínuskólanum árlega, þá sýnir það einmitt, að menn sigla hátt, því jeg veit, að það eru margir, sem verða nærri því að taka bitann frá munninum á sjálfum sjer til þess að mennta börn sín. Jeg er yfir höfuð hlynntur öllum skólum, en jeg get ekki álitið eins mikla þörf á barnaskólum í sveitinni eins og í sjóplássunum. Það hefir verið sagt, að almenningur hjer á landi væri betur að sjer en gerist víða annarstaðar, og hefir þó sú uppfræðing einungis verið byggð á heimakennslunni. Í sveitum er því víða minni þörf á barnaskólum, en sjóplássum; þar er ómögulegt annað en að sá tími fari að forgörðum, sem beztur er til þess, að veita kennsluna á. Í veiðistöðunum norðan til inn með Snæfellsjökli er ómögulegt fyrir foreldrana allvíðast að nota þennan bezta tíma til kennslunnar, nefnilega vetrartímann, vegna húsþrengsla, þar sem vanalega eru auk heimilisfólksins sjálfs um vertíðina 6—8 útróðrarmenn í litlum bæjum. Jeg verð því að álíta brýna nauðsyn á, að styrkja barnaskóla í sjóplássum, en miklu minni upp til sveita.

Að því er snertir breytingartill. 276 um styrk til 3 aukalækna, þá þarf jeg ekki að fjölyrða um hana, því mjer heyrist hún hafa fengið svo góðar undirtektir. Nefndin hefir þar farið miðlunarveg; en mjer virðist

hún þó hafa sett styrkinn allt of lágt. Jeg vildi, að hverjum þessara lækna væri ekki boðið minna en 1000 kr.; og þar sem enginn hefir talað verulega á móti því, vona jeg að það verði samþykkt. Annars er nú hjer annað frv. á ferðinni í þessa stefnu, sem fer miklu lengra, og mun jeg einnig gefa því atkvæði mitt, og ef það fær framgang, þá er þessi breytingartill. óþörf; en af því jeg er ekki viss um, að það frumv. verði samþykkt á þessu þingi, vil jeg halda þessu til vara.

Þá er breytingartill. við 13. gr. C. 1. a., að í staðinn fyrir 1000 kr. hvort árið komi 1200 kr., sem eru laun bókavarðarins við landsbókasafnið. Þeir sem minnzt hafa á þetta breytingaratkv., hafa gert að því góðan róm, og vona jeg því, að það fái framgang.

Viðvíkjandi því sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði um þetta breytingaratkv., þá get jeg verið honum að nokkru leyti samdóma, og að nokkru leyti ekki. Hann viðurkenndi verðleika þessa manns, og nauðsynina á að styrkja hann og »sýna honum sóma«, og fannst mjer hann gefa í skyn, að hann vildi veita honum þetta sem heiðurslaun, og losa hann við þetta starf, af því hann væri orðinn heilsulaus og væri því ekki fær um að gegna því. Jeg skal nú ekki dæma um þetta, og mjer stendur nú hjer um bil á sama, hvað launin heita, en jeg held þó, að þótt heilsu hans sje farið töluvert að hnigna, þá sje hann svo kunnugur þessum störfum, að nauðsynlegt sje að halda honum sem lengst, meðan kraptar hans leyfa.

Jeg skal að endingu geta þess, að jeg áskil mjer að koma með breytingartill. til 3. umr. um að færa upp skrifstofufje bæjarfógetans Reykjavík, sem mjer sýnist nefndin hafa skorið af mjög við neglur sjer.

Arnljótur Ólafsson: Jeg á hjer við þennan kafla ofurlitla viðaukatillögu (nr. 290) við 13. gr. C. 3., sem stefnir að því, að fje því, sem ætlað er til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavik, sje helzt varið til að gefa út »Sýslumannaæfirnar». H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) tók ljóslega fram, að þetta rit væri nauðsynlegt sem undirstöðurit til Íslands sögu, og tek jeg með honum undir það, að þær sjeu það, eigi eingöngu hvað efnið snertir, heldur sjerstaklega ættartölur og allt tímatal, sem er þar lengra og fullkomnara en nokkurstaðar annarstaðar. Að öðru leyti er efnið samkynja söguefninu í annálum Jóns Egilssonar og í lögsögumanntalinu. En það var líka önnur ástæða, sem knúði mig til að koma með þessa viðaukatillögu, og hún er sú, að það er kunnugt, að höfundurinn er búinn með handritið, en Bókmenntafjelagið hefir hætt við útgáfu Sýslumannaæfanna í miðju kafi, og á Bókmenntafjelagsfundi hjer á dögunum kom fram, einkum frá forseta, nokkurs konar undanfærsla eða vankvæðatölur á því, að halda áfram að gefa þær út; en sökum þess að höfundurinn er búinn með handritið, finnst mjer skylda Bókmenntafjelagsins að borga honum verk hans og efna heit sitt að gefa út bókina. Jeg vona því, að h. þingd. vilji gefa atkvæði sitt með þessari viðaukatill., því að hún miðar til að halda skuli gerðan samning, og til þess, að bókin komist út, sem er nauðsynleg fyrir sögu landsins.

Þá hef jeg líka komið með breytingartill. við 13. gr. C. 4. a. (til forngripakaupa og áhalda), að í stað 500 kr. komi: allt að 1000 kr. Jeg er að vísu h. fjárlaganefnd þakklátur fyrir það, að hún hefir hækkað þetta 500 kr. tillag í stjórnarfrumv. upp í 700 kr.; en í rauninni álít jeg það eigi nóg, því að jeg veit til, að á Norðurlandi eru settir menn út til þess að kaupa fornmenjar, þar sem þær eru fáanlegar, fyrir útlendinga, svo sem Englendinga, og verður landið því fyr en varir rúið að fornmenjum. Forngripasafnið er hinn dýrmætasti menjagripur fyrir sögu Íslands; og eitt er víst: ef menn vilja meta fyrirtæki til peninga, þá er forngripasafnið fimmfalt meira virði en allt það fje, sem lagt hefir verið til þess frá upphafi. Bæði h. fjárlaganefnd og h. þingdeildarm. verða að játa, að forngripasafnið er ef til vill hin bezta og ljósasta menntasaga; safnið er orðið oss til frægðar, og því ættum vjer

eigi að láta oss muna um einar 300 kr. meira til þess, en h. nefnd hefir stungið upp á. Forstöðumaður safnsins veit jeg og vjer allir, að ver fje þess mætavel, og lætur eigi einn eyri til einskis. Því vil jeg, að í þetta sinn sje varið allt að 1000 kr. til að fá þær fornmenjar, sem að líkindum annars fara burt úr landinu.

Úr því jeg á annað borð stóð upp, þá ætla jeg að minnast á breytingartill. nefndarinnar við 13. gr. C. 2. til bókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi. Nefndin hefir fært tillagið niður úr 400 kr. í 200 kr. Í athugasemdum nefndarinnar stendur, að þau söfn muni vera lítið notuð; en jeg get gefið þá upplýsingu, að minnsta kosti um bókasafnið á Akureyri, að það er bæði vel og mikið notað, og er það safn hið eina bókasafn á Norðurlandi, sem styrk fær. Jeg held, að nefndin hafi farið villt í að setja það tillag niður, og vona að hún sjái, að sanngjarnt er, að styrkurinn til bókakaupa á Norður- og Vesturlandi sje að minnsta kosti 400 kr., þar sem Reykvíkingar fá 3300 kr. til landsbókasafnsins, með því að landsbókasafnið er helzt til afnota fyrir þá, er búa kring um safnið; það er þeim til nota eins og þó það væri eða hjeti Reykjavíkurbókasafn.

Jeg ætla að leyfa mjer að taka fram eina reglu, sem fjárlaganefndin ætti ætíð að fylgja, og hún er sú, að færa aldrei niður frá því sem stjórnin í frumv. sínu ákveður, þann styrk, sem ætlaður er til mennta, nema yfirgnæfandi ástæður sjeu til, en yfirgnæfandi ástæða er eigi til að lækka styrkinn til Akureyrarsafnsins H. hæstv. landshöfðingi hefir fengið skýrslu um bókasafnið þar, og hefði h. fjárlaganefnd getað fengið hana hjá honum.

Landshöfðingi: Jeg hef áður tekið flest fram, sem jeg þurfti; en þó eru enn fáein atriði, sem jeg vil minnast á. Það hefir glatt mig, að heyra hinar góðu undirtektir h. þingdeildarm. undir fjárveitingar til skólanna, bæði barnaskóla og annara æðri skóla. Það hefir glatt mig, hversu glöggt h. þingdeildarm. sjá, að ástæður eru til að hlynna að menntunarstofnunum, og að heyra ýmsar öflugar raddir, sem hafa aðhyllzt fremur stjórnarfrumv. en að færa niður tillagið til skólanna eptir uppástungu nefndarinnar. Jeg vil sjerstaklega taka fram, að fjeð til barnaskólanna má eigi vera minna, en farið er fram á í frv. stjórnarinnar. Jeg held, að þeir, sem vilja lækka það tillag, álíti, að barnaskólar út um landið sjeu eigi eins nauðsynlegir og þeir eru í raun og veru. Þeir eru að sönnu nauðsynlegri í fjölbyggðum sjóplássum, en í sveitum, þar sem strjálbyggt er, og erfitt er að sækja skólana, nema börnunum sje komið fyrir á kennslustaðnum, eða öðrum bæjum í nánd. Jeg vona því, að h. þingd. aðhyllist fremur frv. stjórnarinnar, því það er álit mitt, að að það sje eitt af því, sem Íslendingar meta mikils, að þingið hlynni sem mest að menntuninni í landinu.

Enn er eitt atriði, sem jeg vil minnast á; það er um ölmusurnar til hins lærða skóla, að þær sjeu færðar niður um 2000 kr. Mjer finnst mjög óráðlegt, að víkja í því tilliti frá meir en 20 ára gamalli reglu. Nú eru þær fjörutíu, en fyrir 1864 voru þær að eins tuttugu og fjórar; en þá var þeim fjölgað í þessa tölu. Þá var það gert af því, að það þótti nauðsynlegt og æskilegt, og samþykkti því ríkisþingið það. Jeg hygg nauðsynina vera fullt eins mikla nú, og sýndist það því vera undarlegt, ef alþingi Íslendinga minnkaði tillag þetta, sem hið danska ríkisþing áleit nauðsynlegt til að auka menntunina hjer á landi.

Það er enn eitt atriði í 13. gr., sem jeg vil minnast á, en sem jeg að sönnu hef rætt um áður; það er um árgjaldið til og afgjaldið frá brauðunum. Það stendur í sambandi við breytingu í tekjudálkinum, sem þegar er samþykkt; en jeg tek það fram, að þó jeg hafi gert breytingartill. við tekjuliðinn og eins hjer við 13. gr. og reynt til að nálgast nefndarfrumv., þá játa jeg, að þetta er nokkurs konar neyðarúrræði, sem jeg hef gripið til, til að reyna að bjarga málinu að nokkru leyti. Jeg verð því, þótt jeg hafi gert þetta breytingaratkvæði, að

álíta mjög æskilegt og nauðsynlegt, að halda stjórnarfrumvarpinu óbreyttu. En ef h. þingdeildarm. vildu nú aðhyllast stjórnarfrumv. í þessu atriði, þá kæmi að vísu fram ósamkvæmni við 5. gr. tekjanna, en þessa ósamkvæmni mætti nema burt við 3. umr. Breytingartill. var að eins til að bæta úr að nokkru leyti, til að minnka vandræðin, sem umboðsstjórnin kæmist í við það, ef breytingartill. nefndarinnar kæmist að, því það væri ómögulegt að framfylgja henni þegar í stað; en jeg efast eigi um, að umboðsstjórnin reyni að koma á reglu nefndarinnar með tímanum.

Enn tel jeg óheppilegt, að nefndin hefir ráðið til að veita eigi hinar umbeðnu 1000 kr. til þjónustu lausra brauða, því að það er sorglegt ástand víða á landinu með ónóga og ófullkomna prestsþjónustu, og er því ísjárvert, að reyna eigi allt til að bæta úr því ástandi, og að þessu lýtur sú tilraun, sem gerð er með því að fara fram á þessa fjárveitingu.

Enn er eitt atriði, sem mjer er skylt; það er breytingartill. mín í umboði stjórnarinnar um laun handa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík. Jeg hef heyrt á umræðunum, að sumir hafa verið á móti henni, en sumir hafa verið með henni, og sýnt ljóslega nauðsynina á því, að hún fái framgang.

En þótt nefndin eða meiri hluti hennar hafi eigi getað fallizt á þessa uppástungu mína, þá vonast jeg þó, að hún vilji sinna breyt.uppástungu minni um 1200 kr. til styrks handa bókara hins fyrirhugaða banka, því að jeg sje, að hún hefir komið með breytingartill. við þá breytingaruppástungu mína. (*Forseti:* Það er við 16. gr. og liggur því eigi fyrir til umræðu í dag). Jeg ætla þá eigi að fara út í það nú, en vona þó, að nefndin verði eigi á móti þeirri fjárveitingu, því að hún er nauðsynleg.

Jeg er mjög hlynntur uppástungunni um að veita allt að 1000 kr. til forngripakaupa. Það er kunnugt, að forngripasafnið er orðið álitlegt safn, og er æskilegt, að það aukist meira; og þó fjárveitingin sje ríflег, þá álít jeg bezt, að veita hana nú í nokkur ár, meðan verið er að safna fornmenjum; en síðar má takmarka hana.

Jeg álít það eigi heppilegt hjá nefndinni, að fara fram á að minnka styrkinn til bókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi, og get jeg gefið þá upplýsingu, að þessi söfn eru talsvert notuð, eigi að eins bókasafnið á Akureyri, heldur einnig safnið í Stykkishólmi, og er mjer það sjerstaklega kunnugt; og þau þurfa á eigi litlu fje að halda, eigi til bókakaupa að eins, heldur og til þess að semja bókaskrár, og vona jeg því að h. þingdeild haldi þessari litlu fjárveitingu óbreyttri frá frumv. stjórnarinnar.

Enn er eitt atriði í 13. gr., um Flensborgarskólann; jeg álít það bæði æskilegt og eðlilegt, að tillagið, sem til hans er ætlað í stjórnarfrumv., sje eigi minnkað, og er jeg á sömu skoðun sem h. 2. þm. Skagf. (G. Br.), að hann ætti að fá styrk sinn í einu lagi, en eigi sjerstaklega sem barnaskóli og alþýðuskóli; því að skólinn er alþýðu- og barnaskóli í einu, og því eðlilegra er, að hann fái þessa upphæð.

Jeg skal svo eigi þreyta h. þingd. á lengri ræðu um þennan kafla; en hef beztu vonir um, að hún fallist eigi á að lækka fjárveitingu til menntunarmála.

Ólafur Pálsson: Mjer þótti fjárlaganefndinni nokkuð mislagðar hendur viðvíkjandi læknaskipuninni, og mun jeg við 3. umr. koma með viðaukauppástungu um læknishjerað í Skaptafellssýslu. Jeg er þakklátur h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) fyrir það, þegar hann talaði um prestsleysið í Mýrdalnum í mínu kjördæmi.

En jeg get ekki verið samdóma um, að gefa dómkirkjuprestinum peninga fyrir kapellán, því að laun hans eru nógu há, og getur hann því launað hann sjálfur, — þegar talað er um leið um, að skipta öðru brauði í tvennt, með 800 kr. launum handa báðum eður 400 kr. hvoru brauðinu.

Viðvíkjandi skólunum er svo um mig, að jeg elska alla menntun, til hverra framfara sem er. Eins og nú er ástatt, er mjög erfitt að koma börnum sínum til mennta. Prestar eiga að sjá um uppfræðinguna; en

hvernig á að fara að, þar sem enginn prestur er til? Þar liggur ekki annað við, en menntunarleysi og heiðindómur. Eigi má þó álasa landsstjórninni fyrir það, því það getur verið nokkuð því til fyrirstöðu, að prestar fáist, að prestsefni eru bundin við barnaskólana sumstaðar, víst einn í Hafnarfirði.

Dómkirkjupresturinn hefir að vísu erfitt og þreytandi embætti, en hjer þarf presturinn þó ekki, eins og til sveita, að taka upp á sig barnauppfræðing alla, þar sem barnaskóli og fleiri menntun er við hliðina á honum, og er það munur. Jeg verð því að vera mótmæltur þessum 1200 kr. styrk til hans; en með hverju jeg gef atkvæði og atkvæði ekki, sjest, þegar þar að kemur.

Jón Ólafsson: Fyrsta breytingartillagan, sem jeg stend undir með öðrum h. þingm., er um hjeraðslækninn á Ísafirði. Annar læknir, sem eins stendur á fyrir, hefir farið í mál út úr upphæðinni, og unnið það bæði fyrir undirrjetti og yfirrjetti, og það hefir komið til orða á alþingi, að skora á landsstjórnina að áfrýja málinu ekki lengra af hálfu hins opinbera. Það sýnir, að menn álíta að læknirinn muni vinna það. Það er að eins sá munur á þessum tveim læknum, að í veitingarbrjefi læknisins á Akureyri er kveðið lítillega öðruvísi að orði; en það er enginn vafi á hinu, að læknirinn á Ísafirði eptir venju og sanngirni eigi sömu kröfu, og að það hafi hvorki verið skilningur hans nje stjórnarinnar, er hann fjekk embættið, að hann fengi það með neinum öðrum eða rýrari kjörum en læknirinn á Akureyri; veitingarbrjef læknisins á Ísafirði er og eldra en hitt, og er líklegt, að þingið fari ekki að gera sig að vasa-procurator, og hengja sig í orð til að hártoga úr þeim þýðingu, sem engum dettur í hug að fara fram á, að upphaflega hafi verið í þau lögð. Allir hafa líka sagt, að þetta væri sanngirniskrafa; þeir, sem á móti hafa mælt, hafa að eins talið tvísýnt, hvort það væri svo skýlaus lagarjettarkrafa, að dómstólar hlytu að dæma læknunum hana. En við sitjum ekki hjer til að hártoga lög og lagabókstaf; þvert á móti vona jeg þingið sýni, að það situr hjer ekki sem lagasnápur, heldur til þess að gera það, sem rjettast er og sanngjarnast.

Þá kemur breytingartill. um ölmusurnar, og sný jeg mjer að því, sem h. þm. Mýramanna (E. E.) sagði í fyrradag, að maðurinn, sem jeg vitnaði til (hr. A. Feddersen), hefði ekki verið hjer í bænum á þeim tíma, þegar stúdentar og skólapiltar hefðu verið hjer, og væri því umsögn hans ekki mikið að marka. Þetta er ekki annað en misminni hins háttv. þingm., því hr. Feddersen fór einmitt hjeðan með sama póstskipi, sem stúdentar og piltar höfðu komið með til bæjarins, og var þeim þannig samtíða þann tíma, sem skipið lá hjer. Jeg sat t. d. nokkra stund samtíða honum á veitingahúsi, og man jeg hann spurði mig, hverjir þeir væru þessir ungu menn með einkennishúfur, sem væru svo þaulsæknir að drykkjuborðinu, og jeg neyddist til að segja, þótt mjer þætti minnkun að, að það væru lærisveinar hins lærða skóla. Menn segja, að embættismannaefni væru ekki svo mörg, að ástæða sje til að rýra styrkinn sem stendur. Jeg vil heldur ekki rýra hann um þörf fram; jeg vil að hann sje svo ríflegur, að allir verðugir, þ. e. efnilegir, reglusamir og fátækir piltar, geti fengið styrk. En hitt er sannarlega heldur ekki tilgangurinn, að veita svo mikið fje, að yfirstjórn skólans hafi ekki önnur ráð til að torga því, svo það renni ekki ónotað aptur í landssjóð, en að veita af því ölmusu sonum hálaunaðra embættismanna, sízt hjer í Reykjavík, og það jafnvel embættismanns, sem á líka allmiklar aðrar fasteignir, og sem þar að auki er allt annað en meistari í barnauppeldinu, svo sem hneykslanleg verkin sýna ljósast ummerkin. Það á ekki að veita styrk slíkum foreldrum handa sonum sínum. Þegar því styrknum er þannig varið, þá hlýtur það að vera ljós vottur þess, að fje er ausið óþarflega út til þessa; því ætla má, að landsstjórnin veitti ekki styrk á þennan hátt, nema fjeð væri svo ríflegt, að afgangur sje, eptir að búið er að veita öllum verðugum — afgangur, sem landsstjórnin kann

ekki með að fara. En landsstjórn, sem ekki kann að fara rjettvíslega með fjeð eða vill ekki gera það, á ekki að veita fje til umráða svo ríflega, að hún verði í vandræðum með að koma því í lóg.

Jeg ætla að greiða atkvæði með sjómannakennslunni í Rvík, og líka með því, að veita styrk til að taka stýrimannspróf utanlands, því jeg geng út frá því, að ábyrgðarfjelög ábyrgist eigi að sinni skip, sem aðrir stýra, en þeir, sem tekið hafa próf ytra. Þetta tvennt er í engri mótsögn, en getur vel orðið samfara í byrjuninni; kennslan fer hjer fram, en mennirnir ganga undir próf ytra; þegar það svo hefir sýnt sig nokkur ár, að þeir, sem hjer hafa lært, standast vel prófið þar, þá er von til að ábyrgðarfjelögin fari að láta sjer lynda, að prófið sje hjer haldið. Það væri víst æskilegt, að innlend ábyrgðarfjelög væru til, en við verðum að taka því sem er, að svo er ekki, að Eyjafirði frá teknum, og engin útsjón fyrir, að þau komizt víðar á fyrstu árin enn. Þilskipaeigendur eru hjer ekki svo margir, að ábyrgðarfjelög verði mynduð. Jeg get ekki verið með tillögu h. þm. Vestmanneyinga (Þ. J.), að verja 10,000 kr. til að stofna ábyrgðarfjelög. Það væri, ef til vill, nóg fyrir Vestmannaeyjar einar, og þó varla það, því að upphæðin, sem til er tekin, er ekki meira en fyrir einni skútu; það þyrfti að taka miklu dýpra í árinni, ef ætti að gera það á annað borð. En að veita svo lítið fje, að fyrirsjáanlegt er, að það getur að engum notum komið, er sama sem að kasta því í sjóinn.

Þá hef jeg stungið upp á, að fella burt styrkinn til Þjóðvinafjelagsins. H. 2. þm. Húnvetninga (E. B.) var að mæla fram með styrknum; en honum fórst ekki eins fimlega röksemdafærslan, eins og vant er. Fjelagið gefur vanalega ekki 25 arkir út á ári; það eru sjerstaklegar ástæður í ár, af því það mun hafa fengið eitt ritið gefins, og auk þess hlaupið fyrir efni fram af viðkeppni við annað fyrirtæki. Jeg tek ekkert tillit til söluverðsins utanfjelags, en jafnvel innanfjelags selur það örkina fyrir meira en 8 aura. Jeg fyrir mitt leyti tek ekki svo mikið, og engir blaðamenn, fyrir örkina í því, sem við gefum út. Það má, ef til vill, segja, að bækur fjelagsins sjeu þarfari en það, sem blöðin bjóða; en við hvað á að miða, hvort rit sjeu þörf og í afhaldi? Sjálfsagt við útbreiðsluna. En þá er líka miklu þarfara það, sem við, hinir skárri blaðamenn, bjóðum, því t. d. blöðin »Þjóðólfr« og »Ísafold« eru meira útbreidd, og við seljum að eins milli 7 og 8 au. örkina, og ekki sækjum við þó um að verða landsómagar. Ef fjelagið gefur út góðar bækur eptir tilgangi sínum, þá hefir það sín laun í kaupendunum, en ef það fær ekki kaupendur, þá hefir það fjarlægzt tilgang sinn, og fellur ekki í geð manna, og því á það ekki styrk skilið. Þess háttar styrkir eru líka vanir að hækka, þegar þeir einu sinni eru komnir á. Ef fjelagið fær 300 kr. í ár, þá mun það bráðlega fá 600 kr., og margir af okkur munu ekki vera orðnir stórum gráhærðir, þegar það hefir fengið 1000. Þegar slík fjelög geta smeygt inn litla fingrinum, troða þau brátt hendinni allri. Jeg er því á móti þessum styrk. Þó að fjelagið gæfi út 30 arkir á ári, og gæfi 30 kr. fyrir hverja örk í ritlaun, sem það tæplega gerir, því rit þess eru mestmegnis þýðingar, þá væri kostnaðurinn við það ekki meiri en 900 kr. Prentun og pappír er ekki meira en 40 kr. fyrir örkina; það verða 1200 kr.; prósentur til umboðsmanna 280 kr.; kostnaðurinn allur yrði þá 2,380 kr., en tillög frá 1400 fjelagsmönnum, 2 kr. frá hverjum, er 2,800 kr., og verða þá eptir 420 kr. til útsendingar og innheptingar. Og þar að auki allar tekjur af lausasölu bókanna, sem t. d. eru miklar af almanakinu. Fjelagið hlýtur því að græða fje á hverju ári — því miður birtir það aldrei reikninga sína, ekki einu sinni fjelagsmönnum —. Það er því engin ástæða til að styrkja fjelagið. (*L. Blöndal*: Það gefur út svo þarfar bækur!). Mikið rjett; það gefur út þarfar bækur, en það gera fleiri. Það ætti þá að styrkja hvern bókarútgefanda á landinu, sem *gefur* út þarfa bók. Það er vani að leggja fje af landssjóði að eins til að styrkja vísindaleg

rit, en ekki til bersýnilegra gróðafyrirtækja.

Það hefir verið sagt, að prestsembættið í Reykjavík væri orðið svo umfangsmikið, að ómögulegt væri fyrir einn mann við að snúast. En það sjer ekki á þeim presti, sem nú er. Hann hefir allra handa störf auk embættis síns. Prentsmiðjustjórn hefir hann haft til skamms tíma, í ýmsum nefndum hefir hann setið, og nú seinast hefir hann haft tíma til að setjast á þingmannabekkina, sem konungkjörinn þingmaður. Jeg veit, að hann er svo vandaður og samvizkusamur maður, að hann mundi ekki fara að takast öll þessi mörgu og breytilegu störf á hendur, ef hann þyrfti að vanrækja embætti sitt fyrir þau. Laun hans eru há í sjálfu sjer. Hann gefur upp hálft fimmta þúsund króna, og jeg hefi heyrt hjer í dag það álit sumra manna, að hann hafi að minnsta kosti einu þúsundi meira; það vil jeg nú ekki ætla; jeg verð að ganga út frá því, sem hann sjálfur segir; það má þó að minnsta kosti ætla víst, að hann hefir ekki minna en hann sjálfur segir. Og taki maður 1000 kr. frá handa kapelláni, ef hann skyldi þurfa hans með, sem ekki lítur út fyrir, þá eru þó 3,500 kr. eptir, og það eru laun, sem margur embættismaður má una við hjer í Reykjavík, og ýmsir við minna. H. 2. þm. Skagf. (G. E. Br.) sagði, að ekki mætti miða við brauð í sveit. En þó að störfin sjeu meiri, þá eru tekjurnar líka meiri. Og þó að þessi prestur færi, er varla hætt við að hjer yrði prestslaust, af því enginn hæfur maður vildi vinna hjer prestsstörf fyrir 4,500 kr. Hann sagði og, að presturinn í Reykjavík hefði mikinn kostnað af, að taka móti fólki. Mjer er ekki kunnugt, að svo sje. Jeg ætla þvert á móti, að fáir prestar á landinu þurfi eins litlu til að kosta í því efni, eins og prestur í Reykjavík. En hvernig er í sveitinni? Þar þurfa prestar að taka á móti öllu messufólki, og veita því kaffi og annan beina, og auk þess einatt gistingar; allt þetta er presturinn í Reykjavík alveg laus við; h. þingm. hefði helzt ekki átt að minna oss þingmenn á þetta atriði; áhrifin af því verða víst alveg gagnstæð við það, sem h. þm. vildi.

Viðvíkjandi því, að styrknum til Bókmenntafjelagsins skuli einkum varið til að gefa út »Sýslumannaæfir», þá finnst mjer ekki rjett af þinginu, að taka fram fyrir hendurnar á stjórn Bókmenntafjelagsins í því. Það er auðvitað, að það er merkilegt, að eiga æfisögur sumra sýslumanna. Jeg vildi t. d. gjarnan eiga á prenti æfiferil hins nýafsetta sýslumanns Ísfirðinga, og það væri enda fróðlegt, að eiga æfisögur og lýsingar ýmsra fleiri: hreppstjóra, amtsráðsmanna og þingmanna, og annara merkismanna. En mjer finnst eigi rjett, að binda Bókmenntafjelagsstjórnina í þessu. Því ef þingið álítur fjelagið styrks vert, þá verður það líka að bera það traust til þess, að stjórn þess gefi út þær bækur, sem hagfeldast er.

Jón Sigurðsson: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um breytingaratkvæðin, því það er þegar búið að tala mikið um þau. Yfir höfuð líkar mjer vel meðferð nefndarinnar á þessum þrem greinum stjórnarfrv., og er henni þar víðast hvar samdóma. Það er þá fyrst, að stjórnin ætlar til 3 aukalækna 800 kr. til hvers; þetta hefir nefndin hækkað upp um 100 kr. til hvers, svo það verða 900 kr.; en breyt.till. nokkurra þm. gengur enn lengra, og fer fram á að veittar sjeu 1000 kr. til hvers þeirra. Þarna er jeg nefndinni samdóma; mjer finnst hún hafa valið þarna heppilegan meðalveg.

Þá er 11. gr. 3, þar sem nefndin fer fram á 400 kr. viðbót til sjúkrahússins hjer; þar er jeg líka nefndinni samdóma, og mjer finnst þetta á góðum rökum byggt, þar sem landið bæði hefir aðgang að spítalanum, og svo þar sem læknaskólinn er hafður í spítalahúsinu. Mjer finnst þetta því ekkert áhorfsmál.

Þá er 12. gr. 1. B. Þar vill nefndin auka gjöldin til póstferðanna um 500 kr., og ætlast til, að það sje til póstafgreiðslumannanna. Þetta fellst jeg einnig á; störf þeirra hafa aukizt að stórum mun, og þá er sanngjarnt, að bætt sje dálítið við laun þeirra.

Jeg gef því atkvæði fyrir þessari breytingu nefndarinnar.

Þá er 13. gr. A. 9. Þar hefir nefndin farið því fram, að þær 1000 kr., sem í stjórnarfrv. eru veittar til þjónustu lausra brauða á fjárhagstímabilinu, að þeim verði sleppt. Hinn hæstv. landsh. hefir nú, eins og búast mátti við, mælt í þessu atriði fram með stjórnarfrv.; en jeg verð hjer að hallast að skoðun nefndarinnar, og held jeg, að komast megi af án þessarar fjárveitingar. Enda finnst mjer, að til þessa megi, ef þörf gerist, verja einhverju af því fje, sem ætlað er til fátækra prestakalla.

Þá koma nú skólarnir. Þótt nefndin hafi víða lækkað fjárveitingarnar, og jeg sjái ekki betur, en hún hafi víða hitt á hæfilegan meðalveg, þá get jeg ekki verið henni samdóma um að fækka ölmusum eða lækka húsaleigustyrk við skólana, hvorki lærða skólann nje læknaskólann, svo mjög, sem nefndin gerir. Þeir, sem til skólanna sækja, eða eru þegar komnir á þessa skóla, þeir hafa búizt við þessari hjálp og byggt á henni, og ef þeir svo verða sviptir henni á miðri leið, þá eru þeir illa komnir.

Viðvíkjandi óþverrasögum h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) skal jeg að eins geta þess, að þótt eitthvað kynni að vera hæft í þeim, sem jeg leyfi mjer að efast um, þá ætti langt um betur við, að hann skemmti tilheyrendum sínum með slíkum sögum, þegar hann situr á »knæpum« bæjarins. Hjer í þingsalnum eiga þær ekki við. Þær eru hjer engum til sóma, og allra sízt honum sjálfum.

Mjer finnst einn skóli hafa orðið út undan hjá h. nefnd, og það er Flensborgarskólinn, þar sem nefndin hefir fært styrkinn til hans niður um 200 kr. frá því, sem stendur í stjórnarfrv. Fyrir þessari lækkun nefndarinnar hef jeg ekki heyrt gildar ástæður; en eptir þeim skýrslum að dæma, sem jeg hef sjeð, þá stendur þessi skóli nokkurn veginn jafnfætis skólanum á Möðruvöllum; en sá skóli á að fá 7000 kr., en þessi að eins í stjórnarfrv. 2,500 kr., en hjá nefndinni 2,200 kr. Til þessa mismunar finn jeg ekki gilda ástæðu. Fjárveitingin til Flensborgarskólans finnst mjer sízt of mikil, og er jeg hjer um bil hissa á, að hann skuli komast af með svona lítið fje, þar sem hinn þarf svo mikið.

Við Flensborgarskólann eru þó 3 kennarar, eins og á Möðruvöllum.

Í tilefni af þessari fjárveitingu til Flensborgarskólans ætla jeg að segja frá ofurlítilli sögu, sem jeg held að eigi fullt vel við, eins og sumar sögur h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.); að minnsta kosti kemur hún meira málinu við, en sumar af knæpuhistoríum hans, sem hann þylur upp hjer í salnum. Eptir því sem mjer er kunnugt, hefir Flensborgarskólinn orðið aðnjótandi tillags úr sýslusjóði, að upphæð nokkur hundruð krónur. En nú hefir amtsráðið neitað því, að sýslunefndin hefði nokkra heimild til að veita þetta fje, líklega af því, að það væri ekki samkvæmt sveitarstjórnarlögunum. Nú skal jeg engan dóm á það leggja, hvort þetta hefir verið rjett af amtsráðinu eða ekki; en hins skal jeg geta, að sams konar styrkur hefir verið veittur skólum í Norður- og Austurumdæminu, án þess að amtsráðið þar hafi fundið nokkuð að því. Því verð jeg að spyrja: hverja ástæðu hefir amtsráðið í Suðuramtinu til að neita um heimild til að veita þennan styrk til skólans? (*H. Kr. Fr.:* Jeg skal svara því). Slík fótakefli á framfaraleið einhvers fyrirtækis geta ekki að eins hnekkt fyrirtækinu tilfinnanlega, heldur og algjörlega kollvarpað því, og væri slíkt mjög illa farið, allra helzt, ef slíkt væri ekki byggt á nægilega gildum ástæðum.

Hvað viðvíkur barnaskólunum, þá er það mín skoðun, að þingið eigi að eins að styrkja að því, að koma þeim á stofn, þar sem þeir eru nauðsynlegir, og svo taki sveitarfjelögin við þeim, og að þeir sjeu þinginu alveg óviðkomandi upp frá því. Jeg álít líka mikið efamál, hvort barnaskólamenntun er nokkuð takandi fram yfir þá menntun, sem unglingarnir geta fengið heima.

Þá kem jeg til Þjóðvinafjelagsins. Jeg varð alveg hissa á þessari tillögu h. nefndar, einkum þar sem formaður fjárlaganefndarinnar er forseti Þjóðvinafjelagsins.

Jeg er, eins og formaður fjárlaganefndarinnar veit, einn af höfuðstofnendum fjelagsins, og hef allt af verið í því og er enn; en mjer hefir aldrei dottið í hug, að fjelagið yrði sett á betlarabekk. Mjer finnst engin þörf á að styrkja fjelagið með fjárveitingu af landssjóði, því ástæðan getur ekki verið önnur en sú, að fjelagið geti selt bækur sínar því ódýrara; en jeg er hræddur um, að það mundi muna litlu; fjelagið er vinsælt meðal landsmanna og bækur þess þykja hentugar og góðar, og fljúga þær því út.

Enn er eitt, sem jeg vil leiða athygli h. nefndar að, og það er, ef þingið veitir 1,200 kr. til launa aðstoðarprests hjer í Reykjavík, hvort afleiðingin muni ekki geta orðið sú, að prestar á örðugum brauðum út um landið fari fram á hið sama. Væri t. d. nokkur sanngirni að veita þetta, en neita svo prestinum í Þönglabakkaprestakalli um aðstoðarprest, ef hann skyldi fara fram á það? Ef dómkirkjuprestakallið í Reykjavík er orðið svo erfitt, að það er of vaxið ungum og röskum manni, því er því þá ekki skipt í tvö prestaköll? Og ef launin skyldu vera, eins og jeg hefi heyrt sagt, 4000—5000 kr., þá gætu það orðið tvö allgóð brauð. Jeg verð að minna á það, að jeg held, að enginn söfnuður geri eins lítið fyrir prest sinn og kirkju, eins og einmitt Reykjavíkursöfnuður. Ef prestinum er þetta of vaxið, og söfnuðurinn ekki vill missa hann, því reynir þá söfnuðurinn ekki að útvega honum aðstoðarprest? Mjer finnst mjög óviðfeldið, að vjer, sem búum norður á landi, austur á landi, og vestur á landi, að vjer skulum þurfa að borga gjöld fyrir Reykjavíkurbúa til prests og kirkju. Jeg efast reyndar ekki um, að þeir borgi sín lögboðnu gjöld; en þau eru miklum mun lægri hjer en annarstaðar. Söfnuðurinn segist vera laus við kirkjugarðinn o. s. frv., og jeg vil spyrja: hvort söfnuðurinn muni mikið hafa lagt hönd að kirkjuviðgerðinni síðast?

Mjer finnst nefndinni hafa verið heldur mjótt í milli augnanna, þar sem hún hefir lagt til, að styrkurinn til bókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi verði lækkaður um helming. Mjer er það reyndar ekkert kappsmál, en jeg álít þó viðkunnanlegra að halda því, því hitt er smámunasemi.

Jón Ólafsson: Það er út af ákúrum, er jeg fjekk hjá hinum h. þm. S.-Þing. (J. S.), að jeg stend upp rjett sem snöggvast. Hann hefir víst blundað og talað upp úr svefni, en verið að dreyma, að hann væri í forsetasætinu; en hann verður að muna eptir því, að hann er þar ekki í ár. Það, sem jeg sagði, var til skýringar máli því, sem hjer er til umræðu, allt viðkomandi efninu, sem er meðferð á fje landsins; því verð jeg að halda föstu; en ef h. þm. vill heldur leita sjer upplýsingar í þingmálum niðri á knæpum, eins og á honum var að heyra, heldur en hjer í þingsalnum, þá er honum það velkomið. En jeg álít hjer, og hvergi annarstaðar, rjettasta staðinn til þess, að segja það, sem jeg sagði; það var bæði rjett og satt og á rjettum stað og stundu talað.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins gera dálitla athugasemd við ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), þar sem hann sagði, að húsaleigustyrkur væri veittur á stundum óreglusömum og efnuðum stúdentum. Þetta er ekki rjett. Veitingarvaldið veitir aldrei styrk þeim mönnum, sem því er kunnugt, að sjeu óreglumenn. Vera kann, að hann hafi rjett fyrir sjer í því, að styrkurinn sje ekki æfinlega notaður sem skyldi. En ef veitingarvaldið kemst að því, að styrkþiggjendur eru óreglumenn, þá ber það eigi sjaldan við, að styrkurinn er tekinn aptur af þeim.

Það er að eins eitt atriði enn, sem jeg vildi einnig minnast á að þessu sinni; það er hækkun á launum læknisins á Ísafirði; sú launahækkun er að minni hyggju mjög sanngjörn.

Þegar læknaskipunarlögin voru samin, var það meiningin, að hinar almennu reglur í launalögunum væru einnig teknar upp í læknalögin, þannig, að enginn læknir missti nokkurs í af þáverandi launum sín-

um, eða þeim launum, er hann hafði fengið aðgang til að öðlast. En þessi ákvörðun hefir eigi fullkomlega ljóslega komizt inn í lögin. Jeg er þessari tillögu mjög meðmæltur, og vona, að h. deild greiði atkv. með henni.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls, en h. þm. S.-Þing. (J. S.) gaf mjer tilefni til þess. Hann vildi með engu móti að veittar væru 300kr. til Þjóðvinafjelagsins. Jeg get þó eigi verið honum samdóma í því; þar sem flestir þó viðurkenna, að fjelagið gefi út fræðandi og gagnlegar bækur fyrir alþýðu, þá ætti þingið að vera það ljúft, að styrkja fjelagið til þess. Styrkurinn væri nokkurs konar viðurkenning frá þinginu til fjelagsins; en það getur vel staðizt án hans; er mjer því þessi veiting ekkert kappsmál, að minnsta kosti er það ekki svo mikið áhugamál mitt, að fjelagið fái styrkinn, sem það virðist kappsmál fyrir h. þm. S.-Þing. (J. S.), að það fái hann ekki. Þó tillagan sje svo orðuð, að Þjóðvinafjelaginu sjeu veittar þessar 300 kr., þá er það reyndar almenningur, en ekki fjelagið, sem nýtur styrksins. Fáist hann, gefur fjelagið út fleiri bækur fyrir sama verð; fáist hann ekki, gefur það út færri eða smærri bækur; fjelagið ætlar ekki að leggja þessar 300 kr. í handraðann, heldur njóta fjelagsmenn þeirra.

Jeg skal geta þess, að það hefir verið ráðgert, að fjelagið gæfi út nokkuð stóra bók næsta ár, ef það fengi styrkinn; en ef hann fæst ekki, þá verður að tvískipta bókinni. Það var og í orði, að gefa út aðra bók með myndum, sem eru talsvert dýrar.

Jeg er því meðmæltur, að hinn núverandi bókavörður við landsbókasafnið fái 1,200 kr. á ári. En breytingartillaga nr. 296 fer fram á það, að laun bókavarðar, hver sem hann svo er, sjeu hækkuð upp í 1,200 kr.; eptir því fær núverandi bókavörður Jón Árnason ekki þessa viðbót, ef hann eigi verður fær um að gegna þeim starfa, og verður að hætta við hann. Þess vegna vil jeg leggja það til, að breytingartillagan sje felld, en komið svo með þá tillögu við 3. umræðu, að viðbótin skuli vera persónuleg.

Það var ekki af fjársparnaði fyrir fjárlaganefndinni, að hún lækkaði styrkinn til amtsbókasafnsins á Akureyri og í Stykkishólmi, heldur af ókunnugleik um notkun þeirra, og getur því nefndin líklega verið með breytingartill. um að hækka styrkinn, ef upplýsingar koma.

Þar sem menn hafa haldið því fram, sem stendur í stjórnarfrumvarpinu, að veita 1000 kr. til að greiða kostnað við þjónustu lausra brauða, þá get jeg ekki verið með því, því að prestarnir, sem þjóna, fá tekjur þess brauðs, og virðist mjer, að þær ættu að nægja fyrir 4. eða 6. hvern sunnudag; þess ber að gæta, að þjónustan á þvílíkum brauðum hlýtur að verða ófullkomin, eins og áður hefir verið tekið fram.

Arnljótur Ólafsson: Það komu frá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) andmæli gegn tillögu minni, að Bókmenntafjelagið skyldi verja þessum 1000 kr., er því eru veittar, til útgáfu Sýslumannaæfanna, og tók hann það fram, að það ætti ekki við, að setja fjelaginu nokkur takmörk í þessu efni. Jeg gat ekki búizt við slíkum mótbárum af honum, því að jeg get ekki betur sjeð, en að hjer eigi við hin sama regla sem annarstaðar, að til taka skuli, til hvers fjenu ber að verja, eins og er gert síðast í 16. gr. Því verður ekki neitað, að bókin er fræðibók, en mun þó eigi seljast vel; en til að gefa út þess konar bækur, þarf fremur að veita styrk, en til þeirra bóka, sem auðseldar eru.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg verð að minnast á ýmislegt, sem komið hefir fram við umræðu þessa kafla, sem er til umræðu í dag, og ætla jeg að byrja á 11. gr.

H. 2. þm. Ísf. (Þ. M.) mælti með þeirri uppástungu, að laun læknisins á Ísafirði væru hækkuð, og sagði að fjárlaganefndin hefði talið sanngirni mæla með því. Jeg játa, að sanngirni mæli með því; en það getur dregið talsverðan dilk á eptir sjer, því að ef hann fær þessa launabót, geta

aðrir læknar, sem eins stendur á fyrir, komið og beðið um hið sama, og væri þá sanngirni, eins að hækka laun þeirra. Nú stendur einmitt svo á, að læknirinn á Akureyri á í máli út af sams konar atriði og hjer ræðir um, og væri því óviðkunnanlegt, að veita lækninum á Ísafirði, sem að eins hefir sanngirnina með sjer, fje þetta, ef lækninum á Akureyri, sem virðist hafa talsverða rjettarkröfu í þessu, og sem bæði undirrjettur og yfirdómur hafa dæmt honum, ef honum, segi jeg, yrði neitað um það með dómi; það væri því lang-eðlilegast, að bíða þess, að dómur verður kveðinn upp í hæstarjetti um þetta mál.

Að því er snertir laun hinna 3 aukalækna, gjörði nefndin þeim öllum jafnhátt undir höfði, eins og h. þm. S-þing (J. S.) vill gjöra; en mjer finnst eigi næg ástæða til að hækka launin nú sem stendur úr 900 kr., þegar enn er enginn til í þessi læknisembætti, hvað þá heldur fleiri. Það væri fyrst ástæða til þess, þegar margir eru til, en vildu eigi þiggja þau, af því að launin væru svo lág. Til þess er því eigi ástæða nú.

Viðvíkjandi 13. gr. A, 1, um gjöldin til prestakallanna, heyrðist mjer h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) líta svo á, að það ætti eigi við, að láta afgjöld jarða ganga frá einu brauði til annars, af því svo mörg brauð væru laus; en hann ætti að gá að því, að uppbæturnar eru hinar sömu, hvort sem þær eru borgaðar úr landssjóði eða frá öðrum brauðum, og er því eigi önnur breytingin, en að umboðsvaldið þarf að koma þessu í lag.

Að því er snertir 9. töluliðinn, um að láta presta, sem þjóna lausum brauðum ásamt sínum eigin brauðum, fá tillag úr landssjóði auk tekjanna af hinum lausu brauðum, þá sje jeg eigi ástæðu til þess, því að jeg álít þá fá sæmilega borgun fyrir þjónustu sína í hinum lausu brauðum með tekjum þeirra, því að sú prestsþjónusta, sem þeir veita þeim, getur eigi verið fullkomin, einkum þar sem brauðin eru stór og umfangsmikil. Sú þjónusta yrði eigi fullkomnari, þótt tillag væri greitt úr landssjóði, og ef svo væri einhversstaðar ástatt, að nágrannaprestar fengjust eigi til að þjóna lausu brauði, vegna þess, að tekjur brauðsins væru svo litlar, þá væri hægt að bæta brauðið upp af bráðabyrgðaruppbótinni, svo það yrði aðgengilegt. Jeg get því eigi fallizt á, að nefndin hafi ráðið til annars en þess, sem haganlegast er.

Jeg get heldur eigi sjeð annað, en að nefndin hafi farið rjettan veg með styrkinn til læknaskólans, og að hann megi eigi vera minni; hann er t. d. minni til læknaskólans en til prestaskólans. Næsta vetur verða líklega 8—10 stúdentar í læknaskólanum, en í prestaskólanum um 20; en þó þeir sje það fleiri, fá þeir þó meiri styrk, eptir því sem ætlað er í frumvarpinu til beggja skólanna.

Það getur vel verið, að ölmusum við latínuskólann sje eigi ávallt útbýtt sem rjettast eða ávallt til verðugra pilta, en það er alls eigi hægt, að kasta þungum steini á veitingarvaldið fyrir það, því að það fer eptir lýsingum á þeim; en þótt lýsingarnar kunni eigi að vera rjettar, þá getur veitingarvaldið eigi gert að því; en ef það vill til, að miður reglusömum mönnum sjeu veittar ölmusur, þá á að svipta þá ölmusum aptur, enda var það gert við einn pilt í vetur, sem reyndist miður reglusamur. Mjer finnst því eigi ástæða til að fækka ölmusunum, þó þessi tilfelli komi fyrir. Í Hólaskóla voru ölmusurnar 16, og í Skálholti 24. Þegar Skálholtsskóli var fluttur til Rvíkur, þá hjelt Reykjavíkurskóli þeim 24 ölmusum, sem Skálholtsskóla höfðu fylgt, en ölmusum Hólaskóla var sleppt, þegar hann var lagður niður 1801. Þetta stóð svo til um 1864, að þeim var fjölgað um 16, svo þær urðu 40 alls, og var það, eins og hæstv. landsh. sagði, gert til þess, að draga nemendur að skólanum, en þótt nú fleiri komi frá skólanum en þarf til þess að fylla embætti, sýnist mjer styrknum eigi illa varið, því að hann er samt til að auka menntun hjer á landi; því að þótt þeir fái eigi allir embætti, sem

frá skólanum koma, auka þeir þó menntun í landinu, með því þeir dreifast út um það, og hljóta óbeinlínis að auka menntun almennings. Jeg ætla t. d. sannarlega æskilegt, að svo sem einn stúdent væri bóndi í hverri sveit, því það gæti orðið menntuninni þar til mikillar eflingar, með því líka að stúdentar hjer frá lærða skólanum hljóta að hafa eigi að eins meiri þekkingu, heldur og meiri almenna menntun, en menn úr alþýðuskólunum.

Af því að alþýðu- og barnaskólar eiga skylt við þetta mál, þá verð jeg að drepa svo lítið á þá. Jeg tel barnaskólana vera að eins hreppamál, með því að tilætlun þeirra er eigi önnur, en að búa unglinga undir staðfestingu, og kenna þeim það, sem lögin af þeim heimta til staðfestingarinnar; en það, sem þar er fram yfir, er eigi tilætlan þeirra, og þykir mjer því eigi ástæða til, að landssjóður kosti þá að miklu. Í sjóplássum verða þeir að vera, það játa jeg; en í sveitum síður, með því að þar er óvíðast svo þjettbýlt, að þeir verði sóttir, nema af þeim börnum, sem heima eiga þar á staðnum, og börnum manna, sem eru svo efnum búnir, að þeir eru færir til að koma börnum sínum fyrir á öðrum bæjum. Þeir koma því sjaldan að miklum notum í sveitum, og gagnið af þeim samsvarar eigi kostnaðinum, að minni ætlan. Alþýðuskólar geta í sjálfu sjer verið góðir; en jeg er í efa um, hvort þekking sú, sem menn fá með því að vera þar að eins stuttan tíma, ef til vill fáeina mánuði, sje þess virði, að verja eigi miklu fje til þeirra.

Það, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, að hann skyldi eigi í, að nefndin hafði sett niður styrkinn til Flensborgarskóla, þá vil jeg benda á, að það má eigi blanda alþýðu- og barnaskóla saman, enda eru þeir jafnan að greindir í fjárveitingum; og gæti því Flensborgarskóli sem barnaskóli fengið af barnaskólastyrknum til jafns við aðra barnaskóla. Auk þess skal jeg geta þess, að Flensborgarskóli hefir fengið styrk úr Thorkillii-barnaskólasjóði. En að hann eptir úrskurði amtsráðsins ekki fær styrk úr sýslusjóði, kemur til af því, að hann er ekki sýsluskóli, heldur stendur beinlínis undir landshöfðingja. Amtsráðið hefði þó að líkindum ekkert haft á móti styrknum úr sýslusjóði, ef kvartanir undan því hefðu eigi komið úr ýmsum hreppum sýslunnar. Amtsráðið varð því að gæta að sjer og fara að eins eptir lögunum; en slíkt gjald er alls eigi lögboðið. Jeg ímynda mjer, að h. 2. þm. K.-G. (Þ. Bj.) gæti borið þetta með mjer. Jeg held því, að nefndin hafi verið fyllilega ríf við skólann, og eigi sje ástæða til að álasa henni, með því líka engin skýrsla er til um það, hversu mikið fje þurfi til alþýðuskólans út af fyrir sig.

Að því, er viðvíkur styrknum til 10 manna til sjómannafræðisnáms, þá er jeg á móti fjárveitingu til þess. Jeg tel þess enga þörf; þetta eiga að vera æfðir (fuldbefarne) sjómenn, og sem því eptir dönskum lögum geta þegar orðið skipstjórar; en jeg er hræddur um, að fáir þeirra vildu vera hjer skipstjórar á fiskiskipum, ef þeir ættu kost á að verða skipstjórar á kaupskipum erlendis. Einhver sagði, að með þessu fengjust skip fremur í ábyrgð; en það hygg jeg eigi sje rjett, því að ábyrgðarfjelög erlendis heimta sagt til þess fyrir fram, inn á hverjar hafnir skipin eiga að fara, og því fengjust þau eigi í ábyrgð, því hjer fara fiskiskipin inn á hvern vog eða vík, sem vera skal. *(J. Ól.:* Jú, þau fengjust í ábyrgð). Nei, því þetta er hin almenna regla, en getur að sönnu haft undantekningar. Jeg veit, að ábyrgðargjald er eigi jafnt til allra hafna hjer á landi, t. d. á skipum til Eyrarbakka er það hærra en til annara hafna. Jeg er með því, sem nefndin hefir stungið upp á, að stofna hjer innlenda sjómannaskóla; því að með því er unnið það, sem nauðsynlegt er í svipinn.

Viðvíkjandi breyt.till. við 13. gr. C, 1, a, að færa laun bókavarðarins við landsbókasafnið upp í 1200 kr. á ári, þá er nefndin því eigi mótfallin, ef bætt er við orðunum: fyrir hann sjálfan; það er að segja, að það sje persónuleg viðbót.

Aptur er jeg á móti því, að 13. gr. C. d.

um bókaskrána falli burt, því að hún er alveg nauðsynleg, og ætti því eigi að hætta við hana.

Viðvíkjandi styrknum til Bókmenntafjelagsins, að honum sje varið til að gefa út »Sýslmannaæfirnar«, þá tel jeg það skyldu Bókmenntafjelagsins, úr því það hefir samið við höfundinn, að gera það; enda hefir fjelagið aldrei neitað því, heldur dregið það vegna fjárskorts. Þótt h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) þætti ef til vill eigi mikið í þær varið, þá álít jeg þær samt gagnlegar til skýringar sögu landsins, en samt helzt til mikið af ættartölunum í þeim.

Með því að hækka styrkinn til kvennaskólanna, hefir nefndin komið á móts við h. þm. (Þ. G.).

Nefndin hefir aukið styrkinn til Forngripasafnsins um 200 kr.; en áður en farið er að auka þann styrk, er nauðsynlegt að sjá, hvernig honum er varið; en engin skýrsla hefir sjezt um það; en jeg efast eigi um að honum sje vel varið.

Eins finnst mjer ástæða til að veita Þjóðvinafjelagiuu þann styrk, er nefndin stakk upp á, því að þó að það gefi eigi út vísindalegar bækur, gefur það út þarflegar bækur, og gæti því verðið á þeim verið þeim mun lægra, og útbreiðsla þeirra því meiri.

Enda þótt jeg sje samdóma h. þm. S-Þing.(J.S.)um,að viðurhlutamikið sje,að veita fje til aðstoðarprests í Reykjavík, með því að það geti dregið dilk eptir sjer, og jeg viðurkenni, að dómkirkjupesturinn sje í alla staði hinn samvizkusamasti og skyldurækn asti maður, og erfitt muni veita að fá annan eins í skarðið, ef hann færi frá, þá er jeg þó alveg á móti h. þm. í því, að Reykvíkingar gjaldi síður prestsgjöld sín en aðrir; þeir gjalda sín lögboðnu gjöld og það ríflega.

Jeg vonast nú eptir að flestum sje orðið fullljóst, hvernig þeir geti gefið atkvæði sitt, og þurfi því eigi að ræða meira um þennan kafla.

Th. Thorsteinson: Jeg vil alleina gera grein fyrir, hvers vegna jeg er hlynntur breytingaruppástungunni nr. 282, viðvíkjandi launum læknisins á Ísafirði. Það finna allir, að sanngirni mælir með því, að hann fái þessa peninga, og þó að fjárlaganefndin fyndi ekki ástæðu til að gera þá breytingu nú, var það af því, að mál læknisins á Akureyri, sem er alveg af sömu rótum runnið, er ekki klárt fyrir hæstarjetti. En af því mjer finnst öll sanngirni mæla með, þá sje jeg ekki neina ástæðu til þess að bíða eptir þessum málalokum; jeg álít nefnilega skyldu þingsins, eins og það er skylda hvers einstæðings, að uppfylla allt hvað er sanngjarnt; og af hverju er það sanngjarnt, að þeir eldri læknar fái launaviðbót? Það er af því, að þeir tóku við embættum sínum með mjög lágum launum í byrjuninni og með því loforði, að fá launaviðbót eptir tiltekinn áratíma, og það hefir svo opt verið sýnt og sannað, að það ekki var meiningin þá þau nýju launalög voru samin, að þeir skyldu tapa þeim áður fengna rjetti til hækkunar, sem og svo væri hreint ranglæti, og yrði það gert, þá kemur þingið ekki fram sem sanngirninnar stoð, heldur sem málaflutningsmaður, sem hengir sig í bókstaf og form. Hjer er heldur ekki um stórfje að ræða. Ef öll krafa hans væri tekin, þá væri hún orðin sjálfsagt 2000 kr. með rentum, en hjer er að eins farið fram á einar 224 kr., svo jeg gef breytingartill. fúslega atkvæði mitt.

Eirikur Kúld: Jeg er hæstvirta framsögumanni (H. Kr. Fr.) samdóma í flestu; en í því er jeg ekki samdóma nefndinni, að sleppa þeim 1000 kr., sem farið er fram á í 13. gr. A. b. 9. H. framsögumaður hefir misskilið h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.), það er hann sagði viðvíkjandi Mýrdalsbrauðinu. Hann talaði um að bæta við það 100 kr., ekki til þess, að gera öðrum prestum betra að þjóna því, heldur til þess, að gera mönnum girnilegra að sækja um það.

H. framsögumaður hjelt, það væri ómögulegt að fá ábyrgð erlendis fyrir íslenzk skip, af því ábyrgð fengist ekki nema á vissar hafnir, en fiskiskipin yrðu einatt að leita inn á hverja höfn og vík sem að kæmi. *(H. Kr. Fr.:* Misskilningur). Jeg hef sjálfur sjeð, að norskur skipstjóri, sem kom í

sumar, hafði umboð og ábyrgð til að fara inn á hverja höfn. Jeg dreg engan efa á, að íslenzk þilskip fáist tekin í ábyrgð erlendis, ef stýrimaður þess hefir uppfylt þau skilyrði, sem þar til eru vanalega heimtuð, og sem munu, að hann sem »fuldbefaren« hafi tekið þar próf.

Út úr því, sem h. varaforseti (T. G.) sagði um bókasafnið í Stykkishólmi, skal jeg geta þess, að mjer er ekki kunnugt um bókasafnið á Akureyri, en á Stykkishólmi er jeg safninu kunnugur, og þar er hver nýtileg bók lesin óðar en hún kemur; í sumar hefir því bætzt talsvert, og jeg er viss um, að bækur þess verða eins notaðar hjer eptir, eins og hingað til.

Atkvæðagreiðsla:

11.—13. gr.

Breytingartill. 282 var felld með 11: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Eiríkur Kúld,	H. Kr. Friðriksson,
A. Ólafsson,	E. Egilsson,
B. Sveinsson,	Eiríkur Briem,
Fr. Stefánsson,	Gunnl. E. Briem,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,	Jón Sigurðsson,
Þór. Böðvarsson,	Magnús Andrjesson,
Þórður Magnússon,	Ólafur Pálsson,
Th. Thorsteinson,	Þorkell Bjarnason,
Þorv. Kjerulf,	Þorl. Guðmundsson,
	Þorsteinn Jónsson.

Holger Clausen og Tryggvi Gunnarsson voru ekki við staddir.

Brt. nr. 276 við 11. gr. 2. var felld með 12: 9 atkv.

11. gr. 2. í frv. nefndarinnar samþykkt með 21 atkv.

Þar með 2. töluliður í stjórnarfrumv. fallinn.

Brt. 286 við 11. gr. 3. a. í frv. nefnd. felld með 13: 6 atkv.

Sundurliðun nefndarinnar á fyrri hluta 3. töluliðs í stjórnarfrv. (a. b.) ásamt tölubreyt. samþ. með 21 atkv.

Sundurliðun nefndarinnar á síðari hluta 3. tölul. stjórnarfrv. (c., d., e.) ásamt tölubreyt. samþ. með 17 atkv.

3. tölul. 11. gr. í heild sinni samþ. með 22 atkv.

11. gr. nefndarfrv. í heild sinni samþ. með 21 atkv.

Þar með 11. gr. í stjórnarfrv. fallin.

12. gr.

1. tölul. a. í nefndarfrv. samþ. með 22 atkv.

1. tölul b. í nefndarfrv. samþ. með 22 atkv.

1. tölul c. í nefndarfrv. samþ. með 22 atkvæðum.

1. tölul. í heild sinni samþ. með 22 atkv.

2. — - — — — — 22 —

3. — - — — — — 21 —

12. gr. frv. nefndarinnar í heild sinni samþ. með 21 atkv.

Þar með sú gr. í stjórnarfrv. fallin.

13. gr.

Brt. landshöfðingja við 13. gr. A. b. 1. samþ. með 20 atkv.

Þar með sá liður bæði í stjórnarfrumv. og nefndarfrv. fallin.

5. tölul. í nefndarfrumv. samþ. með 21 atkvæði.

6. tölul. í nefndarfrumv. = 4. og 5. tölul. í stjórnarfrv. samþ. með 22 atkvæðum.

9. tölul. í frv. stjórnarinnar felldur með 18 atkvæðum.

Viðaukatill. landsh. við A. b. felld með 18: 2.

Stafl. A. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 23 atkv.

B. I. b. 1. í nefndarfrv. samþ. með 18 atkvæðum.

B. I. b. 2. í nefndarfrv. samþ. með 15 atkvæðum.

B. I. b. 5. í nefndarfrv. samþ. með 22 atkvæðum.

B. I. b. 7. í stjórnarfrv. felld með 16 atkvæðum.

B. I. í heild sinni samþ. með 21 atkv.

B. II. b. 3. samþ. með 16 atkv.

Brt. nr. 286 við 13. gr. B. II. b. 5. felld með 14 atkv. gegn 4.

B. II. b. 5. samþ. með 20 atkvæðum.

B. II. í heild sinni samþ. með 23 atkv.

B. III. b. styrkur handa P. Melsteð samþ. með 20 atkv.

B. III. b. laun dyravarðar samþ. með 17 atkv.

Brt. nr. 286 við B. III. c. 4. felld með 14 : 5.

B. III. c. 4. samþ. með 23 atkv.

B. III. í heild sinni samþ. með 21 atkvæði.

B. IV. 3 samþ. með 18 atkv.

B. IV. í heild sinni samþ. með 22 atkv.

B. V. a. í heild sinni samþ. með 20 atkv.

B. V. b. í heild sinni felld með 12 : 8.

B. V. c. í heild sinni felld með 17 : 4.

Þessir tveir tölul. í stjórnarfrv. b og c stóðu því óbreyttir.

Brt. nr. 280 við B. V. felld með 17 : 1.

— — 281 — - - — — 14 : 7.

B. V. e samþ. með 23 atkv.

B. V. í heild sinni samþ. með 22 atkv.

Brt. nr. 295 við C. 1. a. tekin aptur.

Brt. 296 við C. 1. a. felld með 16 : 6 atkvæðum.

C. 1. b. samþ. með 20 atkv.

Brt. nr. 286 við C. 1. d. felld með 13 : 5 atkvæðum.

C. 1. f. samþ. með 23 atkv.

C. 1. h. — — 23 —

C. 2. — — 14 —

Brt. nr. 290 við C. 3. samþ. með 12 : 7 atkvæðum.

C. 4. samþ. með 12 : 7 atkv.

Brt. nr. 286 við C. 4. felld með 13 : 9 atkvæðum.

Brt. nr. 290 við C. 5. a. felld með 14 : 8 atkv.

C. 5. a. samþ. með 19 atkv.

C. í heild sinni samþ. með 23 atkv.

13. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 22 atkv.

Þar með 13. gr. í stjórnarfrv. fallin, að undanteknum liðunum b. c. í B. V.

Þá var orðið svo áliðið dags, að forseti frestaði frekari umræðum til næsta fundar.

Þrítugasti og sjötti fundur, þriðjudaginn 11. ágúst kl. 11 f. h.

Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887; 2. umr.

14. til 20. gr.

Friðrik Stefánsson: Við 16. gr. fjárlaganna, sem fjárlaganefndin hefir áætlað 23,600 kr., til ýmsra útgjalda og fjárveitinga, hef jeg leyft mjer að gera breytingartillögu og vil jeg gera grein fyrir henni. Tillaga mín var sú, að 1. tölul. b í 16. gr., styrkur til kennara Þ. Thoroddsen til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands, 500 kr. á ári falli burt, eða til vara, að töluliðurinn orðist þannig: Styrkur til sama (Þ. Th.) til jarðfræðisnáms og til þess að taka próf í jarðfræði 500 kr. Fjárlaganefndin ætlar honum 1000 kr. á ári til jarðfræðisrannsókna og 500 kr. til jarðfræðislýsingar; en er ekki jarðfræðisrannsókn og jarðfræðislýsing næsta líkt? Hann þarf að skrifa hjá sjer rannsóknir sínar, og verður það ekki jarðfræðislýsing? En þessar 500 kr. eru máske veittar honum til að borga með flutningsgjald á dýrum, jurtum og steinum, sem hann safnar. Jeg sje eigi heimild til þessarar fjárveitingar, fyrst búið er að veita sama manni 2000 kr. til jarðfræðisrannsóknar. (*L. B.*: Heimild?). Já, jeg sagði heimild, og jeg vil ekki beygja mig undir þetta Íslands »Finantsministerium« 1885. Jeg hef til vara komið með þá breytingartillögu, að styrkurinn sje veittur Þ. Thoroddsen til að taka próf, og það mun honum veitast mjög hægt, skarpgáfuðum manni og þar að auki sjálfsagt vel að sjer í sinni grein. Enda hefir stjórnin sýnt, að hún hefir það álit, er hún hefir veitt honum embætti próflausum; auk þess hefir hann fengið mikla viðurkenning erlendis, bæði í Svíþjóð og á Þýzkalandi, svo það eru fleiri en stjórnin, sem hafa kannazt við hæfilegleika hans. Það er engan veginn af því, að jeg hafi vantraust á kunnáttu herra Þ. Th., að jeg hefi komið með þessa tillögu, heldur af hinu, að það er virðing bæði fyrir hann sem kennara og lærisveina hans, að hann hafi gengið undir próf; þá verður eigi sagt við þá, að þeir hafi lært

hjá kennara, sem ekkert próf hefir tekið.

Um þetta atriði ætla jeg ekki að fara fleirum orðum að sinni, en sný mjer að 2. tölul. 16. gr. um styrk til gufubátsferða á Ítafjarðardjúpi 1500 kr. á ári; þessi styrkur er hinn sami og heitið var á síðasta þingi, og sem ekki hefir verið notaður, og fellst jeg fullkomlega á hann, ef til þess kemur á næsta fjárhagstímabili; sömuleiðis á styrk til Benidikts Gröndals í 3. tölul. og á fjárveitinguna í 4. tölul. til eflingar laxveiði fellst jeg, að öðru leyti en því, að mjer þykir hann heldur hár, og vil jeg þar halda mjer við frv. stjórnarinnar, sem er 500 kr. lægra en frv. fjárlaganefndarinnar. En jeg fellst fullkomlega á tillögu nefndarinnar að útvega hingað fiskiklaksmann.

Viðvíkjandi 5. tölulið, þá get jeg ekki verið með því að Sigfúsi Eymundssyni sje veittur styrkur til að gefa út »Ísland í myndum«, enda er fje það, sem til er tekið, of lítið til þess, að það geti orðið að verulegu liði til þess fyrirtækis.

Þá kem jeg til 6. tölul.: 400 kr. styrk til landlæknis Schierbecks til að rannsaka bráðapestina og finna ráð til að lækna hana; sú pest hefir gert hjer stórtjón og ekki enn fundizt, það jeg veit, óhult ráð til að útrýma henni; því verð jeg að telja styrk þennan æskilegan, því sauðfjárræktin er einn hinn helzti atvinnuvegur landsmanna.

500 kr. styrkurinn til Jónassens læknis til að sigla til Englands til að kynna sjer sullaveiki, hygg jeg að ekki nái tilgangi sínum, þar sem sullaveiki mun fátíð á Englandi, en aptur algeng hjer, í landi og verð jeg því að vera á móti þeirri fjárveitingu.

Jeg legg með 500 kr. styrknum, sem nefndin hefir ætlað til Björns Pálssonar, til að smíða verkvjelar, í 8. tölul., og er enda á því, að þar sje oflítið til tekið.

En með 300 kr. styrk til að læra söng-list í útlöndum í 9. tölul. get jeg ekki verið með, enda er það fje svo lítið, sem þar er til tekið, einar 300 kr., að jeg skil ekki að það geti orðið að nokkru liði, en sje að eins veitt til árangurslausrar-eyðslu.

Þá kem jeg til 10. tölul., þar sem nefndin vill veita 800 kr. til að gefa út lagasafn. Íslendingar hafa lengi verið frægir fyrir lagakunnáttu og haft mætur á lögum, bæði að fornu og nýju; en samt sem áður álít jeg að við verðum, eins og nú stendur á, að draga saman seglin, og því vil jeg, að útgáfa lagasafnsins sje látin bíða betri tíma, og greiði því atkvæði á móti þeirri fjárgreiðslu.

Í 11. tölul. er ætlazt til, að veittar sjeu 1500 kr. til að gera við Rifsós í Snæfellsnessýslu, gegn því að sýslan leggi til 500 kr. Til þess má ef til vill komast af með minna fje, og vil jeg því leggja til, að landsstjórnin láti ekki allt þetta af hendi í einu; en af því að sárfátæk sveit á hlut að máli, þá mun jeg greiða atkvæði með fjárveiting þessari.

Jeg verð að vera með, að veita styrkinn til að varna skemmdum af Hafursá í Mýrdal, þó jeg geti ekki gert það með góðu geði. Skemmdirnar koma þar fram á þjóðareign, og veitir sannarlega ekki af, að reyna að halda við þessum þjóðjörðum, svo sem hægt er, því að þegar á að fara að selja þær, þá eru þær aldrei settar svo dýrar, sem nægja þykir, hvernig sem þær eru eyðilagðar af skriðum og vatnsföllum. Þetta eitt með öðru sýnir ljóslega, að landssjóði væri betra, að allar þjóðjarðir væru seldar með sanngjörnu verði, heldur en að hann verði að kosta upp á þær stórfje árlega, bæði til að launa umboðsmönnum, og til að verja jarðirnar áföllum af náttúrunnar völdum. Fyrst ekki er fallizt á frv. stjórnarinnar í 13. tölul., þá er jeg á því, að fje það, sem ætlað er til sóttvarnarhúsa, sje of lítið hjá nefndinni, og mun jeg því greiða atkvæði móti þeirri fjárveitingu. Jeg verð að segja hið sama um styrkinn til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem nefndin hefir áætlað að yrðu 6000 kr., sem jeg sagði um styrk til útgáfu lagasafns, að vjer verðum nú að draga saman seglin, og því vil jeg að hann sje lækkaður um 2000 kr.

Að sinni hef jeg svo ekki meira að segja. (*L. Bl.:* Nóg er komið).

Jeg get talað meira seinna, ef 1. þm. Húnvetninga (L. Bl.) óskar þess, og mjer ræður svo við að horfa.

Eiríkur Kúld: Jeg og annar h. þm. höfum leyft okkur að koma fram með þá breytingartillögu við 15. gr., að á undan orðunum í enda greinarinnar: »til allra þeirra hvort árið» bætist: »til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr. og til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr.«. Það er kunnugt, að menn þessir eru komnir að fótum fram, en fátækir og hafa staðið vel í stöðu sinni; það er því óviðurkvæmilegt, að þeir þurfi það sem eptir er æfinnar að ganga við vonarvöl.

Þá kemur til 16. gr., og skal jeg geta þess, að jeg er fjárlaganefndinni þakklátur fyrir undirtektir hennar um viðgerð við Rifsós. En breytingartillögu þá, sem fram hefir komið, get jeg ekki aðhyllzt, því að jeg er svo kunnugur efnahag sýslunnar, að jeg veit, að hún getur ekki lagt fram meir en 500 kr. Á bænarskránni stóð þannig, að í fyrra var Sveinn búfræðingur fenginn til þess að segja álit sitt um, hvernig gera mætti við Rifsós; og áleit hann það vel kleyft; lagði þá sýslunefndin fram töluvert fje til þess verks, en svo óheppilega hefir tekizt með það, að jeg verð að álíta það, sem gert var fyrir það fje, sem nærri ógert. Í vor var að nýju fenginn maður til þess að segja álit sitt um þetta mál; ætla jeg að það væri að ráði sýslunefndar; maður þessi var Torfi búfræðingur í Ólafsdal; ætlaði hann, að 1500 kr. myndu nægja til verksins, en sýslumaður Snæfellinga hefir beðið um 2000 kr. Eptir því sem Torfi sagði mjer, hygg jeg að komast megi máske af með 1500 kr.; en jeg sje ekki fært fyrir sýsluna að leggja til 1000 kr. nú í þessu fiskileysi og hallærisári. Ef hjer væri ekki um það að tala, að gera þar litlu betri lending en þar er nú komin í lendingarleysi, væri jeg ekki málinu eins hlynntur. Í Rifsós var til forna bezta lending, en nú hefir hún að mestu lagzt niður. Fyrir nokkrum árum var fyrir forgöngu eins manns, sem nú er dáinn, bætt vörin fyrir framan ósinn; en sú vör er nú aptur eyðilögð. Í fornöld var þar aðallending fyrir innan tangann, en nú hefir borizt sandur í ósinn, og grynningar myndazt; en búfræðingurinn telur óyggjandi, að dýpka megi ósinn, og þá verður þar líflending. Þetta er ekki að eins nauðsynlegt fyrir Rifsmenn, heldur og fyrir þá í Keflavík, á Hjallasandi og Gufuskálum; þegar þeir geta ekki náð sinni lendingu, þá liggur næst að leita Rifsóss; en ef það er ekki hægt, þá verður að hleypa inn í Breiðafjörð og það á náttarþeli að vetrinum, og verður ekki sagt, hve marga skiptapa hefir af því leitt; því að þar er háskaleg sigling, einkum í myrkri. Legg jeg svo mál þetta á vald þingdeildarinnar.

Að því er viðvíkur sóttvarnarhúsum, þá hefir lögum frá 17. desbr. 1875 ekki verið fylgt. Mjer er sjer í lagi kunnugt um það í Stykkishólmi, að þar er erfitt að koma fyrir sjúklingum, sem þurfa að vera undir læknisumsjón; enginn verður skyldaður til að taka þá og ekki verður heimtað af lækni, að hann taki þá heim í sitt hús. Það er því óheppilegt, að fyrirmælum laganna 17. desbr. 1875 skuli ekki enn vera fullnægt. Það sem hæstv. landshöfðingi fer fram á, er svo lítið, að jeg vona, að deildin samþykki það.

Enn vil jeg minnast á eitt atriði; það er styrkur til kennara Benidikts Gröndals. Jeg held, að h. nefnd hafi ekki haft tíma til að kynna sjer, hvað B. Gr. hefir þegar gert að myndasafni. En jeg hef kynnt mjer það, og þykir mjer ólíklegt, að nefndin hefði fært niður upphæðina í stjórnarfrumvarpinu, ef hún hefði verið málinu eins kunnug, og ótrúlegt þykir mjer það, að hún haldi fast fram tillögu sinni, er hún hefir kynnt sjer betur málavöxtu.

Hversu hlynntur sem jeg er laxveiðum og laxrækt, þá er jeg á sama máli og þm. Skagf. (Fr. St.), að jeg held mjer þar við stjórnarfrumvarpið.

Eigi get jeg verið meðmæltur 5. tölul. í 16. gr., en um 9. tölulið er jeg í vafa;

væri jeg viss um, að stúlka sú, sem þar ræðir um, gæti erlendis gert Íslandi sóma, þá mundi jeg vera nefndinni samdóma; og af því að jeg hefi heyrt, að hún sje líkleg til þess, þá mun jeg fallast á þann tölul.

Jeg er að vísu hlynntur vísindum; en þó er jeg í miklum vafa um 10. tölul. um styrk til að gefa út alþýðlegt lagasafn, því að jeg veit ekki hvort h. höfundar ætla að eiga handritið og gefa það út sjálfir, eða gefa einhverjum forleggjara kost á því með mjög vægum kjörum, svo að bókin geti orðið þess ódýrari fyrir almenning.

Mjer þykjr nefndin hafa farið heppilega í að sleppa ýmsum af þeim bænaskrám, sem hún hefir talið upp, ekki sízt bænarskránni frá Bjarna Guðmundssyni. Það er undarlegt, að sá maður sje allt af að senda bænarskrár, sem aldrei sýnir að hann geri nokkuð. Jeg verð að segja, að ýmsir hafa unnið mjög mikið að ættfræði án þess að biðja um nokkurn styrk, t. d. Snóksdalin.

Jeg skal að sinni eigi fara fleirum orðum um breytingartillögur þær, sem hjer liggja fyrir við frumvarpið.

Landshöfðingi: Jeg skal fara fáeinum orðum um þær greinir fjárlagafrumvarpsins, sem nú eru til umræðu, og breytingar þær, sem við þær hafa verið gerðar.

Það er þá fyrst breytingar- eða rjettara sagt viðaukatillaga frá tveimur h. þm. við 15. gr. (287), að bæta inn í þessum orðum: »til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr. og til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr.« Þessir uppgjafaprestar eru báðir þurfandi fyrir þetta fje, og að öðru leyti þess vel maklegir. Vil jeg því mæla með þessari viðaukatillögu.

Þá kem jeg nú til 16. gr. Jeg get að mestu leyti fellt mig við uppástungur h. nefndar við hana, en þó ekki allar. Jeg get t. d. ekki fellt mig við að setja styrkinn til fyrrum kennara Benidikts Gröndals niður frá því sem hann er talinn í stjórnarfrv., og frá því sem honum var veitt þetta yfirstandandi fjárhagstímabil, en það voru 600 kr. á ári. Þar sem honum var veittur þessi styrkur í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, þá hafði hann fulla ástæðu til að búast við, að hann mundi halda þessum styrk framvegis, meðan hann hjeldi áfram þessum starfa, sem styrkurinn var bundinn við, og þá er það hart, að kippa þessum styrk að nokkru leyti burtu, með því að minnka hann að mun, meðan hann enn heldur áfram að vinna að þessu verki. Mjer er þar að auki kunnugt um, að hann hefir mikið unnið að þessu, og hefir mikinn áhuga á, að framkvæma þetta verk. Jeg vil því ráða h. þingdeild til að aðhyllast hjer stjórnarfrv., en ekki till. h. nefndar.

Þar á móti er jeg samþykkur h. nefnd um að færa upp styrkinn til eflingar laxræktar. Hann er í frv. stjórnarinnar settur 3000 kr., en h. nefnd hefir lagt til, að hann væri hækkaður upp í 4300 kr., og held jeg, að það sje nauðsynlegt, ef tilgangurinn á að geta náðzt, því þess er ekki kostur, að fá þennan sama laxfræðing aptur fyrir þá borgun, sem hann áskildi sjer í fyrra; því hann segist ekki geta staðið sig við, að koma hingað aptur fyrir svo litla borgun.

Viðvíkjandi 9. tölul. »styrk til Guðrúnar Waage til að læra sönglist 300 kr.« skal jeg ekki tala margt. En út af því, að einn h. þm. kvað sjer vera ókunnugt um, hvort hún hefði virkilega þá hæfilegleika, að vert væri að styrkja hana, þá skal jeg skýra frá því, að frá málsmetandi mönnum í Kaupmannahöfn hefi jeg skýrslu um, að hún er álitin vel efnileg og góðum hæfilegleikum búin, og það þarf því ekki að vera því til fyrirstöðu, að henni sje veittur þessi styrkur, sem jeg að öðru leyti álít hana vel maklega fyrir. Þetta, sem h. nefnd fer fram, er heldur ekki mikið fje; það er nokkuð, sem landssjóð munar að litlu, en hana munar það þó nokkuð.

Við 10. tölul., sem er »styrkur til yfirdómara M. Stephensen og ritara J. Jenssonar, til að gefa út alþýðlegt lagasafn, 20 kr. fyrir örkina, alls 800 kr,« er komin sú breytingartill. (286), að töluliðurinn falli alveg burtu. Jeg held, að það sje almennt álitið nauðsynlegt, að reyna að fá gefið út slíkt handhægt lagasafn, og hefir það áður verið ráðgert, en er ekki orðið af því; það var þá heitið styrk til þess úr landssjóði, en það fórst þó fyrir. Mjer finnst nú eins

og mjer fannst þá, fyrirtækið vera gott og ákjósanlegt, og þeim mönnum, sem nú hafa sókt um þennan styrk, er vel trúandi fyrir að láta verkið verða vandað og hæfilega stórt. Það eru líka mjög fáir, sem hafa efni á að útvega sjer hið stóra íslenzka lagasafn, með því að það er mjög dýrt, og þá er mjög erfitt að ná í öll þau lög, konungsúrskurði og tilskipanir, sem eru eldri en stjórnartíðindin, og stjórnartíðindin enda nokkuð dýr öll. Jeg verð því að mæla mjög með því, að þessi styrkur verði veittur. H. þm. Barðstr. (E. K.) tók fram, að hann vissi eigi, hvernig þessari útgáfu yrði varið, hvort handritið mundi svo verða eign útgefandanna sjálfra. Í þessu tilliti skal jeg taka fram, að þetta sjálfsagt er meiningin; því þessi styrkur er svo lítill, að hann er að eins lítill partur af þeim kostnaði, sem útgáfa safnsins hlýtur að hafa í för með sjer, og þessir menn verða sjálfsagt að bíða lengi, þangað til þeir hafa fengið allan sinn kostnað borgaðan.

Þá kemur 11. tölul. um 1500 kr. fjárveiting til að gjöra við Rifsós í Snæfellsnessýslu, móti því, að sýslan leggi til 500 kr., og felli jeg mig vel við þá uppástungu h. nefndar, og betur en þá breytingartill., að áskilið sje, að sýslan skuli leggja 1000 kr. til, einmitt af því, að sýslan er svo fátæk, að henni mun vissulega veita fullerfitt að leggja til 500 kr. Hitt gæti orðið að eins til þess, að fjárveitingin yrði ekki notuð, af því að sýslan gæti ekki lagt til sinn hluta.

Þá kemur 13. tölul., þar sem h. nefnd eptir tillögum mínum hefir farið fram á, að veittar verði allt að 1000 kr. sem borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnar-hús. Jeg fór reyndar fram á, að veitt yrði fje til þess, að byggja dálítil hús sem sóttvarnarhús, en h. nefnd þótti það hafa of mikinn kostnað í för með sjer, og hefir h. nefnd þar talsvert til síns máls, þar sem þessi hús, að því leyti sem maður vonar, mundu standa auð mikinn hluta ársins, og mundu því verða mikið kostnaðarsöm að tiltölu við afnotin. Jeg get því að nokkru leyti fallizt á skoðun h. nefndar í þessu efni, að gjöra samning við vissa menn á þessum tilteknu 6 stöðum, að rýma hús sín, ef sótt skyldi koma fyrir; en mjer þykir oflítið í lagt, að veita að eins 1000 kr. í þessu skyni, og hefi jeg gjört þá breytingartill. við þennan tölul., að hann verði hækkaður upp í 2000 kr., og álít jeg það ekki of mikið fyrir að eiga í 2 ár aðgang að húsum á þessum 6 stöðum; það er ekki álitleg skuldbinding fyrir hlutaðeigendur, að rýma í flýti hús sín, ef næm sótt skyldi flytjast inn í landið, og það er ekki að búast við, að samningar í þá átt náist, nema menn geti boðið einhverja borgun, sem nokkuð munar um. Jeg leyfi mjer því að mæla fram með, að breyt.atkv. mitt við þennan tölul. verði tekið til greina, því jeg er viss um, að allir eru mjer samdóma um, að einhver fjárveiting í þessu tilliti er nauðsynleg til þess, að ákvæði eldri laga um þetta efni hafi nokkurt gildi eða þýðingu.

Þar sem h. nefnd hefir farið fram á, að lækka 14. tölul.: »til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja«, um 1000 kr., úr 7000 kr., sem er í stjórnarfrv., niður í 6000 kr., þá vona jeg, að ef h. þingdeild vill ekki samþykkja tölul. í stjórnarfrv., eins og hann er, að hún þá heldur samþykki tillögu h. nefndar, en breyt.till. (286) þá, sem fram hefir komið við þennan tölul. frá einum h. þingm., að lækka liðinn úr 7000 kr. niður í 3000 kr.

H. nefnd hefir ráðið frá, að veita nokkuð fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja, og verið þeirrar skoðunar, að það heyrði fremur undir jafnaðarsjóðina en landssjóð. En jeg vil að eins geta þess, að það hefir áður verið greitt úr landssjóði undir 16. gr., eins og sjá má á landsreikningunum.

Þá er ein breyt.till. við 17. gr. (281) frá einum h. þm., þar sem farið er fram á, að borgaðar verði úr landssjóði 227 kr. sem ferðakostnaður í fjárkláðamálinu til tveggja manna, sem í breyt.till. eru nefndir. Á þingi 1883 kom fram sama uppást. frá hinum sama h. þm., 1. þm. G.-K. (Þ.

Böðv.), en þá var hún tekin aptur, og kom þess vegna ekki undir atkvæði þingsins, líklega af því, að uppástungum. hefir haldið, að hún mundi ekki verða tekin til greina, og vildi jeg óska að sömu yrðu forlög þessarar till., að h. uppástungum. vildi taka hana aptur. Jeg sje enga ástæðu til að veita þetta fje, og jeg vona, að h. þingdeild sje mjer samdóma.

Það liggur hjer fyrir mjög langur listi af bænarskrám til h. fjárlaganefndar, og sýnir hann meðal annars, hve mikið starf h. nefnd hefir haft að leysa af höndum, þar sem hún hefir þurft að gegnum ganga allan þennan lista, auk fjárlagafrv. Hún hefir tekið sumar af þessum bænarskrám til greina, en sumar ekki. Meðal þeirra, er hún ekki hefir fundið ástæðu til að taka til greina, skal jeg nefna nr. 35 á listanum (240). Það er bænarskrá um styrk til að gefa út lögbók vora, Jónsbók. Mjer finnst mjög vel til fallið, ef styrkur yrði veittur til þeirrar útgáfu, og væri ákjósanlegt, að fá vandaða útgáfu af þessari lögbók vorri. Og ef tillaga kæmi um þetta efni, þá mundi jeg vera henni samþykkur.

H. nefnd hefir undir nr. 48 minnzt á bænarskrá frá Einari prentsmiðjueiganda Þórðarsyni um að hann fengi linun í afborgun skuldar sinnar til landssjóðs, og hefir h. nefnd getið þess í nefndarálitinu, að hún vildi leggja það til, að hann eigi þyrfti að greiða meir en 500 kr. á ári til afborgunar skuld sinni, auk leigna. Mjer hefði þótt æskilegra, að um þetta hefði komið fram bein tillaga, sem hefði komið undir atkv. þingsins eða þingdeildarinnar, því það er spurning, hvort þessi yfirlýsing veitir nokkra heimild í þessu efni; en ef enginn h. þm. mælir neitt á móti þessari yfirlýsingu h. nefndar, þá er það að minnsta kosti stuðningur, og umboðsvaldið getur þar af dregið, að þingdeildin muni vera þessu meðmælt. En þessa ívilnun mun vissulega vera nauðsynlegt að veita, ef ekki á að hepta atvinnuveg þessa manns, sem ívilnunarinnar á að njóta.

Jeg ætla svo ekki í þetta sinn, að fara fleirum orðum um þessar greinir frv. eða breytingarnar.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Það var sannarlega mikið vandaverk fyrir fjárlaganefndina, að velja úr öllum þeim bænarskrám, sem til hennar komu, og skal jeg eigi dæma um það, hvernig það verk hefir tekizt.

Þegar jeg hverf nú að breyt.till. við þennan kafla, skal jeg fyrst geta þess, að jeg skal eigi bera á móti, að hinir 2 uppgjafaprestar, sem farið er fram á í breyt.-till. 287, að fái viðbót við eptirlaun sín, þurfi viðbótarinnar við; en jeg skal geta þess, að hversu maklegir sem þeir kunna að vera, þá er þó um annan þeirra það að segja, að hann hefir hærri eptirlaun en nokkur annar prestur hjer á landi, og finnst mjer því eigi vera rjett, að mæla fram með þessum uppgjafaprestum sjer í lagi, en skilja alla aðra eptir, eða veita honum, en synja öllum öðrum, sem þó hafa minni eptirlaun. Ef umboðsvaldið álítur, að sjerstök ástæða sje til að veita þessum uppgjafaprestum hærri eptirlaun, þá væri því innan handar, að veita þeim af þeim 3000 kr., sem veittar eru í 13. gr. A, 6, til uppbótar eptirlaunum þeim, sem uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum; en það eru engar sjerstaklegar ástæður til, að bæta við eptirlaun þeirra úr landssjóði fremur öðrum, og þær þyrftu þó að vera, til þess að veita þeim viðbótina úr landssjóði sjerstaklega, og hygg jeg því, að nefndin hafi farið rjettan veg.

Hæstv. ldsh. mælti með þeirri breyt.till. sinni, að tölul. 13. í 16. gr. hjá nefndinni, um borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús, væri hækkuð úr 1000 kr. upp í 2000 kr. Það er auðvitað, eins og líka ákveðið er í lögum 17. des. 1875, að sjálfsagt er að hafa eitthvert hús fyrir sjúklinga, þegar sóttnæmir sjúkdómar koma inn í landið; en mjer finnst h. þm. Barðstr. (E. K.) misskilja þetta hús svo, að ef t. d. einhver einn sjúklingur kæmi til læknisins í Stykkishólmi veikur, eigi af pestnæmum sjúkdómi, heldur einhverjum öðrum, þá ætti þegar að setja þann sjúkling

í sóttvarnarhúsið; en þó það geti verið, að læknirinn þurfi þess með, er það eigi tilgangurinn með þessi sóttvarnarhús. Þau eiga að eins að vera til nota, þegar sóttnæmir sjúkdómar, kólera, bólan og mislingarnir, flytjast inn í landið. Nefndin gat eigi komizt að annari niðurstöðu, en að það mundi eigi vera sjerlegum erfiðleikum bundið, að fá aðgang að slíkum húsum, þar eð þessa sjúkdóma ber svo sjaldan að hendi, eða að fá mann til að ljá hús fyrir sjúklinga, ef á þyrfti að halda; og eru þá tveir vegir fyrir höndum: annar sá, að borga manninum árlega fyrir húsið, til þess að eiga það ávallt víst, þegar á þyrfti að halda; og hinn, að semja við hann, að hann fái svo og svo mikla borgun fyrir sjúkdómstímann, ef sótt kæmi. Mjer virðist aðgengilegra fyrir manninn, að fá árlegt gjald, svo sem 100 kr. á ári, sem hann mundi fá langan tíma, ef til vill, og vonandi fyrir ekki neitt, ef sóttir kæmu eigi. Vjer nefndarmenn álitum, að 1000 kr. væru nógu mikið fje til þessa, og gerðum ráð fyrir, að á þessum húsum mundi mjög sjaldan, og jafnvel aldrei, þurfa að halda á sumum stöðum, t. a. m. Stykkishólmi, þar sem útlendingar því nær aldrei koma, nema kaupför ein. Jeg tel því ekki nauðsynlegt, að veita meira fje, en nefndin hefir stungið upp á, og ætti umboðsstjórninni að veita hægt að fá þessi hús fyrir þetta.

Að því er snertir styrkinn til Benidikts Gröndals, til að halda áfram myndasafni, þá hugði nefndin, að hann mundi komast nokkuð áleiðis með 400 kr., en ef h. deild þykir það of lítið, þá stendur nefndinni á sama, þótt fjárhæð stjórnarfrv. sje látin standa.

Hæstv. landshöfðingi var með því, að deildin samþykkti fje það, sem nefndin stakk upp á til laxveiðar og laxræktar, en sumir h. þingdm. hafa verið á móti því. Nefndin ætlaði, að annaðhvort ætti að veita svo mikið fje eða ekkert til þessa, því að minna fje mundi eigi koma að nokkru gagni. Henni var kunnugt um, að fiskifræðingurinn A. Feddersen, sem hjer ferðaðist um í fyrra sumar, mundi eigi fást fyrir sömu borgun, sem þá; en bæði er það, að betra er að fá þann fiskifræðing en annan, því að hann hefir þó fengið nokkurn kunnleik hjer á landi, en hann gat eigi rannsakað nema fáar ár í fyrra, og þær sumar eigi nákvæmlega, og ætlaði nefndin því nauðsynlegt, að leggja til nóg fje til þess að fá hann aptur hingað, enda er jeg sannfærður um, að fje því er vel varið, sem ætlað er til fyrirtækis þessa. Ef þessum manni væri sleppt, yrði kostnaður sá, sem gekk til hans í fyrra, eigi að neinu verulegu gagni. Allt hið sama má segja um laxaklaksmanninn, og vonast jeg því til, að h. þingd. samþykki þessa tillögu nefndarinnar, því hún er beinlínis til að efla atvinnuvegina í landinu.

Hæstv. landshöfðingi talaði einnig um bænarskrá sjera Páls um borgun fyrir kennslu á heyrnar- og málleysingjum, og hugði, að nefndin hefði átt að sinna henni; en jeg tel það alveg rjett, eins og nefndin hefir gert, að benda á, að jafnaðarsjóður, en eigi landssjóður, eigi að veita honum þessa þóknun; þótt hann hafi áður fengið styrk úr landssjóðnum, leiðir þó eigi af því, að sú veiting skuli haldast. Jeg er algerlega móti þeirri breytingartill. við 16. gr. 14., að lækka þann tölul. frá nefndarfrv., því að það fje má eigi vera minna; það getur verið óþægilegt fyrir landshöfðingja eða stjórnina, að hafa eigi meira fje til umráða, en breytingartill. fer fram á.

Að því er snertir styrkinn til bókarans við hinn fyrirhugaða banka, þá er nauðsynlegt að veita hann, því að ef bankafrv. fær samþykki og bankinn kemst á fót, þá þarf að fá sem færasta menn til að veita honum forstöðu, svo sem framkvæmdarstjórann og bókarann; en nú er enginn hjer á landi, sem sje vel kunnugur slíkum bókarastörfum. En þótt þetta sje nauðsynlegt, þá er annað mál, hvort nauðsynlegt sje, að styrkurinn sje 1200 kr. Nefndin vill spara sem mest og veita eigi meira fje til neins en nauðsynlegt er; en hún verður að telja 1000 kr. nægan styrk til þessa, og hefir lagt niður fyrir sjer, að það mundi verða nóg, bæði til ferðarinnar og kostnaðar mannsins í Kaup-

mannahöfn, þótt hann dveldi þar í 6 mánuði eða hálft ár.

Uppástungan við 16. gr. 13, um, að borgunin fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús falli burt, skil jeg eigi í, að sje alvara h. þm. sem með hana kom.

Eins held jeg, að eigi sje alvara með viðaukatill. um að koma upp skipakví í Hvaleyrartjörn 1000 kr. (J. S.: Jú). Nei, því að ef sú skipakví væri búin til, mundi hún verða að eins fyrir skip í Hafnarfirði, og ættu því Hafnfirðingar að kosta hana sjálfir, en eigi landssjóður að leggja allt það fje til, enda þyrfti áður að rannsaka kvína af mönnum, sem þekkja til skipakvía.

Þá er að minnast á viðaukatill. um að veita Magnúsi Þórarinssyni 500 kr. styrk til að fullkomna tóvinnuvjelar, eða veita honum 2500 kr. lán til sama augnamiðs. Jeg veit, að sýslunefndin í Þingeyjarsýslu hefir útvegað þessum manni lán áður, og ef hann vildi eða þyrfti að fá meira, þá ætti hann að halda sjer til hennar.

Að því er snertir styrkinn til cand. jur. P. Briems til að nema íslenzk lög, þá er að sönnu æskilegt, að slíkt nám kæmist á, en nefndin vildi þó eigi ráða til að veita fje til þess.

En fremur þykir mjer skrítilegt, að ætlast til, að þingið veiti 1000 kr. til að reisa steinkirkju í Innri-Njarðvík, og sje jeg alls enga ástæðu til þess. Það er að sönnu gott, að koma upp kirkju úr steini, en ef eigi eru nóg efni fyrir hendi til þess, þá ættu eigendurnir að láta sjer nægja með timburkirkju. Ef fje væri nú veitt til þessa, er vel hugsandi, að fleiri mundu koma á eptir og biðja um fje til að reisa steinkirkjur, og þá yrði þingið að veita þeim eins.

Mjer þykir það sannarlega furðu gegna, að hinum h. 1. þm. Gullbringusýslu (Þ. Böðv.) skuli detta það í hug, að beiðast þess, að þingið nú veiti J. Breiðfjörð og Ásb. Ólafssyni ferðakostnað þann í fjárkláðamálinu, sem þeim var neitað um á þingi 1883.

Þá kemur uppástunga frá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um, að veita söngfræðing Birni Kristjánssyni 500 kr. styrk til að kenna söng. Jeg játa, að þessi maður er vel að sjer í söng, en nú veitum vjer 1000 kr. á ári öðrum manni, sem er skyldur að kenna söng, og einkum þeim, sem læra vilja að leika á orgel í kirkjum. Þess vegna finnst mjer óþarfi að veita þessum manni styrk þennan líka.

Enn er ein breyt.till., sem jeg vil minnast á; hún er frá h. 1. þm. Skagf. (Fr. St.) um að töluliðurinn um styrk til Þ. Thoroddsens til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands 500 kr. á ári falli burt, eða til vara, að honum sje veittur styrkur til jarðfræðisnáms og til að taka próf í jarðfræði 500 kr. Mjer þykir athugavert, að fella þennan lið alveg burtu, því að það er gott að fá sem bezta þekking á landinu; en hitt skil jeg eigi, hvernig menn geta ætlazt til, að þessi maður, sem þegar hefir fengið náttúrufræðis-embætti, fái fje úr landssjóði til að taka próf í náttúrufræði. Því fje er til einskis varið.

Þá ætla jeg að minnast á 10. tölul. 16. gr., um styrkinn til að gefa út alþýðlegt lagasafn. Árið 1881 beiddu tveir menn um styrk til þessa fyrirtæki, og var þeim heitinn hann. Þessir menn, sem nú sækja um styrkinn, verðum vjer að játa, að eru, einkum annar þeirra og ugglaust hinn líka, ágætlega hæfir. Jeg játa, að slíkt lagasafn er, ef eigi beinlínis nauðsynlegt, þá mjög gagnlegt. Fáir eru svo efnum búnir, að þeir eigi aðgang að hinu stóra lagasafni, og er því gott að fá handhægt minna safn núgildandi laga; og þó menn gætu haft aðgang að stóra safninu, er erfitt að leita innan um það og vinsa úr það, sem gildir og það sem eigi gildir. Handritið að safni þessu er þessara manna eign, en styrkurinn er til þess, að hægt sje að selja það við minna verði. Jeg verð því að mæla fram með, að styrkur þessi verði veittur.

Fjárveitinguna til þess að gera við Rifsós tel jeg nauðsynlega. Það er satt, sem allir segja, að lendingin þar er nú óhafandi,

en að gera megi við hana. Það er því til að efla atvinnuvegi landsbúa, ef við hann er gert, fyrst hann er eigi notandi. Sýslan er fátæk og á fullerfitt með að greiða 500 kr., þótt eigi sje meira.

Jeg ætla svo eigi að svo stöddu að fara fleiri orðum um greinir þessar, en ætla að bíða andmæla og leyfa mjer svo að svara þeim.

Þórarinn Böðvarsson: Þó að mjer sje málið skylt, vil jeg þó fyrst fara nokkrum orðum um viðaukatill. við 15. gr. um styrk til tveggja uppgjafapresta. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði stutt og greinilega, að engin sjerstakleg ástæða væri til þessa styrks; en hann gaf engin frekari rök fyrir því. Enda held jeg flestum öðrum sje sjerstök ástæða kunn, sjerstök fátækt, og sjerstakt heilsuleysi, svo að annar þeirra hefir á síðasta ári orðið að fara land úr landi, til að leita sjer einhverrar heilsubótar, og sú ferð hefir kostað miklu meira fje, en öll eptirlaun hans eru. H. framsögum. sagði, að hann hefði hæst eptirlaun allra presta. Jeg hef ekki svo nákvæmlega rannsakað það, en jeg veit, að eptirlaunin eru 540 kr., og af þessu á hann að kosta sig, og forsorga konu og börn. Hinn presturinn hefir 240 kr. í eptirlaun, líka bláfátækur. H. framsögum. gaf ávísun upp á þær 3000 kr., sem veittar eru fátækum uppgjafaprestum og ekkjum þeirra. En hæstv. ráðgjafi hónórerar ekki hans ávísun; það er gallinn á. Hann hefir af tekið, að þeir fengju nokkuð af þessu fje; því hann lítur svo á, að búið sje með lögum að sjá fyrir þeim prestum, sem borgað er út úr landssjóði, og því veitir hann þessum prestum ekkert af hinu fjenu. Jafnvel synodus hefir ekki getað komið því fram, að þeir fengju einn eyri af því, sem ætlað er til fátækra uppgjafapresta. Synodus hefir lagt til á hverju ári, og síðast í fyrra, að þeir báðir fengju styrk af þessu fje, en ráðherrann hefir ekki viljað sinna því. Það mætti setja í fjárlögin ákvörðun um, að allir bágstaddir uppgjafaprestar gætu leitað þar styrks; en meðan það er ekki gert, er ávísun h. framsögum. alveg ónýt.

Styrkinn til B. kennara Gröndals furðar mig, að nefndin skuli hafa sett niður, og það því fremur, sem þar er engin ávísun gefin. Þessi maður hefir sem vísindamaður unnið mjög mikið og vinnur enn, og hann er sá eini Íslendingur, sem hefir komið upp náttúrusafni, sem eptir okkar kringumstæðum má kallast stórkostlegt og mikilvægt.

Rannsókn á bráðapestinni er þarfleg og nauðsynleg, og mun jeg gefa atkvæði með fjárveitingunni til hennar.

Hvað snertir 10. tölul., um styrk til lagasafns, er jeg því meðmæltur, í þeirri óruggu von, að þeir háttv. menn, sem að því munu vinna, gangi svo vel frá því, sem auðið er, svo að þeir að eins taki gildandi lög, og verður bókin þá afbragð.

Það, er 13. tölul. í 16. gr. nefndarfrv. snertir, stendur reyndar breyt.till. um, að hann falli burtu, á blaði, sem jeg stend undir; en jeg er þó ekki með því. Jeg játa, að það er nauðsyn til slíkra húsa, og hefði sannarlega verið æskilegt, að hafa þau í mislingasóttinni um árið, og til þess að þinginu verði ekki um kennt, eða ekki mjer, ef slíkt kemur fyrir aptur, mun jeg greiða atkv. með tölul.

Þá hlýt jeg að minnast á uppást. um, að veittur sje 1000 kr. styrkur til að koma upp skipakví í Hvaleyrartjörn. H. framsögum. kom með þá ástæðu móti, ef nokkur var, að ef hún ætti að vera eingöngu fyrir Hafnarfjörð, þá ættu Hafnfirðingar að kosta hana sjálfir. Það er rjett; en hver hefir sagt honum, að hún eigi að vera eingöngu fyrir Hafnarfjörð? Í öðru lagi kom hann með þá viðbáru, að það þyrfti að kanna svæðið, til þess að vita, hvort þetta væri mögulegt. Já, ef menn ekki þekkja svæðið, þá þarf að kanna það; en jeg veit það eru margir hjer á þingmannabekkjunum jafnvel, sem þekkja til. Og þótt h. framsögum. þekki ekki svæðið, þekkir hann þá ekkert til sögunnar? Veit hann ekki, að þar var áður skipalægi, þegar konungsverzlunin var, og að póstskipið lá þar áður fyrri á hverjum vetri? Þetta er nokkur sönnun fyrir því, að ekki er farið beint út

í bláinn. Úr því jeg minntist á staðinn að fornu, skal jeg taka það fram, að nú getur kvíin ekki verið alveg á sama stað, og skal jeg skýra rjett frá; það er hjer að eins um rás að gera inn í tjörnina, en hún sjálf er örugg kví, sem mörg skip gætu legið í. Hann segir, að þessar 1000 kr. sje svo lítið fje, að þær geti ekki dugað til neins. Já, uppást. var 4000kr.; en fjárlaganefndin tók hana ekki til greina, líkast til af þeim ástæðum, sem búið er að minnast á. En þetta fje er þó nokkur hvöt til að gera eitthvað fyrir þá nauðsyn, sem á er. Nauðsyn, segi jeg; því sje nauðsyn að tryggja skip sín í hafi, því meiri nauðsyn er að hafa svo um búið á landi, að þau eyðileggist ekki og brotni við land fyrir augunum á manni, eins og opt hefir farið. Jeg verð því að vona, að h. þingd. geti ekki með góðu móti neitað, að leggja þetta lítilræði til að koma upp hinni fyrstu skipakví, sem er skilyrði fyrir velferðarmáli landsins, þilskipaútvegnum. Eitthvað þarf að gera, meðan við ekki getum verið ytra með skipin á vetrum, og þess verður langt að bíða.

Viðvíkjandi viðaukatill. um 1000 kr. styrk til Njarðvíkurkirkju, skal jeg geta þess, að orðin: »eptir 4. tölul.» ættu að falla burt, því þau koma ekki heim við aðrar breytingar. Ástæða h. framsögum. (H. Kr. Fr.) móti viðaukatill. var sú, ef jeg hef skilið hann rjett, að hún væri skrítin, af því, að ef það fje væri veitt, þá ættu allir, sem kirkjur byggðu, að fá líkan styrk. En jeg get skýrt frá því, að ástæður þessarar kirkju eru líka svo skrítnar, að hún á ekki eina alin í neinni jarðeign, og hefir verið við haldið áratug eptir áratug, öld eptir öld, mest fyrir fje og gjafir einstakra manna. Í vísitazíubókinni stendur svo: »Njarðvíkurkirkja byggð 1858 er prýðilega byggð, mestmegnis fyrir veglyndar gjafir sóknarmanna, samt prýðilega forstöðu kirkjuverjans, herra Ásbjarnar Ólafssonar». Þetta sannar nokkuð mál mitt. En kirkjan er líka svo skrítin, að hún er merkileg bókhlaða. Jón Þorkelsson skólameistari lagði svo fyrir í gjafabrjefi 3. apríl 1759, að allt hans bókasafn, handrit og prentaðar bækur, skyldi geymast þar; af vanrækt hefir það að vísu farið illa, og margt glatazt, en þó er nokkuð eptir. Þetta virðist líka mæla með því, að kirkjunni sje sjerstakur sómi sýndur. Það, sem fram á er farið, er líka mjög hóglegt. Aðaluppástungan er, að 1000 kr. sjeu veittar; varauppást., að kirkjnni veitist 1000 kr. vaxtalaust lán, sem endurborgist á 20 árum, 50 kr. á ári. Vilji menn gefa nokkurn gaum að öðru eins stórvirki eins og því, að einstakir menn ráðast í að breyta ljelegri timburkirkju í steinkirkju, þá má styrkurinn varla minni vera.

Að því er snertir viðaukatill. um ferðakostnað til Jóns Breiðfjörðs og Ásbjarnar Ólafssonar, væri jeg fyrir mitt leyti fús til, að taka hana aptur, eins og h. landsh. lagði til, til þess að rifja ekki upp endurminninguna um mál, sem allir vildu helzt hafa gleymt, af því það gerði bæði stórmikið tjón og mörgum vansa; en af því jeg hefi ekki umboð til að taka till. aptur, verði jeg að rifja söguna upp. Það er fjárkláðasagan. Hjer syðra var vagga fjárkláðans, og sá lögreglustjóri, sem hjer á hlut að máli, gerði allt til að uppræta hann á þessu svæði, og það tókst, svo að síðan hefir ekki orðið vart við hann. Lögreglustjórinn fjekk fulla borgun og heiðurslaun af alþingi fyrir að hafa útrýmt fjárkláðanum, og þeir, sem bezt gengu fram í þessu, og voru verkfæri hans, voru þeir heiðursmenn, sem nú snúa sjer til þingsins með sanngjarnan reikning upp á 227 kr. fyrir ferðir og fyrirhöfn, sem þeir höfðu lagt á sig eptir boði hans. Það eru þessir menn, sem landið á, ef til vill, einna mest að þakka, að fjárkláðinn er ekki framar til. Það er eigi satt, að þessum reikningi hafi verið hrundið 1879; hann var þá tekinn aptur; en þeir hafa nú enn krafizt, að málið væri lagt fyrir þingið. Ekki svo að skilja, að þeir geti ekki og hafi ekki forsorgað heimili sín, þó að þeir fái ekki þessar 227 kr.; en þeir vilja ekki láta sýna, að sjer einum sje ekki vanþökkuð framganga þeirra. Jeg vil leyfa mjer að biðja um nafnakall um þennan tölulið. Þeir vilja sjá

og þekkja nöfn þeirra manna, sem neita þeim um þetta lítilræði fyrir þjónustu sína, sem þeir hafa fyllsta rjett til að fá

Jón Sigurðsson: Það er í þessum kafla fjárlaganna, sem mig greinir einkum á við hina h. fjárlaganefnd, og tók jeg það fram við 1. umr. Mjer virðist nefndin sumpart hafa farið of skammt og sumpart of langt í fjárveitingum sínum. Það lítur svo út, sem hún hafi ekki neitt princip í fjárveitingatillögum sínum, nema ef maður skyldi kalla princip þennan smásálarskap, sem hvervetna lýsir sjer í tillögum nefndarinnar. (*Lárus Blöndal*: Fallegt!). Jeg ætla nú í athugasemdum mínum að fylgja reglunni, og fara eptir greinaröð stjórnarfrv.

Það er þá 16. gr. 1. tölul. Nefndin vill láta Þorvald Thoroddsen fá alls 3000 kr. á fjárhagstímabilinu, eða 1000 kr. meira en stjórnin fer fram á. Það hefir komið fram breyt.till. um, að lækka þetta eða fella þessar 1000 kr. burt. En jeg er þar með nefndinni og henni alveg samdóma, nema hvað mjer þykir hún, ef til vill, hafa farið helzt til skammt í þessari fjárveitingu. (*Lárus Blöndal:* Smásálarskapurinn?). Maður sá, er hjer ræðir um, er góðs maklegur, og hann ætti að geta fengið að neyta hinna góðu hæfilegleika sinna. Jeg ætla ekki að fara að bera hól á þennan mann, enda er hann hafinn yfir mitt lof; en það er skylda mín, að taka það fram, sem fram hefir komið við reynsluna, að hann hefir unnið hvers manns virðingu fyrir rannsóknir sínar á norður- og austurlandi, og mun enginn telja þennan styrk eptir honum. Það er mín skoðun, að hver maður, sem er framúrskarandi í einhverri vísindagrein, eigi að fá styrk, svo að hann geti fullkomnað hæfilegleika sína sem mest. Þó vil jeg ekki leggja það til, að þennan styrk skuli hækka, en ætla mjer að fylgja nefndinni, en ekki stjórnarfrv.

Þá er 2. tölul., um styrk til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi, 1,500 kr. hvort árið; þetta er mikil upphæð, en samt ætla jeg að greiða atkvæði með þessari fjárveiting, af því það miðar til að efla atvinnuvegina, en jeg vil af fremsta megni styrkja þá, hvort sem er til sjávar eða lands. Það er eitt af því, sem mjer þykir að við nefndina, að hún leggur of litla áherzlu á efling atvinnuveganna. Jeg gef þessu fúslega atkvæði mitt, og óska, að styrkur þessi verði notaður; hann hefir áður (1883) verið fram boðinn af þinginu, en var þá ekki notaður; en það gleddi mig, ef hlutaðeigendur kynnu nú að færa hann sjer í nyt.

Þá er 3. tölul. Þar er jeg ekki nefndinni samdóma, þar sem hún færir niður styrkinn til Benid. Gröndals; þar skil jeg ekki í nefndinni. Hjer kemur fram tilhneiging hennar, að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar, og það ástæðulaust. Það mun vera almenningsálit, að þessi maður sje virðingar- og viðurkenningarverður, og að hann megi heita framúrskarandi vísindamaður, eptir því sem um er að tala hjá oss Íslendingum; hann er og sístarfandi að vísindum, og því vil jeg ekki, að styrkurinn sje lækkaður. Þessi maður hefir heldur aldrei verið í flokki hinna hálaunuðu, og nú hefir hann mjög lág eptirlaun, sem hann alls eigi kemst af með, nema hann verði annars styrks aðnjótandi.

4. tölul. er um styrk til laxaklaks og laxræktar, og er sá styrkur hærri hjá nefndinni en stjórnin hefir hann; þetta er ný útgjaldagrein, sem tekin var fyrst upp á síðasta þingi. Þar er jeg með nefndinni, og það þótt Suðurland eigi að njóta þessa að mestu, og mun greiða atkvæði með því, og ekki sjá ofsjónum yfir því, og þarf því ekki þar að bregða mjer um hreppapólitík. Nei! því fer fjarri, að jeg sjái ofsjónum yfir hverjum þeim fjárstyrk, sem þingið veitir til eflingar atvinnuvegum landsins, hvort sem hann kemur niður á Norðurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi eða Austurlandi.

5. tölul. er um styrk til Sigfúsar Eymundssonar; hann finnst mjer þingið geti látið vera núna í þetta sinn; það er, ef til vill, eigi heppilegt að veita hann, allra helzt svona lítinn, og ekki gott að taka myndir af Íslandi í þessu ári. Mjer finnst þessi

styrkveiting lýsa smámunaskap nefndarinnar, því jeg ímynda mjer, að hinn heiðraði ljósmyndari verði engu nær fyrir þetta. Því er víst bezt að sleppa þessum útgjaldalið.

Þá er 6. tölul. um styrk til landlæknis Schierbecks, til að rannsaka bráðapestina; jeg veit ekki, hvort landlæknirinn er færari en aðrir að rannsaka hana. Jeg held það væri má ske heppilegra, að fá leiðbeining hjá bændum fyrir norðan í því, að fyrirbyggja veikina. Þeir mundu gera það borgunarlaust; og þeir hafa furðanlega getað sneitt hjá henni og enda varnað henni að breiðast út. Mjer þykir óvíst, að landlæknirinn geti tekizt að lækna veikina, þegar hún er komin í kindina, því það hefir engum tekizt hingað til. Mjer þykir þessi liður því óþarfur, og skil ekki í, að hann þurfi. Orsakir og eðli pestarinnar hefir áður verið rannsakað á vísindalegan hátt, og mjer vitanlega ekki komið að neinu gagni. En það þekki jeg af reynslu, að bændur hafa ráð til þess að forðast pestina. (*L. Blöndal:* Hefir það verið auglýst?). Það hefir verið skýrt frá því í ritum, sem þm. hefir víst ekki lesið. Ef hann hefði hirt fje sitt sjálfur, væri hann fróðari í þessu o. fl. því viðvíkjandi.

Svo er 7. tölul., um styrk til dr. Jónassens; þar greiði jeg ekki atkvæði með, þó jeg fyllilega játi, að þessi maður á alla viðurkenningu skilið af þingi og þjóð. En jeg vil benda á eitt, að mjer kemur það skrítilega fyrir, að hann ætli sjer að ferðast til Englands að kynnast sullaveiki, þar sem hún varla er til, eptir því sem mig minnir að Jónassen sjálfur segi í einhverjum ritlingi. En þótt hún væri á Englandi, þá er ekki full ástæða til að veita honum þessar 500 kr., þar sem maðurinn hefir góð laun, og er sæmilega efnaður, og væri löngun og áhugi hjá honum til þessa, þá gæti hann farið upp á eigin efni. Þetta er aðalatriðið á móti þessum styrk.

Um 8. tölul. hef jeg talað áður; er jeg þar með nefndinni; jeg þekki ekki manninn vel, en hygg hann þó verðan þessa styrks.

Við 9. tölul. þykir mjer eins og nefndin vakni af svefni; 1883 sótti maður um styrk til að stunda sönglist, en fjekk ekki, þó mjer þá þætti fyllsta ástæða til að veita hann. Það er mín sannfæring, að hjer sje nokkur ástæða til að veita styrk, og því greiði jeg atkvæði með þessum tölul.

Fjárstyrknum eptir 10. tölul. held jeg nú að megi komast hjá og honum megi sleppa; jeg er sömu skoðunar og þegar jeg talaði um lagasafnið fyrir Ísland, og jeg skal bæta því við, að það er, að jeg ætla, hreinn óþarfi, að veita fje til þessa fyrirhugaða lagasafns, því þetta getur orðið hreinn gróðavegur fyrir útgefendurna. Alþýða hjer á landi hefir mætur á lögfræðisritum, og bókin mundi fljúga út, ef hún er vel úr garði gjör, og við alþýðu hæfi. Jeg get annars ekki fellt mig við þá stefnu, sem farið er svo mjög að bóla á í seinni tíð, og komið hefir inn á þing, að menn þykjast ekkert geta gert vísindalegt, nema með styrk úr landssjóði; og kemur þetta einkum fram hjá seinni tíma embættismönnum og vísindamönnum. Ekki er þess getið, að Sveinn lögmaður Sölvason hafi beðið um styrk, þegar hann gaf út »Tyro juris», og ekki Magnús gamli Stephensen í Viðey til að gefa út lagarit sín, og svo var framan af í Bókmenntafjelaginu, að þótt það gæfi út stórar bækur, þá var ekki um ritlaun eða annan styrk talað. Jeg held, að þessi stefna sje ekki heppileg og hún ætti að hverfa. Allra sízt ætti þingið að efla hana með ótímabærum fjárveitingum.

11. tölul. er um viðgerð á Rifsós. Þar hefir komið breyt.till. frá mjer og öðrum þm. Það vakti fyrir okkur, að fylgja ætti sömu reglu og áður hefir verið fylgt við þess konar fjárveitingar, að sýslufjelagið legði til að helmingi móts við landssjóð. Við erum með þessu, af því það veitir tryggingu fyrir því, að fjenu verði vel varið, og ekki til annars en þess, sem þingið ætlast til. Enda þykir okkur það of mikið í borið, að landssjóður leggi til 1,500 kr. móti því, að sýslan leggi til 500 kr.

Við 13. tölul. um fjárveiting til sóttvarnarhúsa, höfum við komið fram með breyt.-

till. um, að hann falli burt. Mjer virðist þessi gjaldliður ekki nauðsynlegur, því að jeg álít, að landsstjórninni sje innanhandar að verja fje til þess, ef þörf gjörist, án sjerstakrar fjárveitingar, og svo er ekki gefið, að sóttnæm pest komi hingað á fjárhagstímabilinu, og þó svo væri, þá er landsstjórninni ekki svo bundnar hendur, að hún geti ekki varið fje henni til varnar, þó ekki sje tekinn upp fastur gjaldliður til þess. 1000 kr. geta þá, ef til vill, ekki orðið nógar, og jeg álít rjettara, að telja þetta til óvissra útgjalda. Þess er óskandi og vonandi, að þótt kólera gangi suður á Spáni, þá komi hún ekki hingað. (*Lárus Blöndal:* Bólusótt?). Hefir þm. heyrt getið, að bólusótt sje nokkurstaðar nálæg núna? Jeg vil, að svo ríflega sje lagt til óvissra útgjalda, að landsstjórnin geti gripið til þeirra, ef á þarf að halda í þessu efni. Strangt tekið finnst mjer þessi gjaldliður ekki eiga heima í fjárlögum, heldur ef til vill í aukafjárlögum. Hann er nýr, og það skiptir engu, þótt hann standi í útlendum fjárlögum.

Við 14. tölul. hefir einnig komið fram breyt.atkv. frá mjer, um að lækka hann; fjárlaganefndin hefir sjálf ákveðið svo mikið sjerstaklega í þessari 16. gr. af því, sem heyrir til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, að óþarft virðist að ætla landshöfðingja svona mikið fje (6000 kr.) einmitt til hins sama. Jeg er því með niðurfærslunni á þessum gjaldlið, og held, að ekki þurfi meira með á fjárhagstímabilinu. Jeg er á sömu skoðun og áður, að ekki sje vert að láta landsstjórnina hafa svo mikið fje til þessara gjalda, en álít rjettara, að þingið ráðstafi sjálft sem mestu af því, svo að það ekki þurfi að koma fyrir nema að eins í einstöku tilfellum milli þinga, að til þessa fjár yrði að taka. Jeg hef líka heyrt, að þessu fje hafi ekki ávallt verið varið sem bezt, þó jeg hafi ekkert að segja í því efni til landshöfðingja sem nú er.

Þá koma nú hin sjerstöku breyt.atkv. Þar ætla jeg einnig að fylgja röðinni, og er þá fyrst nr. 275 frá landsh. um siglingarstyrk handa bókaranum við hinn fyrirhugaða landsbanka; þar er jeg með, og álít það rjetta fyrirhyggjusemi af hæstv. ldsh., að reyna að fá hæfan mann til bankans, ef hann fæst, sem vonandi er, og verður það því mikilsvarðandi og nauðsynlegt, að fá gagnlega menn til hans.

Nr. 277 um Rifsós; þar hef jeg áður talað um.

Nr. 278 er breyt.till. frá mjer og 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) um skipakví í Hvaleyrartjörn. Fyrir því hefir h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) talað svo vel, að jeg þykist ekki þurfa að tala um það meira, enda er jeg ekki vel kunnugur. En jeg hef með eigin augum sjeð staðinn, og virðist hann mjög líklegur, og mun óvíða líklegra til að koma á skipakví. Þetta eflir og atvinnuvegina, þar sem það er til eflingar og tryggingar fiskiveiðunum og þilskipaveiðunum; því er jeg þessu fylgjandi.

Þá kemur styrkur til Magnúsar Þórarinssonar til að fullkomna tóvinnuvjelar sínar. Jeg verð að mæla fram með þessari fjárveiting, þó þingmenn kunni að bregða mjer þar um hreppapólitík; og það geri jeg af því, að maðurinn er sjerstaklega vel hæfur, og, að mínu áliti, verður fyrir styrkinn. Framsögumaður nefndarinnar mælti ekki eins hart á móti þessari tillögu, eins og hann er vanur í öðrum málum. Það kom þó fram nokkur misskilningur í ræðu hans. Hann sagði, að sýslunefndin í Þingeyjarsýslu hefði fengið 1,800 kr. lán úr landssjóði með 6% á ári upp á sína ábyrgð. En það er ekki alveg rjett. Sýslunefndin að vísu fjekk lánið, en sem milligöngumaður, og alveg á ábyrgð Magnúsar, svo að það ber að álíta sem prívat-lán, og öll ívilnunin er sú, að hann hefir fengið það með dálítið vildari kjörum en almennt gerist, þar sem hann þarf ekki að borga nema 6% árlega í 28 ár. Það er honum þægilegra; það játa jeg; en það er ekki nóg. Þetta lán hefir ekki hrokkið til að koma vjelunum í það lag, sem hann óskar. Jeg kom með skýrslu um þetta um daginn, sem þá þótti ótímabær, en nú vona jeg, að h. forseti leyfi mjer

að skýra frá þessu fyrirtæki, svo menn geti glöggvað sig á, um hvað hjer er að ræða. Magnús kvað hafa kostað til vjelanna 3000 kr.; það er að segja 1,700 kr. til kembingarvjelarinnar og 300 kr. til handspunavjelar; svo hafi þessi útbúningur með að nota vatnið og við húsið fyrir vjelarnar kostað c. 1000 kr., svo alls hafi verkið kostað rúmlega 3000 kr. Þessi vjel hefir gengið með fullum krapti í vetur. Í skýrslu frá 22. marz þ. á. til sýslumanns segir, að vjelin sje búin að kemba 1,800 pd af ull; síðan hefir hún kembt á að gizka 600 pd, svo að alls verður það 2,400 pd af ull; hún kembir með dægri c. 20 pd. Handspunavjelin hafði þá spunnið 400 pd, og síðan hefir hún spunnið 200 pd, svo að alls hefir hún spunnið 600 pd, og þetta er ekki lítið frá veturnóttum til sumarmála, og hefir hann þó að eins haft annan mann með sjer. Hann hefir ekki að eins kembt alla ull fyrir sitt heimili, heldur einnig fyrir marga í nærliggjandi sveitum. Jeg hef einnig fengið kembt fyrir mig, og kvennfólk hjá mjer sagðist geta verið þriðjungi fljótara að spinna úr þessum kembum en vanalegum kembum. En nú er sá gallinn á, að þessar kembur verða ekki almennilega spunnar á handspunavjelarnar; reyndar hefir það verið gert í vetur, en með mikilli yfirlegu, og verkið er hvergi nærri eins gott og vera þyrfti. Jeg gleymdi að geta þess, að þetta er að eins partur úr kembingarvjel, og ef hún yrði fullkomnuð, þá fyrst yrði hægt að nota hana við handspunavjelarnar. Handspunavjel hans spinnur 60 þræði; en svo getur fengizt spunavjel, sem spinnur 30 þræði og enda minni, mjög handhægar fyrir 1 mann, og verða því hentugar fyrir hvert meðalheimili. Magnús er sannfærður um, að ef hann gæti fullkomnað kembingarvjelina, þá fyrst gætum vje almennt farið að nota handspunavjelarnar, og unnið alla ull vora og látið hana fara unna út. Þess vegna sting jeg upp á, að honum sjeu veittar 500 kr. í viðurkenningarskyni fyrir dugnað, og 2,500 kr. til láns, til þess að styrkja hann og hjálpa honum til að koma upp og auka vjelina. H. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) verður þessu hlynntur, vona jeg; hann hafði fyr meir mætur á þess konar fyrirtækjum, þegar hann var búsettur fyrir norðan, og uppalningur í því hjeraði, sem hjer ræðir um. Reyndar má segja, að þingeyingar hefðu átt að geta lagt það fje fram, sem með þarf, og styrkt þennan mann; en þess er að gæta, að Þingeyingar hafa nóg með sig, sem stendur, og eru ekki aflagsfærir. Vænti jeg svo góðra undirtekta með þetta mál.

Þá er viðaukaatkvæði frá mjer um styrk til cand. juris Páls Briems. Jeg hef tekið það til flutnings, og þó jeg yfir höfuð vilji spara sem mest má fje landssjóðs, þá get jeg ekki annað en verið meðmæltur þessum styrk; jeg álít hann æskilegan og nauðsynlegan í sambandi við stofnun lagaskóla, sem nú er fyrirhugaður, og jeg álít fulla nauðsyn á. Jeg álít það mjög æskilegt, ef einhver ungur lögfræðingur vildi búa sig undir að verða kennari við lagaskólann, með því að kynna sjer íslenzk lög. Þetta er ekki ný tillaga; hún kom hjer fram á síðasta þingi, og þá voru margir hlynntir henni, en báru það fyrir, að enginn hefði borið sig fram. Tillagan var þá um það, að kandídatar hjeðan fengju styrk til að stunda nám sitt frekara en þeir ættu kost á hjer. Þá var þessi eina mótbáran; en nú er hún fallin, þar sem maður hefir boðið sig fram. Nefndin hefir reyndar ekki sinnt þessu; en hún gat ekki gegnt öllu; það var svo margt, sem að henni barst. Jeg sting upp á, að atkvæða verði leitað í tvennu lagi um þessar uppástungur.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar jeg lít yfir þessar 13 greinir, sem nú þegar er búið að samþykkja, þá get jeg glatt mig yfir, hvað h. þingdeild hefir tekið breyt.uppást. nefndarinnar mikið til greina; jeg verð þar af að álykta, að deildinni hafa líkað þær yfir höfuð vel. Þetta met jeg miklu meira en þótt h. þm. S.-Þing (J. S.) sje nefndinni ekki samdóma og veiti henni þungar átölur. Hann sagði í ræðu sinni um daginn við 1. umr. þessa máls, að nefndin hefði verið »hlutdræg«, og nú sagði hann nýlega í ræðu sinni, að sjer virtist nefndin

engu principi (meginreglu) hafa fylgt í tillögum sínum, nema ef það væri eitthvert »smásálar-princip«, og að hún hefði tekið frá öðrum, til þess að stinga í vasa þeirra, sem hefðu fundið sjerstaka náð fyrir hennar augum. Þessu ætla jeg ekki að svara. En mjer þykir vænt um, að það hefir komið fram, svo það stendur í þingtíðindunum, sem verðug mynd af þingmanninum og ber ljósan vott um smekk hans, nettleik og lipurð í þingmennsku hans. En þar sem nú h. deild hefir aðhyllzt flestallar tillögur nefndarinnar, þá hefir hún þar með gjört tillögur og uppást. nefndarinnar að sínum, og verður deildin þannig erfingi nefndarinnar að þessum snyrtilega vitnisburði þingmannsins um nefndina; en þá vona jeg að deildin meti þessi orð þingmannsins sem verðugt er.

En á hvaða ástæðum er það nú byggt, þar sem h. þm. (J. S.) segir, að nefndin hafi verið hlutdræg? Nefndin hefir ekki gefið tilefni til þess. Hann talaði um við 1. umr., að Sunnlendingafjórðungur hefði fundið mesta náð hjá henni; jeg fór þá að gæta að því, hvernig hlutföll milli fjórðunganna væru, og kom þá fram, að hún hefir veitt til ýmislegs í Suðuramtinu meir en stjórnin í frv. sínu 7100 kr., en dregið aptur af öðrum nær 7400 kr., svo þetta því nær jafnar sig. Það sem til Vesturamtsins átti að ganga hefir hún hækkað um 1500 kr., en lækkað um 200 kr. Til Norður- og Austur-amtsins hefir hún hækkað um 1500 kr., en lækkað um 1025 kr. Þannig hefir nefndin í breytingum sínum við stjórnarfrv. minnkað það, sem á að ganga til Suðuramtsins, um 300 kr., en bætt við til Vesturamtsins 1300 kr., og til Norður- og Austuramtsins 475 kr.; þetta lýsir ekki stórri hlutdrægni til suðurlandsins; en sje skoðuð breyting nefndarinnar fyrir allt landið, þá hefir hún fært gjöldin upp á sumum stöðum um 15,852 kr., en lækkað þau á öðrum stöðum um 14,620 kr.

Þá kem jeg til 16. gr. Þar stendur í nefndarálitinu við 1. tölul., að komið hafi bænarskrá frá Þorvaldi Thoroddsen; en þetta vil jeg leiðrjetta; það hefir í ógáti slæðzt inn í nefndarálitið; því hann sendi þinginu enga bænarskrá, heldur brjef, þar sem hann býður sig fram, og kveðst fús á, að starfa að jarðfræðisrannsóknum í líka átt, sem að undanförnu, ef þingið vildi. Nefndin áleit nú, að þessar 2,000 kr., sem tilfærðar eru í frumv. stjórnarinnar, ættu að vera ferðastyrkur til hans, sem yrði útborgaður eptir reikningi yfir ferðakostnaðinn, þannig, að ef ferðir hans kostuðu hann ekki nema t. d. 1,600 kr. bæði árin, þá yrðu honum ekki útborgaðar nema 1,600 kr., en 400 kr. gengju þá til baka í landssjóð. En þar sem sumir halda því fram, að þessi maður hafi undanfarin ár fengið svo mikinn fjárstyrk hjá þinginu, þá er það dálítill misskilningur. Hann hefir í allt fengið þrisvar sinnum 1,000 kr. til að ferðast fyrir. Fyrsta árið, sem hann fjekk þessar 1,000 kr., hrukku þær ekki, svo hann varð úr eigin vasa að borga um 200 kr., sem ferðir hans kostuðu meira en ætlað var fje til. Annað árið þar á móti brúkaði hann af þessum 1,000 kr. að eins 934, og meira var honum heldur ekki útborgað; 66 kr. gengu til baka í landssjóð. Þriðja árið kostuðu ferðir hans um 1,400 kr., svo þessar 400 kr. varð hann að borga frá sjálfum sjer. Þegar nú nefndin var á því, að í þessum staflið væri að eins innifalið það, sem hann eyddi til ferðanna, þá þótti henni hart að skipa þessum manni, að ferðast upp um fjöll og firrindi og slíta út sjálfum sjer og fötum sínum alveg fyrir ekkert, og því vildi nefndin veita nokkuð fram yfir, og það eru þessar 500 kr. á ári, sem meðfram gætu verið styrkur fyrir hann til að safna einhverju meiru til lýsingar Íslands eða þóknun fyrir hjálp við að hreinskrifa og búa undir prentun verk það, sem hann hefir í huga að semja. H. 1. þm. Skagf. (Fr. St.) hefir komið fram með, og mælt með breyt.atkv., um að nema þessar 3,000 kr. undir stafl. *b.* burtu, en veita Thoroddsen styrk til þess, að sigla, og reyna að taka próf í jarðfræði. Honum þótti leitt, að hann væri hjer að ferðast um landið próflaus. En jeg hugsaði, að þessi h. þm., jafn sögufróður sem hann er,

mundi muna eptir því, að Jónasi sál. Hallgrímssyni var þó veittur styrkur af Bókmenntafjelaginu til að ferðast um landið, og var hann próflaus. Þessi maður, sem hjer er um að ræða, getur orðið landinu til mikils gagns, þótt hann taki ekki þetta próf. Jeg ræð því til að fella þessa tillögu.

Þá kemur nú 3. töluliður, um styrk til fyrv. kennara Benidikts Gröndals. Þennan lið hefir nefndin fært niður um 200 kr. á ári, ekki af því, að henni þætti hann ekki þess styrks verður, sem settur er í stjórnarfrv., heldur af því, að nefndin á þingi 1883 stakk upp á sömu upphæð og nú, 400 kr. á ári, og h. neðri deild samþykkti það í þremur umræðum; þetta er því eiginlega hennar verk,—en efri deild 1883 hækkaði þann styrk upp í 600 kr. á ári; nefndin vildi því stinga aptur upp á sömu upphæð, sem 1883, þ. e. 400 kr., til þess að vera sjálfri sjer samkvæm; en ef h. deild er á því, að hækka þennan styrk, þá hefir nefndin ekkert á móti því.

Hvað 4. tölulið viðvíkur, um ferð laxfræðings, þá þótti h. 1. þm. Skagf. (Fr. St.) það allt of hátt; en því er þegar svarað af hæstv. landsh. og h. framsögumanni. Jeg skal að eins geta þess, að ferð þessa manns hingað til landsins í fyrra varð miklu dýrari en ætlazt var til, og hann hefir skýrt frá, að hann væri ekki fáanlegur til að koma hingað aptur fyrir minna en 4000 kr. Nefndin hefir stungið upp á, að veita 3500 kr. í þessu skyni, og vonast eptir að h. deild vilji heldur samþykkja þessa upphæð, heldur en að fá þennan mann ekki aptur til landsins.

Hvað snertir 1200 kr. til að fá útlendan fiskiklaksmann að vetri, þá held jeg að það sje ekki of mikið í lagt; það er sett með tilliti til þess, hvað sá laxaklaksmaður, sem var hjer á landi næstl. vetur, kostaði; en jeg vil geta þess, að það hefir gleymzt að taka það fram í nefndarálitinu, sem þó kom til tals í nefndinni, að það var meining hennar, að eins og laxaklaksmaðurinn var á Suðurlandi í fyrra, eins væri hann látinn dvelja á Norðurlandi á næsta sumri, t. d. á Laxamýri, og vildi jeg skjóta því til hæstv. landsh., hvort hann mundi ekki vilja taka þá ósk nefndarinnar til greina.

Þá kemur 5. liðurinn: Styrkur til ljósmyndara Sigf. Eymundssonar til að gefa út »Ísland í myndum», 300 kr. Þessi styrkur er, eins og h. deild sjer, ekki veittur þessum manni beinlínis, heldur til fyrirtækisins, sem nefndin álítur að muni verða landinu bæði til gagns og sóma. Slík verk eru gefin út með ærnum kostnaði í öðrum löndum, og ef slíkt verk væri gefið út hjer, held jeg að það gæti orðið til þess, að margir ferðamenn (Touristar) mundu, af því að sjá myndirnar, lokkast til að koma hingað og eyða hjer nokkru af sínum peningum.

Jeg ætla ekki að tala margt um 6. tölul., því jeg er þess fullviss, að fæstir vilja sitja sig úr færi, að vilja sjá eitthvert ráð til, að þessum voðagesti — fjárpestinni — verði útrýmt úr landinu, eða að einhver ráð verði fundin til að lækna hana eða verjast henni.

Viðvíkjandi 7. tölul., um ferðakostnað til Dr. Jónassen, þá furðaði h. þm. S.-Þing. (J. S.) sig mjög á þeirri fjárveitingu, með því engin sullaveiki væri í útlöndum, og þá ekki heldur á Englandi; en jeg held, að læknirinn sje í þessu tilliti fróðari en h. þm. Hann segir sjálfur í brjefi sínu til þingsins, »að sullaveiki komi ekki svo sjaldan fyrir á Englandi«. Sumir hafa sagt, að það væri merkilegt, að vera að veita þessum manni styrk, sem væri »doktor«, og þar að auki mjög vel að sjer; en það er einmitt það, sem hvetur mig til að veita einmitt þessum manni styrk til þessa fyrirtækis; því jeg álít miklu betra að veita þeim manni slíkan styrk, sem hefir áður sýnt, að hann bæði hefir þekkingu og áhuga á, að lækna veikina, svo fullkomin líkindi eru til, að hann hafi not af ferðinni, þar sem miklu ólíklegra væri, ef ungur og óvanur maður færi förina. Þessi maður er líka svo vel virtur út um landið, að jeg er viss um, að mörgum er þessi fjárveiting engan veginn á móti skapi.

Þetta er að eins viðurkenning, en engin ölmusa, því hann þarf þess ekki við.

Um 8., 9. og 10. tölul. ætla jeg ekki að tala neitt.

Þá kemur 11. tölul.: styrkur til að gera við Rifsós í Snæfellsnessýslu. Bæði eru flestar jarðirnar þar í kring eign landssjóðsins, og svo hefir þetta verið þrautalending fyrir báta þeirra, sem í grennd búa, því mjög fáar lendingar eru þar nærri. Nefndin vildi ekki taka þá ábyrgð upp á sig, að neita um þetta fje, ef lífi fátækra manna frá konum og börnum kynni fyrir þessa fjárveitingu að vera betur borgið. Nefndin vill ekki áskilja, að sýslan leggi meira til en 500 kr., með því þetta er mjög fátækt pláss. Torfi búfræðingur í Ólafsdal hefir gert áætlun um, að kostnaðurinn við þetta mundi nema rúmum 1500 kr., en sýslumaðurinn og fleiri hafa farið fram á langt um hærri fjárveitingu.

Um styrkinn til að varna skemmdum á Hafursá í Mýrdal skal jeg ekki tala; jeg tel víst, að sá liður verði samþykktur.

Þá kemur 13. tölul., um borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús, allt að 1000 kr. Nefndinni þótti heppilegra að reyna til, að leigja hús til þessa á þessum 6 tilteknu stöðum, heldur en að ráðast í að byggja þau. En nefndin álítur óþarft, að leggja meira til en 500 kr. hvort árið, og held jeg, að margur mundi ganga að því, að gefa kost á húsum sínum fyrir ekki meira verð en 50 til 100 kr. árlega, því það getur í öllum vanalegum tilfellum orðið hagur fyrir báða, bæði landssjóðinn og eiganda hússins. Það er vonandi, að almennar pestir ekki komi optar til landsins en 10.—20. hvert ár, og hefir þá húseigandi grætt 1 til 2 þús. kr., ef hann fær árlega 100 kr., þegar hann þarf að lána húsið til útlendra sjúklinga. Þar sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) vildi helzt stryka þennan lið alveg út, þangað til sóttin væri komin, þá held jeg, að það væri óheppilegt, og enda ekki forsvaranlegt, og væri til þess, að hindra framkvæmd landsstjórnarinnar á núgildandi lagaákvörðunum. Jeg álít, að þingið ekki geti forsvarað það.

H. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) minntist á bænarskrána um styrk til að gera skipakví við Hafnarfjörð. Þetta mál er mjer af brjefum og skýrslum orðið þegar nokkuð kunnugt, en jeg get þó ekki sjeð fulla ástæðu til þess, að veita fjeð. Í bænarskránni er fyrst farið fram á 4000 kr. styrk, og ætlað, að það muni duga; en ef svo væri, þá væri þeim, sem þetta er mest áhugamál, vissulega ekki ofvaxið, að taka 4000 kr. lán úr landssjóði, og yrði leigan af því, 4%, að eins 160 kr. á ári. Ef svo enginn vildi brúka skipakvína, þá álít jeg mjög ónauðsynlegt, að veita fje til að byggja hana; en ef menn vildu brúka hana, þá tel jeg sjálfsagt, að lóðareigandinn mundi heimta uppsátursleigu fyrir þau skip. Setjum nú, að 6 skip leituðu þangað á vetri, og borguðu hvert 30 kr. í uppsátursleigu fyrir veturinn, eins og tíðkast fyrir norðan, við Eyjafjörð, þá hefir lóðareigandinn þar strax vextina borgaða og meira til. Ef nú fleiri kæmu þangað en 6, og borguðu hvert 30 kr., þá er það, sem fram yfir er 160 kr., hreinn ágóði, sem viðkomandi getur haft af því, að lána 4000 kr. til þessa úr landssjóði. Þessi sami h. þm. sagði, að það væri skemmtilegt fyrir þingið, að hjálpa til að koma upp þessari fyrstu skipakví á landinu; en jeg kalla hann harla ókunnugan, ef hann ekki veit, að það er langt síðan, að skipakví var byggð á Ísafirði, og Eyfirðingar byggja máske líka skipakví, en þá líklega á eigin kostnað, en ekki með bæn um gjafir, ef þeir sjá verulegan hag við það.

Þá fer hinn sami h. þm. fram á, að veittur sje styrkur, 1000 kr., til að gera við kirkju í Njarðvíkum, og því til stuðnings sagði hann, að bókasafn það og handritasafn, sem geymt væri í kirkjunni, lægi undir skemmdum. Ætli að það væri ekki rjettara, að flytja slíkt bókasafn hingað inn í Reykjavík, heldur en að láta það skemmast þarna? Jeg held það yrði betur notað hjer, en þar sem það nú er.

Þar sem hæstv. landsh. hefir stungið upp á, að veita 1200 kr., til bókara við hinn fyrirhugaða banka, til þess að hann geti kynnt sjer bankastörf í Danmörku, þá hefir nefndin, eptir nákvæma yfirvegun, lagt það til, að í þessu skyni yrði að eins veittar 1000 kr., og hefir hún álitið, að það mundi nægja.

Jón Ólafsson: Jeg er h. nefnd mikið þakklátur fyrir niðurskipunina og fyrirkomulagið yfir höfuð á fjárlögunum, einkum þá aðferð hennar, að hún hefir tekið inn á sjálf fjárlögin ýmsa undirliði, sem áður hafa að eins staðið í athugasemdum aptan við lögin, og sjerstaklega fyrir fyrirkomulagið á 16. gr., og álít jeg það mjög hentugt. En í sambandi við þetta vil jeg benda á, viðvíkjandi 16. gr., að afleiðingin af því, að taka upp hina ýmsu undirliði, hlýtur að vera sú, að þá rýrni hinn óákveðni styrkur til sams konar fyrirtækja; en tilgangurinn á að vera sá, að láta þingið hafa sjálft atkvæði um sem flestar slíkar fjárveitingar, en láta sem minnst fje vera svona óákveðið ætlað stjórninni til að bruðla úr til sams konar fyrirtækja, og jeg fyrir mitt leyti vildi helzt mæla með, að það væri alls ekkert, sem veitt væri á síðasta tölulið 16. gr. Reyndar geta komið fyrir ófyrirsjeð fyrirtæki á milli þinga, en flest af þeim má fyrir sjá, og menn vendust fljótt við það, ef menn vissu, að þingið vildi sjálft ráða öllum slíkum veitingum, í stað þess að trúa misjafnlegri stjórn fyrir því. Bæri óumflýjanlegt fyrirtæki að höndum, gæti stjórnin gripið til fjár þess, sem veitt er til óvissra útgjalda.

Jeg skal nú fara fáeinum orðum um suma af hinum einstöku liðum í 16. gr.

Jeg þarf ekki að minnast á 1. tölul. stafl. a, því jeg álít sjálfsagt að halda áfram með þær rannsóknir, meðan þær ná ekki yfir allt land.

En um stafl. b get jeg þar á móti ekki orðið nefndinni samdóma; það er styrkur til sama manns (Þ. Thoroddsens), til að safna til jarðfræðis-lýsingar Íslands, 500 kr. á ári. Annaðhvort á þetta að þýða: til að skrásetja árangur ferða sinna; eða það á að þýða: til að semja jarðfræðislýsing landsins. Mjer finnst hið fyrra: rannsóknirnar og skrásetning árangurs þeirra, sem jeg verð að álíta að fari saman, því rannsókn, sem ekki er frá skýrt, er þýðingarlaus—mjer finnst þá þetta vera nóg og fullnóg verkefni fyrir hann, einkum þar sem hann er jafnframt fastur konunglegur embættismaður, og því er ekki að búast við að hann geti gefið sig við að semja mikið meira, en að skrásetja árangur ferða sinna og rannsókna, auk þess, sem hann rækir embætti sitt. Mjer er annars kunnugt um, að fyrir 2 árum var hann þegar búinn að semja nokkurn part af þessari lýsingu, og bauð hann Bókmenntafjelaginu hann, en það hafnaði því boði að svo komnu, af því það vildi ekki taka part úr þessu upp í Tímarit sitt. En því var að eins gefinn kostur á því til þess, en ekki sem sjerstöku riti. Jeg get þess vegna ímyndað mjer, að hann sje þegar kominn talsvert á leið að semja þá lýsingu, sem hann hugsar sjer. En ef hjer er átt við ferðasögu hans hjer um landið, þá sje jeg enga ástæðu til þess að veita styrk til að gefa hana út, því að af henni fáum við sannarlega allt of mikið án þess, því, að honum alveg ólöstuðum, þá hefir hann heldur gott lag á að rita langt og opt um sama efni, án tilsvarandi árangurs fyrir harðþjáða lesendur; hann hefir og gott lag á, að koma ritgerðum um ferðir sínar inn í útlend tímarit, opt ritgjörð um sömu ferðina í mörg tímarit eða dagblöð, og það venjulega þau, sem borga hvað bezt ritgerðir. Hann hefir jafnvel gott lag á, að rita kann ske 10 ritgerðir í 10 tímarit eða blöð um sömu ferðina, og breyta þá lítið eitt til um lengd og búning. Mun þetta vera svo arðsamur ritsamningar-iðnaður, að óparft er að landssjóður veiti verðlaun fyrir. Jeg segi honum þetta alls ekki til lasts, heldur þvert á móti til lofsemdar fyrir hagsýni hans. En það er líkt því, sem maður segir, að sjóða 10 sinnum súpu af sama spaðbitanum, og þá finnst mjer ekki ástæða til fyrir þingið, að veita mikið fje af

landssjóði til þess að hann geti soðið 11. þynninguna, sem kann ske yrði þá nokkuð homöopatisk. Jeg er því sem sagt með stafl. a, en á móti stafl. b.

Hvað tölulið 3 snertir, þá er jeg þar með upphæðinni í frv. stjórnarinnar, en ekki með niðurfærslu nefndarinnar. Gröndal er einn af okkar fáu afbragðsmönnum og vel að gætandi, að þegar hann var í blóma lífsins, þá var þingið ekki fjár síns ráðandi og því varð honum lífið harðdrægt á beztu árum hans; en því fremur sem landið gat ekki þá sýnt honum skyldugan sóma, því fremur álít jeg þjóðskömm, að vera að narta af þessum styrk nú, þegar hann á við bágan hag að búa í elli sinni.

Hvað fiskifræðingnum viðvíkur, þá er mjer það kunnugt, að hann fæst ekki aptur hingað fyrir jafn lítið fje sem síðast; jeg álít því alveg rjett, að veita annaðhvort svo mikið, að hann fáist aptur, eða þá ekkert. Annað er meiningarlaust.

Þá kemur 5. tölul., styrkur til Sigfúsar Eymundssonar til að gefa út »Ísland í myndum«, og hefir nefndin viljað veita honum 300 kr. til 1. heptisins. Þessu er jeg samþykkur; en þetta er mjög lítið, þegar þess er gætt, hve kostnaðarsamt þetta fyrirtæki er; en menn gera sjer, ef til vill, ekki rjetta hugmynd um það; jeg get t. d. nefnt sem dæmi þess, hve dýrt er að koma slíkum verkum á fót, að í Noregi rjeðst fyrir nokkrum árum efnaður maður í að gefa út Noreg í myndum með alveg sömu tilhögun, sem Sigfús ætlar að hafa á verki þessu, sem hjer er um að ræða; en sá maður stóðst ekki þann kostnað, og varð gjaldþrota í miðju kafi; og það var fyrst sá, sem keypti allan undirbúning hans fyrir lítið á uppboði, sem gat fullkomnað þetta verk, þó með miklum styrk af opinberu fje. Þó eru ferðalög og allur útbúnaður til myndatöku miklu örðugri og dýrari hjer en í Noregi. Mjer er kunnugt um, að Sigfús fór t. d. austur eina ferð í fyrra og upp að Hvítárvatni, og kostaði sú ferð hann um 400 kr., en varð honum að litlu sem engu gagni sökum illviðra. Nú í ár ferðaðist hann aptur. Þetta er mjög kostnaðarsamt, og þó opt tvísýnt, hvort að nokkru gagni verði, þar sem veðurlagið hjer hjá oss er svo óstöðugt, vegir engir og því örðugt að ferðast með myndatæki.

Jeg er með 6. tölulið, af því jeg veit, að mikroskopiskar rannsóknir landlæknis Schierbecks hafa vakið eptirtekt erlendis, enda er sá maður mjög góðum hæfilegleikum búinn sem vísindamaður og fjárins vel verður.

9. tölul. er styrkur til Guðrúnar Waage til að læra sönglist. Þessu hefir nefndin reyndar viljað sinna, en mjer þykir hún ekki hafa verið stórtæk, því þegar það er athugað, að nefndin er mjer samdóma um, að þessi stúlka sje ágætum hæfileikum búin, og að hún sannarlega sje styrktar verð og þurfi hennar með, og að þarlendir menn, sem þegar hafa hjálpað henni dálítið, munu trjenast upp á því, ef hún fær engan styrk frá þinginu að einhverjum mun— þá sýnist mjer vert að veita henni styrk, sem að haldi komi, úr því menn vilja nokkuð sinna henni; það er þýðingarlaust, að veita henni svo lítið, að hún hafi alls ekkert gagn af því; en það hefir hún ekki, ef styrkurinn er svo naumur, að hún verður að hætta við nám sitt; annaðhvort er, að gera hlutinn eða gera hann ekki. En hún er svo fátæk, að hún getur ekki haldið fram námi með 300 kr. styrk. Jeg hef nú komið með breyt.till., að þessi styrkur verði hækkaður upp í 600 krónur, og er það rúmur helmingur af því, sem hún fór fram á að sjer yrði veitt. Jeg vona, að h. þingdeild verði þessu breyt.atkv. hlynnt, því um 600 kr. munar hana dálítið, svo að hún getur líklega dvalið ytra einn vetur til.

Þá kemur nú 10. tölul. Það er styrkur til útgáfu alþýðlegs lagasafns. Jeg hef komið fram með þá breyt.till., að nema þenna tölul. alveg burt. Á þingi 1881 bar jeg það fram, að þingið vildi styrkja til þessa starfa, en þá þótti þingdeildinni það ekki nauðsynlegt; en jeg áleit þá mjög nauðsynlegt og álít enn, að slíkt safn komi

út. Þegar jeg hafði fengið þetta nei hjá hinni h. þingd., þá sótti jeg og annar maður, sem var vel að sjer í lögum, um styrk til landshöfðingja til þessa fyrirtækis, og fengum við loforð fyrir honum. En svo andaðist þessi maður, og þá varð jeg að hætta við um stund að gefa þetta lagasafn út, þótt prentun á því væri þegar byrjuð, og sá styrkur, sem við þá fengum loforð fyrir, hefur þannig ekki verið notaður. Við höfðum sent út boðsbrjef, og jeg verð að segja, að jeg er nokkuð kunnugur bókaútgáfum; en jeg hef aldrei sjeð annan eins urmul af áskrifendum koma á boðsbrjef á jafnstuttum tíma; við fengum yfir 700 á fám mánuðum; af þessu er auðsætt, að útgáfa slíks safns er beinlínis gróðavegur, og getur miklu meira en borið sig sjálft. Jeg vil því fastlega ráða h. heild frá að veita þennan styrk. Því hver sá, sem alvara er að vilja vinna að þessu, getur það án styrks. Síðan þessi samverkamaður minn dó, hef jeg ekki getað látið þetta safn koma út, en hef þó starfað talsvert að því, að búa það undir prentun, og hef þegar meiri partinn af því nokkurn veginn tilbúinn í handriti. Jeg leiddi það 1883 í tal við hr. M. Stephensen, að vera í verki með mjer, og hann aftók það ekki í fyrstu; en seinna skoraðist hann algjörlega undan því, sökum hinna miklu embættisanna sinna; en fyrst hann komst ómögulega til þess 1883, þá er mjög ólíklegt, að hann komist til þess nú, þar sem hann auk síns fyrra embættis hefir á hendi annað embætti, sem hefir verið álitið nægilegt fyrir einn mann hingað til. Jeg skil það ekki, nema því að eins, að einhverjar aðrar og sterkari hvatir, en þær að vinna gagn með þessu, knýi hann nú til starfsemi. Hún hefir undarlega vaknað hjá honum síðan hann varð þess áskynja, að jeg var byrjaður á að gefa út lagasafn fyrir alþýðu. Jeg hef líka leitað til hins mannsins, sem nú sækir um landssjóðsstyrk til þessa, en hann þóttist þá heldur engan tíma hafa til þess, og hann hefir sama embættið enn. En loksins í vor, þegar örðugasti undirbúningurinn var langt kominn, þá gat jeg fengið lögfróðan mann mjer til hjálpar; og þótt þingið veiti engan styrk, þá mun þetta alþýðlega lagasafn koma út, og er þegar byrjað að koma út. Ef þingið veitir nú þessum mönnum styrk, þá koma út tvö rit sama efnis, og verður sú fjárveiting h. þings þá ekki til þess, að stuðla til að rit komi út, sem annars kæmi ekki út, heldur að eins til að spilla fyrir þeim, sem styrklaust eru byrjaðir að koma sams konar riti út. Það er hreinn óþarfi, að veita styrk til þessa, því áskrifendafjöldi fæst nógur að slíku riti, ef það er eitt á markaðinum, til að borga pappír og prentun og 50 kr. ritlaun fyrir örkina, og það er meira, en hjer er vant að borga. Það er mjög ósanngjarnt, að þingið með því að veita þennan styrk sje að veita fje til að spilla miklu erfiði annara, sem engan styrk sækja um.

Þá er 13. tölul., borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús. Jeg skil nú ekki, að þessi töluliður eigi heima í 16. gr. Jeg held, að hann hefði átt betur heima annarstaðar, t. d. í 11. greininni.

Viðvíkjandi síðasta (14.) tölul. »til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja«, hefi jeg þegar látið þá skoðun mína í ljósi, að það væri óheppilegt, að veita jafnvel nokkurt fje á þeim tölul.; því það getur orðið til þess, að landstjórnin veiti þeim fje, sem þingið hefir látið í ljósi að það vildi ekki veita neitt fje; slíkt átti sjer stað (jeg tek það til dæmis, þótt mjer beri sízt að lasta það tilfelli í sjálfu sjer) með mig og samverkamann minn 1881; sá styrkur var veittur þvert ofan í tilgang þingsins. Það dregur og til þess, að þeir, sem hafa fyrirtæki í huga, sem þeir vita, að þingið muni ekki vilja styðja, koma ekki fram fyrir þingið, en leita landshöfðingja, svo þingið fái ekki að láta álit sitt í ljósi. Öll þing, þar sem ekki er parlamentarisk stjórn, álíta, að það miði til að draga valdið í hendur sjer, að draga undir atkvæði sitt sem flestar fjárveitingar, og láta það sem minnst vera komið undir hinu umboðslega valdi. Hið gagnstæða

er pólitískt sjálfsmorð fyrir hvert þing. Jeg álít því alveg rjettast, að veita ekkert fje á þessum óákveðna lið; það mundi líka venja menn á, að koma til þingsins í tíma. En nú koma menn ef til vill alls ekki til þingsins með sína bænarskrá, ef viðkomandi ímyndar sjer, að þingið muni ekki vilja sinna henni.

Viðaukatill. hefir komið fram um styrk til Páls Briem, og jeg hefi komið með aðra tillögu um styrk til lögfræðings, sem er auðvitað það sama; og er mjer hjer um bil bil sama, hvora till. h. þingd. samþykkir; en það er bæði tilhlýðilegt og nauðsynlegt, að veita þennan styrk; því ef menn hafa lesið umræðurnar í h. Ed. um lagaskólann, þá hafa menn sjeð, að lögfræðingarnir hafa sjálfir álitið það nauðsynlegt, að lagakennsla gæti komizt á í landinu; og til þess að sú kennsla gæti orðið að verulegu gagni, er nauðsynlegt, að veita einhverjum styrk til þess, að hann geti gert sig færan um, að taka að sjer þá kennslu. Jeg vona því, að h. þingd. gefi þessu góðar undirtektir.

Þá er tillaga mín um, að Birni söngfræðing Kristjánssyni verði veittur 500 kr. styrkur til söngkennslu. Það er ekki af því, að kennsla sú, sem nú á sjer hjer stað, sje ónóg, heldur af því, að mjer er kunnugt um hans miklu hæfilegleika, og veit það, að hagur hans stendur svo, að ef þingið neitar honum um þennan litla styrk, þá verður hann líklegast alveg að hætta að gefa sig nokkuð við þessari fögru íþrótt, sem hann er svo laginn fyrir, og leggja alveg fyrir óðal það, sem hann er bezt lagaður fyrir af öllu; og vona jeg því, að h. þingdeild samþykki þessa uppástungu mína.

— Fundi frestað til kl. 5 e. m.

— Kl. 5 e. m. var fundurinn aptur setttur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er ánægður með flestar uppástungur h. nefndar í þeim greinum, sem hjer ræðir um.

Jeg skal þó leyfa mjer að minnast á ýms atriði, og þá fyrst á styrkinn handa Benidikt Gröndal. Stjórnarfrv. setur þennan styrk 600 kr. hvort árið, en nefndin hefir sett hann niður í 400 kr. árlega, en það hefir, eptir því sem jeg skildi orð h. varaforseta (Tr. G.), orsakazt af því, að 1883 ákvað neðri deild þennan styrk 400 kr., en efri deild hækkaði hann upp í 600 kr., svo að jeg ætla, að h. Nd. hafi hugsað sjer, að rjett væri að fylgja atkvæði N-d. 1883 í þessu máli. Nú er það tillaga mín, að breytingartill. h. nefndar sje felld, en stjórnarfrv. samþykkt að því er þessa gjaldgrein snertir. Þessi 600 kr. styrkurinn er mjög lítill, þá litið er til þess, að Gröndal hefir að eins 800 kr. í eptirlaun til að lifa á. Þessi 600 kr. styrkur er og næsta lítill í samanburði við þann styrk, sem ætlaður er Páli Melsteð og Þorvaldi Thoroddsen. Jeg tek þetta fram, ekki í þeirri veru, að mjer þyki Páll Melsteð fá of mikið. Nei; hann verðskuldar það sannarlega. Þessi 600 kr. styrkur er og lítill, er litið er til þess, að Gröndal er hinn fjölfróðasti vísindamaður sem vjer eigum. Hann er málfræðingur, fornfræðingur og skáld; hann hefir auk þess ritað bæði frumlegar og meira í náttúrufræði en Thoroddsen, sem hefir í rauninni einungis safnað saman í eitt, því er áður hefir ritað verið. Hann hefir t. a. m. ritað um eldfjöll, en sú ritgerð er mestmegnis, ef eigi alveg, samsafn úr eldri ritgerðum, svo sem eptir Svein Pálsson, Jónas Hallgrímsson og fleiri. Enginn skilji mig svo, að jeg vilji með þessu leggja rýrð á Þorv. Thoroddsen. Nei, þvert á móti; ritgerðir hans tel jeg mjög góðar. Enn fremur er Gröndal listamaður, hinn bezti teiknari, sem vjer höfum; og hið eina safn af dýramyndum og af dýrum, sem vjer eigum til, er eptir hann. Það yrði of langt, að minnast á listaverk hans, svo ritlist hans sem dráttlist. Þess eins skal jeg því geta, að þótt landvættamyndirnar hjer á þinghúsinu sjeu ekki sjálfar eptir Gröndal, þá eru þó formyndir þeirra eptir hann, með því að þær standa á uppdrættinum í minningu 1000 ára byggingar

Íslands. Þetta listaverk ætti oss þingmönnum að vera minnisstætt. Jeg vona því, að h. deild greiði atkvæði með 600 kr. styrk til Gröndals.

Nú sem jeg lít á hina töluliðina í 16. gr., skal jeg lýsa því yfir þegar, að jeg get ekki skoðað flesta þeirra á annan veg en sem fjárveitingar, faldar nafngreindum mönnum á hendur, til almennings gagns. Þannig er um fjárveitinguna til fiskifræðings og laxaklaksmanns, svo og til Sigfúsar Eymundssonar, Schierbecks, Jónassens og til útgáfu lagasafnsins. Allir geta sjeð, að styrkurinn fiskfræðingsins og til laxaklaksmannsins er ekki til að auðga hann sjálfann, heldur til að efla með því almennings gagn. Svo er og um styrkinn til rannsókna á bráðapestinni; til þess þarf að útvega verkfæri til að rannsaka, hvort eigi muni vera smádýr samfara sjúkdómnum, og hver þessi smádýr sje, og gæti sú uppgötvun haft hina mestu þýðing, og orðið til ómetanlegs gagns fyrir sauðfjárrækt landsins, ef menn kynnu að geta komizt hjá þessum óheillasjúkdómi. Sama má segja um styrkinn til Jónassens. Hann miðar ekki til að auðga hann, heldur verður árangurinn af för hans, ef hún tekst vel, fyrst og fremst til hagsmuna fyrir þá er ganga á skólann, og síðan einkum sá, að gera sullaveikina auðlæknaðri; í fám orðum sagt: árangurinn verður og er sá, að yfirstíga og sigra þenna almenna og skaðlega sjúkdóm hjer á landi.

Jeg hef alltjend gefið atkv. mitt með kennslu í sönglist, því að hún er fögur list og andleg unun og nautn. Oss veitir ekki af hjer á landi, að eitthvað sje gert til þess að útbreiða þessa list, því að eigi höfum vjer of miklar skemmtanir samt.

Þá kem jeg til 10. tölul. í 16. gr., um að veita 800 kr. til alþýðlegs lagasafns. Það má segja hið sama um þennan lið sem um hina liðina, að styrkur þessi er ekki veittur í þeim tilgangi, að auðga hlutaðeigandi lögfræðinga, heldur til þess, að kaupendur safnsins fái það með því vægara verði. Vera kann, að safn þetta fljúgi út, eins og h. þm. S.-Þing.(J. S.) og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) voru að prjedika fyrir oss. En það er þó ljettara fyrir alþýðu að kaupa það, ef verðið er lægra. Þessa er því fremur þörf, sem jeg hef heyrt menn segja af eiginni reynslu, að jafnan sje hægra að koma bókunum út, en að heimta og fá andvirði þeirra. Því verður víst heldur ekki neitað, að það er nauðsynlegt, að fá þetta lagasafn, bæði fyrir þá, sem vilja afla sjer lögþekkingar, og eins fyrir þá, sem eiga í málum. Jeg trúi ekki öðru en að h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) kæmi vel að eiga þvílíkt safn, því að opt á hann í málaferlum, og þá eigi síður nú, síðan hann varð umboðsmaður. Til þess að gefa út þetta safn, þarf lögkæna menn, fyrir því að eingöngu skal taka í safnið gildandi lög og lagagreinir, hvort er þær standa í lagasafninu eða eigi. Jeg skal nú taka til dæmis kgsbr. 2. maí 1732, sem lögleiðir hjer á landi meðferð allra einkamála eptir norsku lögum. Nú væri ónýtt að þýða þetta kgsbr. 2. maí 1732 í lagasafninu, ef ekki væri að minnsta kosti vitnað til þeirra lagagreina norsku laga, er nú gilda hjer um þetta efni. Sama er og að segja um tilsk. 24. jan. 1838, sem lögleiðir meðferð sakamála eptir dönsku lögum, að við þetta lagaboð þarf að vísa til eða nafngreina, hverjar lagagreinir sje lögleiddar og gildi hjer nú um sakafar úr dönsku lögbókinni.

H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kvaðst vera að gefa út lagasafn og hafa marga áskrifendur. Þetta lagasafn, sem hjer ræðir um, kemur alls ekki, að minni hyggju, í bága við lagasafn hans. Hann getur þó selt sitt safn sínum áskrifendum, sem eptir sögn hans eru svo margir, að það getur orðið gróðavegur fyrir hann. Mjer finnst ljóst, að því fremur þurfi að veita styrk til þessa safns, sem safn h. 2. þm S.-Múl. (J. Ó.) er komið svo langt á undan, en mun þó svo lagað, að það bæti eigi allra þarfir.

Því næst skal jeg minnast lítið eitt á styrkinn til að gera við Rifsós. H. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, ef mig minnir rjett, að 1500 kr. mundu nægja til þessa fyrirtækis. Eptir því er breyingartill. (nr. 277)

ekki alls kostar heppileg; og vil jeg því leyfa mjer að biðja forseta, að kljúfa þessa breytingartill. í tvennt, samkvæmt 27. gr. þingskapanna, á þá leið, að fyrst sje borið undir atkv., hvort veita skuli 1000 kr., og síðan, hvort það skuli vera bundið því skilyrði, að sýslan leggi til 1000 kr. *(Forseti:* Það skal verða gert). Vildi jeg, að svo væri gert, af því, að jeg ætla mjer að greiða atkvæði móti þessu skilyrði.

Hræddur er jeg um, að 1000 kr. verði of lítið til þessara sóttvarnarhúsa, og halla jeg mjer því að breytingartill. h. hæstv. landsh., því að eptir lögum 17. des. 1875 er ætlazt til, að útvegað — ekki reist — verði hús og áhöld til þessa augnamiðs. Þótt 1000 kr. nægi til húsaleigu, þá þarf nokkurt fje til að útvega áhöld, t. d. rúmföt og annan umbúnað í húsunum. Það er of seint, að byrgja brunninn þá barnið er dottið ofan í, eða með öðrum orðum: það er of seint að fara að útvega þessi hús og áhöld, þegar fyrsta tilfellið er komið fyrir af einhverjum sóttnæmum sjúkdómi, hvort sem sjúkdómurinn svo er kólera, bóla, mislingar eða annað. Það er því nauðsynlegt, að hafa allt til taks, sem með þarf í þessu efni, áður en sýkin er komin. En þessi fjárveiting er ekki á rjettum stað í fjárlagafrv. Hún ætti að vera í 11. gr., undir útgjöldunum við læknaskipunina. Það má við 3. umr. færa þessa fjárveiting þangað.

14. tölul. 16. gr. má að minni ætlun ekki minni vera en 6000 kr.; er jeg því á móti breytingartill., þeim er færa 14. tölul. niður. Það er *ókurteisi gagnvart* landsstjórninni, að trúa henni ekki fyrir að veita úrlausn einhverjum þeim hinum mörgu, sem leita kunna til hennar þessi tvö ár milli þinga. Má geta nærri, hve mikill grúi umsækjenda leita muni til landsstjórnarinnar um tveggja ára tíma, þegar til þingsins kemur slíkur grúi af bænarskrám á nokkrum vikum. Og úr því þingið á svo stuttum tíma veitir í sama tilgangi 17,600 kr., eða — ef 1000 til sóttvarnarhúsanna eru ekki taldar, — 16,600 kr., þá sýnist ekki ósanngjarnt, að stjórnin hafi 6000 að grípa til, til slíkra fjárveitinga í tvö ár.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefir ýtarlega verið rætt með og mót flestum liðum í 16. gr. og þar á meðal þeim lið, að fá hingað fiskifræðinginn A. Feddersen og sömuleiðis laxaklaksmanninn. Bæði hæstv. landsh. og h. framsögumaður (H. Kr. Fr.) hafa rækilega talað fyrir uppástungu nefndarinnar. En aptur á móti virtist svo, sem 1. þm. Skagf. (Fr. St.) væri á móti því fyrirtæki. Jeg held þó, að engum geti blandazt hugur um það, að ef sú byrjun, sem hjer var gerð árið 1884, á ekki með öllu að eyðileggjast, þá er það öldungis sjálfsagt, að halda þessu þarflega fyrirtæki áfram. Það er án efa líka ráðlegra, að fá þann sama mann, sem hjer hefir áður verið og dálítið er orðinn kunnugur hjer á landi, og sem líka er að góðu kunnur hjer og víðar, og menn geta treyst, að þeir hafi full not af, að því leyti hugsazt getur — heldur en að fá þann mann, sem öldungis er ókunnugur, og að það er tilvinnandi jafnvel, að kaupa þann mann dálítið dýrara, sem er orðinn kunnugur landi og lýð, þekktur og viðurkenndur, heldur en að fá alveg ókunnugan mann, sem vegna þess ekki er hægt að bera fullt traust til.

Jeg vil líka minnast á ein 2 eða 3 atriði í þessari 16. gr.

H. þm. S.-Þing. (J. S.) gat ekki aðhyllzt 9. tölul., þennan styrk til Dr. Jónassens, til þess að fara til Englands. Jeg held þó, að enginn geti annað álitið, en því fje sje vel varið. Það eru *engin* heiðurslaun eða styrkur til fátæks manns, heldur til þess, að hann geti kynnt sjer og leitað sjer meiri upplýsingar um sullaveikina, ef einhver í Englandi skyldi hafa fengið meiri reynslu, meiri þekkingu eða fundið einhverja nýja aðferð við þann sjúkdóm. Enginn hjer á landi hefir gert eins mikið við víkjandi sullaveikinni sem hann, og hann hefir manna mest útbreitt þekkingu landsmanna á þeirri hryllilegu veiki. Og geti hann fengið einhverjar nýjar upplýsingar um sjúkdóminn, þá er sannarlega þeim peningum vel varið. Þetta er heldur ekki svo mikið fje; það er ekki meira en það sem því svarar, sem 3 sjúklingar þurfa að

kosta sig á hospítali hjer um skamman tíma.

Eins er með þennan styrk til landlæknis Schierbecks. Jeg held þeim styrk sje ekki óhyggilega varið, og enda þótt engin not yrði að því, þá er það ekkert óvanalegt, að menn verji dálitlu fje til vísindalegra rannsókna, og þegar, eins og hjer á stendur, er um aðalbústofn landsmanna að ræða. Það er máske margur við Mývatn norður þar, sem getur læknað þessa bráðapest, og varizt henni; en fár held jeg það sje í Fiskilækjarkverfi suður hjer, fáir hjer á Suðurlandi, sem kunna að bæta úr því böli, þegar það á annað borð er komið í skepnurnar, og það eru hjer á suðurlandi víða ekki einu sinni til þau skilyrði, sem helzt eru viðurkennd sem varnarmeðul, og það er að taka fjeð snemma á gjöf. Jeg held enginn hafi verið betur að sjer í þeirri grein hjer á landi, eða lengra farið eða komizt í því að rannsaka fjárpestina og gera rannsóknir almenningi kunnar, en síra Guðmundur sál. á Breiðabólstað, og játaði hann þó, að það væri ekki hægt að lækna þá pest, þegar hún væri komin í skepnuna. Jeg veit það, að hið eina ráðið er að taka fjeð snemma inn og gefa því gott fóður; en þess konar kringumstæður eru ekki nema hjá einstöku mönnum, að þeir hafi föng á því, og margur mundi gefa mikið fyrir og vera mjög þakklátur, ef eitthvert meðal fyndist við fjárpestinni, sem framkvæmanlegt væri fyrir almenning og ekki mjög dýrt. 400 kr. er heldur engin stór upphæð, og ekki meira en margur bóndi hefir misst fje fyrir á einum vetri úr pestinni. Fjárræktin er annar aðalbjargræðisstofn landsmanna, svo það er vel til vinnandi, að reyna að gera eitthvað til að stemma stigu fyrir þessari eyðileggingu, sem pestin veldur ár frá ári. Þess eru líka dæmin í öllum löndum, að menn leggja fje til vísindalegra rannsókna; og þótt mönnum ekki heppnist við fyrstu tilraun, að komast að vissri niðurstöðu, þá hefir þó tilgangurinn náðzt á endanum. Vísindin komast líka lengra ár frá ári, og geta tekið framförum, jafnvel í það óendanlega.

Jeg hugði sízt, að h. þm. S.-Þing. (J. S.) mundi vera svo mjótt á milli augnanna, eins og hann sagði um nefndina, þegar hann fór að tala um sóttvarnarhúsin. Síðan lögin komu 17. des. 1875, eða í 10 ár, hefir ekkert verið enn þá gert í þessa átt, og þó það hafi skammlítið heppnazt hingað til, þá er mikill voði og hið mesta glæfraráð, að láta það lengur dragast, því það getur orðið seint að senda til landsh. til að biðja um fje og byggja hús, þegar einhver sjúkdómur er kominn inn í landið, t. d. á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum. Þingið getur heldur ekki neitað því, að þetta er lögákveðið, að gera eitthvað í þessu tilliti, þó menn ætíð geti greint á um það, hvernig og hvað helzt skuli gera; og það er einmitt gott, að menn láti sínar skoðanir í ljósi og gefi bendingar í þessu máli, á hvern hátt þetta verður gert fulltryggilegt, en þó þolanlega kostbært.

Jeg hef fengið upplýsingar nýjar hjá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) viðvíkjandi þessu lagasafni. En þær hafa komið nokkuð seint fyrir nefndina; ef þessi upplýsing hefði komið snemma á þinginu, og h. þm. hefði lagt fram sín boðsbrjef með öllum þessum undirskriptum, og sýnt, hve miklu hann væri búinn að safna í þessa átt, þá getur verið að nefndin hefði sleppt þessum tölulið um styrk til að gefa út lagasafn handa alþýðu; en meðan nefndin hafði ekki fengið neinar upplýsingar þessu viðvíkjandi, þá er henni vorkunn, þó hún hefði þennan tölulið. Þjóð vor er að mörgu fátæk og líka að lagaþekkingu; en skilyrðið fyrir, að þetta safn geti orðið að gagni, er það, að lagafróðir menn starfi að því, sem treysta má að geri það svo úr garði, að það ekki leiði menn í villu, og þess vegna þurfa menn að vera vandlátir að mönnum til þessa starfa. Það er mikið undir því komið, hvort h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir þann mann með sjer, sem kann vel lög og treysta má. En þessir tveir, sem hjer er um að velja, eru þekktir, að minnsta kosti Magnús Stephensen, og geta menn borið fullt traust til hans í þessu efni. En auðvitað er, að það er betra sem betra er, að

þurfa ekki að styrkja þetta fyrirtæki af landssjóði, ef það gæti gert sama gagn og það safn, sem h. 2. þm. S.-Múl. er að gefa út eða safna til.

Jón Jónsson: Það eru að eins fáein atriði, sem jeg vildi minnast á, því að aðrir h. þm. hafa margt talað viðvíkjandi flestu, bæði með og mót.

H. varaforseti (Tr. G.) gat þess, að ónákvæmni hefði komizt inn í nefndarálitið viðvíkjandi styrknum til Þorvaldar Thoroddsen, því þingið hefði enga bænarskrá fengið frá honum; mjer er þetta líka kunnugt, því hann hefir sagt mjer það sjálfur. Það er líka ónákvæmni í frv. stjórnarinnar, þar sem þetta er kallaður styrkur til jarðfræðis-náms. Hann ætlar sjer ekki að nema jarðfræði fyrir þetta fje, og heldur ekki að taka próf fyrir það, eins og h. 1. þm. Skagf. (Fr. St.) hefir sett í sína breytingartill. En viðvíkjandi þessum styrk, þá álít jeg þennan mann góðs maklegan af þinginu, og mun jeg greiða atkvæði mitt með h. nefnd í því tilliti.

Jeg vil líka leyfa mjer að fara fáeinum orðum um 2. tölul. 16. gr., viðvíkjandi styrknum til gufubátsins á Ísafjarðardjúpi. Það hefir verið tekið fram, að verið gæti, að hann yrði ekki notaður á næsta fjárhagstímabili. Jeg get reyndar ekki sjeð, að það mæli neitt á móti styrknum. Þetta fyrirtæki er í sjálfu sjer gott; en betra væri þó, ef landið reyndi til að geta eignast dálítið gufuskip, sem tæki hjer um bil 100 smálestir, er gengi í kring um landið, og gæti komið í staðinn fyrir gufuskip þau, sem nú eru, svo að vjer þyrftum ekki að gefa út árlega 18,000 kr. til útlends gróðafjelags, sem lítilsvirðir óskir almennings og tillögur þingsins, og leysir sannarlega ekki vel af hendi ferðir þessar, þó sleppt sje að tala um, hvernig formenn þeirra skipa koma fram gagnvart íslenzkum bændum, og yfir höfuð að tala þeim, sem þeim þykja ekki vera nógu vel búnir. Þar sem hæstv. ldsh. sagði um daginn, að jeg hefði lítið erindi haft á þing, ef gufuskipafjelagið hætti viðskiptum við landið af mínum völdum, þá þættist jeg þó hafa til góðs komið, ef jeg gæti stutt að því, að landsmenn eignuðust sjálfir skip, sem gengi í kring um landið og kæmi líka á þær hafnir, sem hingað til hafa farið á mis við gufuskipaferðir, hafnirnar í þeim hluta landsins, sem mest hefir orðið útundan umönnun landsstjórnarinnar að því er snertir samgöngur og vegabætur.

Jeg greiði líka atkv. með h. nefnd viðvíkjandi 14. tölul. 16. gr., styrknum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, því jeg treysti landstjórninni til að nota hann vel og rjettilega, og vil jeg benda á, hvort ekki væri á þeim lið hægt að taka til greina ummæli h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) um daginn, að greiða fyrir vöruflutningum til Dyrhólaeyjar.

Jón Ólafsson: Mig furðaði á þeim kafla í ræðu h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), sem miðaði að því, að styðja útgáfu lagasafns. Mig minnir, að hann berðist 1881 á móti slíkum styrk, og reri að því öllum árum, að hann yrði ekki veittur. *(A. Ó.:* Nei!). Honum hefir mikillega snúizt hugur síðan. *(A. Ó.:* Dæmi! Þetta er ekki satt). Jeg vona menn muni ræðuna þingm. áðan. *(A. Ó.:* Jeg talaði ekki á móti á síðasta þingi). Þingmaðurinn barðist, ef mig misminnir ekki allt of mjög, eins og hann gat. Það var undarlegur skilningur, sem kom fram hjá h. þingm., að ef tilskipun leiddi í lög einhvern kafla úr norsku eða dönsku lögum, þá væri nóg, að vitna til þeirra kafla neðanmáls í lagasafninu, án þess að prenta þá upp. Jeg skil ekki, að það sje nóg fyrir almenning, að lesa tölurnar á einhverjum lagagreinum, sem innleiddar hafi verið, en vita ekkert, hvað í þeim greinum er. *(A. Ó.:* Norsku lög eru til á íslenzku, útgefin í Hrappsey). Sú útgáfa er mjög vond, málið fádæma illt, víða rangþýtt og bókin orðin fyrir löngu alveg ófáanleg. Jeg held einmitt, að rjett sje, að þýða allt úr Norskulögum, sem lögleitt er, og taka upp í safnið; annars getur alþýða ekki haft gagn af því. Þingm. talaði enn fremur um, að þeir, sem eiga að fá þennan styrk, gætu sameinað sig við þá, sem þegar væru byrjaðir. En þeir menn, sem eru byrjaðir á safn-

inu, óska engrar hjálpar, og óska eigi að sameina sig við menn, sem á engu eru byrjaðir, og það eru engar líkur til, að hinir kæri sig heldur um, að sameinast þeim. Þeir hafa áður neitað samvinnu við mig, og hafa nú líklega byrjað eingöngu til að skaða fyrirtæki mitt. Þingm. sagði, að þeir, sem áskrifendalistana hefðu, væru vel tryggðir; það er jeg, sem þá hefi, en þeir eru nú orðnir 4 ára gamlir, og ekki bindandi lengur. Þeir hafa því enga þýðingu nú, aðra en þá, að sýna, að þörf er á, að eitt slíkt safn komi út. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) vil jeg benda á, að ef nefndinni hefir verið ókunnugt um, að safnið væri á ferðinni, þegar hún lagði til, að styrkurinn væri veittur, þá er þetta vottur þess, að þeir herrar lesa ekki blöð þau, sem þeir kaupa, því það hefir verið auglýst, að 1. heptið sje út komið. En hafi þeir ekki vitað þetta, þá ætti það nú að vera þeim ástæða til, að halda tillögunni ekki fastri, þegar þeir nú fá þessar nýju upplýsingar, þó að það hefði verið á rökum byggt, að veita styrkinn, áður en nefndin fjekk þær. Það er ekki að eins undarlegt, heldur og órjettlátt og næsta illkvitnislegt, ef þingið veitir þetta nú; þingið er vant að veita fje til að styðja fyrirtæki, en þetta væri til að drepa niður annað fyrirtæki, setja fje til höfuðs mönnum, til þess að þeir geti ekki hlotið ávöxt vinnu sinnar. Það, sem verð safnsins gæti lækkað við styrkinn, hækkar það aptur við, að tvö söfn koma á markaðinn. Það getur ekki verið önnur meining í því, að samþykkja styrkinn, eptir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, en sú, að einstakir þingmenn vilji leggja fje til höfuðs því verki, sem byrjað er á. Til þess safns hefir ekki verið beðið um einn eyri, og mun ekki verða. Hið eina, sem jeg bið um, er, að þingið sje ekki að setja verðlaun út til þess, að við, sem erum byrjaðir, fáum ekki að halda fram verki okkar óáreittir af landssjóðsviðkeppni.

Eiríkur Kúld: H. framsögum. (H. Kr. Fr.) hafði það móti styrk til hinna tveggja uppgjafapresta, að annar þeirra hefði einna hæst eptirlaun af öllum uppgjafaprestum; en hvað sem því líður, get jeg ekki skilið, hvernig hann framfærir lífið nokkurn veginn þolanlega með þeim. En h. framsögum. gat eigi um eptirlaun hins prestsins; en mjer er kunnugt um, að þau eru 290 kr., áreiðanlega ekki meira. Hann er maður heilsulaus, eins og hinn, bláfátækur og á enga styrktarmenn. Jeg held h. framsögumaður hafi gleymt þeim mikla mun, sem er á eptirlaunum andlegu stjettarinnar og veraldlegu stjettarinnar, og þar með hans sjálfs, ef til kemur.

Tillögu h. landsh. um sóttvarnarhús mun jeg gefa atkvæði mitt, eigi að eins af því, að heppilegt sje, að hafa hús til, ef skip koma með sjúkdóma, heldur væri ekkert til fyrirstöðu, að þessi hús væru notuð af læknum til að leggja sjúklinga inn í þar fyrir utan, og get jeg sagt h. framsögum. eitt dæmi þess, hve það er nauðsynlegt, að það kom sjúklingur útlendur til Stykkishólms eigi mjög langt síðan, sem hvergi var hægt að koma fyrir, þangað til honum loksins, af því að sjúkrahúsið, sem þar eptir lögunum átti að vera, var ekki til, var komið fyrir í prívathúsi, og það gengur ekki jafnan greitt.

Með tilliti til Rifsóss skal jeg taka það fram, að h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir misskilið mig, ef hann heldur jeg hafi sagt, að fjárveiting nefndarinnar væri of mikil; en jeg hef brjef frá Torfa búfræðingi í Ólafsdal, þar sem hann álítur, að fyrirtækið væri kleyft með 1500 kr. styrk úr landssjóð, en hann segir að ekki veiti af styrk frá sýslusjóðnum að auk. Jeg ætla að fylgja tillögum nefndarinnar, og vona, að sýslusjóðurinni láti ekki standa á sínu tillagi. Jeg vona, að landssjóðurinn fái fljótt tillag sitt aptur, því að hann hefir misst miklar tekjur við það, að veiðistöðin við Rifsós hefir eyðilagzt. Jeg veit ekki betur en að aðeins tveir bátar brytust þar fram í fyrra; áður var þar talsvert eptirgjald eptir þurrabúðir, jeg ætla ein vætt eptir hverja, og þeim mundi fljótt fjölga aptur, ef lendingin yrði aptur góð, í stað þess að meðan svona stendur, er líklegt þeim enn meira

fækki, og er það skaði fyrir landssjóðinn, sem á Ingjaldshól og Rifsós; en ef búðirnar fjölga aptur, má gjöra ráð fyrir þeim hag, að þó að 3000 kr. væri varið til þessa fyrirtækis, mundi það borgast með tímanum. Viðvíkjandi áætlun búfræðingsins skal jeg enn taka það fram, að þar sem hann nefnir 1500 kr., telur hann ótalin ýms áhöld, og þar á meðal 2 kerrur o. fl., sem þó verða að kosta eitthvað. Jeg skal ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, en jeg álít það mikilsvarðandi mál, eigi að eins fyrir Jöklara, heldur og yfir höfuð. Ef ósinn væri bættur, gæti hann orðið líflending þegar þar er ófært annarstaðar í veiðistöðunum, og gæti þannig riðið á lífi margra, að uppást. kæmist fram.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að fá að gera stutta athugasemd. H. 2. þm. S. Múl. (J. Ól.) neyðir mig til þess. Hann bar mjer á brýn, að jeg hefði 1881 barizt á móti lagasafni með hnúum og hnefum, en nú sje jeg með því. Jeg neitaði honum í ræðu hans, og nú verð jeg að biðja þm. að gæta í skjalapart Alþingistíð. 1881 bls. 142. Þar getur hann sjeð tillögu til þingsályktunar um safn af gildandi lögum hjer á landi frá 1. þm. Eyf. (A. Ó.), 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), 1. þm. Skagf. (Fr. St.) og 1. þm. N.-Múl. (Þorv. Kj.). Og líti maður í umræðupart Alþ.tíð. 1881 bls. 1175, þá sjer maður, að þar er flutningsmaður að þessari tillögu Arnljótur Ólafsson; hann heldur dálítinn kapítula til meðmælingar tillögunni. Jón sál. ritari á þar einnig 5 línur, þessu til meðmælingar, og svo er tillagan samþ. í einu hljóði. (*Jón Ólafsson.* Allt annað mál).

Jón Ólafsson: Má jeg fá að gera stutta athugasemd? Jeg skal geta þess, að á fjárlögunum 1881 kom fram tillaga frá mjer og Jóni heitnum Jónssyni ritara um styrk til lagasafns. Þessari tillögu minnir mig þm. (A. Ó.) berðist á móti, og vildi ekkert styrkja; skjátli mjer í því, bið jeg h. þm. forláta, ef jeg gjöri honum rangt með misminni mínu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg bið þingmenn taka þessi orð þingmannsins eigi trúanleg, nema þm. sanni þau með einhverju öðru.

Holger Clausen: Það er með Rifsós við 16. gr. 11. tl. Jeg skil ekki, hvað á að gera við Rifsós. Það er ómögulegt með svo fáum peningum. Þar rennur á, sem ber svo mikla möl, að allt fyllist, og það kostar meira en 1500 kr. að varna því, svo að það verði ekki eins aptur eptir 1 eða 2 ár. Í fyrra tók bóndi það að sjer og fjekk til þess 600 kr. hjá sýslunefndinni; hann þóttist vera »ingenieur«, eins og margir bændur þykjast vera, hvað þeir ekki eru. Þeir sögðu þá, að með því fengjust peningar inn í sveitina, og það hugsa jeg, að menn hugsi um. En þessum peningum álít jeg fleygt í sjóinn. Jeg er sá eini hjer á þingi, sem persónulega er »interesseraður« í þessu, þar sem jeg höndla þar rjett hjá. Jeg gef samt ekki mitt atkvæði fyrir þessu, og vil benda þinginu á, að þetta er út í bláinn, nema »ingenieur« fengist til að rannsaka þetta. Þó að búfræðingurinn í Ólafsdal sje duglegur, þá held jeg samt, að hann hafi ekki vit á þessu, og ekki sýslumaðurinn heldur, sem ekki er von á. Ef maður yrði kostaður, sem hefði vit á, þá væri jeg með.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg hefi nú hlustað á umræður manna um þetta mál, og verður sannarlega sagt, að töluvert hafi verið um það talað, og misjafnir dómar lagðir á aðgjörðir nefndarinnar.

Jeg vil nú byrja á breyt.till. við 15. gr. um eptirlaun þessara tveggja presta. Jeg sagði áður, að það þyrfti sjerstaka ástæðu til þess, að veita þeim sjerstakleg eptirlaun; það er ekki nóg, að þeir sjeu þurfandi; það eru margir fleiri. En er h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böð.) sagði, að ekki væri til neins að vísa til 13. gr. A. 6. tölul., af því ráðgjafinn tæki það ekki til greina, þá verð jeg að svara honum því, að sú viðbót, sem þar er veitt, er beinlínis ætluð þurfandi prestum, og það einmitt þeim sjerstaklega, sem hafa eptirlaun; og þótt ráðgjafinn hafi áður neitað að veita þeim styrk af því fje,

sem þar er tilgreint, þá mun hann ekki gera það nú; því að þar stendur með berum orðum: prestum, sem hafa eptirlaun samkvæmt lögum. Enginn mun efast um, að þessir prestar þurfi styrksins við. En jeg kann ekki við, að einmitt sá prestur, sem hæst eptirlaun hefir, skuli sjerstaklega vera tekinn fram í 15. gr.

Jeg efast ekki um, að þeir muni geta komið til greina við úthlutun á viðbót þeirri á eptirlaunum, sem um er talað í 13. gr. A. 6. Er ekki þm. ánægður með þetta?

Það er einkum h. þm. S.-Þing. (J. S.), sem var ánægður með aðgjörðir nefndarinnar; hann sagði, að hann sæi eigi, að nefndin hefði haft nokkra fasta meginreglu eða princip, nema ef það hefði verið smásálar-princip. En jeg get sannarlega ekki kannazt við, að nefndin hafi verið svo smásálarleg, heldur að hún hafi tekið til greina þær bænir, sem hægt var að taka til greina, og það í fullum mæli. Það getur vel verið, að ástæða hefði verið til að taka fleiri bænir til greina, og skammta í stærri skömmtum, ef fje hefði verið til þess; en nefndin varð að laga sig eptir fjárhag landsins. Þingmanninum þótti nefndin ekki hafa verið rífleg, að styðja atvinnuvegina; en jeg get ekki viðurkennt það.

Þegar litið er á 16. gr. 4. tölul., þá stendur þar styrkur til eflingar laxveiði og laxræktar 4,700 kr. Það er meiri upphæð en í stjórnarfrv., og munu þm. vera oss samdóma bæði um, að þetta sje sje styrkur til að efla atvinnuvegi landsins, og líka, að vert sje að veita hann,og fleiri veitingar lúta einmitt að atvinnuvegunum.

H. þm. Eyf. (A. Ó.) tók það fram, að margar af fjárveitingum nefndarinnar væru handa öllu landinu, en ekki handa einstökum mönnum.

4., 11. og 12. tölul. eru sannarlega beinar tillögur til að efla atvinnuvegi landsins, og þar held jeg, að h. þm. hafi ekki ástæðu til að tala um smásálarskap. Nefndinni þótti ekki ástæða til að veita meira fje en um var beðið, þótt hún yrði að kannast við, að það mundi ekki alstaðar verða fullnægjandi. Sumstaðar hefir hún hlotið að hafa fjárveitinguna minni en um var beðið, en vonar þó, að veitingin sje góður styrkur. Yfir höfuð finnst mjer h. þm. hafa farið nógu hörðum orðum um aðgjörðir nefndarinnar.

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um tillögur nefndarinnar; en þar sem h. þm. sagði um 5. tölul. í 16. gr., að sú fjárveiting væri óheppileg, því að landið liti ekki svo vel út nú, þá vil jeg segja, að landið líti eins út, þótt hart sje í ári. Hjer er að ræða um myndir af ýmsum stöðum, og jeg ætla, að t. d. Þingvöllur, Almannagjá, Strokkur og Geysir taki ekki miklum stakkaskiptum, þótt hart sje í ári; hann sagði líka, að þessi styrkur væri svo lítill, að hann gæti ekki haft neina verulega þýðing; en hann verður að gæta þess, að nefndin hefir veitt einmitt það, sem um var beðið; hún hefir að eins hagað veitingunni dálítið öðruvísi, og ekki veitt að þessu sinni styrkinn, nema til þess hluta myndasafnsins, sem út mundi koma á næsta fjárhagstímabili. Þá held jeg, að þm. verði að játa, að styrkurinn til landlæknis Schierbecks sje veittur til þess að efla atvinnuvegi landsins. H. þm. sagði að vísu, að bændur í Þingeyjarsýslu gætu kennt, hvernig komast mætti hjá bráðapestinni. En jeg þekki ekki það rit þeirra, sem það kenni; getur verið, að þeir hafi fundið ráð til að fyrirbyggja hana; en hitt er víst, að þeir geta ekki sagt, hver sje undirrót bráðapestarinnar. En hjer er einmitt beðið um styrk til verkfærakaupa til þessarar rannsóknar. Og ef það tekst, að finna undirrót sýkinnar, þá er þó vonandi, að fremur muni finnast ráð gegn henni. Það er kunnugt, að vísindamenn eru nú að komast á töluvert aðra skoðun en áður, um undirrót ýmissa sjúkdóma; en til rannsókna sinna þurfa þeir að halda á dýrum verkfærum.

Að því er snertir dr. Jónassen, þá verð jeg að ætla, að ef hann hefir gagn af Englandsför sinni, þá sje styrk þeim, sem honum er veittur, varið til almenningsheilla. Í Englandi er maður, sem hefir fundið nýja aðferð við sullaveikislækningar. Dr. Jónas-

sen vill kynna sjer aðferð þessa manns og handtök, og sjá verkfæri hans.

H. þm. þótti styrkurinn til Guðrúnar Waage lítill. Það getur vel verið, að svo sje. En ef hann og h. þingd. vill veita meira, t. d. 600 kr., eins og stungið hefir verið upp á, þá er það á valdi hans og hennar. Styrkur sá, sem nefndin hefir lagt til, að veittur væri, er þó betri en ekki. Um þessa fjárveiting mætti að sönnu segja, að hún sje fremur til einstaks manns. En jeg er henni meðmæltur af því, að mjer þykir vert, að styrkja framúrskarandi hæfilegleika, jafnvel þótt þeir verði Íslandi ekki beinlínis að gagni, ef jeg get búizt við, að þeir verði því til sóma.

Að því er snertir 10. tölul., sagði h. þm. (J. S.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að ekki mundi þurfa að veita styrk til að gefa út alþýðlegt lagasafn, því að það mundi fljúga út. Um það skal jeg ekkert segja; en jeg vona, að hann sje mjer samdóma um, að slíkt lagasafn er mjög gagnlegt fyrir almenning, og það á að geta fyrirbyggt óþörf og óskynsamleg málaferli; og hafi verið ástæða 1881 til að veita styrk til útgáfu lagasafns, þá er líka ástæða til þess nú. *(J. Ól.:* Nei). Þótt styrkur þessi væri veittur með því skilyrði, að stjórnin sæi um, að slíkt lagasafn kæmi út, þá hygg jeg, að ekki mundi völ á öðrum hæfari til þess starfa, en herra yfirdómara Magnúsi Stephensen.

Þingmaðurinn sagði, að það væri leiðinlegt, að menn væru að sækja um styrk til allra hluta í landssjóð, og einkum embættismenn og vísindamenn. En eru bændurnir alveg lausir við það? *(J. S.:* Þeir koma á eptir). Og ef óskandi er, að þessi stefna breyttist hjá vísindamönnunum, þá er hins sama óskandi hjá bændunum. H. þm. óskaði, að þessi stefna mætti hverfa; en þegar kemur til ullarvinnuvjelanna, þá er þó einhver snefill eptir hjá honum af þessum bænaranda.

Þá nefndi hann og Rifsós, og vildi, að sýslan legði þar til jafnmikið fje og landssjóður. En hafi sýsluskólarnir látið sjer nægja með þá kosti.... *(J. S.:* Það er annað mál). Hjer er að ræða um þjóðeignir, og landseta á þjóðjörðum, sem hlut eiga að máli; og ef það er satt, að lendingin í Rifsós sje nærri eyðilögð, þá sýnist mjer það vert, að styrkja til þess, að við hana sje gjört.

Jeg efast ekki um, að bæði landshöfðingi, amtmaður og sýslunefnd muni sjá til þess, að sá maður verði fenginn til að standa fyrir verkinu, sem fyrir því sje trúandi, svo að fje þessu verði hvorki varið til ónýtis nje meiru eytt en þörf er á.

Honum þótti óþarfi að veita fje til sóttvarnarhúsa, því að stjórnin hafi lausar hendur í því efni, og nóg fje að grípa til, ef á liggur. Það getur vel verið, að þessar 1000 kr. nefndarinnar og 2000 kr. hjá landshöfðingja reynist ónógar. En þessi upphæð er veitt til þess, eigi til útgjaldanna, þegar sýkin kemur, heldur til þess, að geta verið viðbúnir, að taka sjúkdómnum, ef hann kemur. Mundi ekki þm. geta dottið í hug, að spyrja landshöfðingja, ef hann verði 2000 kr. til sóttvarnar á næsta fjárhagstímabili, án allrar heimildar frá þingsins hálfu, en engin pestnæm sýki kemur, hvert leyfi hann hefði haft til þess? Það er of seint, að veita fjeð, þegar sóttin er komin inn í landið; það getur orðið til þess, að t. d. bóla eða kólera breiðist út um allt land. Þessi fjárveiting fyrirbyggir, að stjórnin og landshöfðingi geti afsakað sig með því, ef sótt breiðist út um landið, að ekki hafi verið neitt fje til sóttvarnar. Það var aptur misskilningur hjá þm. Barðstr. (E. K.), að fyrir þetta fje ætti að leigja hús, sem læknar hefðu aðgang að handa sjúklingum almennt.

1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) talaði um Njarðvíkurkirkju, og að ástæða væri til að styrkja til smíða hennar, bæði vegna fátæktar kirkjunnar, og af því, að þar stæði svo sjerstaklega á, að þar væri geymt bókasafn og handritasafn Jóns sál. rektors Þorkelssonar; en bætti því jafnframt við, að lítið væri orðið eptir af safni þessu. Ef hægt væri nú að leita álita Jóns sál. Þorkelsson-

ar, þá er jeg sannfærður um, að hann mundi leggja til, að safnið yrði flutt til Reykjavíkur, og því komið á landsbókasafnið, en eigi látið drafna niður í Njarðvíkurkirkju, og að því held jeg að bezt sje að styðja.

Þá kemur ferðastyrkurinn til þeirra Jóns Breiðfjörðs og Ásbjarnar Ólafssonar. Þm. sagði, að Jón sál. ritari hefði fengið meira fje fyrir framkvæmdir sínar í fjárkláðamálinu, en numið hefði kostnaði hans. Sje svo, þá sýnist mjer, að þessir menn eigi aðganginn að dánarbúi ritarans. En eptir hvers skipun fóru þeir ferðir þær, sem hjer er um að ræða? Jeg hefi sjeð brjef frá Jóni sál. ritara til þeirra, og þar sá jeg ekki, að um nokkra skipun væri að ræða. Og svo mikið er víst, að þeir gerðu það ekki eptir skipun amtmanns, heldur þvert ofan í bann hans.

Þegar 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) var að tala um skipakvína í Hvaleyrartjörn, þá færði hann það til, að póstskipið hefði áður legið þar; en ef svo hefir verið, þá er ólíklegt, að hún hafi skemmzt svo nú í seinni tíð, að smáskútur geti ekki legið þar enn. *(Þ. Böðv.:* Jú). Og að því er kostnaðinn snertir, get jeg ekki treyst þingm. til að gera áætlun um hann. Ef þingd. veitir þetta fje, þá munu margir koma á eptir með líkar bænir. Jeg get vel gert ráð fyrir, að t. d. bóndinn á Bessastöðum komi og biðji um fjárstyrk til að grafa upp Seiluna, því að þar var og áður skipalega.

Þm. S.-Þing. (J. S.) kvað Magnús Þórarinsson styrks verðan. Jeg ber alls ekki á móti því; en ef sýslan hefir styrkt hann áður, hví gerir hún það þá ekki eins nú? Þingm. hefir verið að tala um hreppapólitík; en jeg bið hann að gæta þess, að hann setji ekki Þingeyjarsýslu á betlibekkinn, sem hann var sjálfur að tala um. Ef hjer er um gott og arðsamt fyrirtæki að ræða, þá mun það borga sig, og Magnús þarf þá ekki styrks við; en ef það borgar sig ekki, þá getur mjer ekki fundizt ástæða til að styrkja það úr landssjóði. Þetta fyrirtæki er eins og hvert annað gróðafyrirtæki, er menn kosta sjálfir, en landssjóður ekki.

Að því er snertir 14. tölul., sje jeg ekki annað en að nefndin hafi farið í rjetta stefnu; því að af nema allan þennan styrk, er bæði ófrjálslegt, og lýsir þeirri tortryggni gegn landshöfðingjanum og ráðgjafanum, sem þinginu er ekki sæmandi. Vjer höfum sjálfir veitt margan styrk hjer á þingi, og má víst segja um suman þann styrk, ekki síður en styrk þann, sem landshöfðingi og ráðgjafi hefir veitt stundum, að óvíst sje, að hverju gagni hann komi, og vjer fulltreystum því, að þessi styrkur, sem ætlaður er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, verði að eins veittur þannig, að gildar og góðar ástæður sjeu fyrir veitingunni. Að af nema styrk þennan, væri hið sama sem að útiloka alla þá menn frá honum þangað til 1887, sem ekki koma með bænir nú til þingsins 1885. En svo getur staðið á fyrir mörgum, að þeir þurfi styrksins með milli þinga; þeir þurfa hann, ef til vill til þess, að framkvæma þau verk, sem hlýtur að farast fyrir, ef bíða þyrfti eptir styrknum, þangað til þing kæmi saman, og þótt þingið tæki þessar 6000 kr., og skipti þeim milli þeirra, sem nefndin hefir synjað um styrk, þá mundu eigi að síður margir koma með fjárbænir, og það sjálfsagt sumir með þarfar bænir, milli þinga. Það er því eptir mínum skilningi fráleitt, að af nema styrk þennan, og þá má hann ekki minni vera, en að landshöfðingi hafi 1,500 kr. til umráða, og ráðgjafinn aðrar 1,500 kr. bæði árin. Jeg skal taka til dæmis um það, að hentugt geti verið, að ráðgjafinn hafi nokkurt fje til umráða, að í vetur, er Þorvaldur Thoroddsen var erlendis, veitti ráðgjafinn honum styrk til að ferðast suður í Sviss, til að kynna sjer fjöllin þar. Jeg held, að það hefði verið lítill sparnaður fyrir landssjóð, að Þ. Th. hefði orðið fyrst að koma heim hingað til að sækja um styrkinn, því að ferðin mundi þó hafa kostað hann meira hjeðan frá Íslandi suður í Sviss, en frá Danmörku.

Landshöfðingi: Það er í mjög fáu, sem jeg ekki get verið samdóma h. framsögumanni. Þó er jeg ekki samdóma honum um breytingartill við 15. gr. um eptirlaun tveggja presta, að því leyti sem hann vísaði

til, að þessir prestar gætu fengið styrk eptir 13. gr. A. 6; en þessi töluliður er steyptur saman úr tveimur töluliðum í stjórnarfrv. (4. og 5.). Hinn fyrri þeirra, 4. tölul. í stjórnarfrv., upp á 1,500 kr., er upphæð sú, sem ákveðið er í 6. gr. laga 27. febr. 1880, þá með 2000 kr., að greiða skuli sem viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, þangað til önnur eptirlaunalög komist á, og átti að koma í stað árgjaldsins (kontribútíónarinnar) frá prestaköllunum. Eptir þessu geta þeir prestar engan styrk fengið af þessu fje, sem komnir eru undir síðustu eptirlaunalög. Þessu geta fjárlög ekki breytt. Hinn 5. tölul. í stjórnarfrv., 1,500 kr., er ætlaður til prestaekkna og barna þeirra, og sú upphæð þolir enga skerðingu til að veita uppgjafaprestum eptirlaun af honum.

Að því er snertir breytingartill. mína við 16. gr., um 1,200 kr. styrk til bókara við hinn fyrirhugaða landsbanka til að kynna sjer bankastörf í Danmörku, þá hefir ekki mikið verið talað um það. Þó hefir komið fram breytingartill. frá nefndinni, um að setja þessa upphæð niður í 1000 kr. Jeg held nú, að þegar ætlazt er til, að þessi maður ætti að dvelja í Kaupmannahöfn í 6 mánuði eða hálft ár, og þess er gætt, að ferð hans fram og aptur kostar ekki lítið, þá megi styrkurinn varla minni vera en 1,200 kr. Jeg held því, að ekki sje ráðlegt, að fara hjer eptir breytingartill. nefndarinnar, og færa þennan styrk niður um 200 kr.

Aptur hefir margt og mikið verið rætt um breytingartill. mína í sambandi við 16. gr. 13. tölul., um fje til þess að geta átt aðgang að sóttvarnarhúsi. Það hefir verið tekið fram og færð rök fyrir því, hver nauðsyn er á þessari fjárveitingu, svo jeg vona, að öllum þm. sje nauðsyn þessi full-ljós. Það hefir einnig verið tekið fram, bæði af h. framsögum. (H. Kr. Fr.) og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), að ekki væri tiltækilegt, að geyma að veita þetta fje, af því að þess þyrfti ekki við nú sem stendur. Það hlýtur líka hver maður að sjá, að það er of seint, að fara að gera ráðstafanir í þessu efni, þegar hættan er komin, þegar hin sóttnæma veiki er komin inn í landið. Jeg hef tekið það fram áður, að mjer þætti mikils til of lítið, að hafa ekki umráð yfir meiru en einum 1000 kr. til þess að gera slíkar ráðstafanir á 6 stöðum, eins og fyrirskipað er í lögum 17. des. 1875, og þótt ekki þyrfti 2000 kr. til þess, að geta átt sjálf húsin vís, þá er ýmislegur annar aðbúnaður og áhöld handa sjúklingunum, sem nauðsyn er á að útvega, eins og gert er ráð fyrir í nefndum lögum. Jeg vildi því leyfa mjer að óska, að þingd. helzt vildi fallast á till. mína, því það er sjálfsagt, að það verður ekki meira brúkað af þessu fje, en hægt er að komast af með. Fyrir hinu, að deildin ekki fallist á neina fjárveiting til þessa augnamiðs, ætla jeg ekki að gera ráð, því það væri sama sem að gera stjórninni ómögulegt, að framkvæma lögskipaðar ráðstafanir.

Jeg skal að eins stuttlega minnast á 1. tölul., um styrk til kennara Þorv. Thoroddsens, og vil jeg þar gjarnan fallast á uppástungu nefndarinnar, þótt hún gangi nokkuð lengra en frv. stjórnarinnar. Jeg skal taka það fram, sem viðbót við það, sem sagt hefir verið til stuðnings þessari fjárveitingu, að það er æskilegt, að geta haft not af þessum manni fyrir landsstjórnina til að hafa umsjón með og gefa góð ráð til að nota silfurbergsnámurnar í Helgustaðafjalli, og ef hann fær styrk úr landssjóði, mun hann fremur geta álitizt skyldur til þess en ella.

Að því er 2. tölul. snertir, um styrk til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi, þá er jeg samdóma till. nefndarinnar um, að láta þann tölul. standa, enda er það samkvæmt stjórnarfrv. En þar sem einn h. þm. fann ástæðu til, í sambandi við þennan tölul., að kveða upp harðan dóm yfir hinu danska gufuskipafjelagi, sem hann kallaði útlent gróðafjelag, þá skal jeg geta þess, að jeg held það væri ekki heppilegt, ef honum auðnaðist að draga gufuskipsferðirnar úr höndum þessa »auðuga fjelags», sem hann kallaði svo; ætli hann vildi heldur láta semja við fátækt fjelag, sem, ef til vill, færi

innan skamms á höfuðið? Ef það á að að vera lastyrði fyrir fjelagið, að það sje auðugt, þá skil jeg ekki vel, hvað hann meinar með því. Þar sem sami þm. (J. J.) fann ástæðu til að koma með hörð ámæli gegn skipstjórum á skipum fjelagsins, þá átti slíkt ekki hjer við, enda held jeg engin ástæða sje til þeirra, og ef hann heldur að hann geti með slíkum ummælum útvegað Íslandi gufubát, eins og hann ljet í veðri vaka, þá held jeg honum skjátlist þar herfilega.

Að því er snertir 4. tölul. í 16. gr., um styrk til eflingar laxveiði og laxræktar, þá álít jeg rjett, að veita þá upphæð, sem nefndin hefir stungið upp á. Það er hin mesta nauðsyn á, að fyrirtæki því, sem byrjað er með laxaklak, verði haldið áfram, svo að það geti komið að meiri notum. Þar sem hinn h. varaforseti (Tr. G.) skaut því til mín sem bendingu frá nefndinni, að æskilegt væri, að þessi laxfróði maður yrði nú látinn fara til Norðurlandsins, þá mun þess verða gætt.

Að því er snertir 6.—7. tölul., um styrk til landlæknis Schierbecks og dr. Jónassonar, þá álít jeg þann styrk æskilegan, enda hafa lítil mótmæli komið fram á móti honum, og vona jeg því, að h. deild samþykki hann.

Að því er snertir 10. tölul., um styrk til þess að gefa út alþýðlegt lagasafn, þá hafa undirtektir um hann verið þannig, að allir hafa álitið, að nauðsynlegt væri, að slíkt safn kæmi út. En h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir álitið, að eigi væri nauðsynlegt að styrkja slíka útgáfu, af því að von væri á öðru safni. Það hefir nú lengi verið von á þessu safni, og er það þó eigi komið út enn þá. En ef þetta safn er komið svo langt á leið, þá er líklegt, að það verði á undan hinu, og að ekkert verði þá af þessu safni, því útgefendurnir munu þá ekki sjá sjer fært, að gefa út annað safn, þar sem hitt getur átt von á svo mikilli útbreiðslu, eptir því sem hann skýrði frá. Það var áður álitið nauðsynlegt, að styrkja útgáfu slíks safns, og það álit hafði líka h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sjálfur, enda var honum heitið talsverðum styrk til þess, og það meiri styrk en hjer er farið fram á. Jeg ímynda mjer, að það sje nokkuð valt, að treysta því, að þetta safn hans komi út; því jeg get vel ímyndað mjer, að nýjar tálmanir geti hamlað því nú, eins og að undanförnu. Auk þess er ekki nein sjerleg trygging fyrir því, að það safn verði svo vel úr garði gert, sem æskilegt væri, og því held jeg, að það ætti ekki að vera því til fyrirstöðu, að þessi styrkur verði veittur.

Að því er snertir 14. tölul., um að veita 6000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem landsstjórninni væri fengið til umráða, þá hafa sumir viljað fella þessa upphæð burt, og sumir viljað færa hana niður í 4000 kr.; en jeg held, að slíkt væri mjög óheppilegt. Það væri reyndar ekkert óþægilegt fyrir landsstjórnina, þótt hún hefði ekkert slíkt fje til umráða, því það er ekkert þægilegt fyrir hana að veita þetta fje, og meta verðleika manna til þess; en jeg held, að það væri þó mjög óheppilegt, ef stjórnin hefði ekkert slíkt fje til umráða, til þess að geta veitt styrk til ýmsra fyrirtækja, sem fyrir geta komið milli þinga, og ef hún á nokkurt fje að hafa til umráða, þá má það ekki minna vera en 6000 kr. Þar sem menn hafa látið þá skoðun í ljósi, að ef slíkur styrkur væri veittur, þá ætti að veita hann af því fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda, þá hef jeg ekkert á móti, að þeirri aðferð væri fylgt, ef sú upphæð væri þá nægilega hækkuð, t. d. upp í 10,000 kr.; en sem stendur er fjárveitingin til óvissra útgjalda, 4000 kr., svo lítil, að hún þolir ekki slík útgjöld, eins og landsreikningarnir munu sýna, ef h. þm. vilja hafa fyrir að kynna sjer, hvernig þessari fjárupphæð hefir verið varið. Jeg skal geta þess, að það er satt, að fjárveitingin til sóttvarnarhúsa ætti eptir efni sínu betur heima í 11. gr.; en þetta stendur alveg á sama, því hún gerir sama gagn, hvar sem hún stendur. Skal jeg svo ekki tala meira að sinni, en að eins geta þess, eins og komið hefir fram í ræðum mínum, að jeg í flestum atriðum er samþykkur h. fjárlaganefnd,

þótt jeg í einstaka atriðum álíti æskilegt, að heldur væri farið eptir stjórnarfrv.

Egill Egilsson: Mjer þykir leiðinlegt, að jeg skuli ekki geta orðið nefndinni samdóma um 16. gr. 1. tölul. a og b; en það er af því, að mjer finnst nokkuð á reiki, hve lengi eða hvað langt þessar jarðfræðisrannsóknir eigi að ná; það er enginn tími til tekinn, heldur eru bara til teknir peningar þeir, sem eigi að brúka, hvort sem tíminn er stuttur eða langur. Jeg hafði hugsað, að nauðsynlegt væri, að vita fyrst um tímann, áður en farið væri að ákveða peningana. Það er almannarómur, að þessi maður muni sækja um embætti við hinn lærða skóla, og muni fá það, og hefir hann þá að eins 3 mánuði fría frá embættisönnum sínum á hverju ári, og í þessa 3 mánuði á hann að brúka 1,500 kr. En nú getur hann einu sinni ekki notað alla þessa 3 mánuði, því hann þarf nokkurn tíma til þess að búa sig undir ferðina, og geri jeg ráð fyrir, að hann þurfi til þess 14 daga. Eins verður hann að koma nokkru fyr á haustin en skóli byrjar, því hann þarf auðvitað að fá nokkra hvíld eptir ferðina áður en hann tekur til kennslustarfa, og geri jeg þar ráð fyrir öðrum 14 dögum. Það verða því að eins 2 mánuðir, sem hann hefir afgangs til rannsóknanna, og á þeim á hann að brúka 1,500 kr., og það finnst mjer nokkuð ríflega í lagt. Jeg væri, ef til vill, til með að veita slíkum heiðursmanni þetta, ef jeg gæti varið það fyrir kjósendum mínum, að veita slíka summu, sem hjer um ræðir, og ef jeg væri viss um, að landssjóður væri nógu ríkur til að standast slíkan höfðingsskap. Jeg hef gert yfirlit yfir kostnað þann, sem þessar ferðir mundu hafa í för með sjer, og held jeg, að jeg hafi þar lagt full-ríflega í. Setjum svo, að hann kaupi sjer 2 góða hesta á 125 kr. hvorn; það verða 250 kr.; aðra 4 á 80 kr. hvern = 320 kr.; kostuðu þá hestarnir alls 570 kr. Nú geri jeg ráð fyrir, að hann gæti selt þá fyrir hálfvirði að haustinu, og yrði þá ekki eptir í beinan kostnað nema 285 kr. Laun handa fylgdarmanni í 60 daga 2 kr. á dag = 120 kr. Fyrir fæði handa þeim báðum 4 kr. á dag = 240 kr.; fyrir lán á tjaldi o. s. frv. 15 kr. Þetta verður til samans 660 kr., og verða þá eptir af 1000 kr. 340 kr., og hefir hann þá að kostnaðarlausu rúmlega 5½ kr. á dag, og er það meira en þingmenn hafa, því þeir hafa 6 kr. og verða að kosta sig að öllu leyti sjálfir. Jeg álít því 1000 kr. um árið fullkomlega sómasamlega borgun fyrir þessar rannsóknir, og verð jeg því með tölul. a, en alveg á móti tölul. b, eða þeim 500 kr., sem þar er farið fram á. Jeg hefði getað orðið samdóma stjórnarfrv., af því þar er sama upphæð; en jeg get það ekki af því, hvernig það er orðað, því að, að ætlast til, að þessi maður fari nú að nema það, sem hann á að kenna, eptir að búið er að veita honum embætti, það sýnist mjer ekki geta komið til tals.

Að því er snertir viðaukatill. 281, um styrk eða lán til Njarðvíkurkirkju, þá finnst mjer ónauðsynlegt, að gefa henni nokkuð; en jeg er með því, að veita henni lán með hæfilegum borgunarskilmálum, og gef jeg því varatill. atkvæði mitt.

Hvað snertir 6. tl., um styrk til landlæknis Schierbecks til rannsóknar á bráðapestinni, þá vona jeg að deildin samþykki hann, því jeg álít öllu því vel varið, sem miðar til að vinna bug á þeim óvætti, og mun slíkt fljótt borga sig á margan hátt.

Sama er að segja um 7. tl., um styrkinn til Dr. Jónassens, að jeg mæli mjög með honum. Allir, sem þekkja þennan mann, geta getið sjer nærri, að hann vill gjöra þetta eingöngu af skyldurækni við embætti sitt, og af sannri mannást, en ekki til þess að skoða veröldina; af henni hefir hann sannarlega sjeð nóg.

Að því er snertir 1000 kr. styrk til þess, að koma upp skipakví í Hvaleyrartjörn, þá er mjer kunnugt um, að allt sem hefir verið talið henni til hróss, hefir ekki verið ofsagt; en h. framsögumaður (H. Kr. Fr.) gaf mjer ástæðu til að hrósa henni enn þá meira. Hann gat þess, að ef þessi styrkur væri veittur, þá mundi bóndinn á Bessastöðum ef til vill fara að sækja um styrk

til þess að koma upp skipakví í Seilunni; en þetta finnst mjer ekki saman berandi, því í Hvaleyrartjörn rennur enginn lækur og kringum hana er engin mýri, svo að ekki berst neitt í hana af leir eða leðju, og er þar því alstaðar hreinn sandur og möl umhverfis hana; en kringum Bessastaðatjörn eru hin verstu foræði og í hana renna bæði lækir og skurðir, og er þar hinn mesti aur og óþverri alstaðar umhverfis hana og í henni. Það má ekki misskilja þessa till. svo, að þetta sje nóg til að standast kostnaðinn til þess, að koma upp skipakvínni nú. Það er að eins lítill hluti af kostnaðinum og að eins til uppörfunar, svo að fyrirtækið kæmist sem fyrst í gang. Mjer þætti það annars líklegt og vildi mega telja það víst, að sama þingið, sem vill svo drengilega styðja að því, að koma upp þilskipastóli, vilji einnig styðja að því, að komið sje í lag einhverjum þeim stað, þar sem skipin gætu legið á vetrum; það er ekki sízt nauðsynlegt í því efni. Að þetta komi engum að notum nema Hafnfirðingum, er barnaskapur einn. Það er þó alkunnugt, að fleiri en Hafnfirðingar eiga skip suður við Flensborg, og liggja þau þar á vetrum, hlið við hlið, og er opt hætta búin. Jeg vona, að þingd. vilji veita þessa litlu uppörfun til að vinna þetta þrekvirki, sem þó í rauninni er ekkert þrekvirki, því náttúran hefir sjálf bent mönnum svo vel á þenna stað, til slíks, að það væri synd og vanþakklæti, að láta þessa bendingu hennar ónotaða. Það tók einhver fram, að það væri skipakví á Ísafirði, og væri þetta því ekki hin fyrsta. Það er satt; en það hefir ekki verið hægt að nota hana nú í mörg ár fyrir leðju og leir, sem í hana hefir borizt.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til að gera við Rifsós, þá er jeg þakklátur nefndinni; en jeg hefði heldur óskað, að ekki hefðu verið heimtaðar 500 kr. af sýslunni, því allir vita, hve hagur þessarar sýslu er bágborinn. Jeg skal geta þess, að á Rifsós getur verið lífshöfn, en höfnin skemmdist fyrir nokkru við það, að á nokkur, sem rann í aðra, sem fellur út í ósinn, og hjelt honum opnum, breytti farveg sínum, og við það minnkaði straumafl aðalárinnar, svo að hún gat ekki rifið fram sand og leðju, og safnaðist hann því í ósinn. Það, sem nú á að gera, er að koma þessari á aptur í sinn gamla farveg, og veita ánum saman, svo áin fái sitt gamla framrásarafl. Þeir, sem þekkja til á þessari strönd, vita hve mikil þörf er á, að fá brúkanlega höfn þar, því þar er nærri því annað eins hafnarleysi eins og hjer með suðausturströnd landsins austanfjalls.

Viðvíkjandi 9. tölul., þá vil jeg skírskota til ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), því jeg er honum alveg samdóma. Jeg vona, að það sýni sig, þegar greidd verða atkv. um þessa fjárveitingu, hvort jafnrjetti það milli karla og kvenna, sem þingið sýnist vilja viðurkenna, sje meira en í orði kveðnu, þar sem þetta er sú fyrsta stúlka, sem biður þingið um dálítið liðsinni úr landssjóði, sjer til menntunar í hinni fegurstu list.

Þá á jeg nú hið versta eptir, og það er, að tala um viðaukatill. við 17. gr. á 281. blaði. Þessir tveir menn, Ásbjörn Ólafsson og Jón Breiðfjörð, hafa sótt um endurgjald fyrir eitthvert verk, sem þeir hafi framið fyrir lögreglustjórann í fjárkláðamálinu. Jeg vonaði, að þetta kæmi ekki optar hjer inn á þing, og jeg varð vongóður, að ekki yrði meira úr því, þegar hæstv. landsh. nú mæltist til þess við flutningsmann málsins, að hann tæki till. sína aptur, og það með svo mildum orðum, að jeg áleit flutningsmann ekki geta staðizt það; en úr því það hefir nú ekki orðið, er jeg neyddur til að fara um þetta mál fáeinum orðum. Þessir menn þykjast hafa gert það, sem þeir gerðu, eptir skipan lögreglustjórans; en í brjefi hans 8. des. 1875 stóð, að hann bað þá að »undirbúa valdskurð«, það er að segja, annast um, að fjeð væri til taks heima, þegar honum þóknaðist að láta skera það. En hvernig skilja nú þessir menn þetta, og hvað gera þeir? Þeir reka fjeð af heyjunum heiman að í versta veðri ofan í Voga á tóman klaka, og hnappsitja það þar í marga daga, þang-

að til það er orðið bæði blint og horað; á meðan er verið að senda fram og aptur til Rvíkur og vita, hvort ekki komi skipun um að skera fjeð; svo kemur loksins skipun um, að selja það allt á uppboði, af því að það var orðið ónýtt. Reikningar, sem liggja hjer á lestrarsalnum frá þessum mönnum, eru kostnaðarreikningar fyrir þessa frammistöðu. Jeg vona, að þingd. gefi ekki atkv. fyrir, að þeir fái þessa borgun, og vona svo, að málið komi ekki optar til þingsins; því að því optar sem það kemur, því harðari orð munu falla um það.

Mjer gleymdist að geta þess áðan, þegar jeg talaði um Rifsós, til sönnunar því, hve höfnin gæti orðið góð þar, að benda mönnum á, hve heitt h. þm. Snæfell. (H. Cl.) varð um hjartaræturnar, þegar hann minntist á hann. Hann sagðist vel vita, að peningar þessir (1500 kr.) rynni í sinn sjóð, því hann hefði þar verzlun, og í hann mundu þeir renna, en samt væri hann á móti viðgerðinni; en hann veit vel, að sú reynd mun á verða, að það mundi draga meira frá verzlun hans í Ólafsvík, en sem svaraði 1500 kr., ef gerð yrði góð höfn í Rifsósi, og Ólafsvíkur gamla einokunarverzlun gæti með því eina móti liðið undir lok.

Jón Sigurðsson: Mjer þykir leiðinlegt að lengja umræðurnar, en jeg verð þó að tala nokkur orð, einkum vegna þess, að h. formaður og jafnvel framsögumaður fjárlaganefndarinnar hafa lýst svo mikilli óánægju yfir tillögum mínum í þessu máli, og, að mjer virðist, misskilið orð mín. Ef jeg hef ekki verið svo kurteis í orðum mínum við hina háttvirtu nefnd, sem hefði átt að vera, bið jeg hana að virða það á betra veg. Það getur verið, að jeg hafi eigi haft svo mikla gætni á orðum mínum, sem vera hefði átt, og virðingu nefndarinnar er samboðið; en engan hefi jeg viljað meiða með ásettu ráði. H. formaður (Tr. G.) sagði, að jeg hefði sagt, að nefndin hefði verið hlutdræg; það hefi jeg aldrei sagt, heldur hefi jeg sagt, að henni hafi verið mjótt milli augnanna og nokkuð smásálarleg í sumum tillögum sínum, og get jeg eigi gjört að því, að jeg er enn á þeirri skoðun. Hún hefir ætlað að vera sparsöm og tekið það ráð, að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar, eða með öðrum orðum: hún hefir klipið af fjárveitingum stjórnarinnar hjer og hvar og vikið að öðrum, en þetta munar reyndar svo litlu, að það dregur þann lítið, sem við á að taka. Þetta er það sem jeg hefi kallað smásálarskap, og sem nefndinni hefir komið svo illa. Jeg tek það enn fram, að yfir höfuð er stefna fjárlaganefndarinnar bæði á þessu þingi og undanförnum þingum eigi að mínu skapi. Jeg vil styrkja hvert gagnlegt fyrirtæki, hvort það er verklegt eða vísindalegt, eptir kröptum og kringumstæðum; en jeg vil láta gera það að gagni, svo að sá, sem í hlut á, sje nokkru nær. Þetta smákák hjá nefndinni geðjast mjer ekki, að píra sinni ögninni í hvern, sem eiginlega engum þeim, sem við á að taka, kemur að verulegu haldi. Nefndin hefir heldur eigi látið mig njóta sannmælis, því að jeg er með ýmsum fjárveitingum hennar og helztu breytingum. Jeg er með 1., 2., 3. og 4. tölul. hennar í 16. gr., en aptur er jeg eins og fyr á móti flestum hinum töluliðum 16. greinar, af þeirri ástæðu, að í eins bágbornu ástandi eins og nú er, ætti að sneiða hjá nýjum fjárveitingum, en halda að eins áfram byrjuðum fyrirtækjum og veita fje til þeirra til nokkurrar hlítar, svo þeir, sem við eiga að taka, sjeu nokkru nær. Þetta er nú reyndar gert með fjárveitingunum í fjórum hinum fyrstu töluliðum 16. gr., nema ef til vill ekki hvað snertir styrkinn til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi, því það má teljast ný fjárveiting; en af því hjer er um efling bjargræðisvega landsins að ræða, vil jeg ekki leggja á móti því, að þetta sje samþykkt.

Enn er eitt, sem jeg er nefndinni eigi samdóma um, og það er, þegar verið er að veita fje til launabóta embættismanna upp úr þurru, hvort sem það nú eru skrif-

ara-launabœtur eða annað, og hvort sem það nú er eptir beiðni mannanna sjálfra eða eigi, en sem stjórnin hefir eigi beðið um. Jeg vil því að eins láta taka slíkar fjárbænir til greina, að þær komi frá stjórninni, eða hafi hennar meðmæli, því að annars verður eigi sjeð, að sjerstakleg þörf sje á þeim. Þetta er hið helzta ágreiningsatriði mitt og nefndarinnar.

Jeg má þó til að minnast lítið eitt á stöku útgjaldagreinir, sem nefndin fer fram á, og ætla jeg þá fyrst að minnast á 6. og 7. tölul. 16. gr. Þær fjárveitingar eru á þingsins valdi, og hafa ymsir mælt með þeim; en jeg sje enga tilknýjandi ástæðu, til að veita dr. Jónassen þennan styrk, sem honum er ætlaður. Hann er að vísu viðurkenningarverður maður; en hann er efnamaður, og getur, ef hann vill, af eigin efnum tekizt á hendur þessa ferð til Englands, án þes að fá sjerstök laun fyrir það, enda yrðu það beztu launin, að vera sjer sjálfur meðvitandi þess, að hafa unnið landi sínu gagn, og sjálfum sjer sóma.

Enn harðari er jeg þó við landlækni Schierbeck; því að mjer finnst því síður ástæða til, að veita honum styrk til rannsóknar bráðapestarinnar, sem þetta er jafnvel hlægilegt. Hann hefir aldrei stundað dýralækningafræði, eða verið dýralæknir, og væri það eitthvað kátlegt, ef þingið færi að styrkja hann til að stunda það, sem liggur utan við stöðu hans sem landlæknis. Það stendur eigi í fjárveitingartill., að hann eigi að útvega verkfæri til þessara rannsókna, eins og h. framsögumaður sagði; ef það hefði verið, gat fremur verið ástæða til styrksins, en eins og nú liggur fyrir. Jeg heyri á ræðum manna, að þeir bera traust til þess, að þetta komi að gagni; en menn vita þó, að bráðapestin hefir verið rannsökuð áður, og komið að litlu haldi. Jón sál. Hjaltalín gerði sjer mikið far um, að komast fyrir eðli og uppruna pestarinnar, og tók aldrei sjerstök laun fyrir. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) sagði, að jeg hefði sagt, að bændur á norðurlandi væru orðir æfðir í, að lækna bráðapestina; en það hefi jeg aldrei sagt, heldur hitt, að mönnum hefði tekizt að fyrirbyggja hana að mestu, með ýmsum varúðarreglum. Hið sanna er, að hvorki einum nje öðrum mun takast, að lækna pestina, þegar hún einu sinni er komin í kindina. Annars var það ekki ætlan mín, að fara að halda dýrafræðislega fyrirlestra fyrir þinginu, enda er jeg í engum færum um það.

Þá er 10. töluliður um styrk til að gefa út alþýðlegt lagasafn. H. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir einna kröptugast mælt með þessum lið, og skil jeg vel í því, vegna þess, að þegar hjer hefir verið talað um stofnun lagaskóla, þá hefir hann allajafna haldið því fast fram, að menn gætu komizt af með bók í staðinn fyrir skóla. En þar sem hann benti því að mjer, að jeg mundi fúslega taka móti þessari bók, vegna þess, að jeg væri svo opt við málaferli riðinn í mínu hjeraði, þá verð jeg að segja honum það, að mjer er hennar engin þörf. Jeg er kominn á efra aldur, og mun ekki hjeðan af fara að leggja mig eptir lögfræði (*A. Ó.*: sem umboðsmaður), enda eru eigi svo mikil málaferli í Þingeyjarsýslu, að þar þurfi á löglærðum málaflutningsmanni að halda. Og sama held jeg sje í Eyjafirði; því jeg hefi heyrt, að þar sje prestur, sem þingmaðurinn máske þekkir, sem er bæði fær um og fús á að flytja mál fyrir hjeraðsbúa og aðra. Lagasafnið er því eigi nauðsynlegt, hvorki í Þingeyjarsýslu nje Eyjafirði.

Jeg hefi tekið eptir því, að þessi þm. (A. Ó.) hefir verið með öllum auknum fjárveitingum nú á þingi, og á jeg því bágt með að skilja fjárveitingarpólitík hans. Jeg man, að hann kom á dögunum með frv. um afnám ábúðar- og lausafjárskattsins, og vildi að sönnu setja útflutningsgjald í staðinn, en gerði þó ráð fyrir, að tekjurnar mundu minnka um 20—30,000 kr. (*A. Ó.*: heldur mikið); en hvernig getur það staðizt, að minnka tekjurnar um 20—30,000 kr., en auka aptur gjöldin svo og svo mikið? Ætli það verði eigi undir-»ballance« hjá landssjóðnum með slíku ráðlagi? Þm. Eyf. (A. Ó.) hefir ekki gert grein fyrir, hvernig

hann hefir hugsað sjer að landssjóðurinn gæti staðizt eptir hans fjárpólitik.

Hvað snertir fjárveitinguna í 13.tölul., til sóttvarnarhúsa, finnst mjer hún óþörf; og eitt þykir mjer undarlegt, af því að menn hafa sagt, að það væri bein afleiðing af sóttvarnarlögunum 1875, að þessa fjár þarf með, að landsstjórnin skuli eigi fyr en nú eptir 10 ár hafa fundið þetta nauðsynlegt; það hafa þó sóttir komið inn í landið síðan, t. d. mislingarnir. Jeg hefi heldur eigi sannfærzt af umræðunum um, að sóttvarnarhús yrðu framvegis nauðsynlegri en áður hefir verið.

Tillaga mín, að færa niður 14. liðinn úr 600 kr. í 400 kr., er eigi sprottin af tortryggni gegn h. landshöfðingjanum, heldur er það öllu fremur tilgangurinn, að ljetta þeim vanda af landsstjórninni, að skammta þetta fje; mjer finnst rjettast og eðlilegast, að þingið sjálft ákveði um meðferðina á sem mestu af þessu fje, enda hefir það nú síðustu árin farið í þá stefnu með fjárveitingar sínar.

Jeg vil enn minnast á viðaukauppástungu þá, sem mjer sjálfum er skyld (*A. Ó.*: Til Magnúsar?); já, um styrk til Magnúsar Þórarinssonar. Mjer gleymdist að taka fram áður, að hann býðst til í bænarskránni, að kenna hverjum sem vildi meðferð á vjelum sínum með vægum kjörum. Í vetur var hjá honum maður úr Ísafjarðarsýslu, sem hefir lært, jeg vil segja til fullnaðar, aðferð hans, og mun þessi maður taka til starfa næsta vetur fyrir vestan. Jeg er sannfærður um, að ef Magnús getur haldið áfram, verður starf hans til ómetanlegra hagsmuna fyrir landsmenn, og vænti því, að þingd. gefi þessari tillögu atkvæði sitt. Jeg get eigi skilið, að meðmæli mín með þessum manni verði kallað hreppapólitík, eins og einn þingmaður sagði. Jeg hefði mælt með honum, hvar á landinu sem hann hefði verið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil enn minnast lítið eitt á breytingartill. nr. 287 um 50 kr. til síra Þ. Thorgrímsens og 100 kr. til síra Árna Böðvarssonar. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) gaf ávísun upp á þær 3000 kr., sem ætlaðar eru til viðbótar við eptirlaun fátækra uppgjafapresta; en jeg hef áður sýnt fram á, að þessi ávísun hans fæst ekki út borguð, og vil jeg ekki vera að taka það upp aptur. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að þessir uppgjafaprestar væru ekki fremur þurfandi en aðrir. Þessu er hægt að kasta fram fyrir þá, sem ekkert þekkja til, ekki sízt, ef það er gert alveg sannanalaust, eins og h. framsögum. (H. Kr. Fr.) gerði. Jeg gat um í dag fátækt og heilsuleysi þessara manna og þar af leiðandi bágar ástæður. Það hafa ekki komið fram mótmæli gegn því; og vona jeg þess vegna, að h. þingdeild verði með breytingartill.

Það hafa ýmsir verið með og sumir móti 6. tölul. 16. gr., um fjárveiting til rannsóknar á bráðapestinni. Jeg tel þessa veiting nauðsynlega, því að það væri mikið varið í, að geta yfirbugað þessa skaðvænu sýki.

Jeg er og meðmæltur styrknum til Dr. Jónassens. Sullaveikin kemur fyrir á Englandi og mun vera þar læknuð á annan veg en hjer er gert; enda er þessi maður allra manna maklegastur að njóta þessa styrks.

Jeg er h. hæstv. landsh. samdóma um, að 1000 kr. sjeu oflítið til sóttvarnarhúsanna og greiði því atkv. mitt með breytingartill. hæstv. landsh.

Mig furðar stórlega á, hversu ákaft h. framsögum. (H. Kr. Fr.) og form. fjárlaganefndarinnar (Tr. G.) hafa lagt á móti 1000 kr. styrk til að koma upp skipakví í Hvaleyrartjörn. H. formaður nefndarinnar sagði, að það væri hægt að fá svo sem 4000 kr. lán. Það geta hæglega kaupstjórar sagt, sem þekkja ríka kaupmenn í Höfn og æfðir eru í að fá lán þar; en það er ekki eins hægt fyrir efnalitla sjávarbændur. Eða hvar eiga þeir að fá lán? Hvað eiga þeir að setja í veð? Og með hverju eiga þeir að borga lánið? H. framsögum. (H. Kr. Fr.) treysti mjer ekki til að bera skyn á það, hvort skipalægið væri gott í tjörninni; það getur nú verið. En það mætti þá fá mann til að rannsaka það. Jeg skil ekki í því

þingi, sem vill veita 100,000 kr. lán til þilskipakaupa, en ekki 1000 kr. til verndar skipunum. Jeg vona, að h. deild sýni eigi þá ósamkvæmni.

Að því er snertir kirkjuna í Njarðvík, þá kom h. framsögum. (H. Kr. Fr.) með það þjóðráð, að flytja safnið hingað til Reykjavíkur. Ef um vöruleifar væri að ræða, þá skildi jeg nú í þessu ráði. En með gjafabrjefinu 3. apr. 1759 er safnið gefið með því skilyrði, að það sje ávallt geymt í kirkjunni. Þess vegna er ekki hægt að flytja það burt. Þetta og fleira mælir mjög með því, að það, sem farið er fram á, sje veitt.

Að lyktum skal jeg minnast á þá breytingartill. mína, að af fjenu til óvissra útgjalda skuli borgast til J. Breiðfjörð og Ásb. Ólafssonar fyrir ferðakostnað í fjárkláðamálinu. Þessi tillaga hefir mætt mótstöðu allmikilli; en það er ekki erfitt að sanna, að þeir fóru þessar ferðir eptir boði lögreglustjórans í fjárkláðamálinu, og skal jeg h. framsögum. (H. Kr. Fr.)til geðs lesa upp kafla úr brjefi frá tjeðum lögreglustjóra Jóni Jónssyni til Jóns Breiðfjörðs, sem sannar þetta. Brjefið byrjar þannig: »Þjer hafið, hr. hreppstjóri, beiðzt leiðbeiningar minnar sem fyrrum lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, með tilliti til reiknings þess, er þjer og hr. Ásbjörn Ólafsson á sínum tíma afhentu mjer, fyrir kostnað við framkvæmdir á skipun minni 8. des. 1875 með tilliti til niðurskurðar á hinu kláðagrunaða fje í Krísuvík«. Þett sýnir fullkomlega, að þeir hafa farið eptir boði lögreglustjórans. Þegar nú litið er á, að krafa þeirra er að eins 227 kr., og þetta eru hinir mestu heiðursmenn, sem áttu mikinn þátt í að útrýma fjárkláðanum, þá sýnist sanngjarnt, að þingið láti sig ekki muna þetta lítilræði til þess að sýna þeim viðurkenning fyrir framkvæmdir sínar og framúrskarandi dugnað. Jeg vona, að h. þingd. láti ekki leiðast af orðum h. þm. Mýr. (E. E.), sem jeg ímynda mjer að hafi farið eptir óáreiðanlegum sögusögnum. En jeg hef sýnt fram á með því, sem jeg las upp, að hann hafði rangt fyrir sjer. Jeg hef aðra fyllri sönnun, og hún er sú, að eigendur fjárins höfðu duglegan málsfærslumann, sem þingmaður Mýramanna þekkir, og er það full sönnun fyrir því, að vel hafi um fjeð farið, að málsfærslumaðurinn, sem sótti mál þetta af kappi, hefði gert þessa heiðursmenn seka, ef þeir hefðu í nokkru til þess unnið. Jeg tek það enn fram, að heiðursmönnum þessum er ekki eins annt um að fá þessar 227 kr., eins og hitt, að fá það viðurkennt, að það var dugnaði þeirra að þakka, að kláðanum var útrýmt með öllu á svæði því, þar sem vagga hans hafði lengi verið. Það er skylda þingsins, að viðurkenna þetta með því, að borga þeim þennan sanngjarna reikning.

Magnús Andrjesson: Jeg ætla að leyfa mjer með fáum orðum að gera grein fyrir, hvernig jeg greiði atkvæði mitt. Jeg get yfir höfuð gefið atkv. með flestum tillögum h. nefndar, og álít, að hún hafi víðast farið mjög nálægt meðalveginum.

Jeg gef atkv. fyrir 16. gr. a., en ekki b.; því að mjer virðist ekki bráð þörf á því, sem þar er farið fram á, og hygg, að vjer heldur eigum að spara þau útgjöld, sem ekki eru alveg nauðsynleg.

Jeg gef atkv. mitt 3. tölul. eptir stjórnarfrumv., því að jeg kann ekki við það, að þegar búið er að veita þessum manni styrkinn í stjórnarfrv., þá sje hann aptur tekinn af honum af þinginu. Enda er sá maður viðurkenndur sem einn af snillingum landsins og maklegur þessa styrks.

Viðvíkjandi 4. tölul., styrknum til laxaveiðar og laxræktar, er það að segja, að annaðhvort er að veita þá upphæð óskerta, eða þá ekkert, með því að maðurinn fæst ekki með vægari kjörum. Jeg greiði þess vegna atkv. með þeim tölul.

5. tölul. get jeg ekki gefið atkv. mitt. Jeg geri mjer daufar vonir um, að landið hafi mikið gagn af því fyrirtæki, sem þar er um að ræða; enda er upphæð þessi svo lítil, að hún virðist vera næst um því sama sem ekkert til slíks fyrirtækis.

Jeg greiði atkv. með 6. tölul. og sömuleiðis 7. Jeg álít því fje, sem varið er til að reyna að útrýma þessum tveimur pest-

um, vel varið. Að sönnu hygg jeg, að enskir læknar þurfi heldur að koma til að læra um sullaveikina af dr. Jónassen, en hann af þeim; en hjer er að ræða um brúkun sjerstaklegra verkfæra, sem dr. Jónassen treystir sjer ekki til að geta hagnýtt sjer fyllilega, nema hann læri það af manninum sjálfum, sem til þess kann. Jeg vil því ekki neita honum um það.

Við 9. tölul. aðhyllist jeg heldur breytingartill. þá, sem fram er komin; því annaðhvort er, að veita ekkert í þessum tilgangi, eða þá svo mikið, að þessa stúlku muni dálítið um það. En mjer finnst, að einar 300 kr. sjeu sama sem ekki neitt til þess að lifa fyrir í Khöfn. Þetta er líka sú fyrsta stúlka, sem styrk fær til þessa. Auk þess hef jeg heyrt, að þessi stúlka sje mjög efnileg í þessu tilliti, og er því ekkert ólíklegt, að hún verði þjóð vorri heldur til sóma, svo að mjer virðist ástæða til að veita henni heldur þessar 600 kr., sem breytingartill. fer fram á.

Um 10. tölul. er jeg í nokkrum vanda. Jeg var í morgun alráðinn í að gefa honum atkv. mitt og er það reyndar að nokkru leyti enn; en upplýsingar þær, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gaf um, að hann þegar væri byrjaður á útgáfu lagasafns, vöktu þó hjá mjer dálítinn efa. En spurningin er fyrst og fremst: er þörf á þessu lagasafni? Já, jeg hygg að enginn geti verið í vafa um það; stjórnartíð. eru svo lítið útbreidd og svo ná þau yfir svo fá ár, svo að um annað er ekki að gera fyrir menn í þessari grein, en »Lovsamling for Island«; en það rit er svo fjarska-dýrt, að ekki eru nema einstöku menn, sem efni hafa til að eignast það. Þegar menn verða þannig að svara þessari spurningu játandi, að nauðsyn beri til, að þetta alþýðlega lagasafn komi út, þá er mest um hitt atriðið að gera, að útsjá þá menn til þess starfa, sem færastir eru um það, svo að safnið geti orðið sem bezt og komið að sem mestum notum. Jeg hef sjálfur opt óskað, að þess konar safn væri samið, og hef jeg einmitt óskað þess, að annar þessara manna, nl. Magnús Ssephensen, yrði til þess, með því að jeg hef ekki betra traust á neinum manni í því tilliti. Það er ekki svo að skilja, að jeg vantreysti vitsmunum h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.); en það er ekki við því að búazt, að menn geti borið fullt traust til hans í þessari grein, því að hann er ekki lögfræðingur sjálfur. Jeg verð því að játa, að jeg ber meira traust til þessara tveggja lagamanna, en h. 2. þm. S.-Múl. og aðstoðarmanns hans. Mjer þykir það reyndar leitt, ef atkv. mitt kæmi í bága við hagsmuni þessara manna; en úr því þeir eru komnir svo langt á leið með það, og þegar búið er að prenta nú þegar eitt hepti, þá hygg jeg að þeir muni hafa svo mikið gagn af öllum sínum áskrifendum, að þeir fái kostnað sinn bættan, auk þess sem þeir eru á undan hinum. *(J. Ól.:* Við höfum enga áskrifendur). Jeg get ekki ímyndað mjer, að þessir mörgu áskrifendur, sem þm. hefir talað um, gangi frá áskriptum sínum. Jeg verð að vona, að hann muni ekki hafa skaða af þessu fyrirtæki sínu. Jeg gef því 10. tölul. atkv. mitt, því að jeg álít mjög nauðsynlegt, að safnið verði sem bezt úr garði gert, og sem áreiðanlegast að auðið er.

Með borgun fyrir að eiga aðgang að sóttvarnarhúsum á 13. tölul. gef jeg líka atkv. mitt. Jeg segi eins og annar h. þm.: jeg vil ekki eiga það á hættu, að mínu atkv. verði um að kenna, að önnur eins sýki og mislingarnir um árið, eða enn þá skæðari veiki, komi inn og breiðist út um landið.

Jeg gef og atkv. mitt með þeim styrk, sem farið er fram á handa Magnúsi Þórarinssyni, þ. e. breytingartill. h. þm. S.-Þing. (J. S.). Jeg álít, að það sje nauðsynlegt fyrirtæki, ef hann getur stuðlað að útbreiðslu ullarvinnuvjela; bæði álít jeg, að þetta sje nytsamlegt í sjálfu sjer, og þó einkum nú, þegar ullin fer allt af lækkandi í verði, svo að nauðsynlegt er að gera meira verð úr henni, ef unnt væri. Ef vjer eigum að geta keppt við önnur lönd með ullarband og voðir, þá þurfa vjelarnarnar að vera sem fullkomnastar, og með því þetta er fátækur maður, en vel að sjer í sínu verki, þá álít jeg, að sjálfsagt sje að styrkja

hann, og að hann nái sem mestri fullkomnun.

Það er vandamál að greiða atkv. um breytingartill. viðvíkjandi eptirlaunum þessara tveggja presta, því að auðvitað er, að fái þeir eptirlaunaviðbót á þennan hátt, er það eðlilegt, að fleiri komi á eptir. En þegar jeg athuga, að annar þeirra hefir að eins 290 kr. til að lifa af með sinni familíu, þá hygg jeg, að engum geti blandazt hugur um, að það sje svo lítið, að varla sje auðið fyrir hann að draga fram lífið af þeim eptirlaunum. Jeg verð því af meðaumkun að gefa þessari viðaukatill. atkv. mitt.

Sömul. mun jeg gefa atkv. mitt breytingartill. um styrk til lögfræðisnáms. Það er nú fyrir þinginu frv. um, að stofna lagaskóla hjer á landi, og verði það samþykkt, eins og allar líkur eru til, þá er þetta eðlileg afleiðing af því.

Friðrik Stefánsson: Jeg er áður búinn að gera grein fyrir hvernig jeg muni greiða atkv. um töluliði 16. gr., og tek því að eins fátt fram að þessu sinni.

En það hafa orðið svo miklar umræður um 10. tölul., sem sje, um styrk til að gefa út lagasafn, að jeg vil enn taka það fram, að jeg álít ekki nauðsynlegt að ráðast í þetta fyrirtæki nú, heldur sje rjett að láta það bíða betri tíma og spara það fje sem til þess þarf að þessu sinni, og það því heldur sem aðrir hafa nú byrjað á að gefa út lagasafn án nokkurs styrks af landssjóði, eins og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er nú búinn að skýra frá. En vitaskuld er, að áskrifendur að því lagasafni frá 1881 hljóta nú, eptir svo langan tíma, að vera lausir við það áskriptarloforð sitt, að kaupa tjeð lagasafn. En mjer virtist h. þm. Árn. (Þ. G.) leggja svo mikla áherzlu á, að veita þennan styrk, og næstum dæma það eptir nöfnum þeirra manna, sem ættu að verða hans aðnjótandi. En mjer sýnist eðlilegt og sanngjarnt, að þeim, sem byrjaðir eru, sje ekki gert ómögulegt, að halda áfram að gefa út safnið, án þess að öðrum sje veittur styrkur úr landssjóði til þess að keppa við þá.

Jeg er samþykkur uppástungu hæstv. landsh. um að veita 1200 kr. til að kosta bókara erlendis fyrir þann banka, sem stofna skal hjer. Því allir álíta mjög gott, að fá bankann, og þá er nauðsynlegt að fá fullfæran og góðan mann fyrir bókara, því það skal vel vanda, sem lengi á að standa.

Jeg álít, að sá styrkur, sem viðaukatill., sem hjer liggur fyrir, fer fram á, að veita cand. Páli Briem styrk til laganáms, sje mjög hentugur, þegar þess er gætt, að lagaskóla á að stofna hjer á landi, því þá er nauðsynlegt, að einhver leggi sig eptir að nema hin fornu íslenzku lög og rjettarvenju, því allir játa, að hin fornu lög vor sjeu búin til af miklu mannviti og snilld.

Jeg er líka samþykkur breytingartill. h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um styrk til söngfræðings Björns Kristjánssonar, því hann hefir engan styrk fengið, og jeg hef heyrt marga furða sig á því, að hann skyldi ei hafa fengið hann, þar sem hann vill nú taka að sjer að kenna prestaefnum söng og hljóðfæraslátt, enda hef jeg heyrt, að hann sje manna bezt að sjer í þeirri grein, að öllum öðrum ólöstuðum.

Jeg þarf að leiðrjetta misskilning á orðum mínum, sem komið hefir fram hjá háttv. þingm. í ræðum þeirra. H. varaforseti (Tr. G.) sagði, að jeg hefði sagt, að Þorv. Thoroddsen gæti ekki ferðast um Ísland nema hann tæki próf. Þetta hef jeg aldrei sagt, því mjer er kunnugt um, að margir ferðast hjer á landi, innlendir og útlendir, sem ekki hafa tekið próf. H. varaforseti verður að kenna sjálfum sjer um og stjórnarfrumv., því þar stendur »til náms«, og þess vegna hef jeg orðað breytingartill. mína á þennan hátt. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) sagði, að jeg hefði verið á móti Feddersen. Þetta er ekki rjett; jeg var ekki á móti því, að fá hann hingað upp; jeg var beinlínis með því, en vildi fara eptir stjórnarfrumv. og ekki veita meira fje en þar er farið fram á. H. þm. hafir annaðhvort heyrt ranglega orð mín eða vísvitandi ranghermt þau. *(Forseti:* Það gerir enginn þm., sem nokkra þingmennsku kann, að við hafa svona orð).

Að endingu vil jeg minnast á þessi málaferli, sem talað hefir verið um í deildinni. Það hefir sjezt í Skagafirði eyfirzkur prestur í málaferlum, hvort sem það er sá sami maður, sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) talaði um; það veit jeg ekki; en þó held jeg helzt að það sje sami maðurinn. *(Forseti:* Þetta kemur ekki málinu við).

Tryggvi Gunnarsson: Hæstv. landsh. hefir verið svo eptirlátur við nefndina, og aðhyllzt flestar tillögur hennar; er því sjálfsagt, að hún sje aptur tilslökunarsöm við hann, þar sem hún sjer sjer það fært.

Þó svona sje ástatt, getur nefndin þó ekki aðhyllzt tillögur hans, þar sem hann fer fram á, að styrkurinn til sóttvarnarhúsa væri færður upp í 2000 kr.; hún verður að álíta, að 500 kr. á ári sje nægilegt til að leigja hús fyrir. En jeg skal stuðla til, að nefndin taki undir nákvæma yfirvegun athugasemd hans um rúm í húsin og önnur áhöld til sjúklinga. Jeg sje vankvæði á því, að hafa þau í geymslu, ef ekki þurfi til þeirra að taka fyr en að 10—20 árum liðnum. En jeg legg til, að deildin samþykki uppástungu nefndarinnar í þetta sinn; það mætti þá heldur gera breytingu við 3. umr.

Viðvíkjandi bænarskránni nr. 48 á listanum leggur nefndin til, að Einari prentara Þórðarsyni verði veitt linun í afborgun á skuld hans til landssjóðs, og hæstv. landsh. sagðist skyldi taka þetta til greina, ef engin mótmæli kæmu fram á móti því. Nú er liðið mjög á umræðurnar, og engin andmæli hafa komið móti því, svo að jeg vona, að landsh. geti veitt tillögum nefndarinnar í þessu efni samþykki sitt.

Viðvíkjandi 14. lið í 16. gr., upphæðinni til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, skal jeg taka fram, að jeg mundi álíta mjög óheppilegt, ef landsstjórnin hefði ekkert fje milli handa til þess að veita smástyrki til ýmislegs, sem fyrir kann að koma milli þinga.

Ýmsir hafa talað svo, sem ræða h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó) hafi gert þá hikandi í því, hvernig þeir ættu að greiða atkvæði um styrkinn til lagasafnsins. Hjer finnst mjer þó enginn vafi þurfi að vera. Það er að mínu áliti sjálfsagt, að greiða atkv. með nefndinni, þangað til það er sannað, að handrit sje til, og svo úr garði gert, að þinginu þyki það fullnægjandi fyrir landsmenn; hepti það, sem út er komið, þarf líka að skoðast og verða tekið gilt. Ef það er svo úr garði gert, að þingmenn verði ánægðir með ritið, þá má fella styrkinn burt við 3. umr., ef mönnum þá sýnist svo; en að fella uppástungunna að hinu ósjeðu, sýnist mjer of mikið fljótræði. Þetta er ekki styrkur, sem beinlínis á að vera til gróða fyrir þá menn, sem ætla að annast útgáfuna, heldur til hagnaðar fyrir almenning, svo hann geti fengið bókina ódýrari. Jeg vil eigi dylja það, að fyrir mitt leyti er jeg á því, að bókin verði betur út gefin af þeim tveimur, sem nefndin stingur upp á, er 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

Bænarskráin nr. 51 á fylgiskjali nefndarfrv. frá Magnúsi Þórarinssyni gat ekki komizt í þann flokkinn, sem nefndin sá sjer fært að mæla með. Ástæður nefndarinnar fyrir því voru þær, að henni var kunnugt um, að sýslunefnd Þingeyjarsýslu hafði að nokkru leyti tekið að sjer þetta mál, með því, að útvega og ábyrgjast hið fyrra lán til þessa augnamiðs, og nefndin varð að álíta, að sýslunefndin mundi ekki gera sitt verk endasleppt, og hafa einhver ráð til að útvega þessa litlu upphæð, 500 kr., án þess að þurfa að hlaupa í landssjóðinn og biðja um gjafir þaðan. Annars er nefndinni þetta ekkert kappsmál.

H. þm. Mýr. (E. E.) kom með reikningsdæmi, hvað Þorv. Thoroddsen mundi þurfa mikinn styrk til rannsókna að sumri. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að hann mundi eyða á ferðinni 660 kr.; en hann gekk út frá því, að hann mundi að eins ferðast í 2 mánuði. Nefndin gekk þar á móti út frá því, að tíminn yrði $2\frac{2}{3}$ mán., og yrði þá eptir þeim reikningi, sem h. þm. sjálfur hefir gert, kostnaðurinn 900 kr.; nefndinni þótti því ekki taka því, að færa upphæðina niður um 100 kr. úr 1000 kr. um árið, ef einhver aukakostnaður kynni upp á að koma, eða Þorv. Thoroddsen yrði

lengur við þessar rannsóknir, sem ráð var fyrir gert. Enda er þetta að eins áætluð upphæð, sem ekki verður borguð út nema eptir því, sem þörf gerist.

Að endingu vil jeg geta þess, að mjer þykir það vel fara, hvernig h. þm. S.-Þing. (J. S.) tók áðan í orðaviðskipti okkar; eptir þeim ummælum hans verð jeg að álíta, að hann þykist hafa oftalað, og þess vegna taki aptur orð þau, sem standa í ræðu hans frá 1. umr. þessa máls. Þau hljóða svo: »Jeg hlýt að vera mótfallinn öllum þeim fjárveitingum að þessu sinni, sem fara í þá átt, að gæða einstökum embættismönnum, eða þeim, sem án nokkurra verðleika hafa fundið sjerstaka náð fyrir augum nefndarinnar». Jeg hef ekki lesið þessi orð upp beinlínis vegna þess, að þau stefna að því, að bera hlutdrægni á nefndina, heldur af því, að mjer virðist að þau meiði mannorð þeirra h. embættismanna, sem nefndin með nöfnum hefir nefnt, og lagt til, að þingið veitti styrk. Þm. segir, að það sje »án nokkurra verðleika, fyrir sjerstaka náð nefndarinnar», og vildi jeg ekki, að þessi orð skyldu standa ómótmælt. Þessir embættismenn eru: 2 skólakennarar, 2 læknar, 1 yfirdómari og 1 landritari; en, eins og jeg áður tók fram, álít jeg, að h. þm. vilji nú láta þessi orð sín vera »oftöluð» og »ótöluð».

Jón Jónsson: Hæstv. landsh. fann ástæðu til að setja ofan í við mig, og halda uppi vörn fyrir hið danska gufuskipafjelag, hvort sem hann hefir haft umboð stjórnarinnar til þess eða ekki. Jeg er ekki svo orðsjúkur, að jeg gæti ekki vel þolað þetta fyrir sjálfan mig; jeg er nýr þingmaður, og vil taka því vel, þegar að er fundið við mig af manni, sem er mjer eldri og æðri, einkum þó, ef rök eru færð fyrir. Jeg hefði því ekki tekið til máls aptur, ef ekki væri hjer um stórt velferðarmál að ræða. Það er ekki undarlegt, þótt manni renni til rifja, þar sem 18,000 kr. er varið til gufuskipsferða árlega, en þing og þjóð fær engu um þær að ráða. Jeg veit vel, að meira þarf en orðin tóm til að útvega landinu gufuskip; en ef Ísfirðingar geta kostað gufubát hjá sjer, þá ætti þjóðinni ekki að vera vorkunn að koma sjer upp og kosta gufubát til að fara kring um strendur landsins. Hafi jeg talað of hörðum orðum um gufuskipafjelagið, þá þykir mjer það illt. En h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) nefndi um daginn gjörræði póstskipsforstjóra, og þau orð hans standa enn óhrakin, enda hafa svipuð dæmi opt staðið í blöðum vorum, og ekki orðið hrakin. Læt jeg mjer nægja, að vitna til þeirra, þótt jeg gæti talið fleiri.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): H. þm. S.-Þing. (J. Sig.) gerði nú fyrst rjetta grein fyrir skoðun sinni, þar sem hann sagðist að eins vilja veita það, sem stjórnin bæði um. Og þó heldur hann kröptuglega fram uppástungu frá sjálfum sjer um einstaka menn. Þar er hann ekki samkvæmur meginreglu sinni um, að vilja að eins veita bænina í stjórnarinnar áheyrn, þar sem hann kemur þarna fram með bæn fyrir einn einstakan mann, sem stjórninni dettur eigi í hug að biðja fyrir.

Hann fann að fjárveitingunni til landlæknis Schierbecks, af því það vantaði skýrslur um, hvernig henni skyldi varið; en það er margbúið að gefa slíkar skýrslur; það liggur meira að segja skýrsla frá Schierbeck sjálfum hjer frammi á lestrarsal, og þar biður hann um fje til þess að kaupa verkfæri til að rannsaka bráðapestina. Hann fær ekki einn eyri sjálfur fyrir ómak sitt.

Sami þm. fann einnig að tillögunni um sóttvarnarhúsin, og þótti merkilegt, að stjórnin skyldi nú fyrst finna til þessa; það getur meir en verið, að stjórnin hefði átt að biðja um þetta fyr, þar sem þetta er lögboðið; en úr því það er lögboðið, er ekki vert að stuðla að því, að draga það lengur. Jeg get frætt þm. um það, að bólan var komin áður; hún kom árið 1872. *(Jón Sigurðsson:* Mislingarnir komu seinna). Já, það veit jeg vel.

1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) vil jeg biðja að lesa 10. gr. A. 6, svo að engin ástæða er til að ætla, að stjórnin neiti um viðbótina, þegar hún á við rök að styðjast. Lesi þm.

hvernig hún er orðuð. *(Þór. Böðv.:* Fá ekki allir samkvæmt lögum). Ef þm. vill segja, að það sje ekki samkvæmt lögum, þá vil jeg segja, að það sje ekki gagnstætt lögum. *(Þór. Böðv.:* Ráðgjafinn álítur það gagnstætt). Nú getur hann ekki haft það álit lengur.

Jeg get ekki fallizt á breyt.till. um skipakvína í Hvaleyrartjörn. Hvernig á að koma skipum þar fyrir? Láti hlutaðeigendur rannsaka tjörnina, og komi síðan. Þm. furðaði sig á, að þingið vildi veita 100,000 kr. til þilskipakaupa, en vildi ekki gefa 1000 kr. til skipakvíar í Hvaleyrartjörn; eins og hvergi annarstaðar sje staður fyrir skip!

Viðvíkjandi kirkjunni í Njarðvík, þá verð jeg að segja það, að væri Jón heit. Þorkelsson risinn upp úr gröf sinni, og sæi bækurnar og handritin fúin og rotin, þá mundi hann segja, að þau væru eins vel geymd í landsbókasafninu.

Viðvíkjandi ferðakostnaði Jóns Breiðfjörðs og Ásbj. Ólafssonar, þá hefir h. þm. Mýram. (E. E.) gert rjetta grein fyrir honum. En það var ekki fullkomlega rjett, sem þm. Gullbr.s. sagði. Jeg hef lesið brjefið, sem Jón heit. ritari skrifaði áður en þeir Jón og Ásbjörn tóku fjeð, og þar var ekkert boð að taka fjeð; en þegar þessir menn höfðu tekið fjeð, og þrjózkuðust við að skila því aptur eptir skipun amtmanns, þá sagði hann, að þeir hefðu gert það eptir sinni skipun. Jeg veit ekki betur, en Jón Breiðfjörð fengi auk þess sekt fyrir aðferð sína.

Það munu nú flestir hafa ákveðið sig með atkvæðagreiðsluna, og vona jeg, að nú sje útrætt þetta mál.

Jón Sigurðsson: Jeg ætla ekki fyr en við 3. umr. að svara 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.).

Atkvæðagr.: 14. gr. samþ. óbreytt með 22 atkv.

Breyt. nr. 287 við 15. gr. felld með 12 : 8.

15. gr. samþ. óbreytt með 22 atkv.

Breyt. nr. 300 við 16. gr.1.b í nefndarfrv. felld með 16 : 5.

Varabreyt. við sama lið felld með 13 : 1.

1. tölul. a samþ. með 18 atkv.
1. — b — — 12 : 6.
3. — tekinn aptur.
4. — a (nú 3. a) samþ. með 20 atkv.
4. — b (— 3. b) — — 19 —.

Þar með 4. tölul. í stjórnarfrv. fallinn.

Breyt. nr. 281, um viðbót nýs liðs, felld með 16 : 1 atkv.

Varabreyt. um sama efni felld með 15 : 3 atkv.

Breyt. nr. 278, um skipakví í Hvaleyrartjörn, felld með 13 : 10 atkv.

Breyt. nr. 278, um styrk til að fullkomna tóvjelar, samþ. með 12 : 2 atkv.

Breyt. nr. 278, um lán til sama augnamiðs, felld með 12 : 9.

5. tölul. í nefndarfrv. samþ. með 16 atkv.
6. — - ——— — — 19 —
7. — - ——— — — 16 —
8. — - ——— — — 17 —

Breyt. nr. 286 við 9. tölul. samþ. með 15 atkv.

Þar með 9. tölul. í nefndarfrv. fallinn.

Breyt. nr. 286, um burtfelling 10. tölul., felld. Og því næst við haft nafnakall við liðinn sjálfan, og sögðu þá

já:	nei:
H. Kr. Friðriksson,	Eiríkur Kúld,
Arnljótur Ólafsson,	Friðrik Stefánsson,
Eiríkur Briem,	Holger Clausen,
Gunnl. E. Briem,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Lárus Blöndal,	Ólafur Pálsson,
Magnús Andrjesson,	Þorsteinn Jónsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Th. Thorsteinson,
Þórarinn Böðvarsson,	Benidikt Sveinsson,
Þórður Magnússon,	Egill Egilsson.
Þorkell Bjarnason,	
Þorlákur Guðmundsson,	
Þorvarður Kjerulf.	

10. tölul. þannig samþ. með 13 : 10 atkv.

Breyt. nr. 277 við 11. tölul. felld með 15 atkv.

11. tölul. samþ. með 17 atkv.
12. — — — 18 —

Breyt. nr. 275 við 13. tölul. felld með 17 : 6 atkv.

13. tölul. samþ. með 17 : 3 atkv.

Breyt. nefnd. við nr. 275 (um bókara landsbankans) samþ. með 15 atkv. Við það nr. 275 fallið.

Breyt. nr. 286 (um styrk til söngfræðings B. Kr.), felld með 13 : 9 atkv.

Viðaukaatkv. nr. 279 (styrkur til P. Br.), fyrri hlutinn samþ. með 14 atkv. Síðari hlutinn samþ. með 11 : 10, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Eiríkur Kúld,	H. Kr. Friðriksson,
Benedikt Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,	Jón Jónsson,
Friðrik Stefánsson,	Lárus Blöndal,
Holger Clausen,	Magnús Andrjesson,
Jón Ólafsson,	Ólafur Pálsson,
Jón Sigurðsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Þór. Böðvarsson,	Þorkell Bjarnason,
Þórður Magnússon,	Þorl. Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,	Þorvarður Kjerulf.
Th. Thorsteinson.	

Eiríkur Briem og Gunnl. E. Briem greiddu eigi atkvæði.

Með þessari samþykkt var varauppást. nr. 279 fallin, og breyt. nr. 286 (um styrk handa lögfræðing) tekin aptur.

Breyt. nr. 286 við 5. tölul. í stjórnarfrv. var felld með 19 atkv.

Breyt. nr. 277 við 14. tölul. í nefndarfrv. var felld með 15 : 6 atkv.

14. tölul. í frv. nefnd. samþ. með 19 atkv., og þar með 5. tölul. í stjórnarfrv. fallinn.

16. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.

Breyt. nr. 281 við 17. gr. felld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk flutningsmanns, og sögðu

já:

Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Magnús Andrjesson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason.

Gunnl. E. Briem greiddi eigi atkvæði, en var talinn með meiri hlutanum.

17. gr. óbreytt samþ. með 22 atkv.

7. gr. með breyttum tölum samþ. með 23 atkv.

18. gr. samþ. með 22 atkv.

20. gr. — — 23 —

Eptirmáli frv. samþ. með 22 atkv.

Að málið gengi til 3. umr. var samþ. í einu hljóði.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1882 og 83 (C. 81, nefndarálit 315); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Gunnl. E. Briem): Jeg fyrir mitt leyti finn ekki ástæðu til að tala um mál þetta á þessu stigi þess, og mun jeg geyma mjer það til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla sömuleiðis að geyma mjer til 2. umr. þær athugasemdir, sem jeg kynni að hafa ástæðu til að gera við frv. þetta.

Síðan var málinu vísað til 2. umr.

Þrítugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 12. ágúst kl. 11 f. h.

Allir á fundi, nema þm. S.-Þing. (Jón Sigurðsson), sem var fjarverandi með leyfi forseta.

Forseti gat þess, að á lestrarsalinn væri lögð skýrsla frá 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), um lagasafn það, er hann ætlaði að gefa út.

Frv. til laga um farmgjald skipa (C. 162; breyt.till. 326); 3. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg hef enga ástæðu til að halda langa tölu í þetta sinn. Jeg hef eptir bendingum hæstv. landsh. gert þá breyt.till., að nema burtu orðin »fyrir áteiknun skipaskjala»; sömuleiðis við 4. gr. þá breytingu, að orðunum »fyrir áteiknun skipaskjala» sje bætt inn í, því 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1880 er ekki úr gildi numin með tilliti til áteiknunarinnar, heldur með tilliti til borgunarinnar fyrir áteiknunina. Jeg vona, að h. þingd. verði þessu máli hlynnt, eins og líka vert er.

Atkvæðagr.: 1. gr. samþ. með 19. atkv.

Breyt. við 2. gr. samþ. með 19 atkv.
2. gr. þannig breytt samþ. með 19 atkv.
3. gr. samþ. með 18 atkv.
Breyt. við 4. gr. samþ. með 20 atkv.
4. gr. samþ. með 18 atkv.
Frv. í heild sinni sömuleiðis samþ. með 18 atkv., og síðan sent Ed.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1882—1883 (C. 75, nefndarálit 291); 2. umr.

Framsögumaður (Gunnl. E. Briem): Það sjest í áliti nefndarinnar um reikningsmálið fyrir þessi ár, hvernig hún hefir skoðað þessar 50 kr. til prestsins í Ögurþingum, sem getið er um í 4. gr. frv.; þótti henni bezt við eiga, að leita um þær aukafjárveitingar samkvæmt tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna; en þetta atriði er svo bundið við reikningsmálið fyrir þetta sama fjárhagstímabil, að mjer virðist það engan veginn hentugt, að taka fjáraukalagafrv. á dagskrá, og ræða það á undan sjálfu reikningslagafrumvarpinu. Jeg ætla svo ekki að tala fleira að sinni, fyr en jeg heyri einhver andmæli frá hinum h. þingmönnum.

Magnús Andrjesson: Í 5. gr. er farið fram á aukafjárveitingu, 1,250 kr. 37 aura, og í þessari upphæð eru taldar 260 kr., en á þeim stendur þannig, að 200 kr. af þeim er viðbót við endurgjald fyrir ferðakostnað lanlæknis Schierbecks til Islands, sem sjá má í athugas. yfirskoðunarmanna á bls. 195, en 60 kr. eru styrkur til greptrunar fyrverandi landfógeta Stef. Gunnlaugsens, og má sjá það á bls. 196 í aths. yfirskoðunarmannanna; nú get jeg hugsað mjer, að sumir vildu draga þessar 260 kr. frá, áður en 5. gr. verði samþykkt, en hjeðan af er ekki hægt að koma því við, við þessa umræðu; en það mætti gera breyt.till. í þá átt til 3. umræðu.

Eirikur Briem: Það er satt, sem h. þm. segir, það er nú í þetta skipti ekkert við frv. að gjöra, úr því engin breyt.till. hefir komið fram þessu viðvíkjandi, og þó einhver hefði ætlað að gjöra breyt.atkv. við þetta frv., þá getur verið, að hann hafi búizt við, að reikningsmálið fyrir þessi sömu ár mundi koma á undan til umræðu, því þessi mál eru í nánu sambandi. 3. umr. um þetta mál ætti því helzt ekki að eiga sjer stað fyr en lokið er 2. umr. um reikningsmálið. En í þetta sinn finnst mjer sjálfsagt, að samþykkja 5. gr. eins og hún er.

Magnús Andrjesson: Það var líka það, sem jeg meinti; jeg tók þetta að eins fram til að leiða athygli h. þingmanna að þessu.

Landshöfðingi: Jeg get yfir höfuð mikið vel fellt mig við aðgjörðir nefndarinnar í þessu máli; tillögur hennar fara allar mjög nærri stjórnarfrv.; það er að eins eitt atriði, sem h. nefnd hefir tekið upp, sem ekki var í frv. stjórnarinnar; það eru einar 50 kr.; og þótt jeg fyrir mitt leyti álíti það ekki nauðsynlegt, þá hef jeg ekkert á móti því, en treysti því, að h. þingd. muni samþykkja þessa útborgun, sem þegar hefir átt sjer stað, og fari þar eptir till. h. nefndar. Viðvíkjandi 5. gr. er jeg samdóma h. þm. Húnv. (E. Br.), að hún verði samþykkt nú, fyrst ekkert breyt.atkv. við hana liggur fyrir; það má gjöra breytingu við hana við 3. umr., ef ástæða þykir.

Jón Ólafsson: Jeg verð að telja það miður heppilegt, að þetta mál skuli koma til umræða á undan reikningsmálinu, því þessi atkvæðagr. bindur hendur á mönnum við hina síðari atkvæðagr.; ef þetta er samþykkt nú, þá eru menn neyddir til að samþykkja tilsvarandi lið í reikningsfrv. Það er hjer einkum tvennt, sem mjer þykir óviðkunnanlegt, og sem þegar hefir verið tekið fram. Það er að veita viðbót við ferðastyrk til manns, og kalla það ferðastyrk embættismanns, enda þótt maðurinn alls ekki væri embættismaður þá, þegar hann ferðaðist hingað. Hann ferðaðist hingað að eins til að taka próf. Embættismaður var hann ekki fyr en hann var búinn að fá embættið, en embættið fjekk hann ekki fyr en hann var búinn að taka prófið og standast það, og þannig löngu eptir að hann var búinn að fara ferð þá, sem styrkurinn er veittur til.

Þá er hitt, sem mjer einnig virðist und-

arlegt, og það er að brúka landssjóð eins og vara-sveitarsjóð eða fátækrasjóð fyrir konunglega embættismenn, sem ekki eiga fyrir útför sinni. Vitaskuld á það sjer einstöku sinnum stað, að mestu þjóðskörungar eru jarðaðir á ríkisins kostnað, þá er ríkið vill sýn sóma frægustu sonum ættjarðarinnar; en slíkt getur ekki verið tilfellið hjer, að þessum dána heiðursmanni alveg ólöstuðum; landssjóður verður með þessu eins konar fátækrasjóður eða sveitarsjóður fyrir Danmörk, því hinn framliðni maður mun hafa verið búinn að vinna sjer sveitfestu í Khöfn. Og þótt engin breyting liggi fyrir um þetta í dag, þá væri æskilegt að einhver ráð sæjust til að aukafjárveitingin í 5. gr. yrði færð niður um 260 kr.

Framsögumaður (G.E.Briem): Landlæknir Schierbeck sótti ekki um að fá endurgoldinn ferðakostnað sinn hingað til landsins fyr en hann var búinn að taka hjer próf og standast það og orðinn settur embættismaður hjer. Hvað að öðru leyti snertir þessar 60 kr., þá er það satt, að strangt tekið getur maður ekki sagt, að það sje heppilegt, en úr því að þessi gamli embættismaður var svo fátækur, að hann átti ekki fyrir útför sinni, þá rjeðst ráðgjafinn í að veita þennan styrk til greptrunarinnar og tók það fje af því, sem ætlað var til óvissra útgjalda í fjárlögunum; en það er auðvitað á valdi þingsins, hvort það vill samþykkja þessa fjárveiting eða ekki, en jeg fyrir mitt leyti ræð til þess, að hún sje samþykkt.

Forseti: Að engin breytingartillaga er komin fram við þetta frv. er ekki mjer að kenna, og ekki því að kenna, að mál þetta er nú tekið á dagskrá. Hverjum h. þingmanni hefir verið innanhandar að gera breytingar við frv.; athugasemdir yfirskoðunarmannanna hafa h. þingmenn haft frá fyrstu dögum þingsins, og þannig höfðu þingmenn nægar skýringar fyrir hendi til þess að gera breyt.till. við þetta frv., enda benda ástæðurnar við stjórnarfrv. til þess

Framsögumaður (Gunnlaugur E. Briem): Það á nú ef til vill ekki við, að jeg svari þessari ræðu h. forseta; en þegar þetta mál kemur á dagskrá næst á eptir fjárlögunum, þá er það mjög eðlilegt, þó h. þingm. hafi ekki athugað, og enda ekki haft tíma til að gera breytingar við það, en það má koma þeim að til 3. umr., ef h. þm. álíta það nauðsynlegt.

Forseti: Jeg get ekkert gert við því. Það mátti þó gera breytingar við þetta frv. áður en fjárlögin komu á dagskrá.

Jón Ólafsson: Það er ómögulegt að segja, að það sje nærgætnislegt af stjórninni, að láta engar aðrar skýringar fylgja þessu frv. en vísa til heillar stórrar bókar. Stjórnin hefði með örfáum línum getað sparað þingmönnum þann tíma, sem þeir þurfa að verja til þess að fara í gegn um alla þessa bók.

Hvað viðvíkur þessum 60 kr., þá er það ísjárvert og gæti leitt til mikillar misbrúkunar. Ráðgjafinn veitti þetta fje heldur ekki af því fje, sem hafði verið ætlað til óvissra útgjalda, heldur fram yfir það; og þess vegna þarf til þess aukafjárveitingu. Það væri líka skrítið, ef ætti að greptra alla fátæklinga upp á landsins kostnað, ef þeir hefðu einhvern tíma verið konunglegir embættismenn. Það gætu ef til vill orðið margir.

En viðvíkjandi þessari viðbót við ferðakostnað landlæknis Schierbecks, skal jeg að eins taka það fram, að fyrst það er viðbót við ferðakostnað landslæknis Schierbecks, þá hlýtur hjer að vera átt við einhverja ferð hans, sem hann hefir farið í embættisþarfir eptir að hann varð landlæknir, og þess vegna getur ekki verið átt við ferð hans hingað til landsins, þegar hann kom hingað til að taka próf, áður enn hann varð landlæknir. En um það vantar alla vitneskju, að hann hafi farið nokkra slíka ferð. En ef það er viðbót við ferðastyrk hans hingað til þess að ganga undir próf, þá ætla jeg enga lögheimild til vera, að veita mönnum styrk til að ferðast úr einu landi í annað til að taka próf, og þar að auki kalla jeg það dýrt, að 600 kr. skuli ekki duga. Öllum öðrum dauðlegum duga 600 kr. og enda miklu minna til þess að kom-

ast frá Danmörku og hingað. Menn munu segja, að það hafi orðið svona dýrt, af því að hann hafi orðið að flytja konu og börn og allt bú sitt, en jeg held að það sje ekki meiningin, þótt einhverjum sje veittur ferðastyrkur, að honum sje þar með veittur styrkur til að flytja svo og svo margt fólk, og hver veit hvað af dýrum jarðarinnar, líkt og þegar Nói sálugi sigldi með örkina hjerna um árið. Og það er því undarlegra, að þingið skuli vilja veita þetta, sem það vill ekki veita honum aðra beiðni hans, sem á miklu meiri sanngirni er byggð.

Landshöfðingi: Það er tvennt hjá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem ekki er alls kostar rjett. Hann sagði, að maður sá, sem hjer er um að ræða, hafi ferðazt hingað til þess að taka próf; en það er ekki alveg rjett; hann ferðaðist hingað til þess að taka við embætti eptir að hann væri búinn að standast próf það, sem var skilyrði fyrir, að hann tæki við embættinu. Þessi viðbót var ekki veitt fyr en á eptir, og hefði hann ekki tekið við embættinu af einhverjum ástæðum, þá hefði hann sjálfsagt greitt styrkinn til baka, og þá heldur enga viðbót fengið.

Hvað 60 kr. snertir, þá var það mjög mannúðlegt af stjórninni, að veita þennan litla styrk til þess að koma gömlum íslenzkum embættismanni í gröfina, svo úr því yrðu engin vandræði; það er svo mannúðlegt, að jeg held, að þingið hljóti að geta vel fallizt á þessa fjárveitingu. Jeg vona því, að báðar þessar aukafjárveitingar verði samþykktar.

Þá tók h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) það fram, að skýringar stjórnarinnar við þetta frv. væru ónógar; mjer finnst þetta frv. vera svo einfalt, að það sje hægt að átta sig á því jafnvel skýringalaust. Það er líka gjört ráð fyrir því, að h. þingmenn gjöri sjer það ómak, að kynna sjer athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna og sömuleiðis svör landshöfðingja upp á þessar athugasemdir, og þá hafa h. þingmenn allar þær skýringar, er þurfa þykir, til þess að geta haft meining sína á rökum byggða um þetta frv.

Jón Ólafsson: Viðvíkjandi því, að hinn h. landsh. áleit sjálfsagt, að landlæknirinn mundi hafa endurborgað ferðastyrkinn, ef hann af einhverjum ástæðum ekki hefði tekið við embættinu, þá verð jeg að telja það mjög ólíklegt; því stjórnin hefir hingað til ekki fylgt þeirri reglu, að heimta slíkan styrk endurborgaðan, þótt tilgangi þeim, sem hann var veittur í, væri aldrei fullnægt. Enda á stjórnin ekkert með að kasta þannig landsins fje á glæ, án allrar tryggingar, í þeirri von að, síðar skapist einhver veik átylla til að veita styrkinn.

En hvað viðvíkur skýringunum við frv. þetta, þá skal jeg geta þess, að athugasemdir yfirskoðunarmannanna eru 239 bls., og maður þarf að lesa að minnsta kosti 194 bls. til þess að fá hinar nauðsynlegu skýringar þessu frumv. viðvíkjandi, og tími þingmanna er svo naumur, að þeir geta ekki lesið slíkt, nema í mörgum köflum.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla að leyfa mjer að taka fram, að jeg held að það hafi eigi verið að öllu leyti rjett hjá hæstv. landshöfðingja, að Schierbeck læknir hafi komið hingað til að taka embætti, heldur mun hann hafa komið til að taka próf, og gat því eigi verið vissa, heldur að eins von um, að hann mundi fá embættið, því hann var eigi búinn að taka prófið, áður en hann kom. En jeg stend nú eiginlega upp til þess að spyrja h. framsögumann (G. E. Br.) um, hvort lög hafi verið fyrir því áður, að hver embættismaður, sem kemur frá Khöfn til að fá sjer embætti, hvort sem hann er ríkur eða fátækur, eigi að fá ferðastyrk hingað upp; ef svo er, þá er auðvitað, að Schierbeck læknir hefir átt að fá þennan ferðastyrk, þá er hann var búinn að taka examen og fá embætti; en ef að eins á að veita þeim styrkinn, sem vantar efni til að komast öðruvísi, þá þurfti þessi læknir eigi að fá styrk, því hann var búinn að sýna, að hann gat komizt hingað styrklaus.

Jeg er samdóma h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) í því, sem hann sagði um útfararkostnað Stefáns Gunnlaugsens, því að það er eigi sannað, að útförin hefði eigi orðið borguð á annan hátt en úr landssjóði; mjer er kunnugt, að minnsta kosti, að einn af sonum hanns er á lífi, og víst í allgóðum kringumstæðum; hann er meðritstjóri að dagblaði í Bryssel, sem hefir mikla útbreiðslu, og mundi því hafa haft efni á að kosta útför föður síns. Jeg vona að sönnu, að deildin neiti eigi um fje þetta, en það ætti eigi að koma fyrir optar, að veita slíkan styrk. Það er ekki siður að jarða menn á opinberan kostnað, nema stöku sinnum í öðrum löndum þá menn, sem menn vilja sýna sjerstaka virðingu.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að leyfa mjer að svara h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.); en er þakklátur hæstv. landshöfðingja, að hann er samdóma nefndinni. Ef jeg hefi tekið rjett eptir, þá var ferðastyrkurinn beittasti þyrnirinn, sem stakk þá. H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) hugði, að styrkurinn hefði verið rangveittur, af því að læknirinn hefði eigi haft hæfilegleika til embættis, af því hann hafði eigi sannað það með prófi; en því neita jeg, því að hann sýndi það strax, að hann hafði þá. Hinn sami h. þm. dró í efa, hvort styrkurinn hefði verið veittur að lögum eða eigi; um það skal jeg ekki dæma, því að jeg er enginn lögfræðingur, en hitt veit jeg, að það hefir verið gömul praxis, að veita ferðastyrk mönnum til embætta þeirra; en gömul praxis getur orðið og verður að lögum. Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta orð h. 2. þm. S.-M. (J. Ó.), af því honum þótti styrkurinn of mikill, að það voru eigi 800 kr., heldur fyrst 400 kr. og 200 kr. síðar, sem veittar voru til ferðastyrks, og þegar þess er gætt, að maðurinn þurfti að flytja svo mikið af verkfærum með sjer, til þess að geta orðið til gagns, þá hlýtur mönnum að þykja ferðastyrkurinn ekki svo mikill.

Jeg ætla líka að svara athugasemd h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) um hinar 60 kr. til jarðarfarar íslenzks embættismanns Stefáns sál. Gunnlaugsens; hann áleit eigi vera þörf að borga þennan kostnað, því að synir hans mundu hafa getað borgað hann eða þá hreppur hans. Að jarða íslenzkan embættismann á hreppskostnað, kann jeg eigi við, en hvað snertir sonu hans, mundi það hafa verið tafsamt að senda boð til annars sonar hans, sem var í París og fá það aðan 30 kr., en hinar 30 krónurnar frá Ameríku, þar sem hinn sonurinn er. Þegar þetta er gjört að kappsmáli hvorttveggja, get jeg eigi skoðað það öðruvísi en sem títuprjóna til hlutaðeigandi manna.

Þorkell Bjarnason: Viðvíkjandi því sem h. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að það væri eigi rjett mælt af mjer, þegar jeg sagði að dr. Schierbeck hefði eigi komið hingað til að taka við embætti og að hann hefði eigi haft hæfilegleika til þess, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að hann var hjer víst nokkurn tíma hjá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) til að læra íslenzku, áður en hann tók próf, *(H. Kr. Fr.:* það var vika), og hvernig gat sá maður komið til að taka við embætti, sem hvorki hafði tekið próf í íslenzku nje kunni íslenzku til hlítar áður en hann fór frá Höfn? H. þm. (E. K.) sagði og, að það mundi hafa orðið tafsamt að leita til sona Stefáns sál. Gunnlaugsens til að ná í útfararkostnaðinn; en jeg held að það hefði verið hægðarleikur og fljótunnið að tilkynna þeim látið með hraðfrjett og óska eptir að fá kostnaðinn borgaðan á sínum tíma. Mjer er kunnugt að annar sona hans, Ólafur, hefir þá verið í Bryssel, en hinn, Bertel, í París, en nú er hann trúboðari meðal Íslendinga í Ameríku. Jeg held líka, að nógur tími hefði verið síðar, að leita til þeirra með borgun þessa, og efast jeg eigi um, að þeir mundu hafa haft ánægju af að geta greitt kostnað þennan, ef þeir hefðu fengið að vita, að þess þyrfti við.

Framsögumaður (G. E. Briem): H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) er nú kominn að raun um, að það voru 600 en ekki 800 kr., sem landlæknirinn sótti um í ferðastyrk eptir það að hann var settur; upphaflega sótti hann um 600 kr., en fjekk þá ekki veitt-

ar nema 400 kr., en svo ítrekaði hann ósk sína og fjekk þá 200 kr. í viðbót Jeg álít að stjórnin hafi haft rjett til að veita landlækninum ferðastyrk; en það kann að vera öðru máli að gegna um upphæðina. Á alþingi 1883 kom líkt dæmi fyrir. Það var þá að ræða um 800 kr. ferðastyrk til amtmanns J. Havsteens, sem þingið samþykkti, en sem jeg ætla að hafi þó gefið tilefni til frv. til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841, og er þannig loku fyrir skotið, að stjórnin geti veitt ferðastyrk framvegis, eða misbrúkað vald sitt í því tilliti. Jeg vonast því eptir, að h. þingd. fari eigi að neita um þennan síðasta ferðastyrk.

Hvað snertir hinn 60 kr. greptrunarkostnað hefði má ske átt að leita til fleiri ættingja hins látna en þeirra sem voru í Khöfn, og þótt það sje eigi lagaheimting að veita þetta fje, þá álít jeg það þó mannúðlegt af þinginu að gjöra það.

Landshöfðingi: H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) bar það fram, að jeg hefði ranghermt, þegar jeg sagði, að Schierbeck læknir hefði komið hingað til að taka við embætti. Þetta er eigi rjett. Það var ákveðið áður en hann fór frá Khöfn, að hann yrði settur strax í embættið þegar prófið væri búið. Það er því eigi ranghermt, að hann hafi komið til að taka við embætti.

H. þingdm. hafa eytt mörgum orðum um þenna 60 kr. greptrunarstyrk; en jeg vona, að það verði eigi gert að kappsmáli, að fella hann. Aptur á móti játa jeg, að eigi á við að veita opt greptrunarstyrk úr landssjóði; en hjer var um fátækan embættismann að ræða, og er þetta því að eins undantekning, og þarf heldur eigi að hafa nein eptirköst. Stjórninni verður nú kunnugt, að þetta er ef til vill móti þinginu; en það mun og varla koma fyrir, að slíkur styrkur verði aptur veittur.

Atkvæðagreiðsla:

1. gr. leiðrjett samþ. með 20 atkv.
2. — —— — 21 —
3. — —— — 21 —

Breyting á 4. gr. —— — 20 —

4. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 20 atkv.

5. gr. samþ. óbreytt með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frv. til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 327, breyt.till. 330); ein umræða.

Arnljótur Ólafsson: H. þingdm. munu ætlast til af mjer, að jeg geri grein fyrir breytingartill. minni, með því að verði hún samþykkt hjer í deildinni verður málið að koma fyrir sameinað þing. Það eru eigi nema tvær efnisbreytingar og eru þær við 3. grein. Það stendur svo í frv. frá h. Ed. í annari málsgrein 3. gr.: »Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar láta eigi prófast vita, áður frestur þessi er liðinn, að enginn í söfnuðinum vilji nota kjörrjett sinn, skal o. s. frv.« En í stað þessara orða hef eg sett orð þau, er áður stóðu í frv. Nd.: »söfnuðurinn ætli sjer eigi að«. Munurinn er verulegur. Það er eins og Ed. hafi hugsað sjer, að sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar, sjeu þær tvær, eigi á einum 14 dögum, sem umsóknarbrjefin eiga að liggja frammi, að ganga fyrir hvern mann í söfnuðinum, og vita, hvort hann vilji nota kjörrjett sinn eða eigi. Þetta er ofætlun fyrir sóknarnefndina, og getur því enginn ætlazt til þess, að hún fortaki, að enginn í söfnuðinum vilji nota kjörrjett sinn. Það er og þýðingarlaust, að grafa svo út fyrir allar æsar, að enginn maður sje sá til í heilum söfnuði, sem vilji nota kjörrjettinn; því þegar meiri hluti safnaðarmeðlima þeirra, er kosningarrjett hafa, eiga að sækja kjörfund, og aptur fullur helmingur þeirra, er á kjörfund koma, útheimtist til þess að einn umsækjandi sje rjett kjörinn, þá gerir það lítið til, hvort eingöngu fáeinar hræður vilja sækja kjörfund og kjósa. Önnur málsgrein er sú í 3. gr., sem hljóðar svo: »Á þessum fundi skal öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, ef þeir eru orðnir fullra 25 ára o. s. frv.« Málsgrein þessa liggur beinast við að skilja svo, að 25 ára aldurinn o. s. fr. eigi við umsækjendurna, en ekki við kjósendurna. Hjer er því meiningarvilla, og því vil jeg setja í stað

orðanna: »Umsækendur þá sem í kjöri eru« orðin: »Umsóknarbrjef þau er fram voru lögð«. Jeg hef komið með breytingartill. til þess að orða þetta ákvæði betur, svo eigi yrði villzt á því. Hinar breytingarnar við 11. gr. eru eigi annað en leiðrjettingar. Mjer finnst nauðsynlegt, að þessar breytingar í 3. gr. komist á, og vona því, að h. þingdm. samþykki þær, og horfi eigi í þann kostnað sem af því leiðir, að kveðja til sameinaðs þings. Það þarf eigi að gera það til þessa eina máls að eins, heldur liggja líka önnur mál að líkindum fyrir, sem þurfa að ræðast þar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Eyf. (A. Ó.) um það, að nauðsyn beri til að láta þetta mál koma í sameiginlegt þing, af þeim ástæðum sem hann tók fram. Jeg skal ekki segja, að frv. hafi batnað fyrir breytingar h. Ed., en þær hafa ekki gert það að verkum, að endilega sje nauðsynlegt að breyta frumv. H. þm. vildi skilja svo 3. gr., sem sóknarnefndin þyrfti að ganga fyrir hvert mannsbarn í sókninni; en eptir sambandinu hygg jeg, að öllum sje ljóst, að sóknarnefndin þarf að eins að vita vilja þeirra, sem kjörrjett hafa, og það er henni hægt. Jeg skal játa það, að þessi ákvörðun »enginn í söfnuðinum vilji nota kjörrjett sinn«, sem h. Ed. hefir sett inn, er nokkur efnisbreyting. En hve margir eiga það að vera, sem geti haft heimting á að fá að neyta kjörrjettar síns? Er annað rjettara, er um kosning er að ræða, en að þeir fái að neyta kjörrjettarins, sem vilja, hvort sem þeir eru margir eða fáir? Jeg hygg, að ekki sje gott að ákveða þá tölu með lögum. Og þótt minni hlutanum sje gefinn rjettur til að láta kosninguna fram fara, þá hygg jeg að það mæli heldur með en móti frv., eins og það nú kemur frá h. Ed., og vona jeg að h. þm. Eyf. (A. Ó.) sjái það líka, ef hann hugsar sig betur um. Að þetta sje ómögulegt getur ekki verið skoðun hans, *(A. Ó.:* Jú). Nei; það er ómögulegt, að þetta sje ómögulegt. Orðin í niðurlagi 3. gr. eru líka fullskiljanleg hverjum þeim, sem vill reyna að skilja. Það hefði mátt orða þetta á annan veg; en millumsetningin er ljós af því sem vitnað er í lögin 27. febr. 1880 og 12. maí 1882, því þau eru um kosningarrjett, en ekki um kjörgengi presta, eða þá presta, sem hafi rjett til að velja. Þessa villu í 11. gr. get jeg ímyndað mjer að h. deild gæti komið sjer saman um að laga án breytingaratkv., og álíta þannig að eins sem prentvillu, svo að frv. þurfi eigi þess vegna að komast í sameinað þing. Jeg leyfi mjer þess vegna að mæla með því, að frv. verði samþykkt, eins og það nú er, og álít jeg það full-aðgengilegt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg gat ekki sannfærzt af hinni snjöllu ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.). Að því er seinni breytingaratkv. snertir, vil jeg skjóta því til allra í þessari h. deild, sem íslenzka tungu kunna, hvernig þeir skilji niðurlag þessarar gr. í frv. h. Ed. Þar stendur: »Á þessum fundi skal öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, ef þeir eru fullra 25 ára« o. s. frv. Við hverja á nú eptir eðli málsins þetta »ef þeir«? Við hverja á orðið »þeir«, nema við karlkennda orðið sem er komið næst á undan, þ. e. »umsækjendur«, og þá hlýtur líka að eiga við þá þessi síðasta klausa um »atkvæðisrjett á safnaðafundum«, því hún getur ekki átt við »meðlimi þjóðkirkjunnar« í upphafi málsgreinarinnar. En hvað leiðir nú af þessu? Mjög mikilvæg og gersamleg efnisbreyting á 3. gr. Sú breyting, að allir þeir, sem eru meðlimir í þjóðkirkjunni í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, þeir hafa allir atkvæðisrjett. Nýfæddu börnin hafa óspillt mannorð, og jafnskjótt og þau geta talað, hafa þau kosningarrjett. Þetta er alveg nauðsynleg afleiðing, og svo framarlega, sem h. þingm. álíta það rjett mál, sem jeg hef nú tekið fram, er sá eini kostur nauðugur, að breytingartill. mín komist að.

Nú skal jeg snúa máli mínu að hinu fyrra atriði í gr., þar sem stendur, að »sóknarnefndin eigi að láta prófast vita, að enginn í söfnuðinum vilji nota kjörrjett sinn«.

Jeg verð að halda því fram, að það sje ómögulegt fyrir sóknarnefndina, að ganga úr skugga um það, að enginn vilji nota kjörrjett sinn, nema með því móti, að húsvitja hvert heimili. Og allra sízt er þetta mögulegt fyrir sóknarnefndina, þegar hver maður, sem búsettur er í prestakallinu og óspillt mannorð hefir, fær kosningarrjett. Og þótt þetta væri nú mögulegt fyrir sóknarnefndina, til hvers er þá ákvæði þetta? Ákvæðið hleypur langt fram um allan tilgang laganna og alla skynsemd. Tilgangur laganna er sá, að kosningin komi að gagni. En það er tilgangslaust, að halda kjörfund til þess, að þeir, sem koma, skiptist t. a. m. í 3 flokka og sinn kjósi hver flokkur og fái þannig enginn umsækjandi hinn ákveðna atkvæðafjölda samkv. 9. gr., sem er fullur helmingur atkvæða. Það sjá allir menn, að þetta er þýðingarlaus kosning. Til hvers er það þá, að gera sóknarnefndinni að skyldu, að grennslast eptir því, hvort 2 eða 3 safnaðarmeðlimir vilji nota kosningarrjett sinn, þegar það ekki verður að neinu gagni að kjósa, nema helmingur sóknarmanna, er kosningarrjett hafa, taki þátt í kosningunni, og einhver umsækjenda fái fullan helming atkvæða þeirra, sem greidd eru samkv. 9. gr? Skyldi það vera tilgangurinn, að æfinlega skyldi kjörfundur haldinn, hvort sem það kæmi að nokkru haldi eða ekki? Það er ekki sanngjarnt, að jafna þeim kostnaði, sem af því kynni að leiða, niður á alla, sem kosningarrjett hafa samkvæmt 11. gr. og 3. gr. Eða er það hugsun h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að halda kjörfund, hvort sem það verður til nokkurs gagns eða ekki, og kasta kostnaði af slíku kjöri yfir á söfnuðinn? H. þm. veit þó, að prófastar eru ekki fúsir á að ferðast meira en þeir eru skyldir til — jeg segi ekki að þeir vilji ekki fara sínar vísitazíuferðir og aðrar nauðsynlegar ferðir í prófastsdæminu; en jeg hygg, að gamlir prófastar leggi ekki á sig miklar aukaferðir fram yfir skyldu sína, enda þótt þeir fái þann kostnað sinn endurgoldinn. Jeg er samdóma h. 1. G.-K. (Þ. Böðv.) um það, að prófastar eigi að hafa mikla þýðingu og sjerstaklega á þessum kjörfundum; en það er ekki til neins, að vera að ómaka þá á þann kjörfund, sem enga þýðingu hefir. Það getur verið, að þeir fáu, sem koma, hlýði prófasti til að koma sjer saman um einn vissan umsækjanda; en það er eig hugsun laganna, að kjósendur fari fremur eptir vilja prófasts en sínum eigin vilja, fremur eptir utanaðkomandi vilja en eigin innri vilja. Í annan stað er það og mjög óeðlilegt, að einn einstakur safnaðarlimur sje svo rjetthár, að hann einn geti dembt talsverðum aukakostnaði á allan söfnuðinn, þvert ofan í vilja safnaðarins sjálfs. Það er þetta, sem jeg verð að leggja sjerstaklega áherzlu á, að söfnuðurinn ráði því sjálfur, hvort hann vill nota kjörrjett sinn og greiða þar af leiðandi kostnað, en ekki, að einn einstakur maður geti ráðið því. Það er öldungis ný fjelagsregla, að heildin, fjelagið, skuli þurfa að leggja sig undir vilja eins einstaks fjelagsmanns. Þetta er öldungis ný regla í lögum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef heyrt, að einn h. þm. í h. Ed. hafi sagt, að Nd. bæti ekki stundum frv., sem henni eru send frá hinni efri deild; en nú held jeg að megi snúa þessu við; því að nú held jeg að hið sama megi segja um h. Ed., að hún hafi ekki bætt þetta frv. Jeg verð að telja breytingartill. h. þm. Eyf. (A. Ó.) alveg nauðsynlega. Því að þetta, sem stendur í 3. gr., að enginn vilji nota kjörrjett sinn, getur ekki á nokkurn hátt samrímzt við 9. gr., þar sem stendur, að einn umsækjandi þurfi að fá helming atkvæða sóknarbúa þeirra, sem atkvæðisrjett hafa. Þetta er öldungis hvað á móti öðru. Eins er það gagnstætt allri hugsun, að einungis einn maður geti bakað öllum söfnuðinum kostnað á þennan hátt, þegar kosningin auk þess er með öllu ómerk. Í öðru lagi er þessi langa eptirsetning í 3. gr. svo afskaplega óljós og illa orðuð, að það er eigi samboðið sóma þingsins, að láta hana frá sjer fara á þennan hátt. Eptir rjettum málsreglum hljóta orðin »ef þeir« að vísa til orðsins »sem« á síðari staðnum, og verður þannig

eigi heimfært til annara en þeirra, sem í kjöri eru. Jeg verð því að halda því fast fram, að breytingartill. h. þm. Eyf. komist að, enda þótt frv. þurfi þá að koma í sameinað þing. Þingtíminn er ekki orðinn svo naumur enn, að það þurfi að gera málinu nokkurn tálma.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg gat heldur ekki sannfærzt af hinni snjöllu ræðu h. þm. Eyf. (A. Ó.) nje h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.). Jeg skal játa það, að 3. gr. er ekki sem heppilegast orðuð; en hún er þó auðskilin fyrir hvern þann, sem vill skilja hana. Lesi maður eins og h. þm. Eyf., að kosningarrjetturinn nái yfir börn, þá er greinin slæm; en þar sem sagt er í gr., að þeir, sem kosningarrjett hafa, eigi að vera búsettir, þá útilokar það þann skilning. En jeg vil benda á einfaldan mögulegleika. Ef nefndin býður til almenns fundar ... *(A. Ó.:* En ef nú ei allir koma?). Já, einmitt, ef nú ekki svo margir koma, að nemi helming þeirra, sem kosningarrjett hafa samkvæmt 9. gr., er kjörfundurinn ógildur eða ólögmætur. Þannig rekur að því sama, sem h. þm. Eyf. vildi forðast. Svo að þannig er það einmitt heppilegt, að sóknarnefndin grennslist eptir því fyrirfram, hvort sóknarmenn vilja nota kjörrjett sinn eða eigi. Hvað það snertir, hvort prófastar eru fúsir á að ferðast, þá skal jeg láta það ósagt; en hitt veit jeg, að hjer syðra munu þeir ekki telja eptir sjer að fara ferðir, þegar þörf gerizt, og vil jeg vitna undir presta þá, sem hjer næstir sitja. *(A. Ó.:* Já, en hvort þeir ferðast meir en þeir þurfa, það er annað mál).

Eirikur Kúld: Jeg verð þó að vera á annari skoðun en h. þm. G.-K. (Þ. Böðv.). Jeg skal ekki kasta þungum steini á h. Ed.; en jeg verð að játa, að skotizt getur þó skýrir sje. Eins og frv. nú er, verð jeg að álíta það alveg óhafandi, og það er ekki til sóma fyrir þingið, að senda frá sjer lög, sem eru alveg óskiljanleg eptir rjettu máli. Jeg skal ekki taka það upp, sem h. þm. Eyf. hefir sagt, nje h. þm. Rvík., hvað þetta snertir. En þar sem hjer er svo að skilja, að orðin »ef þeir eru orðnir 25 ára», hljóti að eiga við umsækjendurna, þá getur svo farið, að söfnuðurinn neyðist til einmitt að hafna þeim manni, sem hann eindregið vill helzt velja, ef svo stendur á, að hann er ekki, þegar hann sækir, fullra 25 ára, en hefir fengið aldursleyfi sem 24 ára gamall; af því hann er 24 ára, má söfnuðurinn ekki kjósa hann, þótt hann helzt af öllum vildi hafa hann fyrir prest sinn. Jeg skal ekki tala um þá mótsögn, sem h. þm. Rvík. gat um; menn skyldu ætla honum, kennaranum í íslenzku, að geta skilið rjett mál.

En viðvíkjandi ummælum h. þm. Eyf. (A. Ó.) um prófastana, þá veit jeg, að þeir munu á Vesturlandi fara ferðir sínar, þegar skyldan býður þeim, hvort sem þeim er leitt eða ljúft.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar um þetta frv.; en, eins og það nú liggur fyrir, get jeg alls ekki aðhyllzt það, jafnvel þó það sje komið frá h. Ed.

Atkvæðagr.: Fyrri breyt.till. A. Ó. við 3. gr. samþ. með 16 atkv. gegn 2; síðari breyt. sama við sömu gr. samþ með 19 : 1; 3. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 21 atkv., og síðan endursent Ed.

Frv. til laga um fiskiveiðar í landhelgi (C, 297); ein umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg álít, að h. efri deild hafi lagfært frv. þetta með því, að breyta fyrirsögn þess. Sömuleiðis hefir hún gert dálitla breyting við 2. gr. frv., með því að skjóta þar inn í orðunum »sem að nokkru leyti er eign útlendra manna». Þessa litlu breyting tel jeg vera heldur til bóta. Eptir henni eiga að eins þau fjelög, sem að nokkru leyti eru eign útlendra manna, að vera skyld til að sýna lögreglustjóra lög sín. En eptir stjórnarfrv. voru öll hlutafjelög skyld til þess, þótt þau væru alveg innlend. Þessi breyting er auðsjáanlega gerð af því, að gengið er að því vísu, að innlendir menn þekki betur landslögin en útlendingar.

Í einu orði ræð jeg deildinni til að sam-

þykkja frumv. óbreytt, eins og það kom frá h. Ed.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. óbreytt, og síðan afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Frv. til laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (C. 228); 2. umræða.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal geta þess, að jeg og þm. S.-Þing. (J. S.) höfðum ráðgjört, að koma með breytingartillögur við frv. þetta. En hann er nú ekki viðstaddur, og við höfum enn ekki getað komið okkur saman um breytingar þessar. (*Forseti*: Þm. hafa þó haft viku fyrir sjer til þess). Já, mikið satt; en hinn h. forseti veit vel, eða ætti að vita, að við höfum haft mörgum öðrum málum að sinna þessa viku. Enda hugga jeg mig við það, að ef fleiri, eða meiri hluti h. þingdeildarmanna vill fallast á breytingar vorar, að þá getum við komið með þær við þriðju umræðu málsins. Jeg vil að eins geta þess nú, að aðalbreytingin snerti seinni kafla frv.; hann vil jeg að sje með öllu felldur úr frv., því hann er, eins og jeg hefi áður sagt, alveg óhafandi. En með fyrri kaflanum, lítt breyttum frá því, sem hann nú er, mun jeg geta greitt atkvæði. En, sem sagt, er seinni kaflinn ótækur, því hann eins og rjettir mönnum hendina til að beita harðýðgi. Vjer vitum, hverjar misfellur geta orðið á póstferðum hjer á landi, og einmitt það, þó ekki væri annað, getur orðið þess valdandi, að menn geti ekki í tíma greitt rentur af skuld sinni. Mjer sýnist þetta jafnvel neyða landsstjórnina til að beita þeirri hörku við heimtur landsfjár, sem það leyfir einstökum mönnum að gera; en slíkt get jeg ekki talið æskilegt eða til bóta. Að öðru leyti sýnist mjer reglur þær um lögtak, sem nú gilda, vel geta haldizt.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) ekki skilja alveg rjett efni 15. gr., eða líta eigi alls kostar rjett á það. Það er sjálfsagt, að eins og greinin er orðuð, þá fær láneigandi rjett til að taka skuldeign sína fjárnámi. En það er eptir að gá að, hverjum það sje eiginlega í hag, að láneigandinn öðlist þennan rjett. Það er einmitt lántakanda öllu fremur en lánveitanda. 15. gr. miðar að því, að skuldunautur geti samið svo við lánardrottinn sinn, að hann vilji lána honum fje sitt á þann hátt, er greinin til tekur, þótt hann vilji eigi ljá honum það á annan hátt. Vjer verðum að gá að því, að öll þau lög, sem veita lánardrottni trygging fyrir láni, eru lántakanda í hag, með því að sjerhver trygging eykur lánstraustið. Lánþeginn hefir vanalega meiri þörf á að fá lánið, en lánardrottinn á því, að ávaxta fje sitt. Fyrir því hættir mönnum við að vilja vernda hag lántakanda. Þetta er gert til dæmis í lögunum um frjálsan leiguburð, með þeirri ákveðning, að ekki megi taka hærri vöxtu en 4% gegn fasteignarveði. Nú virðist svo í fyrsta áliti, sem þessi takmörkun sje gerð til þess að lánveitandi skuli eigi íþyngja lántakanda; og það er sannarlega gert í þeim tilgangi. En afleiðingin verður sú, að peningamaðurinn lánar fremur öðrum en fasteignarmönnum peninga sína gegn 5%, ef sá maður hefir nokkurn veginn álíka gott veð sem fasteignareigandinn, svo í rauninni verður þessi ákveðning laganna, sem vera átti verndarskjöldur lántakanda, honum einmitt til óhagræðis.

Nú sný jeg mjer aptur að 15. gr. frv. Ef nú lántakandi fær lánið, án þess að skrifa nafn sitt undir slíka skuldbinding, sem hjer ræðir um, þá er auðvitað, að hann nýtir sjer það. En ef hann fær ekki lánið án slíkrar skuldbindingar, þá hefir hann um tvo kosti að velja. Annar er sá, að taka ekki lánið, en hinn, að ganga að skilyrðunum við það. Ef hann treystir sjer til að endurgjalda lánið, áður en til fjárnáms kemur, þá er engin hætta fyrir hann að ganga að skilyrðunum; en ef hann treystir sjer ekki til þess, þá getur það verið hætta fyrir hann; en þá getur hann og látið vera, að taka lánið, ef honum þykir það betra en að hætta á fjárnámið. En þótt nú til fjárnáms kæmi, þá get jeg ekki sjeð,

að það geti verið svo mikil hætta fyrir skuldunautinn, með því að mjer þykir líklegt, að hann muni fá fullt verð fyrir þær eignir, er seldar verða.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal játa það, að h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir mikið fyrir sjer í því, að svo má skoða, að þetta sje í hag fyrir lántakanda; því að það er auðvitað, að því betra er að fá lán, því betri trygging sem fyrir því er veitt. En það sannar þó ekki, að það sje fullkomlega rjett, sem hann sagði. Það er enginn efi á því, að ef jeg fer til kaupmanns og bið han um lán gegn 6%, og til okurkarls, og bið hann um lán gegn 200%, þá er jeg vissari að fá lánið hjá okurkarlinum en kaupmanninum. En skyldi það vera hagur fyrir mig að fara til okurkarlsins? Jeg held ekki. Munu ekki lögin með þessum ákvæðum sínum ofurselja fáfróða og óforsjála menn þungum álögum? Jú; um það er jeg alveg sannfærður. Fátækir menn neyðast einatt til að veðsetja kaupmönnum meira eða minna af eignum sínum. Jeg set t. d., að jarðeigandi maður taki lán í kaupstað um kauptíð; það lán getur hann ekki borgað fyrir nýár, og veðsetur þá kaupmanni bú sitt fyrir láninu. Eptir nýár koma harðindi, og kvikfjenaður hans fellur; þá verður aðgangurinn beint að jörðinni; hana verður að selja. *(A. Ó.:* Það er og rjett). Getur verið; en hjer kemur það fram: »summum jus summa injuria»; það er álíka rjett, eins og það var rjett í sumum lögum í fornöldinni, að skipta skuldunautnum sjálfum eða búta hann í sundur milli lánardrottnanna. Það sje fjarri mjer, að álasa Íslendingum fyrir mannúðarskort, eða að segja, að þeir sjeu harðir í fjárheimtum; þó er hætt við, að þeir menn muni finnast, sem hart gangi eptir skuld sinni, og það, ef til vill, beint af því, að þeir eru neyddir til þess, af því að þeir eiga að standa skil á fje því, sem þeir hafa innheimtu á fyrir aðra, eins og er um verzlunarstjóra hjer á landi. Á þessum lögum hljóta þessi lög að herða, og það að mínu áliti allt um of. Þetta meinti jeg með orðum mínum áðan, þótt jeg að öðru leyti játi, að frumvarpið geti í sjálfu sjer greitt fyrir mönnum með að fá lán. Jeg þekki að vísu ekki, að það sje svo erfitt, að fá lán gegn lögtrygging, þegar peningar á annað borð hafa verið til, og jeg hygg, að lánardrottnar sjeu ekki almennt ánægðir með fasteignarveð í trygging fyrir lánum. Á hinn bóginn veit jeg, að hin almenna rjettarmeðvitund álítur það mjög hart, að lögin skuli leyfa, að ganga að veði fyrir ómyndugra fje án undanfarandi dóms, og jeg veit til, að ákvæðum laganna hefir einmitt þess vegna ekki ætíð verið stranglega fylgt. Jeg játa það, að í fyrri kaflanum eru ýmsar ákvarðanir til bóta; en síðari kaflinn er að minnsta kosti mjög varúðarverður, vegna þess, að einstakir menn geta vanbrúkað hann, og landsstjórnin hlýtur að fylgja ákvæðum frumvarpsins við fjárheimtur sínar; því að búast má við, að henni yrði álasað, ef hún beitti þeim ekki við innheimtur á vöxtum af lánum og afborgunum; en þá gæti þó fjárnám stundum verið óeðlilegt, og valdið þeim misklíðum og skaða fyrir skuldunauta, sem eigi er hægt að sjá fyrir endann á. Það er óeðlilegt, að ganga að jörð og selja hana fyrir smávægilegum greiðsluföllum á vöxtum eða afborgunum; og á þá að selja jörðina alla, eða part úr henni? Jeg held, að þegar til framkvæmda kemur, verði ýmsir agnúar á að fylgja þessum lögum. Jeg get ekki sjeð, að þótt greiðsluföll verði á vöxtum og afborgunum, að ekki megi ganga hinn venjulega lagaveg. Það er opt örðugt í bráð, að fá peninga, þótt lítið sje. Jeg veit, að í Þingeyjarsýslu er það ómögulegt, að fá þá hjá kaupmönnum á veturna, og ekki fyr en vorskip koma; því að á haustin og fram að miðjum vetri eru fluttir út þeir peningar, sem þá eru til. Þó er 16. gr. hálfu verri en 15. gr., þar sem ákvæði hennar eru einnig látin ná til veðbrjefa þeirra, sem gjörð hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, og um þessa grein verður þó að minnsta kosti ómögulega sagt, að hún hjálpi mönnum til að fá lán, og jeg efast um, að hægt sje að fullnægja henni við dómstólana, því það stríðir gegn

öllum löggjafarreglum, að láta slík lög, sem þessi, hafa tilbakaverkandi afl, eður fá gildi aptur fyrir sig í tímanum, á samninga manna í millum.

Landshöfðingi: Jeg verð þó að ætla, að þessi hjer um ræddi kafli frumvarpsins hafi einnig mikla þýðingu, og jeg get ómögulega verið samdóma h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) um það, að hann innihaldi minnstu harðýðgi eða ósanngirni. Þessi ákvæði gefa skuldareigandanum í rauninni engan rjett, sem hann ekki hefir. Skuldareigandinn hefir rjett til að fá skuld sína greidda. Þetta er nú rjettur skuldareigandans; aptur hvílir sú skylda á skuldunaut hans, að greiða þessa skuld samkvæmt samningum þeirra; en hjer er að eins ákveðið, að gera skuldareigandanum ljettara fyrir, að ná þessum rjetti sínum, að ná skuld sinni, og jeg verð að álíta, að þetta sje hagfellt hjer á landi, því hjer er erfitt að fara í mál, og hjer eru engir málfærslumenn út um landið, sem menn geti snúið sjer til. Þar sem h. þm. (B. Sv.) tók það fram, að landssjóður yrði neyddur til að hafa þessa aðferð, þá álít jeg það engan veginn ósanngjarnt. Jeg álít gott, að stjórn landssjóðsins geti haft not af þessum rjetti, og þar sem hann ekki gengur of nærri rjetti skuldunautanna, þá finnst mjer ekkert á móti, að veita hann. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) tók það fram, að það væri mjög óeðlilegt, að þeir skildagar, sem settir væru í ólögmætum skuldabrjefum, skyldu vera lögmætir og gildandi eptir 16. gr., og ákvæði þessara laga fengju þannig »tilbagevirkende kraft«; en það er aldrei óeðlilegt, að þeirri skuldbinding, sem menn einu sinni hafa tekizt á hendur, um þá hluti, er menn hafa ráð yfir, sje fullnægt. Ef jeg hefi skuldbundið mig til, að það megi gera hjá mjer fjárnám, ef jeg uppfylli ekki þá skilmála, sem jeg hefi undirgengizt, þá er ekki óeðlilegt, að jeg verði neyddur til, að standa við þetta. Jeg get því ekki betur sjeð, en hvorug þessara greina innihaldi nokkuð það, sem gangi of nærri rjetti nokkurs manns. Þar á móti hafa þessar ákvarðanir mikla praktiska þýðingu, með því, að þær gera skuldareigandanum ljettara fyrir, að ná rjetti sínum. En þetta kemur einnig þeim, sem vill fá fje til láns, til góða, því hann á þá hægra með að fá lánið. Lánveitandi verður fúsari á, að veita lán, þegar hann veit, að hann á miklu hægra með að ná fje sínu inn aptur, ef hinn skyldi tregðast við að borga.

Benidikt Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer, að gera þá athugasemd við ræðu hæstv. landsh., þar sem hann talaði um hinn »tilbagevirkende« krapt laganna, að þá hefir skuldbinding sú, sem menn hafa undirgengizt í brjefum þeim, sem hann kallaði skuldabrjef, enga þýðingu, því sú skuldbinding hefir enga þýðingu, sem ekki hefir lagaafl. Hjer er ekki um neina skuldbindingu að ræða, heldur hlutarrjett eða »realrjett«.

Landshöfðingi: Jeg held, að þm. (B. Sv.) verði þó að játa, að það geti orðið til skuldbinding, þó hún hafi ekki beinlínis lagagildi, »obligatio naturalis«; og að þessi náttúrlega skuldbinding eigi sjer hjer stað, það verð jeg að álíta, og eins, að eðlilegt sje, að henni verði veitt það gildi, sem hún ef til vill ekki hefir eptir núgildandi lögum. Slíkt er reyndar vafasamt; það hefir ekki verið leyst úr því af dómstólunum hjer á landi enn, svo jeg muni eptir.

Lárus Blöndal: Jeg ætla að lýsa þeirri skoðun minni yfir, að jeg álít frv. þetta mikla rjettarbót. Jeg get ekki fallizt á athugasemdir h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) við 2. kafla frumvarpsins. Hæstv. landsh. og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hafa andmælt þeim athugasemdum um agnúa þá, sem þm. (B. Sv.) þykist finna á þessum kafla frv., og get jeg ekki annað en fallizt á andmæli þessi. Vjer verðum vel að gá að því, að ákvæðin í öðrum kafla frv. eru í raun rjettri til hagsmuna fyrir báða, bæði lánveitanda og lántakanda. Þegar það er gefið, að skuld lántakanda er rjett og formlega til orðin, þá get jeg ekki sjeð, að það sje annað en tímaspursmál, hvort skulda-

nautur greiðir skuld sína eptir fjárnámi, eða eptir dómi og fjárnámi, og jeg álít, að honum sje jafnvel betur borgið með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, því með því kemst hann hjá málarekstri, sem getur bakað honum margfaldan kostnað. Jeg er hins vegar ekkert hræddur um, að lánveitendur bróki þenna rjett sinn ómannúðlega, ef þeim er kunnugt um, að einhver ófyrirsjáanlega óhöpp eða forföll hafa orðið þess valdandi, að lántakandi hefir ekki getað staðið í skilum. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) tók dæmi, að maður hefði tekið lán og ætlað sjer að greiða skuld sína í vörum, í arði af skepnum sínum, en svo yrði honum, sökum fellis á skepnum hans, ómögulegt að greiða skuld sína á þann hátt, sem hann hefði upphaflega ætlað sjer, og þá væri hart, ef lánveitandinn gæti gengið án dóms að fasteign lántakandans til lúkningar skuldinni. Jeg er sannfærður um, að sárfáir, ef annars nokkur lánveitandi mundi nota sjer þenna rjett, þegar svona stæði á, fyr en í fulla hnefana, og ef hann notaði sjer hann, þá væri það þó betra fyrir hinn, heldur en að verða að þola málssókn, sem hann þó að lokunum yrði að borga allan kostnað af. Það verður líka að taka tillit til þess, eins og hæstv. landsh. tók fram, að það er kostnaðarsamt að ná rjetti sínum upp til sveita, og erfitt að fá menn til þess að flytja mál sín. Það er allt annað erlendis, þar sem málaflutningsmenn eru svo að segja á hverju strái. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að eptir frv. þessu verði lántakanda ljettara fyrir að fá lán, og lánardrottni ljúfara að veita það.

Viðvíkjandi 16. gr., þá er jeg samdóma hæstv. landsh. Þegar þau veðbrjef, sem þegar eru gerð í votta viðurvist, eru svo stíluð, að það megi gera fjárnám eptir þeim, og lántakandi hefir þannig skuldbundið sig til að þola slíkt, þá get jeg ekki skilið, að þeim manni, sem þannig hefir skuldbundið sig, sje neitt rangt gert, þótt ákvæði þessara laga nái einnig til hans.

Arnljótur Ólafsson: Það er að eins dálítil athugasemd, viðvíkjandi ræðu h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) um 16. gr., sem jeg vildi gera. Jeg játa, að það sje satt, að hún grípur aptur fyrir sig eða hefir »tilbagevirkende kraft«, þar sem hún löghelgar fjárnám fyrir sjer eldri skuldbindingu, sem annars er óvíst, hvort væri lögheimilað. Ef jeg skildi greinina eins og h. þm. (B. Sv.), mundi jeg líka vera á móti henni. En jeg get ekki sjeð, að hún þrengi eða rýri rjett nokkurs manns í rauninni. Má jeg spyrja hinn heiðraða þingmann, (*B. Sv.*: Jeg er dauður og má ekki svara), hvort það sje ekki rjett eða leyfilegt, að lög hafi »tilbagevirkende kraft«, ef þau auka rjett hlutaðeiganda, en þar á móti rangt, ef þau rýra hann? Jeg ímynda mjer að hann svari: Jú. Jeg held að það sje leyfilegt, ef þau auka rjett hlutaðeiganda, eða eru veitandi (»velgjörende«), sem menn kalla svo, og það álít jeg að 16. gr. geri. Hún er að eins til þess að knýja menn til að standa við orð sín. Ef hlutaðeigandi hefir skuldbundið sig á löglegan hátt til, að ganga mætti að eign hans, ef hann stæði ekki við loforð sitt, þá er það skuldbinding, sem hlutrjettur liggur í fólginn. Ef búið er að þinglesa skuldbindinguna, og hlutaðeigandi skuldunautur hefir bundizt þess, að ganga mætti að hinni tilteknu jörð hans, þá er skuldbindingin gengin yfir á jörðina, á hlutinn, þá hefir skuldeigandinn fengið hlutrjett í jörðinni. Hjer er ekki nema um tvennt að gera; annaðhvort er gengið að eigninni og gjört fjárnám, að undangenginni málssókn og dómi, eða það er gjört án dóms og laga, og fæ jeg eigi sjeð, að skuldunaut sje hagur í, að þola málsókn og dóm. Sú trygging, sem þessi ákvæði veita, kemur fyrst lánardrottni til góðs; en af því að lánveitandi og lántakandi eru tveir viðsemjendur, verður allt það, sem eykur hag og trygging lánardrottins, einnig til að auka hag eða lánstraust lánbeiðanda. Það er hjer eins ástatt og með víxillögin. Af því að víxileigendur hafa greiðan og auðveldan aðgang til að ná víxilskuldum sínum, fyrir

því auka víxlalögin lánstraustið. Hjer er ekki annað band lagt á skuldunautana en að efna loforð sín; og að standa við orð sín get jeg ekki talið eptir neinum manni.

Jón Ólafsson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að ákvæði 16. gr. miðuðu að eins til að auka rjett lánþegja; þau væru að eins til þess að knýja menn til að uppfylla skuldbindingar sínar. En jeg verð að vera h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) samdóma um það, að það sje óeðlilegt, að þetta geti átt við þá skuldbinding, sem ekki er lögleg, og það er engin slík skuldbinding, sem hjer um ræðir, fram að þessum degi. Það eru meira að segja til einstöku tilfelli, þar sem bannað er að uppfylla slíkar skuldbindingar, t. d. ef maðurinn er ófullveðja; þá er hann ekki einu sinni leystur frá að uppfylla skuldbinding sína, heldur hefir konungur beinlínis lýst misþóknun sinni yfir, ef slíkar skuldbindingar væri uppfylltar. Það er ekki að auka rjett lánþegja, að neyða hann til að uppfylla skuldbindingu, sem hann vissi að var þýðingarlaus, þegar hann gerði hana. Að eiga undir því, að hlutaðeigandi mundi trauðlega ganga að slíkri skuldbinding og nota sjer þennan rjett, eins og h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.) vildi, er mjög hæpið. Það geta verið margar utanað komandi ástæður til þess, að hann geri það. Ef til vill eru hlutaðeigendur í millitíð orðnir óvinir, svo lánardrottinn vill nota sjer rjett sinn sem harðast, og þá er ranglátt, að veita honum rjett til að neyða hinn til að uppfylla þá skuldbinding, sem hann vissi, að ekki var löghelguð, og var því sama sem engin skuldbinding, þegar hann gerði hana.

Viðvíkjandi 10. tölul., þar sem meðal þeirra skulda, sem leyft er að taka lögtaki, er talið »andvirði fyrir lausafje, sem keypt er á opinberu uppboði«, þá finnst mjer hann mjög ísjárverður, þar sem það er tízka sumstaðar, að færa ekki inn í uppboðsbók á sjálfu uppboðinu, heldur einungis á laus blöð, og í smákompur. Að minnsta kosti hefi jeg hjer í Reykjavík hjá okkar röggsama yfirvaldi aldrei sjeð fært inn í uppboðsbók, heldur að eins á laus blöð eða kompur, opt með blýanti. Mjer finnst ekki svo mikil trygging fyrir, að slík skuld sje rjett tilfærð, að það megi leyfa að taka hana óviðurkennda lögtaki. Jeg vildi óska, að greitt væri sjerstaklega atkvæði um 10. tölul., því hugsazt gæti, að fleiri væru, sem ekki vildu gefa honum atkv. sitt, þótt þeir vildu samþykkja frv. að öðruleyti. Mjer finnst 4. tölul. nokkuð athugaverður líka, en af því ekkert breytingaratkv. liggur fyrir, verður þessu ekki breytt nú; en jeg mun leyfa mjer að koma með breytingaratkv. við hann til 3. umr. Jeg sje enga ástæðu til að leyfa, að taka gjöld fyrir leyfisbrjef lögtaki, því mjer finnst að það þurfi ekki að láta leyfisbrjefin af hendi, nema þau sjeu borguð um leið. En hitt getur komið sjer óþægilega. Jeg þekki dæmi til, að beiðzt hefir verið leyfisbrjefs til áfrýunar í máli, en sem var sent hlutaðeiganda svo seint, að honum var ómögulegt að nota það.

Th. Thorsteinson: Jeg álít 10. tölul. eins nauðsynlegan eins og allt frumvarpið. Þótt það ætti sjer einhversstaðar stað, sem jeg efast um að sje, að fært væri inn á laus blöð á uppboðum, en ekki inn í uppboðsbækur, þá gæti slíkt ekki fælt mig frá, að samþykkja þessa ákvörðun. Ætli það eigi sjer ekki heldur stað hjer, að fært sje bæði inn í uppboðsbækur og á laus blöð, sem getur verið þægilegt fyrir innheimtumanninn, að hafa afskript af uppboðshaldinu hjá sjer, og það hefi jeg víða sjeð gert erlendis. Þessi ákvörðun, sem hjer ræðir um, að geta fengið tekið lögtaki, er nauðsynlegt fyrir innköllunarmennina, því það er opt mjög erfitt, að fá þessar skuldirinn. Það er víða erlendis sett í uppboðsskilmálana, að það megi taka lögtaki skuldina, án málssóknar. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að rjettur sá, sem gefinn væri í þessu frumvarpi, mundi verða misbrúkaður, og lagði mesta áherzlu á, að kaupmenn mundu nota sjer hann. Jeg skil ekki, hvers vegna kaupmenn eru slík grýla í hans augum, þar sem kaupmenn eru líklega hvergi í heiminum eins vorkunnsamir og umlíðunarsamir, eins og hjer á landi, já, maður getur má-

ske sagt, að kaupmennirnir láni stundum um of, svo það bæði sje til óhagnaðar fyrir þá og lántakendur, sem, af því þeir eiga svo hægt með að fá lán, taka og brúka það sem þeir geta án verið. En einmitt af því, að þeir eru svo umlíðunarsamir, þá er nauðsynlegt, að gefa þeim leyfi til að brúka rjett sinn, sem er báðum í hag, svo ekki þurfi að fara í málssókn, sem er mjög erfið, og mundi ætíð falla á lántakanda.

Það er satt sem h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) tók fram, að ef menn hafa fengið lán fyrir stuttan tíma, þá gæti það opt hjálpað lántakanda, að fá nokkurn frest á borguninni; en það er líka aðgætandi, að sá, sem hefir veitt lánið, hefir búizt við að fá það borgað aptur á vissum tíma, og þarf ef til vill einmitt að brúka fje sitt þá. Hver á þá að fá meiri rjett, sá sem hefir haldið skuldbindingu sína, eða sá, sem ekki hefir haldið hana? Það eina, sem jeg get verið h. þm. (B. Sv.) samdóma um, er 16. gr. Það er eitthvað leiðinlegt við það, að lögin skuli hafa tilbakaverkandi krapt; en þau heimta þó ekki annað, en að maður efni skuldbinding sína, og þegar menn taka lán, þá er það meining manna, að borga á þeim tíma, sem til er tekið. Það væri rangt, að geta þess til um landa vora, að þeir við lántökuna strax hefðu í hug, að refjast um borgunina, og draga borgunina, og þessu neita jeg fyllilega, en álít mig vissan um, að ef þeir ekki gera það, þá er það af því, að þeir geta það ekki.

Atkvæðagr.:

1. gr. 1.—9. tl. samþ. með 18 atkv.
1. gr. 10. tl. samþ. með 18 : 2 atkv.
1. gr. öll samþ. með 18 atkv.
2. — — — — 21 —
3. — — — — 21 —
4. — — — — 20 —
5. — — — — 19 —
6. — — — — 19 —
7. — — — — 19 —
8. — — — — 18 —
9. — — — — 19 : 1 atkv.
10. — — — — 18 —
11. — — — — 19 —
12. — — — — 19 —
13. — — — — 19 —
14. — — — — 18 : 1 —
15. — — — — 16 : 2 —
16. — — — — 13 : 9 —

Um 16. gr. var viðhaft nafnakall vegna óglöggrar atkvæðagr.

Nei sögðu: B. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, G. Briem, Jón Jónsson, Jón Ólafsson, M. Andrjesson, Ó. Pálsson, Þ. Böðvarsson.

Jón Sigurðsson var eigi á fundi.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Uppástunga til þingsályktunar um lán til þilskipakaupa (C. 278); ein umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það kom beiðni til þingsins úr Gullbringusýslu um þetta lán, og viðurkenndi fjárlaganefndin, að nauðsynlegt væri að efla þilskipaútveginn. Styrkurinn til eflingar búnaði getur eigi komið sjávarbændum að verulegum notum, og því þótti nefndinni eðlilegt, að sjávarbændur fengju einhverja aðstoð til að efla útveg sinn, og þá þetta lán, eptir því sem fje væri til; og til þess að sem flestir gætu fengið þetta lán, ákvað hún, að lánið til hvers skips skyldi eigi vera meira en 4500 kr., eða svo sem svaraði helming skipverðsins. Jeg vona, að h. þingd. samþykki þessa uppástungu, sem öll sanngirni mælir með.

Landshöfðingi: Mjer þykir tillaga þessi eðlileg; en jeg ætla að eins að leyfa mjer að taka fram, að til þess að geta veitt svona mikið lán, og til þess að tillagan yfir höfuð geti haft nokkra verulega praktiska þýðingu, verður nauðsynlegt, að selja konungleg ríkisskuldabrjef viðlagasjóðsins; því að nú sem stendur er ekki fje fyrir hendi til þessa, og hefir h. nefnd efalaust gengið út frá því. Annað er það, sem h. flutningsmaður (H. Kr. Fr.) tók eigi fram, en sem jeg þó verð að ætla, að hafi verið tilætlun h. nefndar, að sama trygging og veð verði heimtað fyrir lánum þessum, sem öðrum lánum úr viðlagasjóði. Þetta vildi jeg taka fram, og fá upplýsingar h. flutningsmanns, hvort þessi skilningur minn á tillögunni sje rjettur eða eigi.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson):

Nefndin áleit sjálfsagt, að sama trygging fyrir lánum þessum væri sett, sem fyrir öðrum lánum; en viðvíkjandi hinu atriðinu, sem h. landsh. spurði um, ætlaðist nefndin til, að lánin væru, að svo miklu leyti sem auðið væri, veitt af því fje, sem afgangs yrði í landssjóðnum eða að öðrum kosti úr viðlagasjóðnum. Eins og kunnugt er, eru nú um 307,000 kr. í viðlagasjóðnum í innskriptarskírteini, og hugði nefndin, að taka mætti að minnsta kosti til þessara lána það, sem er fram yfir 300,000 kr. í viðlagasjóðnum eða jafnvel það sem er fram yfir 250,000 kr., og að sú upphæð væri nægileg í sjóðnum, ef hún væri á reiðum höndum og þyrfti að grípa til hennar.

Tryggvi Gunnarsson: Mín skoðun var í nefndinni, að það hefði átt að standa í tillögunni, að lánið skyldi takast af innskriptarskírteinum, nefnilega fje því, sem liggur í Kaupmannahöfn; því að ef það er þannig orðað, að lánið skuli veitast af landssjóði, þá óttast jeg, að engir aðrir geti fengið lán, en þeir, sem vilja verja því til skipakaupa, þegar hjer stendur, að þeir eigi að sitja fyrir öllum öðrum. Jeg veit ekki, hvernig landsh. lítur á þetta mál; en jeg minnist á þetta, ef hann kann að vilja breyta tillögunni í Ed.; fyrst engin breytingartill. er hjer við, þá er ekki um annað að gjöra í þessari deild, en að samþykkja tillöguna eins og hún er.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það stendur í uppástungunni, að þeir, sem kaupa vilja þilskip til fiskiveiða, skuli sitja fyrir öðrum að fá lán. Jeg sje enga ástæðu til að breyta því nokkuð; því að það eru mest landbændurnir, sem hingað til hafa fengið lán úr landssjóði; og ef landstjórnin sjer sjer fært, að lána þetta án þess að taka mikið úr viðlagasjóðnum, þá tel jeg það bezt; en hún verður að taka af viðlagasjóðnum, ef annað er ekki hægt.

Landshöfðingi: Jeg hefði óskað að uppástungan hefði verði ákveðnari, því að það verður ekki hægt, að lána þetta fje, nema að taka mikið af því eða allt af innskriptarskírteinum viðlagasjóðsins. En úr því að svo er, hefði beinlínis átt að taka það fram, en kasta ekki þeirri ábyrgð upp á landstjórnina.

Þórarinn Böðvarsson: Uppástunga þessi er upphaflega komin frá Gullbringusýslu: var þá tilgangurinn, að lánið væri tekið af innskriparskírteinum viðlagasjóðsins. Það hefði átt að hafa uppástunguna ákveðnari. Það er eðlilegt, að lánið sje bundið við venjuleg skilyrði með veð og aðra tryggging. Jeg skil ekki í öðru en að viðlagasjóðurinn eigi nóg eptir, þótt 100,000 kr. sjeu teknar af honum.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Hæstv. ldsh. sagði, að eigi fengist lán til muna, nema af viðlagasjóðnum. En jeg vil leyfa mjer að benda á, að árlega hljóta að koma peningar inn upp í lán og vexti. Auk þess stendur ekki svo lítið inni óborgað hjá skattheimtumönnum landsins. Allt þetta fje mundi nema mikilli upphæð. En þótt það yrði ekki nóg, þá mundi enginn kasta þungum steini á landsstjórnina, þótt hún gripi þá til viðlagasjóðsins, þar sem þessu fje er varið til að efla atvinnuvegina.

Atkvæðagr.: Tillagan var samþ. í einu hljóði, og afgreidd síðan til efri deildar.

Frumvarp til laga um lán úr viðlagasjóði handa Æðarræktarfjelaginu á Breiðafirði og við Strandaflóa (C. 143); 1. umr.

Málinu orðalaust vísað til 2. umr.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóm í íslenzkum málum úr lögum (C. 329); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal undir eins geta þess, að það er meiningamunur á milli mín og h. forseta um þetta frv. Hann skoðar það sem breyt. á stjórnarskránni, og þess vegna kvaðst hann vísa málinu frá, ef það hefði ekki þessa fyrirsögn, sem það hefir nú. Þess vegna hefi jeg neyðzt til að hafa fyrirsögnina svona, til þess að koma málinu inn á þingið, með því ekkert rjettarmeðal er gegn neitun forseta, enda þótt jeg viti fyrir víst,

að hún sje alveg röng, og telji einnig víst, að h. deild sje eigi síður en jeg á annari skoðun en h. forseti, og mjer alveg samdóma; og hefi jeg ætlazt til við 2. umr., að breyta fyrirsögninni, með breytingaratkvæði, sem efalaust liggur undir atkvæði þingdeildarinnar, en ekki forseta, úr því málið er einu sinni komið inn á þingið; en ekki býst jeg við að geta þar fyrir samrímt mína skoðun við skoðun h. forseta.

Jeg vil nú taka það fyrst fram, að það hefir jafnan verið skoðað svo af sjálfri stjórninni, að þessari breytingu á stöðu hæstarjettar, sem frv. fer fram á, mætti koma á með einföldum lögum. Þannig er það berlega tekið fram í þeim frv. til stjórnarskipunarlaga, sem komið hafa frá stjórninni til þingsins, bæði 1867 og 1869. Í frv. 1867 í ákvörðununum um stundarsakir 5. gr. stendur: »Þangað til nýju skipulagi verður komið á dómstólana með lagaboði, er hæstirjettur Danmerkurríkis eins og hingað til æðsti dómstóll, sem málum verður skotið til samkvæmt reglum þeim, er gilda þar um«. Af þessu sjest, að dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum má afnema um leið og nýju skipulagi á dómstólunum er komið á með lagaboði; ergo með einföldum lögum, en ekki með stjórnarskrárbreytingu. Svona skoðaði ráðgjafi Leuning það 1867.

Í frv. 1869 er 5. gr. í ákvörðunum um stundarsakir alveg hin sama, sem sú, er jeg las upp. Þá hefir því stjórnin sjálf einnig fylgt sömu skoðun. Þá var þó annar ráðgjafi (ɔ: Nutzhorn), en 1867. Hjer höfum vjer þá fyrir oss óyggjandi vitnisburð tveggja ráðgjafa. Þetta frv. fer nú auðsjáanlega heldur ekki framá neina breyt. á stjórnarskránni, heldur á stöðulögunum. Í 3. gr. þeirra 1. tölul. stendur: »Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur; þó verður engin breyting gerð á stöðu hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því«. Það eru þannig stöðulögin, sem ákveða þetta dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum. Þau eru einföld lög, og þetta frv. breytir þeim einungis, en ekki stjórnarskránni. Ef þetta frv. væri stjórnarskrárbreyting, þá yrði að leggja þessar breytingar á stjórnarskránni fyrir ríkisdagsinn, en þetta er aptur ósameinanlegt við 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem útilokar alla meðverkun ríkisdagsins í breytingum á eða viðauka við skrána.

Það er með öðrum orðum auðsætt hverjum einum og einasta heilvita manni, að hið einkennilega við þetta mál er það einungis, að það er fyrir sakir undantekningarinnar í 3. gr. stöðulaganna faktiskt eða í reyndinni sameiginlegt mál, og að það er á hinn bóginn, sem stendur, hið eina sameiginlega mál, sem engin lög verða staðfest um, nema því að eins, að bæði alþingi og ríkisdagurinn samþykki þau.

En þótt nú þetta frv. breyti eigi stjórnarskránni, þá stendur það í óaðskiljanlegu sambandi við þær breytingar á stjórnarskránni, sem h. deild hefir nú samþ. Það er óumflýjanlegur undanfari þeirra breytinga, því að það er óhugsandi, að breytingarnar á stjórnarskránni verði samþykktar, eins og þær liggja fyrir, nema þetta frv. verði áður að lögum; því í 1. gr. stjórnarskrárfrv. stendur, að landið hafi dómsvald sitt út af fyrir sig, sem táknar dómsvaldið ekki á lægsta stigi og miðstigi eingöngu, heldur einnig á hæsta stigi. Þess vegna verður að koma fram með þetta nú, enda er ákvörðun stöðulaganna um þetta efni að eins bráðabyrgðarákvörðun og loforðaákvörðun. Það er ekki svo að skilja, að jeg lýsi nokkru vantrausti til hæstarjettar í sjálfu sjer. En mitt traust nær ekki lengra en svo, að eigi sje ákjósanlegt eða hafandi af stjórnlagalegum ástæðum, að hæstirjettur sje æðsti dómstóll landsins lengur en orðið er. Allar hinar sömu ástæður, sem mæla með innlendri stjórn yfir höfuð, mæla og með því, og það í ríkulegasta mæli sjerstaklega, að hafa einnig æðsta dómstól landsins í landinu sjálfu. Það, sem fyrst og fremst mælir móti, að hafa æðsta dómstól landsins er-

lendis, er vegalengdin og afstaða landsins. Það ber eigi sjaldan við, að einkamál, sem ganga til hæstarjettar hjeðan, eru eigi dæmd fyr en eptir 5 ár og sum eptir miklu lengri tíma. Sakamál eða »anteciperuð« mál eru að vísu dæmd fyr. En það eru einkamálin, sem opt og tíðum stendur á allt að 5 árum. Þessum drætti er samfara mikill kostnaður, vanalega ekki minna en 1000 kr. til samans fyrir báða málsparta með öllu og öllu, eða 500 kr. fyrir hvern málspart fyrir hvert mál. Og 1000 kr. og 5 ár er sannarlega of hátt gjald, og dýrkeyptur rjettur fyrir að hafa hæstarjett í Danmörku fyrir æðsta dómstól landsins. Enn fremur bíður þjóðerni vort og helgustu landsrjettindi alveg óbætanlegt tjón við það, að hafa æðsta dómstól landsins í Danmörku. Þar fjalla danskir menn um mál vor. Samþegnar vorir hafa þannig dómsvald yfir oss, og þessir dönsku dómendur leggja og hljóta að leggja tungu vora upp á hylluna. Þeir verða að fara eptir dönskum þýðingum á lögum vorum, og dönskum þýðingum á málum vorum; öll skjöl málsins verða að vera á dönsku. Og svo fá málspartarnir eptir 3 til 5 ár mörg hundruð króna kostnað, og að endingu dóm á þeirri tungu, sem þeir ekki skilja eða eru skyldugir að skilja. Hverju sætir nú þetta fyrir þjóð með sjerstöku tungumáli og sjerstökum landsrjettindum? Loks skal jeg geta þess, að hjer á landi eru svo sjerstakir staðhættir, venjur og háttsemi, sem útlendingar geta ómögulega skilið, en sem bæði dómararnir og málfærslumennirnir eiga að þekkja til, og verða að skilja til þess að setja sig rjettilega inn í málin. Jeg skal nefna til dæmis fjármörkin íslenzku. Jeg hefi einu sinni sjálfur haft þá æru, að gefa víðfrægum málafærslumanni í Kaupmannahöfn skýring á íslenzkum fjármörkum, og átti hann, sem von var, full-erfitt með, að skilja þau, sem um var að ræða. Það varð ekki með orðum gert, heldur með pappír og skærum; en hvert stálpað barn á Íslandi hefði kannazt við þessi mörk við orðin ein, hvað þá lærður íslenzkur dómari. Málfærslumenn og dómarar við hæstarjett yrðu—jeg get fullvissað h. deild um það—guðs-fegnir að losast við þessi íslenzku mál, af því, að þeir verða að hafa svo mikið fyrir að setja sig inn í þau, og geta það ef til vill aldrei svo til hlítar sje, enda leita þeir opt til Íslendinga í K.höfn, til að fá skýringar og upplýsingar hjá þeim. Þetta tel jeg þeim til vorkunnar og sóma, en hitt er mest ósæmdin fyrir oss, að vilja standa undir erlendu dómsvaldi gegn vorum eigin landsrjettindum.

Jeg ætla ekki að tala meira að sinni um þetta mál; en vona, að h. þingd. fallist á þetta frv., sem stendur í svo óaðgreinanlegu sambandi við stjórnarskrárfrv. og allt stjórnar- og þjóðfrelsismál vort í heild sinni.

Landshöfðingi: Með tilliti til þessa frv. skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð, en það sje breyting á stjórnarskránni, og verði því að skoðast sem stjórnarskipunarlög, af því það er breyting á 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir við stjórnarskrána. Eins og h. flutningsmaður (B. S.) hefir tekið fram, þá getur frv. ekki orðið að lögum, nema það jafnframt verði samþykkt af hinu almenna löggjafarvaldi, hinu danska ríkisþingi. Hin fyrsta ástæða hans til að koma fram með það var sú, að það stæði í svo nánu sambandi við það stjórnarskrárfrv., sem hjer liggur fyrir þinginu, að það hlyti að verða því samfara. Jeg get ekki sjeð, að það þurfi nauðsynlega að vera svo, því þó að stjórnarskráin yrði samþykkt, verður ekki allt þegar til, sem hún fer fram á, og er ekki víst, að um leið geti komið út lög um allt það, sem hún gerir ráð fyrir. Jeg hef opt heyrt ýmsa láta í ljós óánægju um fyrirkomulag sambandsins mill Íslands og Danmerkur, að það færi betur öðruvísi, og opt með litlum ástæðum. En einmitt um þetta atriði, hið æðsta dómsvald, hef jeg aldrei heyrt neinn lýsa óánægju. Eins og h. framsögum. sagði fyrir sitt leyti, eins munu menn almennt bera mikið traust til hæstarjettar, þrátt

fyrir alla þá annmarka, sanna og ímyndaða, sem h. framsögum. tók fram. Um einn annmarkann er jeg honum samdóma, að langur tími eyðist til málaskota til hæstarjettar, sjerstaklega í einkamálum. En það þarf eigi þetta frv. til að laga það; það hefir áður komið fram frv. um, að stytta stefnufrestinn til hæstarjettar, til þess að flýta fyrir málunum. H. framsögumaður hefir barizt á móti því, með miklum dugnaði, það játa jeg, og það hefir fallið. Það þykir mjer illa farið, því með því hefði verið bætt úr þeim eina annmarka, sem er á því, að hafa hæstarjett fyrir æðsta dómsstól í íslenzkum málum. Þetta frv. er að mínu áliti ekki byggt á neinni rökstuddri nauðsyn, og því er jeg því mótfallinn. Þegar talað var um stjórnarskrármálið, var margt talað um þann mikla kostnað, sem breytingin mundi hafa í för með sjer; en hjer mundi þó bætast ekki svo óverulegur kostnaður við. Ef nýr dómstóll verður settur hjer, eða yfirrjetturinn aukinn, þá fylgir því nýr kostnaður, sem jeg finn mjer skylt að benda á. Enn er eitt nauðsynlegt atriði. Það er ekki nóg að rífa niður, það þarf að byggja upp líka. Það er ekki nóg að segja, að hæstirjettur skuli ekki lengur vera æðsti dómstóll. Það þarf líka að segja, hver þá á að vera æðsti rjettur. En í þessu frv. eru engar ákvarðanir um það. Í 2. gr. ákvarðana um stundarsakir stendur: »þangað til lög þau, sem getið er um í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, sem alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland . . .« Þessi lög, sem greinin talar um, eru enn ekki komin út, svo að frv. er beint í bága við þessa ákvörðun, því það af tekur einnig dómsvald hæstarjettar í þessum málum, sem gr. er um. Það virðist því svo, að meðan þetta stendur, sje of snemmt að koma með þessi lög; það er nógur tími til þess, ef nýja stjórnarskráin verður samþykkt, því þá er þessi ákvörðun úr gildi gengin.

En ef svo færi, að báðar þingdeildir fjellust ekki á stjórnarskrárfrv., en fjellust aptur á móti á þetta frv., þá yrði að mínum skilningi samt að slíta þingi þegar og hafa þing næsta ár; og án þess að kasta nokkurri rýrð á þýðing þessa stutta lagafrv., ætla jeg þó ekki, að jafnvel h. framsögum. vildi gera svo mikið úr því, að hafa nýtt þing fyrir það; en hjá því sje jeg eigi, að yrði komizt. Mjer virðist vera svo lítil nauðsyn til þess, og vera svo miklir annmarkar á því, að rjettast væri af þingd., að fella það nú þegar, en eyða ekki til þess meiru af hinum stutta og dýrmæta tíma þingsins, sem eptir er.

— Þegar hjer var komið umræðunum, var klukkan orðin 3, og frestaði þá forseti fundi til kl. 5 e. m.

— Kl. 5 e. m. var fundur settur aptur.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Hæstv. landshöfðingi tók það fyrst fram í ræðu sinni í dag, að þetta frv. væri í eðli sínu frv. til stjórnarskipunarlaga; en jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er þessari skoðun alveg mótfallinn, og vil jeg nú gera tilraun til að færa svo ljós rök fyrir því, að jeg hafi rjett að mæla, að engum mun geta blandazt hugur um, að svo sje í raun rjettri.

Jeg tók fram, að þessi lög yrðu að leggjast undir samþykkt ríkisþingsins, og er mikils um vert um það, að landsh. og jeg erum samdóma um þetta atriði, því á því veltur aðaleinkenni þessa máls. Nú vil jeg því biðja hina háttvirtu þingmenn að hafa þetta hugfast, taka svo stjórnarskrána 5. jan. 1874, sem þeir munu hafa við hendina, sjer í hönd, og fylgja mjer nú nákvæmlega. Jeg vona þá, að það sje gefið sem víst og vafalaust, að ef þetta frv. hefir inni að halda breyting á stjórnarskránni, þá hlýtur það að vera sömu forlögum bundið og undirorpið, eins og allar aðrar breytingar á henni. Mundi hæstv. landsh., eða nokkur annar fá neitað þessu? Sjálfsagt ekki. En látum þá sjá, hvað af þessu leiðir. 61. gr. í stjórnarskránni hljóðar svo:

»Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má

bera upp bæði á reglulegu alþingi og aukaalþingi. Nái uppástungan um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeilda, skal leysa alþingi upp þá þegar, og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög».

Má jeg nú spyrja: Skyldi það geta verið meining hæstv. landsh., að frv. það, sem hjer ræðir um, geti sætt þeirri meðferð, sem þessi grein fyrir skipar? Skyldi það geta dulizt nokkrum manni, að ærin gloppa væri í þessari grein, ef slíkt gæti verið meiningin; því þá er auðsætt, að skjóta yrði inn á milli orðanna »óbreytta», og »og nái hún staðfestingu konungs», skilyrðinu um, að ríkisþingið einnig hefði samþykkt frumvarpið? Skyldi það vera af ógáti, að þessi grein er þannig samin? Annaðhvort eru þessi orð þýðingarlaus eða ekki þýðingarlaus, sem nærri má geta, að óhugsandi er; en ef þau eru ekki þýðingarlaus, þá er líka óumflýjanlega nauðsynlegt, að þau standi í greininni; með öðrum orðum, að það standi með berum orðum ákveðið í henni, að það frumvarp, sem innihaldi breytingu eða viðauka á stjórnarskránni, skuli líka hafa öðlazt samþykki ríkisdagsins, áður en leitað er staðfestingar konungs, og áður en hún er stjórnlagalega möguleg.

Á hinn bóginn liggur það í augum uppi, að svo framarlega sem þessi ákvörðun væri undirskilin í 61. grein, þá flyti þar af, að ekki einasta þetta frumvarp, heldur hver ein og einasta stjórnarskrárbreyting, hver ein og einasta smábreyting á eða smáviðauki við stjórnarskrána 5. jan. 1874, lægi óumflýjanlega undir atkvæði ríkisdagsins í Danmörku, og þá sæi maður fyrst, hvað undirstöðuatriðið í 1. gr. hennar þýddi: að löggjafarvaldið í Íslands sjerstaklegu málum sje hjá konungi og alþingi í sameiningu, í staðinn fyrir: hjá konungi, alþingi og ríkisdeginum í sameiningu.

Það er þannig auðsjeð hverjum einum, að 61. gr. hljóðar ekki og getur ekki hljóðað upp á frv. það, sem hjer ræðir um.

Þetta hið sama má nú líka sýna og sanna á annan veg. Það liggur í hlutarins eðli og er öllum auðsætt, að stjórnarskráin eingöngu og einungis hljóðar um hin sjerstaklegu málefni, þau sömu, sem talin eru sjerstakleg mál í stöðulögunum, og þau mál ein geta því heyrt undir 61. gr.; en nú heyrir hæstirjettur einmitt ekki undir hin sjerstöku mál, að því leyti, sem stöðulögin 2. jan. 1871 í 3. gr. gera þann fyrirvara með tilliti til hans, og hans eingöngu, að lög, sem breyta stöðu hans sem æðsta dóms í íslenzkum málum, heyri undir atkvæði eða samþykki ríkisþings Dana. Einmitt hið æðsta dómsvald yfir Íslandi verður að þessu leyti þess vegna að skoðast sem sameiginlegt mál, og heyrir ekki og getur ekki heyrt undir 61. gr. Þetta er eins satt og ljóst, eins og sól skín á lopti, og getur því hver, sem sólina sjer, einnig sjeð þetta. Af þessu má því óhult ályktа og viðurkenna, að ekkert annað sjerstaklegt sje við þetta frv. en það, að það þarf að leggja það fyrst fyrir ríkisþingið og fá samþykki þess, áður en það er lagt fyrir konung til staðfestingar. En ríkisþingið veitir þetta samþykki sitt með einföldum lögum, eins og nærri má geta, því að stöðulögin 2. jan. 1871 eru einföld lög, sem þetta yrði breyting á; og sá, sem vildi neita þessu, yrði að fara því fram, að það þyrfti breytingu á grundvallarlögum Dana til að breyta stöðulögunum; en aptur leiðir af hinni setningunni eður setning hins hæstv. landshöfðingja, sem sjálfsagt ekki fer þessu síðara fram, sú kynjakenning, að það þyrfti stjórnarskipunarlög samþykkt af tveimur þingum Íslands megin, en að eins einföld lög, eður lög samþykkt af einu þingi Dana megin.

Vilji maður nú enn betur reka sig úr skugga um þetta, er ekki annað en fá leiðbeiningu hinna fyrri dönsku ráðgjafa, Leunings 1867, og Nutzhorns 1869, sem báðir komu fram með frv. til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, og báðir hafa haft alveg sömu skoðun á þessu máli, sem jeg nú hefi útlistað, sýnt og sannað, að rjett hlyti að vera. Sjer í lagi vil jeg leggja áherzlu á frv. frá 1869, því það er, eins og

öllum er innanhandar að sannfæra sig um, hjer um bil orðrjett, eins og stjórnarskráin 5. jan. 1874 í öllum aðalatriðum, og vel að merkja hljóðar 61. gr. í stjórnarskránni og tilsvarandi grein í frv. 1869 alveg orðrjett eins í báðum. Eins stendur á hinn bóginn í 43. gr. frv. 1865 og 42. gr. stjórnarskrárinnar: »skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði»; en lagaboð þýðir, eins og allir vita, einmitt einföld lög, og er mótsett grundvallarlögum. Þetta sýnir og, fyrir utan allt, sem áður er talið, að hjer getur ekki verið að tala um stjórnarlagabreyting, eður þau lög, sem heyri undir 61. gr. í stjórnarskránni; en þar af leiðir þá beinlínis, að krafa forseta um, að þetta frv. eigi að heita frv. til stjórnarskipunarlaga samkvæmt 20. gr. í þingsköpunum, sem byggist á setning hans og hins hæstv. landshöfðingja um innihald frv., er á röngum rökum byggð, og getur hreint ekki staðizt. Nei!

Jeg hef þá föstu von, að þegar þingmenn hugsa þetta mál rjett og rækilega, sjái þeir, að hjer er að eins að ræða um einföld lög, sem hafa það eitt einkennilegt við sig, að til þeirra útheimtist samþykki ríkisdagsins, og verð jeg því að áskilja mjer breytingarkvæði við þessa fyrirsögn frumv. við 2. umræðu; því eins og ekki má nefna stjórnarskipunarlög blátt áfram lög, þannig má heldur ekki gefa einföldum lögum nafnið: »stjórnarskipunarlög».

Þá vil jeg í öðru lagi taka það fram, viðvíkjandi því, að hæstv. landsh. lýsti yfir, að það væri ekki nauðsynlegt, að þessi lög fengju framgang eða gengju í gildi áður en stjórnarskráin, sem þingd. hefir samþykkt, næði gildi, að jeg verð einnig að vera þessari setningu alveg mótfallinn.

Gætum vel að því, sem í 1. gr. frv. þessa stendur: »Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig». Svo framarlega sem það er nú víst og vafalaust, að deildin hefir með dómsvaldi meint dómsvald í íslenzkum málum á öllum stigum, eins því æðsta sem lægsta, og því einnig, og það ekki sízt það dómsvald, sem nú er í höndum hæstarjettar í Danmörku, eins víst er það, að konungur getur ekki veitt staðfestingu stjórnarskrá þessari fyr en dómsvaldið, þetta sama dómsvald í íslenzkum málum, er úr höndum hæstarjettar komið. Því með stöðulögunum 2. jan. 1871 er því slegið föstu, að það er ekki hægt að gera breytingu á stöðu hæstarjettar, nema með samþykki hins almenna löggjafarvalds. Ef vjer því heimtum eða förum því fram, að konungur staðfesti þá stjórnarskrá, sem ákveður, að Ísland sjálft skuli hafa hið æðsta dómsvald, þá förum vjer því á flot, að hann grípi fram fyrir hendurnar á hinu almenna löggjafarvaldi, og það getur þó sízt verið meining hins hæstv. landsh., enda er það ómögulegt og óhugsandi, að stjórnin eða ráðgjafi Íslands ráði konungi til annars eins, eður taki upp á sig þá ábyrgð, er af slíku hlyti að leiða. Það er að vísu satt, sem hæstv. landsh. sagði, að menn geta ekki hugsað sjer, að allt, sem stjórnarskráin miðar til, framkvæmist allt í einu, um leið og hún er staðfest; en þetta sannar ekkert í því efni, sem hjer ræðir um, þar sem verið er að tala um undangangandi óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að hún geti orðið staðfest; það verður þó að vera gengið á undan staðfestingunni; með öðrum orðum: breytingin á stöðu hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum, verður að vera gengin á undan staðfesting hinna endurskoðuðu stjórnarskipunarlaga vorra, eins og þau eru samin og samþykkt af hinni háttvirtu deild, og þetta má hún ekki láta sjer úr minni líða. Það er mikið satt: það þarf eitthvað í staðinn fyrir hæstarjett, eins og landsh. sagði; en jeg bið hann að gæta þess, að ákvæðin um þetta heyra alls ekki þessu frv. til. Verði þetta frv. að lögum, á þann hátt, sem jeg hefi útlistað, þá er það mál, hvernig vjer skipum dómsvaldi voru á Íslandi, orðið alveg sjerstakt mál Íslands, sem kemur ekki ríkisþinginu úr því hið allra minnsta við. Það stendur fast og óbifanlegt, sem jeg hefi sagt, er jeg sýndi, að þetta væri ekki breyting á stjórnarskránni, að hið eina einkennilega við það væri í því fólgið, að

það hlyti að leggjast fyrir ríkisþingið til samþykktar, og það á því ekkert við, að blanda því saman við dómaskipunina á Íslandi að neinu öðru leyti.

Landsh. sagði, sem rjett er, að það hefði ekki verið haft á móti hæstarjetti í sjálfu sjer að undanförnu; en þó jeg játi það, að hæstirjettur hafi opt lagt rjett úrslit á dómsmál vor, þá er þetta alls engin sönnun fyrir því, að þetta frv. eigi ekki fram að ganga. Þetta frv. hefir skapazt og hlýtur að skapast jafnhliða þeirri hugsun, þeirri þjóðarþörf og þjóðarnauðsyn, að Ísland fái innlenda stjórn allra sinna sjerstaklegu mála, og það skyldi enginn láta sjer koma til hugar, að Íslendingar haldi svo mikið upp á hæstarjett í Danmörku, að þeir vilji vinna það til fyrir hans sakir, að fara á mis við afdráttarlausa innlenda stjórn í þessa orðs yfirgripsmesta skilningi; þvert á móti horfir sambandið milli stjórnarskrárfrumvarpsins og hæstarjettar svo við, eins og jeg hefi sýnt, að hæstarjettarfrv. verður og hlýtur að hafa fyrst framgang, eður er undanfari þess.

En úr því farið er að ræða svo ýtarlega um hæstarjett í Kaupmannahöfn á annað borð, þá kemur sú spurning upp í hendurnar á mjer: hvernig stendur á þessu dómsvaldi hæstarjettar í Íslands málum? Þessari spurningu er hægt að svara. Þegar konungur varð einvaldskonungur yfir Íslandi, fjekk hann í hendur æðsta löggjafarvald, æðsta framkvæmdarvald og æðsta dómsvald á Íslandi, alveg eins og í Danmörku. Konungur var þessu samkvæmt skoðaður sem hinn eiginlegi eður æðsti dómari hæstarjettar, hvort sem hann var til staðar eða ekki; það sýna ýms ákvæði um hæstarjett frá hinum eldri tímum, t. d. að konungur geti ráðið úrslitum dóma, öllum ræðum skyldi beina til hans, stefnur, dómsgjörðir o. fl. skyldu vera í hans nafni. Þetta hjelzt við, þangað til Danir fengu stjórnarbót sína með grundvallarlögunum 5. júní 1849. Þá verður breyting á öllu þessu, þó hún sje ekki gefin til kynna fyr en með frdn. 20. febr. 1850. Þá fellur sem sje dómsvald konungsins í Danmörku de jure constitutionis burtu, eins og það de facto lengi ekki hafði átt sjer stað, og kemst í hendur dómstólanna eður hæstarjettar. En hvert hverfur æðsta dómsvald Íslands þá? Það hvarf eigi jure constitutionis, eður stjórnlagalega, frá konungi; hann var einvaldur yfir Íslandi eptir sem áður, að minnsta kosti með tilliti til allra þeirra mála, sem eptir eðli sínu voru Íslands sjerstaklegu mál, og þess sýnilegi og óræki vottur var hið ráðgefandi alþingi, allt fram að þeim tíma, er vjer fengum stjórnarskrána 5. jan. 1874. Það eðlilega og formlega á þessu millibili hefði því verið, að konungur hefði lagt úrskurð á alla dóma, sem áfrýjað var frá yfirdómi Íslands, með konunglegri resolution, eptir að stjórnarbreytingin varð í Danmörku; en þetta gekk ekki þá leiðina, heldur hjelzt dómsvaldið í Íslands málum,— alveg að sínu leyti, eins og löggjafarvaldið í Íslands sameiginlegu málum lenti factiskt hjá ríkisþingi Dana,— factiskt hjá hæstarjetti, og nú er því dómsvaldið factiskt eða í reyndinni í höndum samþegna vorra í Danmörku, sem stjórnlagalega aldrei hafa orðið æðstu dómendur vorir. Af þessu sjest bezt, hve eðlilegt það var og sjálfsagt, að þegar gefa átti Íslendingum stjórnarbót og jafnrjetti við samþegna vora, að þá væri gert ráð fyrir, eins og gert er í stjórnarfrv. 1867 og 69, að æðsta dómsvald í íslenzkum málum ekki skyldi vera í höndum hæstarjettar, nema þangað til ný innlend dómaskipun á Íslandi væri komin í kring, og því er það, að dómsvald hæstarjettar er í báðum þessum stjórnarfrv. sett í ákvarðanirnar um stundarsakir; og enda þótt þetta atriði sje ekkieins glöggt eða með jafnvíðtækum orðum tekið fram í bráðabyrgðaákvörðuninni í stjórnarskránni 5. jan. 1874, er að eins miðar sig við hin ráðgerðu ráðgjafaábyrgðarlög eptir 3. gr. hennar, þá kemur þetta til af því, að fyrirvarinn, eða bráðabyrgðarákvörðunin, var áður komin inn í stöðulaganna 3. gr., sem gerir — þó óskiljanlegt sje — breytinguna um stöðu hæstarjettar í Íslands málum að sameiginlegu máli Íslands og Danmerkur.

H. landsh. sagði enn fremur, að áður

hefði komið fram frv. um, að stytta stefnufrestinn til hæstarjettar, til þess að bæta úr fjarlægðinni, sem er á milli Íslands og Danmerkur, og þeim óþolandi drætti, sem hún veldur á úrslitum íslenzkra dómsmála. Hann sagði, að jeg hefði verið á móti framgangi þessara frumvarpa; jú, það játa jeg hátíðlega — það er drengur sem við gengur —; en jeg setti mig meira að segja af alefli á móti þeim, af þeirri ástæðu, að þau voru að *mínu áliti* langt frá því að vera hin minnsta rjettarbót. Jeg sagði þá og segi enn, að stefnufresturinn, eins og hann er, væri alls ekki of langur; jeg sagði og segi, að hann þyrfti einmitt að vera eins langur, eins og hann er, vegna þess, hve hæstirjettur er afarlangt í burtu frá Íslandi, og vegna þess, hvað samgöngurnar á sjálfu Íslandi væru seinfara og útheimtu langan tíma. Það gefur annars hverjum einum að skilja, hve kynleg og undarleg þau úrræði eru, að ætla sjer að upphefja eða fyrirgirða afleiðingarnar af 300 mílna fjarlægð hæstarjettar frá Íslandi, með því að nema burtu stefnufrestinn eða stytta hann svo, að málaskot til hæstarjettar yrðu enn örðugri, ef ekki ómöguleg, eptir því, sem til hagar. Maður skyldi ætla, að það hefði þó legið nær, að gera það með því móti, að lengja stefnufrestinn; enda veit jeg fyrir mitt leyti, að mjer hefir orðið fullerfitt að láta hann verða mjer einhlítan, eins langur eins og hann þó er. Hæstv. landsh. tók fram, að það væri ekki nóg að rífa niður; það þyrfti líka að byggja upp. Þetta er mikið satt í sjálfu sjer, eða sem almenn setning; en gallinn er þó sá á athugasemdinni, að hún á alls ekki við mál það, sem hjer ræðir um, og má hæstv. landsh. því ekki taka mjer það illa upp, þó að jeg geti ekki lagt mikla áherzlu á hana. Jú! að vísu liggur það alveg í augum uppi, að vjer Íslendingar þurfum og hljótum að fá nýja, tryggari og betri dómaskipun, já, allt annað fyrirkomulag, en það sem nú er, í staðinn fyrir hæstarjett. En það heyrir ekki undir ríkisþingið, að ákveða neitt um slíkt fyrirkomulag; hjer er að eins spurning um lög, sem alþingi fyrst á að samþykkja, ríkisþingið svo, og sem síðan á að leggjast undir staðfestingu konungs. Nei, skipun dómsvaldsins á Íslandi liggur sannarlega ekki undir atkvæði ríkisþingsins; og það má hinn hæstv. landsh. vita, að jeg mun ekki ráða alþingi til að leggja annað eður meira af Íslands sjerstaklegu málum undir atkvæði ríkisþingsins, en vjer erum neyddir til sökum stöðulaganna.

Þetta má nú ekki skiljast svo, að jeg beri vantraust til ríkisþingsins. Nei! þvert á móti. Jeg er viss um, að samþegnar vorir, Danir, muni bregðast vel við þessu máli. Þeir munu ekki neita Íslendingum um dómsvald í sínum eigin málum, þvert ofan í hlutarins eðli og anda stöðulaganna 2. jan. 1871. Þeir munu sjá fullt eins glöggt eins og vjer, að breytingin á stöðu hæstarjettar hlýtur að verða samferða hinum nýju stjórnarskipunarlögum vorum; þeir vita, það megum vjer vera vissir um, að löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið af annari hálfu og dómsvaldið af hinni, felur í sjer þreining, og það dugar ekki, það tjáir ekki, að einn liðurinn sje úti á Íslandi, annar suður í Danmörku. Að eins framkvæmdarvaldið getur eðlilega verið þar, á þann hátt, að það sje »repræsenterað» hjer, að svo miklu leyti sem fjarlægðin útheimtir, svo stjórnarframkvæmdin geti farið fram með nægum hraða og með fullkominni stjórnlagalegri tryggingu.

Að jeg hverfi aptur til athugasemdar hins hæstv. landsh., þá þori jeg að fullyrða, að þá sje fyrst kominn tími til að byggja í þessu máli, þegar búið er að nema burtu það, sem byggingunni er til hindrunar. Eins og jeg get ekki byggt nýtt hús á grundvelli hins forna, án þess að rífa niður það, sem áður stóð á grunninum, eins getur hin nýja stjórnarskrá ekki komizt að, nema þessi breyting á stöðulögunum nái lagagildi, og á sama hátt er óhugsandi, að hinu æðsta dómsvaldi verði skipað á Íslandi, fyr en dómsvald hæstarjettar er úr lögum numið. Að slíku sem þessu þarf ekki orðum að eyða. Hæstv. landsh. tók enn fram, að frv. kæmi í bága við 3. gr. í stjórnarskránni í samanburði við 2. gr. í

bráðabyrgðaákvörðununum. Jeg hef nú ekki satt að segja lesið þessar greinir vel niður í kjölinn, fyr en einmitt nú, að þessi mótbára landsh. gaf mjer tilefni til þess, og þætti mjer vænt um, ef h. þm. vildu veita þessum greinum jafnglöggva eptirtekt, sem jeg nú hefi gert.

Í 3. gr. stendur: »Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem ákvæmar verður skipað fyrir um með lögum«. Jeg sje ekki betur eptir þessu, en að það sje ómögulegt og óhugsandi, að koma ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum, fyr en þessar reglur eru ákveðnar með lögum. En ef svo er, bið jeg menn þar næst athuga 2. gr. í bráðabyrgðaákv. Þar stendur: »Þangað til þau lög, sem getið er í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni, eptir þeim málsfærzlureglum, sem gilda við tjeðan rjett«. Í þessari gr. er allt svo að eins talað mu málsfærslureglur; en um hinar materíellu eða efnislegu reglur fyrir því, að ábyrgð armálinu verði komið fram, um það stendur ekki eitt einasta orð, nema tilvísun til þess í 3. gr., sem ekki er til. Með öðrum orðum: þessi samanburður sýnir, að báðar greinarnar þýða sem stendur öldungis ekki neitt, að öll málshöfðun gegn ráðgjafa Íslands er ómöguleg, meðan ábyrgðarlögin eptir 3. gr. eru ekki til. Sem sagt, eins og taflið stendur, eru greinarnar þýðingarlaus orð á pappírnum, sama sem ekkert, alls ekkert; og hvernig getur þá þetta litla frumvarp komið í bága við þetta ekki neitt? Það miðar sig þar að auki ekki við stjórnarskrána, heldur við það, sem á að koma í staðinn fyrir stjórnarskrána; en til þess þarf það að vera eitthvað og meira en ekki neitt. Ætti það að standa jafnhliða stjórnarskránni, þá gætu menn fyrst ímyndað sjer, að það gæti komið í bága við hana; en það er öðru nær; stjórnarskipunarlagafrumvarp deildarinnar fer fram á, að fá virkilega stjórnarlagaábyrgð í staðinn fyrir enga, sanna ábyrgð í staðinn fyrir pappírsábyrgð, enda getur þar að auki ekki annað verið meint í 3. gr., með þessari ábyrgð, sem enn er engin, en ábyrgð, sem samrímd er við ráðgjafaábyrgðina í Danmörku; en það er einmitt gagnstætt því frv., sem h. neðri deild nýlega hefir samþykkt.

Jeg orðlengi svo ekki frekar um málið að sinni, en er þess fullviss, að frv. gangi til 2. umr., og vil jeg skora á hina h. þingdeildarm., að þeir geri sjer ljósa og glögglega grein fyrir máli þessu, allsherjarþýðing þess, og sambandi við það stjórnarskipunarlagafrumvarp, sem deildin samþykkti fyrir skemmstu.

Þórður Magnússon: Jeg ætla í fám orðum að lýsa meiningu minni á þessu máli. Það er nú sjálfsagt, að jeg skil ekki stjórnmál eins vel og jeg þyrfti að skilja þau; en þó verð jeg að halda, að þetta mál sje of snemma upp borið, og mætti það vel bíða til þess þings, sem væntanlega verður kallað saman til að yfirvega stjórnarskrá vora. Jeg álít ekki rjett eða álitlegt, að kasta hæstarjetti burtu svona rjett út í bláinn. Þó ætla jeg að gefa þessu máli atkv. mitt til 2. umr., svo fleiri geti hugsað vel um málið en jeg; en lengra er óvíst hvort jeg vil fylgja því.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er því samdóma, að þetta mál sje allt of snemma upp borið; það er ekki nema til tafar og málalengingar, að láta það ganga til 2. umr., þar sem málið er í alla staði ónauðsynlegt, og það verður ekki til annars, en að þá fá þingmenn aptur að heyra nýjar og það langar ræður hjá h. flutningsmanni og öðrum, sem ekki geta sannfært mann. (*B. Sv.*: Mann? Hvaða mann?). Hann hjelt núna langa ræðu, sem ekki skýrði málið agnar-ögn. Ef hann rýfur niður hús, þá vill hann ekki flytja út á klakann á meðan hann er að reisa nýtt hús; hann vill víst hafa eitthvert bráðabyrgðarhús á meðan. Hjer er því nauðsyn, að setja eitthvað í stað hæstarjettar. Mjer hefði fundizt rjettast, að í þeim lögum, sem sett kunna að verða, og sem skipa fyrir um dómsvaldið í landinu, þá hefði þessi ákvörðun staðið

sem ein grein í þeim lögum, að dómsvald hæstarjettar sem æðsta dómsvald í íslenzkum málum skyldi afnumið. Hann sagðist miða þetta mál við stjórnarskrána, hina nýju stjórnarskrá; en má jeg spyrja: Á h. þm. víst, að hún verði samþykkt? Jeg held ekki. Og þá er tilgangslaust, að vera að verja miklum tíma til að ræða mál, sem á að standa og falla með henni, sem engin vissa er fyrir, og jeg vil segja engar líkur eru til að verði samþykkt. Þá er líka eitt, og það er það, að það vantar í þetta frv. að nema úr lögum alla eldri ákvarðanir um Appell (framskot) til hæstarjettar. Það er ekki nóg, að segja: Nú skal hæstirjettur vera afnuminn sem æðsti dómstóll í Íslands málum, en svo standa sem áður allar ákvarðanir í eldri lögum um Appell til hæstarjettar. Þar sem hann sagði, að mjög örðugt væri að flytja mál sín fyrir hæstarjetti sökum fjarlægðarinnar, þá var það þvert á móti því, þegar hann hjerna um árið barðist á móti því af alefli, að stefnufresturinn til hæstarjettar yrði styttur. Ræða háttv. framsögumanns var svo löng, að mjer dettur ekki í hug að svara henni allri. En jeg held því einu föstu, að þetta mál geti ekki komið til atkvæða fyr en stjórnarskráin er samþykkt og skipun dómsvaldsins innanlands er komin á með lögum.

Eiríkur Kúld: Mjer fannst h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) ekki herma það alls kostar rjett, þegar hann sagði, að h. flutningsm. hefði haldið ræðu, sem ekki hefði verið hið minnsta til skýringar málinu. Hvort þetta mál er ofsnemma uppborið, eða að hve miklu leyti það kemur í bága við stjórnarskrána, það skal jeg ekki segja um. Þó held jeg að jeg gefi málinu atkvæði mitt til 2. umræðu, eins og h. 2. þm. Ísfirðinga (Þ. M.).

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Það voru nokkur fá atriði í ræðu h. þm. Reykvíkinga, sem jeg vildi gera athugasemd við. Hann sagði meðal annars, að þetta mál væri of snemma upp borið, af því hin nýju stjórnarskipunarlög sjeu ekki samþykkt enn þá. Það er alveg öfugt. Þetta mál verður að vera undan fari stjórnarskrárinnar, eins og jeg hef útlistað. Hann sagði í öðru lagi, að skipun dómsvaldsins innan lands yrði að ganga á undan þessu frv.; en það er líka alveg öfugt, því ef skipun dómsvaldsins felur í sjer, að draga það vald inn í landið, sem nú er í höndum hæstarjettar, þá er ómögulegt að skipa þessu valdi fyr en ríkisþingið hefir fallizt á þetta frv. og konungur veitt því staðfesting. Þá sagði h. þm. í þriðja lagi, að það væri ekki nóg, að dómsvald hæstarjettar væri úr lögum numið, meðan allar ákvarðanir um stefnufarið og yfir höfuð allar reglur um áfrýjun til hæstarjettar væru ekki úr lögum numdar. Ójæja! Hann getur, h. þm., gjarnan fyrir mjer, og líklega öllum öðrum, haldið áfram að stefna og stefna til hæstarjettar og prósedera í það óendanlega eptir þessum reglum allt eins fyrir því, þótt dómsvald hæstarjettar sje úr lögum numið í íslenzkum málum. Jeg er nú hálfhræddur um samt, að háttvirtur þingmaður kunni að fá frávísunardóm. Hann er kannske ekki hræddur um það, og það hlýtur að vera fullkomlega nóg fyrir hann. Nei, — þessar reglur falla alveg burt af sjálfu sjer, ef þetta frv. verður samþykkt, mundu heilskygnir menn segja, og þeir mundu meira að segja kalla það hlægilegt, að taka það fram í þessu frv.

Halldór Kr. Friðriksson: H. framsögumaður (B. Sv.) sagði, að þetta frv. væri miðað við stjórnarskrána, og ef stjórnarskráin yrði ekki staðfest, þá yrði þetta frv. heldur ekki staðfest. *(B. Sv.:* Jú). Nei. Og hver er þá æðsti dómstóll, ef þetta skyldi verða staðfest? *(B. Sv.:* Yfirdómurinn sjálfsagt á meðan.). Nei; það er gat, það er hreinasta gat þar á öllu saman; því að þetta frumvarp hefir enga aðra ákvörðun í sjer fólgna nema þá, að dómsvald hæstarjettar skuli vera afnumið í íslenzkum málum; en gerir eigi ráð fyrir neinu í hans stað. Þegar hinn h. þm. segir, að þetta frv. sje miðað við stjórnarskrána, þá getur þetta frv. ekki fengið gildi, meðan stjórnarskráin ekki hefir fengið gildi. Hún verður að ganga á undan. *(B. Sv.:* Nei). Þá er þetta frv. heldur ekki miðað eða bundið við stjórnarskrána. *(B. Sv.:* Jú.). Þá er þetta hrein

og bein mótsögn hjá hinum háttv. þingmanni. *(B. Sv.:* Nei!).

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Stjórnarskráin getur ekki orðið til nema þetta frv. sje orðið til á undan, en þetta frv. getur orðið til á undan stjórnarskránni. *(H. Kr. Fr.:* Gagnstætt!). Já, það er gagnstætt kenningu h. þm.; það veit jeg vel. En það gleður mig jafnvel, að við lítum svona misjafnt á þetta mál, því naumast getur nokkuð sannfært mig betur um, að jeg hafi á rjettu að standa, enda hlýtur það að sjást seinna meir, hvor okkar hefir betri fótfestu í þessu máli.

Jón Ólafsson: Jeg er alveg samdóma h. flutningsm. (B. Sv.) um, að stjórnarskráin geti ekki orðið að lögum fyr en þetta frv. er komið í kring, og því er deildin nauðbeygð til að samþykkja það, ef hún vill, að stjórnarskráin fái framgang. En jeg hefði heldur óskað, að í »ákvörðunum um stundarsakir« við stjórnarskrárfrv. hefði staðið hin gamla ákvörðun um, að hæstirjettur skyldi halda sjer »þangað til öðruvísi yrði fyrirskipað með lögum«. Að þessi lög verði samþykkt, er komið bæði undir alþingi og ríkisþingi Dana; með því þetta er þannig lagað, þá getur ríkisþing Dana, með því að neita þessu frv. um samþykki sitt, orðið því til fyrirstöðu, að stjórnarskráin verði staðfest af konungi. Þetta vil jeg ekki; jeg vil ekki leggja það á vald ríkisþingsins, hvort stjórnarskráin nær staðfestingu konungs eða ekki; — ekki fyrir það, að jeg beri ekki bezta traust til ríkisþingsins, því að jeg treysti því miklu betur en stjórninni; en af því, að stjórnarskráin um vor sjerstöku mál heyrir ekki undir það, hvorki beinlínis nje óbeinlínis. Jeg vil því gera breyting á þessu við stjórnarskrárfrv., en jeg verð samt að vera með því að samþykkja þetta frv., af því það er nauðsynlegt í sjálfu sjer, og jeg álít að þingd. sje nauðbeygð til að samþykkja það, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm; að eins vil jeg vekja athygli á, að vert væri að kom að áminnztri breyting við stjórnarskrána, svo að stjórnarskráin verði undir öllum kringumstæðum óháð úrslitum þessa máls.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg er þakklátur 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) fyrir ræðu hans, því jeg er viss um, að hann hefir talað af sannfæringu og af sönnum velvilja til þessa máls; en þar á mót er jeg honum ekki samdóma um það, að það sje nokkur hætta að leggja þetta undir ríkisdaginn, því fyrst og fremst treysti jeg ríkisdeginum mjög vel til að binda enda á það fyrirheiti, sem liggur í 3. gr. stöðulaganna; öðruvísi verður það eigi skoðað, af því hjer ræðir um mál, sem í eðli sínu, og eptir grundvallarstefnu stöðulaganna sjálfra er sjerstaklegt mál Íslands, og á hinn bóginn stendur þessi grein þeirra óhagganleg, meðan henni er ekki breytt með nýjum lögum af löggjafarvaldi Dana. Þessi fyrirvari með hæstarjett er þannig þrepskjöldur fyrir skipulagi innlendrar stjórnar á Íslandi. Þetta frv. verður í tímanum að koma á undan stjórnarskrárstaðfestingunni, en í stjórnarlagalegu tilliti verða þau alveg samfara. Öll önnur spursmál, viðvíkjandi stjórnarskrárbreytingunni, liggja þar á móti fyrir utan verkahring ríkisþingsins, eins og jeg hef margtekið fram. Jeg sje hjer þannig ekki neina hættu, heldur að eins brýnustu nauðsyn til að fylgja þessu máli fram með alefli.

Jón Ólafsson: Jeg meinti ekki, að stjórnarskráin yrði lögð beinlínis undir atkv. ríkisþingsins, heldur að ríkisþingið gæti með því að neita um samþykki sitt til þessa frv. komið í veg fyrir, að stjórnarskráin gæti orðið að lögum, eptir því sem 1. gr. hennar væri nú orðuð.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Það er rjett skoðun hjá hinum háttv. þingmanni, að neitun ríkisþingsins, ef hún kæmi fyrir, hlýtur að valda drætti á stjórnarskrárbreytingunni samkvæmt 1. gr.; en hann verður að gæta að því, að við getum ekki umflúið stöðulögin, og á hinn bóginn er jeg sannfærður um, að ríkisþingið verður fúst á að samþykkja lög þessi. Jeg ber alls ekki verra traust til ríkisþingsins í þessu efni en til stjórnarinnar. Að minnsta kosti er það víst, að engin yfirlýsing ligg-

ur fyrir frá ríkisdeginum, eins og h. hæstv. landshöfðingi kom fram með frá stjórninni, með tilliti til stjórnarskrárinnar sjálfrar, um að stjórnin sje ófús og ófáanleg til þess að ganga að nokkurri helzt breytingu á henni. Þvert á móti. Jeg er alveg sannfærður um, að ríkisdagurinn verður fús á að veita okkur þetta, og viðurkenna, að þetta mál er sannarlegt sjerstakt mál Íslands, og að ríkisþingið láti sjer nægja að hafa töglin og hagldirnar í almennum málum Íslands og Danmerkur. Jeg tek það sterklega fram, að mjer þykir illt og óviðurkvæmilegt, að nokkurt það orð falli hjer í alþingissalnum, sem lýsi nokkru vantrausti til ríkisþingsins í þessu efni. Og þótt nú þessi ástæða hefði eitthvað að þýða, þá getur alþingi aldrei umflúið sinn eigin skugga; við erum nú einu sinni svona settir. Þetta frv. hlýtur að koma fram sem undanfari stjórnarskrárinnar, ef hún á að vera annað en hálfverk og kákið gamla, sem aldrei endar, og jeg hef sannarlega enga ástæðu til að treysta betur þeim tíma, sem ókominn er, en þeim tíma, sem jeg lifi á, og er sannfærður um að sje einmitt vel lagaður til að geta hrundið málinu í gott horf, og sá tími er einmitt nú. Gætum að því, háttvirtu fulltrúar Íslands, að vjer ekki látum ganga fram hjá oss það tækifæri, sem forsjónin og stefna tímans býður oss.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um launaviðbót handa landlækni G. Schierbeck (C. 325); 1. umr.

Flutningsmaður (E. Küld): Jeg kannast fyllilega við, að þetta frv. er komið til þess að leita til sanngirnistilfinningar h. deildar, því jeg játa, að það er engin lagaskylda fyrir þessari veitingu. Nú hefir þessi maður sent bænarskrá til þingsins og sótt um þessa 800 kr. persónulegu launaviðbót. Eins og kunnugt er, sótti þessi maður um þetta embætti í þeirri von, að embættið fengi að halda sömu launum og það hefði haft að undanförnu, 4800 kr., og því mun líka hafa verið slegið upp í Kaupm.höfn með þeim launum. En svo var þessu breytt, og þingið samþykkti frv. um að færa launin niður í 3,600 kr.; en hann hafði von um, að það frv. yrði ekki staðfest og sótti því, eptir ráðum mikilsmetins Íslendings í Kaupmannahöfn, samt um embættið. Seinna bætti nú þingið reyndar nokkuð úr þessari niðurfærslu og setti launin í 4000 kr., og varð það frv. að lögum. Þegar við nú lítum á þessi 4000 kr. laun, samanborin við laun annara embættismanna, þá eru þau ekki alls kostar sanngjörn. Sem landlæknir hefir þessi maður að eins 1600 kr.; hitt hefir hann sem forstöðumaður læknaskólans. Hann hefur þannig sem landlæknir minni laun en nokkrir af hjeraðslæknunum hafa; því þeir hafa sumir 1900 kr. Sem forstöðumaður læknaskólans hefir hann 2400 kr., sem alveg er sama upphæð eins og hinn fasti kennari við læknaskólann hefir. Það er þá enginn munur á því að vera forstöðumaður skólans og að vera undirkennari við hann. Auk þess hefir hann á hendi að kenna yfirsetukvennafræði kauplaust. Þessi maður hefir nú byggt hjer stórt hús og lagt mikið í kostnað hjer, í von um að hann fengi leiðrjetting á launum sínum. Jeg held það væri ekki heppilegt, að neyða hann til að flýja hjeðan. Jeg þekki reyndar svo sem ekkert til hans sjálfur; en mjer er sagt, að hann sje duglegur og heppinn læknir í mörgu, og jeg hef enga ástæðu til að efast um, að það sje rjett hermt. Þegar menn hafa fengið duglegan mann í eitthvert embætti, þá finnst mjer, að menn eigi að gera allt sitt til að reyna að halda honum. Jeg vona því, að deildin verði mjer samdóma um þetta mál, og lofi þessu litla frv. að ganga til 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Frv. þetta getur stuðzt við 2 sennilegar ástæður: 1., að rjetti landlæknisins hafi verið hallað með lögum 8. nóv. 1883, sem settu laun hans niður úr 4,800 kr. í 4,000; 2., að landlæknirinn sje sjerstaklega viðurkenningarverður maður, sem þess vegna verðskuldi þessa 800 kr. launahækkun, sem hjer er farið fram á. Aðrar geta ekki ástæðurnar verið; og skal jeg nú leyfa mjer að skoða þær lítið eitt.

Á þingi 1881 voru samþykkt lög, sem settu laun landlæknisins 3,600 kr. Þessi lög náðu eigi staðfestingu konungs, af því að launin þóttu of lág. Nú sótti Schierbeck um embættið, áður en útsjeð var um, hvort lögin um 3,600 kr. launin yrðu staðfest eða ekki, og fjekk hann þá embættið, en með þeim fyrirvara, »að hann sje skyldur að hlíta þeim breytingum, sem kynnu að verða gerðar á launakjörunum«. 1883 samþykkti þingið lög, sem ákváðu laun landlæknis 4,000 kr., og þessi lög voru staðfest. Af þessu sjest, að stjórninni hafa þótt 3,600 kr. laun of lág, en 4,800 kr. of há, og þess vegna veitt embættið með þeim fyrirvara, að Schierbeck yrði að sætta sig við þá breytingu á launum, sem verða kynni, og sem stjórnin að líkindum hefir búizt við. Nú með því að þingið hafði sett launin niður í 3,600 kr. áður en Schierbeck sótti um embættið, og áðurtalinn fyrirvari var settur við veitingu þess, þá gat hann *ekki* haft vissu fyrir 4,800 kr. launum allt af meðan hann sæti í embætti þessu; og úr því svona er, verður með engu móti sagt, að lög 8. nóv. 1883 hafi hallað rjetti hans, þó afleiðingar fyrirvarans hafi komið niður á honum; enda mundi stjórnin hafa varazt, að staðfesta lög þessi, ef hún hefði álitið viðkomandi lækni órjettur gerður.

Að því er hina ástæðuna snertir, þá sje jeg ekki, að hækka þurfi launin af því, og það því síður, sem jeg tellaunin í sjálfu sjer engan veginn of lág. Að vísu hefir forstöðumaður prestaskólans og forstöðumaður hins lærða skóla, hvor, hærri laun; en það er aðgætandi, að landlækirinn hefir praxis allmikla, sem eigi mun nema minna en 600 kr. um árið, eptir því, sem jeg hefi heyrt, enda kvað hann vera nokkuð dýrari í lækningum sínum en aðrir læknar.

Fjárhagur landsins er heldur ekki svo góður, að vjer getum verið að leika oss að því, að hækka laun embættismanna. Jeg sýndi fram á hjer um daginn, að áætlaður afgangur var 1875 töluvert á annað hundrað þúsund krónur; en nú er afgangurinn áætlaður liðugar 12,000 kr. eptir aðra umræðu um fjárlögin. Af þessu sjest, að fjárhagurinn er allt annað en glæsilegur, og því bezt að fara varlega með fjárveitingar, ekki sízt í launahækkunum. *H.* þm. Barðstr. (E. K.) kom með þá ástæðu fyrir launahækkuninni, að landlæknirinn hefði orðið að byggja hús. En jeg verð að álíta, að slíkt sje landssjóði alveg óviðkomandi, þótt embættismaður byggi sjer hús. Svo kom sami h. þm. (E. K.) með þá kenning, að landlæknirinn hefði sem slíkur 1600 kr. laun og sem kennari við læknaskólann 2400 kr. um árið. Það þekkir víst enginn nema hann, þessa sundurliðun á launum, og jeg þekki nú ekki, hversu mikil störf landlæknisins eru; það munu helzt vera ferðir til að líta eptir lyfjabúðum og hjá læknum; en það sem landlæknirinn kostar til embættisferða sinna, fær hann borgað af landssjóði.

Að minni hyggju mundi h. þingd. gjöra sjer jafnvel vansa, ef hún samþykkti þessa 800 kr. launahækkun, og ljeti þannig undan launaheimtufrekju þessara h. uppástungumanna; vil jeg því sterklega ráða til að fella þetta frv.

Jón Ólafsson: Mjer fannst h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) líta nokkuð einhliða á þetta mál. Hjer er ekki um það að ræða, hvað sje hæfileg laun, því að það hefir þingið ákveðið áður, heldur er hjer um að gjöra, hvað sje sanngjarnlegt í þessu máli, hvort ekki sje ástæða til að hækka launin af því, að landlæknirinn gekk að embættinu í fullri vissu um að það yrði launað með 4800 kr. (*L. Bl.*: Heyr!). Þetta er hið fyrsta tilfelli, þar sem lög minnka laun þess manns, sem situr í embættinu, er lögin eru samþykkt,—þess manns, sem áður hafði fengið veiting fyrir embættinu. (*L. Bl.*: Heyr!). Jeg veit líka til þess, að hann fjekk persónulegt loforð frá hæstv. ráðgjafa um, að launin yrðu ekki lækkuð, og í því trausti sótti hann um embættið. Ef h. þingd. vill eigi hækka þessi laun, þá gæti hún allt eins vel sett launin niður í 2000 kr. á næsta þingi. Það væri hvorttveggja jafnrjettlátt.

H. þm. kvað húsbygging landlæknisins

landssjóði óviðkomandi. En á það get jeg ekki fallizt, ef það er víst, að hann byggði þetta hús í því trausti og af því, að hann taldi víst, að launin yrðu aldrei minni en 4800 kr.

Jeg skal ekki dvelja lengi við smáatriði í ræðu h. þm. (Þork. B.). En að landlæknirinn hafi praxis, sem nemi 600 kr., er ekki rjett; jeg þykist þess viss, að hann mundi selja h. þm. (Þork. B.) praxis sína fyrir 300 kr. Landlæknirinn hefir vísindalegan áhuga og verður því að leggja afarmikið í kostnað til þess að geta fullnægt þessum áhuga sínum.

Eiríkur Kúld: H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir tekið af mjer ómakið með að svara h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.); en jeg ætla að eins að minnast á praxis þá, er landlæknirinn hefir; hann hefir í mesta lagi 300—400 kr. praxis á ári; en ytra hefir hann sagt mjer, að hann mundi hafa haft 4—6000 kr. fyrir sömu praxis ef hann hefði verið kyr. Mjer heyrðist h. þm. efast um, að maður þessi hefði gert sig viðurkenningarverðan; en getur h. þm. nefnt aðra lækna, sem hafa sýnt meiri viðleitni til að gagna en hann? Áður en hann fór frá Khöfn keypti hann verkfæri fyrir sjálfs síns peninga, 2000 kr., til þess að geta verið við öllu búinn til lækninga hjer. Munu hinir aðrir æknar hafa varið jafnmiklu í þessu skini? Störf landlæknisins eru allmikil. Hann þarf að ferðast um meðal lækna og lyfsalanna um landið til að kanna lyf þeirra, og fyrir það fær hann ekkert sjálfur, nema að eins ferðakostnaðinn. Hann hefir lækna undir sjer, sem árlega senda skýrslur, sem hann þarf að kanna og bera saman. Hann á að sjá um, að bóluefni sje til og senda það út um landið o. fl. Hinum sama h. þm. þótti undarlegt, sð jeg sagði að hann sem landlæknir hefði einar 1600 kr. í laun; jeg get þó eigi ætlað, að hann sem forstöðumaður læknaskólans fái minni laun en fasti kennarinn við skólann; en hann hefir 2400 kr. Ef maður nú dregur 2400 kr. frá 4000 kr., sem landlæknirinn hefir sem landlæknir og forstöðumaður skólans, þá eru eptir einar 1600 kr., sem hann ætti að fá sem landlæknir, og er það minni laun en sumir hjeraðslæknar hafa. Mjer finnst því öll sanngirni mæla með því, að hann fái þessa launahækkun, og vonast eptir að þingd. samþykki hana.

Þorkell Bjarnason: Viðvíkjandi því sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að Schierbeck hefði fengið persónulegt loforð hjá ráðgjafanum um, að launin skyldu eigi færð niður meðan hann sæti í læknisembættinu, þá má maður eigi trúa því og ætla ráðgjafanum það, að hann standi eigi við orð sín, hefði hann, sem raunar er ótrúlegt, lofað slíku. H. þm. sagði, að það væri ósanngjarnt, ef að því kæmi að þingið færði landlæknislaunin niður í 2000 kr. meðan Schierbeck væri í embætti, en það er víst eigi hætt við að það komi fyrir, því að stjórnin mundi eigi samþykkja það, þar eð hún áður vildi eigi samþykkja 3600 kr. Og eptir þinginu 1883 að dæma, er eigi hætt við, að þingið lækki launin, heldur miklu fremur hækki þau framvegis, að minnsta kosti ef h. 2. þm. S.-Múl. situr á þingi. Það sem h. þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að læknir þessi hefði eigi yfir 300—400 kr. praxis árlega, þá þykir mjer það mjög ótrúlegt; en ef það er satt, þá sýnir það, að hann er eigi mikið sóttur, einkum þar eð hann er nokkuð dýrari en aðrir læknar hjer á landi, eptir því sem jeg hefi heyrt.

Jón Jónsson: Jeg heyri að skoðanir manna eru allmjög mismunandi um þetta mál, og með því farið er að líða á þingtíma, en mörg þarfleg mál óbúin, þá ætti þetta mál eigi að tefja þingtímann í þetta sinn, og mætti því láta það bíða. Jeg hef líka heyrt, að landlæknirinn ætti í máli við landsstjórnina út af borgun fyrir kennslu yfirsetukvenna, og ef hann ynni það mál, mundi hann fá nokkra viðbót, og álít jeg því þessa launahækkun eigi nauðsynlega nú.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg þekki það til, að landlæknirinn er eigi dýrri en aðrir læknar. Hann leggur margt til frá sjálfum sjer til útvortis lækninga sinna, og reiknar eigi hátt. Hann fær heldur enga borg-

un fyrir lækningar á spítalasjúklingum, því að spítalalæknirinn fær þá borgun alla.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd. Jeg álít, að jeg eigi ekki að binda atkvæði mitt við atkvæði fyrri þinga eða þingsins 1883. Jeg veit, að landlæknirinn hefir sótt um embættið í þeirri von, að fá 4800 kr. í laun, og hefði eigi sótt um það, ef hann hefði eigi haft fulla vona um, að fá þessi laun. Eigi að síður gat verið, að jeg hefði verið mótfallinn þessari launaviðbótarhækkun, ef jeg eigi áliti, að Íslandi mætti vera sönn eptirsjón í þessum manni. Allir, sem á þenna embættismann minnast, játa, að hann sje skylduræknasti og duglegasti embættismaður; en um þetta atriði er öðrum kunnugri en mjer. Þar á móti finn jeg mjer skylt, að bera vitni um það, að jeg hefi sjeð með mínum eigin augum, að hann hefir gjört það hjer í Reykjavík, sem aðrir embættismenn hafa látið ógjört; hann hefir gjört, fyrir allra manna augum, þær tilraunir með garðyrkju og plöntunarrækt, sem jeg álít, að hverjum Íslendingi hljóti að ganga í augun. Slíkar tilraunir eru þó sannarlega virðingarverðar og meir að segja borgunarverðar. Þetta fagra verk vinnur þessi háttvirti herra með óþreytandi alúð og iðni allar þær stundir, sem hann ekki er bundinn við skylduverk sín; og skyldi nú alþingi finnast það þýðingarlaust og lítils vert, ef hann gæti sýnt oss, að ýmsar skógtegundir gæti þrifizt á Íslandi? Þetta er erlendur maður; skyldum vjer eiga að fæla hann frá oss með smámunasemi og ósanngirni, ef eigi með beinu ranglæti, hann, sem gengur á undan oss í því, sem vjer allir ættum að leggja mest kapp á: að nota náttúruöfl fósturjarðarinnar. Nei! Jeg vona því, að h. deild verði svo veglynd, að hún hiki ekki við að veita landlækni vorum fje þetta með glöðu geði, og að meiri hluti deildarinnar að minnsta kosti muni samþykkja það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg álít ekki, eins og h. 2. þm. N.-Múl. (B. S.), að jeg ekki sje bundinn við atkvæði mitt á fyrri þingum. Eins fús eins og jeg gaf atkvæði mitt með því, að veita landlækninum 400 kr. til að rannsaka bráðapestina, eins mjög er jeg á móti þessari launahækkun hans. Mjer finnst hann hafi nóg laun, og sannar það ekkert, þótt forstöðumaður prestaskólans hafi meiri laun, eða aðrir hálaunaðir herrar; það sannar ekki neitt, þó að aðrir hafi meira en þeir þurfa; en jeg var nú einn í sparnaðarnefndinni 1883, sem menn eru nú, ef eigi hátt, þá í hljóði, að bera mjer á brýn, og munu þessir h. þm. því eigi marka mig, eða meta mikils orð mín í þessu máli. Þingdm. hefir þótt undarlegt, að landlæknir hafi verið veitt embættið með fyrirvara um að hann verði að sætta sig við breytingar á launum; en það gengur líka gegnum prestastjettina, að prestar verða að sætta sig við þær breytingar, sem á kunna að verða. Viðvíkjandi því, að ráðgjafinn hafi persónulega lofað honum, að launin skyldu eigi verða lækkuð, þá getur það varla verið mögulegt. Ráðgjafinn gat alls eigi lofað þessu; því að hann gat eigi búizt við, að sitja ávallt að völdum meðan landlæknirinn lifði, og var því grunnhyggnislegt fyrir landlækni, að byggja á því; hann gat ef til vill dáið og annar komið í stað hans, sem eigi væri bundinn við þetta loforð; á það legg jeg heldur ekki trúnað. Jeg skil heldur eigi í, að landlæknirinn hafi litla praxis; því að ef það er, bendir það á, að hann er annaðhvort eigi mikill læknir, eða dýr. Mjer finnst nærri hlægilegt, að koma með frv. til laga um launahækkun hans, og verð að halda, að það hljóti að vera persónulegt.

Jón Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), þar sem hann sagði, að launin væru sæmilega há í sjálfu sjer. Hver, sem þekkir þennan embættismann og veit það, að hann ekki sóar neinu af launum sínum í býlífi, heldur brúkar hvern eyri, sem hann fær í laun, ekki til að leggja upp, nei, heldur ver honum til að stunda þau vísindi, sem hann iðkar,—hver sem þetta veit, honum getur ekki dottið í hug, að koma fram með þess háttar mótbárur. H. sami þm.

sagði, að annaðhvort hlyti landlæknirinn að hafa mikla praxis og þá fá mikið fyrir, eða þá litla, af því að hann seldi hana dýrt; en getur þá h. þm. ekki hugsað sjer þriðja mögulegleikann, þann, að hann hafi mikla praxis og fái lítið fyrir? Jeg hefi með eigin augum sjeð hans dagbækur, þær, sem hann hefir fært yfir lækningar sínar, og af þeim er mjer það kunnugt, að hann hefir optar enga borgun tekið heldur en nokkra. Jeg hefi að vísu heyrt sögur í gagnstæða átt; en þær munu vera af allt öðru en sannleiksrótum runnar, t. d. sagan um það, að hann hafi tekið 6 kr. fyrir að skera í fingur á manni, og þetta var náttúrlega *úthrópað* sem óguðlega dýrt. En svo sagði annar læknir mjer, sem einmitt var með honum við þetta tækifæri, að hann hefði lagt til umbúðir, sem kostuðu 10 kr., og þær gaf hann. Af því sjest, að hann hefir eiginlega gefið 4 kr. fyrir að skera í fingurinn á manninum! Þetta sýnir, að það er ekki gott, að fara eptir þeim fyrsta og bezta sögum. — Það er heldur engin launung, að þegar hann fyrst kom hingað til læknaskólans, var svo mikill kurr í lærisveinum þar, að þeir jafnvel færðust undan að hlýða á kennslu hans. En þeir voru ekki lengi búnir að vera lærisveinar hans, áður en þeir játuðu það, að þeir lærðu langt um meira hjá honum á jafnlöngum tíma, en þeir höfðu áður gert hjá nokkrum öðrum kennurum. Og jeg hygg, að engum, sem þekkir, geti blandazt hugur um það, að kennslan nú á læknaskólanum er miklu fullkomnari, en áður var, þegar hann ekki var kominn.

Þorlákur Guðmundsson: Eptir skýrslu h. flutningsmanns (E. K.) ímynda jeg mjer, að læknaskólakennslan sje aðalatriðið í landlæknisembættinu. En það er öðru máli að gegna, þó að dr. Hjaltalín hefði meiri laun, og persónuleg laun, þar sem hann var viðurkenndur maður lífs og liðinn, og hafði lengi þjónað og unnið margt til þarfa þjóð sinni; og jeg verð að álíta, að dr. Hjaltalín hafi meira gert fyrir landið, heldur en þessi maður hefir gert eða mun gera, þótt hann verði hjer lengi.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv. gegn 9.

Frumvarp til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk (C. 323); 1. umræða.

Eiríkur Kúld: Jeg stend upp með hálfum huga til að gera fáeinar athugasemdir við frumvarp þetta; því þegar jeg lít á, hvaðan það er komið, finn jeg, að það er vandi, að haga rjett orðum sínum. Mjer finnst vera 2 stórgallar á frumv. þessu; en af því nú er 1. umræða, skal jeg ekki fara út í hinar sjerstöku greinir. Stefna frumv. er mjög ófrjálsleg, þar sem gert er ráð fyrir, að binda hendur þeirra, sem þó með sönnu má segja, að ekki eigi það fullkomlega skilið. Það fer nefnilega fram á, að sveitarstjórnin geti þröngvað mönnum til að fara í vist. Nú skulum við taka dæmi, að það sjeu fátæk hjón, sem sveitarstjórnin vill aðskilja, og skipa í vist, sínu á hvort heimili. Þetta er ekki samkvæmt því, sem vera ber, að sveitarstjórnin skuli geta aðskilið hjón, sem máske unnast hugástum, að eins vegna fátæktar, og svipta þau þannig þeim rjetti, sem sem þeim ber, til að lifa saman, bæði eptir guðs og manna lögum. Því að hjón geta lifað saman í kristilegum kærleika, þó þau sjeu fátæk.

En þegar jeg nú gæti að, að þetta frumv. er komið frá h. Ed., þar sem svo margir lögfróðir menn sitja, þá furðar mig það stórkostlega, að það — eptir því sem jeg bezt fæ sjeð — gangi beint ofan í lögin 12. apríl 1878, því eptir þessu frumvarpi eiga skuldir til sveitarsjóða að ganga fyrir öllum öðrum skuldum, en eptir þeim lögum eru þær skuldir alls ekki taldar í 1. röð í 83. gr., heldur í annari röð 3. tölulið. Ef þetta er misskilningur hjá mjer, vonast jeg eptir, að h. þm. leiðrjetti mig. (*L. Bl:* Þessi lög eru engin stjórnarskrá!).

Landshöfðingi: Út af ummælum h. þm. Barðstr. (E. K.) skal jeg geta þess, að þó þetta frv. komi í bága við skiptalögin 12. apríl 1878, og þótt ekki sje til tekið í

þessu frv., að skiptalögunum sje að þessu leyti breytt, þá þarf það ekki að vera nein hindrun fyrir því, að þetta frumvarp geti náð fram að ganga; því það er ekki nærri því ætíð, að þess háttar sje tekið fram í hinum yngri lögum, og er þá sjálfsagt, að hin yngri lög upphefja það í hinum eldri lögum, sem ekki getur samrímzt við þær ákvarðanir, er þau innihalda. Lögin frá 12. apríl 1878 eru ekki eins og t. d. stjórnarskrá, sem ekki megi breyta nema upp á vissan hátt. Þann galla, sem h. sami þm. fann á þessu frumv., að það væri ófrjálslegt, þá get jeg ekki sjeð, að svo mjög kveði að því, að h. þingdeild þurfi að hafna því þess vegna. Það verður ekki ætíð hjá því komizt, að fátæktin leggi yms bönd á menn, og banni mönnum að njóta þess frelsis í ýmsum greinum, sem þeir annars gætu notið, ef þeir væru í betri kringumstæðum. Annars hygg jeg, að þetta frumvarp hafi ýmislegar þær ákvarðanir, sem gera það æskilegt, að það nái samþykki h. þingd.

Eirikur Briem: Jeg vildi að eins æskja þess, að þetta frumv. yrði samþ. óbreytt í þessari h. þingd., því að minni skoðun væri veruleg rjettarbót að því; jeg hefi því betri von um þetta, sem frumv. þetta hefir inni að halda margar þær sömu ákvarðanir, sem frumv. það, sem hjer hefir verið samþ. fyrir skömmu með miklum atkvæðafjölda, en sem skoðað var svo, að fallið væri við atkvæðagreiðslu í efri deild.

Jón Ólafsson: Mjer finnst frv. þetta vera í ýmsu ólíkt og breytt frá því frv., sem hjer var samþykkt, og virðist mjer þær breyt. vera að mun til hins lakara; það hefir inni að halda ýmsar skoplegar ákvarðanir, sem undarlegt er að skuli vera komnar inn í það í h. Ed., sem limlesti svo hraparlega frv. það, sem hjeðan kom, um áþekkt efni. Ýmsar þær reglur, sem hjer eru settar, eru með öllu óþarfar; því hið sama getur hreppsnefndin sjálf gjört í sínum hrepp, án þess nokkrar lagaákvarðanir sjeu um það. Svo vil jeg taka til dæmis eina ákvörðun. Þegar samkvæmt 3. gr. þarf að setja manni, sem gjörir sig kunnan að ráðlausri meðferð fjár síns — þegar þarf að setja þessum manni fjárráðamann, þá þarf að leita amtmannsins og hann á að setja þennan forráðamann. Þetta er svo fjarstætt, að undrum sætir. Ef þurfamaður er í Múlasýslu eða Húnavatnssýslu, er þá líklegt að amtmaðurinn á Akureyri hafi betra vit á og þekki betur hagi þess manns, heldur en sýslumaður og sýslunefnd? Þetta miðar, eins og annað fleira í þá átt, að draga valdið út úr sveitunum og leggja það í hendur einstakra, fjarlægra og ókunnugra manna. Þetta fyrirkomulag er auk þess mjög óhentugt frá sjónarmiði þurfamanna; því með því eru kjör þeirra lögð í hendur svo fjarlægu valdi, að það getur ekki vitað ástæður eða kringumstæður þeirra. Skaði, að h. Ed. hefir meðhöndlað svo hraparlega frv. það, sem hjeðan fór, og sent oss þetta í staðinn. Ef þetta frv. kæmist nú að, mundi það verða til þess, að fresta hinni nauðsynlegu endurskoðun á þurfamannalögunum um nokkur ár, án þess að gjöra nokkra rjettbót. Jeg vil því gjöra það að minni uppástungu, að nefnd sje sett í þetta frv., til að vita, hvort ekki er hægt að bæta það svo, að það verði brúklegt.

— Nefnd var felld með atkvæðafjölda.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að vera frv. þessu meðmæltur. Og ef það er borið saman við hitt frv., sem hjeðan fór, hefir þetta ýmsa kosti fram yfir það. Á því voru ýmsir gallar, svo sem að sekta sveitarlim um 2 kr. á dag. H. þing hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu, að veita sveitarstjórnum meira vald gagnvart sveitalimunum. Jeg get ekki tekið eptir neinu einstöku, sem er með öllu óaðgengilegt í þessu frumv., og vildi jeg óska, að það gengi óbreytt sína lögboðnu leið. Hins get jeg ekki dulizt, að ekki verður stórra hagsmuna von að því.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv. gegn 2.

Þrítugasti og áttundi fundur, fimmtudag 13. ágúst kl. 12. Allir á fundi.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi (C. 200, breyt.till. 346 og 349); 2. umr.

Benidikt Sveinsson: Þegar þetta mál kom hjer fyrst til umræðu, þá datt mjer sízt í hug, að jeg þyrfti að halda langa ræðu til varnar því. Þegar frv. kom þannig lagað frá hinni h. Ed., segi jeg, þá datt mjer sízt í hug, að jeg þyrfti að halda langa varnarræðu fyrir því. Þegar ekki að eins allir þjóðkjörnir þingmenn þar hafa greitt atkvæði með því, heldur einnig konungkjörnir, og meira að segja allir yfirrjettardómendur landsins, þá datt mjer ekki í hug, að nokkur þm. hjer í deildinni mundi hreyfa mótmælum gegn því. Hinn hæstv. landsh. hreyfði reyndar nokkrum mótmælum gegn frv., en á því gat jeg ekki furðað mig svo mjög frá hans sjónarmiði, sem umboðsmanns stjórnarinnar; en þau ímynda jeg mjer ekki geti verið fráfælandi fyrir neinn þm.; því hæstv. landsh. sagði, að stofnunin væri í sjálfu sjer æskileg og gagnleg, og hann tók það fram, að ekki væri víst, að neitt væri því til fyrirstöðu, að það næði staðfesting konungs. Það eina atriði, sem hann hafði á móti frv., var kostnaðurinn. Hann kvaðst vilja leiða athygli þm. að, hvernig fjárhagur vor stæði nú, og þannig var hið eina atriði, sem hann hafði á móti frv., atriði, sem eingöngu heyrir undir álit og ákvörðun þingsins, en ekki stjórnarinnar. En viðvíkjandi þessu atriði skal jeg taka það fram, að hjer er ekki farið fram á neina fjárveitingu á næsta fjárhagstímabili, því það er alveg óákveðið, hve nær skólinn kemst á fót. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) tók ýmisleg atriði fram á móti frv. um daginn; jeg var þá »dauður», og gat því ekki svarað honum, og fjell mjer það þó mjög illa; en jeg skal nú leyfa mjer að svara honum, þótt jeg ekki geri það nú af eins miklum hita, eins og hin kynlega og ótrúlega ræða hans hafði vakið hjá mjer. Nei! Blóðið hefir haft tíma til að jafnazt í mjer síðan, og mun jeg því tala með meira jafnaðargeði, en jeg mundi þá hafa gjört.

Hann sagði, að þetta mál hefði lengi staðið á dagskrá þingsins. Þetta sagði þó þingmaðurinn satt. Til að sýna þennan sannleika gjör, ætla jeg að drepa lítið eitt á sögu þessa máls, og bænarskrár þær, ávörp og áskoranir, sem komið hafa til alþingis um það fyr og seinna.

Árið 1845 sendu 24 Íslendingar í Khöfn bænarskrá, sem prentuð er í Alþt. 1845, um að stofnaður yrði menntunarskóli á Íslandi handa lögfræðingum; þetta var hið fyrsta, endurreista ráðgefandi alþingi. Í bænarskrá þessari eða ávarpi standa meðal annars þessi orð: »Þar eð ekkert er lítið til Íslands þarfa í kennslu þeirri, sem veitist við háskólann í Kaupmannahöfn». Undir þetta rita margir merkilegir menn, og er þar fyrstur á blaði Halldór Kr. Friðriksson; enn fremur Konráð Gíslason, sem nú er prófessor við háskólann, Oddgeir sál. Stephensen, og Vilhjálmur Finsen, sem nú er óhætt að segja að sje einn hinn mesti og álitlegasti lagamaður af öllum Íslendingum, og þar að auki hæstarjettardómari. Eins og við var að búast á þeim tímum, fjekk mál þetta enga áheyrn hjá stjórninni, en hinar beztu hjá öllum meiri hluta alþingis.

Árið 1855 kom önnur bænarskrá eða ávarp til alþingis frá 17 íslenzkum stúdentum í Kaupmannahöfn um stofnun lagaskóla, og undir hana skrifar fyrstur h. þm. Eyf. (A. Ó.) sjálfur. Þar er meðal annars komizt svo að orði: »Vjer vonum, að öllum muni virðast þessar uppástungur vorar á rjettum rökum byggðar, og að þær gangi ekki lengra en brýn nsuðsyn ber til, og þarfir vorar krefja».

Undir þessa bænarskrá skrifar einnig sá, sem efst stendur af oss öllum hjerna í salnum, hæstv. landsh., og enn fremur h. forseti. Það segir sig sjálft, að jeg get talið mjer það til æru, að jeg stend einnig undir þessu ávarpi til alþingis, sem jeg átti mikinn þátt í að semja; en meiri innri gleði og ánægju aflar mjer það, að jeg jafnan síðan

hefi fram fylgt þessu máli af ýtrustu kröptum, og það þó hinn 1. þm. Eyf. (A. Ó.) og svo margir fleiri hafi snúizt á móti því síðan!

Árið 1857 kom enn ávarp frá 18 Íslendingum í Khöfn, og undir því standa enn meðal annars h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) og hæstv. landsh., og þetta ávarp er mjög hjartnæmilega rökstutt og ritað, enda er það með eigin hendi h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.).

Árið 1859 kemur enn bænarskrá frá 16 Íslendingum í Khöfn, og undir hana ritar ar enn h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), og jeg nefni það mjer enn líka til æru, að jeg stend næst honum þar undir.

Árið 1861 kom enn bænarskrá frá 16 Íslendingum; þar á meðal Jóni sál. Sigurðssyni og h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.).

Jeg skal nú ekki fara lengra út í sögu þessa máls, því jeg vona, að flestum sje hún ljós; jeg hefi að eins tekið þetta fram til þess, að sanna orð h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), að þetta sje gamalt mál á dagskrá þingsins. Hitt vita bæði guð og menn, að hvert eitt einasta ráðgefandi alþingi eptir þennan tíma hefir beiðzt þess og krafizt, að stofnaður yrði lagaskóli á Íslandi, og hið löggefandi alþingi tvívegis samþykkt lagafrumvarp um það; — en heyr undur og fádæmi! — árangurslaust fram á þennan dag!

En nú er búið með sannsögli hins háttvirta þingmanns um lagaskólann! Hann sagði viðvíkjandi kostnaðinum, að ekki væri að marka, þótt hið ráðgefandi þing hefði ekki horft í hann, af því það hefði viljað gera kostnaðarspursmálið sem ískyggilegast. Þessu vansæmandi ámæli þingmannsins mótmæli jeg í nafni allra hinna ráðgefandi alþinga; jeg mótmæli því kröptuglega, að þetta hafi verið pólitík hins ráðgefandi alþingis, og jeg skal sýna h. þm., að þetta er ósatt. Hið ráðgefandi alþingi sýndi hvorki »bagtanke« eða það, sem jeg vildi kalla svínapólitík, í þessum málum eða öðrum; en hverjar hugsanir þingmannsins sjálfs á hinum ráðgefandi alþingum hafi verið, ber honum, en ekki mjer, um að dæma. *(Forseti:* Jeg vil biðja þm. að við hafa ekki þetta orð: »svínapólitík»; það er brúkað í öðru landi, og við skulum ekki innleiða það hjer hjá oss). Hinn h. forseti hafði upp orðið sjálfur, og sagði að það væri við haft í öðru landi. Hann átti að öðru leyti að setja ofan í við þingmann Eyfirðinga, sem bar alþingi Íslendinga það á brýn, sem rjettilega kallast þessu nafni, en ekki við mig. Hvað jeg hefi talað, hefi jeg því rjett talað. Jeg skal geta þess, til þess að sanna, að orð h. þm. Eyf. (A. Ó.) geta ekki verið sönn með tilliti til kostnaðarins, að í einni af hinum mörgu bænarskrám alþingis, mig minnir 1865, til konungs, standa þessi niðurlagsatriði:

1. »Að lögfræðingaskóli sá, sem heitið er í allrahæstri auglýsingu til alþingis 1863, komist á hjer á landi, og skóla þessum verði skipað eptir undirstöðuatriðum kirkju- og kennslustjórnarinnar, dagsettum 28. des. 1863.

2. Að til lagaskóla verði fyrst um sinn greiddur fjárstyrkur úr ríkissjóði eptir nákvæmari ákvörðun stjórnar yðar hátignar.

3. Að síðan verði lagt fyrir næsta alþingi lagafrumvarp um það, hvernig fje það skuli endargoldið ríkissjóðnum af landinu, og líka um það, hvernig kostnaður til skólans framvegis skuli greiddur».

Má jeg nú biðja þm. (A. Ó.), má jeg heimta það af honum sem skylduskatt, að vera sannfærðan um, og að játa fyrir hinum háttvirtu þjóðfulltrúum hjer í salnum, og öllum þeim, sem á áheyranda bekkjum sitja, að það sje ekki satt, sem hann sagði, úr því allir hljóta að sjá það svart á hvítu, að landið sjálft bauðst til þess að kosta lagaskólann bæði í bráð og lengd? Þessa sönnun gegn orðum þingmannsins má og finna á annan veg; því þegar hið ráðgefandi alþingi, eins og allir vita, vildi fá fjárhagsaðskilnaðinn frá Danmörku, þá hlaut það líka að sjá, að þessi kostnaður mundi leggjast á landið fyr eða seinna. Þessi sama hugsun kom og fram einmitt hjá h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), þegar tilrætt

varð um laun íslenzkra embættismanna á hinu ráðgefanda þingi. Þá sagði hann, þegar spurning var um að veita íslenzkum embættismönnum jöfn laun og sams konar embættismönnum í Danmörku, að ef slíkt væri gert, að setja laun þeirra jöfn í tölum, þá væru Íslendingar búnir að binda sjer þann bagga, að verða að borga þeim þessi laun einnig eptir fjárhagsaðskilnaðin um ókomna tíma. Þessi sama athugasemd hefði átt við um kostnaðinn til lagaskólans, og þetta er því einnig, eins og jeg sagði, einmitt innri sönnun fyrir hugsunarhætti hins ráðgefandi alþingis, nefnil., að það var einmitt ekki meining þess, að draga sig undan kostnaðinum til lagaskólans, og ergo ekki tilgangur þess með beiðni sinni og kröfu um hann, að gera kostnaðarspursmálið ískyggilegt fyrir Dani. En hvað getur á hinn bóginn verið sterkari sönnun fyrir áhuga hins ráðgefandi þings á þessu máli, en að þingið bauðst til fyrir hönd landsins að láta leggja á sig sjerstakan kostnað til að fá þessu velferðarmáli lands og þjóðar framgengt? Og slíkt tilboð kom, mjer vitanlega, ekki fram í neinu öðru máli frá hálfu hins ráðgefandi alþingis. Það er því auðsætt, að 1. þm. Eyf. annaðhvort ekki veit hvað gerðist í þessu máli, eða þá ekki hirðir um, þótt hann beri það fram, sem hann veit, að er ekki satt.

Að því er snertir fjárhagsástand landsins nú, þá kemur þetta frv. ekkert í bága við það; því hjer er ekki að ræða um neinn kostnað á næsta fjárhagstímabili, þar sem það er komið alveg undir stjórninni og öðrum atvikum, hve nær skólinn tekur til starfa. Þetta tók jeg fram áður, og var það því um skör fram, að þingmaðurinn færi að stagast á því aptur. Meðan enginn lögfræðingur getur sýnt og sannað, að hann sje fær um að kenna á skólanum, þá dregst sjálfsagt, að skólinn taki til starfa. Hjer er að eins farið fram á, að heimila það og ákveða með lögum, að stofnunin sje sett á fót, lagalega stofnsett; það er nærfellt alveg hið sama, sem ákveðið var af hinum einvalda Danakonungi í auglýsingu til alþingis 8. júní 1863; munurinn liggur mestur í því, að hið löggefandi alþingi hefir nú veitt kostnaðinn til skólans, þegar hann kemst verulega á.

H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) kom með þá mótbáru, að það þyrfti ekki á að halda nema einum lögfræðing frá skólanum á ári. Þessi mótbára kemur æfinlega fram; hún kom fyrst fram hjá einum konungkjörnum þm. á alþingi 1845, og hefir síðan allt af gægzt fram sem golmórauð apturganga á hverju þingi og margþvætt jórturtugga, mest úr munni h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.). Já, hann gekk enn lengra og sagði, að það þyrfti jafnvel ekki nema brot úr manni á ári. Þessi mótbára er jafnhlægileg sem hún er bókstaflega röng. H. þm. gerði ráð fyrir 27 lögfræðingaembættum hjer á landi, og til þess að fylla þau þarf virkilega, að fleiri en einn gangi í skólann á ári; það þarf að minnsta kosti 4, ef maður gerir ráð fyrir, að menn sjeu 4 ár að læra við skólann. Það er eins víst, eins og ef h. þm. (A. Ó.) spyrði konuna sína, hvað hún þyrfti mörg trog til þess að geta fjórdægrað mjólk sína; þá mundi hún undir eins svara, að hún þyrfti 4 trog. Hvar er nú öll reikningslist þingmannsins? Ef menn nú ættu að gera ráð fyrir enn fremur, að annarhvor, sem á skólann gengi, fjelli úr leik, líkt og á sjer stað um háskólann í Khöfn minnst í lagt, þá þyrftu auðsjáanlega eigi færri en 8 að ganga á hann. Það getur annars svo margt og margvíslegt borið til þess, að menn þeir falli úr sögunni, sem á þennan skóla gengju. Lærdómsárin ganga á undan embættisárunum, og bæði eru menn dauðlegir á þeim tíma, og svo er ekki víst, að allir verði embættismenn, sem á skólann ganga og byrja að læra. Til að sýna þetta, skal jeg taka til dæmis, að 7 íslenzkir menn hafa byrjað að lesa stjórnfræði eða »statsvidenskab» við háskólann í Khöfn, sem jeg þekki, en að eins einn af þeim hefir lokið við nám sitt og tekið próf; hinir hafa allir hætt á miðri leið, og einn af þessum 6 er einmitt, viti það allir lýðir, hinn h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sjálfur; *og* væri hans þó, hefði hann,—þetta hefði, sem aldrei hefði, sagði karlinn,—tekið þetta próf,

full þörf nú í landsins þarfir; því svo hefir kunnugur maður sagt mjer, að einmitt nú væri brýn þörf fyrir slíkan mann; en úr þessari þörf getur þingmaðurinn ekki bætt, þó hann gengi á skóla, ef hann ljeti á skorta að enda nám sitt, og geta þannig sýnt, að hann væri fær um það. Af þessu má sjá, hvort öll kurl koma til grafar, þegar er að ræða um að stofna skóla fyrir embættismannaefni. Það stendur líka í skýrslu frá háskólanum, sem jeg kom fram með á þingi 1881, og sem stendur prentuð í Alþtíð. bls. 1056, að annarhvor íslenzkur stúdent, sem komið hefði til háskólans um langt árabil, hefði ekki tekið próf, heldur fallið úr sögunni, og þessi skýrsla stendur ómótmælt enn. Þegar nú svona gengur við háskólann, mætti gera ráð fyrir, að einhverjir mundu tapast hjer; en þm. (A. Ó.) teldi það þó líklega ekki ókost á skólanum, þótt hjer töpuðust færri en við háskólann. Viðvíkjandi því, hvað mikið hver kandídat frá skólanum kosti, þá hefir þjóðmegunarfræðingur Dana, prófessor Frederiksen, reiknað út, að hver juridiskur kandídat við háskólann kosti 17,000 kr. Þetta tók jeg fram á þinginu 1881, og það hefir nú staðið ómótmælt í 4 ár. Þótt það því væri satt, að hver kandídat frá þessum skóla kostaði 9—10,000 kr., þá væri það nær því helmingi minna en kandídatar frá háskólanum eru reiknaðir að kosta.

Þá var ein mótbára, rjettara viðbára þingmannsins sú, að kennslan hjer mundi varla verða praktisk. Það er nú fyrst, að praktisk kennsla er álitin ónauðsynleg á háskólanum, og er því ekki við höfð þar lengur, og í öðru lagi veit jeg ekkert, hverju plani verður fylgt við þennan skóla; því jeg hef ekki sjeð enn reglugjörð þá, sem vænta má, að ráðherrann semji fyrir hann. Mjer þykir líklegt, að h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) muni geta lagt holl og góð ráð í belg með þar, því stjórnin mundi sjálfsagt ekki verða svo framhleypin og óforsjál, að leita ekki ráða til hans, og þá má nærri geta að hún mundi virða tillögur hans mjög mikils, já, taka þær í fyllsta máta til greina!? Þá minntist þingmaðurinn enn fremur á, að kandídat hjer hefði sótt um styrk til að stunda íslenzk lög á Þýzkalandi og gera sig hæfan til þess að verða kennari við hinn fyrirhugaða skóla. Já. Hvað fannst honum undarlegt við það? Hvert fara dönsk prófessóraefni? Einmitt til Þýzkalands. Þangað fór ráðgjafi vor Nellemann, og þótti hann þó góður prófessor. Og eru þó ekki fremur dönsk lög en íslenzk kennd á Þýzkalandi. En nú var þetta heldur ekki satt, því kandídatinn gerði aldrei ráð fyrir að fara til Þýzkalands, heldur til Kaupmannahafnar, til þess að nota söfn þau, sem þar eru af gömlum íslenzkum lögum og ritum. En að þessum söfnum hafa sjálfir prófessórarnir við háskólann ekki aðgang, af því að þeir skilja ekki eitt orð í íslenzku. Ef þessi söfn hefðu verið hjer, mundi hinum umrædda kandídat alls ekki hafa dottið í hug að fara til Hafnar til að læra íslenzka rjettarsögu. H. þm. (A. O.) sagði, að það væri mikið sameiginlegt í öllum lögum; ef svo er, sem og satt er, þá hlýtur líka töluvert að vera sameiginlegt í íslenzkum lögum og öðrum lögum, og því hlýtur það einnig að hafa almenna vísindalega fræðslu í för með sjer, að lesa þau, að svo miklu leyti, sem þau hafa þetta sameiginlega við önnur lög, þó þingmaðurinn aldrei nema fyrirlíti og virði að vettugi hið sjerstaka þjóðernislega eða einkennilega í íslenzkum lögum.

Þm. getur þannig ekki ætlazt til, að lögð sje nokkur áherzla á þessa mótbáru hans, heldur en hinar aðrar; hún og þær eiga að vísu sjálfsagt að leggja frv. í þennan glóandi hreinsunareld, sem honum finnst allt af brenna í heilabúi sínu; en jeg vona, að hann komist nú að raun um, að hann þurfi ekki að ætla sjer að brenna frv. í slíkum eldi, sem ekki er annað en herfilegur kerlingareldur!

Þar sem þm. var enn að tala um stærilæti þessara litlu þjóða, sem Íslendinga og þeirra líka, og að þær vildu hafa allt út af fyrir sig, þá vona jeg, að hann hafi ekki lagt mikla þýðingu í þau orð sín, ef hann vill ekki láta þau verða sjer til ódauðlegs ámælis og minnkunar í alþingistíðindum Íslendinga. Hann var eins að tala um

háskýjapólitík og hornsílapólitík. Það hlýtur að vera mikið djúp staðfest þar á milli. Eptir því sem jeg skildi hann, þá átti jeg að vera í háskýjunum; og skal jeg þá skipta bróðurlega við hann, og lofa honum að hafa hornsílapollana, og skilja hann nú eptir, þar sem hann á sannarlega heima, eigi síður en jeg í háskýjapólitíkinni! Jeg treysti því að endingu, að h. þingd. samþykki nú þetta frv., því nú lítur út fyrir, að ekkert þurfi nema eitt já frá hennar hálfu til þess, að þessi margþráða þjóðstofnun komist á fót. Jeg vona, að þessi deild vilji ekki vera eptirbátur h. Ed. í þessu máli.

Jón Jónsson: Jeg hefði verið í nokkrum efa um, hvort menn almennt vildu fá lagaskóla að svo stöddu, ef ekki hefðu komið fram almennar óskir eptir honum á Þingvallafundinum frá lærðum mönnum og bændum. Jeg er reyndar á því fyrir mitt leyti, að vjer þurfum að fá innlendan lagaskóla, þótt nú sje enginn skortur á lögfræðingum; því að nauðsynlegt er, að lögfræðisembættismenn vorir sjeu sem bezt að sjer í íslenzkum lögum, en það geta þeir ekki orðið við háskólann í Kaupmannahöfn. En ef vjer fengjum lagaskóla, verðum vjer að vera vissir um, að hann verði notaður, og það verður hann, ef þeir einir, sem próf hafa tekið við hann, geta orðið embættismenn hjer í lögfræðisembættum landsins, og því kom jeg með breyt.till. (334); en af því h. forseti hefir bent mjer á, að þessi breyt. mundi spilla fyrir málinu, ef hún yrði samþykkt, og svo gæti farið, að það yrði eig útrætt nú á þinginu, þá tek jeg hana aptur.

Þorkell Bjarnason: Jeg tek hana upp aptur.

Forseti: Hver breyt., sem gjörð er við frv., er koma frá Ed., getur orðið til þess, að málið verði ekki útrætt á þessu þingi. Þess konar breyt. skoða jeg sem viðleitni eða tilraun til að eyða málinu, og vil jeg leyfa mjer að leiða athygli h. þingdeildarm. að því.

Arnljótur Ólafsson: H. framsögumaður (B. Sv.) sýndi mjer þá virðing,— því virðing kalla jeg það, — að eyða svo mörgum orðum um ræðu, sem jeg hjelt hjer um daginn. Jeg er því neyddur til, að færa honum þakklæti mitt — ef h. forseti getur haldið reglu á, því að menn eru allókyrrir og allóhljóðir. — Jeg skal eigi svara því mörgum, heldur fáum orðum, sem h. þm. misskildi hjá mjer.

H. þm. (B. Sv.) sagði, að jeg hefði sagt, að hið ráðgefandi alþing hefði gert kostnaðinn til lagaskólans sem ískyggilegastan. Mín orð voru þau, að hið ráðgefandi alþing hefði gert kostnaðinn til allra þarfa Íslands, og til nauðsynlegra umbóta hjer, sem ískyggilegastan, það er, sem stærstan í augum stjórnarinnar. Alþingi greip þá til hverrar þarfar, sem það gat, og bar hana fram fyrir stjórnina, og krafðist fjárframlaga til að bæta úr öllum þessum þörfum. Eitt af þessum málum, er þingið beiddist fjár til, var lagaskólinn. Tilgangurinn með þessu var sá, að knýja fram fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur. Jeg játa og, að það hefir verið vilji þingsins að fá lagaskóla; en orsökin til þess var sú, að þá var mikil þurrð á íslenzkum lögfræðingum, svo vjer fengum opt danska menn í lögfræðingaembætti hjer á landi, og þá varð að veita á stundum þau embætti hinum svo kölluðu »dönsku lögfræðingum« (danske jurister), er h. 2. þm N.-Múl. (B. Sv.) jafnan hefir gjört lítið úr. Margt, sem menn gjörðu á þeim tímum, var gjört í þeim tilgangi, að knýja fram fjárhagsaðskilnaðinn, og það var þessi hvöt, fremur en þörfin á lögfræðingum, þótt jeg játi, að hvorttveggja væri samverkandi, sem kom mönnum til að biðja um lagaskólann. Jeg er vel kunnugur anda þeim, sem þá var ríkjandi á alþingi, þótt hann kæmi eigi æfinlega svo ljóslega fram á pappírinn. Jeg er eldri þingmaður en h. 2. þm. N.-Múl., og veit því betur en hann, hver var hugarstefna þingmanna á þeim tímum. Þessi var stefna þeirra þá og þessar tvær ástæður rjeðu þá stefnunni. Ástæðurnar eru horfnar; þær eru eigi framar til; en stefnan er eptir. Í þessu er misskilningur þingsins á málinu fólginn.

H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) andmælti því, er jeg sagði um nytsemi eða ónytsemi lagaskóla, og að eigi þyrfti nema 1 lögfræðing frá honum ár hvert, með því að eigi væri fleiri en 27 lögfræðisembætti hjer á landi. Jeg hefi aldrei talað um, hve margir mundu ganga á skólann þeirra manna, er aldrei næðu prófi, því síður embætti. Mjer datt aldrei í hug, að hjer skyldi stofnaður lagaskóli til þess að annarhvor maður, sem á hann gengi, »forlísti«. Af hagfræðislegum skýrslum um manndauða veit jeg, að ekki þarf nema 1 lögfræðing ár hvert útskrifaðan úr skóla þessum til þess, að nógir sjeu í þau embætti sem losna H. 2. þm. N.-Múl (B. Sv.) hefir eigi sannað hið gagnstæða með allri mælsku sinni, ýkjum og heilaköstum. Jeg minnist þess nú, að jeg hef líkt stjórnmálastefnu hans við hornsílasund. Samlíking þessi er í sannleika mikils til of lítilfjörleg, þá er jeg virði h. þingm. fyrir mjer sem mælskumann, þá er jeg skoða meðferð hans á umtalsefninu. Þá líkist hann sannarlega öðru dýri, miklu tilkomumeira dýri, en sem og hefir horn. Það dýr er—jeg veit eigi, hvort jeg á að voga að nefna dýrið — arðuruxi, sem fer öskrandi og æðandi um víðan völl. Eins og hann stingur horninu inn í miðja heysátu og þyrlar henni ýt um allt, þannig hættir h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) við að stinga mælskuhorni sínu einhversstaðar inn í málefnið, þeyta því víðsvegar og þyrla í háalopti allt í kringum sig, í þá líking, sem arðuruxinn, eður, ef samlíking þessi þykir eigi nógu samboðin eða tignarleg, þá sem loddari, er tekur ofan galtómann hattinn sinn, veifar honum allt í kringum sig og spinnur út úr honum allra handa ræmur og reifastranga af pappír.

H. þm. (B. Sv.) sagði, að lögfræðingur sá, sem ætlaður er styrkur til rannsókna í íslenzkri lögfræði, ætlaði að stunda íslenzka lögvísi á söfnunum í Kaupmannahöfn. Þetta sannar, að menn geta lært íslenzk lög hvar sem þekking á þeim er að fá, og að það má læra þau á bók, og úr því að fornlög vor, Grágás, eru komin út í svo prýðilega vandaðri útgáfu í þrem bindum, þá geta menn numið þessi fornlög vor hvar á landi sem er. Þetta sýnir, hver þörf sje og hver þörf sje eigi á stofnun lagaskóla, sem og annara skóla. Guðfræði, læknisfræði og lögfræði geta menn lært hvar á landi sem lærdóm er að fá í þessum fræðigreinum. Menn geta lært sjálfa lögfræðina, hina almennu lögvísi, hvar sem er, en hið sjerstaklega geta menn ekki lært í raun rjettri á nokkrum lagaskóla; það læra menn eigi fyr en annaðhvort við embættisstörfin eður á skrifstofum eldri embættismanna. Svo er það t. d. á Englandi, að lögfræðingar læra meira af að flytja mál og að hlýða á flutning mála og á ritstofum málfærslumanna en á kennsluskólunum. Vjer höfum hjer prestaskólann, eingöngu af því, að hann er ódýrara verkfæri til að búa til prestlinga, svo marga sem vjer þurfum, en háskólinn, en eigi af því að hann sje jafnoki háskólans, hvað þá heldur betri en hann. Sama er að segja um læknaskólann; en eingöngu þangað til að vjer fengið höfum fullskipuð læknis umdæmin. Jeg vil hvorki háskýjapólitík nje hornsílapólitík. Hornsílapólitík kalla jeg það einangursstærilæti, þegar menn vilja allt hafa sjálfir, hvort sem það er þarft eða óþarft, gagnlegt eður skaðlegt, og þótt þeir megi sín lítils eður einskis; vilja einangrast sjer, útiloka sig frá allri heimsmenntun og menning, eins og Kínverjar hafa gert, en eru nú að hverfa frá. Meðan blómöld Íslendinga stóð, fóru synir forfeðra vorra utan, til að afla sjer »fjár og frama«, afla sjer fróðleiks, menntunar, fjár og frægðar erlendis; þá þótti sá ekki maður með mönnum, sem ekki hafði framazt í öðrum löndum, og þá var í fullu gildi málsháttur inn: »Heimskt er heimalið barn«. Nú er öldin önnur. Nú má enginn fara utan og framast þar. Nú má ekkert læra erlendis, heldur á allt að læra á skólum hjer, hversu dýrt sem er að koma þeim upp og að halda þeim við, og hversu miklar álögur, sem leggja þarf á fátæka þjóð til þessara hugmyndasmíða.

Ef þessi skóli á ekki að standa sífellt tómur, þá hlýt jeg að fallast á breyttill. nr. 334; því að annars mundu allir eins

eptir sem áður nema lögfræði við háskólann, þar sem námskostnaður lögfræðinga yrði hjer miklu meiri en erlendis um jafnlangan námstíma, er jeg gjöri 4 ár að meðaltali, svo sem sjá má af því, að þar hafa stúdentar 40 kr. á mánuði hverjum, bústað og brenni ókeypis í 4 ár. Auk þessa mikla styrks, ríkir og jafnan sú fýsn hjá ungum mönnum, að vilja sjá meira af heiminum, en þeir fá hjer að sjá. Enda getur enginn neitað því, að viðkynning við aðrar þjóðir, eptirtekt á siðum þeirra, athöfnum og lifnaði, menntar menn öllu meir en þetta heimalíf, að kreppa sig saman upp í horn og hafa ekkert til samanburðar við heimalífið. Erlendis vakna hjá manni margar þær hugmyndir og margur sá áhugi, sem annars hefði aldrei getað vaknað. Jeg ætla mjer ekki að fara fleiri orðum þetta mál; en get þess að lyktum, að jeg læt engan telja mjer hughvarf í því, að vera með breytingartillögunni.

Benedikt Sveinsson: Jeg virði ekki keskni svars í alvarlegasta og þýðingarmiklu þjóðmáli, og vil því sneiða hjá ýmsu í ræðu h. þm. Eyf. (A. Ó.), sem mjer virðist ekki koma málinu við, t. d. arðuruxinn og sátan. Viðvíkjandi þörfinni á lögfræðingum, sem kunna íslenzk lög, vil jeg leyfa mjer að vitna til orða yfirdómaranna í Ed. í þessu máli. Þeir voru allir einhuga á því, að nauðsynlegt væri, að lögfræðisembættismenn hjer kunni íslenzk lög. Þar sem h. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að úr því að lögfræðingur sá, sem styrk fær nú til rannsókna á íslenzkum lögum, ætlaði að gera það á söfnum í Kaupmannahöfn, þá hlyti maður af því að álykta, að menn gætu alstaðar lært íslenzk lög, þá vil jeg spyrja h. þm. (A. Ó.): Eru þá söfnin í íslenzkum lögum sem eru í Kaupmannahöfn, alstaðar út um allan heim? Þau hafa þá dreifzt þangað síðan áðan, líklega fyrir tilstilli hins h. þm. (A. Ó.), sömu skjölin, sömu ritin, út um víða veröldu! Kannske arðuruxinn hans hafi nú stungið hornunum inn í söfnin og þyrlað þeim og þeytt út um allan heim. *(A. Ó.:* Þetta er sátutætingur). Langt í frá. Þetta er meira en nokkur sátutætingur, og til þessa skulu ólíkum mun stærri horn, en þurfa til þess, að tvístra einni sátu; og þori jeg að fullyrða, að slík horn hefir ekkert dýr í víðri veröldu, nema ef vera skyldi þm. Eyf. (A. Ó.)! Nei, ef hann getur litið snöggvast af uxanum sínum, þá hlýtur hann að sjá, að íslenzku söfnin í Kaupmannahöfn eru eins og hverjir aðrir líkamlegir hlutir bundnir við staðinn, og þar einungis geta menn fræðzt um hin eldri íslenzku lög af þeim, einkum rjettarsöguna. En þegar um það er að öðru leyti að ræða, að verða fróður í hinu sjerstaklega í lögum, venjum, rjettarskoðun og staðháttum einhvers lands, þá er það ómögulegt, svo til hlítar sje, nema í landinu sjálfu; og ef eitthvað er sjerstaklegt fyrir einhvern landshluta, þá eiga menn hvergi eins hægt með að komast inn í það, eins og einmitt í þessum landshluta sjálfum. Þannig er hin sanna praktiska og þjóðlega lagaþekking bundin við stað og tíma; því lögin í víðasta skilningi, sem innibindandi hin rituðu lög, rjettarvenjuna og dómsvenjuna, eru hin ytri búningur hvers einstaks mannfjelags á hverjum stað og tíma sem er. Að þessu kveður svo rammt, að jeg hef heyrt lagamenn t. a. m. í Kaupmannahöfn, segja, að stúdentar þaðan úr borginni gætu aldrei komizt eins vel inn í landbúnaðarlög Dana, eins og þeir stúdentar, sem fæddir eru og uppaldir út á landinu; og vjer sjáum líka sjálfir og finnum til þess sjálfir hjer dags daglega á þinginu, að sjerhver af oss ber bezt skynbragð á, hvað hentast er í hans eigin hjeraði, þegar um eitthvað sjerstaklegt er að ræða. Enginn menntaður, enginn hugsandi maður ætti nú að þurfa að láta fræða sig um annað eins og þetta. Þá kem jeg til þess, er h. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að ef lagaskóli kæmist hjer á, þá útilokuðum vjer oss frá öllum heiminum í kringum oss, frá allri heimsmenntun, samgöngum og viðskiptum við aðrar þjóðir. Slíka lokleysu hefi jeg aldrei heyrt fyr á æfi minni. Ef þetta væri rjett, þá ætti svo að hafa farið fyrir öðrum þjóðum, sem lagakennslu hafa í sínum eigin lögum, sem hafa stofnað hjá sjer háskóla. En skyldi

t. d. háskólinn í Kaupmannahöfn hafa haft þau áhrif á Dani? Nei, þvert á móti. Lagaskólinn mundi þvert á móti útbreiða menntun og menning meðal landsmanna, efla andlegan þroska þjóðarinnar, ekki að eins í því, sem þjóðlegt og einkennilegt er hjá oss að fornu og nýju, heldur í heimsmenntuninni yfir höfuð, er vjer mundum sækjast eptir að afla oss hennar í öðrum löndum, í staðinn fyrir að láta vísindamanna- og embættismannaefni vor þræla mörg herrans ár í sjerstökum dönskum lögum, sem oss varðar ekkert um, og heimsmenntunina mjög lítið. Innlend lagamenntun á Íslandi hlyti þannig að hafa einmitt gagnstæð áhrif því, sem h. þm. (A. Ó.) er að »prjedika« fyrir oss.

Jeg ætla nú ekki að svara sjerstaklega fleiru í ræðu hins h. þm. Eyf. En jeg get ekki komizt hjá, að gera almenna athugasemd út af þessari og öðrum áþekkum ræðum hans.

Mjer virðist, satt að segja, frammistaða hans í þessu og öðrum velferðamálum þjóðar vorrar vera næsta kynleg. Það getur engum dulizt, að h. þm. (A. Ó.) vill gerast, og tranar sjer fram, til að vera nokkurs konar *fulcrum* stjórnarinnar í þessu og öðrum málum, hvort sem hann nú verður það eða ekki. Gefur tíminn að vita! *(Forseti:* Hvað meinar h. þm. með *fulcrum?).* Nú, háttv. forseti hefir ekki lært hebresku; jeg bið forláts; en þingskrifarinn til vinstri handar, hinn geistlegi herra, ætti að geta sagt honum, hvað það orð þýðir. En jeg meina með því það, sem það þýðir; látum oss leggja það út á óvalda íslenzku. Látum það heita: stoð, styttu, stuðul, staf eða prik. En, ó! mig skortir orðmælgi h. þm. Eyfirðinga! Sleppum því. Mergur málsins er, að hann vill endilega næstum í hverju máli gerast þetta fulcrum stjórnarinnar, sjálfsagt af því, að honum finnst hinn lögmæti fulltrúi hennar, hinn hæstv. landsh., ekki vera nógu fastur á svellinu, ekki tala nógu öfluglega á móti þjóðmálum vorum, ekki tala með þeirri orðgnótt, hugsansveiflum, hártogunum, útúrsnúningum og kerlingareldum, sem vera ber. En án þess það sitji á mjer, að kenna stjórninni ráð, þá ætti hún þó ekki, að minni hyggju, að treysta priki þessu of vel; ekki að varpa upp á það allri sinni áhyggju, ekki að ætla prikinu mikið burðarmagn; því grunur minn er sá, að á priki þessu muni reynast svignanir, hjörur og hálsliðir, sem geta svikið, þegar minnst varir, ef dæma skal af því, hversu þessi h. herra (A. Ó.) hefir hingað til jafnan reynzt, bæði á þingi og utan þings, mjúkur í hálsliðunum.

Þorkell Bjarnason: Jeg vil frá biðja mjer þær getsakir frá forseta, að jeg hafi tekið þetta breytingaratkv. upp til þess, að eyðileggja málið. En jeg álít það skyldu mína sem þingmanns, að koma með þær breytingar við hvort mál, sem jeg er sannfærður um, að sjeu því til bóta. Það er ekki mjer að kenna, að þetta mál er svona seint á ferðinni; og þó það komi nokkuð seint, held jeg þó ekki sje nægileg ástæða til, að vera hræddur um, að það geti ekki náð fram að ganga, ef vel er haldið á tímanum; og hvað sem er um það, álít jeg þessa breytingu ómissandi. Jeg lýsi því yfir, að jeg er á móti lagaskóla, af því jeg álít ekki, að tími sje kominn til að stofna hann. Nú eru ungir lögfræðingar til, og jeg óttast, að fáir mundu verða til að sækja skólann, að minnsta kosti fyrst um sinn, og að kostnaðinum til hans yrði að minnsta kosti þann tímann varið ófyrirsynju. En ef skólinn skyldi verða stofnaður, álít jeg skyldu mína, að koma með þessa breytingu, til þess að gera mitt til með henni, að hann verði notaður. Tilgangurinn með hann á að vera sá, að gera laganámið innlent, og auka þekkingu á íslenzkum lögum; en ef fyrirkomulag hans verður svo, að menn sæki eptir sem áður til háskólans í Kaupmannahöfn, þá er tilganginum ekki náð, og þeim kostnaði þá fleygt að miklu leyti í sjóinn, sem skólinn hefir í för með sjer. Af því jeg þykist sjá, að frv. fái svo góðan byr á þinginu, að jeg býst við það muni verða samþykkt, og

svo ef til vill ná staðfestingu konungs, hef jeg álitið skyldu míma, að koma með þá breytingu, að þeir einir, sem hafa staðizt próf í íslenzkum lögum við skóla þennan, geti orðið skipaðir í þau embætti á Íslandi, sem lögfræðingar eru skipaðir í. Þeir þurfa auðvitað ekki að lesa hjer, en að eins taka próf hjer, og það einungis í íslenzkum lögum, þótt þeir hafi lesið ytra. Þetta er nauðsynlegt, til þess að skólinn nái þeim tilgangi sínum, að breiða út þekking á íslenzkum lögum, og vera trygging fyrir kunnáttu í þeim, og til þessa miðar breytingartillaga mín. Jeg skil því ekki, hvernig nokkur fer að gruna mig um, að jeg hafi viljað eyðileggja málið með því, að taka upp þetta breytingaratkv. þar sem það er ómissandi skilyrði fyrir skólans vexti og viðgangi.

Forseti: Jeg ímynda mjer sjálfsagt, að h. þingm. (Þ. Bj.) hafi betri og rjettari skilning en jeg á almennum þjóðmálum; en sem forseti hlýt jeg að hafa eins gott yfirlit yfir, hvað komið getur á dagskrá, eins og h. þingmenn. Jeg sagði almennt, að hvort það mál, sem komið er frá Ed., og verður fyrir breytingum hjer í deildinni, hefði lítil eða engin líkindi til, að ná fram að ganga. Hvernig getur þm. hugsað, að mjer detti í hug að meina honum, að koma fram með breytingar eptir beztu sannvizku? En hitt ber mjer að hafa yfirlit yfir, hver mál nái fram að ganga. Það er skylda mín að minna á, að ef þingm. vilja, að málin komist fram, þá tjáir ekki eptir þetta, að koma með breytingaratkv. við þau mál, sem komin eru frá h. Ed.

Benidikt Sveinsson: Auk þess sem breytingin getur eyðilagt málið á þann hátt, sem h. forseti segir og sýnir, auk þess er efni hennar í sjálfu sjer skaðlegt, því hún útilokar menn frá háskólanum, og eyðileggur þannig málið, ef hún kemst fram.

Th. Thorsteinson: Jeg vil að eins spyrja, hvort það er meiningin, að maður megi ekki koma fram með neitt, nema maður sje fyrir fram viss um, að það gangi fram? Á maður þá ætíð að bera sig saman við forseta um breytingaruppástungur, ef manni detta þær í hug, áður en maður getur komið fram með þær?

Forseti: Mjer er sönn ánægja að því, að bera mig saman við h. þingmenn, og gefa þeim þær upplýsingar, sem jeg get, um málin. Jeg á að hafa yfirlit yfir dagskrá. Þetta sem jeg hef sagt gildir ekki að eins um það mál, sem liggur fyrir, heldur um öll málin, t. d. um 4. málið á dagskránni; ef breytingar koma fram við það, er það að öllum líkindum tapað. Mjer á að vera sama um efni málanna, hvort þau koma fram í þessu formi eða öðru; en það er skylda mín, að sjá um, eptir því sem mjer er unnt, að tíma þingsins sje ei varið fyrir gíg, nje fje landsins til einskis.

Jón Ólafsson: Jeg skil bendingu h. forseta svo, að hann vilji benda á, hverja þýðingu breytingar yfir höfuð hafa. En það er annað við þessa breytingu sjerstaklega, sem jeg vil leyfa mjer að taka fram. Stjórnin hefir, eins og mönnum er kunnugt, aptur og aptur neitað um lagaskóla, og hún hefir leitað upp alla hugsanlega agnúa, til þess að hafa þá að átyllu fyrir máli sínu. H. framsögumaður í Ed. hefir nú svo röksamlega og rækilega sýnt fram á, hve ónægar og lítilfjörlegar ástæður hennar eru, að jeg held hún mundi nú ekki geta annað en samþykkt lögin eins og þau liggja fyrir óbreytt. En ef þessi breyting væri gerð, þá gæti hún haft það að nýrri ástæðu til að neita. Í sjálfu sjer er breytingin góð; en ef jeg á að velja milli breytingarinnar og lagaskólans, hika jeg ekki eitt augnablik. Það er allt af hægurinn hjá, að fá síðar fastsett skilyrði fyrir embættaveitingum, og það verður auðveldara, þegar skólinn er kominn í gang, þegar sýna má dæmi þess, að þeir sem frá skólanum koma sjeu nýtir menn í stöðu sinni, og stæðu betur í henni en hinir. Þá mætti hreifa bæði þessu og fleiru, t. d. því, að íslenzkir guðfræðingar frá háskólanum ættu að taka próf við lagaskólann í íslenzkum kirkjurjetti, áður en þeir gætu fengið embætti hjer. Þegar jeg því greiði atkv. móti þessari breytingu, þá er það í fyrsta lagi af

þeirri ástæðu, sem forseti benti á, að hún gæti orðið málinu til trafala, svo það kæmist ekki frá þinginu, og í öðru lagi til þess, að stjórnin noti það ekki sem átyllu til að synja frv. staðfestingar, því hún hefir áður haft þá ástæðu, að menn mundu hætta að fara til háskólans, ef lagaskólinn kæmist á.

H. 1. þm. Eyf. sagði, að það mætti nema lög af bókum og söfnum; en reynslan sýnir, að menn gera það ekki. Eptir hans kenningu þyrfti þá heldur engan prestaskóla, og jafnvel engan lærðan skóla, og yfir höfuð enga skóla nje kennara. Það mætti læra allt af bókum. En jeg get ómögulega haft svo mikla trú á bókunum, eins og h. þingmaður, að jeg vilji hafa pappírsdoðranta fyrir prófessora, og því síður að jeg vilji kjósa umsóknarbrjef fyrir presta, eins og hann stakk upp á í prestakosningalögunum í gær.

Th. Thorsteinson: Jeg þakka forseta fyrir leiðbeining hans; og þó að jeg skilji hana að vísu ekki fullkomlega, skal jeg ekki snúa út úr henni. Jeg efast ekki um, að hann á að vera til gagns, og ekki eyða tíma nje fje landsins; en jeg þekki engan þm. hjer í þingsalnum, sem ekki álítur sama vera skyldu sína. En ef allt stendur svo tæpt sem hann segir, hvernig fer þá með breytingar við fjárlögin í Ed.? Þær koma þó seinna en þessi breyting. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) játaði, að breytingin værri góð í sjálfu sjer, og eins hef jeg opt heyrt h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) leggja fagurlega út af því, hver aðalástæðan lagaskólans væri, nefnil., að menn kæmu frá háskólanum ókunnugir öllum íslenzkum lögum, og gætu því ekki verið stöðu sinni vaxnir. Og til hvers á að setja hjer lagaskóla? Er það til þess, að alþýða geti fræðzt í íslenzkum lögum? Nei, hann á að vera fyrir embættismannaefnin, svo að þeir geti lært þar, og jeg vil, að það standi í lögunum skuldbinding um, að þeir eigi að gera það. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er ekki sjálfum sjer samkvæmur í þessu efni. Hann telur þessa breytingartillögu góða, en þorir ekki stjórnarinnar vegna, að greiða atkvæði samkvæmt skoðun sinni. Ef jeg áliti þessa breytingu ekki góða, þá mundi jeg ekki stjórnarinnar vegna fara að samþykkja hana, og eins hika jeg mjer nú ekki við, af því jeg álít breytinguna góða, að greiða atkvæði með henni, alveg án tillits til skoðunar stjórnarinnar.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að láta mjer nægja að mótmæla orðum þingmannsins, og að vísa til þess, sem þegar er tekið fram.

Forseti: Fjárlagafrumvarpið er sjerstaks eðlis og mun h. hæstv. landshöfðingi sjá um, að þingtíminn endist til að ræða fjárlögin út; þau eiga að ganga fyrir öllu; öll önnur mál verða að mæta afgangi.

Atkvæðagr.:

1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.
2. — — — 17 — —
3. — — — 18 — —
4. — — — 18 — —

Breytingartill. nr. 330 við 5. gr. var tekin aptur.

Brt. nr. 334 við 5. gr. var felld með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli. Já sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, E. Egilsson, Holger Clausen, Jón Jónsson, Tr. Gunnarsson, Þork. Bjarnason, Þorl. Guðmundsson, Th. Thorsteinson.

5. gr. samþ. óbreytt með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum 15. október 1875 um aðra skipun á læknishjeruðunum á Íslandi (C. 301); 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Ef þetta frv. kemst fram, þá áskil jeg mjer rjett til að koma með breytingaratkv. við 2. gr., að færa launin niður í 1000 kr., við 2. umr.; því jeg álít 1000 kr. laun nógu há handa þeim læknaembættum, sem hjer eptir verða stofnuð.

Jón Jónsson: Jeg hjelt þetta frv. mundi ekki koma frá Ed., því að öllum er kunnugt, að Nd. vildi ekki fjölga læknishjeruðum, en fjárlaganefndin hefir tekið til greina laun handa aukalæknum.

Frumvarp þetta er óþarft, því að reynslan hefir sýnt, að útvega má aukalækna, án þess að stofna ný embætti, og þau ættum vjer ekki að búa til í því harðæri sem nú er. *(L. Bl.:* Embættin jeta ekki mat). Auk þess er frv. ófullkomið, og bætir ekki úr læknaskortinum til hlítar, og ef það kæmist fram, mundu þegar koma bænaskrár frá fleiri stöðum. Þar að auki er frv. í ótíma upp borið; það eru ekki læknar til í þessi embætti, og ekki ástæða til, að setja þau, meðan lækna vantar í þau embætti, sem þegar eru stofnuð. Af öllu þessa ræð jeg h. þingd. til að fella þetta frv. sem fyrst.

Eirikur Briem: Eptir yfirlýsingu forseta er ekki útlit fyrir, að þetta mál komist fram, ef breytingar eru gerðar við það. En þetta frv. er svo úr garði gert, að það er ómögulegt að komast hjá, að því sje breytt. 12. læknishjeraðið er t. d. gert svo erfitt, að það er miklu örðugra en nú, svo frv. fer þar í gagnstæða átt við tilgang sinn að öðru leyti, og væri óumflýjanlegt, að breyta því. Frá öðru sjónarmiði skoðað er heldur ekki nauðsynlegt, að gera þetta frv. að svo stöddu að lögum; því læknaefni eru ekki til, og mundu lögin því á næsta fjárhagstímabili að eins hafa þá þýðingu, að hækka laun aukalæknanna; en ef mönnum þykja of lítil laun þeirra, þá er innan handar, að bæta við þau á fjárlögunum. Auk þess sje jeg ekki betur, en 1. gr. bindi svo takmörk hjeraðanna, að ekki verði við komið þeirri tilhliðrun, sem lög 1875 gera ráð fyrir að geti átt sjer stað.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get með engu móti sjeð annað, en að það þurfi miklar breytingar að gera á þessu frv. H. 2. þm. Húnv. (E. Br.) benti á eitt atriði, sem þyrfti að breyta, og jeg vil benda á annað. Það er 8. tölul. Sú ákvörðun er mjög óheppileg, sem þar er sett. Auk þess er ekki til neins að setja það á pappírinn, sem ekki getur orðið, því læknarnir eru ekki til. Það er heldur ekki jafnnauðsynlegt alstaðar, að fjölga læknunum, og þá er rjettara að fjölga þeim fyrst, þar sem nauðsynin er mest, og svo á hinum stöðunum á eptir. Jeg skal játa það, að jeg er með því, að þörf sje á að fjölga læknahjeruðunum, og það að mun; en mjer finnst ekki kominn tími til þess enn, meðan læknana vantar.

Eirikur Kúld: Jeg er mjög hlynntur þessu frv., og jeg hræðist ekki svo mikið kostnað þann, sem af því leiðir; því jeg álít, að hjer sje um svo brýna nauðsyn að ræða, að ekki sje horfandi í neinn kostnað; jeg skal taka að eins eitt dæmi af mörgum, sem sýna þá miklu nauðsyn, sem á fjölgun lækna er. Jeg ímynda mjer, að allir þm. eigi konur og muni því taka tillit til þeirra; hve margar konur hafa ekki dáið af barnsförum sökum læknisleysis, og hve mikið getur það ekki kostað? Setjum svo, að á ári dæju 9 konur og hver þeirra ljeti eptir sig 4 börn á 4.—6. ári; þá mundu þau kosta 12—13,000 kr. að meðaltali; og ef komið væri í veg fyrir þetta, mundu menn álíta, að menn hefðu fengið bættar þær 9000 kr., sem ganga til læknafjölgunarinnar. Það eru að minnsta kosti konurnar, sem við verðum að hlynna að. Jeg er því mjög þakklátur fyrir frv. í sjálfu sjer, en jeg held að ókunnugleiki hafi valdið því hjá h. Ed., að niðurskipun umdæmanna hafi ekki orðið eins heppileg alstaðar, eins og æskilegt hefði verið. Það hafa nú verið talin tvö dæmi til þessa; en jeg vil bæta einu við enn. Það er Flatey á Breiðafirði, sem nú liggur undir Stykkishólmslækninn. Jeg álít ófært að þessu sje breytt, því það er stundum ómögulegt, að komast til lands þeim megin, sem Brjámslækur er, vegna ísalaga á vetrardegi, og opt hægra að komast til Stykkishólms. Þótt ekki sjeu nógir læknar til í þessi embætti, þá læt jeg ekki slíkt fæla mig frá, að gefa frv. atkv. mitt. Vóru nógir læknar til í öll embætti, þegar hin nýju læknahjeruð vóru hjer fyrst stofnuð? Nei; þegar nóg er til af stúdentum, sem standa eins og Herkúles á vegamótum og eiga að fara að velja sjer lífsstöðu, þá held jeg, að það geti verið mikil hvöt fyrir þá, að velja einmitt læknisfræðina, ef þeir sjá, að læknaembættunum er fjölgað. En af því ekki er útlit fyrir, að frv. komist í gegn, ef gerðar eru við það þær breytingar, sem þörf er á, verð jeg

að sætta mig við, að málið bíði til næsta þings.

Benidikt Sveinsson: Jeg var einn af þeim mönnum, sem einna fremstur í flokki studdi að því, að innlend læknakennsla og hin nýja læknaskipun væri innleidd hjer, af því jeg hjelt, að þörfin á læknunum yrði bezt bætt þannig. Hún hefir líka gert mikið gott; en menn hafa fljótt fundið til þess; að læknahjeruðin eru allt of stór, og þetta frv. er einmitt sprottið af viðurkenningunni á þessu vandkvæði, sem landsmenn vorir finna svo stórt til og læknarnir líka. Jeg er nú ekki svo kunnugur alstaðar, að jeg geti borið um, hversu heppileg þessi **niðurskipun er, sem hjer er farið fram á í** frv.; en viðvíkjandi Þingeyjarsýslu skal jeg lýsa yfir því, að læknahjeraðsskipunin þar er mjög óheppileg. Jeg ætla að það sje ekki fyrir nokkurn mann, að gegna þar vel læknisstörfum eins og nú til hagar. Við höfum ungan, duglegan og samvizkusaman lækni, en honum er um megn að vera alstaðar þar sem sjúkdómarnir koma á sama augnablikinu. Jeg álít mannúðlegt, hyggilegt og rjett, að jafnáríðandi máli sem þessu væri þó vísað til 2. umr., hvernig svo sem um það kann að fara á hinum seinni stigum þess. Með þessum hætti stendur frv. til bóta.

Holger Clausen: Jeg er samdóma um það, að læknaembættin sjeu ekki nóg á Íslandi; en hver á að borga þessar 9000 kr.? Hvar á að taka peningana? Það er hægra að búa til embætti en að taka þau af aptur. Það vita allir, hve þungt embættisstjettin liggur á landinu, og mjer finnst ófært að fara að bæta við hana í þessu hallæri, og einkum eptir að allir þessir skottulæknar hafi fengið leyfi til að lækna á síðasta þingi. Jeg sje heldur ekki, hver á að borga þetta.

Th. Thorsteinson: Jeg gæti verið samdóma h. þm. Snæf. (H. Cl.), ef þessi gjöld ættu að leggjast strax á landssjóðinn; en það er ekki. Jeg held þetta yrði eitt af því minnsta gjaldi sem á oss hvílir; það mundi ekki nema meiru en svo sem 11—12 aurum á mann á öllu landinu. Þetta yrði sannarleg framför, því þess hægra sem yrði að ná í lækni, þess fljótar mundi sjúklingum batna, og heilsan er eitt hið helzta lífsskilyrði, og fyrir því, að menn geti unnið verk sín. Það er satt, sem h. þm. Barstr. (E. K.) tók fram, að fjölgun læknahjeraðanna mundi gefa tilefni til þess, að fleiri færu að stúdjera læknisfræði. Það er sannarleg þörf á þessu frv. og að það yrði að lögum; hjá öllum menntuðum þjóðum er það álitið gróðavegur fyrir þjóðirnar, að gera allt sitt til að heilsufar manna sje sem bezt, og meðalið til þess er einmitt það, að hafa næga og góða lækna. Hversu opt sjáum vjer ekki þær sorglegu afleiðingar af læknaleysinu eða fæðinni? Já, þetta er máske ekki sú minnsta orsök í því, hvað fólksfjöldinn einlægt því nær stendur í stað; því það er ekki svo sjaldgæft, að konur og börn deyi úr barnsnauð einmitt fyrir læknisleysið.

Ólafur Pálsson: Jeg stend hjer hálfgert í vandræðum með þetta frv., út af því sem er á leiðinni í efri deild. Mjer þykir skrítilegt, að launin skuli vera jöfn í öllum þessum læknisumdæmum, því þau hljóta þó að vera mishæg. Jeg get ímyndað mjer, að margur vilji miklu heldur vera læknir í Dalasýslu heldur en Skaptafellssýslu, þótt launin væru töluvert minni í Dalasýslu, vegna erfiðleikanna, það er að segja út af aðdráttunum. Jeg get ekki álitið, að þetta frv. sje ótímabær burður; því það er ekki meiningin, að fjölga umdæmunum fram úr öllu valdi. Og að læknarnir ekki sjeu til nú, gerir ekkert til; það kemur með tíðinni, og þá álít jeg ekkert bagi, þó umdæmin sjeu til; ekki eyða þau fje, meðan engir læknar eru í þeim. Jeg kom um daginn fram með beiðni um nýtt læknishjerað við fjárlögin; nú veit jeg ekkert, hvernig þessari beiðni minni kann að ganga í Ed., og ef jeg því er með því að fella þetta, getur svo farið, að jeg felli mig á sjálfs míns bragði. Jeg er því í vandræðum með, hvað jeg á að gera. Jeg held jeg verði að ráða það af, að standa upp með þm. Barðstr. (E. K.) og greiða atkv. eins og hann, hvernig sem það verður; því jeg held að

það sje nokkuð líkt á ástatt með okkur í þessu máli.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg legg það til, að þetta frv. gangi ekki til 2. umr. Það þarf svo mikilla breytinga við, að jeg álít jafnvel nauðsynlegt, að nefnd væri sett í málið. Jeg held, að þessi deild í fjárlögunum hafi þegar bætt úr því bráðnauðsynlegasta í þessu tilliti, og þeir læknar, sem þar er gert ráð fyrir, eru einu sinni ekki til. Ef þeir væru til, og enn þá fleiri, og læknum væri að mun fjölgað, þá yrði það meiri kostnaður, en landssjóður gæti borið að svo stöddu.

Eiríkur Kúld: Flestir, sem hafa talað í þessu máli, hafa álitið þetta nauðsynjamál, en þó ekki álitið fært að ráðast í það sökum kostnaðarins. En jeg held, að það sje ekki svo hræðilegt. Menn verða líka að gæta að því, að með því að fjölga læknum, auka menn og styrkja óbeinlínis atvinnuvegina. Því fleiri sem læknarnir eru, því fremur má búast við, að gott heilsufar sje manna á meðal; en gott heilsufar er skilyrði fyrir, að menn geti unnið. Jeg vil ekki fella málið nú, en leyfa mjer að stinga upp á nefnd.

Nefnd felld með 14 : 8 atkv.

Frv. sjálft fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 11.

Frv. til laga um aðflutningstoll á kaffi, exportkaffi og öðrum kaffibæti, sykri og tóbaki, svo og um afnám ábúðarskatts, lausafjárskatts, tekjuskatts af atvinnu og útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að frátekinni síld (C. 324); 1. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Þótt jeg geti miklu fremur aðhyllzt toll af innfluttum vörum en útfluttum, þá get jeg þó ómögulega annað en verið á móti þessu frv.; og með því það, að breyta frv., er það sama sem að fella það, eptir því sem h. forseti skýrði frá áðan, þá álít jeg rjett að láta frv. ekki fara lengra; eins og það er nú án breytinga er það eitthvert versta frv., sem fyrir þetta þing hefir verið lagt.

Fyrst og fremst tapar landssjóður við það um 28 þús. krónum; hitt frv., um útflutningstollinn, sem hjer var á ferðinni um daginn, skaðaði landssjóð þó ekki meira en um 24,000 kr.; svo þetta er að því leyti verra. Það er voðalegt að sjá þetta frv.: hjer á að af taka tekjur landssjóðs: ábúðar- og lausafjárskatt 45,000 kr.; tekjuskatt af atvinnu 6,000 kr., og útflutningsgjald af fiski og lýsi 21,000 kr.; það er samtals 72,000 kr. En það sem kemur inn aptur fyrir þennan innflutningstoll, er í mesta lagi 44,000 kr.; og svo fer á eptir tekjuskattur af eign og húsaskattur, það er 12,000 kr. Annað er það, sem verður að takast til greina, að þetta er ekki eptir vilja eða beiðni þjóðarinnar. *(Benidikt Sveinsson:* Jú). Nei. Menn eru að vísu óánægðir með skatt af ábúð og lausafje; en það er engin almenn umkvörtun um tekjuskattinn, og ekki heldur um útflutningstoll af fiski og lýsi; um afnám þessara skatta hefir þjóðin aldrei beðið. Af hverri orsök er þá þetta frv. komið fram? Það er einungis til þess, að losa menn við greiðslu á ½ lausafjár- og ábúðarskattinum, 22—24 þús. krón.; og til þess að losast við þetta, á að steypa um og af nema 3 stórar tekjugreinir landssjóðsins. Með þessu hugsa menn að ljetta gjöldum á bændum, en í raun og veru er ekki ljett neinu á þeim; það koma að eins óbeinir skattar í stað beinna skatta, og þeir eru bændum einmitt þyngri, fyrir þá sök, að á þá verður lagt meira en einmitt tollurinn; jeg vil segja, að 33% verði að minnsta kosti bætt við. Kaupmenn gera sig ekki ánægða með að borga tollinn og fá að eins hina sömu peninga inn aptur seint og síðar meir. Jeg get ekki reiknað öðruvísi, en að almenningur tapi um 22 þús. kr., ef kaupmenn eiga að innheimta þessar 44,000 kr., en landssjóður allt að 28 þús. kr., ef áður nefndir skattar verða lagðir niður. Þetta er ekki vel að verið, — og svo bætast þar við erfiðleikarnir og óvissan við innheimtuna. Það er miklum mun hægra eptirlitið og vissari innheimtan á víntollinum en kaffitollinum; brennivínið kemur mestmegnis frá Danmörku, þar sem tolleptirlitið er nákvæmt á því, sem til Íslands fer, og tollskrárnar greinilegar. En um kaffi

og sykur er allt öðru máli að gegna; það geta menn hæglega flutt inn í landið, bæði frá Englandi og Noregi, en þar eru tollskrárnar yfir vörur til Íslands ekki passaðar eins og í Danmörku, og gæti þá verið hætt við, að ekki kæmu öll kurl til grafar. Ef þessum margvíslegu tollum, sem svo mjög er talað um á þinginu, yrði framgengt, þá get jeg ekki sjeð, að hægt sje að komast af án tollstjórnar; en hún yrði svo dýr og aldrei fullnægjandi.

Hjer er líka meira misrjetti í þessu frv. en var í frv. um útflutningstollinn, því honum hefði verið jafnað að mestu leyti á verzlunina; en þessi tollur á kaffi og sykri kemur beinlínis fram á vörunni sjálfri, og um leið á kaupendurnar, þannig, að 3 au. tollur á kaffi verður 5 a. verðhækkun á kaupendum, og 2 a. tollur á sykur verður 3 a. verðhækkun o. s. frv., og því kemur það óeðlilega fram, að gjaldið flytzt yfir á sjávarbóndann, sem mest þarf að lifa af kaffi, af sveitabóndanum, sem losast við lausafjárskattinn. Mjer þyki það miklu skipta, að frv. þetta sje fellt í dag; því verði það ekki fellt í dag, þá nær ekki fram að ganga vegna tímaleysis frv. það, sem nú bíður í Ed. um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða fyrir þetta fjárhagstímabil; en ef þetta frv. er fellt nú strax, þá getur hitt komizt gegnum báðar deildir. En það þætti mjer illa farið, ef allt þetta tollaþras, sem hefir komið fram á þessu þingi, yrði til þess, að bændur fengju enga linun á gjöldum sínum í þessu hallæri.

Þórður Magnússon: Jeg verð að játa, að jeg er eigi svo skarpskyggn, að jeg sjái hugsun þeirra manna, sem halda því fram, að af nema stórkostlegar tekjur landssjóðs, og um leið og hann er sviptur tekjum, að auka útgjöld hans úr öllu hófi; síðan er þessum skatti, sem settur er á efnamenn, velt yfir á þá, sem ekki geta borgað. Ef frv. þetta fær framgang, get jeg eigi betur sjeð, en að svo sje gert; sköttum er velt yfir á sjávarbændur og þurrabúðarmenn, og jeg vil segja þurfamenn. Eitt af gjöldunum, sem á að nema burtu, er útflutningsgjaldið; en jeg hefi eigi heyrt, að nokkur væri óánægður með það, og jafnvel eigi kaupmenn sjálfir. Það gjald leggst helzt á þá menn, sem mest verzla og bezt eiga með að borga, og er því engin sjerstök ástæða til að hlífa þeim. Að af taka nú útflutningsgjaldið, sem hvílir mest á efnamönnum, og taka upp aptur toll á kaffi og sykri, sem að miklu leyti leggst á sjávarbændur og þurrabúðarmenn, er sú hringferð á tollunum, sem jeg álít mjög ósanngjarna, og hefir það í för með sjer, að fátæklingar munu koma og biðja hreppsnefndir um styrk; en hreppsnefndirnar biðja aptur sýslunefndirnar að taka lán úr landssjóði til að bæta úr ástandi manna. Nú sem stendur er kaffið nauðsynjavara, og verða flestir að kaupa það, hversu hátt verð sem verður sett á það; þessi tollur mun því verða alltilfinnanlegur fyrir fátæklinga, þegar þar við bætist og, að hann leggst tvöfaldur á, af því, að kaupmenn munu auk tollsins taka ríflegar prósentur fyrir innheimtuna. Auk þess er erfitt að þurfa að borga fyrirfram tollinn; en það verða menn að gera, þegar menn kaupa vörur á sumrin til að byrgja sig upp til vetrarins. Jeg vil því helzt fella þetta frv., þar eð jeg veit, að þjóðin þakkar oss eigi fyrir það, ef vjer samþykkjum það.

Þorkell Bjarnason: Jeg er á sömu skoðun sem h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.), og hefir hann því gert mjer að sumu leyti óþarft að tala margt; en því verð jeg að lýsa yfir, að eins mjög og jeg var með frv. um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og upptekningar á útflutningsgjaldi á ull, kjöti o. s. frv. í staðinn, eins mjög er jeg á móti þessu frv. Við hið fyrnefnda frv. var það höfuðkosturinn, að það gerði gjöldin, sem liggja nú þungt á hinum fátæku, jafnari, lækkaði þau á hinum fátæku, en hækkaði þau, ef til vill, á sumum efnamönnum; en þetta frv. gengur öfuga leið. Það veltir byrðinni að miklum mun af þeim, sem efnin hafa, yfir á þá fátæku; það losar t. d. þá, sem eiga mikið af fiski og lýsi, við gjald, og kemur því að minnsta kosti að nokkru yfir á fátæka. Þessi kaffitollur mun leggjast, það er víst, miklu þyngra á fátæka en efnaða menn, að

tiltölu. Efnaðir menn þurfa eigi að kaupa mikið af kaffi; þeir geta verið án mikillar kaffibrúkunar; þeir geta keypt sjer kjöt og smjör, og fleiri góð matvæli, og ef þeir eru í sveit, hafa þeir, er efnaðir eru, smjör, kjöt og mjólk, og geta því miklu fremur án kaffis verið en þurrabúðarmennirnir; fátækir verða aptur að lifa, að minnsta kosti við sjó, opt og einatt á þurru fiskmeti, sem er óholl fæða, og þurfa því kaffi til að bæta hana og gera hana hollari; menn vita, að kaffið varnar ýmsum sjúkdómum meðal fátæklinga við sjó, sem koma af óhollri fæðu og áður voru tíðir í harðindum, en nú eru að miklu leyti horfnir. Niðurstaðan verður þannig, að ríkir menn geta minnkað kaffibrúkunina, en fátækir eigi að neinum mun. Auk þess er eðlilegt, að kaupmenn setja kaffið hærra, en tollinum nemur; þeir þurfa að borga hann fyrirfram, og það er þeim kostnaður; menn munu, þá er tollurinn er kominn, panta kaffi frá útlöndum, og kaffið hækkar því að eins um tollinn hjá þeim; en þetta geta fátæklingar eigi, svo að auk tollsins lendir og hækkun kaupmannsins á fátæklingunum; þeir verða að sæta þeim kjörum, sem kaupmenn setja þeim í kaffiverðinu, eins og öðru; en þess þurfa hinir efnuðu ekki, og þannig koma þeir einnig á þennan hátt ljettara niður. Auk þess held jeg, ef tollfrv. þetta kemst á, að landssjóður muni tapa miklu; en við því má hann eigi, þegar útgjöldin eru ávallt að vaxa stórum á móts við tekjurnar. Þótt hver þingmaður eigi auðvitað að taka tillit til landsins í heild sinni í tillögum sínum, get jeg eigi varizt þess, að taka nokkurt sjerstakt tillit til hinna mörgu fátæklinga hjer í kring um Faxaflóa, sem neyðast til að kaupa kaffi, eigi þeir að halda lífi; en eptir frv. þessu yrðu þeir sjálfsagt að kaupa hvert pund 5 eða 6 a. dýrara en nú; jeg get ekki sjeð, hvernig þeir mega við því, þar sem flestir þeirra verða að taka stórkostlegt lán til að halda lífi. Jeg er því á móti þessu frv., og óska, að það verði fellt frá 2. umr., en að h. þingdm. aðhylltust aptur linun í á-búðar- og lausafjárskatti í staðinn, sem er á ferð í efri deild; því bændur þurfa sannarlega ljettis við í þessum bágu árum.

Arnljótur Ólafsson: H. þingdm. mundi þykja það undarlegt, ef jeg færi eigi nokkrum orðum um frv. þetta, þar eð jeg hefi verið hin fyrsta orsök þess, að tollmál komu til umtals hjer á þingi. Mig gleður sannarlega að heyra raddir á móti þessu frv., með því að frv. þetta hefir svo marga agnúa, svo mikla ókosti; það er svo fráleitt öllum sanni, að það ætti að falla, og það sem allra fyrst, með því að þá gæti frv. um linun ábúðar- og lausafjárskattsins komizt á, en annars ekki, þar svo mjög er liðið á þingtímann. Jeg sagði þegar, að á frv. þessu væri stórgallar, og er hinn fyrsti stórgallinn sá, að það tekur af álögu eður toll, sem enginn hefir enn kvartað yfir; það er útflutningsgjaldið af fiski og lýsi. Engin rödd hefir heyrzt, hvorki frá landsstjórn nje landsmönnum, er kvartaði með einu orði yfir útflutningstollinum, og er því eigi unnt í þessu tilfelli að skjóta máli sínu til þjóðviljans. Hið sama er að segja um tekjuskatt af atvinnu, sem hvílir nálega eingöngu á embættismönnum og kaupmönnum, en lítið eitt á öðrum atvinnustjórum, svo sem veitingamönnum, lyfsölumönnum o. s. frv. Enginn þessara manna hefir kvartað yfir skatti þessum, og enginn þeirra hefir óskað, að af sjer væri tekinn skatturinn og lagður yfir á herðar hinna bágbornustu og vesölustu sambræðra sinna, það er: sjávarbændanna, þá litið er á þá sem eina heild. En látum oss nú sjá, hvernig frv. þetta rótar upp í skatta- og tollalöggjöf vorri. Aðflutningstollur sá, sem frv. fer fram á, mun nema alls rúmum 44,000 kr. Eptir verzlunarskýrslunum árið 1879 fluttist hingað af kaffi 387,534 pund; og 3 a. í toll af pundinu gera 11,626 kr. Sama ár fluttist hingað af kaffibæti 177,686 pund, og tollurinn af því, 3 a. af pundinu, yrði 5,330 kr. Af sykri öllum fluttist þá hingað 702,979 pund, og tollurinn af því, 2 a. af pundinu, yrði 14,059 kr. Það er samtals 31,015 kr. Tollaukinn á alls konar tóbaki eptir frv. nemur 14,114 kr. Allur tollurinn til sam-

ans, yrði þá 45,129 kr., en þar frá dragast 2% í innheimtulaun, það er 903 kr. Verða þá eptir 44,226 kr. eða rúmar 44,000 kr. Þetta er nú fje það, sem koma á í landssjóðinn sem tekjur; en gáum nú að, hvað úr honum á að taka í staðinn. Það á að taka burt ábúðar- og lausafjárskattinn; en eptir skýrslunum var hann árið 1882 og 83 47,160 kr.; það á að taka burt tekjuskatt af atvinnu; en eptir meðaltali í skýrslunum 1879 til 1881 var hann 5,400 kr.; það á enn að taka burt útflutningsgjaldið af fiski og lýsi, sem á sama tímabili var, þá er tollurinn af síld er frá dreginn, en bætt við tolli af sundmögum og laxi, nærhæfis 20,000 kr. Þetta verður allt samtals 72,560 kr. Hjer eru þá 72,560 kr. tekjur, sem teknar eru burt úr landssjóði; en tollurinn reiknaðist áðan að verða mundi 44,226 kr. Mismunurinn eða missir landssjóðs er því 28,334 kr.; það er 4 til 5000 kr. meira, en ef vjer færðum bara ábúðar- og lausafjárskattinn niður um helming. Þetta er sannarlega enginn glæsilegur nje góður árangur; og þó er þessi galli hinn allra minnsti stórgalli frv. Þetta sannfærumst vjer um, ef vjer leggjum álögur þessar á vog, og látum í aðra metaskálina koma ljetti þann í gjaldinu, er frv. gefur, en í hina punga þann, er frv. á leggur. Í annan stað er að líta á hinn mikla ójöfnuð og ójafnrjetti, er stafar af færslu skattgjaldanna frá einum flokki landsmanna til annars. Nú er þá að skoða, hvernig öllu þessu víkur við. Það á að taka af ábúðar- og lausafjárskattinn, sem liggur mestmegnis á sveitamönnum; en hvar lendir hann? Næstum eingöngu á þurrabúðarmönnum; því að kaffi og sykur eru lífsnauðsynjar þessara manna; en sveitamenn hafa mjólk, og þurfa engan veginn eins kaffisins við. Sama er að segja, nema öllu fremur sje, um atvinnuskattinn. Tilgangur eður þó árangur frv. er því sá, að kasta sköttum af hinum efnuðustu landsmönnum yfir á þá hina bágstöddustu og fátækustu landsmenn, þá menn, sem vitanlega hafa liðið skort næstliðinn vetur, og sem lítur enn ver út fyrir næsta vetur. Er þetta sú þekking á högum þjóðar vorrar, sú sannsýni, sú rjettsýni, sem vjer, fulltrúar þjóðarinnar, eigum að sýna í fjárhagsmálum hennar (Finantspólitík)? Nei. Tollur þessi er ósanngjarn; því að kaffinautnin er alls ekki jöfn við fólkstöluna á hverjum stað í landinu. Í Suðuramtinu er fólksfjöldinn 36,6% af allri fólkstölunni, en kaffinautnin er 42,6% af kaffineyzlunni; í Vesturamtinu er fólkstalan 25,2%, en kaffineyzlan 29,5%; og í Norður- og Austuramtinu er fólkstalan 38,2%, en kaffineyzlan 27,9%. Þetta sýnir, að tiltalan milli mannfjöldans og kaffinautnarinnar er mjög misjöfn amta á milli, og þó yrði munurinn miklu meiri, ef uppsveitirnar og sjávarsveitirnar væri teknar hvorar þeirra út af fyrir sig, og svo bornar saman sín á milli, og við fólkstöluna eptir atvinnuvegunum.

Þegar meta skal ljetti og þyngd tolla þeirra, er nú liggja á sjávarbændum, og tolla þeirra, er frv. á þá leggur, þá er aðgætandi, að hinn mesti munur er á því, hvernig útflutningsgjald af fiski og lýsi og aðflutningsgjald af kaffi og sykri leggst á sjálfa sjávarbændur og þurrabúðarmenn. Útflutningsgjaldið á leggst, að vitni allra kunnugra manna, að mestu leyti eður algjörlega á alla verzlunina, en mjög lítið eður alls ekki á fisk og lýsi eður á vöruna sjálfa; en aðflutningsgjaldið af kaffi og sykri leggja kaupmenn fyrst á vöruna sjálfa, og þar á ofan bæta þeir við hundraðsauka, og mun hann verða mjög mikill. Til að sýna það, skal jeg taka til dæmis aðflutningstollinn af vínföngum og tóbaki, og fara eptir verðlagi á Akureyri. Jeg sný einkum þessu máli mínu til h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.). Brennivínið kostar í Kaupmannahöfn frá 18 til 20 aura potturinn; á honum er 30 aura tollur, það er samtals 50 aurar; en hvað er hann seldur? Eigi minna en 85 aura, og stundum meira. Nú geri jeg ráð fyrir hinni mestu framfærslu, eður að kaupmaður leggi hundraðfalt á brennivínið, það er 20 aura. Það verður til samans

20+30+20 = 70 aurar.—Skilur h. þm. (B. Sv.) þennan reikning? — Eru þá eptir 15 aur., sem leggjast á tollinn; en það er 50%. *(B. Sv.:* Jeg skil ekki þennan reikning). Jeg ætla þá að taka neftóbakið til dæmis, og mun h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) skilja þá betur. Neftóbakið kostar ytra 70 til 80 aura pundið; tollurinn á því er 10 aurar, það eru 80 til 90 aurar; en hjer kostar það 150 aura. Hefir h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) eigi keypt neftóbakið það? Munurinn er þá 60—70 aurar. Gjörum nú, að framfærslan sje frá 60 til 70% á tóbakinu; verða þá eptir æfinlega 5 aurar af framfærslunni, eður 50%, sem leggst á tollinn. Hversu ólík er eigi þessi álaga útflutningstollinum af fiski og lýsi?

Jeg vil enda með þeim ummælum, að jeg treysti h. þingd. til að sjá, að þessi ójafnaðartollur gerir á allt þetta ofan landsjóði miklu meira tekjutjón, en niðurfærslan á ábúðar- og lausafjárskattinum um helming. Af öllum þessum ástæðum vil jeg fella þetta frv., en taka nú á móti frv. um linun ábúðar- og lausafjárskattsins; og tek jeg það enn fram, að þessar 44,000 kr., sem tollurinn gefur, munu íþyngja gjaldendum um 50% eður meira, það er um 22,000 kr. En það er alls um 66,000 kr.

— Kl. 3 var fundi frestað til kl 5 e. m.

— Kl. 5. e. m. var fundinum haldið áfram.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að byrja með því, að lýsa því yfir, að jeg er eigi h. Ed. þakklátur fyrir það, að hafa fellt frumv. það, sem hjeðan kom úr þessari h. deild, um að leggja toll á útfluttan landvarning; því jeg verð að álíta það hyggilegt, að leggja dálítinn toll á útfluttan varning, meðan vjer erum að koma fyrir skattalögum vorum; það er og sanngjarnt og rjett, í samanburði við sjávarbændur, þar sem búið er að leggja toll á útflutta sjávarvöru. Nú hefir h. Ed. fellt þetta frumv. og sent hingað annað frumv., sem fengið hefir allharðan dóm, hjá öllum þeim h. þm., sem talað hafa um það, og eptir þeirra ummælum lítur ekki út fyrir, að þeir sem það hafa samið og samþykkt hafi haft mikið vit eða mikla sanngirni; já, og sumir í þessari h. deild hafa jafnvel frádæmt þeim sannfæring, og brugðið þeim um hjartaleysi og enda um samvizkuleysi, sem komð hafa fram með það. H. ræðumenn þessarar deildar hafa spreytt sig á, að leita að ókostum þessa frumv., og snuðrað uppi alla smámuni, og jafnvel »dregið meira en Drottinn gefur«, eins og máltækið segir. Jeg skal þá minnast á þá helztu galla, sem h. þm. hafa fundið.

Það er þá fyrst missi landsjóðs; það hefir þá tekið allra sárast, og hafa sumir talið þann missi 30,000 kr., en sumir 28,000 kr. En missirinn er ekki svona sár, ekki fullkomlega svona mikill. Jeg hefi rannsakað hinar síðustu skýrslur, og eptir þeim mundi þessi tollur nema, sem frumv. þetta bætir við, 49,000 kr.; en það sem af er numið 70,000 kr., og munurinn er þá ekki meiri en 20,000 kr., sem landsjóður missir. *(A. Ó.:* Þetta er ekki rjettur reikningur). Og þetta er svipuð upphæð þeirri, sem þingið gerir ráð fyrir að láta ganga í súginn, með því, að gefa eptir hálfan ábúðar- og lausafjárskattinn. Þessa linun á ábúðar- og lausafjárskattinum meta landsbúar harla lítils, sem vonlegt er, því að hún er hvorki heil nje hálf, og þeim 20,000 kr. er þannig kastað út á glæ, án þess nokkur finni verulegan ljetti að, eða geti að nokkuru metið, nema að eins, að virða viljann fyrir verkið, að líta á hin bágu kjör almennings í þessu ári. Jeg get þannig ekki álitið þessa ástæðu svo gilda, sem h. þm., er talað hafa.

Önnur ásæðan, já, aðalástæðan er það tollálag, sem kaupmenn verði að leggja á, fram yfir það, sem tollinum nemur. En sú ástæða er, að minni hyggju, heldur ekki á rökum byggð, því að fyrst og fremst er ekki hægt, með neinni vissu, að spá neinu um það, hvernig kaupmenn muni taka þennan toll. Jeg get tekið líka dæmi af brennivíni eða tóbaki. Jeg get upplýst um það, að áður en tollurinn

var kominn, var tóbakið fyrir nokkurum árum síðan 1 kr. 33 a. pundið, en nú, eptir að tollurinn er kominn, er það 1 kr. 40 a. (*A. Ó.:* Hvað sannar það?). Það sannar það, að slíkir spádómar eru ekki áreiðanlegir.

Þriðja mótbáran er sú, að það sje ósamkvæmni, að afnema útflutningsgjald af fiski og lýsi, en ekki af síld. Jeg hygg þó, að þetta sje ekki ópolandi. Því fáist engin síld eða lítil, þá verður líka útflutningsgjaldið á henni ekkert eða lítið; en fáist hún mikil, þolir hún það vel, að á henni sjé lítill tollur. Menn hafa sagt, að útflutningsgjaldið hvíli ekki á þeim, sem láta þær vörur af hendi. Hið sama má og segja um aðflutningstollinn; kaupmenn þurfa ekki að láta kaffitollinn hvíla á þeim, sem kaffi kaupir. Jeg hygg, að kaupmenn geti vel staðið sig við, að leggja ekki neitt á kaffi nje á sykur, þótt tollurinn komi, því að, síðan jeg fór að taka eptir, hafa kaupmenn lagt undir 20 aura á kaffipundið fyrir að koma því til Íslands. Það er og kostur fyrir landið, að kaupmenn græði; því að nú eru innlendir kaupmenn að fjölga og margir innlendir menn að seilast eptir að verða kaupmenn. Það hafa fleiri þingmenn komið með þá setningu, að þessi tollur leggist á fátæklingana eina. En skyldu þá allir vera fátækir menn, sem drekka kaffi og brúka tóbak? Þess konar ástæður eru varla svara verðar. Jeg er sjálfur þurrabúðarmaður, og get jeg verið h. þm. þakklátur fyrir umhyggjusemi þeirra fyrir mjer og öðrum þurrabúðarmönnum, er við sjó búa. Jeg skal játa það, að kaffi í hófi brúkað er gott, og sjerstaklega ef meiri hluti þess er ekki export. En samt held jeg, að ekki sje skaði skeður, þótt löggjafarvaldið gæfi almenningi bending um, að kaffibrúkun jafnvel við sjó verður að vera hóflega mikil, og má ekki vera stjórnlaus. Mjer hefir þótt leitt, að sjá það í reikningi fátæklings, að mesti hluti úttektar hans hefir verið kaffi, sykur og brennivín. Jeg tek það upp aptur: jeg játa það, að kaffi er góður drykkur og nauðsynlegur, þar sem menn að eins hafa óbreytta fæðu, en þar sem menn hafa litla fæðu og ónóga, þá er einmitt þörf að takmarka kaffibrúkunina, og benda mönnum á, að kaupa kröptugan og nærandi mat. (*B. Sv.:* Heyr!).

Það hefir verið sagt, að sjómenn og þurrabúðarmenn lifðu mest á sjómat og svo kölluðu kaffi. En jeg hygg, að það væri æskilegt, að gefa þeim með hæfilegum tolli bending um, að lifa ekki eins mikið á tómri ýsu og kaffi, en hugsa meira um nærandi fæðu.

Þetta eru nú hinir helztu ókostir, sem taldir hafa verið á þessu frv.; en jeg hygg, að enginn hafi talað um kosti þess; að minnsta kosti hefi jeg ekki tekið eptir því. Menn hafa óbeinlínis minnzt á, að kosturinn við að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn fylgir líka þessu frv., og er hann, ef það yrði að lögum, úr lögum numinn. En er þá enginn fátæklingur, sem geldur hann? Það hefir verið talið honum til gildis, að hann væri fastur. Já, hann er fastur að því leyti, að hann er tekinn hjá hverjum manni, hvort sem hann getur borgað hann eða ekki, hvort sem hann hefir nokkuð gagn af þeim hundruðum, sem hann tíundar, eða ekki. (*Fr. St.:* Lögtak).

Það hefir verið sagt, að stefna þessa frv. væri sú, af ljetta byrðinni af þeim ríku, en leggja hana yfir á þá fátæku. En jeg held, að rjettara sje, að orða þá setning öðruvísi, þannig: ljetta á dugnaðarmanninum, en koma byrðinni yfir á eyðslumanninn; að ljetta á þeim, sem leiðir fram eða aflar, og færa yfir á þann, sem eyðir eða neytir. Með þessu frv. rýra menn ekki framkvæmdirnar í landinu sjálfu, heldur leggja menn taum á óþarfa eyðslusemi. Þetta ráð er ekki nýtt í heiminum. Flestar þjóðir hafa aðhyllzt það og fundið það hagkvæmt og gott. Ef mönnum þykir með þessu of mikið ljett á dugnaðarmanninum, þá er sú huggun, að til er annar skattur, fátækraútsvarið, sem ekki

er hægt að leggja á aðra en hina efnabeztu, reglumennina og hina duglegustu, og þessi skattur er mörgum sinnum meiri, en allir aðrir til samans.

Það hefir verið sagt, að útflutningsgjaldið væri svo gott, að enginn fyndi til þess. En þá hefi jeg þekkt marga, sem finna til þess; og að minnsta kosti þegar svona lætur í ári, er það óvinsælt bæði hjá gjaldendum og kaupmönnum.

Jeg get þess vegna engan veginn lagt eins harðan dóm á þetta frv., eins og margir h. þm. hafa gert. Þvert á móti; jeg verð að álíta það vel hugsaða og vel meinta tilraun til að koma skattalögum vorum í betra horf; og skyldi jeg því ekki vænta, þar sem þetta frv. varðar svo miklu, að því verði ekki leyft að komast til 2. umr. Það er vel þess vert, að það sje vandlega íhugað, áður en því er kastað. Það ljettir mikilli byrði af, þar sem ábúðar- og lausafjárskattur og útflutningsgjald af sjávarvörum á að hverfa með því. Tilgangur þess er í stuttu máli sá, að leggja toll á þann, sem brúkar, en ljetta honum á þeim, sem aflar, þeim hinum duglega og framkvæmdarsama; þeir, sem eru með þessu frv., skoða þetta sem tilgang frv., en þeir, sem móti mæla, vilja láta eyðslumanninn lifa á dugnaðarmanninum, enda þótt umkvörtun um það sje sár orðin á landi hjer, og nauðsyn beri til, að reyna að stemma eitthvað stigu fyrir því.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil helzt víkja máli mínu að h. þm. Eyfirðinga (A. Ó.) sjerstaklega. Hann sagði í ræðu sinni, að þingið gerði ei annað heppilegra en fella þetta frv.; því að ef það væri ekki gert, mundi missast það frv. í h. Ed., sem fer fram á linun á hálfum ábúðar- og lausafjárskattinum fyrir næsta fjárhagstímabil. (*A. Ó:* Já). Það gleður mig. En nú vona jeg, að allir h. þm. minnist þess, hvernig hann tók þessari sömu tillögu frá h. 1. þm. S.-Múl. (T. G.), þegar hann sjálfur, h. þm. Eyf. (A. Ó.), kom fram með sitt frv. sællar minningar, sem síðan sálaðist í h. Ed. fyrir banasigð allra konungkjörinna og þjóðkjörinna þingmanna þar. Ekki var nú vakrara, þó riðið væri! Jeg vona, að allir h. þm. í þessari deild muni, hvernig hann þá barðist með hnúum og hnefum á móti alveg þessu sama máli, sem nú á að verða lífsakkeri allra manna. (*A. Ó.:* Þetta er ekki rjett). Jú, en mig furðar ekkert á þessu hjá honum, því að hann er vanur að segja eitt í dag og annað á morgun í hinu sama máli. Þetta sama hefir sýnt sig í öllum hans skattamálum. Hann hefir skrifað hrókaræður í blöðin um tíundarsvik, og viljað sýna, að samvizka Íslendinga væri svo sljó, að þeir mundu aldrei læra að segja satt; þess vegna væri ómögulegt, að byggja skatta á tíundarframtali. Hví skyldi það nú þá vera svo undarlegt, og ósamkvæmt 1. þingmanni Eyfirðinga, þó það, sem honum þótti um daginn öldungis óhafandi, nefnilega lausafjártkatturinn, sem einmitt byggist á hinu baneitraða framtali hans, þó ekki væri nema hálfur, sje nú orðið hið eina lífsakkeri hans?!

Jeg skal ekki fara út í öll hans dæmalausu talnabönd, sem geta verið mikið hæfileg barnagull eða barnaglingur, en alls óhæfilegt fyrir oss þingmenn; því þau vóru byggð að miklu leyti á mishermi og misskilningi. En jeg hygg, að öllum muni fyrirgefast það, þótt menn sjeu hættir að byggja mikið á skoðunum hans í skattamálum, þegar hann ekki stendur á fastari fótum en þetta. Mig furðar það, að hann þó ekki skuli hafa fundið þann kost þessa frv., þann aðaltilgang þess, að ljetta sköttum og tollum á atvinnu landsmanna, þar sem hann einmitt sjálfur hefir ásamt öðrum óneitanlega rutt þeirri skoðun til rúms á einum af hinum ljósu augnablikum hans, er menn svo nefna. Nei; nú vill hann hvorki heyra það nje sjá, þegar hans eigið princip er víkkað út. Nú hefir öll h. efri deild fellt hans frv., já, öll; og þar með er þjóðmegunar- og talnafræðingurinn alveg af baki dottinn og að velli lagður með alla sína bókfræði í skatta- og tollmálum landsins. Hann getur sagt, að jeg hafi ekkert vit á tölum og skattalögum; en það þykir mjer hart, ef þingmenn hinnar háttvirtu Ed. hafa ekki svo mikla »intelligence«, að þeim

sje til neins trúandi; og hún hefir þó orðið mjer samdóma um það með öllum atkvæðum, að útflutningstollur hans, eins og hann líka var, væri »principstridig« og alveg óhafandi; en það aumasta er það, að þessi heilnæma pilla frá h. efri deild hefir verkað svo óhappalega og öfugt á talnafræðinginn, að hún hefir líka tæmt burtu úr honum allar ástæður hans móti lausafjár- og ábúðarskattinum, svo hann ætlar nú að halda í helminginn af þeim upp á líf og dauða heldur en ekki neitt! Láti nú þingmaðurinn sjer segjast eptir þetta, að þó jeg geti það ekki einn, þá geta sjálfsagt 5—6 sprenglærðir menn í efri deildinni allir til samans, auk sex þjóðkjörinna þingmanna hamlað upp á móti honum einum,—hver þeirra þarf ekki að hafa nema ½ til ⅛ hluta vits og þekkingar móti honum — þegar ræðir um hina eðlilegustu og hyggilegustu skipun á skatta- og tollmálum landsins, eða þegar ræðir um þann skilningsskarpleika, að geta sjeð og viðurkennt þann gimstein, sem fólginn var í hinu upprunalega frumvarpi, sem samþykkt var hjer í deildinni, nefnilega þann óyggjandi sannleika, að ábúðar- og lausafjárskattur ætti alveg að vera úr lögum numinn. Þennan gimstein, sem þó einnig var í þessu frv. h. þm. Eyf., hefir þó hin h. Ed. sjeð, þ. e. afnám ábúðar- og lausafjárskattsins; en nú vill hinn sami þ. þm. Eyf. ómögulega kannast við þennan sinn eigin gimstein, þegar hann kemur í þessufrv., heldur sjer hann ekkert í því nema eintóma galla, svo að hver maður verður að freistast til að álíta, að hann í einhverri leiðslu hafi stungið upp á afnámi lausafjár- og ábúðarskattsins, enda á hann ekki fyrstur manna þá hugsun, að þeir sjeu óhafandi, heldur hefir hann áður í blöðunum orðið fyrstur manna til að hæla þeim á víxl og rífa þá niður á víxl botnlaust og endalaust. Jeg vona því, að h. þingmenn geti ekki byggt mikið á orðum h. þm. Eyf., þegar hann nú ekki tekur til greina þennan aðalkost frv., sem hjer ræðir um. Menn hafa sagt, að þetta frumvarp valdi tekjumissi fyrir landssjóð. Já, það er satt. En sá sami tekjumissir fyrir landsjóð er að afnema hálfan ábúðar- og lausafjárskattinn, eins og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sýndi fram á. Það er öldungis rjett, sem sá sami h. þm. sagði, að hjer er farið fram á, að ljetta á dugnaðarmanninum og leggja aptur á eyðslumanninn. Það er líka hverju orði sannara, að kaffinautn er orðin allt of mikil um allt land, og jeg get fengið vottorð jafnvel frá áreiðanlegum lækni um það, að það er heilsuspillir að því, að brúka kaffi jafnóhóflega, sem það nú er gert hjer á landi. Það getur vel verið, að tollur á kaffi leggist þyngst á þurrabúðarmenn við sjó; en þegar um leið er afnumið útflutningsgjald af fiski og lýsi, ef jafnframt er veitt lán úr landssjóði til þilskipakaupa, og veittur styrkur til að stofna sjómannaskóla, þá verður eigi annað sagt, en að þingið hafi fullkomlega bætt sjómönnum og þurrabúðarmönnum þennan þyngslamun á kaffitollinum, og það á þann hátt, sem sannarlega sæmir vitru og rjettlátu löggjafarþingi. Það er að öðru leyti öldungis ómögulegt, að búa til þau tollalög eða skattalög, sem alveg leggist jafnt á alla.

Jeg vona, að h. þingd. leggi ekki svo mikinn trúnað á orð þeirra h. þm., sem talað hafa á móti þessu frv., að það verði fellt frá 2. umr. Því ver kalla atvik mig af þingi í þessu augnabliki; en geti einhver þingmaður síðar sannfært mig um, að jeg hafi rangt í því, að álíta, að þetta frv. sje einmitt á rjettum rökum byggt, sem jeg verð að svo stöddu að halda fastlega fram, þó laga þurfi ýmsa galla á því, sem gera má við 3. umræðu, þá skal jeg ekki vera meinsmaður þess, að annað betra verði sett í staðinn; en grunur minn er sá, að það verði örðugt að finna.

Th. Thorsteinson: Þetta er að nokkru leyti merkilegt frv.; það tekur af skatta og leggur aðra á; en þrátt fyrir það, að landssjóður sjáanlega fari mjög minnkandi eða með öðrum orðum þyrfti heldur aukna skatta, þá er auðsjeð, að ef þetta frumvarp verður að lögum, þá minnkuðu tekjur landssjóðs tilfinnanlega, eins og hinir h. þm. sumir þegar hafa sýnt fram á; það eru nú

að eins 3 þing-ár síðan að lagður var útflutningstollur á fisk og lýsi, í stað spítalagjaldsins, eða rjettara sagt þess gjalds, er fyrir hann var settur, vegna þess, að gjald þetta þótti koma mjög lítillega inn, og þó tilfinnanlegt fyrir gjaldendur. Ef það væri nú tilgangurinn með þessu frumvarpi, að ljetta á kaupmanninum, þá væri jeg því meðmæltur, jafnvel þó jeg álíti viðurhlutamikið, að vera allt af að rugla með skattalögin; og hvað þetta útflutningsgjald snertir, sem við nú höfum, þá er mjer ekki kunnugt, að gjaldendurnir hafi klagað. Kaupmenn eru þeir einu gjaldendur að því gjaldi, og þeir munu optast klaga minnst yfir gjöldunum. Það hefir verið sagt, að þetta væri til að ljetta á dugnaðarmönnunum og hjálpa þeim; væri svo, væri það einnig gott; en það álít jeg ekki náist með þessu frumvarpi. Það hefir verið sagt, að skatturiun á kaffi og sykri yrði þungur fyrir menn. Það er satt að nokkru leyti. Þó er það ekki þetta, sem fælir mig frá að gefa því atkvæði mitt, því jafnvel þótt óbeinlínisskattur sje nokkuð meiri en sá beini, þá fellur gjaldanda samt mjög opt eins ljett eða ljettara að greiða þann dýrara, og sjerstaklega hjer, hvar peningar þurfa til beinu skattanna, en ekki til hinna. En það er annað, sem vakir fyrir mjer. Jeg er hræddur um, að þetta leiði til þess, að það verði farið að flytja þessar vörur inn í landið, án þess að gjalda toll af. Það gefur undirballance, eins og jeg áður tók fram. Og hvers vegna á þá að binda sig við þetta? Skatturinn af kaffi og sykri verður tilfinnanlegastur fyrir þá, sem mest brúka, og þetta eru þurrabúðarmenn; mjer finnst engin ástæða til, að þyngja gjöldum á þeim í þessum hörðu árum, og í það heila tekið er varúðarvert, að taka af skatta án þess að geta sett aðra næga í staðinn, og fyrir okkur er varúðarvert að leggja tolla á margar vörutegundir, þar sem við ekki höfum nje getum fengið neina tollgæzlu. Jeg vil fresta þessu máli þangað til á næsta þingi; því ef á að fara að breyta öllum skattamálum landsins, þá þurfa frumvörpin í þá átt að vera betur íhuguð en þetta, sem hjer liggur fyrir. Reikning hins h. 1. þm. G. K. (Þ. Böð.), þar sem hann talaði um, að tóbak og annað gæti verið eins ódýrt þó tollur verði lagður á það, var mjer óskiljanlegur; að þingmaðurinn hafi keypt tóbak eins dýrt áður en tollurinn kom á, liggur eðlilega í því, að það þá í útlöndum hefir verið dýrara. Mjer sýnist þetta og annað, sem meðmælendur frumvarpsins hafa talið því til gildis, svo vanhugsað, að jeg ekki get gefið því mitt atkvæði, og vil því sem áður sagt ráða til, í það minnsta að fresta skattamálinu og íhuga það betur til næsta þings.

Ólafur Pálsson: Það er búið að taka hjer um bil allt fram af því, sem jeg ætlaði að segja. Það var nú verið hjer með útflutningstollinn um daginn og hann fjell í efri deild, en jeg tók mjer það ekki eins nærri og sumir hjer í deildinni, sem vilja fella þetta frumvarp; en af hverju, vita þeir bezt sjálfir. Mjer þótti ekkert að því, fyrst við fáum þetta í staðinn, því jeg fer nú ekki í svo fínan og smásmuglegan reikning, eður hefnigirni, að þar geti ekki verið ýms millibil. Ef sveitamaðurinn kaupir kaffi, þá geldur hann toll aldeilis eins eptir sem áður. 2. þm. Ísf. (Þ. M.) sagði, að það væri tekið úr landssjóði og ekkert látið í staðinn; það er ekki satt, þegar fisk- og lýsistollurinn verður afnuminn. Jeg játa það, að þetta er nauðsynlegt, að ljetta því á sjávarbóndanum, þegar ábúðar- og lausafjárskattur verður afnuminn, svo jafnrjetti verði, því kaffi og öll óþarfavara hefði aldrei átt til landsins að hafa komið, að jeg ekki nefni kaffirót og þess konar, sem menn kalla kaffibæti; jeg kalla það kaffispilli, því það er ekkert annað en til heilsuspillis; jeg held við eigum líka nóg grös, ef við hefðum myndarskap á að hirða þau, og hafa þau í kaffi stað. Jeg vil helzt láta leggja svo háan toll á kaffið, að það verði alveg hreint hætt að flytja það; því jeg álít það svo ónauðsynlegt; en sykrið tala jeg minna um, því það ætlast jeg til við brúkum með tevatninu af grösunum; reyndar er jeg bæði kaffimaður og tóbaksmaður, og

mun kaupa það eptir sem áður, meðan það flyzt, og hlífi mjer því ekkert út af tollinum; en landssjóður má vitanlega ekki missa sitt, nema eitthvað komi í staðinn, og ef við drepum þetta frv.,—því jeg kalla það að drepa frv., ef við fellum það,— hvar fáum við þá linun í nokkru gjaldi? Og þó erum við alltaf að kveina og kvarta um harðærið. Nei, það verður ekki betra fyrir landssjóðinn, að lána út þessi optumræddu hallærislán, heldur en að gefinn sje eptir ábúðar- og lausafjárskatturinn um næstu 2 ár, þó það vitanlega halli á landssjóð um tíma. Miklu betra, segi jeg. Förum t. d. í Snæfellsnessýslu; hvernig hefir gengið þar með gömlu hallærislánin? Nei, það er miklu betra fyrir þá, sem annars vilja landssjóði vel, að lina dálítið í gjöldum og sköttum, heldur en þessi eilífu hallærislán, sem aldrei borgast aptur, eptir því sem fram hefir komið (hlátur). Jeg bið ykkur að taka eptir því, sem jeg segi; þið hlægið ekki, þegar þið ekki getið staðið í skilum með ykkar hallærislán, sem mjer eru á móti, þó neyðin kunni að þrýsta mjer til að beiðast þess, fyrir mitt kjördæmi. Jeg gét líka reiknað. Hvernig er ekki t. d. með Ísafjarðarsýslu? *(L. B.:* Snæfellsnessýslu). Jæja, Snæfellsnessýslu þá. *(Forseti:* Jeg bið þm. að snúa ræðu sinni til mín, og hafa engar samræður). Jeg bið þá forseta að gæta að því, að jeg sje ekki truflaður svona í miðri ræðu. Jæja, til þess að gjöra eigi gys að neinu, þá skulum við sjá, hvort það kemur ekki fram, sem jeg hefi sagt. Jeg gef frv. óhikað atkvæði mitt. En það er undarlegt, að vilja ekkert tala um þetta mál, heldur einungis að fella það strax; en 1883 þótti þinginu engin skömm að sitja yfir friðun fugla svo og svo lengi, og vera að rífa fiðrið af grátitlingum og rjúpum, og það hefir líka lengi verið rifizt í rjúpunum á þessu þingi; um þetta er ekki talað hvort þarft eða óþarft sje. Nei, sem sagt, mæli jeg með, að þetta frv. verði samþykkt, að minnsta kosti sem prufa til næsta þings; það má þá breyta þeim lögum aptur, eins og fuglalögunum.

H. deild mun þykja jeg hafa verið nokkuð harðorður um kaffi og fleira, og orðmargur; svo jeg skal hætta að sinni.

— Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna var samþykkt að umræðunum skyldi hætt.

Atkvæðagr.: Frv. fellt frá 2. umr. með 14 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli. *Já* sögðu: Fr. Stefánsson, G. E. Briem, J. Jónsson,. Jón Sigurðsson, Ól. Pálsson, Þór. Böðvarsson, Þorv. Kjerulf.

Benidikt Sveinsson og Jón Ólafsson voru eigi við staddir.

Frumvarp til laga um helgi lands fyrir ágangi af skepnum (C. 193; nefndarálit og breytingartillaga 299); framhald 1. umræðu.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg þarf ekki á þessu stigi málsins, að fara um það mörgum orðum; nefndin hefir í álit i sínu við breytingarnar látið skoðanir sínar í ljósi, og gert grein fyrir breytingum þeim, sem hún hefir gert við frumvarpið; og þar sem þetta er framhald 1. umræðu, vona jeg, að þingdeildin leyfi þessu frumv. að ganga til 2. umræðu.

Atkvæðagr: Málinu vísað til 2. umræðu með 14 atkv.

Frumvarp til laga, er banna niðurskurð á hákarli i sjó, milli Geirólfsgnúps i Strandasýslu, og Skagatár i Húnavatnssýslu, á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl (C. 201); 1. umræða.

Atkvæðagr.: Málinu orðalaust vísað til 2. umræðu með 16 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um prestakallamál (C. 227), *hvernig ræða skuli.*

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu um málið, og var það samþykkt með 13 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um, að setja nefnd til að rannsaka reikninga Reykjavíkurdómkirkju (C. 323); *hvernig ræða skuli*

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu um þetta mál, og var það samþykkt.

Frumvarp til laga um þjóðfána fyrir Ísland (C. 205); 1. umræða.

Flutningsmaður (Jón Sigurðsson): Jeg

skal ekki vera langorður í þetta sinn. Þetta frv. er reyndar ekkert nýmæli, þó sumir máske álíti það svo. Þegar alþingismenn komu saman 1881, í fyrsta skipti í hinu nýja alþingishúsi, kom fram þeirra á meðal óánægja út af merkjum þeim, sem eru framan á alþingishúsinu. Þá fór þingið fram á, að fá þessum merkjum breytt; en, eins og kunnugt er, fjekkst það ekki, af þeim ástæðum, sem öllum eru kunnar; sömuleiðis kom þetta fram á þingi 1883; en þá eyddist málið í h. Ed., fremur af misskilningi en af því, að deildin væri því ekki hlynnt. Nú hefir nefndin í stjórnarskipunarmálinu komið fram með þetta málefni í breyttu formi og með nokkuð öðru fyrirkomulagi, þar sem nefndin leggur til, að sett sjeu lög um sjerstakt merki fyrir Ísland, eða sjerstakan fána, sem er reyndar eitt og hið sama. Þingmenn hafa haft góðan tíma til að íhuga frumvarpið, og geta því komið með breytingar við það, ef þeim þykir þess þurfa. Jeg vil að eins geta þess, að jeg gekkst fyrir því, að útvega mann til að mála flaggið eptir uppást. nefndarinnar, og hefir það einnig verið þingmönnum til sýnis á lestrarsalnum, og væri æskilegt, að þessi maður gæti fengið einhverja þóknun fyrir starfa sinn.

Jón Ólafsson: Jafnvel þótt þetta mál sje fagurt og mikið, og þeir eigi alla þökk skilið, sem það hafa vakið, þá er það ekki svo vel í garð búið, að unnt sje fyrir deildina að taka í það svona lagað, á þann hátt, að von sje nokkurs árangurs. Það er svo lítt í garðinn búið, að það er fyllsta nefndarverkefni, að koma því í hæfilegt horf, og vil jeg því stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í málið.

Forseti: Jeg vil geta þess, að það er nokkuð sjerstaklegt við þetta mál, þar sem það er komið frá nefnd, og því vil jeg stinga upp á því við h. þingmenn, hvort þeim ekki sýnist rjettara að vísa því aptur til þeirrar nefndar.

Atkvæðagr.: Málinu vísað til nefndarinnar í stjórnarskrármálinu.

Þrítugasti og níundi fundur, föstudaginn 14. ágúst kl. 12. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 321, brt. 340, 346, 347, 348, 349); 3. umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það eru komnar allmargar breyt., og má segja um þær, sem um annað, að »of mikið má að öllu gera«. Þegar jeg lít á þessar breyttill., ofan á hið mikla örlæti, sam h. þingd. sýndi við 2. umr., þá finnst mjer, að ýmsir þingmenn hafi eigi haft hugfast, að eptir því, sem fjárhagur vor stendur núna, verður varlega að fara út í fjárveitingar, sem ekki miða til þess, sem bráða nauðsyn ber til.

Jeg vil nú leyfa mjer, að fara nokkrum orðum um hinar einstöku breyttill. Verð jeg að biðja h. þingdm. að virða mjer til vorkunnar, þótt jeg geti ef til vill ekki fylgt alveg greinaröðinni, þar sem þessi fjöldi af breyttill. liggur fyrir.

Jeg skal þá fyrst minnast á breyttill. nr. 329, sem fer fram á, að sú ákvörðun, að Reykjavíkurkirkju gefist upp vextir af skuld sinni, og að hún fái frestun á afborgun skuldarinnar um næstu 2 ár, falli burt. Það hljóta allir að játa, að kirkjan er landssjóðs eign og á hans ábyrgð; og þótt sumir vilji eigi kannast við þetta, þá verða þeir þó að játa, að nú sem stendur er hún það í verkinu, og það er til einskis, að bera slíkt fyrir. Þessarar ívilnunar þarf með, til þess að geta varið kirkjuna hrörnun; meira að segja, það er óhjákvæmilegt, að kirkjan fái þetta. Landsstjórnin verður að taka þetta fje kirkjunni til aðgerðar, svo að það er með öllu tilgangslaust, ef h. þingd. fellir þessa eptirgjöf; landsstjórnin verður að verja fjenu til kirkjunnar, og það er miklu óviðfelldnara, að hún geri það að þinginu fornspurðu, sem hún getur eigi komizt hjá, ef þingið neitar því, heldur en að gera það með samþykki þingsins.

Viðaukatill. 333 fer fram á, að Stykkishólmskirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða afborgun af skuld hennar til landssjóðs. Þetta var veitt á

síðasta fjárhagstímabili, og mun nefndin ekki setja sig upp á móti því.

Breyt.till. 332 við 4. gr., er að eins orðabreyting til skýringar, svo enginn geti villzt á, hver tilætlunin sje.

Breyt.till. 321 við 10. gr. C, 4, um fjárveiting til búnaðarakólanna á Hólum og Eyðum, hefir nefndin í sjálfu sjer ekkert á móti, nema það, að eðlilegast er, að hæstv. ldsh. útbýti þessu fje eptir því, sem hann sjer haganlegast, og mun hann sannlega taka til greina till. þingd.

Nefndin verður að leggja fastlega á móti breyt. till. 337 við 10. gr. C, 4. Það kom lík breyt.till. fram við 2. umr., og var þá felld; vona jeg, að h. þingd. hafi ekki breytt skoðun sinni síðan og felli einnig þessa till., og það því fremur, sem hún verður ekki skoðuð öðru vísi en sem ótilhlýðileg tortryggni til hæstv. ldsh., um, að hann muni ekki úthluta fjenu rjettlátlega.

Jeg get ekki neitað því, að breyttill. 322 hefir talsverða sanngirni við að styðjast; en eins og jeg hef áður tekið fram, er það óviðkunnanlegt, að hækka laun Þorvaldar læknis Jónssonar, meðan sams konar mál er fyrir dómstólunum, og áður en vitað er, hvernig því máli lyktar, því að ef hæstirjettur frádæmir hlutaðeigandi lækni launahækkun þá, sem hann fer fram, þá liti það undarlega út, ef þingið hefði þá hækkað þessi laun, og annaðhvort tæki hækkunina aptur, eða neitaði þeim um viðbót, sem virðist að hafa jafnvel rjettarkröfu til viðbótar; en ef hæstirjettur dæmir Þorgrími lækni launahækkunina, þá treysti jeg því, að næsta þing muni sjá það við Þorv. Jónsson og aðra lækna, sem eins stendur á fyrir og honum, og veiti eigi að eins honum, heldur og hinum þessa launabót.

Það er að vísu æskilegt, að fá lækni í það læknishjerað, sem farið er fram á í breyttill. 318., en það er alveg tilgangslaust að samþykkja hana, af því að engir læknar eru til, hvorki í þetta nje önnur læknishjeruð, sem stofnuð kynnu að verða, og verða ekki á fjárhagstímabilinu næsta. Það væri ekki til annars en að láta fjárhaginn líta ver út en er í raun og veru.

Fjárlaganefndin hefir í 332. breyt.till stungið upp á 200 kr. launaviðbót handa hinum núverandi bókaverði. Þessi maður hefir lengi unnið við þetta safn með litlum launum, hefir slitið sjer út á því, og er að öðru leyti góðs maklegur. Vona jeg því, að menn verði ekki á móti þessu.

Breyt.till. 339 við 13. gr. C 2, um að hækka styrkinn til amtsbókasafnanna, get jeg fallizt á. Að nefndin hafði styrkinn eigi 400 kr. upphaflega, kom af því, að henni var ókunnugt um, hvort söfnin væru mikið notuð, og hvernig fje því hefir verið varið, sem veitt hefir verið til þeirra; en nú hefir hæstv. landsh. sýnt mjer skýrslu um það, hversu fjenu hefir verið varið, og hversu hagur þeirra stendur, og bæði jeg, og jeg ætla nefndin í heild sinni, mun því eigi mæla móti breytingartillögu þessari.

En aptur á móti get jeg með engu móti verið með breyt.till. 338, um 100 kr. til kostnaðar við útvegun forngripa. Forstöðumaður forngripasafnsins þarf ekki að takast sjerstakar ferðir á hendur til að útvega forngripi, því að það getur hann gert um leið og hann ferðast til fornmenjarannsókna, og þann ferðakostnað fær hann borgaðan af Fornleifafjelaginu, enda væru 100 kr. allt of lítið hvort sem væri, ef hann þyrfti að ferðast víða eingöngu til forngripaútvegana.

Fjárlaganefndin hefir í breyt.till. 341 lagt það til, að láta Bókmenntafjelagið fá 1500 í stað 1000 kr., af því, að forseti þess hefir skrifað fjárlaganefndinni og skýrt henni frá, að fjelagið gæti ekki sakir fjeleysis gefið út Sýslumannaæfirnar, sem gert var að skilyrði fyrir fjárveitingunni við 2. umr. Sökum þessa leggur nefndin til, að hækka þennan fjárstyrk; enda hefir fjelagið stundum áður fengið 2000 kr. á ári úr landssjóði.

Mjer þykir undarleg breyt.till. 319, að láta Jón Árnason fá 1200 kr., ef hann skyldi hætta að vera bókavörður. Það á þá að kaupa hann fyrir 1200 kr. til að hætta þessu

starfi, og auka útgjöld landssjóðsins að óþörfu um þessar 1200 kr. Stjórnarnefnd safnsins mun annast um, að hann segi af sjer, nauðsyn ber, að hann geri það.

Breyt.till. 332 við 16. gr. 1. a kom nefndin með, af því að hún hjelt, að 1600 væri nóg til ferðakostnaðar handa Þorvaldi Thoroddsen, enda sýndi þingmaður Mýramanna fram á, að hann þyrfti eigi 1000 kr. um árið til kostnaðar við ferðalög sín.

Mönnum getur víst ekki annað en þótt náttúrleg breyt.till. 332 við 16. gr. 10. tölul. um að binda fjárveitinguna til útgáfu lagasafnsins við það skilyrði, að það verði selt með vægu verði, til þess að gera mönnum hægra fyrir að kaupa það. Mönnum finnst líklega einnig náttúrlegt, að flytja fjárveitinguna í 16. gr. 13. tölul. fram í 11. gr., því að þar á hún betur heima.

Jeg get með engu móti mælt með viðaukatill. 317 við 16. gr., um lánveiting til Magnúsar Þórarinssonar. Mjer finnst hann hafa fengið ríflega þóknun, þar sem honum er veittur 500 kr. styrkur gefins.

Þá hefir aptur komið fram viðaukatill. um fjárveiting til skipakvíar í Hvaleyrartjörn, sem felld var við 2. umr. Það gengur yfir mig, að h. þm., sem komið hafa með þessa till., skuli dettu í hug, að þingd. hafi breytt skoðun sinni í þessu máli síðan um daginn, þar sem þó enginn minnsti undirbúningur, engin skýrsla og ekkert áreiðanlegt liggur fyrir um það, hvort þessi tjörn sje hæfileg til þessa, að hverjum notum hún muni eptir aðgerðina, hvað gera þurfi, eða hvað það muni kosta. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) treysti mjer ekki til að bera skyn á það. Jeg held, að það sje líkt fyrir okkur, honum og mjer, í því. Þessi skipakví er heldur ekki svo nauðsynleg. Það eru engin vandræði fyrir skipa-eigendur í Hafnarfirði, að láta skip sín liggja inn við Gufunes, og það þarf landssjóður ekki að kosta.

Jeg ætla þá ekki að tala lengur í þetta sinn, en bíð þess, að aðrir gefi mjer tilefni til að standa upp aptur.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þær breytingartill., sem hjer liggja fyrir; en að eins minnast á fáeinar þeirra.

Sumar þeirra eru þess eðlis, að það er komið undir áliti h. deildar, hvort hún vill samþykkja þær, og jeg legg enga sjerlega áherzlu á, að hve miklu leyti h. þingd. tekur þær til greina eða ekki. En jeg skal fara nokkrum orðum um fáeinar þeirra, sem jeg helzt læt mig skipta.

Það er þá fyrst breyt.till. við 4. gr., um að nema það burtu, að Reykjavíkurdómkirkju sje gefin upp vaxtaborgun á næsta fjárhagstímabili og frestur á afborgun. Jeg held, að það sje mjög óheppilegt, að samþykkja þessa breyt.till., og vil jeg í því efni skírskota til ræðu h. framsögumanns (H. Kr. Fr.), sem jeg í því efni er að öllu leyti samdóma. Það getur þó ekki verið meining h. þingd., að synja þess, að aðalkirkja landsins hafi það fje, sem henni er nauðsynlegt til þess að geta viðhaldizt sómasamlega og fengið þau áhöld, sem nauðsynleg eru. Hjer er þó ekki farið fram á annað, en að að hún fái að nota sínar tekjur til þess, sem hún þarfnast, og að hún á næsta fjárhagstímabili losist við að greiða þá skuld, það lán, sem hún tók til aðgerðar, þegar hún var orðin svo hrörleg, að mikil aðgerð eða endurbygging var óhjákvæmileg. Þegar nú reynslan sýnir, að tekjurnar eru eigi nógar til þess hvorstveggja, að endurborga þessa skuld og kosta kirkjunnar árlegu þarfir, er sá eini kostur fyrir hendi, að gera eigi beinlínis kröfu til skuldarinnar fyr en tekjur hennar nema svo miklu, að hún hafi fram yfir hinar árlegu þarfir. Það væri eðlilegast, að skoða svo þessa kirkju, eins og aðrar kirkjur landssjóðs, að fje það, sem hún hefir fengið til aðalaðgjörðar, sje ekki lán eða skuld, heldur fjárveiting, sem hún því ekki þurfi að borga nema þannig, að áskilja, að tekjueptirstöðvar hennar sjeu árlega innborgaðar í landssjóð, og fengi þá landssjóður það, sem hann getur fengið og á að fá. Jeg verð þess vegna að leyfa mjer að leggja mjög á móti þessari breyt.till.

Við 4. gr. er og viðaukatill. um líka ívilnu-

un til Stykkishólmskirkju, og verð jeg að vera henni meðmæltur. Fjárhagur þessarar kirkju stendur víst ekki vel, enda er hún nýbyggð og nýkomin á fót.

Þá er breyt.till. við 10. gr. C. 4., um styrkinn til eflingar búnaði, og er farið fram á, að úthlutun hans sje alveg tekin frá landsh. Jeg skil þetta ekki svo, að það lýsi nokkurri tortryggni til landsh., enda hefir það líka verið tekið fram, heldur svo, að uppástungumennirnir álíti eðlilegra, að sýslunefndirnar fái að ráða þessum styrk, að svo miklu leyti, sem ekki er tiltekið í fjárlögunum, hvernig honum skuli varið. Ef h. uppástungumenn hefðu nákæmar tiltekið, hvernig þessum styrk skyldi verða varið, mundi jeg ekki vera mjög mótfallinn þessari breyt.till. En jeg hefði þá óskað, að víst fje hefði verið ákveðið til hinna stærri fyrirtækja, sem áður hafa styrkt verið af þessu fje, með því að ekki er víst, að sýslunefndirnar vilji halda því áfram. Eins og jeg hefi áður tekið fram, vil jeg nefna til búnaðarskólann í Ólafsdal og Safarmýri. Það yrði mjög óvinsælt og óheppilegt og illa farið, ef skólinn í Ólafsdal yrði sviptur þeim styrk, sem hann hefir haft; og hið sama er að segja um Safarmýri. Aðalgallinn á því, að fá úthlutun alls þessa fjár sýslunefndunum í hendur, er sá, að hætt er við, að hin stærri fyrirtæki verði út undan, en styrkurinn hverfi til smáfyrirtækja, sem minni þýðingu hafa fyrir landið í heild sinni. Af þessum ástæðum verð jeg að vera eindregið móti breyt.till., ekki af því, að landsh. missi vald yfir þessu fje, heldur af því, að jeg álít þetta í sjálfu sjer óhagfelldara.

Þá er breyt.till. um, að fje það, sem ætlað er til þess að gefa út hið stóra íslenzka lagasafn, falli burt. Mjer þætti það illa farið, eins og h. framsögum. tók fram, ef h. þingd. tekur þessa breyt.till. til greina. Það er kunnugt, að farið er að undirbúa næsta bindi undir prentun, og er því slæmt, ef útgáfunni með þessu verður hamlað að fá framgang. Menn hafa saknað mjög þess hluta, sem eptir er, og er því mjög æskilegt og nauðsynlegt, að þetta lagasafn sje sem fyrst leitt til lykta. Jeg vona því, að h. þingd. felli þessa breyt.till., en leyfi þessari fjárveiting að standa.

Með tilliti til breyt. við 11. gr., um launaviðbót læknisins á Ísafirði, get jeg að nokkru leyti verið h. framsögum. samdóma; en þó get jeg ekki lagt eins mikla áherzlu á það sem hann, að annar læknir á nú í máli út af áþekku efni. Mjer finnst h. þingd. geti litið sjerstaklega á málavexti þessa manns, ef hún viðurkennir, að sanngirnisástæða mæli með honum, og veitt honum þetta fje, þótt vafi sje á, hvort hann hefir lagarjett til þess.

Að því er snertir aukalæknirnn í Mýrdalnum, þá held jeg að vísu, að þetta hafi ekki praktiska þýðingu í bráð. En af því að það er mjög nauðsynlegt, að þangað kæmist í sveitir einhver læknir, er full ástæða til að veita þetta fje, svo að greitt sje fyrir þessu máli frá þingsins hálfu svo sem auðið er. Í þessu liggur ekki annað en tilboð um að veita aukalækni þangað austur laun, þegar hann fæst. Það eru litlar líkur til, að nokkur verði til þess, að taka þetta embætti á næsta fjárhagstímabili; en verði þessi fjárupphæð veitt nú í fjárlögunum, kynni það þó að stuðla að því, að einhver vildi búa sig undir að fara þangað seinna.

Jeg vona, að h. þingd. fallist á breyt.till. um að auka styrkinn til bókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi, og það því heldur, sem h. framsögum. var fús til þess fyrir hönd h. fjárlaganefndar.

Það er stungið upp á því í einni breyt.till., sem liggur fyrir, að 10. tölul. 16. gr., styrkurinn til að gefa út hið opt umtalaða litla lagasafn, sem samþykkt var af h. nefnd og sömuleiðis af h.þingd. við 2.umr. falli burt. Jeg skal í því efni skírskota til þess, sem jeg sagði við 2. umræðu þessa máls, um, að æskilegt væri, að þetta lagasafn kæmi út; og sje jeg ekki ástæðu til að komast nú að annari niðurstöðu í þessu máli en við 2. umr., jafnvel þó upplýsingar sjeu fram komnar um, að annað lagasafn sje í vændum. Það er nauðsynlegt, að styrkja það lagasafn, sem trygging er fyrir,

að geti orðið bæði svo fullkomið, að það geti komið að góðum notum, og líka svo áreiðanlegt, að óhætt sje að treysta því. Með tilliti til hins annars lagasafns hefir maður ekki slíka trygging, hvorki fyrir því, að það ekki hætti að koma út þegar minnst varir, nje heldur fyrir því, að það verði svo fullkomið og áreiðanlegt, að það komi að fullu gagni, og að það geti að fullu bætt úr þeirri þörf, sem nú er. Það getur vel verið, að það verði gott og áreiðanlegt safn; en maður hefir ekki sömu trygging fyrir því, sem við hið annað safn, sem tveir mjög hæfir menn starfa að. Jeg held því, að það henti vel, að styrkja þetta fyrirtæki.

Um að auka styrkinn til Bókmenntafjelagsins skal jeg lítið tala. Það virðist fremu ástæða til þess, að hafa þann styrk ríflegri nú en verið hefir á næstliðnum árum. Sá styrkur hefir og verið að mun hærri áður fyrri, enda er þetta hið helzta fjelag landsins til þess að vernda og efla bókmenntir.

Ólafur Pálsson: Jeg stend upp vegna þeirrar viðaukatill., sem jeg hef komið með. Mjer þótti við þar eystra verða heldur út undan hjá h. fjárlaganefnd, og þess vegna hef jeg komið fram með þessa till. Mjer þykir nóg, að við sjeum prestslausir, þó við sjeum ekki líka læknislausir. Eptir því sem jeg hef frjett, er heldur ekki meiri læknisþörf í Dalasýslu en austur í Skaptafellssýslu. En Skaptafellssýslan er ekki of mikið borin fyrir brjósti í þessu að mjer finnst, því að læknirinn þarf ekki að búa þar fremur en hann vill; jeg meina, að jeg ætlast eins vel til, að hann búi á austasta bænum í Rangárvallasýslu. Þetta heimta jeg bókað, svo það sjáist, hvar hann geti átt von á að verða, eptir mínu áliti. En það álít jeg, að hentugast sje, að hann sje fyrir utan Jökulsá á Sólheimasandi eður á Sólheimum. Það er nú mín skoðun; því jeg hugsa ekkert um og tala ekkert fyrir Höfðabrekku frekara en aðra; en nauðsynlegt er, að búið sje að koma sjer saman um eitthvert svæði fyrir lækninn, svo hann viti, þegar hann kemur, að hverju hann á að ganga. Jeg get þess til skýringar, að þetta er það svæði, sem jeg hugsa mjer að hann sitji á; jeg tala fyrir almenning, en ekki fyrir sjálfan mig, þó þingmenn máske hugsi það. Jeg vona þess vegna, að deildin vilji samþykkja þessa viðaukatillögu.

En af því jeg stóð upp, þá skal jeg tala dálítið um þennan styrk til Þorv. Thoroddsen, svo jeg þurfi ekki að standa upp aptur. Mjer heyrast h. þm. vera farnir að telja hann eptir. Við 2. umr. kom h. þm. Mýr. (E. E.) með reikningsdæmi, sem jeg ekki vel skildi, og gerði ráð fyrir að eins 2 hestum undir áburð. En menn verða að gæta að því, að maðurinn á að ferðast í óbyggðum eins vel og í byggð, og þó jeg sje ekki kunnugur því ferðalagi, held jeg samt, að hann geti ekki komizt af með 2 hesta undir áburði handa 2 mönnum; því að aldrei eru menn of vel út búnir á eyðifjöll; »sá, veit gjör sem reynir». Jeg gef því glaður atkvæði mitt með því, að hann fái þessa upphæð óskerta.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg þarf að fara fáeinum orðum að eins um tvær breyt.till., sem mitt nafn stendur undir, ásamt nokkurra h. þm.

Hin fyrri er nr. 337, við 10. gr. C. 4. Jeg skal geta þess, að meining mín var alls ekki sú, að svipta hæstv. landsh. neinu fje, sem hann hefir yfir að ráða. Mjer gekk að eins það til, að jeg áleit hagsælast, að sýslunefndir hefðu þetta fje til meðferðar. Jeg held, að því hafi áður verið lýst yfir í þessari deild, að landsh. getur samt ráðið miklu í útbýtingu þessa fjár, þar sem það ávallt er borið undir úrskurð hans, til hvers fjenu er varið; það er hann, sem samþykkir eða neitar um samþykki. En, sem sagt, jeg held ekki þessari breyt.till. fast fram, og því síður, sem fje þessu er nú að miklu leyti ráðstafað.

En öðru máli er að gegna með breyt.till. nr. 317. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) leyfði sjer að segja, að þetta mál væri alveg undirbúningslaust. Jeg vonast eptir, að allir h. þm. sjái, að þetta er öldungis ekki rjett, þar sem fyrir þinginu liggur

skýrsla hjeraðsfundar og brjef með áætlun yfir kostnaðinn og teikning. Jeg hef reyndar ekki sjálfur haft þá æru, að sjá þessa skýrslu hjer á þinginu, (*Margir:* Jeg heldur ekki!), en mjer er kunnugt, að þessi skýrsla var send til þingsins og afhent h. formanni fjárlaganefndarinnar. H. framsögum. leyfði sjer og að segja, að fje til þessa fyrirtækis væri veitt út í bláinn; en jeg vil meina, að þessi hans orð sjeu ekki á rökum byggð, heldur út í bláinn, og margt af því fje, sem veitt er nú á fjárlögunum, sje meira út í bláinn en þetta. Hann vildi fá skýrslur um, hvaða gagn þetta gerði, líklega uppsett dæmi með tölum. Hefir h. framsögum. þess háttar skýrslu um Rifsós? Hefir h. framsögum. þess háttar skýrslu um Hafursá, svo hann geti sjeð í tölum, að hverju gagni það kæmi, þótt henni verði veitt í annan farveg? Jeg leyfi mjer að efast um það. Jeg skil ekki, að h. framsögum. skuli leyfa sjer að bjóða þinginu þess háttar ástæður. Það hefir legið fyrir h. fjárlaganefnd áætlun um, að þetta fyrirtæki mundi kosta ekki 1000 heldur 4000 kr. H. framsögum. talaði um, að þetta væri fyrir Hafnarfjörð einan. Það er merkilegt, að hann skuli koma með slíkt, þar sem þetta getur verið og á að vera fyrir öll skip á landinu, sem til ná, og þetta er sá staður, sem að fornu og nýju hefir verið viðurkenndur sem einhver sá allra hentugasti. Það er ekki farið fram á meira en 1000kr., að eins til að uppörfa hina einstöku til að leggja út í þetta þarflega fyrirtæki, og það er ekki meira en það, sem þinginu er skylt að gera. Jeg verð að álíta, að það sje skylda þingsins, að hugsa fyrir því, að þau skip geti varðveitzt og eyðileggist ekki, sem það hefir veitt fje til, að keypt yrðu. H. framsögum. sagði, að skip mætti leggja upp í Gufunesi. Já, það hefir tekizt, að láta skip eyðileggjast þar og skemmast án styrks úr landssjóði. H. framsögum. sagðist treysta mjer jafnlítið, eins og sjer, til að hafa vit á þessu máli. En jeg treysti mjer betur til að hafa vit á því, sem jeg þekki, en honum, þar sem hann ekki þekkir. Jeg get ekki skilið, hvernig hann leyfir sjer að koma fram með þess konar ástæður; en vonast þó eptir, að þær sjeu ekki sprottnar af óleyfilegum hvötum.

Mjer er þetta ekki kappsmál. Það er ekki farið fram á meira en 1000 kr., og þó þingið neiti, þá er ekki ómögulegt að fá þær annarstaðar. En jeg vil, að það sjáist í sögu þingsins, að sama árið, sem það veitti 100,000 kr. lán til þilskipakaupa, neitaði það um 1000 kr. styrk til að koma í veg fyrir, að þau skip eyðilegðust. Fyrir þessa sök skal þetta mál vera hjer inni á þinginu svo lengi sem hægt er.

Ólafur Pálsson: Mjer gleymdist ögn áðan, þegar jeg tók samanburðinn milli Skaptafellssýslu og Dalasýslu. Jeg veit vel, að læknarnir eru ekki til nú sem stendur, en þetta er þá til þess þeir viti, að hverju þeir hafi að ganga, þegar þeir koma. Jeg veit líka, að það er öðru máli að gegna með lækninn á Akranesi, því hann er kominn þangað, og þar sem það var tekið fram, að þeir yrðu að kosta hann fyrst, þá gæti líka skeð, að við vildum líka kosta nokkru til læknis, ef við fengjum hann. En það er ekki nóg, þótt menn hafi bæði hug og vilja, ef efnin vantar.

Jón Sigurðsson: H. fjárlaganefnd þótti jeg vera heldur harðorður við sig hjerna um daginn við 2. umr. Jeg skal því reyna að forðast það nú, enda er nú öðru máli að skipta, því nú er við deildina að eiga, en ekki nefndina. Úr því deildin hefir samþykkt tillögur nefndarinnar að mestu leyti, þá er það nú sök deildarinnar, ef eitthvað fer aflaga. Mjer líkar ekki stefna nefndarinnar, og þá heldur ekki deildarinnar, með tilliti til fjárlaganna og fjárhags landsins yfir höfuð, og jeg hefði óskað, að hún hefði verið önnur; nú þegar hallæri vofir yfir, þá ætti fjárveitingarvaldið að fara sem allra varlegast í fjárveitingum; en þetta hefir ekki verið stefna þingdeildarinnar í þetta skipti. Það er ekki ofsagt, þótt jeg segi, að mjer virðist, að deildin hafi ekki haft það yfirlit yfir fjárhagsástand landsins, sem æskilegt væri. Jeg skal leyfa mjer að benda á, hvernig ástand landssjóðsins muni verða með þessu móti.

Með atkvæðagr. við 2. umr. hafa tekjurnar verið færðar upp um 29,000 kr. frá því, sem stjórnin stakk upp á. Það getur nú, ef til vill, verið nokkur ástæða til þessa; en það eru lítil líkindi til, að tekjurnar verði svona miklu hærri en stjórnin hafði áætlað. En setjum svo, að það rættist, að tekjurnar reyndust svona háar, sem jeg vildi óska, og mundi gleðja mig, ef svo yrði, — þá verður fjárhagurinn samt ekki glæsilegur. Afgangurinn er nú rúmar 12,000 kr.; en nú eru komnar margar breytingartill., sem flestar ganga í þá stefnu, að hækka gjöld landssjóðsins; og eptir því að dæma, hvernig gekk til við 2. umr., þá verða þær líklega flestar samþ. Þær munu nú nema um rúmlega 3,000 kr., og er þá afgangurinn kominn niður í 9000 kr. Nú má búast við ýmsum aukaútgjöldum. Á síðasta fjárhagstímabili námu þau 9,000 kr.; ef maður gerir ráð fyrir, að þau yrðu eins nú, þá er nú afgangurinn búinn. Auk þess má búast við, að, ef til vill, verði ýms þau frv. samþykkt, sem hafa fjárveiting í för með sjer. Að minnsta kosti geta menn búizt við, að bankafrv. munu verða samþykkt, sem mun baka landssjóði að öllum líkindum 20—30,000 kr. kostnað á þessu fjárhagstímabili. Hvar á að taka þann kostnað? Enn fremur er niðurfærslan á ábúðar- og lausafjárskattinum, sem er á ferðinni í efri deild, og sem jeg vona, að h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hafi ekki á móti, og sem líklega verður samþykkt, enda held jeg flestir álíti æskilegt, að eitthvað sje gert í þá stefnu. Svona er nú ástandið fyrir mínum augum; og jeg vona því, að enginn lái mjer, þótt jeg hafi greitt atkvæði á móti flestu, sem fer fram á, að hækka útgjöld landssjóðsins. Mjer hefir reyndar verið brugðið um ósamkvæmni, þar sem jeg hafi sjálfur komið fram með breytingartill., sem gangi í sömu stefnu sem fjárlaganefndin, og greitt atkvæði með þeim. Þetta er satt; jeg hef gert þetta. En þetta er mjög eðlilegt, að þegar jeg sje alla aðra vera að pota fingrinum hingað og þangað inn í landssjóð, að jeg þá ekki geti setið á mjer að vera með. En ef allir hefðu viljað vera með að greiða atkvæði móti flestum eða öllum fjárbænum þeim, er til þingsins hafa komið, þá mundi jeg ekki hafa haldið fram þeim fjárbænum, sem jeg hef komið með. Það er engan veginn meining mín, að álasa mönnum, þótt menn vilji sinna hinum og þessum fjárbænum; því það getur verið margt, og það heiðarlegar ástæður, sem knýr menn til þess að sinna þessum bænum. En jeg held, að þetta sje ótímabær meðaumkvun, og jeg óttast, að afleiðingarnar verði þær, að í staðinn fyrir 82 fjárbænir, sem við höfum fengið í ár, munum við fá 164 á næsta þingi; því jeg hefi tekið eptir því, að þessar fjárbænir fara æ sívaxandi, og fjölga vanalega um helming á hverju þingi; og það er mjög eðlilegt, þegar þingið er svona leiðitamt, að menn gangi á lagið. Jeg get ekki annað en sagt kjósendum mínum á undan næsta þingi, að heppilegast sje fyrir þá, að biðja um nógu mikið; því þá sjeu líkindi til, að eitthvað fáist. Á þessari skoðun byggi jeg nú atkvæði mitt, þegar kemur til atkvæðagreiðslunnar.

Þá kem jeg til hinna sjerstöku breytingartill., og verður þá fyrst fyrir mjer breytingartill. á 319. blaði um 1200 kr. til stúdents Jóns Árnasonar, ef hann skyldi hætta við bókavarðarstörf þau, sem hann hefir nú á hendi. Framsögum. (H. Kr. Fr.) lagði þetta þannig út, að það ætti að kaupa hann til þess að hætta við störf sín; en það hefir víst engum dottið í hug; en hitt getur vel komið fyrir, að hann geti eigi lengur aðstaðið, að gegna þessum starfa, og þá er hann orðinn svo útslitinn, að hann getur eigi unnið fyrir sjer með öðru; og þá álít jeg, að illa sje farið, ef hann hefir ekkert að lifa af; því eins og tekið var fram við 2. umr., er þessi maður mjög virðingarverður og hefir unnið svo mikið í þjónustu landsins, að hann á það fullkomlega skilið, að hann sje styrktur, ef hann skyldi verða neyddur til að hætta við þessi störf. Jeg mun því greiða atkvæði bæði með 200 kr. handa honum sem bókaverði, og með þessari viðaukatillögu um eptirlaun hans, ef á þarf að halda.

Þá er breytingartill. nr. 329, 1. tölul.,

viðvíkjandi dómkirkjunni hjerna í Reykjavík. Jeg ætla mjer nú eigi að fara að rifja upp það, sem sagt var viðvíkjandi henni við 2. umr.; en jeg get eigi skilið, hver ástæða er til, að gera þessari kirkju hærra undir höfði en öðrum kirkjum landsins. H. framsögumaður (H. Kr. Fr.) sagði, að tekjurnar hrykkju eigi fyrir gjöldunum og landssjóður yrði því að hlaupa undir bagga með henni; en jeg vona, að h. framsögum. (H. Kr. Fr.) sje kunnugt, að það eru fleiri kirkjur, sem eiga við sömu kjör að búa, t. d. Lundabrekkukirkja; h. fjárlaganefnd hafði skjöl undir höndum, sem ljóslega sýndu, að tekjur hennar hrykkju eigi nærri fyrir árs-útgjöldum hennar, og fyrir vöxtum og afborgunum af skuld hennar til landssjóðs. Það er satt, að hún er eigi landssjóðseign; en jeg held enginn geti heldur staðhæft enn, að Reykjavíkurkirkja sje landssjóðskirkja. Þegar nú svona stendur á, er ekkert annað að gera fyrir Lundarbrekkukirkjusóknarmenn, en að leggja þau gjöld á sig sjálfa, sem kirkjan getur eigi án verið; og eins finnst mjer, að það ætti vel við, að Reykjavíkursöfnuður hlypi undir bagga með kirkju sinni, og hjálpaði henni til að standast þau gjöld, sem tekjur hennar hrykkju eigi fyrir. En ef þetta getur eigi látið sig gera, þá er enn annar vegur; það er enginn ómögulegleiki fyrir kirkjuna, að taka lán.

Að því er snertir Stykkishólmskirkju, þá er hjer að eins að tala um frest á gjaldi, en enga uppgjöf; alveg hið sama, eins og veitt var Lundabrekkukirkju. Ef farið hefði verið fram á að veita Reykjavíkurkirkju frest á gjaldgreiðslum hennar, þá skyldi jeg fúslega hafa verið með því.

Viðvíkjandi breytingartill. nr. 337 við 10. gr. C. 4, þá skal jeg ekki eyða neinum orðum að því, að tala um búnaðarskólastyrkinn. Jeg tók það fram við 2. umr. og jeg tek það fram enn, að þessi tillaga er ekki sprottin af neinni tortryggni til hæstv. landshöfðingja; en ef á að fara að skipta styrknum á þann hátt, sem frumv. gerir ráð fyrir, þá verður svo sárlítið, sem hver sýsla fær, að lítið verður með það gert. Með tilliti til þess, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, með tilliti til búnaðarskólans í Ólafsdal, þá álít jeg, að heppilegast hefði verið, að hann hefði verið tekinn upp á fjárlögin, með fastri upphæð, eins og hinir búnaðarskólarnir. Athugasemd hæstv. landshöfðingja er alveg rjett í því tilliti. En þótt nú sýslunefndirnar fái allt fjeð til umráða, þá er ætlazt til, að landshöfðingi veiti ekki samþykki sitt til útborgunar þess, nema meðferð fjárins sje samkvæm tilgangi veitingarinnar.

Að því er snertir fjárveitinguna til að gefa út »Lovsamling for Island«, þá álít jeg óþarft, að gefa það safn út strax, og hleypa landssjóði í skuld fyrir það.

Þótt jeg í rauninni vildi leiða hjá mjer að tala meira um styrkinn til Magnúsar Þórarinssonar, þá verð jeg þó að leiðrjetta þann misskilning, sem kom fram hjá h. framsögumanni (H. Kr. Fr.). Hjer er aðeins beðið um lán, en ekki um neina gjöf. Það er beðið um lán til að framhalda og fullkomna þær vjelar, sem þegar eru komnar í gang. Þær 500 kr., sem honum hafa verið veittar við 2. umræðu sem styrkur, ber að álíta sem viðurkenning fyrir það, sem hann er búinn að gera; en hjer er aptur farið fram á, að veita honum lán til þess, sem hann ætlar að gera. Ef h. framsögumaður (H. Kr. Fr.) er búin að gleyma því, sem jeg sagði um daginn, þá skal jeg taka það upp aptur. Maðurinn er búinn að setja þessar vjelar í gang, og þær geta unnið ómetanlegt gagn, ef hann getur haldið þeim áfram, og hann ekki þrýtur fje til þess. Þessi maður hafði mann til kennslu í vetur, og hann býðst til að kenna hverjum sem vill, með svo vægum kjörum, sem hann geti. Vilji deildin gefa atkvæði sitt fyrir þessu láni, þá er það til þess, að hann geti haldið áfram þessum framkvæmdum sínum og fullkomnað vjelar sínar.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það er illt, að h. þm. S.-Þing. (J. S.) skuli vera svo óánægður með deildina og líklega að síðustu með allt þingið. Það

er satt, að bænarskrám til þingsins er alltaf að fjölga, og það er sannarlega ekki ástæða til að taka þær allar til greina. Nefndin valdi þær úr, sem henni virtist mest ástæða til að taka til greina; en það getur vel verið, að hún hafi tekið of margar af þeim til greina. En úr því ástandið er svo illt, eins og það er, þá er ekki vert að berjast fyrir því, að minnka tekjurnar og leggja meiri gjöld á, en þörf er á. Jeg játa, að það þurfi að fara varlega í þessu harðæri; en mjer finnst h. þm. (J. S.) ekki sjálfur vilja fara svo sjerlega varlega, eða vera sjálfum sjer samkvæmur í ræðu sinni um daginn og tillögum sínum nú. Hann setti mikið út á 16. gr.; en hann vildi þó láta þau útgjöld standa, og lofaði bæði nefndina og deildina fyrir að hafa tekið þau, sem mjer fyrir mitt leyti finnst að mætti bíða, svo sem t. d. 16. gr. 1. tölul. *a.* og *b.*, og hann vildi jafnvel hækka þessa fjárveitingu. Nú vill hann bæta við þessi útgjöld 2500 kr., sem hann vill veita að láni móti afborgun og vöxtum með 6 % í 28 ár, sem er kölluð mikil ívilnun. Hann sagðist vilja fallast á báðar uppástungurnar viðvíkjandi bókaverðinum; þarna eru nú komnar 3700 kr. Þar virðist hann ekki fylgja þeirri gullvægu reglu, sem hann setur deildinni. Þær 500 kr., sem veittar eru til Magnúsar Þórarinssonar, eru ekki veittar fyrir það, sem hann er búinn að gera, heldur til þess að fullkomna vjelar sínar, eins og hann sótti um. Hann vildi kalla þær verðlaun; jeg get ekki skoðað þær svo. Ef nú þetta er svo ábatasamt, sem mjer skilst að h. þm. S.-Þing. (J. S.) hafi viljað telja deildinni trú um, þá finnst mjer, að það liggi beinast við, að sýslan taki þetta fyrirtæki að sjer; hún mundi svo, hvort sem er, hafa mest gagn af því, úr því að það á að vera slík efling atvinnuveganna; en það er að eins efling atvinnuveganna í Þingeyjarsýslu. Mjer finnst það lítil meðmæli, þótt maður þessi bjóðist til að kenna öðrum með svo vægum kjörum, sem hann geti; því að hver eru þessi vægu kjör? Hjer er engin skylda lögð á hann, hvernig þau eigi að vera; hann getur sett þau eins og hann vill eptir sem áður, og sagt: jeg get eigi verið vægari.

Þá talaði þm. (J. S.) nokkuð um kirkjurnar. Að því er snertir Stykkishólmskirkju, þá tók jeg það fram áðan, að nefndin hefði fallizt á, að veita henni sömu ívilnun eins og Lundabrekkukirkju. Þegar til Reykjavíkurkirkju kemur, hvað er hjer þá farið fram á, annað en að frelsa kirkjuna frá að hrörna um of í þessi 2 ár? Það er að eins að gefa umboðsvaldinu leyfi til að halda kirkjuni við. Þótt þm. S.-Þing. (J. S.) efist um, að landssjóður sje skyldur til að kosta Reykjavíkurkirkju, þá er það nú faktiskt svo, að hann er skyldur að leggja til það, sem hún nauðsynlega þarf með, meðan hann er ekki búinn að koma kirkjunni af sjer. Eigendur bændakirknanna eru skyldir til að halda kirkjum sínum við, hvort sem tekjur þeirra hrökkva fyrir gjöldunum eða ekki, og eins er hjer með landssjóð. Að Reykjavíkursöfnuðurinn sje skyldur að kosta hana, getur ekki verið að tala um nú sem stendur; en það getur verið, að landshöfðingja takist að semja svo við Reykjavíkursöfnuð, að hann taki að sjer kirkjuna framvegis fyrir fullt og allt. Fyr er ekki að tala um, að söfnuðurinn sje skyldur til að kosta kirkjuna að nokkru.

Að því er snertir styrkinn til eflingar búnaði, þá finnst mjer ekki rjett, að útiloka landshöfðingja frá öllu valdi yfir honum. H. þm. S.-Þing. (J. S.) vildi taka skólann í Ólafsdal upp á fjárlögin; en þótt það væri nú gert, og Safarmýri með, sem h. landshöfðingi einnig nefndi, væri einnig tekin upp þar, þá getur ýmislegt komið fyrir, sem nauðsynlegt væri að gera, en sem yrði ógert, af því eigi væri auðið að styrkja fyrirtækið, þar sem ekkert fje væri fyrir hendi. Mjer finnst því ekki ráðlegt, að láta sýslunefndirnar fá allt fjeð til umráða.

Að því er snertir það, sem talað var um Hvaleyrartjörn, þá hefir víst hvorki nefndin, deildin eða yfir höfuð neinn hjer sjeð nokkurn uppdrátt yfir, hvernig skipakvíin

ætti að vera; og þótt nú einhver uppdráttur væri til, er þá víst, að hann sje svo áreiðanlegur, sem þörf er á? Jeg hef reyndar heyrt getið um einhvern uppdrátt, en hann er víst mjög lítilfjörlegur. Auk þess liggur hjer engin uppástunga fyrir um kostnaðinn. (*Þór. Böðv.:* Jú, 4000 kr.). Ef svo er, frá hverjum er þá þessi áætlun? Er hún frá nokkrum, sem hefir vit á þess konar? Þótt h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) geri slíka áætlun, þá held jeg að hann hafi ekki svo fullkomlega vit á að gera áætlun um slíkt, að vjer getum reitt oss á hana. Jeg held, að það liggi ekki heldur meiri skylda á landssjóðnum um þessa skipakví, en alstaðar annarstaðar á landinu. H. þm. (Þ. Böðv.) leiddi út af því, að deildin hefði samþykkt 100,000 kr. lán til þilskipakaupa, þá ályktun, að af því hún hefði samþykkt þetta, þá væri hún líka skyld til að styrkja að því, að koma upp skipakví. Jeg skil ekki þessa ályktun, að vegna þess, að þingið gerir vel, þá sje það skyldugt að gera betur. Ísfirðingar hafa skipakví, sem þeir nota enn í dag, og þurfa þó engan styrk til hennar. Þeir hafa líka sjálfir keypt sjer verkfæri til að draga skip sín upp á þurrt, og hafa engan styrk fengið til þess úr landssjóði, og eins geta aðrir gert.

Að því er snertir það, að veita fje til aukalæknis í Mýrdalnum, þá viðurkennir nefndin fyllilega, að þessa sje mikil þörf; en það hefir enga þýðingu nú sem stendur. meðan enginn læknir er til. En ef deildin vill setja þessa upphæð til málamynda, þá er það vel komið; nefndinni stendur þar alveg á sama; en jeg sje ekki, að það geti legið nein upphvatning í því, þegar enginn læknir verður til á fjárhagstímabilinu, því sá, sem er til, sækir ekki um læknishjerað upp á 900 kr., meðan annað er til upp á 1500 kr. Jeg get því ekki orðið samdóma h. landsh. um það, að nokkuð vinnist með því, að setja þessa upphæð inn á fjárlögin. Þótt það líka sje örðugt, að ná til læknis í Mýrdalnum, þá er það eins erfitt í Dalasýslu; það er opt tveggja daga leið fyrir lausríðandi mann, að ná í lækni í Stykkishólmi. En það verður að vera læknislaust á þessum stöðum, af því enginn er til, og þótt launin væru sett 1200 kr., þá sækti enginn að heldur. Jeg álít, að það sje fyllsta nauðsyn á að fjölga læknahjeruðunum, enda kom það í ljós hjá flestum, sem töluðu um læknafjölgunarfrv. hjer í gær, að þeir voru á sömu skoðun; en það frv. var fellt, af því það þótti tilgangslaust að fjölga læknahjeruðunum, meðan enginn læknirinn er til og ekki von á neinum í næstu framtíð.

Eiríkur Kúld: Jeg skal eigi vera langorður í þetta sinn, en ætla að eins að lýsa því yfir, að jeg er þakklátur hæstv. landshöfðingja og h. fjárlaganefnd fyrir þær undirtektir, sem breytingaratkvæðið nr. 333 hefir fengið hjá þeim. Það er viðvíkjandi Stykkishólmskirkju, að sýna henni þá litlu ívilnun, að veita henni frest fyrir fjárhagstímabilið, á að greiða afborgun af skuld hennar til landssjóðs; — litlu ívilnun, segi jeg, í samanburði við Reykjavíkurdómkirkju, sem alveg er gefið upp vextir og afborganir af láni hennar fyrir fjárhagstímabilið, og líka í samanburði við Lundarbrekkukirkju, sem veittur er frestur bæði á vöxtum og afborgunum fyrir fjárhagstímabilið. H. framsögumaður (H. Kr. Fr.) taldi eptirgjöf vaxta og afborgana Reykjavíkurdómkirkju nauðsynlega, af því, að það væri til að verja hana hrörnun. Jeg get eigi skilið í þeirri ástæðu, bæði af því, að kirkjan er nýbyggð, og af því, að hún hafði árið 1883 í tekjur 2147 kr. 28 au., og þarf hún því varla að brúka þetta fje til að verjast hrörnun, sjálf nýbyggð, þótt henni sje veitt það. Jeg vil að sönnu, að Reykjavíkurdómkirkja, sem hin fyrsta kirkja landsins, sje sem skrautlegust og mest prýdd; en skil eigi í, að hún hafi þessarar uppgjafar þörf.

En jeg er líka þakklátur fjárlaganefndinni fyrir það, að hún er hlynnt breytingartillögunni nr. 339 um að hækka styrkinn til bókasafnanna á Akureyri og Stykkis-

hólmi, og er glaður yfir því, að hún hefir komizt til viðurkenningar um, að bókasafnið í Stykkishólmi er bæði vel og mikið notað.

H. framsögumaður (H. Kr. Fr.) talaði mörgum orðum um viðaukatillöguna nr. 317 um styrkinn til skipakvíarinnar í Hvaleyrartjörn, og þótt h. framsögumaður væri mikillega á móti honum, gef jeg honum eindregið atkvæði mitt. *(H. K. Fr.:* Það er slæmt!). Jeg ætla þó eigi að breyta þeim ásetningi mínum. Hann sagði, að hægt væri að setja skip á vetrum upp á Gufunesi; en þótt Hafnfirðingum sje vísað þar til skipalegu, þá er það skökk skoðun. Þegar skip eru sett upp, fylgja þeim jafnan ýmsir munir og áhöld, sem þarf hús fyrir. Til þess að skip gætu legið í Gufunesi, þyrfti því að byggja þar hús, og yrði það allmikill kostnaðarauki fyrir Hafnfirðinga, þar sem þeir hins vegar hafa nóg hús í Hafnarfirði fyrir áhöld skipa sinna. Ef hlynnt væri vel að skipakvínni í Hvaleyrartjörn, er jeg viss um, að fleiri skip gætu fengið þar legu, og álít því fyrirtæki þetta þarflegt og nauðsynlegt.—

Jeg ætla því næst að leyfa mjer að gera litla athugasemd við það, sem h. þm. V.Skaptf. (O. P.) sagði. Jeg er að vísu ókunnugri austur í Dyrhólahreppnum en hann; en jeg er langt um kunnugri í Dalasýslu en hann. Jeg skal alls eigi bera brigður á nauðsyn á lækni í Dyrhólahrepp og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum, og gef því atkvæði mitt, þótt þýðingarlaust sje að veita fje til læknis þangað nú, þegar enginn læknir er til að fara þangað; en það gæti verið til uppörfunar stúdentum, að ganga fleiri á læknaskólann, ef þeir sæju, að embætti væri þar til. Viðvíkjandi því, að hann ætlaði, að hægra væri að leita læknis úr Dalasýslu, til læknisins í Stykkishólmi, en úr Dyrhólahrepp og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum, þá skal jeg láta það ósagt; og getur verið, að hægra sje að leita læknisins í Stykkishólmi úr Dalasýslu; en það er aptur eigi víst, þegar menn koma t. d. austast úr Dalasýslu og ætla að leita læknisins í Stykkishólmi, að hann sje heima, þar eð hann hefir örðuga og yfirferðamikla sýslu, t. d. allt í kring um Jökulinn. Læknirinn kynni að vera út í Ólafsvík eða einhversstaðar annarsstaðar, þegar maður kæmi og ætlaði að finna hann. Það er því áhætta að leggja upp til að leita hans úr Dalasýslunni, ofan á örðugleikana.

Jeg gæti að vissu leyti horfið frá viðaukatill. nr. 319, um styrkinn til Jóns Árnasonar, ef hún væri öðruvísi orðuð, ef t. d. »þó« væri í staðinn fyrir »ef«.

Jeg hefi heyrt, að viðaukatillaga h. þm. S.-Þing. (J. S.) um styrk til Magnúsar Þórarinssonar hefir eigi fengið góðar undirtektir hjá h. framsögum. (H. Kr. Fr.), og hefir helzta ástæðan verið hjá honum á móti styrknum, að sýslan ætti að styrkja manninn. Jeg hefði getað skilið þessa ástæðu, ef hún hefði komið frá öðrum en honum; en það er einmitt ástæðan, sem hann berst á móti, þegar hann spornar móti því, að söfnuður Reykjavíkur kosti að nokkru kirkju sína. Mjer finnst mjög eðlilegt, að landssjóður styrki þennan mann, því að landið allt hefir gagn af vinnu hans, með því að hún breiðist út, eins og þegar er raun á orðin, þegar einn lærisveinn frá honum er þegar kominn til Ísafjarðarsýslu og mun að líkindum útbreiða tóvinnuaðferðina þar. En enn þá er ein ástæða til að styrkja og nota þennan mann, og er hún sú, að ullin, helzta afurð landsins, er nú í lágu verði, og er því hvöt til að nota hana og vinna sem mest og bezt í landinu sjálfu, og betur en að undanförnu, þegar hún var í hærra verði. Jeg gef því atkvæði mitt fyrir viðaukatill., sem miðar til að styrkja þennan mann. Jeg ætla svo eigi að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu.

Jón Jónsson: Jeg ætla að eins að minnast á styrkinn til aukalæknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum. Mjer þótti vænt um, að heyra undirtektir hæstv. landshöfðingja í því efni, og vona, að h. þingd. fallist á þá fjárveitingu. Jeg viðurkenni, að það er fyllsta þörf á læknum víða, þar sem þeir eru ekki, og fyrst að álitin var þörf á aukalækni

í Dalasýslu, þá er eigi síður þörf á lækni í Mýrdal og Eyjafjallasveit, því að það eru víst 4 dagleiðir frá Kirkjubæ í Rangárvallasýslu að Geirlandi í Skaptafellssýslu, og mun hvergi á landinu vera svo langt á milli lækna, þar sem hin nýja læknaskipun er komin í kring.

Hvað snertir styrkinn til búnaðarskólanna, þá kannast jeg við, að eitthvað hefði átt að veita Ólafsdalsskólanum líka; en úr því að það er eigi gert, þá ætla jeg eigi að halda fram breytingartill. við 10. gr. C. 4.

Jeg er meðmæltur lánveitingunni til Magnúsar Þórarinssonar,með þeim kostum, sem nú er farið fram á, því að mjer þykir vert að styrkja allt það, sem miðar til verklegra framfara.

Th. Thorsteinson: Af því, að það hefir verið vitnað til okkar frá Ísafjarðarsýslu með tóvinnuna, sem maður þaðar hefir lært hjá Magnúsi Þórarinssyni, þá get jeg, eptir skýrslum, sem jeg hefi fengið um tóvinnuvjelina, eigi sjeð ástæðu til að veita Magnúsi styrkinn. Jeg veit, að þetta er, eptir áliti lærisveins Magnúsar sjálfs, ætlaður góður atvinnuvegur, og í Ísafjarðarsýslu fengust margir áskrifendur í tóvinnufjelagið, í þeirri von, að það mundi borga sig. Jeg vil sem bezt styðja atvinnuvegi landsins; en sje eigi ástæðu til að veita þennan styrk.

H. framsögumaður (H. Kr. Fr.) gat um breyt.till. fjárlaganefndarinnar við 16. gr. 1. a, um að færa borgunina til kennara Þ. Thoroddsen fyrir kostnað við jarðfræðisrannsóknir niður úr 2000 kr. í 1600 kr., og gat eptir orðum hans skilizt svo, sem öll nefndin hafi verið því samþykk; en það var eigi svo; jeg sá eigi ástæðu til breytingarinnar. Vjer vitum allir, sem ferðazt höfum hjer um landið, að það er mjög dýrt, og ferðareikningur sá, sem h. þm. Mýr. (E. E.) kom með um daginn, held jeg varla geti staðizt. Menn verða einnig að taka tillit til, hvar ferðast er, hvort það er í byggðum eða óbyggðum; Thoroddsen þarf að ferðast í óbyggðum, og er það miklu erfiðara og kostnaðarsamara en í byggð. H. þingd. hefir í einu hljóði veitt útlendum fiskifræðing 3,500 kr. til að ferðast hjer um að sumri og álitið þá upphæð eigi of háa, og það skal jeg viljugur játa, að sje rjett skoðun, og skyldi enda hafa gefið atkvæði fyrir hærri upphæð, þó farið hefði verið fram á það; en hann á þó að ferðast í óbyggðum, sem er miklu ódýrra. Jeg skil því eigi í, hvers vegna menn vilja færa niður ferðakostnað Thoroddsens, nema ef það skyldi vera af því, að Íslendingur, landi vor, á í hlut, og álít jeg það eigi góða ástæðu. Það væri nefnilega eigi sómasamlegt, að fara ver með landsins eigin sonu, en með framandi; en því ver hættir mönnum opt við því; en af því þetta er mótfallið mínum hugsunarhætti, vil jeg helzt, að upphæðin 2000 kr. standi, sem h. þingd. hefir samþykkt við 2. umr., með því líka að Þorv. Thoroddsen með ferðum sínum og rannsóknum hefir gert, að land vort er meira kunnugt hjá erlendum menntuðum mönnum; og þar sem lýsingar hans á landsbyggingunni koma út í erlendum blöðum og eru þar mikils metnar, getur maður með sanni sagt, að hann er landi voru til sóma.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal fyrst leyfa mjer að minnast á viðaukatill. 333 við 4. gr., um að veita Stykkishólmskirkju frest á afborgun af skuld hennar við landssjóð. Þeirri viðaukatill. gef jeg atkvæði mitt, af því að jeg veit, að kirkjan hafir þörf á frestinum, og af því ekki er farið fram á, að hún skuli vera laus við vaxtagreiðslu; en það er aptur á móti gert við Lundarbrekkukirkju. Jeg veit, að efnahagur Stykkishólmskirkju er litlu betri en Lundarbrekkukirkju.

Síðan ætla jeg að minnast á breyt.till. við 10. gr. 4, um styrkinn til búnaðarskólanna. Það er till. 321 í sambandi við till. 337. Jeg gef þeirri breyt.till. atkvæði mitt, þótt jeg sje á því, að jöfnuðurinn sje jafnan beztur. Jeg hygg, að Hólaskóli hafi haft fleiri lærisveina en Eyðaskóli, og

að von er á 10 lærisveinum þangað næsta ár. Jeg veit að vísu eigi nákvæmlega um Eyðaskólann; en hitt veit jeg, að færri sækja þann skóla. Þessu í breyt.till. er jeg samþykkur; en því, sem þar fer á eptir: »Hinu úthlutar landshöfðingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, en að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða«, er jeg ekki samþykkur, af þeirri ástæðu, sem hefir verið tekin fram, að þá er ómögulegt, að veita styrk til Ólafsdalsskóla, sem þó er beztur bændaskóli hjer á landi, og heldur eigi til Safarmýrar.

Þá kem jeg að breytingartillögunni nr. 337 við 10. gr. C. 10., um að 2000 kr. bæði árin um fjárhagstímabilið til að gefa út »Lovsamling for Island« falli burt. Mjer finnst þessi breytingartill. vera vanhugsuð. Það eru komin út 17 bindi af verkinu og eru að eins 2 bindi eptir fram að tíma hins löggefanda alþingis. Þingið hefir veitt fje til útgáfu bókarinnar stöðugt frá 1875 mótmælalaust. Mjer finnst hægt þreyttum að þola hjeðan af, og það sje einungis sjálfsögð framhaldssemi eður samkvæmni af þinginu, að veita nú fje til þess, að hin vantandi bindi komi út. Mjer þykir undarlegt að sjá, að þeir menn, sem hafa barizt fyrir lagaskóla, skuli hafa skrifað nöfn sín undir þessa breytingartill., því að safnið hefir að geyma hin sjerstaklegu lög vor, tilskipanir, konungsbrjef og ýmsa konungsúrskurði, sem gott mundi að kynna sjer á lagaskólanum. Jeg vona, að broddur fylkingarinnar, sem ritað hefir undir till. (J. S.), vilji þó eigi fella námið í sjerstaklega íslenzkum lögum. Ennfremur, hvort sem maður er með lagaskóla eða ekki, þá er gott að eiga aðgang að íslenzkum lögum, svo eigi þurfi að fara í skjalasöfnin í Kaupmannahöfn til að leita þar að sjerstökum lögum Íslands.

Jeg er samþykkur viðaukatill. 318, um stofnun læknisembættis í Dýrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum. Því þó eigi sjeu nú líkindi til, að læknir fáist þangað, getur læknir komið utanlands frá von bráðara, eða þá síðara fjárhagsárið hjeðan frá læknaskólanum. Vjer vitum, að 1883 var veittur styrkur til þriggja aukalækna: á Akranesi, Seyðisfirði og í Dalasýslu, án þess þingið hefði þá nokkra vissu fyrir, að nokkurt þeirra embætta yrðu skipuð. Úr því þetta var veitt, þá finnst mjer eigi meiri áhætta fyrir þingið nú að veita þennan styrk til eins aukalæknis, enda er aukalæknir þar mjög svo nauðsynlegur.

Þá kem jeg að 13. gr. C. 1. a, um laun bókavarðar landsbókasafnsins. Jeg fellst alveg á till. fjárlaganefndarinnar, að bæta við hinn núverandi bókavörð 200 kr., sem sje fyrir sjálfan hann; en aptur á móti verð jeg að vera á móti viðaukatill. nr. 319 við 15. gr., sem er sú, að stúdenti Jóni Árnasyni sjeu veittar 1200 kr. »ef hann skyldi hætta við bókavarðarstörf við landsbókasafnið«. Jeg ímynda mjer, að sú viðaukatill. sje komin fram af því, að Jón er maður fátækur og því eigi gustuk að láta hann vera styrklausan, ef hann skyldi eigi geta stundað starf sitt; en jeg held, að engin hætta sje á, að hann verði svo veikur og svo mjög lasburða, að hann verði að leggja bókvarðarstörfin niður; því að þau eru mjög hægt verk, einkum þegar líka bætist þar við, að hann er í samvinnu við aðstoðarmann, sem veittar eru 500 kr. í því skyni. Jeg held líka, að hversu veikur sem bókavörðurinn verða kynni, þá gæti hann bætt af sínum launum svo sem 200 kr. við aðstoðarmanninn, og haldið svo stöðu sinni. Jeg væri fús á að samþykkja þessa viðaukatill., ef um mjög örðuga sýslan væri að ræða; en hún er lítil og hæg. Eins er óviðkunnanlegt, að samþykkja hana eins og hún er orðuð: »ef hann skyldi hætta við bókavarðarstörfin«.

Það gladdi mig og mun gleðja alla þá, sem búa kringum bókasafnið á Akureyri, að heyra hinar góðu undirtektir h. fjárlaganefndur undir það, að láta það halda styrknum. Jeg þakka nefndinni kærlega fyrir þessa sanngirni, og orðlengi svo eigi meira um það.

Þá kem jeg að 13. gr. C. 3., um Bókmentafjelagsstyrkinn. Við þann lið eru

tvær breytingartill., nr 341 og nr 342. Önnur (nr 341) er frá fjálaganefndinni, um að auka styrkinn til Bókmentafjelagsins um 500 kr. eða upp í 1500 kr. Þessi upphækkun er komin af því, að forseti Bókmentafjelagsdeildarinnar hjer áleit eigi hægt sakir fjárskorts að gefa út Sýslumannaæfirnar, nema vísa frá öðrum nytsömum bókum, svo sem Tímaritinu; en þar eð nú forseti bar ekkert annað í vænginn en fjeleysi, og nefndin hefir bætt úr því, þá er engin ástæða til að samþykkja breytingartill. nr 342, um að orðin: »til að gefa út Sýslumannaæfir o. fl.« falli niður, ef því er líka bætt við, að hjer er og um það að gera, að haldinn sje gerður samningur og góð og nytsöm bók gefin út. Þegar nú nóg fje er fyrir hendi, er engin ástæða til að fella orðin úr, því tilgangurinn með því væri enginn annar en sá, að reisa skorður við því, að Sýslumannaæfirnar komi út; en slíkt væri fásinna, sökum nytsemi bókarinnar. Enginn hygg jeg óski, að byrjað sje á góðu og nytsömu verki, en eigi haldið áfram með það, og að höfundur þess sje þannig gabbaður. H. deild hlýtur að sjá þetta, og samþykkja því fyrri breytingartill., en fella hina síðari.

Þá er viðaukatill. við 13. gr. C. 5., að þar bætist inn í ný lína: og til kostnaðar við útvegun forngripa 100 kr. H. framsögumaður (H. Kr. Fr.) gat þess, að hann gæti eigi verið tillögu þessari samþykkur, og færði til, að það væri ónauðsynlegt sökum þess, að forstöðumaður Forngripasafnsins fengi ferðastyrk hjá Fornleifafjelaginu og þyrfti því eigi þessa styrks við. En við þetta er fyrst að athuga, að Fornleifafjelagið er fátækt fjelag, og getur eigi styrkt hann til allra ferða. Nú er t. a. m. nýbúið að rífa Hítardalskirkju og eru þar ýmsir merkilegir forngripir, því forngripir eru eigi merkilegir einungis af því, að þeir sjeu dýrmætir í sjálfu sjer, svo sem gripir úr gulli, silfri o. fl., heldur af því, að þeir sýna menntunarstig þjóðanna á þeim tíma, er þeir voru búnir til og notaðir. Sama er með bækur, t. d. gamlar guðsorðabækur, að þær eru merkilegar og í miklu verði, eigi af því, að þær sjeu allar svo góðar í sjálfu sjer, heldur af hinu, að þær sýna hugsunarhátt og andlegt menntastig þjóðarinnar á þeim tíma, er þær voru gerðar. Hversu dýr mundi hin fyrsta bók, sem gefin var út hjer á landi, á Breiðabólstöðum, vera, ef hún væri nú til? Hví er Guðbrandsbiblía keypt jafnvel fyrir allt að 500 kr. á Englandi? Eigi af því, að hún sje bezta útlegging biblíunnar, heldur af því, að hún sýnir menntunarstig vort bæði í prentlistinni og útskurðum mynda o. s. frv.

En svo jeg víki nú aptur að Hítardalskirkju, þá hefir forstöðumaður Forngripasafnsins beðið fyrir, að geyma hlutina þar. Nú verður hann að fara og tína þá merkilegustu úr, og sjá um, að flytja þá hingað á Forngripasafnið, eða láta einhvern, sem eigi hefir vit á, taka þá alla, og búa um þá suður hingað; en hætt er við, ef það er illa gjört, að hlutirnir kunni að skemmast á leiðinni. Því er nauðsynlegt, að hann fái þessa litlu þóknun til að fara þangað sjálfur. Fornleifafjelagið getur eigi styrkt hann til þess, því að það hefir engan hag af því, að senda hann til ýmsra forngripakaupa, svo sem skinnbóka, mylna o. fl. Forstöðumaðurinn, Sigurður Vigfússon, er sannarlega allrar góðrar viðurkenningar verður, því að hann er höfundur Forngripasafnsins (*H. Kr. Fr.*: Nei!)—jú, svo má það heita, þegar litið er á safnið, svo sem það er nú—og hann lifir fyrir það með lífi og sál, og allir hljótum vjer að votta, að ef allir sýndu slíkan áhuga á verki sínu, sem hann á sínu, þá væri sannarlega vel staðið í stöðu sinni. Jeg vonast því eptir, að h. þingd. veiti honum styrk þenna sem litla viðurkenningu.

Þá er breytingartill. við 16. gr. 1. a., um styrkinn til kennara Þ. Thoroddsen, að hann sje færður niður í 1600 kr. Jeg uni vel við, að hann standi eins og hann er; en breytingartill. finnst mjer þó eigi fjarri sanni.

Svo kem jeg loksins til hins margumrædda 10. töluliðs 16. gr., um lagasafnið handa alþýðu, og breytingartill. nr. 329

um að fella liðinn burtu. Furðar mig enn stórlega á því, að sú tillaga skuli koma frá þeim mönnum, sem unna svo mjög lagakennslu í lagaskóla. Þar stendur h. þm. S.-Þing. (J. S.) síðastur, og má sjá á því, að hann hefir verið tregur í spori, þar hann gætir nú bakvarðarins á »þjóðliðinu«, en broddur fylkingarinnar er h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og og næstur er h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.), framsögumaðurinn sjálfur í stjórnarbótarmálinu og lagaskólamálinu. Mjer hefir verið brugðið um ósamkvæmni, og má því ef til vill játa, að jeg sjái eigi glöggt, hvað samkvæmni er; enda er það mála sannast, að það þarf miklu meira höfuð en mitt höfuð er, til þess að sjá samkvæmnina í því, að vilja eigi gefa út safn íslenzkra laga, en vilja þó kennslu íslenzkra laga á lagaskóla, og að vilja eigi, að lögfræði sje stunduð erlendis, en jafnframt, að engin lagabók sje gefin út hjer á íslenzku. Þetta tvennt get jeg ómögulega skilið, en hitt skil jeg vel, að h. 2. þm. S.-Múl. (J.Ó.) vilji eigi, að lagasafn sje útgefið undir nafni yfirdómara M. Stephensens *(J. S.:* Þjóðólfur!). Vel á minnzt. Í Þjóðólfi er sagt, að lagasafn h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sje stórt safn; en nú hefi jeg sjeð það hjer á lestrarsalnum, og furðar á, hvað það er smátt vexti, og þó fjekk h. þm. styrk til að gefa það út. *(J. Ó.:* Jeg hef engan styrk fengið). Jú, styrkinn fjekk hann sjer veittan, en hitt er annað mál, hvort þm. hefir unnið svo fyrir honum, að hann fengi sjer greiddan styrkinn. Styrksbeiðendur geta eigi heimtað meira en að þeim sje veittur styrkur, en hvort þeir nota hann, það er á sjálfra þeirra valdi. Jeg játa samt, að þó lagasafnið á lestrarsalnum sje lítið, getur það verið gott; en hjer er annar hængur á: að þetta lagasafn er eingöngu ætlað »Þjóðfrelsismönnum«. *(J. Ól.:* Nei!). Jú, enginn maður annar fær þennan kjörgrip keyptan »fyrst um sinn«; þetta stendur að lesa í Þjóðólfi, og verð jeg að trúa honum betur en öllum öðrum. Jeg þykist vita, að upplagið sje eigi svo stórt að nokkuð sje afgangs handa öðrum. *(J. Ó.:* 1500). Það kalla jeg eigi mikið, einkum ef »Þjóðliðsmennirnir« koma í kortið með, sem nú eru allar horfur á, að verða muni, þar sem »Þjóðfrelsis-foringinn« er hjer í broddi fylkingar, en »Þjóðliðs«-forsprakkinn rekur lestina; má því nærri geta, að herdeildirnar muni sameinast. En h. foringjar verða að fyrirgefa mjer, að jeg hugsa um fleiri menn en »Þjóðfrelsisfjelaga« og »Þjóðlið«, og vil því halda töluliðnum, en fallast á tillögu fjárlaganefndarinnar, að bætt sje inn í orðunum: »gegn því að bókin verði seld með vægu verði«, með því að þessi orð eru einmitt orð sjálfra beiðendanna.

Jeg vil eigi minnast á Magnús eða skipakvína; jeg er eigi svo kunnugur, að jeg geti borið um, hvað nauðsynleg skipakvíin er; en svo er jeg kunnugur, að jeg get sagt, að Eyfirðingar eiga um 35 þilskip, en hafa aldrei beðið um styrk til skipakvíar nje heldur skipsábyrgðarsjóðs; en jeg játa, að það er annað hljóð í strokknum hjer sunnanlands en norðanlands.

Atkvæðagreiðsla:

4. gr.

Breyt.till. nr. 329, við 4. gr. (um skuld Rvíkurkirkju) felld með 13 atkv. gegn 7.

Breyt.till. nr. 333, við 4. gr. (um Stykkishólmskirkju) samþykkt með 19 atkv.

Viðbótin nr. 322, við 4. gr.: »á ári«, samþykkt með 18 atkv.

10. gr.

Breyt.till. nr. 331, við 10. gr. C. 4. (um búnaðarskólana) var samþykkt með 17 atkv. Þar með var breyt.till. nr. 337, við sama tölul. sömu greinar, fallin.

Breyt.till. nr. 337, við 10. C. 10. (um að gefa ekki út »Lovsamling for Island«), var felld með 12 atkv. gegn 11, að við höfðu nafnakalli, og sögðu *já:* Eiríkur Kúld, Benidikt Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefansson, Gunnl. E. Briem, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Pálsson, Þórarinn Böðvarsson og Þorv. Kjerulf.

11. gr.

Breyt.till. nr. 322, við 11. gr. 1. tölul., var felld, með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* Eiríkur Kúld, Benidikt Sveinsson, E. Egilsson,

Holger Clausen, Jón Ólafsson, Lárus Blöndal, Þórarinn Böðvarsson, Þórður Magnússon, Th. Thorsteinson og Þorv. Kjerulf.

Arnljótur Ólafsson var eigi viðstaddur.

Viðaukatill. nr. 318, við 2. tölul. 11. greinar, var samþykkt með 15. samhljóða atkv.

13. gr.

Breyt.till. nr. 332, við 13. gr. C. 1. tölul. a. samþykkt með 15 atkv.

Breyt.till. nr. 339, við 13. gr. C. 2. tölul. samþykkt með 17 atkv.

Breyt.till. nr. 341, við 13. gr. C. 3. tölul. samþykkt með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* Eiríkur Kúld, H. Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Benidikt Sveinsson, Fr. Stefánsson, Jón Jónson, Jón Ólafsson, Lárus Blöndal, Tr. Gunnarsson, Þork. Bjarnason, Þorst. Jónsson og Þorvarður Kjerulf.

Breyt.till. nr. 342, við 13. gr. C. 3. tölul. (um »Sýslumannaæfir«), var felld með 13 : 7 atkv.

Breyt.till. 338 við 13. gr. C. 5 a. felld með 12 : 9 atkv.

Viðaukatillaga 319 við 15. grein felld með 13 : 7 atkvæðum.

16. grein.

Breytingartillaga 332 við 16. gr. 1. a var felld með 15 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingmanna, og sögðu *já:* Eir. Kúld, H. Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Friðrik Stefánsson, Holger Clausen, Jón Ólafsson, Þorl. Guðmundsson, Þorst. Jónsson.

Brt. 329 við 16. gr. 10. tölul. var felld með 14: 6 atkv.

Brt. 332 við 16. gr. 10. tölulið samþ. með 18 : 1 atkv. Brt. 332 við 16. gr. 13. tölul. samþ. með 20 atkv.

Viðaukatillaga 317 við 16. gr. 16. tölul. felld með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* Benidikt Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, Holg. Clausen, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Magnús Andrjesson, Þór. Böðvarsson, Þork. Bjarnason.

Gunnl. E. Briem greiddi eigi atkv. og var því talinn með meiri hlutanum.

E. Kúld og Lárus Blöndal voru eigi viðstaddir.

Breyt.till. 337, viðbót við 16. tölul. 16. gr., um M. Þórarinsson, var felld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* Eiríkur Kúld, B. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, M. Andrjesson, Ól. Pálsson, Þór. Böðv., Þ. Magnússon.

Arnljótur Ólafsson greiddi eigi atkv.

Frumvarpið í heild sinni var samþykkt í einu hljóði og verður sent efri deild.

— Forseti frestaði því næst fundi til kl. 5 e. m.

— Kl. 5 e. m. var fundinum haldið áfram.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1882 og 1883 (C. 81, nefndarálit 316); 2. umr.

Framsögumaður (Gunnl. E. Briem): Þetta nefndarálit hefir legið hjer í deildinni í nokkra daga, og vona jeg menn hafi sett sig svo inn í það, að það verði greitt aðgöngu. Nefndin hefir haft fyrir augum, að hafa það svo ljóst, að ekki þurfi miklar útskýringar, en ef þm. skyldi æskja upplýsingar um sjerstakar greinir, þá er jeg fús á að gefa þær, að svo miklu leyti sem mjer er unnt; en að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til, að hafa framsögu í hverri einstakri grein, og ætla því að bíða átekta.

Landshöfðingi: Mjer virðist, eins og h. framsögum. sagði, nefndin hafa gert skýra grein fyrir tillögum sínum. Nefndarálitið hefir ekki gefið mjer tilefni til að koma fram með neinar breytingartillögur, og jeg finn heldur ekki ástæðu til að tala neitt móti tillögum nefndarinnar, Eins og þegar er tekið fram í nefndarálitinu, hafa í stjórnarfrv. tillögur endurskoðunarmannanna verði teknar til greina í flestu; og þar sem h. nefnd ekki hefir gert neinar breytingar á frv., eins og það liggur fyrir, hef jeg ekk-

ert að athuga við tillögur hennar; hún hefir að eins lagt til, að talið verði í 15. tekjulið innanstryks 42,610.97 í staðinn fyrir 42,616.13, og það fellst jeg á. Það, sem kemur fram nýtt, er það, að nefndin stingur upp á, að aptan við frv. sje bætt innstæðu viðlagasjóðsins, peningaforða landssjóðs og tekjueptirstöðvum landssjóðs 31. des. 1883; og þó að jeg hafi áður tekið fram, að þessi viðbót er ekki nauðsynleg, með því það er nóg, að þetta standi í landsreikningnum, eða fylgiskjölum við hann, þá geri jeg þó ekkert úr því, því það er að eins formspursmál. Jeg hefi reynt að bera upphæðirnar saman við landsreikningana, og hef ekki annað sjeð, en að þær sjeu rjett til færðar. Jeg sætti mig því við málið, eins og það liggur fyrir.

Framsögumaður (Gunnl. E. Briem): Jeg þakka hæstv. landsh. fyrir mína og nefndarinnar hönd fyrir það, hve vel hann hefir tekið í málið. Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að eptirstöðvar af hinum einstöku tekjugreinum við árslok 1883 eru í athugasemdunum við stjórnarfrv. 104,011.81 kr.; en nefndin leggur til að draga frá hinar gömlu eptirstöðvar af umboðstekjunum, 221.18 kr., og nefndinni datt í hug, að það nægði, ef deildin samþykkti tekjueptirstöðvaupphæðina, eins og hún hefir sett hana. En ef einhverjum eigi finnst það nægilegt, og álíti nauðsynlegt, að gera það með sjerstakri tillögu, má breyta því við 3. umr. Jeg vildi benda á þetta, svo að mönnum væri það ljóst.

Forseti: Þessi upphæð 221.18 kr. er með lögum samþ. eign landssjóðsins.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að minnast á tillögu nefndarinnar undir 44. tölulið.

Nefndin leggur til, að samþykkt sje umframgreiðsla 1,215 kr. 37 a.; í þessari upphæð er innifalinn ferðastyrkur til hins núverandi landlæknis, sem þá var kandídat, og greptrunarkostnaður til fyrverandi bæjar- og landfógeta Stefáns Gunnlögsens, sem dó í Kaupmannahöfn. Jeg vil vekja athygli manna á því, að þegar greidd verða atkvæði um þennan tölulið, þá er um leið afgert um það, sem umræðurnar urðu um síðast, þegar rætt var um fjáraukalög 1882—83. Jeg vil að eins leyfa mjer að benda á þetta, svo að menn greiði ekki atkvæði í ógáti.

Atkvæðagr.: 1. breyt.till. nefndarinnar (C. 322) samþ. með 20 atkv.

Þá var tekjubálkurinn í frv. samþ. í einu hljóði. Gjaldabálkurinn samþ. með 22 atkv.

Síðan var 2. breyt.till. nefndarinnar (C. 323) samþykkt:

1. línan með 22 atkv.
2. — — 21 —
3. — — 22 —

Málinu vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Tillögur út af landsreikningnum 1882 og 1883 (nefndarálit C. 316); fyrri umræða.

Framsögumaður (Gunnl. E. Briem): Þótt tekið hafi verið fram, hvað í hinum almennu tillögum stendur, ætla jeg þó að skýra þær ofurlítið nákvæmar. Tekjueptirstöðvar landssjóðs við árslok 1883 eru óvanalega miklar, sjerstaklega í vissum hjeruðum, og einkum eru þær geigvænlegar að því er sýslutekjur snertir í Ísafjarðarsýslu, og að því er umboðin áhrærir í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði. Nefndin vildi því vekja athygli h. deildar á þessu, og leggja það til, að hún skoraði á landsstjórnina, að fyrirmælum reglugjörðar 13. febr. 1873 væri nákvæmlega fylgt. Að öðru leyti, viðvíkjandi drætti á útgáfu alþtíð. 1883, er nefndinni ekki vel kunnugt um samninga við prentara Einar Þórðarson, og gerði því þá almennu tillögu, að ef landsstjórnin kynni að eiga rjett á hendur honum, þá væri honum fram fylgt af landsstjórnarinnar hálfu. Ef þörf gerist, skal jeg gera nákvæmari grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki neitt að athuga móti hinum almennu tillögum h. nefndar. Það er eðlilegt, að landsstjórnin fylgi fram fyrirmælum reglugjörðar 13. febr. 1873 um innheimtu opinberra gjalda, og mun þess verða gætt.

Viðvíkjandi kröfunni á hendur E. Þórðars., er mjer eigi kunnugt um, hvernig samningar þeir hafa verið, sem gerðir voru af forsetum alþingis 1883, og hvort þeir samningar hafi verið vanhaldnir; en ef forsetar þingsins snúa sjer til landsstjórnarinnar í þessu efni, þá er sjálfsagt, að því mun verða sinnt.

Atkvæðagr.: Hinar almennu tillögur nefndarinnar (C. 322) voru samþ.:

hin fyrri með 21 atkv.

hin síðari með 17 atkv.

Síðan var málinu vísað til síðari umræðu með 22 atkv.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um, að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 329, breyt.till. 349); 2. umr.

Forseti las upp svo hljóðandi yfirlýsing samkvæmt 29. gr. þingskapanna:

»Út af breytingartill. þeirri (340) við frv. til stjórnarskipunarlaga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum, úr lögum (310), er h. flutningsm. (B. Sv.) hefir látið útbýta meðal h. þingmanna, skal jeg lýsa því yfir, sem nú segir: —

Þegar h. flutningsm. upphaflega ljet útbýta frv. því, sem nú er til umræðu, var fyrirsögn frv. orðuð eins og breytingartill. nú fer fram á, að hana skuli orða, þ. e. að skoða það sem einfalt lagafrv. Jeg gerði h. flutningsm. þá viðvart einslega, að með þeirri fyrirsögn mundi jeg, samkvæmt 20. gr. þingskapanna, vísa frv. frá, með því það eptir mínum skilningi og minni sannfæringu hefði í sjer fólgna breyting á stjórnarskránni (2. ákvörðun um stundar sakir, samanborinni við 3. gr. stjórnarskrárinnar). H. flutningsm. ljet þá að orðum mínum, og fyrirsögn frv. varð sú, sem hún nú er. En,— nú hefir h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.), milli 1. og 2. umr. málsins, leyft sjer að láta útbýta breytingartill. í þá stefnu, að koma fyrirsögn frv. í hið upphaflega horf, sem einmitt var því til fyrirstöðu, að frv. gæti komizt inn á þing, og vill nú leggja það undir atkvæði h. þingdeildar, hvernig orða skuli fyrirsögnina. En — þetta liggur, eptir ákvörðun hinnar tilvitnuðu gr. þingskapanna, ekki undir úrskurð h. þingd., heldur er það forseti einn, sem þessu á að ráða; neyðir h. flutningsm. mig því til, frá forsetastólnum að vísa tillögunni frá; kemur hún því ekki til umr., heldur að eins frv. sjálft, eins og það nú er orðað; enda mun jeg ekki bera breytingartillöguna undir atkvæði þingd. Eru því tilmæli mín til háttvirtra þingmanna, flutningsmanns og annara, að þeir í umræðunum um frv. leiði breytingartill., sem jeg hjer með legg á hylluna, alveg hjá sjer.

Jeg skal bæta því við, að ef jeg bæri breytingartill. undir atkvæði h. þingd., og hún samþykkti hana, svo að allt svo fyrirsögnin í frv. breyttist í þá stefnu, sem flutningsm. leggur til, þá yrði jeg þá þegar að vísa frv. sjálfu frá, og væru þessi úrslit málsins jafnóviðfeldin og ógeðfeld fyrir h. þingd. og fyrir forseta».

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg verð fyrst og fremst að taka það fram út af því, sem hinn háttvirti forseti sagði um breytingartillögu vor nokkurra þingmanna um fyrirsögnina á þessu frv., að það var alls ekki tilætlun mín, þegar jeg samdi breytingartillöguna, og afhenti hana á skrifstofu þingsins til prentunar, að henni yrði útbýtt meðal þingmanna, án þess að hún væri sýnd h. forseta. Jeg vona, að skrifstofustjóri þingsins geti borið mjer vitni um það, að það er ekki mjer að kenna, þótt svona hafi tekizt til, sem forseti segir, ef það annars hefir átt sjer stað. Hinn háttvirti forseti verður því að sakast um þetta við skrifstofustjórann, en ekki mig, og jeg verð þannig að frábiðja mjer allar útásetningar í þessu tilliti, og það vona jeg, að h. forseti nú hljóti að sjá, að jeg eigi fullkomna heimtingu á. Hvað málið að öðru leyti snertir, þá er jeg sjálfsagt neyddur til að beygja mig undir ályktun forseta, og skal jeg því ekki tala frekar um þessa breytingartillögu, sem jeg sje að ekki

tekin á dagskrá; en jafnframt vil jeg skýrskota til alls þess, sem jeg færði til við fyrstu umr. þessa máls til sönnunar því, að breytingartillaga þessi er alveg á rjettum rökum byggð, ómótmæltum og ómótmælanlegum rökum fyrir því, að hjer getur ekki verið um stjórnarskrárbreytingu að ræða; og enn skal jeg taka það fram, að þessi spurning heyrir undir úrslit deildarinnar í heild sinni.

Jeg skal að öðru leyti fara svo fáum orðum um þetta frv., sem jeg get. Jeg tók það fram við 1. umræðu, að frv. það til stjórnarskipunarlaga, sem h. deild nú hefir samþykkt, væri svo lagað, að eptir því sem 1. gr. er orðuð, þá hlyti þetta frv. að vera undanfari stjórnarskipunarlaganna. Jeg vil ekki taka aptur fram ástæðurnar fyrir því; þær leiða beint af sjálfu sjer og af ákvæðum 3. gr. stöðulaganna 2. jan. 1871. Við 1. umræðu þessa máls kom h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) með þá athugasemd, að þetta frv. gæti, sakir þessa sambands þeirra við stöðulögin, haft þá afleiðing, að ef ríkisþingið vildi ekki samþykkja það, þá gæti stjórnarskráin ekki náð staðfestingu, eins og 1. gr. hennar nú er orðuð. Þetta getur haft þýðing frá hans sjónarmiði, en ekki mínu; jeg geri sumsje ekki ráð fyrir, að frv. geti ekki náð samþykki ríkisþingsins. En samt sem áður, til þess að setja enga agnúa á málið, þá skal jeg vera fús á — og jeg vona, að nefndin sje það líka —, að taka upp í stjórnarskrána líka ákvörðun um stundarsakir og var í frv. 1883, að: »þangað til nýju skipulagi verður komið á æðsta dómstól landsins með lögum, sem alþingi og ríkisþing Dana samþykkir, er hæstirjettur í Danmörku æðsti dómstóll landsins samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt». Sje þetta ákvæði sett inn í ákvarðanir um stundarsakir, þá getur þessi hindrun ekki komið fram, sem þingmaðurinn óttast svo mjög; því við þessa ákvörðun kemur af sjálfu sjer sá skilningur inn í 1. gr. frv., sem nemur burtu alla hindrun fyrir staðfestingu. En þetta frv. er eigi að síður nauðsynlegt fyrir þessa tilslökun, til vonar og vara; því að, ef ekki kemur fram frv. í þessa átt frá alþingi Íslendinga, þá fær þessi ákvörðun um stundarsakir að standa um aldur og æfi; því að, þótt jeg sje viss um, að ríkisþingið samþykkti lög þau, sem hjeðan kæmu um, að af nema dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum, þá er jeg á hinn bóginn jafn óviss um, að það taki nokkurn tíma »initiativið» í þessu máli; það er ekki líklegt, að ríkisþingið geri meira en að gefa oss kost á dómsvaldinu; það er ekki líklegt, að það neyði því upp á oss, en það gerði það, ef það breytti stöðulögunum 3. gr., án nokkurrar hvatar frá vorri hálfu. Það má undrum sæta, það mega hrein fádæmi heita, skyldi þingið ekki vilja, að öll stjórn landsins yrði innlend, og það um fram allt einmitt dómsvaldið. Jeg get heldur ekki, sem sagt, skoðað fyrirvarann í 3. gr. stöðulaganna öðruvísi en sem loforð um afnám hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum. Þetta frv. er því ekki einungis nauðsynlegt til að koma stjórnarskipuninni í það horf, sem hún á að vera, heldur alveg sjálfsögð afleiðing af stjórnarskrárbreytingunni. Þegar konungur afsalaði sjer einveldinu, þá hvarf dómsvaldið de jure til Íslendinga í þeirra málum, en faktiskt hefir það verið og er hjá hæstarjetti. Það er því eðlilegt, að stöðulögin gefi bendingu um það, að það skuli hverfa til Íslendinga, þegar eðlilegur tími sje til þess kominn, og nú, einmitt nú, er sá tími kominn; nú þegar endurskoðun stjórnarskipunarlaganna fer fram. Það væri fjarskalega ónáttúrlegt, ef Íslendingar vildu gera gyllingar til, að standa undir útlendu dómsvaldi, og það væri óttaleg ósamkvæmni og voðaleg tilhugsun, ef Íslendingar vildu ekki einu sinni hrinda þessu máli í rjett horf og eðlilegt. Auk þess er það hryggilegt, hvað mikið fje gengur til Danmerkur, við að skjóta málum til hæstarjettar. Kunnugur maður hefir sagt mjer, að 8—10 mál mundu fara til hæstarjettar á ári, og hvert mál mun kosta sækjanda og verjanda til samans til jafnaðar hjer um bil 1000 kr.; með öðrum orðum: vjer kostum eins miklu fje til þess að reka mál vor við hæstarjett, eins

og vjer mundum þurfa að kosta til að hafa innlendan lagaskóla, sem er hið eðlilega skilyrði fyrir því, að vjer getum fengið sannnefnt löggjafarvald, dómsvaldið, og stjórnina yfir höfuð inn í landið, og að sönn lagaþekking geti fest hjer rætur og blómgvazt hjer á landi. Jeg get ekki eitt augnablik efast um, að þingdeildin samþykki þetta frv.. en fellst þó á, að taka inn ákvörðun um stundarsakir um dómsvald hæstarjettar inn í stjórnarskipunarlagafrv.; en gleymum því ekki, að þetta frv. á að ganga jafnhliða því, ef vjer viljum, sem vera ber, framfylgja sleitulaust helgustu landsrjettindum vorum!

Eiríkur Briem: Mjer sýnist þetta mál svo skylt stjórnarskrármálinu, að mjer virðist æskilegt, að menn fái að heyra álit stjórnarskrárnefndarinnar um það, og legg jeg því til, að málinu sje vísað til hennar.

Atkvæðagr.: Sú uppástunga var felld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu. *Já* sögðu: Eiríkur Kúld, Benidikt Sveinson, Eiríkur Briem, Friðrik Stefánsson, Holger Clausen, Jón Ólafsson, Lárus Blöndal, Tryggvi Gunnarsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorsteinn Jónson, Th. Thorsteinson.

Gunnl. E. Briem greiddi eigi atkvæði.

— Því næst stakk 2. þm. Ísf. (Þ. M.) upp á sjerstakri nefnd, en sú uppástunga var einnig felld með 13 atkv. gegn 6.

Jón Ólafsson: Má jeg leyfa mjer að gera að eins stutta athugasemd út af orðum h. framsögum. (B. Sv.) í máli þessu um daginn. Jeg er honum mikið þakklátur fyrir, að hann vill taka inn í ákvarðanir um stundarsakir ákvæði um hæstarjett; þegar við því má búast, þá tel jeg það ekki ísjárvert lengur formsins vegna, að mál þetta fái fram að ganga, því að þá geta afdrif þess á ríkisþinginu ekki haft nein áhrif á stjórnarskrármálið. En þessum ákvæðum um hæstarjett í bráðabyrgðaákvæðum stjórnarskrárinnar má haga þannig, að ekki þurfi nema einfalt lagaboð til að nema þau úr gildi, en ekki nýja stjórnarskrárbreyting, eins og sumir hafa verið hræddir um. Það þarf ekki annað en byrja þau svo: »þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum...«

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi óska að fá upplýsingar hjá h. framsögum. (B. Sv.) um það, áður en gengið er til atkvæða í þessu máli, hvernig hann hugsar sjer skipað dómsvaldinu í landinu, ef dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum er úr gildi numið. Hugsar hann sjer, að það verði að eins tveir dómstólar í landinu, eins og nú er, undirrjettur og yfirrjettur? Sje svo, þá verð jeg að segja, að jeg get ekki vel fellt mig við þá dómskipun, og þykir hún ekki nógu trygg. Eða hugsar hann sjer, að stofnaður sje hinn þriðji dómstóll í stað hæstarjettar? og mundi það verða ærið dýrt landinu. Jeg játa það, að það kostar mikið að skjóta málum sínum til hæstarjettar; en af annari hálfu vil jeg geta þess, að dómar hans hafa jafnan verið álitnir mjög rjettlátir, og mundi því mörgum þykja ærið óviðkunnanlegt, ef enginn æðri rjettur væri til en yfirdómurinn, er skjóta mætti íslenzkum málum til.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg veit ekki nema það liggi fyrir utan málið, að fara nú að ræða um, hvernig dómsvaldið ætti að vera í landinu, þegar dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum væri úr lögum numið. *(Nokkrir:* Það er þó nauðsynlegt). Jeg veit þó ekki. Mjer virðist þvert á móti, að það eigi miður við. Þetta frv. talar að eins um, að flytja dómsvaldið inn í landið. En um skipun þess þarf að ákveða með nýjum lögum, sem ómögulegt er, að þetta þing geti afkastað. H. þm. (Þ. G.) veit víst, að í stjórnarskránni stendur sjerstök grein um, að skipa skuli dómsvaldinu með lögum. Ef við færum nú á þingi að skipa fyrir um, hvernig dómsvaldið eigi að vera, þá tækjum við með því fram fyrir hendurnar á komandi þingum. Þm. (Þ. G.) sagðist ekki kunna við að hafa að eins tvískipaða dómstóla (tvo »instantser«), þá mundi hann, ef hann yrði á löggjafarþingi Íslendinga, þegar það

mál kæmi til meðferðar, greiða atkvæði með því, að dómstólarnir yrðu þrískipaðir. Jeg sje annars ekki, hverja þýðing yfirlýsing frá minni hálfu um þetta mál getur, sem stendur, haft; hins vegar get jeg vel ímyndað mjer, að mín skoðun á hinni rjettu og eðlilegu dómaskipun á Íslandi mundi geta komið af stað umræðum, sem yrðu langar og máli þessu alveg óviðkomandi. Jeg treysti því, að komandi þingum muni ekki verða skotaskuld úr að koma dómaskipun landsins í sem rjettast og heillavænlegast horf, og eins vona jeg, að bæði jeg og 1. þm. Árn. (Þ. G.) munum, ef það á fyrir okkur að liggja, að sitja á þingi eptirleiðis, vinna að því máli, eins og kraptar okkar bezt leyfa. Jeg vil benda á það, að jeg hefi hvorki utanþings nje innan ámælt um skör fram hæstarjetti, nje heldur efazt um, að hann væri rjettlátur og góður dómstóll í sjálfu sjer; en það er ekki það, sem hjer er um að ræða, heldur er það spurningin, hvort hæstirjettur í Danmörku er svo góður, og landsrjettindum vorum svo samboðinn, að Íslendingar, sem sjálfstæð þjóð, vilji fyrir hans sakir afsala sjer æðsta dómsvaldi í landinu. Í þessu sambandi verður þingmaðurinn að skoða þetta frv. og jafnframt í sambandi við stjórnarskrána í heild sinni. Jeg veit, að enginn þingmanna mun álíta, að frv. þetta sje til orðið af því, að jeg hafi á móti hæstarjetti sem hæstarjetti; en þetta frv. er óumflýjanleg afleiðing af stjórnarskrá þeirri, sem við nú höfum samþykkt, og jeg vona, að Íslendingar sjeu eins vel, og engu síður, færir um, að færa sjer rjettilega í nyt dómsvaldið, eins og löggjafarvaldið; ella værum vjer allt of miklir ættlerar forfeðra vorra. Jeg vil minna menn á það, að dómar fóru fram á alþingi allt fram að 1800; svo lengi hjelzt dómsvaldið í landinu. Ef jeg man rjett, þá er það fyrst 1760, næstum hundrað árum eptir að konungalögin 14. nóv. 1665 öðluðust gildi, að nafninu til, hjer á landi,—formlega lögleidd voru þau aldrei,—að minnzt er á hæstarjett, sem hafandi dómsvald í íslenzkum málum. Eptir það einkum, og máske nokkrum sinnum áður í einstöku málum, fóru menn smámsaman að skjóta málum, með konungsleyfi, til hæstarjettar. Það væri sannarlega grátlegt, ef vjer nú værum orðnir þeir ættlerar, að vjer gætum ekki haft dómsvald vort sjálfir; og allshendis óheyrilegt er það, að fulltrúar þjóðarinnar láti sjer slík orð um munn fara hjer á þingi.

Holger Clausen: Jeg þakka þm. fyrir upplýsinguna; en jeg ímynda mjer, að h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hafi ekki orðið klókari við hana; að minnsta kosti varð jeg það ekki; hann ætti að koma með betri upplýsingar. Enginn hefir sagt, að við sjeum óánægðir með hæstarjett; og því eigum við þá að fleygja honum burtu, áður en við vitum, hvað við fáum í staðinn? Eigum við að fá eina 6 eða 7 dómstóla fyrir hann? eða hvað eigum við að fá? Í öllu falli verður það varla eins billegt, sem við fáum, eins og hæstirjettur er okkur. Mjer stendur á sama, hver dæmir mál mitt, hvort það er heldur Rússi eða Kínverji, bara að hann dæmi rjettlátlega. Það má enginn taka orð mín svo, að jeg sje að kasta skugga á dómendurna við yfirrjettinn hjer. Við erum fámenn þjóð, einar 70,000 manna, og þekkjum nærri allir hver annan; það er því hætt við, að vjer lítum ósjálfrátt öðruvísi á mál þessara kunnugu manna, en ef þeir væru okkur óviðkomandi. Við getum ekkert dæmt um, hvað mikið við græðum af þessum 10,000 kr., sem þm. sagði að það kostaði, að senda mál sín til hæstarjettar, fyr en við vitum, hvað dýrt það verður, sem við fáum í staðinn fyrir hæstarjett.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg vil vísa h. þm. Snæf. (H. C.) til svars þess, sem jeg gaf h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), og sem jeg vona, að hann hafi skilið eins og aðrir. Jeg tók það fram, að jeg hefði alls enga hvöt eða heimild til þess að skýra frá því hjer á þessari stund og þessum stað, hvernig hinni innlendu dómaskipun skyldi komið fyrir, er hið æðsta dómsvald yrði lagt í hendur Íslendinga, eða fært inn í landið. Ef h. þm. Snæf. vill gefa mjer þessa heimild, þá skal jeg strax skýra

honum frá því fyrirkomulagi, sem jeg hef hugsað mjer; annars geri jeg það ekki.

Það er verkefni hins komandi alþingis, ef þetta frv. skyldi verða að lögum, og því þýðingarlaust að tala um það nú í sambandi við þetta mál.

Landshöfðingi: Það er ein ástæða, sem opt kemur fram, og það er spurningin um kostnaðinn. Það er eðlilegt, að það, sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði því viðvíkjandi, hvað kostnaðarsamt væri að skjóta málum til hæstarjettar, hafi verið íhugað í h. þingdeild. Mjer heyrðist hann segja, að vanalega væri 7—10 málum skotið til hæstarjettar á ári. Það er vitaskuld kostnaðarsamt, að skjóta málum til hæstarjettar; en hversu mörgum einkamálum er skotið þangað árlega hjeðan? Sum árin engu, mörg ár að eins einu og mjög fá ár fleirum en einu. Í opinberum málum er kostnaðurinn mjög lítill, 50—60 kr. Þessi ástæða, sem framsögum. hefir lagt svo mikla áherzlu á, og svo mikla þýðingu í, virðist því vera heldur ljettvæg. Og þessa ástæðu vildi jeg ekki láta vera ómótmælta. Jeg hef áður lýst því yfir, að það væri mjög ónauðsynlegt og ekki æskilegt, að þetta frv. næði fram að ganga; en ef það skyldi verða álitið nauðsynlegt, þá verð jeg að vera þeim háttv. þm. samdóma, sem álíta nauðsynlegt, að vita, hvað koma eigi í staðinn, ef hæstirjettur verður af numinn sem æðsti dómstóll í íslenzkum málum. Þess vegna finnst mjer nauðsynlegt, að annað frv. um skipun eða fyrirkomulag hins æðsta dómsvalds í landinu hlyti að vera þessu frv. samferða. H. þingmenn virðast allir vera samdóma um það, sem líka hefir verið tekið skýrt fram, að það er ekkert vantraust á hæstarjetti, sem liggur hjer til grundvallar. Það getur allt svo ekki verið ástæða til þess — jeg vil nærri því segja — að hrapa að þessu, án þess að setja eitthvað í staðinn. Það er heldur engin ástæða til eða nauðsyn á því, þótt nú stjórnarskrárfrv. það, sem nú liggur hjer fyrir þinginu, næði staðfestingu konungs, að slíkt frv. sem þetta gangi á undan eða verði stjórnarskránni samfara; því eins og jeg hef áður tekið fram, þá kemst það fyrirkomulag, sem þar er ráð fyrir gert, ekki á þegar, er stjórnarskráin er undirskrifuð af konunginum; það þarf tíma til að skapa slíkt fyrirkomulag, sem þar er ráðgjört. Jeg get ekki skilið, að til þessa sje nú nein tilknýjandi ástæða. Hjer er farið fram á, að breyta því, sem enginn finnur að, og enginn getur fundið að, og allir eru ánægðir með. Hjer hljóta að vera einhverjar aðrar ástæður — liggur mjer við að segja — en þær, sem látnar eru uppi; jeg vil ekki geta þess til, að það sje ein af ástæðunum fyrir þessu frv., að vilja losa um eða veikja sambandið milli Íslands og Danmerkur sem mest. Þess vil jeg ekki geta til; enda væru þær ástæður ekki gildar nje á góðum rökum byggðar.

Jón Ólafsson: Hæstv. landsh. tók fram, hvað fáum einkamálum væri skotið til hæstarjettar, og hvað kostnaðurinn við það væri því lítill fyrir landið í heild sinni; en hvers vegna eru það svo fá mál, sem nú er skotið til hæstarjettar? Er það af því, að menn beri svo gott traust til yfirrjettarins? Jeg svara, og svara af margfaldri og langri reynslu, og segi hátíðlega: Nei! Þúsund sinnum nei! Það er einmitt vegna hins geysimikla kostnaðar fyrir einstaklingana, að þeim þykir ódýrra að líða beran órjett, en að kaupa rjettinn svo dýrt, sem kaupa verður málskot til hæstarjettar. Undir 200 kr. verður aldrei minnsta smámáli komið þangað. Stórmál geta kostað tvöfalt, þrefalt — vel að merkja, þótt maður vinni málið. Auk þessa má ekki skjóta sumum málum til hæstarjettar, nema með sjerstöku leyfi. Og hver er svo afleiðingin? Það, að landsyfirrjetturinn, skipaður að eins 3 mönnum, verður faktiskt hæstirjettur í flestöllum einkamálum. Hæstv. landsh. sagði, að skipun hins innlenda dómsvalds hefði kostnað í för með sjer. Af hverju? Líklega ekki af því, að bera þurfi meira fje í þá, sem nú sitja í landsyfirrjetti, þótt þeir yrðu hæstarjettardómendur; því dómarar verða ekki óskeikulli nje rjettvísari við launa-ofaníburð. Nei, en af því, að það þarf að auka mönn-

um við landsyfirrjettinn, ef hann á að verða æðsti dómstóll.

Hæstv. landshöfðingi gengur út frá því, að ef landsyfirrjetturinn eigi að veita óyggjandi tryggingu, þá þurfi hann að vera skipaður fleirum mönnum en þremur. Þess vegna er landsyfirrjetturinn eptir skoðun sjálfs hæstv. landsh. allt of fáskipaður nú til að vera hæstirjettur. En eins og jeg benti á áður, er yfirrjetturinn í raun og veru hæstirjettur fyrir alla nema ríkismenn; hinir eru neyddir til að una við hann, svona fáskipaðan og ófullnægjandi eins og hann er. En er það rjettvíst, að ríkismenn einir geti náð rjetti sínum? — Svo er annað: Dómum þeim, sem skotið er til hæstarjettar, er opt, eins og menn vita, breytt, og ef maður gengur út frá því, að hæstirjettur komist að rjettari niðurstöðu, þá getur engum blandazt hugur um, að landsyfirrjetturinn, eins og hann er nú skipaður, er sára-skeikull og honum lítt að treysta til rjettvísra úrslita. En þessi meðvitund hlýtur að veikja tiltrú almennings til landsyfirrjettarins sem æðsta dómstóls, sem hann þó í rauninni er í flestum málum. Þetta er því sterk ástæða til þess, að af nema hæstarjett í Danmörku, og fá þann dómstól, sem hefir hið æðsta dómsvald í landinu, skipaðan nógu mörgum mönnum. Þetta eitt er næg ástæða til að fylgja frv. fram og það með kappi og áhuga; því að það er ein hin stærsta bölvun hverrar þjóðar, að eiga ekki til æðsta dómstól, sem aðgangur sje ekki allt of örðugur að, og sem unnt sje að bera nokkurn veginn traust til.

Það er þessi skakka ímyndun, að landsyfirrjettur vor sje ekki æðsti dómstóll vor, sem hefir valdið því, að menn hafa ekki skipað hann betur en nú er.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að vera þeim þingmönnum samdóma, sem ekki nægir tillaga þessi, með þeim ástæðum hennar og skýringum þeim, sem komið hafa fram, að því er skipun hins innlenda dómsvalds snertir.

Mjer finnst nógur tími til, að koma fram með slíkt frv. á því þingi, sem á að leggja smiðshöggið á þessa nýju stjórnarskrá, sem nú liggur fyrir h. þingi, og sem, vel að merkja, ekki er enn þá samþykkt í Ed. Sú ástæða h. flutningsmanns (B. Sv.), að þetta frv. þurfi endilega að ganga á undan eða verða samferða hinni nýju stjórnarskrá, finnst mjer ekki á rökum byggð. Hin ástæðan var sá hinn mikli kostnaður við áfrýun málanna til hæstarjettar. Hæstv. landsh. sýndi nú, að kostnaðurinn í sakamálum væri mjög lítill, frá 40 til 60 kr. Það getur þá ekki verið sökum sakamálanna, að tilefni sje að tala um kostnað. Það hlýtur þá að vera kostnaðurinn í einkamálunum, er h. flutningsmanni stendur fyrir hugskotssjónum. En hvernig getur sá kostnaður verið tilknýjandi ástæða til að koma fram með frv. þetta? Má jeg spyrja: er nokkur skyldugur til að skjóta máli sínu til hæstarjettar? Nei, alls eigi; það er eingöngu frelsi og rjettur, engin skylda. Þar sem h. flutningsmaður sagði, að kostnaðurinn næmi opt 1000 kr., þá má það vera mjög flókið og yfirgripsmikið mál; því jeg hefi talað við sannorðan mann, sem kvaðst hafa skotið tveim málum til hæstarjettar, og hefði annað þeirra kostað sig 150 kr., en hitt rúmar 200 kr. En jeg get ímyndað mjer, að h. flutningsm. þekki eitt mál, sem skotið var til hæstarjettar og sem varð mjög dýrt og borgaði sig eigi; það mun verið hafa Vatnsmálið, sem varð að vatni. En slíkt einstakt dæmi er enginn nælikvarði. Eptir þessu er auðsætt, að kostnaðurinn getur alls ekki verið tilknýjandi ástæða til frv. þessa. Þar sem h. flutningsm. kvaðst eigi hafa heimild til að skýra frá því, hvert fyrirkomulag hann hefði hugsað sjer á hinu innlenda dómsvaldi í stað hæstarjettar, þá vil jeg spyrja hann: hverja heimild hefir hann þá til að koma fram með þetta frv., ef hann hefir eigi á frjálsum þingfundi heimild til að skýra frá, hvað hann vill setja í staðinn fyrir hæstarjett? Hefir hann heimild eða umboð af hendi einkamálseiganda hjer á landi, til þess að gerast fjárhaldsmaður þeirra, og varna þeim að skjóta nokkru máli til hæstarjettar? Það

held jeg eigi sje. Eða er frv. þetta þakklætið fyrir hæstarjettardóminn í laxamálinu? Var h. flutningsm. (B. Sv.) svo óánægður með þann dóm? Jeg verð að álíta, að engin veruleg ástæða sje fyrir þessu frv.,og að það sje langt um of snemma upp borið, enda mjög hætt við, að það verði skilið svo sem það sje sprottið af einhverri óánægju yfir dómum hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum; en til þess hygg jeg eigi hið minnsta spor til vera.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Þar sem hæstv. landshöfð. skýrði frá, hversu mörgum málum hafi árlega verið skotið til hæstarjettar, þá getur það verið rjettara, sem hann sagði, en jeg í því efni, án þess jeg hafi þó fulla ástæðu til að játa það; en hvorki hann, nje jeg, getum dæmt um það, hversu mörgum málum muni verða á ókomnu árunum skotið til hæstarjettar. Optastnær er það, að málin hjá oss eru svo lítil, að það borgar sig eigi að áfrýja þeim til hæstarjettar, með því kostnaðurinn er svo mikill, og hann er sannarlega í raun og veru langtum meiri, en h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) virtist almennt gera ráð fyrir. Það þarf að leggja út aktana eða dómsgerðir eða öll málsskjöl út á dönsku, senda þau ef til vill fram og aptur á Íslandi og því næst til Kaupmannahafnar, taka út stefnu, borga málfærslumönnum og opt og tíðum að kaupa uppreisn og margt fleira .Allt þetta getur valdið kostnaði, sem ómögulegt er að reikna fyrir fram, hvað miklu nemi í hinu einstaka tilfelli. Jeg veit það vel, að áfrýjun sakamála kostar eigi mjög marga peninga, en aptur á móti langan tíma, og það er ein af hinum helgustu kröfum hins sakfellda, að hann verði dæmdur sem fyrst og sem næst þeim stað, þar sem glæpurinn hefir verið framinn. Þessi regla gildir um alla víða veröld, og það er mjög mikils vert fyrir íslenzka sakamenn, að vera dæmdir af íslenzkum dómurum á íslenzku máli. En það, sem jeg lagði mesta áherzlu á, var það, að í einkamálum væri kostnaðurinn óforsvaranlega mikill, fyrir þá, sem vilja leita rjettar síns við hæstarjett, og tíminn sem gengi til áfrýjunar til hæstarjettar, bæði í þeim og sakamálum, óforsvaranlega langur. Lög og landsstjórn eru kölluð og kvödd til þess, að gera borgurunum úrslit allra dómsmála svo greið og kostnaðarlítil, sem frekast verða má; engin óþörf tímatöf, engar vífilengjur, enginn óþarfa kostnaður er samrímilegur við þessa helgu skyldu landsstjórnarinnar. Fyrir einkamálin getur kostnaðurinn orðið verri en tapið á málinu sjálfu, og fyrir sakamanninn tíminn þungbærari en hegningin, og dráttur á sýkn hins saklausa inniheldur ólöglegan miska.

Jeg tek það fram enn einu sinni, að mjer finnst það ekki eiga við, að jeg nú þegar fari að gjöra grein fyrir því, hvernig jeg hafi hugsað mjer fyrirkomulagið á hinni innlendu stjórn að því er sjerstaklega lýtur að dómaskipun landsins, enda er enginn tími til þess nú hjeðan af á þessu þingi; því að það er ekki skipun hins æðsta dómsvalds í landinu eingöngu, sem þyrfti að gera uppástungur um, ef farið væri að ræða það mál á annað borð; nei, það yrði skipun alls dómsvaldsins bæði á æðsta og lægsta stigi. Viðvíkjandi kostnaðinum má víst fullyrða, að h. þingdeild, þá er hin nýja stjórnarskrá var samþykkt hjer, hafi verið það fullkomlega ljóst, að landið sjálft eigi að kosta sína innlendu stjórn í þessa orðs víðtækustu merkingu, og tel jeg því *alveg óþarft* fyrir hæstv. landshöfðingja, að vera einlægt að minna á þetta, sem *allir vita* og ganga vakandi að. Ef landið hefir krapt til að kosta og vill kosta sína innlendu stjórn, þá hefir það sannarlega heimild til þess, og ef landið á hinn bóginn á að kosta sína innlendu stjórn, þá hefir það líka fulla *heimting* á að fá að ráða því sem mest, hvert fyrirkomulag skuli vera á þessari stjórn hjer, dómaskipuninni, svo hún sem bezt samsvari landsháttum vorum, mannrjettindum vorum og þjóðerniskröfum vorum. Sú skoðun hefir aldrei komið fram hjer á þinginu, að það vildi ekki kosta fje til þeirra mála, sem eru áhugamál og nauðsynjamál þjóðarinnar. Þetta kostnaðar-

atriði er sú gryla, sem jeg ekki get skilið í, hverja þýðingu geti haft gagnvart þessum ítrekuðu yfirlýsingum og aðgerðum h. þingdeildar.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að allir væru ánægðir með hæstarjett; en frumv. frá 1867, 1869, 1881 og 1883, — öll þessi frumvörp, tvö frá stjórninni, og tvö frá alþingi, láta þá skipun og það sjálfsagða fyrirheiti í ljósi, að vjer fáum aptur innlent dómsvald, er þjóðin glataði á svo óviðurkvæmilegan hátt, eiginlega ekki fyrri en um síðustu aldamót. Þetta er óræk sönnun frá þjóðþingum vorum, bæði ráðgefandi og löggefandi, fyrir því, að það er ósk Íslendinga, og samkvæmt tilætlun stjórnarinnar í Danmörku, að vjer fáum innlent dómsvald. Og ef þetta er ekki sönnun fyrir því, að þjóðin *vilji* fá innlent dómsvald, hvar er þá sönnun fyrir, að hún *ekki* vilji það? Hæstv. landshöfðingi talaði í þá átt, — sem mjer fjell mjög illa —, að hann ekki vel vissi, á hverjum ástæðum þetta frumv. væri byggt; jeg hefði mikillega óskað, að hann hefði talað *huldulaust* um þetta atriði, huldulaust um ástæður þær, er hann ætlar frumvarpið byggt á, eður af hverri rót þetta frumv., eptir hans ætlun, muni vera runnið. En jeg fullvissa hæstv. landshöfðingja um það, að *jeg* þarf ekki að tala á *huldu* í þessu máli, því jeg hefi ekkert að draga dulur á. Jeg byggi þetta frumv. á því, sem jeg hefi sagt og segi enn, á því, sem allir heilvita menn geta sjeð og þreifað á, eins og höndunum á sjer, að það er óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að Ísland njóti helgustu og sjálfsögðustu landsrjettinda sinna, að dómsvaldið flytjist inn í landið sjálft. Það er sá eðlilegi og sjálfsagði landsrjettur, sem Íslendingar heimta og geta heimtað. Hvað er óeðlilegra, en að íslenzkur bóndi skuli hljóta að fá dóm sinn á dönsku, því máli, sem hann skilur ekkert í? Hvar er þá rjettur íslenzkrar tungu? Jeg tek það enn einusinni fram, að mjer dettur ekki í hug að ámæla hæstarjetti sem hæstarjetti fyrir Danmörku; en þegar hið almenna danska löggjafarvald í 3. gr. stöðulaganna frá 2. jan. 1871 sumpart skipar, sumpart býður fram, að Íslendingar fái í öllum sjerstökum málum sínum stjórn síua, dómsvald og löggjöf út af fyrir sig, þá skil jeg ekkert í hæstv. landsh., að hann skuli leggja eða geta lagt aðra þýðingu í þetta, en þá, sem mjer finnst hljóta að liggja í þessum orðum. Jeg játa það hátíðlega, að jeg óska þessa aðskilnaðar í fullum mæli, alls þess aðskilnaðar í fullum mæli milli stjórnmála Íslands og Danmerkur, sem stöðulögin frá 2. jan. 1871 heimila. Og jeg vona, að jeg þurfi ekki að standa blíknaður nje blár hvorki frammi fyrir minni eigin þjóð, sjálfum mjer, Dönum, stjórninni eða hinum hæstv. landshöfðingja, þótt jeg sem fulltrúi Íslands óski og krefjist þessa aðskilnaðar; en ef hinn hæstv. landsh. heldur, að í þessu sje fólginn nokkur annar aðskilnaður en sá, sem hollastur er og heillavænlegastur fyrir hlutaðeigendur, Danmörku og Ísland, þá er það—mjer gjörir það illt, að verða að segja það—alveg rammskökk skoðun frá hans hálfu, því takmörkin milli hinna almennu og sjerstöku mála Íslands eru sett af hinu almenna löggjafarvaldi, ríkisdeginum sjálfum, að þessu leyti alveg eptir hlutarins eðli og kröfum tímanna, og það getur ekki valdið mjer neinu álasi eður gruni um gæzku, þótt jeg haldi mjer óbifanlega fast við þessi takmörk. Jeg tók það skýrt og skorinort fram um daginn, að jeg mundi fús á að vera því liðsinnandi fyrir mitt leyti, ef menn vildu fara fram á, að Ísland tæki þátt í stjórn hinna almennu mála, og með því móti ætla jeg að betra, traustara og innilegra bróðurband yrði hnýtt milli Íslands og Danmerkur en nú er; í öllu falli mundi það reynast happasælla og heillavænlegra en að keyra í kút og dróma þau landsrjettindi, sem Íslendingum eru skýlaust heimiluð í stöðulögunum. Við þetta skal jeg standa, ef jeg lifi; en með því ekki er komin fram nein uppástunga í þessa átt, þarf jeg ekki að fjölyrða um það mál að þessu sinni.

Landshöfðingi: H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lagði aðra þýðing í orð mín, en ástæða var til. Hann vildi leiða þá ályktun út

úr orðum mínum, að jeg hefði nokkurs konar vantraust á yfirdómi landsins. Það var engan veginn mín meining. En jeg sagði það, — sem almenna setning —, að dómstóll, skipaður að eins 3 mönnum, gefi eigi næga trygging sem æðsti dómstóll. Ef því yfirrjetturinn ætti að vera æðsti dómstóll landsins, þá þyrfti að fjölga dómendum í honum, en það hefði kostnað í för með sjer; en því meiri kostnaður væri, að stofna hjer hæstarjett, sem sjerstakan dómstól og þriðja dómstól.

H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) þótti það ósanngjörn krafa, er óskað var þess, að hann ljeti í ljósi, hvernig hann hugsaði sjer hinn æðsta dómstól landsins, ef frumv. þetta yrði að lögum; og tók það svo, sem um skipun dómsvaldsins yfir höfuð væri að ræða. En það var ekki meiningin, heldur að eins að því er snertir æðsta dómstól landsins; og hefði mátt vonazt eptir, að h. þm. (B. Sv.) hefði gjörhugsað það, áður en hann kom með þetta frumv., og því getað, eins og eðlilegast hefði verið, komið með frumv. um skipun æðsta dómstóls landsins, jafnhliða þessu frumv., sem nú liggur fyrir.

Þar sem h. flutningsmaður (B. Sv.) skildi svo 3. gr. stöðulaganna, að þar væri Íslendingum framboðið að nema hæstarjett úr gildi, sem æðsta dómstól landsins, þá er skoðun mín eigi sú, heldur hitt, að í þessum lögum er beinlínis ákveðið, að alþingi sje eigi bært, að gera breyting á stöðu hæstarjettar, sem æðsta dómstóls landsins, nema hið almenna löggjafarvald sje þeirri breyting samdóma, og taki þátt í löggjöfinni um hana. Jeg skal engu spá um, hvernig ríkisdagurin mundi taka í þetta mál. Um það veit jeg ekkert.

Jeg efast um, að þetta sje skýr almennur vilji landsmanna. Jeg held, eins og sagt hefir verið, að menn almennt sjeu ánægðir með, að eiga hæstarjett fyrir æðsta dómstól landsins.

Holger Clausen: Jeg er jafnklókur, sem jeg var áðan, um skoðun h. flutningsm. (B. Sv.) á því, hvernig æðsti dómstóll landsins ætti að vera, ef frumvarp þetta yrði að lögum; því að hann hefir sagt, að hann geti ekki sagt um þetta. Jeg er frjálslyndur maður, en enginn apturhaldsmaður; þess vegna greiddi jeg atkvæði með breytingunum á stjórnarskránni, af því að jeg líka fjekk þar ástæður hjá h. flutningsm. (B.Sv.), sem þar var framsögum. En hjer hef jeg enga ástæðu fengið hjá honum, og enga upplýsing, nema að hann sje fulltrúi Íslands. Jeg hjelt, að hann væri ekki fulltrúi nema fyrir Norður—Múlasýslu, ekki fyrir allt Ísland. Fyrst sagði hann, að það kostaði 1,000 dali, að skjóta máli til hæstarjettar; nú er hann búinn að að slá af því, og setja það niður í 500 dali, eða um 50%. En það kostar eigi meira en 200 kr. Jeg gef eigi atkv. mitt fyrir þessu frumv., og það því síður, sem jeg fæ eigi að vita, hvað á að setja í staðinn.

Jón Jónsson: Það er furða, hvað daufar undirtektir mál þetta fær hjá sumum h. þingdeildarmönnum; það er og undarlegt, að sumir skuli staðhæfa, að allir Íslendingar sjeu ánægðir með hæstarjett sem æðsta dómstól landsins.

Jeg ætla að það sje þvert á móti. Að því er jeg veit til, þá eru menn, svo sem eðlilegt er, næsta óánægðir með, að þurfa að sækja rjett sinn í hendur útlends dómstóls, sem ekkert skilur í tungu vorri, ekkert þekkir hjer til og er ókunnugur íslenzkum lögum og rjettarvenjum. Dómararnir eiga þó að fylgja hinum gildandi lögum, en ekki öðru, í dómum sínum; en hvernig eiga hæstarjettardómararnir að gera það, er þeir þekkja ekki lög vor? Er það ekki ósamkvæmni, að heimta innlenda lagakennslu af þeim rökum, að íslenzk lög sjeu frábrugðin dönskum, en vilja þó hafa þá dómara, sem eru ófróðir um íslenzk lög? Þetta ættu menn vel að athuga.

Jón Ólafsson: Jeg gat ekki skilið betur orð hæstv. landsh., en að hann í raun-inni hlyti að vera mjer samdóma; því að

hann sagði, að eins og yfirrjetturinn væri nú, gæti hann eigi með nægilegri trygging verið æðsti dómstóll landsins, með því að hann væri allt of fáskipaður. Þetta er alveg rjett; en það er einmitt það sama, sem jeg áðan tók skýrt fram. Jeg vantreysti engan veginn hverjum einstökum yfirrjettardómandanna, einkanlega ef sumir þeirra væri meðal sjer betri manna í fjölskipaðri dómstól; en sakir þess, hve yfirrjetturinn er fáskipaður, getur hann, í því formi, sem hann nú er, ekki gefið nægilega trygging sem æðsti dómstóll landsins. En nú er yfirdómurinn í verunni æðsti dómstóll landsins í mýmörgum málum: 1., þeim, sem eigi hafa summam appellabilem; 2., í þeim málum, er málsaðilar þeirra hafa eigi efni á að skjóta málinu til hæstarjettar, af því að það er svo dýrt; 3., í þeim málum, er áfrýjun þeirra til hæstarjettar kostar jafnmikið sem eða meira en rjettur sá er verður, sem málsaðili vill fá sjer dæmdan. Í þessum málum (og þessara tegunda eru flestöll íslenzk einkamál) hefir maður þá eigi næga trygging fyrir rjettri úrlausn í yfirrjettinum, úr því að hann nú, í því formi sem hann er, alls ekki getur gefið þessa trygging, eins hæstv. ldsh. og mjer kemur saman um.

H. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að enginn væri neyddur til að skjóta málum sínum til hæstarjettar. Þetta er eins og svo margt annað einkennilegt hjá h. þm. (A. Ó.); það er enginn neyddur til að ná rjetti sínum. Langt í frá! Það er hverjum guðvelkomið að una við að líða órjett!! Því sú er afleiðingin af því, að geta ekki leitað úrskurðar æðsta dómstóls, að maður verður að una við lægra dómstól, sem ekki hefir nje verðskuldar traust nje tiltrú; til þessa neyðast menn sakir efnaleysis opt og einatt. *(A. Ó.:* Það kostar ekki nema 200 kr., að skjóta máli til hæstarjettar). Slíku má kasta fram, til að kasta sandi í augu mönnum; en 200 kr. eru mikið fje eptir mælikvarða efnahags manna hjer á landi, og það er smámál eitt, sem nokkur hæstarjettarmálflytjandi fæst til að gefa sig við fyrir þá borgun; jeg verð að biðja menn að gæta að því, að menn fá að því skapi nýtan málfærslumann við hæstarjett, sem mikið er borgað, og góðir málfærslumenn fást ekki, nema fyrir háa borgun. *(A. Ó.:* Jú, ef málið er lítið og óflókið). Það er ekki æfinlega samfara, að mál sje lítið og óflókið; lítil mál geta verið flókin.

Auk þeirra afleiðinga, sem jeg hefi þegar talað um, hefir og staða hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum aðra afleiðing, nefnilega: árlegt stjórnarskrárbrot. Í 3. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Ráðgjafinn hefir ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt». En nú eru lög vor undirskrifuð eigi að eins á frummálinu, — íslenzku, — heldur og undirskrifuð dönsk þýðing af þeim. Nú er auðsætt, að lögin eiga að undirskrifast, eins og þau eru samþykkt af alþingi, eptir 10. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi danska þýðing, sem undirskrifuð er líka, hefir fyrst og fremst aldrei verið lögð fyrir þingið, aldrei rædd þar, — því að það getur ekki átt sjer stað, — og aldrei samþykkt af þinginu; og í öðru lagi er hún næsta ónákvæm og stundum beinlínis röng, allt annað en það, sem er á frummálinu. En að undirskrifa nokkuð annað, hvað þá heldur allt annað en það, sem þingið hefir samþykkt, er að minni ætlun einmitt stjórnarskrárbrot, sem eptir 3. grein stjórnarskrárinnar ráðgjafinn ætti að sæta ábyrgð fyrir. En þessari undirskript á danskri þýðing er haldið fram vegna hæstarjettar, til þess að hann hafi eitthvað við að styðjast í íslenzkum málum; því lög vor sjálf skilur hæstirjettur ekki.

Hæstv. landsh. gat þess til, að það lægju einhverjar huldar ástæður fyrir þessu frv. Jeg hef komið afdráttarlaust með nægar ástæður, og svo skýrar, að hver ein þeirra út af fyrir sig væri fullnæg. Jeg held, að hjá þeim, sem mæla á móti þessu frv., liggi einhverjar huldar ástæður, og jeg get ekki neitað því, að jeg hef heyrt menn segja: »Guð forði mjer frá, að hafa yfirrjettinn fyrir æðsta dómstól landsins!» Þetta hefir náttúrlega verið sagt af því, að hann er ekki nógu fjölskipaður, en ekki af því, að menn væni einstakan dómanda í

honum um ráðríki og rangsleitni. H. þm. Snæf. (H. Cl.) spurði um ástæður fyrir þessu frv. Hann hlýtur að skilja í þeim ástæðum, sem jeg hef tilfært; hann, sem er svo brjóstgóður við fátæklinga; ekki geta þeir leitað rjettar síns til hæstarjettar, af því að það kostar svo mikið. Og þá verðum vjer að skipa svo vel einn æðsta dómstól í landinu, að allir geti treyst honum og haft ráð á að leita rjettar síns til hans.

Þetta frv. er hið þarfasta, og hin mesta og bráðnauðsynlegasta rjettarbót. Það má ekki horfa í laun einna tveggja dómara til; það er þó landið allt, sem ber þau; það verður heldur að líta á rjett einstaklingsins, og hversu honum er erfitt að leita rjettar síns til hæstarjettar, bæði að því er snertir fje og tíma,—tíma, segi jeg, því að hann er þýðingarmikill í því, sem hjer ræðir um, þótt sumir hafi látið sjer um munn fara, að á minnstu stæði um nokkra mánuði. Eða má jeg spyrja h. þingdm., hvort þeim þætti ekki hvert augnablikið, hver stundin, hver dagurinn, hvað þá hver mánuðurinn eða missirið, langur tími, ef þeir væru settir undir ærumeiðandi ákæru, og yrðu að bíða úrlausnar þess máls frá hæstarjetti? Jeg hef orðið fyrir því, að vera settur undir slíka ákæru, og að mjer dróttað ærumeiðandi glæp; og einmitt sá maður, sem situr í yfirdómi landsins, og jafnframt er amtmaður, bauð, að áfrýja skyldi dómnum, og varð þó sem yfirdómari samdóma undirdómaranum, svo að út leit fyrir, að áfrýjunin væri að eins gerð til að auka mjer kostnað og halda mjer sem lengst undir þessari svívirðilegu ákæru, áður en jeg gæti fullhreinsazt af henni, meðan skjólstæðingsblað hans básúnaði út ákæruna, en hefir ekki, svo jeg viti, getið um sýknardóm hæstarjettar. Jeg hef þannig mátt reyna biðina eptir sýknunardómi frá hæstarjetti, og veit því af reynslunni, hve sárbitur sómakærum manni slík bið er. Þegar svo á stendur, er langt að bíða úrslitanna frá hæstarjetti, og hljóta víst allir að sjá, að þeir menn, sem þangað eiga að sækja eða þurfa að sækja rjett sinn, mundu óska að hafa hjer á landi æðsta dómstól landsins, svo vel skipaðan, að hann verðskuldi traust og virðing manna.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki svara ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), en jeg vil þó ekki láta ómótmælt þessu áframhaldandi stjórnarskrárbroti, sem hann segir ráðgjafinn geri sig sekan í. Að það sje stjórnarskrárbrot, að konungur og ráðherrann skrifa einnig undir lögin á dönsku, það er fjarri öllum sanni; það er rangt. *(J. Ól.:* Nei!). Það hefir verið talað um, að það tæki langan tíma, að áfrýja málum til hæstarjettar, og það er rjett, að því er einkamál snertir, og þess vegna hafa líka áður komið fram lagafrumvarp um að stytta stefnufrestinn. En í sakamálum eru sannarlega ekki margir mánuðir, sem þarf að bíða eptir úrslitum málanna við hæstarjett, svo að sá annmarki er ekki þýðingarmikill. En viðvíkjandi því, sem h. þm. (J. Ól.) tók fram um yfirrjettinn, veit jeg ekki hvort hann er viss um, að allir þeir annmarkar, sem hann telur að á honum sjeu, hyrfu við það, þó hæstirjettur væri af numinn sem æðsti dómstóll í íslenzkum málum. Það er enn óákveðið, hvaða fyrirkomulag hann vill hafa, sem gefi honum það traust til dómstólanna, sem hann nú virðist hafa helzt til of lítið af.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki stillt mig um, að lýsa gleði minni yfir þeim atburði, sem hjer er orðinn. Nú talar h. flutningsm. (B. Sv.) og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) næstum í hverju orði um kostnað og kostnað; en þegar var verið að tala um stjórnarskrármálið um daginn, þá mátti ekki einu sinni nefna kostnað á nafn fyrir þeim. Það er þessi gullvæga samkvæmni, sem gleður mann svo innilega. Jeg skildi ekki glöggt hina snjöllu ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Frv. þetta hljóðar að eins um, að hæstirjettur verði tekinn af sem æðsti íslenzki dómstóll. *(J. Ól.:* Afleiðingarnar!). Frv. hljóðar ekki um annað, en afnám hæstarjettar í íslenzkum málum. Hvað leiðir nú af því, ef þingið sam-

þykkir þetta frv., og það nær samþ. ríkisdagsins og staðfesting konungs? Auðvitað það, að hæstirjettur hættir þegar í stað að dæma í íslenzkum málum. Og hver verður þá æðsti dómstóll, þangað til lög koma um skipun dómsvaldsins hjer á landi? Sjálfsagt landsyfirrjetturinn, eins og hann nú er lagaður. Nú vil jeg spyrja h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), sem ekki virðist bera sjerlegt traust til yfirdómsins, hvort það sje meining hans, að yfirrjetturinn sitji lengi sem æðsti dómstóll í öllum íslenzkum málum. Þingmaðurinn tók fram þann hinn mikla skaða, sem af því leiddi, að yfirrjetturinn væri nú þegar í verunni æðsti dómstóll, af því að svo fáir hefðu efni til, að sækja mál fyrir hæstarjetti. Mjer fannst ekki vera trútt um, að þingmaðurinn kæmist þar í mótsögn. Hann taldi fram alls konar agnúa á yfirdóminum, hve skaðlegt, háskalegt og illt það væri, að yfirrjetturinn væri æðsti dómstóll, en hvatti þó h. þingdm. til að gefa atkvæði sín til þess, að yfirdómurinn hlyti og skyldi vera æðsti dómstóll í öllum íslenzkum málum um ótiltekinn tíma. H. flutningsm. (B. Sv.) hefir verið beðinn að koma fram með þó ekki væri nema ofurlitla grind til æðsta dómstóls; en hann hefir ekki verið fáanlegur til þess. Öll þessi snjöllu meðmæli með frv., — því jeg játa, að snjöll eru þau — koma því eiginlega alls ekki málinu við; þau hafa ekki sannfært mig, og naumast aðra þingdm., og jeg efast um, að þau hafi getað sannfært sjálfa höfunda frumvarpsins.

Forseti lýsti því yfir, að 8 þingm. hefðu óskað þess, að umræðum væri hætt, og bað flutningsm. (B. Sv.) þá bókað, að sjer væri bannað orðið til að svara. Var honum þá leyft að gera stutta athugasemd.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. segir, að jeg hafi eigi sagt, hvernig jeg hugsi mjer hinn æðsta dómstól skipaðan hjer á landi, þá skal jeg lýsa yfir því, að jeg hugsa mjer, að íslenzkur dómstóll yrði skipaður hjer í staðinn fyrir hæstarjett í Danmörku íslenzkum mönnum, þeim beztu, sem kostur er á, svo mörgum og þeim hæfilegleikum búnum, að menn hljóti að treysta þeim betur til að dæma íslenzk mál, en dönskum mönnum þeim, sem nú fjalla um íslenzk dómsmál í hæstarjetti, þótt þeir sjeu ágætir dómendur í dönskum málum, þar sem þeir þekkja tungu landsins, lög landsins og landsháttu þess, en eru aptur alls ófróðir um allt þetta, hvað Ísland snertir. Gagnvart því, sem h. vinur minn, 1. þm. Eyf., sagði, að kostnaðurinn gerði ekkert, af því að menn væru ekki neyddir til að fara til hæstarjettar, þá gæti hann eptir þeim reikningi eins vel sett ágætan dómstól fyrir Íslendinga í tunglinu, eður þá í hornsílapolli; því enginn maður væri heldur neyddur til að áfrýja málum þangað. En þegar annar málsparturinn hefir áfrýjað, er hinn málsparturinn forsvarslaus, og að því leyti neyddur til að taka þátt í málinu líka. Ekki var nú svo mikið um hugsandýrð hins háttvirta þingmanns Eyfirðinga, að hann gæti sjeð eða hermt rjett frá þessari að minnsta kosti »relative» nauðsyn.

— Þá er samþ. tillaga 8 þm. um að umræðunum skuli skyldi hætt.

Atvæðagr.: Frv. var fellt með 12 atkv. gegn 11, að við höfðu nafnakalli eptir ákvæði forseta. Já sögðu: Benidikt Sveinsson, Egill Egilsson, Friðrik Stefánsson, Gunnl. E. Briem, Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Pálsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorvarður Kjerulf.

Kosning neðri deildar á gæzlustjóra hins fyrirhugaða landsbanka, samkvæmt 19. gr. í bankalögunum, eins og þau hafa verið samþ. af báðum deildum alþingis.

Kosning hlaut: *E. Briem* með 11 atkv.

Næst fjekk Jón Ólafsson 10 atkv.

Fertugasti fundur, laugardag 25. ágúst kl. 12. Allir á fundi.

Frv. til laga um friðun hvala (C. 294; nefndarálit með breyt.till. 348); ein umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Nefndin hefir, eins og hinir háttv. þingmenn sjá, látið í ljósi álit sitt um frv. þetta, eins og það kom frá Ed., og geng

jeg út frá því, að h. þingd. hafi kynnt sjer það, enda er það ekki margbrotið. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að nefndin getur fallizt á breyt. h. Ed., nema 1. gr., því að þar er tekið burtu tímatakmarkið um friðun hvalanna, frá 1. maí til 31. okt. Það er öllum auðsætt, að h. Ed. miðar friðun hvala að eins við síldarveiði á þeim eða þeim stað, sem hún á sjer stað, á hverjum tíma árs sem vera skal.

Í þessu liggja fólgin tvö mikils umvarðandi atriði. Af þessu flýtur, að ef síldarveiði t. a. m. er allt af á Eyjafirði, er hvalur friðaður þar allt árið. Og sje ekki síldarveiði annarstaðar en þar, má drepa hvali alstaðar annarstaðar á hverjum tíma sem vera skal, og á hverjum helzt stað umhverfis landið, sem vera skal. Þannig fer þetta frv. alveg fram hjá þeim eiginlega og upprunalega tilgangi sínum, svo honum verður ómögulega náð, allt af því, að friðunartímatakmarkinu er alveg sleppt. Hin heiðraða þingdeild sjer, að nefndin hefir þess vegna ekki komið fram með breyt. þessu viðvíkjandi að gamni sínu, heldur af mjög knýjandi ástæðu; því hún vissi vel um naumleika tímans, og að það mundi tefja fyrir málinu, af því að sakir þess þarf þetta frv. að ganga aptur til h. Ed., ef breyt.till. nær fram að ganga hjer í þessari h. deild. En hún treystir því, að h. þm. láti það ekki aptra sjer frá, að samþykkja þessa breyt.till., því án hennar er þetta frv. sama sem öldungis ekki neitt. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta framar. Jeg vona, að h. þingd. sjái, að breyt. er alveg nauðsynleg, ef lögin eiga að verða að nokkru gagni.

Atkvæðagr.: Breyt.till. nr. 335 samþ. með 19 atkv.

Frv. þannig breytt í heild sinni samþ. sömuleiðis með 19 atkv., og endursent síðan efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að rannsaka reikninga Reykjavíkurkirkju (C. 323); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg vona, að það þurfi eigi mörg rök fyrir till. þessari; hún er auðsjáanlega sprottin af umr. í deildinni fyrir skömmu síðan, og mun öllum vera þær í fersku minni. Þá komu fram ýmisleg dæmi um það, að eigi mundi alls kostar heppileg stjórnaraðferð á fje kirkjunnar, og vona jeg því, að h. deild sjái, að æskilegt væri, að nefnd væri kosin til að rannsaka, hvort aðfinningar þessar eru á rökum byggðar. Jeg ímynda mjer, að h. þingd. þyki það tilhlýðilegt, að kynna sjer það, hvort fje landssjóðs í þessu tilliti sje vel varið, og einnig er það æskilegt fyrir þá, sem hjer eiga hlut að máli, og sem hafa ábyrgðina á þessu fje, að sannleikurinn komi upp, svo að þeir geti losað sig undan því ámæli, sem á þá hefir borið verið hjer á þingi.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer skilst svo, sem til þess sje ætlazt, að þessi fyrirhugaða nefnd eigi að ljúka þessum starfa sínum á þessu þingi; en nú er, eins og öllum h. þm. er kunnugt, tíminn orðinn mjög naumur, svo að vafasamt mun, hvort kenni tekst það til hlítar. Ástæðuna til að kjósa þessa nefnd get jeg ekki hugsað mjer aðra en þá, sem h. flutningsm. tók fram, sem sje þá, að leiða í ljós hið sanna í þessu máli, og gera það opinbert, hvað satt muni í þeim ummælum, sem höfð hafa verið um þessa reikninga hjer á þingi. Eins og kunnugt er, hefir amtmaður suður- og vesturamtsins umsjón þessara reikninga á hendi, og efar það víst enginn, að honum megi fulltreysta í því tilliti, að láta eigi það í þeim standa, sem eigi er fullkomlega rjett. Það stendur svo sjerstaklega á með þessa reikninga, — annars ganga kirkjureikningar til biskupsins; — en þessir reikningar eru skoðaðir af amtmanni og yfirskoðunarmanni landsreikninganna. Jeg get því ekki sjeð fulla ástæðu til að kjósa nefnd í þetta mál, eða að hún hafi annað að gera, en leiða það í ljós, ef villa væri í þessum reikningum; en á því er víst engin hætta, þar sem jafn»-reikningsfróðir menn hafa rannsakað það.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sagði um naumleika tímans, skal jeg benda á það, að áður hafa prófastarnir, en nú

hjeraðsfundirnir, rannsakað reikninga 10—12 kirkna á einum degi, svo að það mun ekki vera ofætlun fyrir nefnd manna, að rannsaka reikninga einnar kirkju á 10 dögum. Hvað það snertir, að treysta megi amtmanninum og endurskoðaranum til að hafa þessa reikninga rjetta, þá hefir mjer aldrei dottið í hug að efast um það; en hitt er annað mál, hvort fjenu er varið svo hagkvæmlega, sem nauðsynlegt er, þar sem kirkjan hefir ekki meiri tekjur að moða úr. Allir reikningar, sem við koma landsins fje, standa undir álitum alþingis, og alþingi má ekki kasta burtu þeim rjetti, sem það hefir til að rannsaka þá. Það er hreinasti misskilningur, að í því liggi nokkurt vantraust, þótt alþingi láti rannsaka þess konar reikninga, enda kýs og þingið á hverju ári 3 menn úr sínum flokki til að gegna þessum starfa. Og þannig er þessi nefndarkosning rjettur og skylda þingsins. Jeg játa það, eins og jeg líka tók fram um daginn, að það væri máske ekkert að athuga við þessa reikninga, ef kirkjan væri rík og hefði nóg fje afgangs; en þegar kirkjan er nærri því gjaldþrota og getur ekki staðið í skilum, þá er meiri ástæða til að við hafa sparsemi. Jeg vona því, að h. deild sinni þessu máli; því það er einnig til þess, að hlutaðeigendum gefist kostur á, að rjettlæta sig gagnvart ámælum þeim, sem fram hafa komið hjer á þinginu.

Tillagan fer að eins fram á það, að nefnd sje sett til að segja álit sitt um, hvort ámæli þessi sjeu á rökum byggð; en sje svo, þá ber þinginu að taka það til greina; en sje það ekki, er það skylda þingsins, að losa hlutaðeigendur undan þessum ámælum.

Landshöfðingi: Jeg get ekki fundið neina ástæðu til að nefnd sje sett til að rannsaka þetta mál. En allt fyrir það er eigi svo, að jeg sje nokkuð á móti því, ef h. þingdeild annars vill aðhyllast það. Jeg verð að álíta, að það sje engin nægileg ástæða til að setja þingnefnd, þótt þær skoðanir hafi komið fram, að öllu fje dómkirkjunnar hafi eigi verið eins varið og menn hefðu helzt óskað sjer, því álit manna getur verið svo margvíslegt um það. Til þess að ástæða væri til að setja nefnd, ætti að liggja fyrir eitthvað ískyggilegt um brúkun þessa fjár; en það verð jeg að álíta að ekki sje. Þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) tók fram, að reikningar kirkjunnar væru úrskurðaðir af amtmanninum yfir Suður- og Vesturumdæminu og endurskoðanda, þá er það að nokkru leyti rjett, en þó ekki tæmandi. Reikningarnir eru samdir af reikningshaldara kirkjunnar og sendir til amtmannsins, amtmaðurinn ávísar fjenu, reikningarnir eru endurskoðaðir af hinum umboðslega endurskoðanda og úrskurðaðir af landshöfðingja. Það er því alveg sama fyrirkomulag á þessum reikningum og öðrum reikningum landssjóðs, og get jeg því ekki sjeð, að ástæða sje til frekara eptirlits með þessum reikningum en öðrum sams konar reikningum landssjóðs. Þær ástæður, sem fram hafa komið hjer á þingi móti þessum reikningum, hafa eigi getað verið nema lauslegar og byggðar á lauslegri yfirvegun. En samt sem áður er jeg þó ekkert á móti því, að nefnd sje sett, ef h. þingdeild álítur, að það sje betur tilfallið, enda þótt jeg ekki geti sjeð, að nein nauðsyn beri til þessa, hvorki vegna málsins í sjálfu sjer nje heldur vegna embættismanna þeirra, sem haft hafa meðgjörð með reikningana.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal í sannleika aldeilis ekki mæla móti því, að nefnd sje kosin, ef það er eindreginn vilji h. deildar; en þessi nefnd getur ekkert annað rannsakað, en það, hvort reikningarnir eru rjettir eða eigi. Því að nauðsynina til þess, að svo og svo mikið hafi verið brúkað af hverju fyrir sig, getur hún ekki rannsakað. (*J. Ól.:* Jú). Nei! Nefndin getur ekki sjeð, hvort brúkað er of mikið af kolum í ofnana, eða hvort kertisstubbarnir eru brúkaðir upp. Þótt nefndin hefði nægan tíma, getur hún ekki annað en gætt að, hvort reikningarnir eru rjettir, og þá í hæsta lagi, hvort einstöku hlutur, sem keyptur hefur verið, hafi verið nauðsynlegur. Ef þessi nefnd ætti að koma að nokkru gagni, ætti það að vera eptirlitsnefnd milli þinga til að sjá um, að eigi væri

eytt óþarflega miklu af tekjum kirkjunnar til útgjalda hennar. En sú nefnd, sem nú er kosin og á að ljúka störfum sínum á 10 dögum, getur ekki komizt að nokkurri verulegri niðurstöðu um það efni. En vilji deildin kjósa þessa nefnd, þá skal jeg ekki vera neitt á móti því; en gagnið verður lítið.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir, að hann er ekki á móti því, að nefnd sje sett; en það er eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vil leyfa mjer að gera dálitla athugasemd við. Hann sagði, að það væri sama eptirlit með þessu fje eins og með öðru landsfje; þetta get jeg ekki sjeð, að sje rjett; því með öllu öðru landsfje hefir fyrst umboðsstjórnin eptirlit, og síðan alþingi, en þessu er ekki þannig varið með reikninga dómkirkjunnar. Allir aðrir reikningar eru fyrst endurskoðaðir af hinum umboðslega endurskoðanda og síðan af endurskoðendum landsreikninganna, og síðan úrskurðaðir af alþingi með lagaboði. Ef maður líka ber reikninga þessarar kirkju saman við reikninga allra annara landssjóðskirkna, þá er hjer einnig ólíku að gegna. Reikningar allra annara kirkna eru endurskoðaðir af hjeraðsfundi, en það eru þessir reikningar ekki. Þegar nú eptirlit með öllu öðru fje þannig liggur undir annaðhvort hjeraðsfundi eða alþingi, þá er auðsætt, að fje dómkirkjunnar sætir ekki sömu yfirskoðun og annað landsfje. H. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði, að nefndin gæti ekki rannsakað, hvort ýmisleg fjárbrúkun hefði verið höfð að nauðsynjalausu, og því gæti hún ekki annað gert, en að rannsaka, hvort reikningarnir væru rjettir, og væri þá nefndin þýðingarlítil. Þetta hefir víst engum dottið í hug öðrum, að ætti að vera verksvið nefndarinnar. Það er engin nauðsyn á, að fara að setja nefnd til þess að leggja tölurnar í reikningunum saman, því það væri ekki til annars en að láta hana æfa sig í samlagningartöflunni. Það hefir enginn heldur efast um, að reikningarnir væru rjettir, heldur einmitt um hitt, hvort ýmisleg fjárbrúkun væri nauðsynleg. Nefndin gæti t. d. sannfært sig um, hvort það hefði verið nauðsynlegt, að kaupa ílát fyrir 21 kr. til að geyma talnaspjöld og þær 10 sálmabækur, sem kirkjan á, þar sem allir vita, að ef farið er hjerna í búðirnar, og keypt hálfkista, þá kostar hún ekki nema 6 kr. Úr því nú ýmsu þess konar hefir verið hreyft, þá mun mönnum, þegar þessar ræður berast út um landið meðal þjóðarinnar, verða torskilið, hvernig geti gengið upp 700 kr. til aðgerðar á kirkjunni. Ef nú nefnd er kosin, getur skeð, að hún geti sannfært sig um, að þetta sje byggt á rökum, að aðgerðin hefði átt sjer stað og hefði verið nauðsynleg. Ef nefndin gæti orðið til þess, að gefa upplýsingar um þetta, og sannfæra menn um, að engin ástæða væri til tortryggni, þá væri full ástæða til að setja hana. Jeg ímynda mjer, að nefndin geti líka gert fleira. Hún gæti t. d. leitað upplýsinga um það, hvort umsjónarmennskan hefði verið boðin upp og fengin þeim, sem minnst byði. Það þótti hjerna um daginn mikið tekið fyrir það, að leggja í ofnana, en aðrir svöruðu því, að það væri ekki dýrt, þar sem þyrfti að vaka í kirkjunni heilar nætur, til þess að hita hana upp. Sömuleiðis var ekki neitt smáræði tekið fyrir þvott á kirkjunni. Þeim, sem nú athuga þetta lauslega, getur dottið í hug, að meiri trygging væri fyrir því, að þeir sofnuðu ekki, sem ættu að vaka heilar nætur í kirkjunni, ef þeir hefðu eitthvað að starfa, og mætti þá ef til vill fá konur til að vaka og dútla svo við að þvo kirkjuna í hægðum sínum, til þess að halda fyrir sjer vöku. Gæti þá borgunin fyrir þetta verið ein. Þetta og fleira gæti nú nefndin athugað og gefið upplýsingar um. Jeg get ekki betur sjeð, en þessi nefnd sje nauðsynleg; annars verður þetta það einasta af landsfje, sem ekkert eptirlit verður haft með af þinginu.

Landshöfðingi: Þar sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram, að eptirlitið með þessu fje væri minna en með öðru landsfje, þá get jeg ekki verið honum samdóma um það. Hann sagði, að allir aðrir reikningar væru endurskoðaðir af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna; en jeg get sagt

honum, að aðrir sjerstakir reikningar yfir tekjur landssjóðsins eru ekki yfirskoðaðir af þeim fremur en þessir; en yfirskoðunarmennirnir geta haft aðgang að þessum reikningum, eins og öllum öðrum sjerstaklegum reikningum landsins, þegar þeir eru að yfirskoða landsreikningana. Að þessu leyti er því hið sama eptirlit með reikningum dómkirkjunnar, eins og með öðrum sjerstaklegum reikningum. Það er satt, að þessir reikningar hafa ekki verið endurskoðaðir af hjeraðsfundi; en jeg geri ekki svo mikið úr því eptirliti, enda er hægt að kippa því í lag, og það gæti orðið ein af tillögum nefndarinnar. En kirkjureikningar annara landssjóðskirkna hafa heldur ekki allt af verið lagðir fyrir hjeraðsfundi og rannsakaðir af þeim, þótt það reyndar muni vera orðin venja nú, að hjeraðsfundirnir fái þá til hliðsjónar, en hin eiginlega rannsókn og úrskurðun þeirra er hin sama eins og endurskoðun og úrskurðun á reikningum Reykjavíkurdómkirkju. H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þótti mikið ganga til viðurhalds á kirkjunni, en ávextir af því ekki sýnilegir. Ef það er sýnilegt, að kirkjan líti vel út, þá er það sýnilegt, að henni er við haldið; því, hvert það hús, sem ekki er við haldið, hrörnar brátt, og árlegt viðhald á eins stóru húsi og dómkirkjan er, hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sjer, og meiri en mönnum kann að virðast í fljótu bragði. Að fara að »licitera« umsjón kirkjunnar, held jeg ekki væri hagfellt; það gæti skeð, að það mætti þá fá hana fyrir lægra verð, en hún yrði þá, að öllum líkindum, lakari en hún nú er. Nú sem stendur er mjög erfitt að fá hæfa menn til þessa starfa fyrir þessa borgun; það eru mjög fáir, sem vilja takast það á hendur fyrir slíkt gjald, hvað þá heldur minna. Jeg held, að það sje ekki tilvinnandi, að taka ávallt þann, sem býðst til að gera það fyrir minnsta borgun; slíkt getur verið mjög ísjárvert. Hitt er meira í varið, að fá einhvern þann mann, sem leysti það vel af hendi, þótt hann verði fáeinum krónum dýrari.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg skal geta þess, að mjer er kunnugt um, að ýmsir menn hjer hafa tjáð sig fúsa til að hafa umsjón kirkjunnar á hendi, og jeg veit að, að minnsta kosti einn þeirra hefir gert tilboð um það, og þetta eru menn, sem hafa haft allt eins vandasöm störf á hendi, og hefir verið trúað fyrir þeim af umboðsstjórninni.

Eiríkur Kúld: Jeg játa, að jeg hefi sjeð reikninga dómkirkjunnar og fengið þá lánaða hjá revisor, og jeg hefi eigi getað gert mjer ýmsa pósta í þeim skiljanlega; en jeg hafði auðvitað ekki tíma til að fara nema fljótlega yfir þá. Jeg held, að reikningar þessarar kirkju hljóti að eiga að leggjast undir revision hjeraðsfunda, eins og reikningar allra annara kirkna samkvæmt lögum 27. febr. 1880; og það hefði líklega aldrei orðið slíkt umtal um þessa reikninga nú, eins og orðið er, ef þeirri reglu hefði verið fylgt. Að hjeraðsfundir ekki hafi tíma til að revidera reikningana, af því þeir sjeu ekki saman nema einn dag, er ekki alveg rjett; þeir þurfa ekki að revidera þá sjálfir þann dag, heldur geta þeir valið 2 menn úr sínum flokki til þess, að revidera reikningana ásamt prófastinum seinna, og jeg veit til að það hefir verið gert, og orðið til þess, að reikningar hafa stundum verið settir niður. Jeg man að minnsta kosti eptir reikningi einnar landssjóðskirkju í fyrra, sem það kom fyrir með. Af því tíminn er nú orðinn svo naumur, þá gefst nefnd, þótt hún verði sett, varla færi á, að rannsaka þetta mál til hlítar; en hún gæti þó, ef til vill, gefið einhverjar góðar bendingar, t. d. með licitation o. fl. Það er líka sannarlega undarlegt í mínum augum, hvað viðgerð á þessari kirkju er dýr, þar sem hún er alveg nýbyggð; en þetta er ef til vill sprottið af því, að jeg er þessu ekki nógu kunnugur; en það er eðlilegt, að menn vilji gera sjer ljóst, hvernig þessu fje er varið, eins og með annað landsfje, og jeg álít, að þingið hafi fullan rjett til að rannsaka þetta samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Atkvæðagreiðsla: Samþykkt, að setja 3 manna nefnd, með 19 atkv. Kosningu

hlutu: E. Kúld með 14 atkv., Jón Ólafsson með 12 atkv., og Jón Sigurðsson með 12 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um prestakallamál (C. 227). Ein umr.

Jón Jónsson: Þótt jeg sje ekki eins fær og margir aðrir til að tala fyrir þessu máli, þá ætla jeg þó að leyfa mjer að fara um það fáeinum orðum.

Það hafa iðulega komið bænir til þingsins um að breyta prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, og þessum bænum er opt svo háttað, að þingið þykist ekki vel fært til, að dæma um þær. Þar sem þessum bænum fylgja optast fjárbænir um meira tillag, þá hefir þingið sjaldan sjeð sjer fært, að verða við þeim. Enn fremur hefir þinginu leiðzt, að vera að setja sig allt af inn í þessi mál, og ekki ætíð haft tíma til þess, og hefir því þessum bænum opt verið hrundið, jafnvel þótt stundum hafi verið veruleg ástæða til að veita þær. Jeg vil gefa hjeraðsfundunum meiri ráð í þessu efni. Jeg álít bezt, að hvert prófastsdæmi, er þess kann að þurfa, fái eitthvert ákveðið árlegt tillag, og láta svo hjeraðsfundina jafna tillaginu niður á hin einstöku prestaköll í hverju prófastsdæmi. Mjer finnst þinginu vera gert töluvert hægra fyrir með þessu, því þá þyrfti það ekki að taka til greina óskir um breytingar, nema þær, sem væru nægilega rökstuddar og undirbúnar af hjeraðsfundunum. Ímynda jeg mjer, að mörgu mætti þá kippa í lag, svo að betur þætti fara, með því að breyta til um skipun hinna einstöku prestakalla innan hvers prófastsdæmis, án þess að auka þyrfti útgjöld landssjóðs fyrir það, og yrði með því nokkuð greitt úr þessu prestakallamáli, sem margir kalla mesta vandræðamál þingsins. Jeg vil því leyfa mjer að mæla með því, að þingið taki þessa tillögu til greina.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma h. uppástungumanni (J. J.) um það, að það væri heppilegt, að þessu máli yrði þannig skipað, að þingið þyrfti ekki í hvert sinn að vera að fást við það, og veita uppbót til hinna einstöku brauða, og það væri æskilegt, að geta komið því svo fyrir, að byrði landssjóðsins yrði sem minnst af tillögunum til prestakallanna. Það er því vel takandi hverri þeirri uppástungu, sem gengur í þá stefnu, að reyna að laga og bæta það fyrirkomulag, sem nú er. En jeg efast um, að sá vegur, sem hjer er bent á, sje heppilegur, og að hann bæti nokkuð úr því, sem nú er. Það er meining uppástungumanna, að víst tillag úr landssjóði sje greitt til hvers prófastsdæmis, að svo miklu leyti sem afgjöldin frá brauðunum ekki hrökkva, og láta svo hjeraðsfundina skipta því niður. Nú er jeg í nokkrum efa um, hvort það er meiningin, að hjeraðsfundirnir eigi að gera þetta í eitt skipti fyrir öll, eða á hverju ári eptir atvikum. Ef hið síðara væri meiningin, þá yrði tekjuupphæð brauðanna of mjög á reiki, og hvort sem er, mundi tekjuupphæð þeirra töluvert raskast, svo að öll þörf yrði á nýju brauðamati; en það gerði nú reyndar ekki svo mikið til. En sú breyting, sem uppástungumaður hugsar sjer, gæti ekki komið til framkvæmdar fyr en brauðin losna, því þegar brauðin eru einu sinni veitt, verður uppbót sú, sem þeim hefir verið lögð, ekki minnkuð fyr en við næstu prestaskipti, og eins verður ekki lagt hærra árgjald á brauðið en það er nú samkvæmt lögum, fyrri en við prestaskipti. Ef hjeraðsfundir eiga að ákveða, eins og mjer sýnist liggja í tillögunni, hvað mikið skyldi leggjast frá einu brauði til annars, þá gæti slíkt ekki komizt á fyr en brauðin losna. En nú getur verið spurning um, — og til þess hefir ekkert verið bent, — hvaða veg stjórnin ætti helzt að taka, til þess að undirbúa þetta mál, undir þingið. Það yrði nú sjálfsagt að finna einhvern veg til þess; en það væri þá æskilegt, að deildin ljeti í ljósi, hvaða veg hún hugsar sjer tiltækilegastan, til þess að komast að sem sanngjarnastri og rjettastri niðurstöðu um það, hversu mikið árgjaldið úr landssjóði ætti að vera til hvers prófastsdæmis, svo að það yrði sem sanngjarnast. Það væri þá líkindi til, að þingið yrði á-

nægðara með undirbúninginn, ef það hefði bent á þann veg, sem fara skyldi, til að undirbúa málið.

Jón Jónsson: Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli. Að því er snertir það, er hann óskaði skýringar á, þá skal jeg geta þess, að hugsun mín var sú, að hjeraðsfundirnir jöfnuðu hinu umrædda tillagi í eitt skipti fyrir öll niður á brauðin. En að því er undirbúninginn snertir, þá var það tilætlun mín, að stjórnin legði til grundvallar prestakallalög $\frac{27}{2}$ 1880, og þær breytingar, sem orðið hafa á þeim síðan.

Jón Ólafsson: Uppástungumennirnir höfðu tillöguna sem almennast orðaða, til þess að binda eigi hendurnar á stjórninni; þeir hafa að eins viljað draga umgjörðina, án þess að fara út í hin einstöku atriði. Stjórnin getur þá í frv. sínu gjört hvort hún vill heldur, farið því fram, að hjeraðsfundirnir jafni tillaginu niður í eitt skipti fyrir öll, eða að þeir gjöri það á vissra ára fresti, eða árlega. Enn fremur mætti í frumv. stjórnarinnar ákveða, hvort hjeraðsfundirnir skyldu vera fullráða í þessari niðurjöfnun, eða, hvort t. d. landsh. ætti að staðfesta hana. Það er eðlilegt, að koma fram með þessa tillögu, þar sem þingið getur eigi átt neina samvinnu við stjórnina, nema gegn um erindisreka hennar hjer. Þessi vegur er því eðlilegur, enda er stjórnin eins fær um að segja álit sitt um þetta, eins og þingið, úr því að hún hefir lögin $\frac{27}{2}$ 1880 við að styðjast.

Ef þetta gæti komizt á, gæti það ef til vill orðið byrjun eða vísir til sjálfstjórnar hjeraðsfunda á fjármálum kirkjunnar. Vona jeg því, að till. verði kærkomin bæði stjórninni og þinginu, og sjerstaklega kirkjunni sjálfri.

Arnljótur Ólafsson: Því skal jeg ekki neita, að í tillögunni liggur viðleitni á að uppfylla þær bænaskrár, sem komið hafa fram um endurbætur á hinni núverandi brauðaskipun; en jeg get þó ekki sjeð, að tillagan fullnægi þessum tilgangi. Nú eru fastákveðin tillög til brauða og fastákveðin frálög frá brauðum. Tillagan ætlast ekki til, að þessu sje breytt. Hið eina nýja, sem tillagan fer fram á, er, að hjeraðsfundir jafni brauðin með tillagi frá einu til annars og tillagi frá landssjóði eða öðrum prófastsdæmum. Nú vil jeg spyrja: Hittir nú þetta þann aðalgalla, sem er á hinni núverandi brauðaskipun? Jeg segi nei; því að það, sem menn eru óánægðir með og óska mestra breytinga á, það er hin mikla samsteypa brauðanna. En úr þeirri meinsemd bætir tillagan ekki, því að hún snertir að eins fjártillög og fjárfrálög brauða og niðurjöfnun þeirra. En úr því nú að uppástungumennirnir hugsa sjer þessa niðurjöfnun fast-setta og gerða í eitt skipti fyrir öll, þá verður hún að miklu leyti óþörf, þar sem fjárlögin ákveða nú um greiðslu á frálagi brauða í fasteignum eða fasteignaafgjöldum, eins og til er ætlazt í lögum 27. febr. 1880

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil eigi álasa h. þm., sem komið hafa með tillögu þessa, því að hún snertir það mál, sem fyr eða síðar verður að taka alvarlega til íhugunar. Það er mjög margt, sem lítur að því, að þess þurfi; og ljósasti votturinn um það er það, að prestaköllin standa óveitt, og eigi líklegt, að úr því bætist næstu árin. Ef tillagan hefði bent á, hvernig ætti að koma prestakallamálinu í betra horf, þá væri tillagan æskileg; en tillagan getur, eins og hún er, eptir áliti mínu eigi komið að liði. H. þm. Eyf. (A. Ó.) tók fram, að ef tillagan fengi framgang, þá væru prestakallalögin 27. febr. 1880 úr gildi numin; og er það satt; því að hjer er skorað á stjórnina, að leggja fyrir alþingi nýtt frv. til laga. H. þm. A.-Skapt. (J. J.) færði sem ástæðu fyrir tillögu þessari, að þm. væru svo ókunnugir ástandi brauða; en á þá stjórnin að vera kunnugri? Það skil jeg eigi að hún geti verið. Þótt stjórnin leggi fyrir alþingi nýtt frv., get jeg eigi vænzt bóta á prestakallaskipuninni, með því að jeg ber eigi það traust til hennar, að hún þekki betur til um prestaköllin hjer á landi en landsmenn sjálfir. Hjer er í breytingartillögunni farið fram á, að fast árgjald sje veitt hverju prófastsdæmi fyrir sig.

það gæti verið kostur, en jeg held, að það gæti líka verið ókostur. Það er kostur, að hvert prófastsdæmi fái sinn skammt; en ókostur held jeg það sje, að hjeraðsfundir ráði útbýtingu fjárins, eða hversu mikið þetta eða þetta brauð skuli fá; mjer finnst miklu eðlilegra, að útbýtingin sje í hendi kirkjustjórnarinnar. Mjer finnst kasta tólfunum, þegar hjeraðsfundir eiga að fara að jafna prestaköllin með tillagi frá einu til annars. Sú tilhögun er með öllu óhafandi. Það er vissulega of mikið lagt á vald hjeraðsfunda, að ætla þeim að ákveða embættistekjur. Það hlýtur og að vera á valdi löggjafarvaldsins eins. Það geta verið margir þeir hjeraðsfundir, sem eigi hafa nægan kunnugleika til þess, og gæti jeg ímyndað mjer að það hefði illt eitt í för með sjer. Jeg get heldur fallizt á, að hjeraðsfundir jafni niður tillögunum, en þó álít jeg rjettara, að umboðsstjórnin hefði það líka á hendi. Hún veit bezt, hvar þörf er á uppbót, þegar litið er til landsins alls. Jeg vil því fella þessa tillögu sem alveg óhafandi, en fá aðra sem væri betur orðuð en þessi.

Jón Jónsson: Jeg heyri, að h. þingdm. hafi skilið tillöguna öðruvísi en uppástungumennirnir ætluðust til. Uppástungumennirnir ætluðust til, að hjeraðsfundir í eitt skipti fyrir öll jöfnuðu brauðin með tillaginu, og hugðu, að hjeraðsfundir væru kunnugri hver í sínu hjeraði, heldur en þm., því að þeir eru eigi hver um sig kunnugir um allt landið; og þótt hver sje nokkuð kunnugur í sínu hjeraði, þá dugir sá kunnugleiki ekki nærri ætið til að sannfæra þingið, enda er tilhlýðilegra, að taka málið fyrir í stærri heildum en í smápörtum. Uppástungumenn ætluðust til, að tillögin til hvers prófastsdæmis úr landssjóði væru föst, en hjeraðsfundir ákvæðu, hversu mikið af tillaginu skyldi ganga til hvers brauðs, sem uppbót þyrfti. Þeir ætluðust til, að stjórnin í frv. sínu byggði á prestakallalögunum 27. febr. 1880, en tæki tillit til breytinga, sem orðið hafa á prestaköllunum síðan og til þeirra skemmda, sem sum þeirra hafa beðið frá þeim tíma. Einnig var það tilætlunin, að hjeraðsfundir skyldu geta lagað skipun prestakallanna án sívaxandi kostnaðar fyrir landssjóð. *(H. Kr. Fr.:* Það stendur eigi). Nei, en það var tilgangurinn og getur orðið afleiðingin.

Arnljótur Ólafsson: Jeg felli mig við þennan skilning á till.; en hann kemur í bága við orð tillögunnar í upphafi hennar, að stjórnin leggi fyrir alþingi 1887 nýtt frv. Ef sá væri skilningur till., að stjórnin leitaði álits hjeraðsfunda um skipun prestakalla, t. d. um stærð þeirra og fjölda kirkna, um tekjuhæð brauða o. s. frv., þá álít jeg uppástunguna hina þarflegustu. Jeg ræð því til, að h. uppástungumenn taki aptur þessa tillögu, en komi með aðra tillögu til þingsályktunar í þá stefnu.

Jón Ólafsson: Tillagan er rjett orðuð, að skorað er á stjórnina, að leggja frv. til laga fyrir alþingi um skipun prestakalla. Breyting þessi, sem tillagan fer fram á, verður eigi gjörð nema með lögum. *(A. Ó.:* Þingmenn hafa eigi vit á málinu). Jú, þingmenn geta þó helzt haft vit á því, sem nauðsynlegt er til þessarar meðferðar, sem hjer er fram á farið, en hvorki vit á nje tíma til að gefa sig við því nægilega, að skipa fyrir um hvert einstakt prestakall á landinu. Jeg vil benda á það, að þar sem nú eru um 140 prestaköll á landinu og öll senda þarfir sínar og bænir til þingsins, þá bakar það þinginu hinn mesta trafala og fyrirhöfn; en þetta minnkaði, ef prófastsdæmin að eins, sem eru um 20, sendu bænarskrár sínar til þingsins; þá gætum vjer búizt við, að í stað þess að fá 7 mál á þingið, fengjum vjer að eins eitt.

Atkvæðagr.: Tillagan samþ. með 12 atkv. gegn 6, og afgreidd síðan til landsh.

Frv. til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk (C. 323); 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Hjer eru engar breytingar fram komnar við þetta frv., og geta ekki aðrar ástæður verið til þess en tvær: annaðhvort að þingmönnum þyki frv. viðunanlegt, eða þeir ætla sjer að fella frv. Jeg vona, að ástæðan sje eigi hið síðara,

því þetta frv. er að ætlun minni til verulegra bóta á því ástandi sem nú er, og stórum betra en það, sem Ed. sendi okkur 1883 um sama efni. Tvær fyrstu greinarnar eru reyndar samhljóða og í því frv., og sömuleiðis 6. gr.; en hinar greinarnar innihalda töluverða rjettarbót. H. þm. Barðstr. (E. K.) hjelt við fyrstu umr. þessa máls, að frv. kæmi í bága við skiptalögin í ákvæðunum um forgangsrjett skuldakrafa; en hæstv. landsh. ljet þá það álit sitt í ljósi, að það væri eigi að óttast, og á þá skoðun er jeg nú líka kominn, við nákvæmari yfirvegun, þó að jeg reyndar fyrst væri á sama máli og h. þm. Barðstr. Enda er hjer eigi talað um annað en þinglýstar skuldir.

Í öðru lagi þótti þm. frv. ganga of nærri frelsi þurfamanna, sjerstaklega hjóna, og hjelt það mundi geta valdið hjónaskilnaði. Jeg held, að það muni varla koma fyrir optar en nú á sjer stað; það er nú ekki svo sjaldgæft, að sveitarstjórnir verða að skilja hjón. Það er ekki almennt, að sá hörkuandi ríki á Íslandi, að lög þessi mundu verða misbrúkuð svo, að þau kæmu niður á heiðarlegri fátækt; það mundi einungis verða óráðsmenn og letingjar, sem fyrir lögunum yrðu, og það eru þeir, sem þau eiga að miða á. Þá er og athugandi, að ágreiningur um vistarráð eptir 4. gr. verður lagður undir álit tveggja óvilhallra manna, og yfirvaldið á að leggja fullnaðarúrskurð á málið. Að vísu er þetta frv. dálítið flóknara en frv. 1883, þar sem leita þarf til amtmanns, ef gjöra á þurfamann ómyndugan; en þó verð jeg að álíta svo mikla rjettarbót í þessu frv., að illa sje farið, ef það yrði fellt. Það gefur líka sveitarstjórnunum aðhald að hafa eptirlit með fje þurfamanna, þegar það er einu sinni pantsett, eins og einstakir menn hafa eptirlit með, að pantar þeirra ekki glatist. Jeg vonast því til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt frá því sem það nú er.

Eiríkur Kúld: H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) furðaði sig á, að jeg hefði ekki komið fram með breytingaratkvæði; en við nákvæmari yfirvegun komst jeg að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið mundi ekki fá framgang, og gjörði jeg það því ekki. Hann sjer ekki galla á þessu frv., en jeg hef þá von, að jeg sjái glöggar en hann í því efni. Jeg bið þess gætt, að það er margur styrktur af sveit, sem er við bú, og skyldi hann hafa erfðafje stjúpbarna undir höndum, því gengur hvorki það, nje greptrunarkostnaður, kúgildi nje landskuld, fyrir sveitarskuldinni. Það virðist mjer ekki vera veruleg rjettsýni. Jeg kann heldur ekki við hið ótakmarkaða vald, sem sveitarstjórnin hefir eptir 4. gr., að það skuli alveg vera á hennar valdi, hvort hún vill skilja hjón eða ekki. Þótt þessi lög yrðu samþykkt, get jeg ekki ímyndað mjer, að þau yrðu þokkasæl í framkvæmdinni, og mun jeg því greiða atkv. móti þeim.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Barðstr. (E. K.) tók orð mín í annari merkingu en jeg talaði þau. Jeg sagði ekki að jeg sæi enga galla, og heldur ekki, að jeg furðaði mig á, að hann hefði ekki komið með breytingaratkvæði. Það dæmi, sem hann tók, að kúgildi töpuðust, og arfur stjúpbarna, held jeg geti ekki átt sjer stað, því þurfamaðurinn getur ekki fremur en aðrir pantsett með rjettu annað en það, sem hann á. Ef ómyndug börn eru, mundu þau líka hafa fjárráðamann, og sjeu þau myndug, munu þau sjálf gæta rjettar síns. Er nær, að þurfalingurinn setji þeim, sem elur hann, stólinn fyrir dyrnar, eða hitt, að sá sem heldur í honum lífinu, hafi hönd í bagga með honum? Og gæti það opt að borið, að þurfamaðurinn hefði betra líf eptir en áður.

Halldór Kr. Friðriksson: Er það sanngjarnt, að sá, sem þiggur einhvern sveitarstyrk, verði að setja í veð eigi að eins allt sem hann á, heldur líka allt, sem hann eignast kann? Er það það frelsi, sem h. þm. eru að berjast fyrir hjer á þinginu? Ef það er frelsi, þá er það sannarlega ekki þess vert, að kaupa það dýrum dómum. Þetta frv. virðist vera langt frá því, að vera samkvæmt mannlegu frelsi, sem enginn af h. þm. mundi vilja missa, þó að hann kynni einhvern-

tíma í það að komast, að hann þyrfti að fá einhvern styrk. Það er mjög ósanngjarnt, að þurfamaður, sem styrk fær, skuli vera skyldur til, að fara í hverja þá vist, sem sveitarstjórnin vill setja hann í; því að þótt hann sje vinnufær, þá er þó engan veginn sagt, að hann geti endurgoldið skuld sína. Það þarf ekki að koma af orsökum, sem hann getur bætt úr, hvorki af leti nje eyðslusemi. Þá vil jeg spyrja: er það samboðið mannlegu frelsi, að fara svona að? Mjer virðist það mjög viðurhlutamikið, að leyfa sveitarstjórnunum að aðskilja hjón, eins og h. þm. Barðst. (E. K.) hefir tekið fram. Í stuttu máli: þetta frv. er svo ófrjálslegt, sem unnt er. Það fellur ef til vill í smekk sveitarstjórnanna; en í smekk þurfalinganna mun það aldrei falla.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki verið samdóma h. vini mínum, þm. Reykv. (H. Kr. Fr.). Jeg skil 1. og 2. gr. nokkuð öðruvísi en hann. Jeg skil þær svo, að hver, sem þiggur sveitastyrk, sje því að eins skyldur að veðsetja, ef sveitarstjórnin krefst þess. Þurfalingurinn stendur þá eins gagnvart sveitinni, eins og hver skuldunautur, sem sækir lán til lánardrottins. Það verður sama samband milli sveitarlimsins og sveitarstjórnarinnar, sem á milli manns og manns. Með öðrum orðum: sveitarstyrkurinn er settur á bekk með sjerhverju öðru láni. Það er mjög röng og skaðleg hugmynd, sem komin er inn í almenning, að ekki þurfi annað, en kasta sjer í kjöltu sveitarinnar, ef eitthvað brestur; hún sje skyldug til að taka menn upp á sinn eik. Þessum skaðlega hugsunarhætti er frv. að berjast á móti, og sýna, að sveitin hefir sama rjett, eins og lánardrottinn móti skuldunaut. En að mínu áliti mun það sjaldan að bera, að sveitarstjórninni þyki ráðlegt, að heimta veð. Eptir minni skoðun hafa sveitarstjórnir nú þegar, eptir gildandi lögum, fullan rjett til að heimta veð af þurfamanninum gegn láni úr sveitarsjóði. Jeg hefi sjálfur heimtað veð af þremur þurfamönnum í Glæsibæjarhrepp, og fengið; en svo fór, að einn tók á eptir lán hjá kaupmanni; kaupmaðurinn heimtaði veð, eins og farið er að tíðkast á seinustu árum á Akureyri gagnvart fátæklingum; en þá hafði hann veðsett sveitinni allt sitt, og loks varð jeg að lofa kaupmanni, að veð sveitarinnar skyldi liggja ókrafið um vissan tíma. Skylda sveitarstjórnarinnar er sú, að útvega þurfalingnum hið allra nauðsynlegasta viðurværi; það, sem er ómissanlegt fyrir líf hans og heilsu; lengra nær eigi sú skylda. Sveitarstjórnin á að sjá um það tvennt: í fyrsta lagi, reyna til að aptra og afstýra leti og ómennsku; og í öðru lagi, að sjá um, að menn deyi ekki úr sulti, klæðleysi nje húsnæðisleysi. En eptir reglugerðinni $\frac{8}{1}$ 1834 má sveitarstjórnin að öðru leyti þrýsta að þurfamanninum eins mikið og hún vill. Jeg sje því ekki, að í þessu frv. sje annað en rjettarbót, og, að minni hyggju, er ekki annað í 1. og 2. gr., en það, sem nú eru gildandi lög í viðskiptum manna á milli. Það eru og lög í Kaupmannahöfn, að fátækrastjórnin hefir og rjett til, að fá styrk sinn endurgoldinn, þegar þurfamaðurinn getur; hún hefir líka kröfu í dánarbúi hans og þrotabúi, og forgangsrjett, eins og hjer er farið fram á. Hún hefir meira að segja erfðarjett í búi þurfamanns, þegar konan er dáin á undan, og eigi til ættingjar, þeir, er framfærsluskyldir eru að lögum. Menn sjá þannig, að til er sterkari lagarjettur fátækrastjórna í konungsríkinu, en hjer er farið fram á,

Holger Clausen: Jeg get ekki fallizt á skoðun 1. þm. Eyf. (A. Ó.), að sveitastyrkurinn sje lán. Ef hann er lán, hvers vegna er hann þá ekki kallaður sveitarlán? Menn fá hjálp af sveitinni, þegar menn eru að fram komnir af bágindum og allsleysi, og sá styrkur er skyldustyrkur, en ekki lán. Ef þetta kemst á, þá verður fátæklingum næstum ómögulegt að fá nokkra hjálp, nema þeir setji tryggingu fyrir, að styrkurinn verði borgaður, og af því þannig verður örðugra að fá styrk en áður, held jeg frv. muni heldur gera skaða en gagn. Svo stendur í 2. gr., að sveitarstyrkurinn hafi forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldum. Á sveitin þá að hafa

meiri rjett, af því það er *skylda* hennar, að leggja þurfamönnum; meiri rjett, en maður, sem hefir lánað þeim af góðsemi, án þess, að hafa nokkra skyldu til þess? 4. gr. virðist mjer vera í meira lagi rússnesk, að allir, sem eigi hafa endurgoldið fenginn styrk, skuli vera skyldugir til að fara í hverja vist, sem sveitarstjórnin ákveður. Er þetta í okkar frjálsa Íslandi? Eru þetta frjálsir menn, sem vilja þröngva öðrum mönnum til vinnu? Þegar allt er veðsett, og enginn danskur nje íslenzkur eyrir eptir, þá má skipa þurfamanninum hvert á land sem vill. Er það frelsi?

Halldór Kr. Friðriksson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að sveitarstyrkurinn væri lán eins og önnur lán; þetta er ekki rjett, því að sveitin er skyldug til að veita þann styrk, sem hún veitir. Glæsibæjarhreppur er skyldugur til, að hjálpa þeim, sem ekki geta fleytt sjer fram á annan hátt; en presturinn á Bægisá er ekki skyldugur til að hjálpa, þó að hann sje í sömu sveit sem þurfamaðurinn. (*L. Bl.*: Rjettindi fylgja skyldunni). Jeg verð að lýsa því yfir, að þessi rjettindi, sem frv. fer fram á, eru ekki afleiðing af skyldunni. Jeg kannast við, að það er orðinn hugsunarháttur allt of margra, að sveitin sje ekki of góð til að annast sig, og þeirri skaðlegu skoðun þarf að út rýma. Til þess eru tveir vegir. Annar er sá, að breyta hugsunarhættinum með því að vekja sómatilfinninguna; hinn vegurinn er sá, að enda þótt menn hjálpi, láti menn það þó vera svo af skornum skammti, að það sje þurfamanninum hvöt til að hjálpa sjer sjálfur framvegis. Þennan veg hefi jeg notað, og hefir hann komið mjer að góðu gagni. En sá vegur, sem frv. fer fram á, er sannarlega ekki sá rjetti vegur til að ljetta sveitarþyngslum. Sveitarstjórnin verður að hjálpa. Jeg set svo, að einhver hafi sett í veð allt sem hann á og eignast kann. Sá, sem styrkinn fær, segir, að það, sem hann hefir fengið, nægi ekki; hann kemst ekki af fyrir það; sveitarstjórnin verður að hjálpa. Má hún þá neita honum um alla frekari hjálp? Nei; hún getur ekki komizt hjá því að halda í honum lífinu. Það er rjett, sem h. þm. Snæf. (H. Cl.) sagði. Forgöngurjetturinn leiðir ekki af þeirri skyldu, sem sveitin hefir til að hjálpa.

Arnljótur Ólafsson: Skylda sveitarstjórnanna er einungis fólgin í því, að láta þurfalinginn ekki fara þess á mis, sem er ómissandi fyrir líf hans og heilsu, t. d. ómissandi til lífsbjargar. En sveitarlánin ganga miklu lengra, þar sem mönnum með þeim er opt haldið við búskap. Viðvíkjandi því, sem h. þm. Snæf. (H. Cl.) tók fram við 4. gr., þá get jeg ekki sjeð, að hún leggi neitt verulegt band á vanalegt frelsi manna; því hver er sá rjettur, sem sveitarstjórnunum er gefinn? Það er að eins að neyða þurfalingana til að fara í einhverja viðunanlega vist og vinna einhverja venjulega vinnu, sem þeim er ekki um megn. Sjálfur stórkaupmaðurinn í Stykkishólmi, með öllum sínum auði, telur ekki eptir sjer að vinna venjulega vinnu, það er að segja: venjulega stórkaupmannsvinnu, og hann heimtar víst af öllum hjúum sínum, að þau einnig vinni hverja venjulega vinnu. Þetta eru því almenn kjör manna, sem allir verða undir að búa. En þurfalingnum er þó heimilt að ráða sjer sjálfur, ef hann setur venjulega trygging fyrir því, að sveitarsjóður hans engan halla bíði þar af. Hann þarf þá ekki annað en að fara til kaupmannsins, hvort sem hann er í Stykkishólmi eða annarstaðar, og segja: »Jeg vil fara í púlsmennsku til yðar, heldur en erfiða upp í sveit, því hjer er hægra að fá sjer staup og góðan kost; en svo verðið þjer að ábyrgjast fyrir mig, að fátækrasjóðurinn bíði hjer af engan halla«. Þetta gjörir kaupmaðurinn sjálfsagt. Þurfalingurinn getur því verið hvar sem hann vill, ef hann getur fengið vist og vinnu annarsstaðar, án þess að sveitarsjóður hans bíði þar af nokkurn halla. Ef mönnum þykir þetta hart, hvað vilja menn þá segja um letigarðinn hjá Kaupmannahöfn og erfiðishús og Corrections houses erlendis? Því þar eru menn hnepptir inni við vinnu sína. Eru þau betri? Þetta eru þau einustu úrræði, sem menn geta haft hjer á landi. Mjer þykir leiðinlegt, að geta ekki komið mjer saman

við h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.), því við erum í rauninni sam-mála, og hann fylgir þeim sömu reglum í fátækrastjórn sinni hjer í bænum, sem jeg í minni sveit.

Holger Clausen: Jeg vil að eins þakka h. þm. Eyf. (A. Ó.) fyrir, að hann tók mig fyrir persónulega; en það er sjaldan minn vani. Í 1. gr. er fátæklingnum skipað, að taka vist, og gjört að skyldu, að veðsetja allt, sem hann á og eignast kann; en í 4. gr. á hann að setja sveitarsjóðnum tryggingu; þetta er »nonsens«.

Jón Ólafsson: Þegar þetta frv. var hjer fyrir 1. umr., hafði jeg ýmislegt á móti, því, ekki af því að það gengi of nálægt rjetti einstaklinganna, heldur af því, að mjer þótti það ekki veita sveitarstjórnunum nógu mikið vald. Nú hef jeg því ráðið við mig, að gefa þessu frv. atkv. mitt, af því mjer þykir tvísýnt, hvort harðara frv. en þetta fái framgang. Þar sem talað er um, að skuldir til sveitarsjóðs skuli hafa forgöngurjett fyrir öðrum skuldum, þá má misskilja það svo, að þar með sjeu meintar allar aðrar skuldir; en það getur þó ekki verið meiningin, að þær hafi forgöngurjett fyrir t. d. eldri veðskuldum eða öðrum privilegeruðum skuldum. Þessu væri því gott að breyta, svo enginn vafi gæti á því verið. Jeg get ómögulega skilið, að það geti orðið nein vandræði úr þessu, þannig, að nokkur missi kúgildi sín fyrir það; því styrkþurfinn getur ekki veðsett það, sem hann ekki á. Þar á mót geta kúgildtapast með öðru móti. Jeg hef t. d. heyrt getið um, að í vísitazíubók einni standi svo: »Staðarins tún í órækt, staðarins hús gjörfallin, staðarins kúgildi tjáir presturinn sig uppetið hafa, kyrkja fyrirfinnst engin«. Að sveitastjórnunum sje gefin heimild til að skilja hjón, get jeg ekki sjeð að sje svo mjög ófrjálslegt; að minnsta kosti er það alveg nauðsynlegt, ef ávöxturinn af sambúð þeirra er, eins og opt vill verða, að eins sá, að hlaða niður börnum, sem öll lenda á sveitinni. Það er ekkert frelsi í því, að láta þá, sem eru sjálfbjarga, liggja undir takmarkalausu skatta-álöguvaldi þeirra, sem ekki nenna að bjarga sjer, eða geta bjargað sjer. Það er nóg, að ósjálfbjargamaðurinn getur heimtað forlagseyri handa sjer og sínum af sveitinni, þótt hann fái ekki líka einkaleyfi til að búa henni til nýja ómaga árlega með barngetnaði. Sá, sem ekki getur fram fært börn af eiginn rammleik, hefur engan siðferðislegan rjett til að geta börn. Ósjálfbjarga menn hafa engan siðferðislegan rjett til að æxlast. Jeg hef verið í sveitarstjórn og hef sem oddviti skilið hjón að, og komið þeim niður sínu á hvorn sveitarenda, svo að 4-5 mílur voru á milli þeirra. *(H. Kr. Fr.:* Þau hafa víst átt krakka samt). Ónei, ekki á meðan svo langt var milli þeirra, enda brýndi jeg alvarlega fyrir þeim, að hætta barngetnaði. Þessi hjón komu, eptir að þau höfðu verið þannig eitt ár aðskilin, til sveitastjórnarinnar, og settu ábyrgðarmenn fyrir því, að þau ekki skyldu verða sveitinni til þyngsla, þótt þau fengju að búa saman; og þau búa nú saman, hafa máske síðan átt börn, en aldrei orðið sveitinni til þyngsla, og meira að segja endurgoldið nokkuð af þeim styrk, sem þau höfðu áður þegið.

Eiríkur Kúld: Jeg er alveg samdóma h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), þrátt fyrir mótmæli h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þm. Eyf. (A. Ó.). Það gleður mig, að h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hefur nú fundið galla á frv. Það stendur t. d. í 1. gr., að þurfalingurinn sje skyldur til að veðsetja allt það sem hann á; en hverja þýðingu hefur þetta, ef hann er búinn að veðsetja það allt saman áður? *(L. Bl.:* næsti veðrjettur), og hvað getur hann veðsett, ef hann ekkert á? Þótt hann ekkert veð geti sett, þá er sveitin samt skyldug að hjálpa honum. Jeg vil einnig skjóta því til allra þeirra, sem kvongaðir eru eða hafa verið, hvort 4. gr. frv. sje frjálsleg eða ekki; því eptir henni hefur sveitarstjórnin heimild til að slíta sambúð fátækra hjóna nær sem henni sýnist, þótt þau ali börn sín upp í guðsótta og góðum siðum; en hjer á að vera bót í máli, svo að þurfalingurinn getur kært þetta fyrir sýslumanni, og höfðað mál; en hvaðan á hann að taka fje til að standast málskostnaðinn?

Ef þetta er ekki ófrjálslegt, þá veit jeg ekki hvað er ófrjálslegt.

Atkvæðagr:

1. gr. samþ. með 18: 4
2. — — — 17: 5
3. — — — 18: 4
4. — — — 18: 5
5. — — — 17: 5
6. — — — 18: 5
7. — — — 18: 5

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (C. 206); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vona, að þetta frv., sem er eins mjúkt eins og æðardúnn, fái mjúkar undirtektir hjá h. deild, og ef h. þm. Snæf. (H. Cl.) verður ekki á móti því, þá vona jeg að það fái framgang.

Holger Clausen: Jeg vil biðja h. þm. Eyf. (A. Ó.) að láta mig vera í friði persónulega, eins og jeg vil reyna að gera við aðra. Jeg vil helzt vera fyrir utan þetta allt persónuleg.

Eiríkur Kúld: Það er óþarft fyrir mig að tala mikið í þessu máli; en þó vil jeg með fám orðum skýra frá, hvernig mál þetta er undir komið. *(Margir:* Við vitum það). Það eru 3 sýslur, sem fara hjer fram á að fá lán til þess að vernda þennan atvinnuveg, og vona jeg að þetta þing, sem virðist vilja hlynna sem mest að atvinnuvegum vorum, verði hlynnt þessu máli. Í harðærinu 1882 fjell mjög mikið af æðarfugli, og í öðru lagi lagðist sá vargur á æðarfuglinn, og það einmitt á fullorðnu fuglana, t. d. svartbakur eða veiðibjöllur, sem menn ekki þekktu til áður. Þeir höfðu nefnilega áður aldrei lagzt nema á ungana. Það er auðvitað, að varpeigendur eiga að útrýma þessum vargi og vernda þennan atvinnuveg sjálfir, að svo miklu leyti sem þeir geta, og það kynni þeim að takast með dugnaði, svo sem á 10 ára fresti; en það er eigi nóg; því hvílíkt tjón getur eigi þessi vargasægur gert á 10 ára bili? En til þess að hjer verði veruleg bót á unnin, þarf að útrýma vargi þessum strax á svo sem 2 árum, og til þess þarf meira fje en varpeigendur geta í tje látið svona allt í einu í þessum hörðu árum. Það er alls ekki eins dæmi, að styrkur sje veittur til slíks; þannig veitti t. d. Stórþingið í Noregi 1846 styrk í 15 ár, sem nam 200,000 kr. á 15 árum samtals. Hið sama hefir átt sjer stað í suðurfylkjunum í Norður-Ameríku. Það þarf og margt að gera við æðarvarpið, fleira en að útrýma varginum, og sem ekki verður gert nema með ærnum kostnaði, t. d. stinga skurði, byggja garða, búa til tjarnir og ryðja varir. Ef æðarfuglinn er friðaður fyrir þessum vargi, má gera ráð fyrir að minnsta kosti áttföldum arði af honum á 10 ára fresti við það sem nú er. Jeg vona að h. þingd. verði þessu frv. eins meðmælt nú, eins og við 1. umr.

Atkvæðagr.: 1. gr. samþ. með 18 atkv., 2. gr. samþ. með 19 atkv., 3. og 4. gr. samþ. með 18 atkv. hver.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (C. 228); 3. umr.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. umræðulaust með 17 atkv.; afgreitt síðan til landsh. sem lög frá alþingi.

Fertugasti og fyrsti fundur, mánudag 17. ágúst kl. 12. Allir á fundi, nema 1. þm. S.-Múl. (T. G.) og 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.), sem höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Þessir 8 þingmenn:

Benidikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Friðrik Stefánsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson og
Egill Egilsson

höfðu beiðzt þess, að síðasta mál á dagskránni, kosningu yfirskoðunarmannsins, væri frestað, og það tekið út af dagskrá.

Forseti skaut því til þingdeildarinnar,

en hún synjaði þess með meiri hluta atkvæða.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1884 og 1885 (C. 343; breyt.till. 365); ein umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg skal eigi vera margorður, og skal jeg leyfa mjer að minnast fyrst á síðari breytingu hinnar h. efri deildar, að þar sem Nd. samþykkti, að veita 2000 kr. til kostnaðar við að setja í umgjörð og flytja hingað til Íslands myndir þær, sem gefnar hafa verið til stofnunar myndasafns, þá hefir h. Ed. lækkað fjárupphæð þá niður í 1000 kr. Oss nefndarmönnum finnst öldungis nauðsynlegt, að veita þetta fje, því að ef það væri eigi veitt, þá er það hið sama sem þingið segði: »Jeg vil eigi þiggja þessar myndir»; en það er þó beinlínis til að móðga eða vanvirða gefendurna. Jeg vona því, að h. deild samþykki eigi þessa breytingu Ed. Nefndin hefir aptur fært fjárhæð þessa upp í 1,800 kr., sem er sem næst það fje, sem beðið var um áð upphafi og talið, að minnst mundi verða hægt að komast af með, og nefndin er sömu skoðunar, að minna muni eigi nægja. Jeg vonast því eptir, að h. deild veiti þessa fjárupphæð nú; því að það er eigi til nokkurs, að láta myndirnar liggja tvö ár í Kaupmannahöfn, í þeirri von, að fje verði veitt á næsta þingi til flutnings á þeim heim hingað, og umgjörða um þær, og þessi fjárhæð má eigi vera minni en 1,800 kr.; 1000 kr. hljóta að vera of lítið.

Svo er hinn liðurinn, um 4000 kr. fjárveitingu til viðgjörðar á latínuskólanum nú í ár, sem h. Ed. hefir fellt í burtu. Það fje er líka alveg nauðsynlegt; en jeg skal geta þess, að það er að eins til þeirra viðgjörða á skólanum, sem eigi verður hjá komizt. Jeg vil eigi segja, að menn geti eigi látið það dragast þetta ár, en þá er óhjákvæmilegt, að taka fjárveitingu þessa upp í fjárlögin næsta ár, því að það þarf nauðsynlega að gera ýmislegt við skólahúsið, og sem nauðsyn ber til gera sem fyrst, einkum stokkana í austurhlið skólans, sem að öðrum kosti mundu skemmast enn meira. Þótt þingið samþykkti 24,000 kr. fjárveiting þá, sem stjórnin fór fram á til að laga skólann svo, að hann væri nægilegur eptir aðsókninni að honum, þá kemur þessi fjárveiting alls eigi í neinn bága við það; þessi viðgjörð er einmitt eitt af því, sem fólgið var í aðalviðgerðinni, og er því frá, þegar það er búið.

H. Ed. hefir eigi gert aðrar breytingar við þetta frv. vort; en hún hefir gefið Nd. eins konar ákúrur fyrir það, að hún hafi eigi grennslazt eptir, hvort stjórnin hafi gert rjetta grein fyrir skuldinni af Oddaprestakalli; skuldin hefir að sönnu eigi reynzt eins mikil, og sagt var í stjórnarfrumvarpinu, með því að nokkuð var greitt af brauðinu í sumar, en um það vissi hvorki fjárlaganefndin nje Nd. nokkra vitund, og hvorki stjórnin nje aðrir gáfu nefndinni nokkra vitneskju um það. Mjer finnast þessar ákúrur h. Ed. mjög óviðkunnanlegar, og vísa jeg þeim því fyrir hönd nefndarinnar og deildarinnar frá.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma h. framsögum. (H. Kr. Fr.) í því, að 1000 kr. fjárveiting til myndaumgjörðanna sje of lítil; en jeg ætla að eins að leyfa mjer að spyrja h. framsögum. eða aðra, sem gætu frætt mig um, hvað ætti að gera við þessar myndir, eða hvar ætti að geyma þær, því þar sem þær nú eru, í barnaskólanum, geta þær þó ekki verið, en að byrgja þær og geyma í kössum, finnst mjer óviðkunnanlegt og ófært. Jeg vildi að eins leita upplýsingar um þetta.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg skal leyfa mjer að svara þessari spurningu.

Að vísu höfum vjer nú ekki ákveðinn stað handa myndunum. Þó ætla jeg að eigi þurfi að geyma þær niðri í kössum. Það mætti geyma þær einhverstaðar hjer í alþingishúsinu, t. a. m. hjer á lestrarsalnum eða niðri í stofum landsbókasafnsins. Jeg ber það traust til hæstv. landsh., að hann muni sjá myndunum fyrir stað, þar sem þær að minnsta kosti geta geymzt, og, ef til vill, verið mönnum til sýnis, þegar

svo ber undir, þótt aðgangur að þeim sje eigi ávallt opinn.

Landshöfðingi: Út af þessum síðustu orðum h. framsögum. (H. Kr. Fr.) skal jeg geta þess, að jeg mun reyna að sjá myndunum fyrir stað í vetur, þar sem þeim er óhætt fyrir skemmdum, þótt þær, ef til vill, ekki gæti verið til sýnis. Að vori og sumri hefi jeg hugsað mjer, að þær muni geta orðið sýndar í barnaskólahúsinu, því að þar er allgott húsrúm til þess, og svo losnar það hús snemma að vorinu.

Að því er breyt.till. snertir, þá er jeg samdóma h. framsögum. (H. Kr. Fr.) um, að 1000 kr. sje langt of lítið, og að því þurfi að hækka fje þetta upp í 1,800 kr. að minnsta kosti, ef gjafir þessar eiga að ná tilgangi sínum.

Það gæti verið efasamt, hvort veita skuli þessar 4000 kr. til aðgjörðar á skólanum í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil eða í fjárlögunum fyrir næsta fjárhagstímabil; en úr því að h. framsögum. (H. Kr. Fr.) er á því, að veita skuli fje þetta með fjáraukalögum, þá hef jeg ekkert á móti því, enda er hann því öllu kunnugastur, hvort unnt muni verða að framkvæma aðgjörðirnar í haust, með því að hann er umsjónarmaður skólahússins. Þótt fje þetta yrði ekki, ef til vill, allt brúkað þetta ár, ímynda jeg mjer, að h. þing muni ekki taka hart á því, þótt nokkuð af því yrði þá notað á næsta ári, eins og það heldur ekki væri neina hætta, að fara að gera við skólann, þegar er h. þing hefir samþ. þessa fjárveiting, þótt eigi væri fengin konungleg staðfesting.

Atkvæðagr.:

Breyt.till. við 4. gr. samþ. með 18 atkv.

— — 5. — — — 14 —

Hin breytta töluupphæð í 1. gr. samþ. með 18 atkv.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 20 atkv., og síðan endursent Ed.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1882 og 1883 (C. 351); 3. umr.

Frv. samþykkt umræðulaust og síðan sent Ed.

Tillögur út af landsreikningnum 1882 og 1883 (C. 322); síðari umr.

Samþ. umræðulaust.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883 (C. 341); 3. umr.

Samþ. umræðulaust og síðan afgreitt til Ed.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (C. 206, breyt.till. 365); 3. umr.

Breyt.till. var samþ. í einu hljóði umræðulaust, og frv. með breyt. sömuleiðis. Afgreitt síðan til Ed.

Kosning neðri deildar á yfirskoðunarmanni landsreikningsins fyrir árin 1884—1885, og var dr. Grímur Thomsen kosinn með 17 atkv.

Fertugasti og annar fundur, miðvikudag 18. ágúst, kl. 12. Allir á fundi, nema 1. þm. S.-Múl. (T. G.), er hafði tilkynnt forföll sín.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi (C. 200); 3. umr.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 16 : 5 atkv., að við höfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna. Nei sögðu: H. Kr. Friðrikssson, A. Ólafsson, H. Clausen, Þorkell Bjarnason og Th. Thorsteinson.

Tr. Gunnarsson og Gunnl. E. Briem voru eigi við staddir.

Var frv. síðan afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frv. til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk (C. 323); 3. umr.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 15 : 4 atkv., og afgreitt síðan til landsh. sem lög frá alþingi.

Frv. til laga um helgi lands fyrir ágangi af skepnum (C. 193; nefndarálit með breyt.-till. 299); 2. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Í nefndarálitinu má sjá breytingar þær, er nefndin hefir stungið upp á, að gjörðar væru á þessu frv., t. d. við 1. gr., að »það verði ekki beitt grasnámssektum fyrir sauðfjenað þann tíma haust og vor, sem hann gengur almennt sjálfala í heimalöndum», því það gæti valdið mjög miklum ógreiða

og truflað grannafrið. Og síðast í greinina hefir nefndin bætt inn í sekt fyrir það, ef ferðamenn æja hestum sínum í slægjulandi. Þetta er mikilsvert atriði, og því mikill vandi að bæta verulega úr því; það er auðvitað, að áfangastaðir eru ferðamönnum eins nauðsynlegir eins og vegir, en ef greiða ætti hátt gjald fyrir hvern áfangastað, þá væri það nær því óbærilegt fyrir ferðamenn. Vitaskuld er það mikill ágangur fyrir landeigendur, enda þótt eigi sje áð í slægjulandi; en þó treysti nefndin sjer ekki til að fara lengra út í það en hin h. Ed.

Við 3. gr. hefir nefndin stungið upp á þeirri breytingu, að í stað orðanna: »hæfilegs frests» komi »2 sólarhringa»; það er ákveðnara og vafaminna.

Við 4. gr. hefir nefndin stungið upp á talsverðri breytingu. Nefndin gekk út frá því, að gera þetta sem einfaldast og óflóknast, svo að ef ágreiningur yrði, þá þyrfti það ekki að ganga til sýslumanns, heldur áleit nefndin langbezt, að slíkt yrði útkljáð innanhrepps sem mest, eða í öllum hinum einfaldari tilfellum. Nefndin hefir því sett »hreppstjóra», í stað »lögreglustjóra». Sömuleiðis hefir nefndin stungið upp á, að setja »3 mánaða» frest, í stað »6 mánaða», sem henni virtist óhæfilega langur.

Við 5. gr. höfum við í nefndinni að eins stungið upp á, að breyta orðunum »allt að 50 kr. sekt» í »2—50 kr. sekt eptir atvikum».

Við 6. gr. hefir nefndin stungið upp á talsverðum orðabreytingum til skýringar.

Nefndin hefir lagt til, að 7. gr. frv. falli burtu, en að bætt sje inn í nýrri gr., sem verður 7. gr., um það, að sveitarstjórnum sje heimilt að gera samþykktir um þetta efni í sínu sveitarfjelagi, sem auðvitað ekki má að neinu leyti koma í bága við gildandi lög, og enn fremur, að til þess, að slík samþykkt nái gildi, þurfi $\frac{3}{4}$ allra þeirra í sveitarfjelaginu, er kosningarrjett hafa til sveitarstjórnar, að hafa greitt atkvæði með henni á fundi, og að síðustu liggur hún undir staðfesting hlutaðeigandi sýslumanns eptir tillögum sýslunefndar. Þetta fannst nefndinni heppileg ákvörðun, og til verulegra bóta í frv.; og ætla jeg svo ekki að svo stöddu að fara fleirum orðum um frv., fyr en jeg heyri undirtektir hinna h. þm. undir það.

Þorkell Bjarnason: Jeg er sannfærður um, að h. Ed. hefir gengið gott eitt til með þetta frv., og sömuleiðis álít jeg, að frv. hafi heldur batnað hjá nefndinni; en þó verð jeg að álíta, að það sje svo vaxið, að af því hljóti að leiða meira illt en gott. (*Margir*: Heyr!). Það liggur að vísu engin sekt, en að eins borgun, við ágangi og grasnámi af búfjenaði á sumrin; en þetta getur þó orðið harla þungbært fyrir bændur, því stundum er ómögulegt að komast hjá, að kýr manns og ær gangi upp á land annara, nema með því að láta sitja yfir búfje sínu, en það hefir ærinn kostnað í för með sjer, og jeg held, að búnaður manna hjer á landi þoli ekki slíkt. Mjer finnst, að ákvarðanir um borgun eða skaðabætur fyrir ágang af hrossum, nautum og sauðfjenaði á vetrum hefði mátt nægja. En það mega allir sjá, að það verður til hinnar mestu misklíðar nágranna á milli, að mega taka kýr og ær, og halda þeim þangað til að borgun kemur fyrir uslann. Setjum, að bláfátækur maður geti ekki borgað það skaðabótarfje, sem hreppstjóri ákveður eptir 5. gr.; þá getur hinn haldið fje hans svo og svo lengi, og selt það að lokum eða látið selja; og þótt fátæklingurinn hafi eitthvað til, þá getur það orðið mjög svo þungbært fyrir hann, að borga fyrir ær sínar og kýr, ef til vill daglega. Og þótt margur, ef til vill, kynni að láta vera að nota þennan rjett, þá eru sjálfsagt margir miður góðgjarnir, sem mundu nota þennan rjett, og það í strangasta máta. Jeg álít rjett, að fella þetta frv. sem fyrst, með því að í því er engin rjettarbót; þvert á móti virðist mjer það mundi leiða til hinna »mestu vandræða». Þar sem talað er um »búpening» í 1. gr., þá skil jeg við það ær og kýr, og, ef til vill, brúkunarhross, en ekki stóðhross, svo þau eiga eptir

því að mega ganga á mönnum að ósekju. Eða álítur nefndin, að stóðhross heyri til búpeningi? Jeg skil það ekki; en stóðhross gera þó svo mikinn usla opt, að ekki væri vanþörf á að taka þau inn í þessar ákvarðanir, og láta borga skaðabætur fullar fyrir þau.

Benidikt Sveinsson: Jeg er alveg samdóma h. þm. G.-K. (Þ. Bj.) um allt það, sem hann sagði um þetta mál; og jeg get bætt við mörgu, en ætla að bæta að eins fáu við. Án þess jeg í minnsta máta efist um, að uppástungumönnunum hafi gengið gott til, verð jeg þá fyrst að segja, að þetta frv. er alveg ótímabær burður; landamerkin verða að vera orðin fastákveðin, áður en menn gætu hugsað til að skipa lög um þetta efni; menn verða fyrst að vita, hvað menn eiga, áður en strangt verður gengið eptir því, að hver og einn haldi fjenaði sínum á hans landi. En það líða líklega meir en eitt, meira en tvö, já meira en 10 ár, áður en full framkvæmd kemur á landamerkjalögin og landamerki sett fyrir hverri jörðu á öllu Íslandi, eins og jeg líka spáði, þegar þessi lög voru samin, og jeg var með atkvæðafjölda þingsins neyddur til að setja þennan kafla um skyldu manna til að ákveða landamerki undir málssókn og sektir, inn í lögin. Það eru þar að auki ýmsir gífurlegir gallar á þessu frv., sem gera það, að frv. er alveg óhafandi, eins og það er. Það stendur t. d. í 1. gr., »að æja megi hestum ferðamanna bótalaust, þar sem ekki hafi verið áður slegið». Hvað þýðir þetta »ekki hefir verið áður slegið»? Ef slík orð ekki geta orðið prætu- og rangindaefni, þá geta engin ákvæði orðið það. »Áður» getur mest þýtt »aldrei áður», því »áður» yfirgrípur allan umliðinn tíma. Af þessu leiðir, að ekki má æja hestum á nokkrum þeim bletti, sem sleginn hefir verið einhvern tíma frá landnámstíð, þó engum geti dottið í hug, að nota hann til slægna, og hann sje alveg ónýtur til slíkra afnota. En orðið »áður» þýðir hjer annað ekki betra. Þegar jeg geri jarðabætur, og veiti vatni eða sting skurði, svo að þar verður slægjuland, sem áður var bithagi, þá má hver ferðamaður æja þar, og láta hesta sína bíta þar grasið jafnóðum og það vex, af því það hefir aldrei verið slegið áður. Svona missi jeg þá grasið af þessu engi fyrsta árið bótalaust af ágangi ferðamanna. Árið eptir má hver ferðamaður, sem vill, enn æja þar og beita þetta engi, af því það var, — eða rjettara sagt — varð ekki slegið árið áður; og svona gengur það koll af kolli, og ár frá ári, meðan landið stendur, með öðrum orðum: þetta orð fyrirmunar búandi mönnum að taka land til yrkingar eða ræktunar. Þetta þykir mjer heldur stór mosavaxinn þröskuldur fyrir búnaðarlegum framförum Íslands. Þetta mundi að vísu ekki verða almennt; en það getur hæglega komið fyrir; og fyrst það getur komið fyrir, þá er slík ákvörðun alveg óhafandi í lögum. Þá kemur annað dæmið, 4. gr. Jeg bið hina h. þm., að lesa hana orð fyrir orð með mjer. Eptir henni á sýslumaðurinn að ganga fyrir hvers manns dyr, og spyrja um eiganda óskilafjár. Er nú þetta ekki óþolandi, óheyrð og óheyrileg byrði fyrir lögreglustjóra landsins? Hjer er ekki einu sinni til tekinn neinn lögákveðinn auglýsingamáti. Svo kemur þó annað enn þá verra í þessari blessuðu 4. gr. Eptir því ákvæði á sá, sem fje setur inn, að geyma það í 3 mánuði, eptir frv. efri deildar sex mánuði, fyrir eiganda, þann, sem ólöglega beitir annars land. Ef jeg nú t. d. á, segjum 100, segjum 300 fjár, og svo læt jeg fje mitt fara inn á land annars munns, kannske yfir fjall um veturnætur, sem svo snöggllega getur orðið ófært, að fjeð komist ekki óskemmt til baka allan þann gæzlutíma, já, þá á hann að geyma fjeð jafngott; og hvað vill það segja? Hann á náttúrlega að fóðra það og hirða fyrir mig, 100 fjár, 300 fjár, eptir því sem verkast vill, 3 mánuði. Ef hann hefir ekki fóður afgangs, þá verður hann sjálfsagt að drepa sínar eigin rollur, til þess að geta fóðrað mitt fje. Þetta er dæilegt lagasmíði! Það er gott og ánægjulegt, að fóðra fje fyrir aðra, ef þeim liggur á og maður hefir nóg hey; en að verða að drepa sínar eigin skepnur sam-

kvæmt þessari ákvörðun, einmitt fyrir þann, sem gerir manni ólögheimilaðan ágang, það læt jeg svona vera; eða hvað segja hinir aðrir háttvirtu þingmenn um það? Jeg er í engum vafa um, að greiða atkvæði á móti slíkum fádæmum. Það má telja upp 10, það má telja upp 20, það má telja upp 30 galla á þessu frv., sem eru þessu líkir og alveg óhafandi. En hvað hefir svo þessi dæmalausi gallagripur að þýða, hvaða nauðsyn hefir knúð hann inn í dagsljósið? Vjer höfum Jónsbók og ákvæði hennar, og í 33. og 34. kap. eru ákvarðanir, sem eru þúsund sinnum betri en þetta frv. Þær ákvarðanir duga kannske ekki við einstaka ágengnismenn, en grundvöllurinn í þeim er sá eini grundvöllur, sem skynsamleg nýmæli yrði byggð á í þessa átt. En þetta frv. veitir þeim rjettinn, sem rangindin gerir, en heldur hlífiskildi yfir hinum. Jónsbók þvert á móti. Jeg vildi því óska, að þingið hrapaði ekki að því, að samþykkja annað eins óskapa-lagasmíði eins og þetta; það liggja sannarlega nógu mörg mál fyrir h. deild, þótt hún eyði ekki sínum dýrmæta tíma í slíkt. Jeg fyrir mitt leyti get ekki gefið atkvæði mitt fyrir einni einustu grein í frv.

Þórarinn Böðvarsson: Það er eitt atriði, sem jeg vildi leiðrjetta hjá h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.), þar sem hann sagði, að nefndin hefði heldur bætt frv.; mjer finnst hún heldur hafa gert það lakara. Mál þetta er mjög þýðingarmikið fyrir alla búendur landsins; en þetta frv. getur orðið til þess, að eyðileggja búfje manna, ef strangir nágrannar eiga hlut að máli. Og eins og h. þm. N.-Múl. (B. Sv.) tók fram, þá er ekki svo brýn nauðsyn á lögum um þetta efni, þar sem vjer höfum Jónsbók. En nú getur verið spurning, hvort eigandi sje skyldur að gæta svo fjár síns, að engum geri skaða, eða hvort landeigandi sje skyldur að verja land sitt, ef verja vill, og þannig hef jeg ávallt skilið ákvæði Jónsbókar. En þetta frv. bætir sízt úr ákvæðum Jónsbókar, og segi jeg það ekki til lasts þeim mönnum, sem hjer hafa unnið að málinu; en þetta er mjög erfitt og vandasamt mál, og vil jeg helzt ráða til, að það sje geymt til næsta þings og kannske lengur. Ágangur af fje er víða mjög mikill, og einkum á þeim bæjum, sem eru næstir heiðalöndum; og hvað gerir nefndin við því? Hún segir, »að eigi skuli gefin sök á því vor og haust, þegar sauðfje almennt gangi sjálfala». Þannig er hinn versti ágangur heimilaður eptir tillögum nefndarinnar. Hvað snertir hina nýju grein (7. gr.) nefndarinnar, þá álít jeg hana óhafandi; með því móti getur einn hreppur gert heilli sýslu þungar búsifjar með ákvörðunum sínum.

Jeg er á móti öllum greinum frv., en álít málið vera nauðsynlegt, og þess vert, að um það sjeu settar skynsamar ákvarðanir; en sem stendur álít jeg það ekki nærri nóg hugsað.

Jón Ólafsson: H. nefnd hefir nú fengið harða dóma, svo að ekki er á þá bætandi. Jeg vil því leggja henni líknaryrði. Jeg er að vísu samdóma h. þm., sem talað hafa á móti frv.; en það finnast þó gullkorn í því, sem mætti samþykkja, þótt hitt væri fellt; jeg meina 7. gr., eins og nefndin ætlast til að hún sje; hún byrjar svo: »Heimilt er sveitarstjórn að gera samþykktir um helgi lands fyrir ágangi búpenings í sínu sveitarfjelagi, er eigi fara í bága við gildandi lög«. Þetta tel jeg góða ákvörðun og það rjetta stefnu, að láta sveitirnar ráða sem mest sínum eigin málum, og gera samþykktir um þau, að svo miklu leyti sem þær samþykktir koma eigi í bága við gildandi lög. Eins og sýslufjelögin nú geta samið fjallskilareglugjörðir og fiskiveiðasamþykktir, sem amtsráð eða amtmaður samþykkir, þannig ættu og sveitarfjelögin að mega gera samþykktir um skepnuágang. Þetta tel jeg mikla bót hjá nefndinni. *(B. Sv.:* Nei!). Það gefur sveitarfjelögunum meira vald í sínum málum—meira sjálfstjórnarvald, og að sjálfstjórn vil jeg hvervetna styðja, svo í sveitamálum sem öðru.

Arnljótur Ólafsson: Þennan harða dóm, sem hefir verið kveðinn upp yfir frv., á það að nokkru leyti skilið, en ekki að öllu leyti.

Vjer vitum gjörla, hvernig til gengur hjer á landi með ágang af skepnum frá einum bæ til annars; oss er kunnugt, að bæði sauðfjenaður, kýr og hross ganga bótalaust í landi nágrannanna. Í þessu efni er sem engin lögreglustjórn hjer á landi. En hvort er nú þetta háttalag að kenna lögum vorum, eða hirðuleysi hlutaðeigandi manna? Lögin, landsleigubálkur lögbókar, vernda oss ekki nægilega í þessu efni; vjer verðum að verja land vort sjálfir, vaka nótt og dag yfir því, ef vjer viljum vera vissir um, að skepnur annara manna fari eigi inn á land vort. Þetta er hið almenna ástand. Það er með öðrum orðum, að sjerhver verður að verja sitt land, en sýnist eigi skyldur til að hafa hemil á sínum skepnum, svo þær gangi eigi öðrum til meins. Ef vjer þá spyrjum aptur, hverju slíkt sje að kenna, þá verð jeg að segja, að það sje mjög svo að kenna lögbók vorri. Hún veitir eigi trygging fyrir ágangi skepna, heldur verður hver eptir henni að verja sjálfur land sitt. Lögbókin setur þrjár reglur í þessu efni. Þær eru: 1. löggarður, 2. ítala búfjár í haga, og 3. árlegar lögfestur. Ef vjer nú, samkvæmt reglum þessum, viljum tryggja oss fyrir ágangi af skepnum annara, þá verðum vjer að hlaða garð í kring um jarðir vorar, eins og riddararnir á miðöldunum urðu að víggirða borgir sínar. Reglunum um ítölu búfjár í haga mun aldrei hafa orðið fylgt, og lögfesturnar þóttu neyðarúrræði, enda þýðingarlitlar, með því að þær gilda því að eins, að þeim væri eigi mótmælt, og þó eigi nema árið. Þessar reglur lögbókar tel jeg nú úreltar fyrir því, að þeim hefir eigi framfylgt verið um svo langan aldur. Enda er það næsta óeðlilegt og gagnstætt góðri lagasetningu nú á tímum, að láta hvern mann þurfa að verja sig fyrir ágangi annara, en sleppa öllum við þá frumskyldu hvers manns, að skaða eigi annan.

Frv. þetta hefir að því leyti gullkorn í sjer fólgin, sem það gjörir mönnum að skyldu, að gæta skepna sinna, svo eigi gjöri þær öðrum mein; ella endurgjaldi þann skaða, sem þær gjöra. Þannig skal samkvæmt 1. gr. »fyrir óheimila beit og ágang ávallt bæta grasnám og sjerhvern þann skaða, er búfjenaður gjörir á annars manns eign«. Að vísu hefði betra verið, að ákveða nákvæmara, hvað væri óheimil beit. En það er látið óákveðið, eins og svo margt annað í frv., sem gjörir það svo óaðgengilegt. Jeg skal taka t. d. aðra málsgrein 1. gr.; hún hljóðar svo: »Eigi skal grasnám greiða fyrir sauðfje, er úr afrjetti gengur, þá er eiganda eigi verður það gefið að sök«. En þessi ákveðning rekst gjörsamlega í bága við ákvæði fjallskilareglugjörðanna; því þar sem jeg þekki til, stendur í þeim, að afrjettarbóndinn skuli gæta þess, að minnsta kosti hvorki að naut nje hross þau, er hann tekur úr afrjett, gangi öðrum til skaða. Orðin, »þar sem eigi hefir áður slegið verið« í síðustu málsgrein 1. greinar skil jeg sem átt sje við þann blett, eigi að í eins engi, heldur og í úthaga, sem ekki hefir áður verið hafður að slægjulandi. En þetta er sem annað í frv. svo óákveðið, að það er eins og verið sje að fikra með fingrunum í kring um efnið; en allir sjá, að slíkt er ekki rjett, þá er um lagasmíði er að ræða, í svo mikilvægu og margbrotnu máli sem þessu. Þá hefir nefndin bætt inn í 1. gr. orðunum: »Nje heldur fyrir sauðfjenað þann tíma vor og haust, sem það gengur almennt sjálfala í heimalöndum«. Þetta er umbót að vísu; en hjer kemur fram sami gallinn, að tíminn vor og haust er óákveðinn. Hjer mun vera átt við þann tíma á vorin, meðan menn eru eigi farnir að verja tún og engjar. Það hefði þurft að greina sundur sauðfje á einn bóginn og hross á hinn bóginn. Innsetning og útlausn skepna er að nokkru leyti greinilega ákveðin.

Það er ætlun mín, að frv. þetta nái eigi samþykki þingsins; því að þótt menn vilji ekki fella það gjörsamlega, þá mun það hljóta að daga uppi, af því að nokkur stund er liðin síðan að vjer fengum að heyra það, að sjerhverjar breytingar við frv. hefði það í för með sjer, að frv. þyrfti að ganga til Ed. aptur, og yrði því að skoðast sem gjörðar til þess að fella frv.

En hvort sem frv. verður fellt, eða það

dagar uppi, þá vona jeg, að það verði vakið upp aptur á næsta þingi, annaðhvort af stjórninni eða þingmönnum, og að þá verði notuð þau gullkorn, sem í því eru, og sú frumregla, sem það fylgir; það er: að veita engum ágang, allra sízt af hirðuleysi eður vísvitandi. Þessi er hinn mikli kostur þess fram yfir ákvæði lögbókar vorrar.

Ólafur Pálsson: Jeg þakka h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) fyrir, hversu rækilega hann sýndi fram á galla frv. Hann tók nú flest af því fram, sem jeg hafði ætlað mjer að segja. Ef frv. yrði að lögum, yrði það til þess að koma á óvild milli nágranna, og þá má geta nærri, hvort hinn fátækari verður ekki fyrir hallanum, nefnilega sá, sem á minna landið, því bæði má hann sín minna, og svo er hann ekki eins fær um að borga skaðabætur og sektir, eins og hinn efnameiri. Til þess að eyða ekki fleirum orðum að því, þá get jeg í sem fæstum orðum sagt, að frv. sje alveg óhafandi. Það ætti því að fella það nú þegar.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Eptir umr. h. þingdm. að dæma eru fá frv., sem hafa fengið verri undirtektir en þetta frv.; og dettur mjer því í hug það, sem stóð í grein Andrjesar á Hvítárvöllum í »Þjóðólfi« hjer á dögunum, að laxinn hefði meiri samtök en þurralandsþorskar; og þannig finnst mjer vera nú, er menn vilja eigi lög um þetta efni. En svo jeg snúi mjer nú að málinu, skal jeg geta þess, að mjer er það eigi svo mikið kappsmál, enda er jeg ekki fyrsti frumkvöðull þess, heldur er frv. upprunalega komið frá stjórninni, eins og h. þingd. veit.

H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) færði það sem ástæðu móti frv., að fátæklingar mundu upp etast, ef það kæmist á; en það er þvert á móti. Það er víst optast, að ríkismennirnir sýna fátæklingunum ágang með fjenaði sínum; en þetta frv. er einmitt til að fyrirbyggja það, og er því fremur til þess, að verja fátæklinginn og vernda. H. þm. skildi eigi, að stóð gæti reiknast með búpeningi; en það finnst mjer vafalaust; því að bæði er það hýst á vetrum, og eins á að vera mark á því; en það er t. d. eigi á hreindýrum eða á tömdum fuglum. Mjer finnst þvert á móti, að þrábeit stafi einkum af stóði eða hrossum, sem vaða yfir engi og búfjárhaga, ef þau eru eigi stöðugt höfð í höptum, og það er enginn of góður til að sýna viðleitni í, að gera ekki öðrum skaða með fjenaði sínum.

H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) kom með ýmsar ástæður móti frv., sem, eins og honum er lagið, hvort sem hann færir ástæður með eða móti einhverju, virtust vera á rökum byggðar; en það verð jeg að segja honum, að jeg get alls ekkert skilið í sumum þeirra, fremur en hann í frv. Hvernig gæti maður hugsað sjer, að nokkur mundi reka 100 fjár upp á annan mann um vetur, svo að hann þyrfti að standa straum af því fje? Jeg hygg, að slíkt muni aldrei koma fyrir. Það mundi geta orðið dýrt spaug, og enginn maður með viti gera. Líkt er með vatnsveitingadæmið hans. Það gæti nú að sönnu komið fyrir; en slíkt þarf aldrei að koma fyrir. Hann gæti slegið blettinn sinn þegar á fyrsta vatnsveitingaárinu, og þannig helgað hann; menn geta t. d. slegið tómt lyng, og ætti honum því að veita eins hægt, að slá blettinn, svo óhugsandi er, að eigi sje unnt að fyrirbyggja ágang á hann svo árum skipti. Eptir því, sem nú á stendur, má víða eigi æja hestum, nema í afrjett eða með leyfi eiganda, eins og forbannsauglýsingar í blöðunum benda á; en þeim auglýsingum er óvíða hlýtt, og er því nauðsynlegt, að lögákveðnir áfangastaðir væru til, eigi síður en þjóðvegir; því að nú mega menn þola usla ferðamanna, t. d. opt 300 hesta usla hestakaupmanns Englendinga, án þess að fá ef til vill umbætur fyrir. Til að fyrirbyggja þetta, er frv., og er því alveg nauðsynlegt. Jeg skildi heldur eigi þá ástæðu h. þm., að fylgja lögum Jónsbókar í þessu efni; en flestir held jeg að verði að viðurkenna, að eigi sje auðvelt, að fylgja Jónsbók nú á tímum; því að löggarða og ítölu búfjár í haga geta menn eigi haft nú. Hann tók og fram, að eptir frv. ætti að auglýsa

fjenaðinn, ef eigandinn er eigi vís; en það er einmitt hið sama, sem nú á sjer stað með auglýsingar á óskilafje, að þær eru til staðar hjá lögreglustjórum. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) játaði þó, að þetta frv. væri eigi ónauðsynlegt, og varð jeg feginn, að einn maður fann þó, að reglur um þetta efni þurfi að setjast; en þar sem hann var á því, að ágangur vor og haust væri verstur, þá get jeg eigi verið á því; því að jeg álít, að sá ágangur sje verstur, sem menn verða fyrir á vetrum, er snjór er. Eins og jeg gat um, er mjer þetta mál eigi kappsmál; en aðalreglan ætti að vera sú, eins og h. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að eigendur fjár ættu að gæta þess, að það eigi gengi á öðrum. Það er að minnsta kosti kenning prestanna á ræðustólnum, að menn sýni eigi náunga sínum ágang nje ásælni, máske opt vísvitandi, hvað sem þeir svo kenna úr þingmannasætunum. Mjer finnst eðlilegt, að sveitarstjórnir megi gera samþykktir um helgi lands fyrir ágangi búpenings sín á meðal, svo það eigi valdi þrætum, og einstakir yfirgangsmenn geti brúkað aðra heimildarlaust, án þess að þurfa nokkuru fyrir að bæta; en það stendur mjer á sama, hvort búfjárhagar mínir eru eyðilagðir með ágangi, eða mjólkin er drukkin úr fötunni hjá mjer á kvíarveggnum.

Benidikt Sveinsson: Viðvíkjandi tölu h. 1. þm. Eyf. (A .Ó.), sem mjer fannst yfir höfuð skynsamleg, skal jeg athuga, að mjer finnst hann ekki leggja alveg rjettan dóm á Jónsbók. Reglur hennar eru sprottnar af því, að ómögulegt er að setja þá reglu, að enginn geri öðrum skaða. Löndin eru svo víðtæk, og liggja svo langt frá eigandanum, að honum er ómögulegt að hafa jafnan gát á fjenaði sínum, þannig, að það ekki gangi á land annara og geri ekki skaða á þann hátt. Skilyrðið fyrir því væri, að hver gæti haft sína eign í heðarhaldi. H. þm. hefir rjettilega tekið fram í öðru sambandi, að það er ekki nóg að segja: jeg á þetta eða þetta, heldur verður maður líka að gera athöfn til, að gera heðarhald sitt gildandi. Ef h. þm. væri nágranni minn, og jeg set svo, að fje hans gengi yfir á mitt land, án þess að við því væri hægt að gjöra, og nú fær hann og að vita um minn fjenað, að hann gangi líka í hans landi, þá væri það Drakons-regla, millum vor innbyrðis, sem ekkert væri unnið með nema ófriður og málaferli, hatur og úlfúð, að ef vjer hver um sig að lögum værum eins og neyddir til að skoða þetta, sem oss báðum eptir staðháttunum er ósjálfrátt, sem vísvitandi ágang af minni eða hans hendi. Ef hans fje gengur aptur í mínu landi, þá er ekkert rjettara, en að það sje kaup kaups; og svona hefir það jafnan gengið og hlýtur að ganga til hjer á landi. Með sama mæli og þjer mælið öðrum, skal yður aptur mælt verða, stendur þar. Því viðvíkjandi sjerstaklega, sem framsögumaður gat um mjólkurtrogið, vil jeg að eins segja: Ef þingmaðurinn álítur, að jeg hafi drukkið úr hans mjólkurtrogi, með því að fjenaður minn hefir gengið á hans landi, þá er sanngjarnt, að hann drekki aptur úr mínu mjólkurtrogi, með því að hans fje megi koma aptur inn á mitt land, án þess jeg sekti hann. Þessi sanngirnisregla er góð og gild, allt svo lengi, sem hirðuleysi og illvilji ekki koma í spilið. Það er ómögulegt, að varna ágangi, nema með því að umgirða lönd sín. Þess vegna byggir Jónsbók á rjettum grundvelli, þar sem hún gerir ráð fyrir görðum. Það er ekki meiningin, að hlaða kringum allt land, heldur að eins tún, engjar og ef til vill næstu haga. H. framsögum. (Þ. G.) hermdi ekki rjett orð mín, í því dæmi, sem jeg tók. Jeg sagði ekki eitt orð um, að maðurinn ræki fje sitt á afrjett, til þess að láta það drepast, heldur heim til annars manns, sem þá yrði skyldugur til að geyma það í 3 mánuði. Mjer datt ekki í hug að segja afrjett; þar eru engir skyldir til að varðveita fjeð, því þar eru engir. Jeg skil eigi, hvernig farið er að rangherma svona, eða hafa svona rangt eptir.

Heldur h. framsögumaður (Þ. G.) ekki, að öllum þeim tíma, og öllu því fje, sem eptir þessu frumv. eyðist í rekistefnur, ófrið og málaferli, væri betur varið svo, að

taka sjer í hönd pál og reku, og ganga út og byggja meinlausan garð? Og jeg er sannfærður um, að þessi lög mundu koma til leiðar svo miklum ófriði, að næsta þing ljeti það vera sitt fyrsta verk, að nema þau úr gildi aptur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg gleymdi áðan að geta þess, að það mætti skilja ákvæði Jónsbókar svo, að löggarðarnir væru engu síður lagðir til þess, að verja mínum peningi að komast út af mínu landi, en til hins, að verja annara manna fjenaði inngöngu á mitt land. En þó svo kunni að vera, þá er hitt víst, að ákvæðin um hleðslu þessara löggarða eru óhentug og gagnslítil, fyrir því, að garðarnir eru svo dýrir, einkum fyrir oss, sem erum svo tómlátir á vorin, og svo fátækir, að vjer þurfum að verja tímanum til að útvega oss bjargræði eður lífsbjörg á sjó og landi. Þrjár fyrstu greinarnar í þessu frumv. virðast mjer innihalda rjetta aðalhugsun, 1., að menn megi ekki nota nema sitt land, en annara land sje friðheilagt, þ. e. eignarrjetturinn er friðheilagur. Í 2. gr. segir, að sektin verði hærri, ef átroðningur er gerður af ásettu ráði, og í 3. gr., að það varði ekki við lög, þótt fjenaður komi inn á annars manns land fyrir misgöngur, strok eða önnur slík atvik. Hjer er því lögð sekt við hirðuleysi, og enn þyngri sekt, ef brotið er af ásettu ráði. Hjer koma fram hinar almennu sakareglur. En þessum ákvæðum mætti betur fyrir koma, t. d. þannig, að gera skyldi eiganda fjenaðarins tvisvar eða þrisvar viðvart fyrst, til þess að vita, hvort hirðuleysis-ásetningur eigi sjer stað eður eigi; en síðan setja fjeð inn, ef eigi er að gert. Því óska jeg heldur, að frv. þetta fengi að sálast rólegum dauða, en væri ekki drepið hastarlega, heldur fengi að ganga til 3. umr., og hníga síðan með breytingunum í væra hvíld, og halda sabbat til næsta þings.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): H. 2. þm. N.-Múl. er fastur á þessum löggarði, og sagði, að betra væri að taka pál og skóflu og hlaða garð, heldur en að hafa ekkert að gera. Jeg get játað það, að það er betra en að vera iðjulaus; en svo kemur nú frostið og klakinn, svo að þess konar hleðslur eru opt ómögulegar, bæði haust og vor. Það er satt, að með löggörðum eru án efa einkum meintir garðar í kringum tún og næstu engjar, ef maður tekur orðið í strangri merkingu, eins og h. þm. segir; auðvitað er alstaðar leyfilegt að byggja landamerkjagarða, en það er líka óframkvæmilegt víðast hjer á landi. En jeg held því, að ekki megi leggja of mikla áherzlu á það gagn, sem garðarnir vinna, því mjög þarf opt að eyðileggja það land, þar sem garðar eru hlaðnir, bæði með torfristu og hnausastungu, þegar þeir eru búnir til, og eins til að halda þeim árlega við. En eins og ákvæði með lögum eru nauðsynleg á sjó, svo eru þau það ekki síður á landi; og það verða víst allir að játa; en eins og það er mikið vandamál, að leysa þetta vel af hendi, svo að ekkert sje hægt að finna sjer til, eins hygg jeg, að engum geti blandazt hugur um það, að engin vanþörf sje á, að setja hjer um einhverjar ákvarðanir, sem hlutaðeigendur geti farið eptir til að halda sínum hlut fyrir ágengni annara. Þar sem í 7. gr. eptir breyt.till. nefndarinnar er farið fram á hreppasamþykktir, áleit h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) það gott og heppilegt, og þó menn í einstöku tilfellum hafi áður án laga, og geti án þess að það sje lögheimilað, við haft það á sumum stöðum, svo sem í fjallskilareglugjörðum, þá er það að vísu gott; en til þess eru lög, að land skal byggja, en með ólögum eyða.

Atkvæðagreiðsla: Breyt. nefndarinnar við 1. gr. felld með 12 atkv. gegn 8. Viðauki nefndarinnar við 1. gr. felldur með 13 atkv. gegn 4. Fyrsta gr. frv. felld með 12 atkv. gegn 4. Önnur gr. frv. felld með 11 atkv. gegn 9, og þar með var allt frv. talið fallið, nema 7. gr. nefndarinnar; var gengið til atkvæða um hana og hún felld með 11 atkv. gegn 10.

Þar með var allt frv. fallið.

Frv. til laga um niðurskurð á hákarli i sjó milli Geirólfsgnúps i Strandasýslu og Skagatár i Húnavatnssýslu á timabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl (C. 201); 2. umr.

Atkvæðagr.: 1. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 4; 2.—7. gr. samþ. með 13 atkv. hver.

— Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga menntunarmál almennings (C. 295), *hvernig ræða skuli.*

Uppástunga forseta um, að við hafa eina umr. um tillöguna, var samþ.

Frv. til laga um breyting á 46. gr. i tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 289); 1. umr.

Atkvæðagr.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Frv. til laga um launaviðbót handa landlækni G. Schierbeck (C. 325); 2. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Þetta frv. fjekk svo góðar undirtektir hjer í þessari h. deild við 1. umr., að jeg finn ekki ástæðu til að mæla frekar með því. Reyndar vöktust upp 2 eða 3 andmælendur þess; en jeg hygg, að þeim hafi þá verið fullkomlega svarað, svo jeg ætla ekki nú að lengja umræðurnar með því, og óska að eins, að það fái að ganga til 3. umr.

Lárus Blöndal: Sökum þess, að h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) ljet þau orð falla við 1. umr. þessa máls, að hann gæti ekki annað ætlað, en að þetta frv. væri fram komið af einhverjum persónulegum hvötum, finn jeg mjer skylt að lýsa því yfir, af því að jeg er einn af flutningsmönnum frv., að þetta á sjer alls ekki stað, og er sprottið af misskilningi einum. Eins og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók fram við 1. umr. þessa máls, og eins og h. þingd. er kunnugt, var á þingi 1881 samþykkt frv. um, að laun landlæknisins skyldi vera 3600 kr. Embættið var þá laust, og sótti landlæknirinn, sem nú er, um það; en sökum þess, að frv. alþingis 1881 náði ekki staðfestingu konungs, þá var embættið veitt með hinum lögákveðnu 4800 kr. launum. Þessi laun voru síðan á alþingi 1883 færð niður í 4000 kr., og hafa þau lög náð staðfestingu, og þeim verið beitt gegn hinum núverandi landlækni, sem um 2 ár hafði notið hinna hærri launa. Þessi ósanngirni, að láta þau lög, sem seinna eru til búin og staðfest, ná til þess manns, hvort sem hann heitir Pjetur eða Páll, sem fengið hefir embættið áður en þau eru orðin til — það er þessi ósanngirni, sem hefir knúð mig til að vera einn af flutningsmönnum þessa frv.; því að með þessu brýtur þingið þá grundvallarreglu, sem það ætíð hefir fylgt, að láta í nýjum launalögum engan embættismann missa neins í af launum sínum, á meðan hann væri í sama embætti, en láta hann halda þeim launum, sem hann hefir haft og notið, þrátt fyrir það, þótt laun embættisins hafi verið færð niður, því hinum yngri eða síðari launalögum hefir ekki verið beitt fyr en við næstu embættismannaskipti. Ef þingið færi nú að taka upp gagnstæða reglu, þá er engin trygging fyrir því, að þetta þing setti ekki laun þessa manns niður í 3000kr., og svo þingið 1887 niður í 2500 kr.; og hvar mundi svo þessi lækkun lenda?

Jeg hefi álitið mjer skylt, að gera grein fyrir atkvæði mínu í máli þessu, og að lýsa því yfir, að jeg er með þessu frv., ekki af neinum persónulegum hvötum, heldur vegna þeirrar meginreglu, sem þingið hefir fylgt hingað til, og sem jeg álít, að byggð sje á rjettlæti og sanngirni. Jeg álít, að embættismaður sá, er hjer á hlut að máli, hafi að minnsta kosti fyllstu sanngirniskröfu til þess að halda óskertum launum þeim, sem fylgdu embætti hans, þegar honum var veitt það.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil taka þetta mál frá nokkuð öðru sjónarmiði en h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.). Jeg segi: látum það vera vafasamt, hvort þingd. eptir strangasta rjetti er skyldug til að veita þessa launahækkun; því ef strangur lagarjettur væri fyrir því, þá þyrfti viðkomandi embættismaður ekki að fara til þingsins til þess að fá hana. En hjer er að líta á sanngirniskröfur, og á það, hvað er haganlegt fyrir landið. Þessi maður hefir sýnt,

að hann hefir »interesse» fyrir fleiru heldur en hann er skyldur til sem embættismaður. Jeg vona, að þm. minnist nú vors síðasta landlæknis, dr. Hjaltalíns, sem nú liggur í gröfinni. Hann barðist fyrir mörgu þörfu á þingi, sem að þjóðheillum miðaði, og hans álit var það, að hjer mætti vel koma á skógrækt, ef að eins ekki brysti fje til þess, alúð og framkvæmd. Það var gerð tilraun með slíkt á Vestmannaeyjum fyrir nokkrum árum, og það af erlendum manni; en það mistókst, bæði fyrir skort á framhaldi og af fjárskort. Þessi maður, hinn háttvirti landlæknir vor, hefir nú gengið í fótspor síns fræga fyrirrennara, og eins og erft hugsun hans, að koma hjer á landi upp skógrækt, og meira að segja: hann hefir stofnað garðyrkjufjelag, til þess að efla garðyrkju á öllu Íslandi. Þetta er ekki þýðingarlaust; því hver sú tilraun, sem gengur í þá átt, að efla landbúnað vorn, er mikilsverð, og einkum, þegar hún kemur frá menntuðum manni, sem sjeð hefir margt þess konar í útlöndum. Það hefir meira að segja, heldur en þótt það kæmi frá svo nefndum »sprenglærðum» búfræðingum, sem þó ekki eru lærðir nema að nafninu til; því satt að segja hefir enginn af búfræðingum okkar minnsta vit á þess konar. Menn gæti að því, að þessar tilraunir eru landlæknisins mesta áhugamál, og það er hin bezta trygging fyrir, að þær takist, og að hann spari ekki fje, tíma nje erfiði til þeirra, en allir sjá, að hann getur sannarlega unnið landinu mikið gagn með þeim; en jeg er viss um, að hann ílengist ekki lengi hjer, ef hann sjer, að verk hans og viðleitni eru að engu metin. Jeg sakna hans sannarlega, ef hann færi hjeðan; og það gerir hann, ef honum er neitað um þessa launahækkun, ekki af því, að Íslendingar sýni honum ranglæti, heldur ósanngirni, af því þeir sýni honum ekki það veglyndi, sem hann á skilið. Jeg hef talað og kynnzt við þennan mann, og jeg veit, að hann hefir mikinn áhuga á öllum framförum Íslands.

Þorkell Bjarnason: Þar sem h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.) sagði, að þingið bryti rjett á þessum manni, ef það færði ekki laun hans upp, þá mótmæli jeg því, því að þar sem stjórnin samþykkti lög þau, sem alþingi samþykkti 1883, um, að færa launin niður í 4000 kr., þá má ganga að því vísu, að hún hafi álitið einskis rjetti hallað með því; ella hefði hún ekki samþykkt þau. En nú er hugsanlegt, að ráðgjafinn hafi ekki í svipinn munað eptir loforði því, sem sagt var hjer um daginn, að hann hefði gefið þessum embættismanni, að launin skyldu aldrei fara niður úr 4800 kr., meðan hann væri í embættinu; en þá var það brýnasta skylda stjórnarinnar, er hún hefði verið minnt á þetta loforð, að koma fram með frv. um launahækkun fyrir þennan mann, og þá hefði jeg orðið með hækkuninni, ef jeg hefði verið sannfærður um, að manninum hefði verið gert rangt til með því, að halda ekki við hann gefið loforð. En jeg verð fastlega að mótmæla því, að þingið brjóti lög á þessum manni, þótt það neiti nú um þessa launahækkun.

Viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) talaði um »interesse» hans og áhuga fyrir garðyrkju, þá er það hverju orði sannara, að hann er góðs maklegur fyrir það; en jeg vil láta hann fá styrk til þess af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði, og jeg held, að því fje, sem ætlað er Reykjavík, yrði varla betur varið til annars en að styrkja hann í þessum tilraunum. Það er sannarlega mikilsvert, að garðyrkja eflist hjer, og rjett, að veita styrk til þess af búnaðarfjenu; en jeg vil ekki fyrir þá sök hækka embættislaun mannsins, sem að mínu áliti eru fullnóg, þótt hann eigi gott skilið sem garðyrkjumaður.

Lárus Blöndal: Það er misskilningur hjá h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.), þar sem hann sagði, að jeg hefði sagt, að þingið bryti rjett á þessum manni, ef laun hans yrðu ekki hækkuð upp í sömu upphæð, eins og þegar honum var veitt embættið. Jeg sagði að eins, að þingið hefði á landlækni Schierbeck brotið þá grundvallarreglu, sem

það hefði áður fylgt í launalögum embættismanna.

Þorlákur Guðmundsson: Það var ekki meining mín við 1. umr., að drótta því að h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.), að persónulegt rjeði hjá honum í þessu máli. En jeg verð að álíta þau laun, sem þessi maður hefir nú, sómasamleg, og jeg verð því enn sem fyr að vera á móti þessu frv. Mjer finnst það líka eitthvað undarlegt, að í það eina skipti, sem þing og stjórn eru búin að koma sjer saman um launalækkun, að þingið þá fari að koma með frv. um, að setja allt í sama farið aptur, og segja sem svo, að það sár-iðraðist eptir, hvað það hefði gert seinast, og biðja um breytingu á því. En þar sem h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.) sagði, að eptir þessari sömu reglu gæti þingið næst tekið sig til, og sett launin niður í 3000 kr., þá getur þetta hreint ekki átt sjer stað. Þegar stjórnin ekki vildi samþykkja, að launin væru 3600 kr., en þar á móti samþykkti 4000 kr., þá hefir hún þar með sagt, að hún vildi ekki samþykkja lægri tölu en 4000 kr. Jeg þekki þennan mann ekkert, og hef aldrei við hann talað, og get því ekki talað frá því sjónarmiði, eins og sumir aðrir. Hvað garðyrkjuna og trjáræktunina snertir, þá verður hún ekki að notum, ef enginn blettur er friðaður, en það yrði víst dýrt, ef það ætti að fara að friða landið víða og girða, eins og kirkjugarðurinn hjerna er friðaður og girtur. Jeg er á móti öllum launahækkunum og hugulum fjegjöfum, eins og sumir þingmenn sögðu við umræður fjárlaganna fyrir skemmstu, og vona jeg því, að þeir greiði atkvæði eins og jeg, og jeg eins og þeir, og það vona jeg að fleiri geri.

Eirikur Kúld: Jeg skal ekki svara andmælendum þessa frv. mörgu. Jeg held, að það megi segja bæði um þá, sem eru með því og móti því, að hvorugir rói einir sjer á bát. Jeg held hver um sig af þessum andmælendum hafi komið þar að lendingu, sem miður er heppilegt. H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) áleit, ef jeg hef skilið hann rjett, að h. 1. þm. Húnv. (L. Bl.) hefði sagt, að þessi maður hefði fullan lagarjett til launahækkunarinnar, en þetta er ekki rjett, heldur að hann hefði fulla sanngirniskröfu til hennar, og það hefir hann, þar sem honum var veitt embættið með 4800 kr. launum, og hann hafði þau laun, þangað til þingið setti launin niður í 4000 kr. Þar sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) vildi vísa honum til búnaðarfjelagsins, til þess að fá þóknun fyrir störf sín við garðyrkjuna og trjáplöntunina, þá held jeg, að það sje ekki heppilegt; því jeg hef heyrt, að búnaðarfjelagið væri heldur smámunalegt. Jeg hef t. d. heyrt, að það hafi neitað einum manni um 75 kr. styrk til þess að fá flutning á trjestiklum, er hann hugðist að setja upp og reyna að rækta hjer. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) vildi ekki hækka launin, af því að þau væru fullhá, og af því hann væri á móti launahækkun allra embættismanna. Honum er vorkunn; hann er bóndi og þekkir hvað er að búa, en hann þekkir ekki, hvað það kostar, að lifa sómasamlega sem embættismaður hjer í Reykjavík.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal taka það fram enn einu sinni, að þessi maður fjekk embættið með þeim fyrirvara, að hann mætti búast við, að launin yrðu lækkuð, og að hann yrði að gera sjer það að góðu, og því stendur sjerstaklega á með þennan embættismann; hann hefir ekki sama rjett til að halda þeim launum, sem embættið var veitt með, eins og þeir menn, sem fengið hafa embætti sitt fyrirvaralaust. Ef h. þm. Barðstr. (E. K.) þykir of lítilfjörlegt fyrir hann, að fá styrk af búnaðarfjenu til garðyrkjunnar,—jeg álít, að hann einmitt ætti að fá allt það fje, sem ætlað er Rvík af því fje, — þá er líka til garðyrkjusjóður, sem hann ætti að geta fengið styrk af. Jeg vil ekki hækka embættislaunin sem verðlaun fyrir garðyrkjuna; þau eru henni með öllu óviðkomandi.

H. Kr. Friðriksson: Mjer þykir undarlegt, að vera að vísa á búnaðarfjelag suðuramtsins, þar sem því er veitt fje af skornum skammti, og öllum hinum smærri búnaðarfjelögum í suðuramtinu er vísað til þess, og h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) hefir sjálfur sótt um styrk til þess. *(Þ. Bj.*:

Jeg talaði um, að landlæknirinn ætti að fá styrk af búnaðarfjenu, en ekki af búnaðarfjelaginu). En þótt svo sje, þá er það fje, sem veitt er til búnaðar, einar 20,000 kr., og af því á að útbýta helmingnum 10,000 kr. til sýslunefndanna, svo fara 4000 kr. af þeim til búnaðarskólanna á Hólum og Eyðum eptir uppástungu þingd. Þá eru nú ekki eptir nema einar 6000 kr., sem landshöfðingi hefir til útbýtingar, og getur þá búnaðarfjelag suðuramtsins ekki fengið nema svo sem 1000 kr., og af því á að styrkja mörg búnaðarfjelög og halda 2 búfræðinga til að ferðast um. Geta því allir sjeð, hve mikið muni verða afgangs af því fje, og hvort veita megi mikið af því til garðyrkju; það yrði að minnsta kosti svo lítið, að það munaði næsta lítið, og þótt hann fengi eitthvað, þá yrði það alls eigi nema til þess kostnaðar, sem hann hefði, en alls ekkert handa sjálfum honum. Jeg held því, að allir hljóti að sjá, að þetta er mjög vanhugsað hjá þm. (Þ. Bj.). Jeg skal geta þess, að þessi maður hefði ekki tekið embættið, ef hann hefði ekki vitað að frv. þingsins 1881 yrði ekki staðfest. Þegar nú þetta frv. ekki var staðfest, hvernig gat honum þá dottið í hug, að farið yrði að lækka laun hans úr því? Jeg held, að menn verði að játa, að þetta sje einstakt dæmi hjer á landi, og þótt hann hafi ekki fullan lagarjett á þessari launahækkun, þá er svo mikil sanngirniskrafa fyrir því, sem framast má verða. Til þess að þessi maður geti orðið landinu til gagns með góðum og nytsömum fyrirtækjum, þá verður hann að hafa þau kjör, sem hann getur lifað við.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta það, sem h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) hafði eptir h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.), af því að hann er búinn að tala tvisvar, og af því jeg veit, að það er svo gott að sannfæra þm. Rvk. H. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) sagði ekki, að hann vildi láta veita landlæknirinum styrk af búnaðarfjelaginu, heldur af búnaðarfjenu, og ef hann fengi það fje, sem ætlað væri Rvík í því skyni, þá hlyti hann að vera vel í haldinn sem garðyrkjumaður. Það er í mínum augum því fremur nóg, sem jeg veit, að margir bændur eru út um land, sem hafa miklu stærri garða, og fá engan styrk, nema þann, sem þeir fá úr görðum sínum. Mjer finnst, að ekki eigi að veita launaviðbót handa embættismönnum, nema fyrir framúrskarandi dugnað í embætti sínu og langa þjónustu, eða þá, ef sönn þörf sje til staðar; en þetta held jeg að hvorugt sje hjer. Jeg vona því, að allir, sem vilja spara landsins fje, verði á móti þessu frv. Jeg vildi um daginn koma með breytingaratkvæði um, að veita 16 mönnum sömu upphæð og hjer er farið fram á, einmitt til þess að gera sig hæfa til að bæta einn aðalatvinnuveg vorn; en þá gat jeg ekki fengið nógu marga til þess að fallast á það. Jeg vona því, að þetta frv. verði fellt.

Benidikt Sveinsson: Mjer virðist ekki rjett að skoða þessa fjárveiting sem launaviðbót, heldur sem sanngirniskröfu. Það er viðurkennt, að þessi maður fjekk embættið með þeim launum, 4800 kr., sem því fylgdu, þegar hann sótti um það, en með fyrirvara, sem þm. skilja svo, að alþingi mætti lækka launin. Hjer er spurning um, hvort þingið vilji láta hann fá þau sömu laun, sem hann hafði, þegar hann fjekk embættið, og sem hann hefði átt lagaheimting á, ef lögin frá 1883 hefði ekki komið út. Hann hefði ekki sótt um embættið, ef hann hefði vitað af, að þessi lög mundu verða staðfest. Það er alveg á takmörkum milli rjettar og sanngirni, að hann einmitt eigi heimting á launahækkuninni. Þar sem menn hafa viljað vísa honum til búnaðarfjelagsins, til þess að fá styrk til garðræktar, þá skal jeg geta þess, að augnamiðið til eflingar búnaði er ekki svo víðtækt, að það nái til skógræktar. Jeg vildi ekki gefa atkvæði með því, að brúka nokkuð af því fje til þess að »experímentera» með það, hvort hjer mætti koma á skógrækt. Það er heldur ekki meiningin, að þessi launaviðbót eigi að vera borgun fyrir áhuga hans á skógræktinni, heldur á áhugi hans á öllum framförum landsins að herða á þinginu til að líta

meira á sanngirniskröfur hans, en á hinn strangasta rjett, sem hann og þingið hefir. Það á að vera til þess að fá hann til þess, að haldast hjer og virða Íslendinga, og álíta þá verða þess, að hann geri þeim gagn. Jeg vil ekki láta menn geta sagt, að þingið hafi gefið það í skyn, að það sje ekki til neins fyrir útlendinga að koma hingað, unna framförum landsins, og gera því gagn, því Íslendingar líti ekki á neitt, nema að uppfylla þann hinn minnsta rjett, sem krafizt verður af þeim með lögum og lögsóknum. Jeg vil þvert á móti, að við sýnum, að við viljum fegins hendi hæna að oss þá erlenda menn, sem hingað vilja koma og vinna landinu gagn og sóma, og einkum ættu þó bændur og allir búandi menn að vera þeim hlynntir, sem vilja verða atvinnuvegum vorum til eflingar. Það er sannarlega illa farið, ef við fælum slíka menn burtu, þegar þeir koma; því slíkir menn hafa ekki verið hingað til á hverri þúfu.

H. Kr. Friðriksson: Jeg ætla að leyfa mjer að gera stutta athugasemd við það, sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) sagði, að búnaðarstyrki þeim, er Reykjavík fær, ætti að verja til þóknunar landlæknunum fyrir garðrækt hans, þá vil jeg geta þess, að það er eigi fremur ástæða til þess, að Reykjavík veiti honum af búnaðarstyrk sínum fyrir það verk hans, en t. a. m. Álptaneshreppur eða Vestmannaeyjar, sem hvorirtveggja kunna að hafa gagn af garðræktartilraunum hans, enda er búnaðarstyrkur sá, sem Reykjavík fær, eigi heldur mikill, og eigi til tvískiptanna.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins minna á það, sem að sönnu var gert við 1. umræðu þessa máls, að þegar landlæknirinn fjekk veitingu fyrir landlæknisembættinu með 4800 kr. launum, gat hann búizt við, að halda þeim launum framvegis, og rjeðst því í að reisa sjer hús hjer í bænum, sem kostar hann yfir 20 þúsund kr., og hleypa sjer í stórskuldir með þeim kostnaði. Þær skuldir og þann kostnað rjeðst hann í að taka á sig, af því að hann sá fram á, að hann með launum þeim, sem hann hafði, og sem hann hafði enga ástæðu til að efast um, að hann mundi halda, mundi mega treysta því, að hann gæti með tímanum afborgað skuldirnar. En síðar voru launin, eins og allir vita, sett niður, og brást honum því von sín, að geta borgað skuldirnar af launum sínum. Jeg ætlaði líka að minna h. þingd. á, að þegar þetta mál var í þessari deild á þingi 1883, þá samþykkti þessi deild, að launahækkun landlæknisembættisins skyldi eigi ná til þess manns, sem þá sat í embættinu, en það var hinn núverandi landlæknir; efri deild breytti þessu og þessi deild sætti sig við breyting efri deildar, af þeirri ástæðu, eptir því sem fram kom í umræðunum, að þetta yrði aldrei skilið svo, að það næði til hins núverandi landlæknis. Nú hefir stjórnin svipt landlækni Schierbeck 800 kr. af launum þeim, er hann hafði fyrst eptir að hann fjekk embættið. Ef h. þingd. samþykkti frv. þetta, þá er hún í samkvæmni við sjálfa sig 1883, að launalækkunin ætti eigi að ná til þess manns, er í embættinu sæti þá. Þetta er og regla, sem ávallt hefir fylgt verið. Menn verða vel að gæta þess, að hjer er ekki farið fram á, að hækka laun embættisins, heldur að lækka ekki laun, sem embættismaður var búinn að fá, meðan hann er í embætti því hinu sama. Jeg vona því, að hin h. deild sje í samkvæmni við sjálfa sig og samþykki frv. þetta.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer er að sönnu eigi ljóst, hversu garðrækt landlæknisins er víðtæk; en jeg veit, að hún er til prýðis fyrir húseign hans, og jafnvel bæinn, og gæti jeg því hugsað mjer, að hann gæti því heldur selt hana hærra verði, ef hann vildi selja eignina, og flytja sig búferlum, eða á einhvern hátt breyta stöðu sinni; en það finnst mjer þung krafa til landssjóðs, ef hann ætti að borga, þótt einhver hefði byggt sjer kostbært hús, eða ef til vill lifði dýrðlegra innanhússlífi en fjárhagur hans þyldi. Sú ástæða fyrir launahækkun landlæknisins, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kom með, finnst mjer því eigi nægileg. Mjer finnst laun landlæknisins, 4000 kr., vera sómasamleg, og ef hann

hefir verið í vafa um, að hin upphaflegu laun 4,800 kr. mundu haldast svo há, þá hefði hann átt að bíða, uns útgjört var um það; en jeg álít, að stjórnin hafi eigi beitt nokkurri rangsleitni, þótt hún fjellist á lækkun launanna. Ef jeg man rjett, minnir mig að standi í bænarskrá landlæknisins, að honum hafi verið sagt, þegar hann var að sækja um þetta embætti, að hann mundi hafa hjer 5—6000 kr. í praxis. Það lítur út fyrir, að hann hafi haft mjög mikla praxis í Kaupmannahöfn, áður en hann fór hjer upp, og er því undarlegt, að hann skyldi sækja hingað, og ætti hann því að hverfa aptur til Kaupmannahafnar, ef hann alls eigi getur unað eða lifað við þau laun, sem hann hefir hjer nú.

Atkvæðagr.: Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. var samþ., að hætta umræðunum, og var frv. síðan fellt með 11 atkv. gegn 11, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Eiríkur Kúld,	Arnljótur Ólafsson,
H. Kr. Friðriksson,	Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,	Friðrik Stefánsson,
Egill Egilsson,	Jón Jónsson,
Gunnl. E. Briem,	Magnús Andrjesson,
Holger Clausen,	Ólafur Pálsson,
Jón Ólafsson,	Þórður Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Þorkell Bjarnason,
Lárus Blöndal,	Þorl. Guðmundsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Þorsteinn Jónsson,
Th. Thorsteinson.	Þorv. Kjerulf.

Tryggvi Gunnarsson var eigi við staddur.

Fertugasti og þriðji fundur, fimmtudag 19. ágúst kl. 12.

Allir á fundi, nema 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), er var veikur.

Frv. til laga um linun á skatti á ábúð og afnotum jarða og lausafje (C. 277); 1. umr.

Eiríkur Kúld: Nú er svo komið, að frv. það er fallið, sem bæta átti þann halla, sem landssjóður mundi bíða við það, að afnuminn væri með öllu skattur á ábúð og á lausafje, og hefði jeg þó óskað, að það frv. hefði náð fram að ganga. En úr því svona er komið, get jeg verið þakklátur h. efri deild fyrir, að hafa komið fram með þetta frv., og með því viðurkennt þá sanngirnisástæðu, sem fyrir því er, að afnema þennan skatt, sem nú er orðinn almennt mjög óvinsæll; og hið eina, sem nú er að gjöra, úr því sem ráða er, virðist vera það, að samþ. þetta frv. um linun á þessum skatti; enda mun það koma sjer mjög vel í því harðæri, sem yfir stendur. Jeg mun því óhikað gefa þessu frv. atkvæði mitt.

Þórður Magnússon: Jeg er þakklátur h. Ed. fyrir að hafa komið með frv. í þessu formi. Eins og jeg gat um, er frv. það, sem fjell, var hjer fyrir, virðist mjer það vera hið eina, sem þingið að þessu sinni gæti gjört, að veita linun á ábúðar- og lausafjárskattinum fyrir næsta fjárhagstímabil, en hleypa sjer ekki út í það að þessu sinni, að bylta alveg við sköttum landsins. Jeg vona því, að þetta frv. verði vinsælt og nái tafarlaust samþykki þingdeildarinnar.

Benidikt Sveinsson: Þvert á móti þingmanninum, sem nú mælti, verð jeg að lýsa því eindregið yfir, að jeg get alls ekki greitt atkvæði með þessu frv. Jeg greiddi hjer um daginn og allur meiri hluti deildarinnar með mjer atkv. móti tillögu h. varaforseta (Tr. G.), sem fór í sömu stefnu og þetta frv., og kann jeg ekki við, að segja einn daginn já, en annan daginn nei, í eins mikilvægu máli, sem skatta- og tollmál vor eru, enda er jeg hræddur um, að þjóðinni gefist á að líta, er hún les í þingtíðindunum meðferð þessa máls á þinginu, sjer í lagi í neðri deild.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla að eins að geta þess, að jeg mun greiða atkv. með þessu frv., ekki af því, að jeg vilji halda í ábúðar- og lausafjárskattinn, heldur af hinu, að þegar ekki fæst það bezta, þá vil jeg laga mig svo, að jeg fái það næst bezta, og það er þetta frv.

Friðrik Stefánsson: Ekki get jeg tekið undir með h. þm. Eyf. (A. Ó.), að mjer þyki þessi eptirgjöf á hálfum lausafjár- og ábúðarskattinum næst því bezta, þó að nú,

eptir því sem komið er, sjálfsagt sje að samþykkja það; því að helzt hefði jeg óskað, að frv. um afnám ábúðar- og lausafjárskattsins og um aðflutningsgjald af kaffi og sykri hefði komizt á. Það var ekki rjett mótbára móti því frv., að það gjald legðist þyngst á sjávarbændurna; því að þeir voru með því frv. leystir undan að greiða útflutningsgjald af fiski og lýsi, og þess vegna kom það aðflutningsgjald jafnara niður. Einnig voru embættismenn og kaupmenn með því frv. leystir frá, að greiða atvinnuskatt, eins og bændur við afnám ábúðar- og lausafjárskattsins voru losaðir við að greiða sinn atvinnuskatt, og hefðu þá allir haft jafnrjetti, og því þótti mjer það nokkuð skrítið, að þingdeildin skyldi fella það frv., sem bætti landssjóði skaðann, sem hann beið við það, ef afnuminn væri ábúðar- og lausafjárskatturinn, þó að 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), sem aldrei vill ljetta til fulls þeim ósanngjarna og jeg leyfi mjer að segja þeim rangláta lausafjár- og ábúðarskatti af bændum, sje á hverju þingi í broddi fjárlaganefndarinnar og fylgifiska sinna, að bogra með þessa eptirgjöf, að eins til að standa á móti því, að sanngjörn og hentug skattalög komist á, og því stendur hann með opinn faðminn og breiðir hann út móti því frv., sem fleygir svona út hálfum skattinum, en setur ekkert í staðinn. Þyki nú fjárlaganefndinni og meiri hluta þingdeildarinnar ábúðar- og lausafjárskatturinn ekki ranglátur í samanburði við aðra skatta, eins og opt hefir heyrzt hjer í salnum að ekki væri, þá virðist mjer því undarlegra, að hún heldur skuli vilja gefa eptir af honum og láta landssjóð þannig tapa miklu fje, en að breyta skattinum í annað sanngjarnara gjald. *(L. Bl.:* Kemur þetta nokkuð fjárlaganefndinni við?). Já, það kemur þeim öllum við hjer í deildinni, sem felldu tollagafrv. um aðflutningsgjald af kaffi og sykri. En úr því sem komið er, virðist mjer þó ekki spursmál að samþykkja þessa eptirgjöf á hálfum lausafjár- og ábúðarskattinum, og það því heldur, sem þessi skattur allur er þó ekki nema hjer um bil einn fjórði hluti allra þeirra gjalda, sem á landbúnaði hvíla, og mun jeg því greiða atkvæði með því; en næsta þing mun aftaka til fulls þennan ósanngjarna og því óvinsæla lausafjár- og ábúðarskatt, og setja annað betra í staðinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að leiðrjetta orð h. þm., sem nú settist niður, þar sem hann er að bendla fjárlaganefndina við þetta frv. Hún hefur ekki komið með neina uppástungu um breyting á sköttum eða linun á þeim. H. þm. hefir víst mistalað sig; ef til vill hefir hann átt við h. Ed.

Atkvæðagr.: Frv. vísað til 2. umr. með 20 atkv. gegn 2.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga menntunarmál almennings (C. 295); ein umr.

Forseti: Þessi þingsályktun er komin frá h. Ed., og er samhljóða þingsályktun, sem samþykkt var hjer í deildinni og afgreidd til hæstv. landsh., að því einu undanteknu, að þessi er stíluð frá öllu þinginu, en hún var að eins stíluð frá h. neðri deild.

Eiríkur Kúld: Jeg skal játa, að mjer virðist það eiga betur við, að þessi þingsályktun komi frá þinginu í heild sinni, en að eins frá annari deildinni. Jeg álít líka, að það hafi bætt, að h. Ed. hefir farið fram á, að sett sje 5 manna nefnd milli þinga, sem jeg ekki man fyrir víst, hvort farið var fram í þeirri þingsályktun, sem samþykkt var hjer í deildinni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal játa, að tillögu um sama efni, sem kom hjer fram um daginn, skildi jeg svo, að setja ætti hjer á þingi nefnd, það er að segja, að tillögumennirnir skildu málefnið svo, að það væri ekki svo umfangsmikið nje stórvaxið, heldur mundi nefnd hjer á þingi geta afkastað því, svo nefnd millum þinga væri óþörf. Jeg verð einnig að vera enn á þeirri skoðun. Um hvað er hjer spurningin? Spurningin er hjer að eins um menntun almennings, hvað löggjafarvaldið eigi að gjöra, til að efla menntun almennings. Jeg held, að alþingismönnum hvorki sje nje eigi að vera ókunnugt um, hvað gjöra á í

þessu efni. Fjárlaganefndin áætlar og veitir á hverju ári fje til alþýðuskóla og barnaskóla, og 1881 kom fram tillaga um, að styrkja alþýðuskóla í stærri stýl, skipta landinu í tiltekin skólahjeruð, sem hefðu hvert um sig sameiginlegan alþýðuskóla og aðgang að 1000 króna fjárstyrk úr landssjóði. Jeg held líka, satt að segja, að þetta mál sje ekki svo vandasamt, að setja þurfi 5 manna nefnd milli þinga, til að hugleiða það, og jeg get ekki álitið, að það eigi vel við, að þingið lýsi yfir þeirri vankunnáttu sinni á menntamáli alþýðu, að það þurfi að heimta af stjórninni, að setja 5 manna nefnd til að upplýsa sig um þetta. Mjer er spurn: hvað eiga fulltrúar þjóðarinnar að vita? Þeir eiga án efa að vita ástand kjósenda sinna, bæði í andlegum og líkamlegum efnum. Ef þeir ekki vita það og þurfa að fara til stjórnarinnar að fá »instrúx« til að vita, hvað sje að gjöra í líkamlegum og andlegum efnum fyrir kjósendur sína, — ef þingmenn eru svona ókunnugir alþýðu og hafa eigi sjálfir vilja nje hugmynd um, hvernig efla skal menntun og velferð almennings, — þá veit jeg ekki, hvað þeir hafa að gjöra til þings. Því varla hafa þeir þá vit á hinum háu og umfangsmeiri málum, sem ekki koma fyrir í hjeruðum þeirra, svo sem bankamálinu og skipun hinna æðri menntastofnana. Jeg get því ekki skilið, að það sje rjett af h. Ed., að fallast á þessa tillögu, því að hún innibindur svo lítið efni, að það er ekki nóg verkefni fyrir 5 manna nefnd milli þinga. Og þótt sú nefnd væri skipuð beztu mönnum, — sem jeg efa eigi að verða muni — þá geta þeir 5 þó ekki haft sama yfirlit yfir menntamál almennings, sem allir þingmenn hljóta að hafa. Á þetta verð jeg að leggja áherzlu, að vjer eigum að vita, hvernig hagir standa, hver í sínu hjeraði, bæði með menntun almennings og annað, og hafa sjálfir hugsun á og vilja til að beina öllu í það horf, sem vjer álítum æskilegast.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get ekki annað enn minnzt þess, að í byrjun þingsins kom uppástunga um, að setja nefnd á þingi til þess að koma með tillögur um þetta efni. Það var fellt af ýmsum ástæðum, sem ekki voru mjög merkilegar nje sjálfum sjer samkvæmar; höfuðástæðurnar voru, að málið væri lítt merkilegt, og að þingið væri ekki fært um, að leiða það til lykta sakir stuttleika tímans, — eins vel eins og þessar tvær ástæður falla saman. — Sú tillaga fjell; en svo var samþykkt tillaga frá Nd., um að nefnd yrði sett til að íhuga málið, og skil jeg ekki, að h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) haldi, að það hafi átt að vera nefnd á þingi, nema hann hafi alveg gleymt gangi málsins; því ályktunin var send til landshöfðingja, og það er ekki síður, þegar samþykkt er að kjósa þingnefndir. H. þm. sagði, að málið væri ekki umfangsríkt; jeg held þvert á móti, að það varði ekki litlu, þegar um er að ræða, hvernig skipa skuli öllum menntunarmálum alþýðu manna í landinu. Jeg álít þessa þingsályktun, sem er samkvæm því, sem áður hefir verið farið fram á, nauðsynlega, og ræð jeg h. þingd. mikillega til að samþykkja hana.

Jón Ólafsson: Jeg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), að það sje nokkurt vantraust af þinginu til sjálfs sín, þó að það óski eptir nefnd. Það er að eins eitt af þessum mælskubrögðum, sem vjer þekkjum svo vel, og svo opt eru höfð til þess að villa sjónir. Það er nafnkunnugt í þingsögu Dana, er stungið var upp á »parlamentisk Commission«, að einn þingmaður, Bille, kom fram með, að það væri sama fyrir þingið, eins og að gefa sjálfu sjer andlegt fátæktarvottorð. Bragðið heppnaðist, og uppástungan var felld, en jeg hef rjett nýlega lesið, að menn hörmuðu mjög á eptir, að menn skyldu svo hafa látið blinda sig af slíkri ástæðu, og vona jeg að menn gjöri það ekki nú. H. þm. sagði, að 5 manna nefnd gæti ekki haft eins yfirgripsmikla þekking á málinu, eins og þingið allt; ef þessi röksemd væri góð og gild, þá væru líka allar nefndir á þingi ónauðsynlegar; þær geta aldrei haft eins gott yfirlit eins og þingið. Þá væri fjárlaganefndin

hjegómi, stjórnarskrárnefnd hjegómi, — hjegómi að setja nefnd í tollamál og reikningamál — engin af þessum nefndum gæti haft eins yfirgripsmikla þekkingu eins og þingið allt. Slík röksemd sannar allt of mikið, og sannar því ekki vitund. Jeg játa, að röksemdin kynni, ef til vill, fremur að virðast sanna nokkuð, ef nefndin hefði alveg sama ætlunarverk, eins og þingið; en hún hefir nokkuð annað ætlunarverk. Þingið á að ráða úr málinu, nefndin að leita upplýsinga, og leggja þær fyrir þingið. Þegar til atkvæða kemur, á þingið að ráða, en þegar um undirbúning er að ræða, þá er skiljanlegt, að þeir geti betur starfað, sem nægan tíma hafa. Ef um það væri að tala, að þessir 5 menn rjeðu fullnaðarúrslitum málsins, þá væri jeg líka á því, að þingið ætti ekki að kasta neinu af sínu valdi frá sjer. En vinnukrapt má það fá sjer. Þegar stjórnin hefir ekki af sjálfshvötum gjört neitt, til að undirbúa málið, en þingið álítur æskilegt, að það sje gjört, er eðlilegt, að það skori á stjórnina að gjöra þann undirbúning, sem það álítur þurfi. Að segja, að það sje eins gott að gjöra þetta á þinginu sjálfu, er sama sem að loka augunum fyrir stuttleika tímans, eða lýsa vantrausti á stjórninni, að hún sje ekki fær um, að setja brúkanlega 5 manna nefnd. Þetta hvorugt get jeg ætlað h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), og álít jeg einmitt, að hann muni bera sjerstakt traust til stjórnarinnar, að hún leysi það verk vel af hendi. Og sje til kostnaðarins litið, þá er tími alls þingsins dýrari, en fárra nefndarmanna. Og úr því Nd. nýlega hefir samþ. og sent til landshöfðingja ósk í líka stefnu. ... *(Forseti:* Sömu stefnu) — þetta er að eins formlegar orðað — álít jeg sjálfsagt fyrir h. deild að samþykkja tillöguna.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að svara h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) því, að jeg held það sannist heldur á honum en mjer, að hann noti mælsku sína til þess að snúa málinu í það horf, sem hann vill vera láta. Hann sagði, að eptir röksemd minni vildi jeg engar nefndir, og teldi þær andleg fátæktarvottorð. Þetta eru óheimiluð orð, eptir því, sem jeg sagði. Jeg sagði, að hver þingm. ætti að vita um hagi almennings í sínu kjördæmi, og að það væri heimtandi af þeim; en tók til dæmis, að ef um bankamálefni og önnur slík málefni væri að ræða, þá væri ekki heimtandi, að þeir væru undir það búnir. Nú bið jeg h. þingmann (J. Ól.), að taka eptir því, sem jeg sagði, og tillögunni, eins og hún liggur fyrir. Í henni eru tvö atriði. Þessi 5 manna nefnd milli þinga á í fyrsta lagi að athuga, hvað löggjafarvaldið á að gjöra, fyrirskrifa Nd. og Ed., hvernig þær eiga að haga sjer. Þetta er ómótmælanlega tiltekið í tillögunni sjálfri; í öðru lagi er tiltekið efnið, sem um er að ræða, og það er um alþýðumenntunina, ekki um latínaskóla, prestaskóla, lagaskóla nje læknaskóla. Því ef það væri meiningin, að taka þá til íhugunar, þá hef jeg sagt, að ekki yrði ætlazt til af þingm. heiman úr hjeraði, að þeir hefðu næga kunnáttu um slíkt. En hitt segi jeg, að um menntun almennings getur þessi nefnd ekki haft eins mikla þekking eins og þingið. Því hvað er almenningsmenntunin annað en barnaskólar, alþýðuskólar og bændaskólar? Þingið hefir ekki hingað til skipt sjer af æðri menntunarstofnunum, nema það er snertir einstakar launahækkanir eða því um líkt, og skilst mjer svo, að það sje af því, að það eru ekki margir þingmenn, sem þekking hafa til þess. Ef nú þingið kemur, og segir: Jeg hef ekki vit á menntun almennings heldur, svo jeg verð að heimta af stjórninni, að hún setji menn til að segja mjer, hvað jeg á að gjöra, þá kemur það nokkuð undarlega fyrir, að heyra sömu mennina vera að tala um afnám hæstarjettar, og að dregið sje allt æðsta stjórnarvald og dómsvald inn í landið. Jeg veit ekki, hvort h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) finnur samkvæmni milli þessa mikla »þjóðfrelsis«, sem hann er að prjedika og er hvatamaður að, og hins, að þingið hafi ekki vit á menntun almennings. Jeg get ekki svarað fyrir aðra en sjálfan mig; en jeg vil alls ekki gefa atkvæði mitt til stuðnings þeirri yfirlýsing þingsins, að það frádæmi sjer allt vit á almennings menntun.

Jón Ólafsson: Ef jeg tók rjett eptir, þá endurtók h. þm. Eyf. (A. Ó.) hin sömu orð sín aptur, að slík nefnd geti ekki haft sama yfirlit eins og þingið; en svo fannst mjer hann misskilja orð mín ofurlítið; jeg sagði aldrei, að jeg áliti, að þingmenn hefðu ekki vit á þessu; en hitt segi jeg, og um það vona jeg, að h. þm. Eyf. (A. Ó.) verði mjer samdóma, að það þarf meira en að vita, hvernig menntunarástandið er í einu hjeraði; því það ímynda jeg mjer, að hverjum þingmanni sje kunnugt; en þar af leiðir ekki, að hver þingmaður hljóti að vita, hverjar kröfur almenningur vilji gera og geti gert, og hver sanngirni sje til þess, að alþýða fái meiri menntun, og í þriðja lagi hver meðul eru hin heppilegustu til að ná tilganginum, og hverjir vegir hafa verið reyndir í öðrum löndum, og gefizt bezt til uppfræðingar alþýðu, og hvað líkt sje með oss og öðrum þjóðum. Þetta er jeg ekki viss um, að hverjum þm. sje vel ljóst, sem ekki er heldur von. Jeg ímynda mjer, að stjórninni mundi heppnast, að velja fjölhæfa menn til þessarar nefndar, og þeir gera að eins uppástungur og tillögur, en þingið, hið fjölfróða þing, leggur úrslit á það mál.

Holger Clausen: Jeg þakka fyrir allar þær upplýsingar, sem jeg hef fengið, sjerstaklega frá h. þm. Eyf. (A. Ó.). Jeg er honum samdóma, og gef þessari till. ekki atkvæði mitt, því mjer sýnist menn ekki hafa hugsað þetta mál vel. Mennirnir eru 5, og ef við gerum 6 kr. á dag,— því minna má það ekki vera —, þá fær nefndin 30 kr. á dag. Nú eru milli þinga 730 dagar, og þá verður kostnaðurinn 21,900 kr. Jeg bið menn að athuga þetta vel. Hjer er ekkert tekið fram, hversu lengi þeir eigi að sitja í nefndinni; kannske milli margra þinga.

Halldór Kr. Friðriksson: Hjer var uppástunga samhljóða þessari fyr í sumar fyrir deildinni, og var hún þá samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum; en jeg var ekki einn af þessum 14, er mjer óhætt að segja. Þetta mál hefir líka verið hjer áður fyrir þinginu, og tillögur samþykktar þessu máli viðvíkjandi. En — hvar er svo gagnið af þessum tillögum? Hvar er árangurinn? Þar sem þær tillögur hafa orðið með öllu árangurslausar, er það ekki ljós vottur um, að það er minna gagn að slíkum tillögum en menn almennt hugsa? Þingið setti nefnd, nefndin samdi tillögur og lagði þær fyrir þingið, og þingið samþykkir þær; og svo kemur ekkert út af þessu. Ætli það fari ekki líkt í þetta skipti, þótt nefnd verði skipuð? Almenningi er bezt kunnugt um sínar óskir og þarfir til menntunar, og hvers konar menntun hentar honum bezt; en svo á að setja fastar reglur og föst lög, er gilda jafnframt fyrir alla landshluta, að almenningur skuli menntast þannig og í þessum greinum, en ekki öðruvísi nje í öðrum greinum. Slíkt er að rígbinda með óeðlilegum lögum frjálsan vilja almennings, rígbinda menntun almennings með lögum; og það er svo óeðlilegt, sem framast má verða. Hitt er eðlilegra, að almenningur finni til þarfa sinna, og kannist við, að sjer sje þörf á meiri menntun, og geri fyrst allan undirbúninginn í því efni, en snúi sje svo til þingsins og beiðist styrks, eptir að almenningur hefir sjálfur sett sjer sínar reglur, sem geta gilt fyrir svo litla hluta landsins, sem hentugt þykir. Þá kemur til þingsins, hvort það vill veita styrk eða ekki. Jeg veit ekki til, að þingið hafi sett neinar reglur fyrir kvennaskólunum hjer eða kennslugreinunum í þeim, og jeg veit ekki betur, en að þessir þrír kvennaskólar, sem vjer höfum, hafi hver sínar reglur; og þó styrkir þingið þá alla, án þess að það hafi hingað til gert þeim að skyldu, að fylgja allir sömu reglum. En hitt er eðlilegt, að þingið vilji hafa tilsjón með, að sú tilsögn, sem veitt er við þá skóla, sem það styrkir, sje í lagi. Þannig skoða jeg þetta mál; en allt öðru máli er að gegna með hinar æðri menntastofnanir, þar sem tilteknum skilyrðum þarf að fullnægja, til þess á eptir að geta öðlazt embætti. Auk þessa finnst mjer mjög undarlegt, að neðri deildin skuli samþykkja tvær tillögur alveg orðrjett sam-

hljóða, og held jeg að bezt sje að láta þessa seinni bíða.

Jón Sigurðsson: Jeg er, sjaldan þessu vant, alveg samdóma h. þm. Eyf. (A. Ó.), og get jeg því skírskotað til ræðu hans. Hvað á þessi nefnd að gera, sem hjer er stungið upp á, milli þinga, og hvað getur hún gert? Það stendur í till. sjálfri, að nefndin eigi að koma fram með tillögur um, hvað gera skuli til að auka og efla menntun alþýðu hjer á landi. En ætla að nefndin verði ekki í líkum vanda stödd, sem þingdeildin er og hefir verið í þessu efni? Getur verið, að stjórninni kunni að heppnast að velja færari menn til þessa, en þingdeildinni; en þó er það ekki líklegt. Hjer er heldur engin tilknýjandi þörf eða ástæða til þessarar nefndarskipunar. Hjer eru engar bænarskrár fram komnar í þessa stefnu; hjer er enginn alþjóðarvilji, sem ástæða sje til að fara eptir, eða taka tillit til. Þvert á móti hefir því verið lýst yfir hjer á þinginu, að menntun alþýðu væri almennt í góðu lagi, og, ef til vill, fullt eins vel á veg kominn og sumstaðar í öðrum löndum; og það er víst ekki sagt beint út í bláinn; við höfum víða góða heimamenntun fyrir börn, og þegar henni sleppir eða þar sem hún ekki er, þá höfum við barnaskólana víðsvegar út um landið. Og þegar til menntunar hinna fullorðnu kemur, þá höfum við frá alþingi 1881 tillögur þar að lútandi, sem enginn hefir fundið að, eða haft neitt á móti, enda virðast þær vera mikið skynsamlegar. En því hefir þeim ekki verið fram fylgt? Annaðhvort álíta menn, að þörfin fyrir alþýðuskóla sje ekki orðin svo mikil enn, eða menn hafa ekki treyst sjer til að koma þeim á fót fyrir fjeskorti. Jeg er þeim mönnum alveg samdóma, sem vilja láta tímann og kringumstæðurnar ráða, hvernig fer um menntun alþýðu hjá okkur. Við höfum allt af aflað okkur sjálfir hæfilegrar bóklegrar menntunar; en hitt er spurning, hvort við höfum rjetta hugsjón á að afla okkur hinnar praktisku, verklegu menntunar og framfara, sem við svo nauðsynlega þurfum. (*Margir:* Heyr!). En þótt nefnd yrði sett, þá verð jeg að efast um, að hún finni heppileg ráð í þá átt; en þótt nefnd ekki kosti okkur eins mikið, eins og h. þm. Snæf. (H. Cl.) gerði ráð fyrir, þá mun hún þó kosta landið nokkuð; en gagnið af henni held jeg verði ekki mikið, og er jeg því algjörlega á móti því, að slík nefnd sje sett.

Landshöfðingi: Það er einungis hin formlega hlið málsins, sem jeg vildi minnast á, eða rjettara sagt: hlutfallið milli þessarar tillögu og þeirrar, sem h. Nd. samþykkti 11. júlí. Þessi þingsályktunartillaga er alveg samhljóða þeirri tillögu, sem h. Nd. samþykkti, að því einu undanskildu, að þar stóð »Neðri deild alþingis», en hjer stendur »Alþingi» í upphafi tillögunnar. Mjer finnst sambandið milli þessara tveggja þingsályktana þannig, að ef þessi verður samþykkt, þá sje hin fyrri þar með horfin inn í þessa. En nú er annar mögulegleiki til, og það er sá, að þessi tillaga verði nú felld hjer í h. Nd.; er þá Nd. ekki þar með búin að apturkalla sína fyrri tillögu, sem áður var samþykkt? Jeg verð að álíta, að svo sje. Ef það ekki væri meiningin, þá yrði að skilja það svo, að h. Nd. vildi, að tillagan ekki kæmi frá þinginu í heild sinni, heldur frá Nd. einni, og það get jeg ekki skilið, að sje meining h. deildar. Það er áríðandi fyrir stjórnina, að vita, hver meining þingsins er í þessu efni, og jeg hef því viljað hreyfa þessu, svo að h. þm. geri sjer grein fyrir, hver afleiðingin verður, hvort sem tillagan er felld eða samþykkt. Afleiðingin af því, að tillagan sje samþykkt, er að eins sú, að h. þingd. ítrekar þá hina fyrri ósk sína í sameiningu við h. Ed. H. þm. hafa nú talað bæði með og móti því, að setja milliþinganefnd, og skal jeg ekki skipta mjer af því, hvað verður ofan á; að eins skal jeg geta þess, að mjer fyrir mitt leyti hefði þótt rjettara, að þingið hefði sett nefnd, meðan á þinginu stóð, og fengið svo tillögur hennar um málið. Jeg get ekki ætlað, að það hefði verið henni of vaxið að gefa þær bendingar, sem þingið hefði getað stuðzt við, ef því hefði þótt ástæða til að semja lög um þetta efni. En nú liggur það ekki fyrir, að setja slíka þingnefnd,

enda væri það nú of seint. Ef þingnefnd hefði verið sett, þá hefði þingið átt kost á að ráða því, hvernig sú nefnd hefði orðið skipuð, og ekki þurft að eiga undir því, hversu vel stjórninni mundi takast að velja menn í nefndina.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefði aldrei búizt við, að slíkar deilur gætu orðið um þessa tillögu. Jeg get ekki skilið, að menn vilji alls ekkert hafa nú 19. ágúst af því, sem samþykkt var hjer í deildinni 11. júlí; það er nú reyndur liðugur mánuður síðan, en það er of stuttur tími til þess, að menn hafi getað íhugað málið svo og fengið þær nýjar upplýsingar síðan, að menn sjeu nú komnir á gagnstæða skoðun við það, sem þá var. 11. júlí var það álitið hið eina rjetta, að setja nefnd milli þinga til þess að íhuga og undirbúa þetta mál, en nú, 19. ágúst, er það álitið ófært. Jeg vona fyllilega, að þeir 14 þm., sem þá greiddu atkvæði með málinu, verði þó með því eins nú aptur. Mjer liggur við að segja, að það væri vansæmandi fyrir þingið, og til þess að vekja vantraust á því, ef það færi nú að fella það, sem það hefir samþykkt fyrir einum mánuði síðan. Að ætlazt sje til, að þessi nefnd setji þinginu reglur fyrir meðferð þessa máls, er ekki rjett. Hún á »að íhuga og gera tillögur um, hvað gera skuli af hálfu löggjafarvaldsins til að efla menntun almennings hjer á landi», og svo á næsta þing að taka málið til meðferðar og fara með það eptir vild sinni. Þegar um það er að ræða, hvort rjettara hefði verið, að setja þingnefnd þegar í stað, þá er jeg á þessu skoðun eins og 11. júlí, að það hefði verið betra að setja þá nefnd, sem kæmi fram með þau á þinginu. Hvað snertir tillögur þær, sem gerðar voru 1881, þá hefir það líklega verið þeim tillögum sjálfum að kenna, að ekki hefir verið farið eptir þeim, enda held jeg ekki sje of mikið sagt, þótt maður segi, að þær tillögur hafi ekki í alla staði verið heppilegar. Eins og, ef til vill, fleiri þm. hafa sagt, að með því að fara fram á, að skipuð yrði nefnd milli þinga í þessu máli, þá lýsti þingið því yfir, að það treysti sjer ekki til að fást við það, og hefði ekki vit á því. Jeg held, að þessi h. þingd. sje búin að lýsa þessu yfir við umr. um þetta mál áður hjer í deildinni, og ef hún nú bætir því við sínar fyrri aðgjörðir, að fella þessa tillögu, þá bætir hún því við, að hún vilji ekkert eiga við menntunarmál almennings; því, eins og h. hæstv. landsh. tók fram, þá er allt málið fallið, ef þessi tillaga er felld. Reyndar getur h. Ed. bjargað því við, með því að samþykkja nýja tillögu fyrir sitt leyti. Það sem h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) talaði á móti málinu, held jeg þætti sjerlega merkilegt í öllum öðrum löndum en á Íslandi, að almenningur eigi ekki að vera bundinn við neinar reglur í þessu efni, heldur eigi hann að segja sjer sjálfur, hvað hann eigi að læra og hvernig hann eigi að fara að því. Ef maður ekki hættir við hugmyndina í miðju kafi, en dregur hana alveg út, þá ættu líklega börnin að segja sjer sjálf, hvað þau ættu að læra og hverja aðferð þau skyldu hafa til þess. H. þm. S.-Þing. (J. S.) talaði margt og fagurlega um menntun alþýðu. Jeg játa, að hún er framar öllum vonum, með því tilraunaleysi og áhugaleysi löggjafarvaldsins, sem á sjer stað í því efni. Þar sem h. þm. Rvk. (H. Kr. F.) sagði, að menntun alþýðu ætti ekki að vera bundin við neinar reglur, og gat þess, að svo ætti sjer nú stað með kvennaskóla vora, þá held jeg, að sú kenning þætti mjög undarleg og merkileg í öðrum löndum, þar sem gefin eru út lög eptir lög um menntun alþýðu, og hún þykir einna mest áríðandi fyrir þjóðfjelagið í heild sinni. Það má geta þess sem dæmis upp á, hve mikla þýðingu menn leggja í menntun almennings í öðrum löndum, að þegar Frakkar biðu ósigurinn fyrir Þjóðverjum í ófriðnum 1870—71, þá var það almennt eignað því, að alþýða Frakka hefði verið svo lítt menntuð í samanburði við hina vel menntuðu alþýðu Þjóðverja. Jeg treysti því, að deildin geri sjer ekki þá minnkun, að fella tillögu þessa, og ónýta með því þetta mikilsvarðandi velferðarmál.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er í vanda staddur, er jeg skal greiða atkvæði í þessu

máli. Þessi tillaga er að efninu til alveg hin sama, sem deildin samþykkti snemma á þingtímanum, og því óþörf. Get jeg því ómögulega greitt atkvæði með þessari tillögu, af því líka að mjer finnst það svo óviðkunnanlegt, að vera að taka upp aptur og aptur það sama. H. Ed. hefði átt að að koma með þessa tillögu eina út af fyrir sig, og þá var það komið frá öllu þinginu í heild. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) gat um, að Ed. gæti bjargað málinu með því, að koma með sams konar tillögu frá sjer einni aptur, ef þessi tillaga yrði nú felld. Það sýnist mjer bezt að hún geri.

Jeg er samdóma h. þm. S.-Þing. (J. S.) um, að alþýðu manna bresti enn fremur verklega en bóklega menntun, enda þótt hvorutveggja þurfi stórra umbóta. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) talaði um, að þingsályktunartillagan frá 1881 um alþýðumenntun hefði verið þýðingarlaus, eða ekki náð tilgangi sínum; en það er ekki þingsályktuninni að kenna, þótt hún ekki hafi náð tilgangi sínum, enda mun þess langt að bíða, að menn fái alþýðuskóla eptir þörfum, ef þeir ekki vilja neitt sjálfir til leggja eða ekki geta, en ætla landssjóði einum að kosta skólana. Honum er kunnugt um, hversu lítið menn sækja Flensborgarskólann, og þar af getur hann markað áhuga manna hjer í sýslu í þessu efni.

Eirikur Kúld: Jeg leit fljótt á tillöguna áðan, og skal því leiðrjetta það, sem jeg sagði þá. Þessa tilögu skilur á við tillöguna, sem samþykkt var 11. júlí, að eins í því, að í henni stóð »Nd.«, en hjer stendur »alþingi«. Jeg skal játa það, jeg var samferða h. þm. Reykjavíkur (H. Kr. Fr.) 11. f. m., og greiddi ekki atkvæði með tillögunni. En mjer þykir aldrei mikið fyrir, að beygja mig undir vilja meirihlutans. Meiri hluti deildarinnar var þá með þessu, því að 14 greiddu atkvæði með. Nú vonast jeg eptir, að h. þingdm. hafi eigi breytt skoðun sinni og þeir verði með, sem þá voru, en jeg ætla, eins og þá, að beygja mig undir meiri hlutann og verða með. Það væri vanvirða fyrir deildina, að fella nú það, sem hún samþykkti 11. f. m. Jeg er samdóma h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) um, að hjer á landi muni alþýða vera betur menntuð en annarstaðar; en einmitt það ætti að vera hvöt til að styðja alþýðumenntunina því meir, af því, að því meiri sem hún er orðin, því meiri framförum getur hún tekið, og með menntuninni vaxa framfarirnar. H. þm. Snæf. (H. Cl.)hjelt,að nefnd þessi mundi kosta 21000 kr. Þvílíkan kostnað þurfa menn ekki að óttast, því að nefnd þessi mundi ekki starfa hvern dag milli þinga, eins og þm. (Clausen) hjelt. Eins og jeg hefi sagt, ætla jeg að greiða óhikað atkvæði mitt með tillögunni.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal að eins lýsa því yfir, að jeg get engan veginn verið með þessari tillögu. Jeg var á móti hinni tillögunni um daginn, sem fór í líka stefnu, og var því miður samþykkt, en gjörði þá eigi grein fyrir atkvæði mínu. En nú ætla jeg að gjöra það. Þessi tillaga hljóðar svo: »Alþingi ályktar að skora á stjórnina að setja 5 manna nefnd milli þinga til að íhuga og gjöra tillögur um, hvað gjöra skuli af hálfu löggjafarvaldsins til að efla menntun almennings hjer á landi«. Það er ómögulegt að neita því, að með þessu viðurkennir þingið og telur það sem sjálfsagðan hlut, að alþýðumenntuninni hjer á landi sje svo fjarskalega ábótavant, já meira að segja, það svo gott sem fullyrðir og tilkynnir stjórninni, að svo mikil brögð sjeu að þessu, að úr því, úr þessu andlega hallæri þurfi að bæta hið allra bráðasta, og að hjer sje undan boðum að róa, öldungis eins og þegar líkamlegt hallæri og manndauði liggur fyrir dyrum af matbjargarskorti. En þetta kannast jeg alls ekki við. Menntun alþýðu er hjer á landi að minni ætlun einmitt miklu meiri en gerist í öðrum löndum, og það í Danmörku sjálfri. Áhugi alþýðu á að menntast fer og sí og æ vaxandi, og þennan áhuga og þessa menntun alþýðu hefir þingið styrkt allmikið með fjárframlögum og lagaákvörðunum síðan það fjekk löggjafarvald og fjárhagsráð. Það er þar að auki alveg óskiljanlegt, ef h. þingd. skildi vilja leggja þvílíkt mál sem þetta upp í hendurnar á

stjórninni í Danmörku, og ætla, að hún hafi betra skyn á því, en alþingi sjálft. Þessi tillaga kemur frá þessari hlið skoðuð alveg í bága við alla þá stefnu og undirstöðu þingsins, sem það byggir endurskoðun stjórnarskrárinnar á, og eigi síður mundi hún ríða í bága við það fyrirkomulag á menntamálum landsins, sem hlyti að verða endurbættri skipun innanlandsstjórnarinnar yfir höfuð samfara. Jeg er alveg sannfærður um, að þjóðin mun líta öðru vísi á menntunarmál sín, en hún gerir nú, er hún verður landstjórn sinni að fullu ráðandi. Fyrir því er þessi tillaga einnig ótímabær burður, eigi síður en hún af hinni fyrri, sem jeg taldi, var óþörf, og lögð á ranga hyllu. Þótt þingmenn nú greiddi því verr atkvæði með hinni tillögunni, þá er það þeim til huggunar, að þeim er alls engin minnkun, að sjá sig rjettilega um hönd og þannig að greiða atkv. móti þessari tillögu, úr því þeir hljóta að sjá og viðurkenna, að hún á, í hverja átt sem litið er, ekki við; þetta vona jeg að hinir háttv. þingdm. taki til greina og hiki sjer ekki við að fella uppástunguna. Jeg er samdóma h. þm. S.-Þing. (J. Sig.) um það, að oss Íslendinga skorti miklu fremur verklega menntun en bóklega. Það stoðar lítið bóndann og alþýðumanninn, að vera bókfróður, ef hann getur ekki gjört sjer náttúruna undirgefna, ef hann getur ekki sett sig í það samband við náttúruöflin, að hann geti fært sjer þau í nyt, þá sveltur hann, kona hans og börn, þá skortir hann það afl sem gjöra skal, og hann verður ónýtur meðlimur þjóðfjelagsins, þrátt fyrir það, þó hann hafi numið eitthvað á skólum. Sá bezti skóli er lífsins skóli. Jeg gæti sagt meira; jeg gæti sagt, að það væri jafnvel ofvöxtur í bóklegri menntun alþýðu hjer á landi .(*J. Ól.*: Svo!). Já, ef vjer berum hana saman við hina verklegu menntun á eina hliðina, og þá eigi síður, ef menn bera hana saman við hina sönnu vísindalegu þjóðmenntun á hina hliðina; því hún er sannarlega í barndómi hjá oss. Jeg ætla því, eins og jeg hefi sagt, að greiða óhikað atkvæði móti tillögunni, og jeg vona, að h. þingdm. gjöri það líka.

Th. Thorsteinson: Jeg vil að eins leyfa mjer, að lýsa því yfir, að jeg er á móti þessari þingsályktunartill., eins og jeg var á móti þingsál.till., þá hún var samþykkt hjer 11. júlí í sumar. Jeg hygg, að það muni eigi borga sig, ef jeg mætti svo að orði komast, að setja þessa nefnd; enda þótt hún ekki yrði svo kostnaðarsöm sem þm. Snæf. (H. Cl.) gizkar á, þá hafa utanþingsnefndir optast orðið mjög kostbærar, sjerstaklega í samanburði við það gagn, sem þær hafa gert. Jeg er þeirrar skoðunar, að nefnd, kosin af þingmönnum á næsta þingi, mundi gera meira gagn, og ætti hennar augnamið sjerstaklega að vera, að íhuga, hvað unnt sje að gera til þess, að bæta úr því kunnáttuleysi, sem í öllu verklegu stendur okkur einna mest fyrir framförum, og peninga til framkvæmdar þessu skyldi jeg vera viljugur að veita. Með því að umræðurnar eru orðnar langar, ætla jeg eigi að lengja þær meira; en vildi að eins láta þetta í ljósi.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að benda á skrifstofulega hlið málsins. 11. júlí var hjer í deildinni samþykkt svo hljóðandi þingsályktunartillaga:

»Neðri deild alþingis ályktar, að skora á stjórnina, að setja 5 manna nefnd milli þinga til að íhuga og gera uppástungur um, hvað gera skuli af hálfu löggjafarvaldsins til að efla menntun almennings hjer á landi«.

Þessi tillaga var send hæstv. landsh., og mun hann hafa sent stjórninni hana 6. ág. með Romny, og kemst hann því í vanda, ef tillaga þessi verður felld, því að þá lítur svo út, sem hin fyrri tillaga sje tekin aptur, en hann fær eigi tilkynning um, ef þessi till. verður felld. Jeg vil því biðja h. þingd., að skera úr þessu með nafnakalli; og að þeir, sem vilja samþykkja þingsályktunartillögu þessu, segi *já*, en þeir, sem vilja fella hana, segi *nei*.

Já sögðu: Eiríkur Kúld, Egill Egilsson, Eiríkur Briem, Gunnlaugur Briem, Jón Ólafsson, Þórarinn Böðvarsson, Þórður

Magnússon, Þorkell Bjarnason, Þorsteinn Jónsson.

Hinir allir *nei*, nema Tryggvi Gunnarsson, er var eigi á fundi.

Var till. þannig felld með 13 atkv. gegn 9.

Þingsályktunartillaga um ávarp til konungs (C. 362); hvernig ræða skuli.

Samþ. var að hafa tvær umr. um málið.

Tillaga til þingsályktunar um amtmannaembættin (C. 368); hvernig ræða skuli.

Samþ. var, að hafa eina umr. um málið.

Tillaga til þingsályktunar um geymslu fornra skjala í landsbókasafninu (C. 278); ein umr.

Jón Ólafsson: Jeg er í vanda staddur með það, hvernig jeg á að greiða atkvæði í þessu máli; á aðra hliðina þykir mjer gott, að skjölin skuli komast á landsbókasafnið, og sjeu geymd þar á óhultum stað; en á hina hliðina veit jeg, að úr því þau eru komin þangað, verða þau óaðgengileg og ófinnanleg fyrir þá, sem vilja nota þau; en það eru þau þó eigi alveg á þeim stöðum, sem þau eru nú. Á landsbókasafninu er engin bókaskrá til að fara eptir, og verða þau því ófinnanleg. Af tvennu slæmu álít jeg því betra, að hafa þau þar sem þau eru, heldur en að flytja þau á landsbókasafnið; svo að jeg verð á móti till.; hún er of snemma borin upp, og ætti að bíða með að flytja skjölin þangað fyr en safnið er komið í betra horf.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta það, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að engin bókaskrá væri til. Það er til prentuð bókaskrá yfir allar íslenzkar bækur, og einnig yfir handritasafn bókasafnsins, nema þær íslenzkar bækur og þau handrit, sem landið fjekk í safni Jóns Sigurðssonar, og eru þessi orð h. þm. því eigi rjett.

Jón Ólafsson: Það finnast eigi bækur á safninu, sem standa í bókaskrám, og má þá nærri geta, hvernig yrði um þessi skjöl, sem engin skrá er til yfir; en þær skrár, sem til eru og samdar af bókaverði, eru óbrúkandi og ómögulegt að finna margt eptir þeim. Jeg hefi orðið að bíða svo heilt ár, að jeg hefi eigi fengið bók, sem jeg vissi að var til í safninu, af því hún fannst eigi. Þessi till. er, eins og jeg sagði, í ótíma upp borin.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar eð handritunum í safninu er raðað niður eptir tölum í skránni, þá getur það eigi verið rjett, að þau finnist eigi, og eins er bókum Jóns Sigurðssonar raðað niður eptir skránni. Þetta er því einhver misskilningur, nema ef það hefði ruglazt eitthvað til við umflutning.

Jón Jónsson: H. þingdm. ættu að athuga, að það er nauðsynlegt, að forn skjöl sjeu flutt til landsbókasafnsins og sjeu geymd á þeim stað, sem þeim er óhætt fyrir eldsvoða, og þótt eigi væri aðgengilegt að þeim nú á safninu þegar í stað, sem mjer er ekki fullkunnugt um, þá getur það orðið með tímanum. Eins vil jeg benda á, að mörg skjöl út um landið kynnu að fara að forgörðum, ef þessi ráðstöfun væri eigi gjörð.

Atkvæðagr.: Till. var samþykkt með 13 atkv. gegn 2.

Skýrt frá fyrirspurn til landshöfðingja um sjóð og reikninga landsbókasafnsins (C. 370).

Samþ. var með 17 atkv., að bera mætti upp fyrirspurnina fyrir landshöfðingjanum.

Skýrt frá fyrirspurn til landshöfðingja um Fensmark (C. 362).

Í einu hljóði var leyft, að bera fyrirspurn þessa upp.

Fertugasti og fjórði fundur, fimmtudag 20. ágúst kl. 12.

Allir á fundi.

Frv. til laga um niðurskurð á hákarli í sjó, milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu, frá 1. nóv. til 14. apríl (C. 201, breyt.till. 373); 3. umr.

Th. Thorsteinson: Á fyrri þingum hafa komið fram sams konar tillögur um bann, og hefi jeg þá verið þeim mótfallinn, og eins var um þetta bann, sem hjer ræðir um, sjerstaklega af því, að það á að ná til þilskipa. Hafði jeg því leyft mjer að koma með breytingaratkvæði; en við ná-

kvæmari yfirvegun komst jeg að þeirri niðurstöðu, að frv. mundi þó eigi vera svo skaðlegt, af því að þilskip koma varla á það svæði, sem til er tekið í því. Af þeirri ástæðu tek jeg aptur breytingartill. mína.

Atkvæðagr.: Síðan var frv. samþykkt með 16 : 2 atkv., og síðan afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga, að stjórninn veitist heimild til að selja þjóðjarðir (C. 352, nefndarálit 372). Ein umr.

Frv. samþ. með 20 atkvæðum og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 363, nefndarálit 372). Ein umr.

Eptir að ýmsir höfðu látið skoðun sína í ljós um það, hvort breyting Ed. »*foreldri*« fyrir »*foreldrar*» væri prentvilla eða orðmyndarbreyting, og flestir höfðu viljað skoða það sem prentvillu, gaf

Landshöfðingi þá upplýsing, að eptir umræðum í Ed. væri það ekki prentvilla, heldur gert af ásettu ráði.

Jón Ólafsson rjeð þá fyrir hönd tveggja nefndarmanna til að samþykkja frv. eins og það lægi fyrir frá Ed., til þess það þyrfti eigi að koma fyrir sameinað þing, af því að breytingin er svo óveruleg; en

Arnljótur Ólafsson kvaðst eigi geta samþykkt málvillu.

Atkvæðagr.: Var þá gengið til atkvæða, og felld tillaga um að hreyta »foreldri« aptur í »foreldrar« með 12 : 7 atkv.

Síðan var frv. í heild sinni samþ. með 17 atkv., og eptir það afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að semja ávarp til konungs (C. 362). Ein umr.

Forseti stakk upp á, að kosin yrði 3 manna nefnd; var það samþykkt, og hlutu kosningu:

Benidikt Sveinsson með 17 atkv.
Halldór Friðriksson — 15 —
Eiríkur Briem — 11 —

Frv. til laga um breyting á 46. gr. í til-skipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 262); 2. umr.

Frv. var orðalaust samþ. með 19 atkv. og vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi amtmannaembættunum (C. 368, breyt.till. 376). Ein umr.

Jón Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma með breytingartillögu ásamt tveimur öðrum h. þm., og skal jeg í stuttu máli gera grein fyrir henni.

Í fyrsta lagi þótti mjer betur við eiga, að þessi ályktun kæmi frá öllu þinginu, heldur en frá h. Nd. einni.

Í öðru lagi er mjer ekki kunnugt um, að fram hafi komið nokkur óánægja með það fyrirkomulag, sem nú er; því bæði sparar það kostnað, og auk þess erum vjer vanir við, að sjá sameinað dómsvald og umboðsvald hjá sýslumönnunum. Þetta er líka eigi nema til bráðabyrgða, og mætti finna önnur úrræði, án þess að skipa sjerstakan mann í amtmannsembættið, sem laust er. Menn gætu t. d. hugsað sjer, að stjórnin gæti falið amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu, að hafa líka á hendi Suður- og Vesturamtið í bráð. Það hefir áður verið einn amtmaður yfir öllu landi, og gæti eins verið nú. Það er kunnugt, að Suður- og Vesturamtið hafa nýlega verið sameinuð, og mætti því eins til bráðabyrgða sameina öll ömtin, ef betra þætti en hið núverandi fyrirkomulag.

Jón Ólafsson: Þegar við tillögumenn komum fram með þessa tillögu, gerðum við það meðfram af því, að við þóttumst vissir um, að við værum í fullu samræmi við h. þingd., og jafnvel við allt þingið. Það hefir komið svo glöggt fram áður, hverja nauðsyn menn álíta til þess, að amtmannsembættin sjeu aftekin, að jeg þykist viss um, að ekki muni þurfa langa röksemdaleiðslu fyrir því, hve ónauðsynleg þau embætti eru. Reyndar veit jeg, að einn þingskörungur í þessari h. deild hefir á síðari tímum gert sjer mikið far um að sanna, hve nauðsynleg og ágæt þau sjeu, og veit jeg ekki til, að aðrir hafi til muna stutt amtmannaembætt-

in á síðasta þingi, en h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) Hann var þá þeirra aðalstoð og stytta, og býst jeg við, að svo sje enn. En af því að jeg veit, að orð hans eru jafnan mikils metin hjá mörgum, skal jeg leyfa mjer að benda á, að sami h. þm. hefir áður verið hinn allra kröptugasti mótmælandi þeirra embætta, og formælandi þess, að þau væru af tekin. Jeg vil færa sönnur á mál mitt, með því að lesa með leyfi forseta nokkur orð upp úr ritgjörð um »Nokkur landsmál«, sem er rituð 1878, sem færir svo ljós og snjöll rök fyrir því, sem jeg vildi sagt hafa, að mjer væri ómögulegt að gera það betur; þar segir meðal annars svo:

»En með þessari nýju breyting á yfirstjórn landsins misstu amtmannaembættin í raun rjettri alla aðalþýðing sína, þá er þau áður höfðu. Amtmennirnir stóðu áður allir jafnfætis, og lutu beint undir stjórnarráðin í Danmörku. Þeir voru milliliður milli stjórnarráðanna fyrrum, en ráðgjafa íslenzku málanna síðan 1848 og sýslumanna hjer á landi. Nú er landshöfðinginn einn orðinn meðalgöngumaður milli konungs, milli Íslandsráðgjafa og hjerlandsmanna. Amtmenn eru því orðnir með öllu úreltir, þeir eiga alls ekki heima í stjórnarskipun vorri, því engan millilið þarf milli landshöfðingja og sýslumanna, fremur en áður milli amtmanna og þeirra. Amtmaðurinn norðan og austan er og, geta menn sagt með sönnu, eptir afstöðu sinni miklu fremur til trafala en flýtis, með því að erindi til sýslumannsins í Skagafirði eður Húnaþingi verður fyrst að ómaka sig með pósti norður á Akureyri, og síðan með pósti á suðurleið hans vestur til sýslumannsins, og síðan svar sýslumannsins aptur með pósti enn norður á Akureyri, og svo loksins suður. Ennfremur eru báðir amtmennirnir jafnt til trafala, því þeir endurrita og endursenda öll erindi landshöfðingja til sýslumanna sinna, þeir eru endurritsvjelar landshöfðingja, svo sem sagt var á alþingi síðast, og það stundum fremur seinar ritvjelar. Ef því landshöfðingi hefir erindi tilbúið með pósti, eða rjett á undan pósti, þá kemst það eigi fyrsta áfangann lengra en úr ritstofu landshöfðingja inn í ritstofu amtmannsins sunnan og vestan, í næsta húsi við landshöfðingjann í Reykjavík. Amtmennirnir þurfa tíma til að endurrita erindið, þótt þeir þurfi ekki lengi að hugsa sig um formálann: »»Herra Landshöfðinginn hefir ritað mjer á þessa leið««, og svo kemur brjefsefnið, erindi landshöfðingja. Með þessari tilhögun dvelst erindið og svarið 1, 2 eður enda hæglega 3 póstferðir, og þó eru hvorki póstferðir of tíðar, nje afgreiðsla embættisbrjefa svo fljót, að gera ætti sjer leik til slíks hjegómaskapar og trafala, er kostar landið yfir 14000 krónur ár hvert«.

Jeg vona, að öllum þingm., sem lesið hafa blöðin, og lesið hafa með athygli allt sem kemur frá h. þm. Eyf. (A. Ó.), sje þetta minnisstætt og hugfast, þó að það sje síðan 1878, eigi síður en það, sem fram kom 1883. H. deild hefir verið svo einhuga um afnám amtmannaembættanna, að jeg vona, að eigi þurfi önnur meðmæli en þessi. En jeg sje á breytingartill., að þótt menn greini ekki á um, að veita ekki amtmannaembættin, þá greinir menn þó á um hitt, hvort heppilegt sje, að amtmannaembætti því, sem laust er, sje þjónað eins og nú er. Jeg skal taka það fram, að þegar við sömdum þingsál.till., þá fórum við alls ekki eptir því, hvort við höfðum heyrt óánægju með það ástand sem er; það kemur ekki málinu við; heldur fórum við eptir því, hvort það væri samkvæmt anda stjórnarskrárinnar, og grundvallarreglum rjetts landsstjórnarfars. Aðgreining umboðsstjórnarinnar og dómsvaldsins er byggð á því, að þeir, sem umboðsstjórnina hafa á hendi, geta ekki verið eins óháðir stjórninni, eins og dómarar, sem hún ekki getur afsett, og ekkert hefir yfir að skipa. Það er meginregla hjá mörgum þjóðum, að láta engin dómarastörf vera umboðsvaldi samfara, einmitt til þess, að dómarar sjeu óháðir. Og það liggur í augum uppi, að þegar stjórn-

in getur tekið óafsetjanlega dómara, og gefið þeim umboðslegan aukabita upp á 3,000 kr., þá getur það verið freisting, eins og hvað annað. Sjerstaklega er það óheppilegt um þessi embætti, amtmannsembættið og yfirdómaraembættið, að þeim skuli vera slengt saman undir sama mann, því það er opt, að sama málið, sem hefir legið fyrir honum sem amtmanni, kemur aptur fyrir hann sem dómara. Þó að hann væri allur af vilja gerður, getur þó ekki hjá því farið, að það sem hann hefir sagt sem amtmaður, bindi síðan vilja hans sem dómara. Hafi hann t. d. sem amtmaður skipað eitthvert umboðslegt starf, og á síðan sem dómari að skera úr, hvort verkið sje á ástæðum byggt, þá er auðsjeð, að hann dæmir tvisvar um sama, og um sitt eigið verk. Það getur þó enginn álitið heppilegt. Eitt af þeim aðalstörfum, er á amtmanni hvíla, er að skera úr, hvort opinbera málssókn skuli höfða. Setjum nú svo,að amtmaðurinn hafi boðið að höfða mál, og málið komi svo fyrir yfirrjettinn; þá er töluvert hald á honum að víkja eigi frá sínum fyrra úrskurði, en dæma í sömu átt; hann hefir *præjudicerað* sig, dæmt fyrir sig fram; og það er mannlegt, þó hann vilji eigi skera svo úr, að það virðist falla beint ofan í hans fyrra úrskurð, jafnvel þótt talsverð rök kynni að liggja til þess.— Það mætti telja fleira. Amtmenn eru líka sáttamenn í sínu sáttaumdæmi, og kemur opt á sáttafundum ýmislegt fyrir, milli partanna, sem þeir mundu skirrast við að láta í ljósi, ef þeir vissu, að það ætti að komast fyrir dómarann. Það getur verið, að þeir af sáttgirni sleppi að bera á móti ýmsu, láti ýmislegt liggja milli hluta, sem þeir ekki geta kannast við fyrir dómstólunum. Af því getur leitt, að málið grípi dómarann allt öðruvísi, en annars. Það er ákaflega óheppilegt, að þetta skuli vera í þeim dómstól, sem í svo mörgum málum er æðsti dómstóll landsins. Þó að það sje eigi á móti orðum stjórnarskrárinnar beinlínis, þá er það beint á móti anda hennar. Og merkilegt má vera, ef þeir, sem halda amtmannaembættunum fram, af því störfin sjeu svo áríðandi og yfirgripsmikil, álíta þessa sameining heppilega. Það er undarlegt, ef þau hafa þá þýðingu, sem formælendur segja, að þeim skuli samt gengt *í hjáverkum* af embættismanni í einu mikilvægasta embætti landsins. Jeg vona, að að þeir herrar, sem með breytingartill. hafa komið, taki hana aptur. Hún er svo skaðsamleg, að jeg vildi að hún hefði aldrei komið fram, því hún fer fram á, að þingið gefi samþykki til þess, sem er móti stjórnarskránni og anda alls frjálslegs stjórnarfars. Jeg vona þess vegna, að þeir taki hana aptur, því jeg veit þeim mundi sjálfum sárna, ef þeir kæmu því til leiðar, að slíkt óeðli fengi samþykki þingsins. Jeg vona,að engum blandist hugur um, að í höfuðtillögunni er ekki miðað við neitt annað en eðli málsins, svo að það er ekki ástæða til, jafnvel fyrir þá hjartveikustu, að greiða atkv. með breytingunni.

Þar sem við í tillögunni að eins höfum farið fram á, að amtmannsembættið væri ekki í sömu höndum eins og yfirdómaraembættið, þá er það af því, að við vildum ekki láta neina skoðun í ljós um það, hvort setja mætti í það embætti einhvern, sem hefði annað embætti á hendi, en að eins taka fram, að þetta væri ófært, að láta yfirdómara gegna því. — Hjá umboðsstjórninni verða opt að vekjast meiri geðshræringar, en hjá dómurum; þeir eiga að standa fyrir utan krit og flokkadrátt, sem umboðsstjórnin dregst inn í, af því að hún verður að grípa svo víða inn. Það á ekki að blanda dómurum inn í allan þann ágreining, sem getur skipt þjóðinni í deildir, nokkuð beizkar ef til vill stundum. Þetta er það, sem gerir, að dómsvald í flestum stjórnarskipunum er frá skilið umboðsvaldi; og jeg vona, að h. deild fylgi þeirri meginreglu, og samþ. tillöguna.

Það var eitt í ræðu h. þm. Austurskaptfellinga (J. J.), sem jeg vildi minnast á. Hann kvaðst heldur vilja, að ályktunin

kæmi frá þinginu öllu, en frá Nd. einni. Ástæðan hjá okkur er sú, að þegar um þingsályktun er að ræða, þar sem látnar eru í ljós óskir og áskoranir, þá hefir hún eins þýðingu fyrir það, þó að hún sje að eins frá einni deild; ef hin deildin er á sömu skoðun, getur hún tekið sama upp, og gert samhljóðandi ályktun. Við höfum sjeð nýlega, að það er ekki heppilegt, að fyrirskrifa hinni deildinni, hvað hún á að álykta, því Nd. hefir rjett nýlega fellt ályktun frá efri deild, sama efnis og þess, sem hún ein var búin að álykta áður. Jeg vil því ráða h. þingd. til að samþykkja till. eins og hún er; hin deildin getur þá tekið upp samhljóða ályktun, ef hún vill. Þessi vegur mun heldur greiða fyrir ályktuninni, en hamla henni í nokkru.

Landshöfðingi: Eins og h. þm. sjá, fer þessi þingsályktunartillaga alveg í sömu stefnu, sem sú tillaga, er hjer hefir áður komið fram, við fjárlögin, að afnema embætti amtmannanna með öllu, eða undirbúa afnám embætta þessara. H. þingdeild er þegar kunnug skoðun stjórnarinnar á þessu máli; og hún er sú, að það sje engin ástæða og alls ekki rjett, að afnema amtmanna-embættin. En hið sjerstaklega við þessa tillögu er það atriði hennar, sem snertir hið núverandi fyrirkomulag á skipun amtmannsembættisins í Suður- og Vesturamtinu, og það var það, sem h. þm. S.-Múl. (J. Ó.) lagði svo mikla áherzlu á, að stjórn amtmannsembættisins mætti ekki vera falin manni, sem jafnframt er dómari. Jeg held að þetta fyrirkomulag hafi enn ekki sýnt sig að vera neitt óhagkvæmt, og í sjálfu sjer held jeg sje því ekkert til fyrirstöðu. Það getur ekki verið nema um tvennt að gera fyrir amtmanninum, sem gæti haft útlit af að koma í bága við dómaraembættið, það er ákæruvaldið í opinberum málum, og áfrýjunarvaldið í opinberum málum.

Hvað ákæru-valdið snertir, þá hefir amtmaðurinn með skipun sinni um ákæru alls engan dóm upp kveðið í þá átt, að ákærði sje sekur, heldur að eins, að það sje fram komið í málinu, sem geri það nauðsynlegt, að málið sje lagt undir dómsatkvæði; hann getur því mjög vel verið með í að dæma hinn ákærða sýknan, þótt hann hafi skipað ákæruna, án þess að komast í neina mótsögn.

Hvað áfrýjunarvald amtmannsins snertir, þá gildir alveg hið sama; þegar amtmaðurinn ákveður, að áfrýja skuli einhverju opinberu máli, þá gefur hann þar með í skyn, að ástæða sje til að rannsaka undirrjettardóminn, að hann sje ekki svo vafalaus, að ekki sje betra að rannsaka hann ýtarlegar; hvort sem svo dómurinn verður staðfestur, eða honum verður breytt, þá liggur engin mótsögn í því; það, að áfrýja málinu, liggur alveg fyrir utan atkvæði það, sem hann gefur sem dómari.

Hið þriðja, sem h. þm. (J. Ó.) tók fram, var það, að það væri mjög óhentugt, að dómarinn væri jafnframt (sem amtmaður) sættamaður í sínu sáttaumdæmi; því við sátta-tilraunir gæti hann komizt að mörgu og fengið margt að vita, sem málspartarnir mundu eigi vilja láta hann sem dómara vita, og sem þar að auki síðar gæti haft áhrif á dómsatkvæði hans. Viðvíkjandi þessu skal jeg geta þess, að dómarar dæma ekki og mega ekki dæma eptir því, sem þeir vita, heldur að eins eptir því, sem er sannað og sem stendur í málsskjölunum; hitt, sem ekki er í málsskjölunum, hefir engin áhrif á úrslit málsins, og er sama sem það sje ekki til. »Quod non est in actis, non est in mundo«. Þessi mótbára h. þm. hefir því enga verulega þýðingu.

H. þm. (J. Ó.) sagði ennfremur, að þetta væri á móti stjórnarskránni; reyndar ekki beinlínis á móti orðum hennar; en jeg get heldur ekki sjeð, að það sje í neinu á móti anda hennar. Í stjórnarskránni stendur, að »dómsvaldið sje hjá dómendunum«, og þetta fyrirkomulag, sem hjer er um að ræða, breytir þessari ákvörðun í engu, þar sem dómara eru engin þau störf falin á hendi, sem koma í bága við störf hans sem dómara. H. þm. sagði, að amtmannaembættin væru óþörf, þar sem þau, eða annað þeirra, yrði haft í hjáverkum með öðru mikilsvarðandi embætti. Þessu er ekki

þannig varið. Amtmannsembættið í Suður og Vesturamtinu er mjög örðugt embætti, og verður aldeilis ekki haft í hjáverkum; en sá maður, sem hjer er um að ræða, hefir annað embætti á hendi, sem er ekki umfangsmikið, þótt það sje áríðandi. Málin, sem koma fyrir við yfirdóminn, eru svo fá, og tíminn, sem til þess þarf að ganga, er því stuttur.

Þá tók h. þm. (J. Ó.) ennfremur fram, að áríðandi væri, að dómararnir gætu verið rólegir og lausir við allt stríð og allan krit, sem umboðsstörfin opt og einatt hefðu meira og minna í för með sjer. En jeg hef heyrt það tekið fram, og mig minnir ekki betur en það væri einmitt þessi sami h. þm., sem sagði það með berum orðum, að dómarar væru venjulega hlutdrægir og æstir. Það var í stjórnarskrármálinu, sem hann tók þetta fram. Jeg vil reyndar ekki bregða hinum h. þm. um neina ósamkvæmni í þessu, en að eins geta þess, að þessi ástæða hins h. þm. er ekki eins mikilsverð eins og hann máske heldur, og stendur ekki í rjett góðu samræmi við hans fyrri skoðun í þessu máli.

Hvað breyt.till þá snertir, sem komin er fram við þessa till., þá er jeg henni að vísu líka mótfallinn; en hún fer ekki fram á annað en að ítreka það, sem þingið áður hefir farið fram á, og að láta stjórnina vita, að þingið sje enn sömu skoðunar. Jeg skal ekkert furða mig á, þótt hin háttvirta Nd. hafi nú sömu skoðun og áður á þessu máli; en hitt er spurning, hvort þessar tillögur hafa nokkra þýðingu, og því verð jeg að neita. Jeg felli mig þó betur við breyt.till. en aðaltill., og álít hana álitlegri fyrir hina h. þingd., þótt jeg helzt vildi, að þær væru báðar teknar aptur eða felldar.

Eiríkur Kúld: Þessar tillögur hafa báðar þann galla, að þær setja ekkert í staðinn, og eru að því leyti líkar tillögunni um hæstarjett um daginn. Uppástungumenn tillögunnar álíta amtmannsembættin ónauðsynleg; jeg þvert á móti, eins og enn þá stendur á. Ef jeg væri sannfærður um, að breytingin á stjórnarskránni kæmist bráðlega á, þá mundi jeg vera með breyt.till.; hinni verð jeg aldrei samþykkur. Eitt er það líka, sem jeg ekki get skilið, að þetta fyrirkomulag, sem nú er, sje gagnstætt stjórnarskránni, enda hefir h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) ekki nefnt eina einustu gr. stjórnarskrárinnar, sem þetta sje gagnstætt. En að það sje óviðurkvæmilegt og óviðkunnanlegt, að amtmaðurinn sje jafnframt dómari, fæ jeg ekki lagt mikla áherzlu á; með því líka þetta fyrirkomulag er til mikils sparnaðar, og menn út um landið eru mjög ánægðir með, hvernig þessi maður, sem nú hefir bæði þessi embætti, leysir amtmannsstörfin af hendi.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef skrifað undir breyt.tillöguna, af því það er skoðun mín, að amtmannaembættin eigi að leggjast niður, og jafnframt af því, að mjer líkar ekki þingsályktunartill. sjálf. Eins og nú stendur, sparast hálf laun amtmannsins; en ef sjerstakur maður verður settur í embættið, þá fær hann náttúrlega öll launin, og þannig hverfur sá sparnaður, sem nú er. En það er að mínu áliti skylda sjerhvers þingmanns, að spara fje landsins, svo lengi sem enginn skaði verður af því. Meining okkar var sú, að enginn sjerstakur maður yrði skipaður í þetta embætti meðan það er óveitt; en hvort sá maður, sem nú gegnir því, skuli halda því áfram, það höfum við uppástungumenn látið óafgjört; en það er mjer skylt að votta, að allir, sem jeg þekki til, eru ánægðir með embættisfærslu þess manns, sem nú hefir þjónustu amtmannsembættisins á hendi.

Sömuleiðis áleit jeg æskilegt, að þessi tillaga gengi einnig gegn um hina heiðruðu Ed.; því stjórnin hefir að mínu áliti meiri ástæðu til að taka tillit til þeirrar ályktunar, sem kemur frá báðum þingd., en þeirrar, sem kemur eingöngu frá annari þingd.

Það hefir verið tekið fram, að þetta fyrirkomulag væri ekki samkvæmt anda stjórnarskrárinnar; en jeg vil þá geta þess, að jeg get ekkert sjerstakt gegn stjórnarskránni sjeð í því, þótt dómara um stund sje falið umboðsleg embætti á hendi, þar sem jeg veit ekki betur en sýslumenn almennt hafi umboðsleg störf á hendi jafnframt dómarastörfum sínum; þeir kalla inn tolla, og eru

jafnvel sumir umboðsmenn. Þar sem þm. Barðstr. (E. K.) sagði, að í hvorugri tillögunni væri nokkuð sett í staðinn, þá skal jeg benda honum á, að það stendur í breytingartill. okkar, að embættin verði lögð niður svo fljótt sem unnt er; en það er auðvitað, að þau verða ekki lögð niður fyr en eitthvað er sett í staðinn; því fyr er ekki unt að leggja þau niður.

Arnljótur Ólafsson: H. flutningmaður (J. Ól.) las upp, eins og h. deild hefir heyrt, langa grein úr norðlenzku blaði, sem rituð er, eptir því sem hann sagði, 1878. Jeg finn mjer nú skylt að þakka honum fyrir lesturinn, af því að jeg er dálítið kunnugur rithöfundi þessarar greinar. Jeg skildi orð hans svo, sem hann væri alveg samdóma skoðun þeirri, sem lýst er yfir í greininni, með því að hann vottaði, að hún væri svo vel skráð, að hann gæti ekki sjálfur gert það betur, og jafnvel eigi eins vel; nú vita allir, hve vel hann skrifar, makalaust vel, og þess vegna er ekki annað hrós meira til, en að hann taki einhvern annan til jafns við sig, hvað þá heldur þegar hann játar sjálfur, að hann geti ekki ritað eins vel. Eptir ræðu hans að dæma, skildist mjer hann vera nokkurs konar lærisveinn þessa kenniföður í Norðlingi, og vona jeg því, að hann muni fylgja fast fram þeirri skoðun, sem þar er fram sett. Í greininni, sem hann las upp, stendur, að aðalþýðing amtmannaembættanna sje sú, að vera milliliður milli landstjórnarinnar og sýslumannanna. Þetta vona jeg að h. flutningsmaður játi. Og ef svo er, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann vill nú, 1885, afnema amtmannaembættin sem þennan þýðingarmikla millilið, sökum þess, að þingmaðurinu er, sem allir vita, einn af helztu meðmælendum og forvígismönnum hinnar nýju stjórnarskrár; en aðalkjarni hennar er sá, að draga stjórnina sem mest inn í landið. Landsstjórinn kemur í stað landshöfðingjans, þannig, að landshöfðinginn hverfur, landsstjórinn skal hafa stjórn hinna æðstu landsmála á hendi og hann ræðir öll stjórnarmál í landsráðinu — ekki landráðinu. — Úr því nú aðalþýðing amtmannaembættanna er, að vera milliliður milli landstjórnarinnar og sýslumanna, þá er það alveg samkvæmt skoðun hins h. flutningsmanns (J. Ó.), að vilja ómögulega missa þá, þegar stjórnin er komin inn í landið. Nú fyrir því, að það er undirstaðan eða aðalkjarninn í blaðagreininni, að sú sje aðalþýðing amtmannaembættanna, að vera milliliður milli landsstjórnarinnar og sýslumanna, getur þessi aðalþýðing alls ekki horfið, þá er í hinni nýju stjórnarskrá landsstjórinn með konungsvaldinu kemur í stað landshöfðingja. Jeg skil þess vegna ekki í þeirri samkvæmni hjá h. flutningsm. (J. Ól.), að vilja eyðileggja það í öðru orðinu, sem hann játar að sje nauðsynlegt í hinu. Nema það sje sú samkvæmni, sem stundum kemur fram, ekki utan þings milli h. flutningsm. og Jóns Ólafssonar, heldur sú samkvæmni, sem kemur fram innanþings milli h. flutningsm. og 2. þm. S.-Múl., eins og til að mynda í stjórnarskrármálinu; þar vildi hann ekki líta á nokkurn kostnað, en í sömu andránni var aðalástæða hans til þess að afnema hæstarjett sem æðsta dómstól í íslenzkum málum einmitt kostnaðurinn við að skjóta einkamálum til hæstarjettar. Jeg vil ekki segja, að þetta sje nein ósamkvæmni — það sje fjarri mjer; en eigi er það rjett góð samkvæmni. Í öðru málinu er kostnaðurinn ekkert, en í hinu er hann allt. Annað dæmi upp á samkvæmni h. þm. (J. Ól.) má tilfæra. Hann hjelt hjerna um daginn langa varnarræðu fyrir því, að skorað væri á stjórnina, að setja 5 manna nefnd milli þinga til þess að ræða um menntunarmál alþýðu. Þá vildi hann mæla með því, að þetta væri gjört, þótt hann fyndi, að afleiðingin af meðmælingunni væri sú, að hún yrði að skoðast sem sá dómur um alla þm., að þeir hefðu ekki vit á menntunarmáli aðþýðu. Þá heldur hann fram þeirri skoðun, að þm. ekki hafi vit á þessu máli, en að stjórnin eða sú 5 manna nefnd, sem hún kunni að skipa, hefði það. En nú álítur hann, að þessir sömu þm. hafi vit á að ræða stjórnarbótarmálið sjálft og um skipun hinna æðri embætta í land-

inu. Á því hefir stjórnin að hans hyggju, ekki vit, heldur þingmenn einir.

Hvað breytingartill. snertir, þá fer hún alveg í sömu stefnu eins og þingið tók 1883 og jafnvel áður. Þar á móti bætir þingsályktunartill. sjálf nokkru við þær þráfaldlega ítrekuðu óskir þingsins um afnám amtmannaembættanna. Mjer finnst h. uppástungumaður (J. Ó.) hjer hafa tekið sjer hið sama leyfi, sem hann optar hefir notað sjer, að hnýta nokkru aptan í óskir landsmanna. Hann hnýtir hjer æðimiklu efni aptan í þjóðviljann. Seinni partur till. er alveg nýr; menn hafa aldrei æskt eptir honum. Jeg held. að sá þm., sem hefir talað svo mikið um ósamkvæmni hjá öðrum, hljóti að finna, að ekki sje góð samkvæmni í þessari tillögu. Í fyrra partinum er skorað á stjórnina, að veita ekki amtmannsembættið, en í seinni partinum, að skipa í það sjerstakan mann, og þannig ráðið frá að leggja það niður. Í seinni partinum lýsir sjer þannig umönnun fyrir amtmannaembættunum, en í fyrra partinum er minna af þessari umönnun. Í fyrra partinum er talað um, að stjórnin skuli koma með frv. um tilhögun á hinni æðri stjórn landsins; en í seinni partinum ekki. Mjer finnst ekki rjett góð samkvæmni í þessu; jeg vil ekki segja, að það sje mótsögn í því; en eitthvað líkt því. Breytingartill. þar á móti er sniðin eptir hinum fyrri óskum þingsins, og í henni er ekkert nýtt.

Jón Ólafsson: Jeg hef ekkert á móti að heita lærisveinn h. 1. þm. Eyf. *(A. Ó.:* Ekki minn), í þessu máli; en notabene frá þeim tíma, er þingm. flutti heilsusamlega kenningu, áður en hann »túrnaði«; en jeg vil minna hann á, að hann áleit 1878, að amtmannaembættin hefðu fleira að rækja en að vera milliliður, þótt hann nú leggi annað í orð sín í hinu norðlenzka blaði. Þá sagði hann, að amtmennirnir hefðu margs að gæta, »þeir hefðu nef sitt í hverri krá og hönd sína í hvers manns dalli«. Þá voru amtmennirnir meira en tómur skriffinnsku-milliliður milli landshöfðingja og sýslumanna. En samt vildi hann »farga« þeim. Hann álítur nú, að þýðing amtmannaembættanna væri aukin, ef landsstjórnin yrði flutt inn í landið, sem hann sjálfur reyndar var á móti og lýsti svo góðu trausti til að yrði ekki samþykkt. Jeg get því ekki lagt svo mikla þýðingu í þessa ástæðu hans fyrir að halda þeim nú. Jeg held líka, að þótt þetta yrði, þá væru amtmannaembættin engu fremur nauðsynleg samt, ef amtmennirnir eru, eins og stendur í ritgjörð hans, mestmegnis endurritsvjelar landshöfðingja. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt nauðsynlegra fyrir innlenda stjórn, að hafa slíkar endurritsvjelar, heldur en útlenda stjórn. Ef amtmannaembættin eru ónauðsynleg nú, þá held jeg að þau verði það engu síður þá. Jeg get ekki sjeð, að það verði örðugra að ná til stjórnarinnar í Reykjavík, heldur en í Kaupmannahöfn. Því nær sem yfirstjórnin færist, inum lægri stjórnvöldum, því síður þarf millilið til að tengja þau og hana saman. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) minnti mig á ósamkvæmni hjá mjer, þar sem jeg í stjórnarbótamálinu hefði ekki horft í neinn kostnað, en þar á móti, þegar rætt hefði verið um afnám hæstarjettar, þá hefði kostnaðurinn við það rjettarfar verið aðalástæðan hjá mjer. Þetta er satt. En um hvað er hjer að ræða? Það er tvennt ólíkt. Annað er kostnaður sem þjóðin í heild sinni vill taka upp á sig til þess að fá frelsi sitt og rjettindi aukin, til þess að auka hið innlenda vald; en hitt er kostnaður, sem liggur á einstökum mönnum, gegn því að selja rjett sinn út úr landinu, sem gerir þeim erfitt fyrir að ná rjetti sínum. Jeg vona, að allir sjái, að jeg er hjer sjálfum mjer alveg samkvæmur, þar sem jeg vil, að landssjóður beri kostnað af því, að við fáum rjett vorn aukinn í hvorutveggja tilfellinu.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að þótt amtmaðurinn, þegar hann hefði fengið öll frumpróf, skipaði fyrir um málssókn, þá leiddi ekki af því, að hann gæti ekki sem dómandi sýknað hinn sama mann, sem hann sem amtmaður hefði skipað að höfða mál á móti,—þá er þetta rjett. En hæstv. landsh. gáði ekki að einu, og það er, að hann getur ekki losað hinn

sama mann við að borga málskostnað, nema hann dæmi, að engin ástæða hafi verið til þess að höfða málið eða að áfrýja málinu af hendi hins opinbera, og dæmi þannig um gjörðir sjálfs sín, og dæmi þær ómerkar. Það er því ekki þýðingarlaust, að sami maðurinn skuli ekki fyrir skipa um málshöfðun, eins og sá sem dæmir. Í öðru lagi tók hæstv. landsh. fram, að það hefði enga þýðingu, þótt dómari væri við staddur og heyrði það, sem fram færi á sáttafundi; því dómendurnir væru að eins bundnir við það, sem sannað yrði. Á hverju er það þá byggt, að dómendurnir mega ekki vita, hvað fram fer á sáttafundi, og að sáttamenn eru látnir vinna eið að því, að bera ekki út það, sem fram fer á sáttafundum, svo að dómendurnir fái ekki vitneskju um það? Það er byggt á því, að það er opt komið undir tilfinningu manna, eða álitsmál, sem kallað er, hvað menn álíta fullsannað. Það getur haft töluverð áhrif á dómandann, hvort hann veit nokkuð áður um málið. Þetta kemur líka fram í lögum annara þjóða, t. d. í Ameríku. Þar er t. d. ákveðið, að enginn megi eiga sæti í kviðdómum, sem hafi myndað sjer fasta skoðun í málinu áður. Það er þannig gert að skilyrði fyrir setu í dómnum, að maður hafi ekki myndað sjer skoðun fyrir fram (fordóm) um það, hvorum meginn rjetturinn væri. Hæstv. landsh. sagði enn fremur, að jeg hefði sagt um daginn, að dómarar væru mjög æstir og hlutdrægir. Þetta eru ósannindi og hártogun orða minna; jeg sagði ekki svo, heldur hafði jeg það eptir nafnkunnum stjórnvitringi, að hann hefði sagt, að á pólitiskum stríðstímum væru dómendurnir opt æstir og hlutdrægir. Þetta er allt annað en smávegis kritur og stríð, sem getur opt komið fyrir, og flýtur af stöðu umboðslegra embættismanna. Þar sem h. þm. Barðstr. (E. K.) tók fram, að jeg hefði ekki bent á neina sjerstaka grein í stjórnarskránni, sem það væri gagnstætt, að umboðsstjórn og dómaraembætti væri í sama manns höndum, þá vil jeg geta þess, að jeg tók það fram, að það stríddi ekki beinlínis á móti orðum hennar, heldur á móti anda hennar. Jeg vil þó benda h. þm. á þrjár greinar, þar sem bent er á slíkt. Í 1. gr. stendur, að löggjafarvaldið sje hjá alþingi og konungi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendunum. Dómsvaldið er þannig jafnvel óháð konunginum sjálfum. Ætli hver gætin stjórn gjaldi ekki varhuga við, að blanda þessu tvennu saman, umboðsvaldi og dómsvaldi, og nema þannig burt þá trygging gegn umboðsvaldinu, sem þjóðinni er þar með heimiluð? Jeg vil enn fremur benda á 43. gr.: »Dómendur eiga rjett á, að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna». Þegar nú dómaraembættið er sameinað við hið umboðslega, þá sker sami maðurinn, sem yfirdómari, úr öllum ágreiningi um embættistakmörk sín sem amtmanns, og það er þó eitthvað skrítið, að hann skuli þannig mega dæma í sjálfs sín sök. *(H. Kr. Friðriksson:* Hann dæmir þá ekki sjálfur, heldur verður skipaður setudómari). Einmitt þessi orð h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sýna og sanna, að staða hans sem amtmanns kemur í bága við embættisstöðn hans sem dómara, ef þau hafa það að verkun, að hann getur ekki gegnt aðalstarfi sínu (dómarastarfinu).

44. gr. stjórnarskrárinnar bendir líka á allt aðrar grundvallarreglur fyrir skipun dómsvaldsins og umboðsvaldsins.

Það er ekki rjett, sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) sagði, að ekki væri rjett að setja ekkert í staðinn fyrir amtmannaembættin, um leið og við færum fram á, að af nema þau. Þetta er einmitt rjett. H. þm. veit, að við höfum opt samþykkt lög um afnám amtmannaembættanna, en stjórnin hefir ávallt hafnað þeim. Hún hefir látið í ljós, að hún gæti ekki gengið að því, að afnema þau, af því að það stæði í svo nánu sambandi við allt fyrirkomulag á umboðsvaldina, svo að, ef þau væru af numin, þá þyrfti að umsteypa öllu hinu núverandi fyrirkomulagi á valdstjórn landsins. Þegar nú þingið var búið að reyna til þrautar frá sinni hálfu, að koma afnáminu svo fyrir, að stjórnin gæti gengið að því, þá var

heppilegt, að þingið segði sem svo við stjórnina: Jeg lýsi enn yfir sömu skoðun með afnám amtmannaembættanna þegar unnt er; en láttu okkur nú heyra, hver skilyrði þú setur frá þinni hálfu fyrir því, að slíku megi framgengt verða, og legðu nú frv. fyrir þingið, og sníð það eptir þínu eigin höfði, svo að þingið geti sjeð, hvort það geti þá frá sinni hálfu gengið að þeim breytingum á fyrirkomulagi umboðsvaldsins, sem stjórnin álítur að verði að vera samfara afnámi amtmannaembættanna. Það er því eðlilegra og því meiri ástæða að ætlast til þessa, sem landsh. á þinginu 1881 ljet í ljós, að stjórnin mundi engu að síður taka tillit til vilja þingsins í þessu máli, þótt athugasemdin um afnám amtmannaembættanna væri numin burt úr fjárlögunum. Þetta verð jeg að skoða sem loforð frá stjórnarinnar hálfu, um, að sinna þessu máli, og það virðist benda á, að stjórnin hafi þó gert ráð fyrir, að hún gæti fundið einhvern aðgengilegan veg til þess. Ef breytingartill. verður samþykkt, þá verð jeg að skoða það sem dauðadóm yfir »principi« og anda stjórnarskrárinnar, með tilliti til dómsvaldsins, og einnig sem dauðadóm yfir þeirri nýju stjórnarskrá, sem h. þingd. sjálf hefir samþykkt nýlega, og það væri illu heilli gjört.

Það hefir verið tekið fram, að sá dómari, sem nú hefir amtmannsembættið á hendi, hafi leyst það mikið vel af hendi. Slíkt er þessu máli alveg óviðkomandi; það á hjer alls ekki við, að fara að þakka nje álasa nokkrum sjerstökum manni. Það er að villa sjónir fyrir mönnum, að blanda nokkurri persónu eða nokkru persónulegu inn í þetta mál. Hjer er að ræða um grundvallarreglur. Ákvæði stjórnarskrárinnar mega ekki vanhelgast af því, hve vel eða illa einn maður hafi staðið í stöðu sinni, ekki þótt engill drottins væri »settur« í embættið. Þá þótti h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) betra, að þingsályktunin kæmi frá öllu þinginu, heldur en frá neðri deildinni. En þegar ekki er hægt að koma tillögunni breytingarlaust gegnum þessa deild, er þá líklegt, að Ed. kunni ekki að gera enn einhverjar breytingar á henni? Ef við sendum þingsályktun frá vorri deild, þá getur Ed., ef hún er á sama máli, sent samhljóða tillögu frá sjer og þannig tekið í sama strenginn. En mjer finnst engin von til, að þessi tillaga gangi breytingalaust gegnum Ed., ef hún getur ekki gengið breytingalaust gegnum vora deild.

H. Kr. Friðriksson: H. flutningsm. sagði, að það lægi beinast við, að ef sami maður, sem skipar málshöfðun gegn einum manni, dæmdi hann síðan alsýknan sem dómari, játaði hann með því, að hann hefði að ástæðulausu látið höfða mál móti honum. En þetta er alls ekki rjett. Því að í fyrsta lagi getur margt það komið fram við rekstur málsins, sem alls eigi var auðið að sjá upphaflega, eptir að hin fyrstu próf eru haldin, og í öðru lagi getur margt það hafa komið fram við þessi próf, sem gera það einmitt æskilegt, að maðurinn verði sýknaður með dómi fyrir þeim ákærum, sem reistar hafa verið gegn honum; því að ef ákærur eru á einhvern bornar, verður hann eigi talinn alsýkn, nema hann sje dæmdur alsýkn með dómi. Svo að þessi ummæli h. þingm. eru öldungis ekki rjett.

H. flutningsm. (J. Ól.) sagði líka, að sáttarnefndarmennirnir ættu að vinna eið að því, að láta ekkert berast út af því, sem fram færi fyrir sáttanefndinni. En þetta er heldur ekki rjett. Því að eptir tilskipun 20. janúar 1797 vinna þeir eið að því að eins, »að styðja að því, sem þeim er framast auðið, að sátt komist á milli málspartanna, og með mestu alúð og ráðvendni stuðla að því, sem þeir ætla rjettast og sannast». Í þessum eið skuldbinda þeir sig því ekki með einu orði til þess að láta ekki berast út neitt af því, sem fram fer á sáttafundinum. En hitt er satt, að þeir mega ekki gefa neitt skriflegt um það eða það, sem fer fram á sáttafundinum, svo verði haft ástæða móti öðrumhvorum málsparti. Það er því öldungis rjett hjá hæstv. landsh., að það, sem ekki

er til í öktunum, er ekki til í heiminum, því að ef það stendur ekki þar (o: in actis), má ekki dómarinn taka það neitt til greina. En ef það væri rjett, að sáttanefndarmenn ættu að sverja það, hvorki að gefa neitt skriflegt frá sáttanefndarfundum nje heldur á annan hátt láta það komast upp, þá held jeg, að ærið margir sáttanefndarmenn Íslands væru meinsærismenn; því að það hefir sannarlega opt borið við, að sáttanefndarmenn hafa skrifað það á sáttakæruna, hvað hver málsparta bauð til sátta, og jafnvel skrifað mikið af samræðunum upp, og opt hafa mál risið einmitt út af því, sem fram hefir farið á sáttanefndarfundum. Það er mikið rjett, að það er ólöglegt, að sáttanefndarmenn gefi skriflega skýrslu um, hvað þar fram fer; en það verður h. þm. að sjá, að það er þó sitt hvað, eða að segja, að þeir með því hafi rofið eiða sína. Þótt amtmaður því sje sáttasemjari, dæmir hann ekki í dómarasætinu eptir því sem þar fram fer, heldur eptir þeim sönnunum, sem fram koma við rekstur málsins. Það getur þess vegna frá þessari hlið ekkert verið móti því, þótt sami maður hafi bæði umboðsvald á hendi og dómarastörf, auk þess sem það hið sama á sjer einnig stað með sýslumenn landsins, að þeir eru bæði umboðsmenn og dómarar. Það veit þó hinn h. þm., að á sjer stað. *(Benidikt Sveinsson:* Allt annað). Það er með öllu hið sama. Ef amtmaður yrði kærður fyrir það, að hann í einhverju hefði gengið út fyrir sitt embættisvald, þá verður hann að víkja úr dómarasæti á sama hátt og sýslumennirnir, ef þeir yrðu kærðir fyrir sama atvik. Jeg get heldur ekki fundið neitt ótilhlýðilegt í því, að lýsa því yfir hjer á þingi, eins og hæstv. landsh. gerði, að sá, sem þessum báðum embættum gegndi nú, leysti þann starfa vel af hendi. Því að enginn getur víst neitað því, að gerði hann það eigi, þá væri meiri hvöt fyrir þingið, að biðja um aðskilnað á þessum embættum, ef hið mótsetta ætti sjer stað. En þegar nú það er ekki, er sú ástæða fallin burt.

Að öðru leyti skal jeg ekki tala mikið um þessa tillögu, um að afnema amtmannaembættin; jeg hef jafnan verið á móti þeim tillögum, í hverju formi sem þær hafa komið fram á þinginu, og jeg er það líka enn þá. En álíti þingið það rjett, að afnema amtmannaembættin, þá geri það svo vel; — en eitthvað verðum vjer að fá í staðinn. Það er eins hjer, eins og með hæstarjett um daginn. Það er ekki nóg að segja: »Vjer viljum af nema þessi embætti«; því að stjórnin þarf þó að fá einhverjar bendingar frá þinginu um, hvað það vill, að sett sje í staðinn. *(Jón Ólafsson:* Hún hefir fengið að vita það). Nei, alls ekki. Þm. á líklega við fjórðungsráðin, sem stungið var upp á 1883; en það er alls ekki fullnægjandi. Ef þingið vill endilega hafa þessi amtmannaembætti af numin, þá væri eðlilegra, að biðja stjórnina um, að setja nefnd milli þinga til að íhuga það mál. Það er ekki nóg, að heimta svona út í bláinn, að þau sjeu af numin.

Jón Jónsson: Þótt þessi breytingartill. hafi fengið þann harða dóm hjá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að með henni sje kveðinn upp dauðadómur yfir þeirri stjórnfrelsishugsun, sem liggur til grundvallar fyrir stjórnarskrá vorri og stjórnarskrárbreytingu, — þá fer þó þessi breyt.till. ekki fram á neitt annað en einmitt hið sama, sem tillögur og frv. um sama efni hafa gert að undanförnu, svo að hið sama mætti víst segja um þær. Hún fer ekki fram á neitt annað en að amtmannaembættin verði lögð niður sem fyrst; og þótt amtmannaembættið sje til bráðabyrgða sameinað yfirdómaraembættinu, þá virðist það því síður hættulegt, sem hið sama á sjer stað um sýslumenn landsins, að þeir hafa og umboðsstörf á hendi, eins og tekið hefir verið fram af mjer og fleirum h. þm. Jeg verð að frábiðja mjer það, að jeg fari út í nokkuð persónulegt, því að jeg hef ekki minnzt neitt á persónu, enda lýsir breyt.till. hvorki ánægju nje óánægju með það fyrirkomulag, sem nú er um stundarsakir. Eins og jeg hef tekið fram, hygg jeg að vjer getum látið stjórnina sjálfa ráða því, hvort hún lætur þennan mann, sem nú er

settur amtmaður, hafa amtmannsembættið á hendi, unz algjörð breyting kemst á þessa embættaskipun, eða hún setur annan til þess, svo sem amtmanninn í norður- og austuramtinu; jeg álít að eins ekki þörf á að biðja um sjerstakan amtmann með fullum launum.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg verð að leyfa mjer að benda á það, að breytingartill. fer fram á meira en að afnema amtmannaembættin; því að hún hefir aðra ákvörðun í sjer fólgna, en sleppir því sem er niðurlagið í þingsályktun okkar, fellir burtu þann síðari hluta, vill ekki að þingið láti í ljósi, að það vilji halda í heiðri þeim grundvallarreglum í skipun dómsvaldsins, sem þingið seinast í sumar hefir samþykkt. Jeg verð að biðja menn vel að gæta að því, að þar sem þessi breytingartill. miðar til þess, að fella það, sem búið er »pósitívt« að samþykkja, hlýtur að liggja í því, ef menn samþykkja hana, það, að ósamþykki sje um það, sem á undan er komið. Væri þessi breyt.till. sem sjerstök þingsályktun, skyldi jeg ekki vera á móti henni. En það er ómögulegt, að greiða atkvæði með þessari breyt.till., nema að greiða líka atkvæði móti síðari hluta aðaltill.; og við það fær breyt.tillagan sjerstaka þýðingu, sem gjörir hana skaðvænlega, hneykslanlega; á það verð jeg að leggja sjerstaklega áherzlu. En jeg vil leyfa mjer að spyrja h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.): Á hverju byggir 44. gr. stjórnarskrárinnar það, að setja dómara rjetthærri en aðra embættismenn, þar sem hún segir, að þeim dómurum, sem ekki hafa líka umboðsstörf á hendi, verði ekki vikið úr embættum, nema með dómi? Af þessu er bersýnilegt, hve miklu stjórnarskráin gjörir æðstu dómurum hærra undir höfði en umboðslegum embættismönnum; og þó að sýslumenn hafi bæði dómsvald á hendi og umboðsleg störf, þá er það einmitt auðsjeð af sjálfri stjórnarskránni, að það er að eins bráðabyrgðarfyrirkomulag, og þess vegna er líka í 42. gr. ráðgjört, að ný skipun dómsvaldsins verði ákveðin með lagaboði. Það er líka mikill munur á, hvort það er látið viðgangast, að dómsvaldið á sínu lægsta stigi sje sameinað umboðslegu valdi, eða farið er að teygja þessa undantekning til hins hæsta stigs; því að menn geta sagt, að meðan æðsta stig dómsvaldsins innanlands ekki er tjóðurbundið af stjórninni, getur fyrirgefist, þó hinir lægstu dómstólar sjeu það; en þegar hið æðsta dómsvald innanlands, og sem líka optast er hið faktiskt æðsta dómsvald í íslenzkum málum, er komið í sömu súpuna, þá fer að hverfa sú trygging, sem stjórnarskráin talar um. Jeg vona, að h. þm. sjái það, og haldi því föstu, að það er mikill munur á, hvort þessi undantekning með sýslumennina, hið lægsta dómsvald, er látin viðgangast sem bráðabyrgðarástand, eða stjórnin fer sjálf að ástæðulausu að blanda umboðsvaldi inn í æðsta dómsvald landsins. Jeg vona því, að h. þingd. íhugi vel, hvað hún gjörir, áður en hún greiðir atkvæði móti þessari þingsályktun, eða samþ. breytingartill. þessara h. þm.; því að þar með er uppkveðinn dauðadómur, eins og jeg hef áður sagt, yfir þeim frumreglum, sem settar eru bæði í vorri stjórnarskrá og í grundvallarlögum allra menntaðra þjóða.

Th. Thorsteinson: Jeg aðhyllist þá skoðun h. flutningsm., að verði breyt.till. þessara þriggja h. þm. samþykkt, þá sje þar með fallin síðari hluti þingsályktunar hans. En jeg verð að játa það líka, að jeg felli mig betur við þessa breyt.till.; því að mjer virðist hún samkvæmari því, sem fram hefir komið hjer á fyrri þingum í þessu máli, heldur en aðalþingsályktunin; því að síðari hluti hennar hefir inni að halda nokkuð alveg nýtt, og jeg leyfi mjer að segja nokkuð óheppilegt líka, þar sem hjer virðist vera um persónulegt að ræða. (*J. Ó.*: Nei!). Jú; að því leyti, sem ekki er mögulegt að greiða atkvæði um þess tillögu, nema minnast um leið þeirrar persónu, sem nú hefir þennan starfa á hendi, og sem fleiri h. þm. hafa játað að standi vel í stöðu sinni. Eins og menn vita, er

mjög sjaldan eða máske alls ekki sótt um amtmannsembætti, og að stjórnin hefir tekið þá bráðabyrgðarákvörðun, að setja (constituera) *mann í þetta embætti*, er einmitt vottur þess, að hún máske muni bráðum fallast á skoðanir þingsins, með tilliti til þessara embætta, og ekki viljað þess vegna veita þetta embætti, heldur að eins sett mann til að gegna því. En bezt felli jeg mig við, að þingsályktunartill. væri skipt í tvennt, eins og mjer hefir skilizt á h. forseta, og samþykktur yrði fyrri hlutinn, en felldur síðari hlutin.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg verð, sem flutningsmaður þessarar þingsályktunar, að lýsa yfir því, bæði fyrir hönd þeirra, sem greiða atkvæði með þessari tillögu, og eins hinna, sem atkvæði greiða móti henni, að jeg frábið mjer og okkur öllum það ámæli, að hjer sje nokkuð persónulegt í efni. Það er að eins 1. þm. Ísf. (Th. Th.), sem játar skýrt, að *hann* greiði atkv. í þessu máli eptir persónulegum hvötum, en ekki eptir eðli málsins. Hann um það! En það á hjer alls ekki við, að blanda því neitt inn í þetta mál, hvernig sá maður, sem nú gegnir amtmannsembættinu, hefir leyst það af hendi; hjer er að eins að ræða um helg og há »princip«, sem hver stjórnarskipun byggir á, og fyrir því er það gersamlega rangt, að villa sjónir fyrir mönnum með því, að stagast á því, hversu vel eða illa þessi maður hafi gegnt þeim störfum, þó hann svo væri engill, meðan hann að eins er ekki alfullkominn. Hjer er um það »princip« að gera, að vjer viljum *yfir höfuð* ekki hafa dómara í þessu embætti. Mig furðar það, að h. þm. Ísf. (Th. Th.) skuli nú, mót vanda, vera svo tornæmur að skilja, og vona jeg, að öðrum h. þingm. standi sá stuggur af orðum hans, að þau fæli menn einmitt frá, að greiða atkvæði móti *aðal*-uppástungunni; því að væri þessi þingsályktun byggð á nokkuru öðru en almennu »principi«, þá mundi hvorki h. forseti, nje h. þingdeild hafa leyft henni, að koma inn á þingið.

Th. Thorsteinson: Jeg verð að leyfa mjer að geta þess, að það var einmitt h. flutningsmaður sjálfur, sem fyrstur nefndi orðið »persónulegur«, sem fyrstur stakk því hjer inn á þing í þessu máli. Jeg skil það fullvel, að jeg hefi ekki, í þessu máli, sagt annað en minn eigin skilning, og er mjer ekki kunnugt, hvern skilning aðrir h. þm hafa. En þegar þessi þingsályktun er rólega skoðuð, þá er von, að hún líti nokkuð persónulega út, þar sem hún ræðir einungis um þennan stutta tíma, þangað til frumv. gæti orðið löggilt. Mjer er það vel kunnugt, að það eru þrír dómarar í landsyfirrjettinum; en það datt mjer þó ekki í hug, að hjer kæmi fram nokkuð persónulegt til þeirra allra. En h. flutningsmanni er víst kunnugt, að þessi yfirdómari, sem nú er amtmaður, dæmir þó ekki einn, heldur dæma þeir allir þrír saman. Það er af öðrum hjer við þessa umræðu tekið fram, að það eru að eins sakamál, sem amtmenn álykta, hvort áfrýja skuli til yfirdómsins eða ekki, og að það alls ekki þarf að vera skoðun amtsins, hvorki að áfella nje ásaka, sem er orsök til áfrýjunarinnar.

En setjum svo, að amtmaður, af því hann sjer málið fyrst, taki fasta skoðun á málinu, þá er það einnig það, sem hann á að gera sem dómari, og skyldi maður vænta, að þetta ekki hefði nein áhrif á málið; því eigi er hjer verið að tala um, að dæma í sjálfs síns sök. En hafi jeg misskilið h. flutningsmann, skal jeg ekki bregða honum um það; en síðari hluti þingsál. gefur mjer fulla heimild til, að skoða þetta sem persónulegt mál, og mun jeg því, sem sagt, greiða atkvæði móti þessum hluta.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Það voru 2 af h. þm., sem talað hafa, sem luku lofsorði á þann mann, sem nú gegnir báðum þessum embættum, og sagði jeg þá, að það kæmi ekki málinu neitt við, af því að hjer væri að ræða um þá grundvallarreglu, að enginn dómari ætti að hafa umboðsvald á hendi, án tillits til þess, hvernig einstakir menn kynnu að geta gert það. Þetta voru ástæðurnar til þess, að jeg nefndi

orðið persónulegur. En viðvíkjandi því, sem h. þm. sagði, að þeir dæmdu allir 3 saman í yfirrjettinum, þá vil jeg spyrja hann að, hvernig fer, ef svo ber undir, að þeir tveir, sem engin umboðsstörf hafa á hendi, verða ekki samdóma, hver er það þá, sem gjörir útslagið, og sem því eiginlega dæmir? Jeg held, að allir sjái, að sönnun h. þm. hefir ekki það sönnunarafl, sem hann ætlast til hún hafi.

Atkvæðagr.: Síðan var gengið til atkv., og fjellu þau þannig, að breyt.till. 3 þm. (C. 376) var felld með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm., og sögðu *já*: Halldór Kr. Friðriksson, Arnlj. Ólafsson, Eiríkur Briem, Gunnl. E. Briem, Jón Jónsson, Jón Sigurðsson, Lárus Blöndal, Þorkell Bjarnason, Þorlákur Guðmundsson.

Fyrri hluti aðaluppástungunnar: »Neðri ... amtmannaembættin« var samþ. með 18 atkv., en síðari hlutinn felldur með 13 atkv. gegn 8.

Jón Ólafsson mótmælti þeirri aðferð, að skipta tillögunni í tvennt.

Forseti kvaðst hafa rjett til þess samkvæmt 36. gr. þingskapanna, og að kröfu þyrfti frá 8 þingmönnum til þess að bera undir þingdeildina, hvort öðruvísi skyldi að farið.

— Síðan var þingsályktunin þannig breytt afgreidd til landsh.

Fertugasti og fimmti fundur, föstudag 21. ágúst kl. 12.

Allir á fundi.

Frv. til laga um linun á skatti á ábúð og afnotum jarða og lausafje (C 227); 2. umr.

Frv. samþ. umræðulaust með 20 atkv. og sömuleiðis vísað til 3. umr.

Frv. til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum (C 328, breyt.till. 372); ein umr.

Arnljótur Ólafsson: Eins og deildinni er kunnugt er þessi breytingartill. nr. 371 ekki í neinu frábrugðin 1. gr. frv., eins og hún var þegar frv. fór síðast frá Nd. og gekk upp í Ed.—Mjer finnst næstum undarlegt, hvað h. Ed. heldur fast við sína 1. gr. (309). Munurinn á 1. gr. Ed. og breytingartill er enginn aðalmunur; hann er mest fólginn í því, að í breytingartill. er lagt dálítið þyngra gjald á lausakaupmennina á stundum, þar sem þeim er gert að skyldu, að greiða 25 kr. fyrir hverja löggilta höfn og eins hvern stað annan, er þeir vilja verzla á, en eptir 1. gr. Ed. er tiltekið, að lausakaupmaðurinn þurfi að eins að borga 50 kr. hvort sem hann vill verzla á mörgum stöðum eða einum. Jeg vona nú að öllum sje auðsætt, að því meiri rjettindi sem lausakaupmönnum eru veitt, því sanngjarnara er að þeir greiði meira. Frv. veitir lausakaupmönnum leyfi til að verzla annarstaðar en á löggiltum höfnum. Þetta er sá rjettarauki, sem frv. hefir inni að halda, og þá var það meining mín og h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), að þeir ættu að gjalda dálítið fyrir þennan rjettarauka. Allir vita, að fastakaupmenn verða að greiða skatt af verzlun sinni, eða atvinnuskatt, húsaskatt og útsvar til hlutaðeigandi sveitar. Allt þetta er lausakaupmaðurinn laus við. En þar sem nú lausakaupmaðurinn fær eptir frv. allan hinn sama rjett, sem fastakaupmaður hefir, þá er tilhlýðilegt, að hann gjaldi líka nokkuð til sveitar þeirrar, er hann verzlar í. En þar sem okkur þótti hentugra, að láta hann gjalda til sýslufjelagsins en hreppsfjelagsins, þá höfum við komið fram með þau ákvæði, að hann skyldi greiða gjaldið í viðkomandi bæjarsjóð, þar sem bæjarsjóðir eru til, en annars til sýslusjóða. Jeg vona, að allir sjái, að það er ekki sanngjarnt, að láta lausakaupmanninn hafa allan hinn sama rjett sem fastakaupmanninn, en losa hann við allar þær skyldur og skatta, sem á fastakaupmanni hvíla. Það er líka hvorki rjett af oss nje tilgangur vor sem löggjafa, að draga alla verzlunina úr höndum fastakaupmanna og gefa hana í hendur lausakaupmönnum, sem fara hjeðan, þegar þeim lízt, með allan ágóðann af verzlun sinni, og eyða honum erlendis. Þeir byggja hjer ekki hús og styrkja aldrei atvinnuvegi vora, ýmsan iðnað og margt annað, sem fastakaupmenn gera.

Nytsemi af fastakaupmönnum er miklu meiri en af lausakaupmönnum. Lausakaupmenn bæta nokkuð úr erfiðleikum á vöruflutningum, verð á vörum og eigi annað. Jeg vona því að h. þingd. fallist á breytingartill., því hún er, eins og öllum mun ljóst, byggð á sanngirni og rjettvísi.

Jón Ólafsson: Jeg vil vekja athygli á einu atriði viðvíkjandi þessu frv. og breytingartill. þeirri, sem fram við það er komin. Það er öllum í augum uppi, að eptir þessu frv. eru lausakaupmönnum gefin mikil forrjettindi fram yfir fastakaupmenn, sem búsettir eru hjer. Til þess að reka fasta verzlun þurfa kaupmenn að leysa borgarabrjef, sem kostar 50 kr., auk þess sem fastakaupmaðurinn þarf að gjalda mikið til allra stjetta, en lausakaupmaðurinn getur komið hjer svo árum skiptir án þess að leysa nokkru sinni borgarabrjef. Vitaskuld á hann að gjalda 50 kr. á ári og 25 kr. eptir breytingartill. fyrir hverja höfn; en þau gjöld komast í engan samjöfnuð við gjöld fastakaupmannsins. Úr því að h. deild ekki fjellst á till. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), að binda rjettindi lausakaupmanna við það, að þeir eingöngu verzluðu með kol, salt, timbur og korn, þá álít jeg lang-heppilegast að geyma þetta, því þetta frv. er svo ósanngirnislega hlutdrægt í hag lausakaupmönnunum, að það er betra að þessu máli sje ekki skipað á neinn hátt á þessu þingi, en að því sje illa skipað; hvorki breytingartill. eða frv. sjálft álít jeg í nokkurn máta viðunanlegt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er í raun og veru samdóma h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að þetta frv. sje nokkuð hart gagnvart fastakaupmönnum. En jeg vil benda h. þingdeild á, að orsökin til að þetta frv. er komið fram í h. Ed., er sú, að hún með frv. þessu vildi reyna að koma í veg fyrir hinar mjög mörgu bænir um löggilding verzlunarstaða, sem ávallt streyma inn á hvert þing; það er helzta ástæðan til þess, að jeg gef frv. atkv. mitt, að jeg hef dálitla von um, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá kynni nokkuð að fækka þessum jeg vil segja — endalausu bænum, sem eyða á hverju þingi svo miklum hluta af hinum dýrmæta tíma þingsins, því þá geta t. d. Norðmenn flutt trjávið til landsmanna og fleiri vörur á hverja vík, sem menn vilja, svo þá verður síður ástæða til að löggilda hafnir. En jeg vil ráða til að breytingartill. verði samþ., því með henni er misrjetti fastra kaupmanna og lausakaupmanna nokkuð leiðrjett.

Atkvæðagr.: Breytingartill. 2 þm. (C. 372) við 1. gr. samþ. með 13 samhljóða atkvæðum. Breytingartill. við fyrirsögn frv., samþ. með 13 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 15 : 2 atkv., og síðan endursent Ed.

Þingsályktunartill. um lán til þilskipakaupa (C. 377); ein umr.

Atkvæðagr.: Tillagan samþ. óbreytt í einu hljóði, og afgreidd síðan til landshöfðingja.

Fertugasti og sjötti fundur, laugardag 22. ágúst kl. 12.

Allir á fundi, nema þingmenn G.-K. (Þ. Böðv. og Þ. Bj.), sem höfðu fengið leyfi forfeta til burtfarar.

Frv. til laga um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 289); 3. umr.

Frv. samþykkt umræðulaust í einu hljóði og afgreitt síðan til landsh. sem lög frá alþingi.

Þingsályktunartillaga um umboðsleg störf og yfirdómendur (C. 379); hverning ræða skuli.

Samþ. í einu hljóði, að hafa eina umr. um málið.

Fyrirspurn til landshöfðingja um sjóð og reikninga landsbókasafnsins (C. 370); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg hef leyft mjer að koma fram með fyrirspurn um sjóð landsbókasafnsins, hve hár hann er orðinn nú, og hvernig á því standi, að landsstjórnin annast eigi um, að fylgt sje fyrirmælum konungsúrskurðar 2. marz 1861 (sbr. brjef kyrkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna 29. des. 1863), um birting reikninga sjóðs þessa á prenti. Sjóður þessi er stofnaður með gjöfum, og stofnunarskrá dags. 10. júlí 1857 og staðfesti

af konungi. Sjóðurinn nam þá 2343 rdl. eða 4686 kr., og er svo ákveðið í stofnunarskránni, að jafnan skuli leggja 50 rdl. á ári af vöxtum hans við höfuðstólinn, þannig, að annaðhvort ár sje keypt konungl. obligatíón upp á 100 rdl. eða 200 kr. Frá stjórnarinnar hendi eru nú eigi til neinar skýrslur um, hve stór þessi sjóður er orðinn, nje heldur, hvernig þessum reglum hefir verið fylgt. Reyndar er til brjef dómsmálastjórnarinnar 13. júní 1860, þar sem gefnar eru hinni norsku kennslumálastjórn nokkrar upplýsingar um landsbókasafnið; en þar er að eins tekið fram, hversu hár sjóðurinn var, þegar hann var stofnaður. Einnig er til brjef frá bókaverði frá 1862, en hann gefur enga upplýsing um annað en, hve hár sjóðurinn hafi verið, þegar statúturnar voru staðfestar. Hann segir enn fremur sjálfur, að það sje von að velgjörðamenn safnsins erlendis trjenist upp á því, að senda safninu gjafir, þegar hvergi sjeu gefnar skýrslur um tilveru þess, nje heldur hafi verið birtir reikningar þess í 16 ár. Enda var og til konungsúrskurður 2. marz 1861, þar sem beinlínis er skipað að birta reikninga safnsins á prenti. En þrátt fyrir umkvartanir bókavarðar er það samt eigi gjört, og 29. des. 1863 skrifar Cultusministeríið stiptsyfirvöldunum á Íslandi og lætur óánægju sína í ljósi yfir því, að statútum þeim, sem konungur hefir staðfest, sje eigi fylgt, og skorar að lyktum á stiptsyfirvöldin, að annast, um að fyrirmælum gjafabrjefsins sje hið bráðasta fullnægt og skýrslur sjeu gerðar. Nú skyldu menn ætla, að þessum fyrirmælum yrði fullnægt; en þó líða 20 ár þangað til nokkur stafur sjest á prenti um reikning sjóðsins. Nei, það er fyrst 1884, að reikningur kemur í Stjórnartíðindunum fyrir 1882 og 83. Nú skyldu menn búast við, að eptir þann langa tíma hefði reikningurinn borið með sjer, að fylgt hefði verið statútunum; en það fer fjarri. Sá reikningur ber tvennt með sjer: að á þessu langa tímabili hefir eigi verið fylgt statútunum, því að eptir þau 27 ár, sem liðin voru, átti innstæða sjóðsins að hafa vaxið um 2700 kr., en það hefir hún ekki gert. Það er einmitt þvert á móti, því hann er einmitt minni 1883; þá er hann að eins 6050 kr. í stað þess að vera 7,386 kr. En þessi reikningur ber annað meira með sjer. Hann ber það með sjer, að á þessum 2 árum 82 og 83 er statútunum eigi einu sinni fylgt; því við árslok 1883 eru eptirstöðvarnar alls 7164 kr., en þar af eru þó eigi í konungl. skuldabrjefum nema þessar sömu 6050 kr., sem árið áður. Það hafa því engin konungl. skuldabrjef verið keypt á þessum 2 árum. Þetta er það sem sjest á reikningunum, og fyrir því hef jeg komið fram með þessa fyrirspurn. Það lítur svo út, sem þessir reikningar sjeu eins og nokkurs konar halastjarna, sem eigi birtist nema endrum og sinnum, og hennar göngu er mínu viti of vaxið að reikna út. Nú skyldu menn ætla, að þá sjaldan hún birtist eða þá sjaldan að þessir reikningar sýna sig, þá sje fylgt statútunum, að minnsta kosti fyrir þau ár, er reikningarnir ná yfir; en samt er það ekki, þó það sje að eins á 30 ára fresti. En að reikningurinn er birtur nú, er þó máske vottur þess, að stiptsyfirvöldin ætli að fara að ganga í endurnýjungu lífdaganna og byrja að birta þá; en mörgum hefði þótt við eiga, að einhver grein hefði verið gerð fyrir því, hvers vegna statútunum hefði eigi verið fylgt svo lengi. En það er ekki, og byrjunin er eigi þess virði, sem menn hefðu getað búizt eptir 27 ára hvíld.

Landshöfðingi: H. fyrirspurnarmaður (J. Ól.) hefir sjálfur að nokkru leyti svarað fyrri hluta fyrirspurnar sinnar, því að hann hefir getið þess, að reikningur landsbókasafnsins fyrir árin 1882 og 83 hafi verið birtur í Stjórnartíð. 1884, og sýnir sá reikningur stærð sjóðsins í árslok 1883. Til framhalds þessu skal jeg geta þess, að við árslok 1884 er upphæð sjóðsins orðin 6652 kr. 05 aur. Þessi reikningur er að sönnu eigi birtur enn á prenti, enda virðist ekki afhættis enn þá með það, og mun hann að sjálfsögðu verða birtur í einhverju hinu næsta tölubl. Stjórnartíðindanna. Hinn síðari hluti fyrirspurnarinnar hljóðar um, hvernig á því standi, að landsstjórnin annist eigi um, að fylgt sje fyrirmælum konungs-

úrskurður 2. marz 1861, um birting reikninga sjóðs þess á prenti. Eptir því, sem fyrirspurn þessi hljóðar, er mjög hægt að svara henni, því að landsstjórnin annast um, að þessir reikningar sjeu birtir, og hafa þeir verið birtir fyrir 2 síðastliðin ár, og verður því haldið áfram framvegis. En eptir því, sem h. fyrirspurnarmaður kom fram í ræðu sinni, er það eiginlega eldri tíminn, sem hann er ekki ánægður með. En en það er reyndar ekki öldungis eins langt síðan, að reikningarnir hafa verið birtir á prenti, eins og h. þingm. segir. Jeg vona, að h. þingm. þekki blað, sem heitir »Þjóðólfur«, og í því blaði er 1864 birtur reikningur landshókasafnsins. Það er reyndar langur tími síðan, sem mjer ekki er kunnugt um, að reikningurinn hafi verið prentaður á, þó það geti verið, t. a. m. á lausum blöðum. En mjer er kunnugt um, að reikningarnir hafa árlega verið samdir, og eru til, og er ekkert hægra en að birta ágrip af þeim síðan 1863, ef það þykir standa á nokkru, og má þá fá yfirlit yfir, hvernig vöxtum sjóðsins hefir verið varið. Það er að sönnu satt, að í statútunum er ákveðið, að leggja upp af vöxtunum 50 rdl. á ári. En tekjurnar af sjóðnum eru svo litlar, að þarfir safnsins hafa verið meiri en svo, að nægt hafi, að verja að eins því, sem afgangs hefir verið á ári af vöxtunum, þegar frá væru dregnar 100 kr., svo að óumflýjanlegt hefir verið að verja opt meiru af vöxtunum til óhjákvæmilegra nauðsynja safnsins, og hefir því í einstökum tilfellum verið fengið leyfi stjórnarinnar til að breyta út af statútunum. Nú hefir sú breyting orðið á högum safnsins á síðari tímum, að það hefir fengið styrk af landssjóði, fyrst árin 1876 og 77, í því skyni að safnið gæti farið að manna sig upp, ef jeg svo má segja, og verða að meira gagni en áður. En eptir það, að safnið fór að fá þennan styrk af landssjóði, hefir þó stjórn safnsins eigi skoðað svo, að meiningin væri, að safnið ætti að leggja upp fje og fá til þess fje af landssjóði, heldur sú, að það gæti komizt í betra lag, og að fjárveitinguna úr landssjóði væri að skoða sem viðbót við aðrar tekjur safnsins í þessu skyni. Þess vegna hafa eigi stöðugt síðan verið keypt skuldabrjef, en þó af og til, svo sem 1877 fyrir 400 kr., 1879 fyrir 900 kr., og nú síðast 1885 fyrir 400 kr. Þó þannig hafi verið brugðið út af fyrirmælum gjafabrjefsins, hefir það einmitt verið gert í þarfir safnsins sjálfs, og eptir fengnu leyfi og eptir gefnu tilefni, þegar landssjóðurinn fór að styrkja það. Ef þingið ætlast til, að af tekjum safnsins eða styrk þess sjeu lagðar upp 100 kr. á ári, þá er það mjög hægt, þyki mönnum það við eiga eptir tilgangi fjárveitingarinnar; en jeg get eigi ætlað að svo sje. En h. þingm. geta fengið að kynna sjer þessa reikninga fyrir umliðin ár og með því fengið yfirlit yfir, hvernig fje þessu hefir verið varið; það eru mjög einfaldir reikningar, og efast jeg ekki um, að h. fyrirspurnarmaður muni geta áttað sig á þeim á örstuttum tíma, því það er ekki neinum erfiðleikum bundið, enda er jeg fús á að birta þá reikinga á prenti, ef h. þm. lætur þá ósk sína í ljósi. Jeg þykist þannig hafa gefið þá skýrslu, sem óskað er eptir í þessari fyrirspurn.

Halldór Kr. Friðriksson: Af því jeg er dálítið viðriðinn þetta mál, sem einn í stjórn landsbókasafnsins, skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð. H. ldsh. hefir í rauninni skýrt nægilega frá því, sem þessi fyrirspurn hljóðar um, svo að þar þarf ekki miklu við að bæta. Eins og h. fyrirspurnarmaður tók fram, mun sjóðurinn 1856 hafa verið 4686 kr., og eru þá renturnar þar af á ári rúmar 180 kr. Aðrar tekjur hafði safnið ekki á þeim tímum, nema þetta litla, sem inn kom fyrir útlán bóka, sem var tvær kr. frá hverjum þeim, sem safnið notaði, eða alls hjer bil 50—60 kr. Að þessu meðtöldu hafa tekjur safnsins ekki verið hærri en rúmar 200 kr. á ári. Af þessu fje átti safnið að launa bókaverði 100 kr. á ári frá 1860, — áður hafði hann ekki aðra þóknun, en það, sem inn kom fyrir útlán bóka. Og ef safnið nú hefði auk þess átt að leggja upp 100 kr. á ári, þá var sama sem safnið hefði ekkert fje, bókunum til viðhalds, bókbands og bókakaupa. Til þess því, að

safnið skyldi ekki grotna alveg niður, var það öldungis nauðsynlegt, að sækja um það til stjórnarinnar, að fá leyfi til að breyta út af fyrirmælum gjafabrjefsins, enda veitti og stjórnin þetta leyfi. Jeg man heldur ekki betur, en þetta væri líka borið einmitt undir frumkvöðul bókasafnsins sjálfan, Rafn heitinn, og að hann gæfi sitt samþykki til þess. Stjórnin hefir einnig á hverju ári samið ljósan reikning yfir fje safnsins, eins og hæstv. ldsh. tók fram, og var þessi reikningur fyrir árið 1863 birtur í »Þjóðólfi« 1864. Nú er og byrjað aptur að prenta þessa reikninga, og mun því sjálfsagt verða haldið áfram framvegis. H. ldsh. hefir skýrt frá, að þessir reikningar sjeu til sýnis og geti orðið prentaðir, ef menn æskja þess, svo að h. þm. er innan handar að kynna sjer, hvort það hefir verið að ástæðulausu, að breytt hefir verið út af fyrirmælum gjafabrjefsins. En nú verð jeg að skoða svo, sem landssjóður hafi tekið að sjer safnið, til þess að bæta úr nauðsynjum þess og þörfum, og virðist mjer því með öllu tilgangslaust, að safnið fari að leggja upp fje hjeðan af, bæði vegna þess, að það virðist fremur undarlegt, að landssjóður veiti styrk þeirri stofnun, sem ver tekjum sínum til þess að leggja þær upp, og í annan stað er þessi styrkur af landssjóðnum ekki svo ríflegur, þar sem safnið ekki getur keypt nema bók og bók á stangli, og getur heldur ekki varið til bókbands svo miklu, sem það þó nauðsynlega þyrfti, til þess að bækurnar yrðu lánaðar út. Á hinn bóginn virðist heldur ekki mikil ástæða til, að kvarta um það, að safnið hafi þó ekki gert allt, sem auðið var, að leggja upp, þar sem sjóðurinn nú er orðinn 6480 kr. árið 1884; en var 1856 4600 kr. Hann hefir þannig aukizt á þessum 28 árum nær því um 1900 kr., og hafa þá ekki fallið svo mjög mörg ár úr; en þau, sem úr hafa fallið, hefir brýna nauðsyn borið til, að úr fjellu. Jeg held, að engum þeim, sem þekkir til, geti blandazt hugur um, að farið hafi verið svo sparlega og haganlega með þetta fje, sem frekast hefir auðið verið, og að menn hafa gert sitt sárasta til, að reyna að fylgja fyrirmælum gjafabrjefsins, og enda látið þarfir safnsins verða á hakanum til þess sem mest að uppfylla kröfur »statútanna«. Jeg hygg nú, að þessari fyrirspurn sje nægilega svarað.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Mjer fannst ræða h. þm. Reykvík. (H. Kr. Fr.) eigi vera á sínum rjetta stað, ef hann taka hina rjettu hlið málsins til meðferðar; hún hljóðaði öll um það, hvort þessi ákvörðun í »statútunum« væri hagfelld eða eigi; en um það er hjer alls eigi að ræða; hitt minntist hann ekki einu orði á, sem hjer er umtalsefnið, það er, hvernig stjórn landsbókasafnsins hefði öðlazt myndugleika til að brjóta kgsúrskurð þann, er hjer um ræðir. Hann sagði, að þetta hefði verið gert með leyfi stjórnarinnar (nefnil. landsstjórnarinnar), en það getur varla átt sjer stað fyrir 1863, því einmitt 1863 lætur kirkju- og kennslumálastjórnin í ljósi misþykkju sína yfir því, að eigi hefði verið farið eptir ákvörðunum í statútunum; hennar leyfi hefir því varla verið fengið fyrir 1863; stjórn landsbókasafnsins hefir því gert þetta upp á sitt eindæmi. Hæstv. landsh. sagði, að 1877 hefði 400 kr. verið bætt við sjóðinn; 1879 200 kr., en síðan hefði engu verið bætt við, fyrri en 1885; þá hefði 400 verið bætt við hann; þannig hafa á þessum 6 árum verið að eins lagðar við sjóðinn 400 kr. í stað 600 kr. eptir statútunum. En það var bein skylda, að fylgja kgsúrskurðinum, fyrst hann stendur óhaggaður, en hitt getur aldrei verið meining þingsins, að leggja nokkuð af *landssjóðs*-styrknum sil landsbókasafnsins í sjóðinn, eins og hæstv. landsh. sagði að gera mætti. Þó að lagðar væru 1000 kr. árlega úr landssjóði í sjóð safnsins, þá hefði stjórn þess ekki hóti fremur fullnægt fyrirmælum kgsúrskurðarins, að leggja 100 kr. árlega *af vöxtum* sjóðsins við höfuðstólinn; því *það* er jafnskylt að gera, hvort sem sjóðurinn fær aðrar tekjur

nokkurar eða engar, stórar eða smáar. En þingið getur auðvitað miðað fjárveitingu sína til safnsins við það, sem safnið eigi í sjóði. Þar sem h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) sagði, að sjóður safnsins væri nú orðinn 6,480 kr., þá er það ekki alveg rjett. Sjóður safnsins, sem fyrir er komið eptir ákvæðum statútanna (det statutmæssige Fond), er að eins 6,050 kr.

Jeg verð að láta mjer nægja svar það, er jeg hefi fengið upp á fyrirspurn mína, jafnvel þó upplýst sje, að sjóðurinn sje eigi eins hár, eins og hann væri, ef statútunum hefði allt af verið fylgt. En jeg mun koma fram með tillögu til rökstuddrar dagskrár í þá átt, að framvegis verði fylgt fyrirmælum gjafabrjefsins, bæði um sjóðinn, og um, að auglýsa árlega reikning sjóðsins, sem hingað til hefir ekki verið gert.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem h. þm. (J. Ó.) sagði, að stjórn fjelagsins mundi hafa gert þetta eptir sínu eigin höfði, þá er það misskilningur; það var gert með samþykki stjórnarherrans, og einnig þess manns, sem gekkst fyrir því, að safnið væri stofnað, Rafns heitins; stjórn fjelagsins á því alls engar ákúrur skildar fyrir það, því hún gerði það ekki upp á eigið eindæmi, heldur af tilknýjandi ástæðum, sem jeg hefi áður tekið fram, og með samþykki hlutaðeigandi stjórnarherra. Þar sem h. þm. (J. Ó.) sagði, að upphæð sjóðsins væri að eins 6050kr., þá er það ekki rjett; hún er 6,480kr., því skuldabrjef sjera Þórarins Kristjánssonar, að upphæð 430 kr., er líka sjóður fjelagsins, og fyrir það fje, sem þegar er borgað inn, hefir í vor verið keypt kgl. skuldabrjef. Sjóðurinn hefir ekki verið skertur um einn eyri, þótt lántakandaskipti yrðu um stundarsakir, og það með leyfi stjórnarinnar. Ef þingd. skyldi fallast á, að landsbókasafnið legði 100 kr. upp á hverju ári, en vera þó í allgóðu lagi, þá verður þingið auðvitað að leggja 100 kr. meira til safnsins en annars. Því safnið hefir svo lítið fje til umráða, að það getur ekki varið neinu verulegu til bókbands, hvað þá heldur að það geti keypt nema einstaka bók, og nú síðustu árin hefir það mest aukizt fyrir veglyndar gjafir geheime-etazráðs Kriegers.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Samþykkis stofnenda sjóðsins eða safnsins hefir varla verið leitað þessi síðustu árin til þess að víkja frá statútunum, því þeir eru flestir, ef ekki allir, löngu dauðir. En sem sagt: jeg vil ekki fara lengra út í það, sem liðið er, en jeg læt mjer í því tilliti nægja svar það, sem jeg hefi fengið; en viðvíkjandi eptirtímanum vil jeg bera hið bezta traust til þess, eins og líka er tekið fram í hinni rökstuddu dagskrá minni, að statútunum verði fylgt. Hinu held jeg föstu, að skuldabrjef síra Þór. Kristjánssonar, að upphæð 430 kr., beri ekki að telja með »sjóði fjelagsins eptir statútunum», því þar stendur: »kongelige Obligationer», konungleg skuldabrjef, og þessu held jeg föstu þangað til h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sannar mjer, að þessi prófastur hafi verið konungur, svo að skuldabrjef hans sje sama sem konungleg skuldabrjef. Jeg álít nauðsynlegt, að safnið eigi sjerstakan sjóð; styrkur sá, sem því er veittur árlega, er stopull, og engin trygging fyrir því, að hann haldist allt af; það getur margt það komið í veginn, bæði fyrirsjáanlegt og ófyrirsjáanlegt, að þessi styrkur verði ekki veittur. Í tillögu minni til dagskrár lýsir sjer alls ekkert vantraust á landsstjórninni í þessum efnum; þvert á móti; og er jeg líka viss um, að landsstjórninni er þægt að vita vilja þingsins í þessu efni, og geta stuðzt við ályktanir þingsins, ef stjórn safnsins skyldi fara fram á, að mega víkja frá ákvæðum gjafabrjefsins.

Landshöfðingi: Þar sem jeg gat um, að leggja upp af því fje, sem þingið veitir landsbókasafninu, þá meinti jeg það þannig, að ef það fje, sem í sjóð hefði átt að leggja samkvæmt gjafabrjefinu, hefði verið brúkað til bókbands og bókakaupa, þá mætti eins taka 100 kr. af því fje, sem þingið veitir, og leggja í sjóðinn, ef á annað borð er álitið nauðsynlegt að auka þennan sjóð, sem margt að vísu mælir með. Jeg hef yfir höfuð ekkert á móti þessari till., því eins og h. þm. (J. Ó.) sagði, þá

er gott, að landsstjórnin viti vilja þingsins í þessu efni.

Jón Ólafsson: Jeg verð að álíta fjárframlag þingsins til landsbókasafnsins þessu alveg óviðkomandi; hjer er að eins að tala um, að ákvæðum statútanna sje fylgt, þannig að af vöxtum af kgl. skuldabrjefum sje bætt við sjóðinn, með 100 kr. á ári; en hitt fjeð er veitt til árlegra útgjalda safnsins.

Atkvæðagr.: Þá var samþykkt með 11 atkv. gegn 1 svo hljóðandi rökstudd dagskrá spyrjandans (J. Ól.):

»Í því trausti, að landsstjórnin framvegis eigi að eins annist um, að birtir verði reikningar landsbókasafnsins árlega á prenti, heldur og gæti þess, að fylgt sje fyrirmælum stofnunarskrár sjóðsins, sem staðfest er af konungi, tekur þingd. fyrir næsta mál á dagskránni».

Fyrirspurn til landshöfðingja út af embættisrekstri fyrrum bæjarfógeta og sýslumanns C. Fensmarks (C. 362); ein umr.

Th. Thorsteinson: Það, sem hefir gefið okkur tilefni til að koma fram með þessa fyrirspurn, er það, að embættisfærsla þessa sýslumanns hefir, að því er sýnist af landsreikningunum, haft í för með sjer peningatap fyrir landssjóð. Og það er hætt við, að tapið sje ekki að eins það, sem sjest á reikningunum yfir gjöld og tekjur landssjóðs, heldur að sýslusjóður og ómyndugra fje hafi, ef til vill, líka rýrnað við embættisrekstur hans. Í landsreikningunum 1882—83 er undir-»ballance» hans orðin 17,759 kr. 18 au., og hef jeg hvergi sjeð, hvað gert hefir verið til að minnka þennan halla; þvert á móti hefir hallinn 1883 vaxið upp í 26,750 kr. 75 a. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja: Nær varð landsstjórnin fyrst vör við þennan halla, og hvað hefir hún gert til, að hann yrði ekki að því tjóni, sem til horfir? Jeg veit ekki, hversu mikið veð þessi embættismaður hefir verið búinn að setja, en eptir reikningunum lítur út fyrir töluvert tap fyrir landssjóð. Jeg álít það yfir höfuð nauðsynlegt,, að hafa strangt eptirlit með embættismönnum, og af því að sýslumenn hafa mikla peningaábyrgð, sem hættuleg getur orðið fyrir landssjóð, og auk þess ýmsa opinbera sjóði og ómyndugra fje undir höndum, álít jeg sjerstaka nauðsyn til bera, að strangt eptirlit sje haft með því, hvernig þeir standa í skilum. Til þess að fá vitneskju um, að þetta eptirlit hafi ekki verið vanrækt, hef jeg leyft mjer að beina þessari fyrirspurn að hæstv. landsh.

Landshöfðingi: Því miður gekk það mjög erfitt í mörg ár, að fá reikningsskil frá þeim embættismanni, sem hjer er um að ræða, og varð umboðsstjórnin því að beita öllum þeim þvingunarmeðulum, sem næst virtust liggja: sektum hvað eptir annað, hótunum um embættismissi, og apturhaldi launa. Þrátt fyrir það komu reikningarnir mjög seint, en sýndust þó, þegar þeir komu, vera borgaðir. Upphæðirnar, sem h. þm. nefndi, að halli hefði verið 17,000 kr. árið 1882, og 26,000 kr. 1883, hefir hann tekið eptir landsreikningunum; en upphæðirnar standa þar sem eptirstöðvar, og það er ekki sagt, að það, sem eptir stendur, sje undir-»»ballance». Það er einkum svo um ávísanir til Kaupmannahafnar, að þær koma þráfaldlega svo seint, þótt þær hafi verið sendar á reikningsárinu, að það er opt ekki búið að borga þær inn í aðalfjehirzluna um árslok, og komast þær því ekki inn í reikningana fyrir það ár. Það er því ekki sannað, að undir-»ballance» sje, þótt eptirstöðvar sjeu. Jeg verð því að taka fram, að þótt svona treglega gengi með borgunina, þótti þó ekki ástæða til að halda, að fjenu hefði verið eytt af embættismanninum. Þessi embættismaður var ekki kunnur að því, að vera neins konar eyðslumaður, nje lifa óreglulegu lífi, og var ekki þekktur að neinni óráðvendni; þetta vona jeg að h. fyrirspyrjandi (Th. Th.), sem þekkir til þar sem hann var, sje mjer samdóma um. Það lá því næst að álíta, að þessi dráttur væri af óforsvaranlegu skeytingarleysi og ljettúð, en ekki af verri ástæðum. En þegar það varð bert, að þessi embættismaður hafði ekki það fje til, sem eptir stóð, var honum

þegar vikið frá embætti um stundarsakir. Það var um sumarið 1884, og þá varð það fyrst bert, að hann hafði eytt því fje, sem hann hafði heimtað inn fyrir hið opinbera. Eptir að honum var vikið frá um stundarsakir. og líka áður, var haldið eptir af tekjum hans, sumpart til þess að neyða fram reikningsskil, sumpart upp í það, sem eptir var ógoldið, og hafa með því fengizt nokkrar upphæðir. Þegar er það var ljóst orðið, að fjeð vantaði, var opinber rannsókn hafin, sem leiddi til þess, að honum var vikið frá embætti fyrir fullt og allt án eptirlauna, og sakamál höfðað gegn honum. Rannsóknirnar hafa tekið langan tíma, og veit jeg ekki með vissu, hvort dómur er fallinn yfir honum enn. Raunar hef jeg í dag lauslega heyrt, að svo væri, en get ekki sagt um það með vissu. Auk þess sem jeg hef sagt, hefir og verið lagt hald á það, sem náðzt hefir af eigum hans og búshlutum, og hefir það verið selt, til að taka það upp í þau gjöld, sem hann átti að standa skil á. Málið er ekki svo fullrannsakað, að hægt sje að gefa nákvæma skýrslu um það tjón, sem hlotizt hefir af vanskilum þessa embættismanns. Jeg er h. 1. þm. Ísfirð. (Th. Th.) samdóma um, að það er mikil nauðsyn á góðu eptirliti. En þetta er einstaklegt tilfelli; það hefir ekki áður borið á, að landssjóðnum væri hætta búin að tapa fje fyrir skeytingarleysi og vanskil embættismanna, eða eptirlitsleysi. Jeg skal einnig taka það fram, að þetta tilfelli, sem hjer hefir komið fyrir, er sterk áminning fyrir alla, sem að standa, að hafa nákvæmt eptirlit á, að slíkt komi ekki fyrir eptirleiðis. Það er sjálfsagt, að það veð, sem þessi embættismaður hafði sett, gengur ásamt hinu, sem hald hefir verið lagt á, upp í það, sem hann á að lúka til landssjóðs.

Þórður Magnússon: Jeg vil að eins víkja nokkrum orðum til hæstv. landsh. um það, hvort honum er kunnugt um, hve mikill skaði hefir orðið á sýslusjóði og ómyndugra fje við vanskil þessa embættismanns; hann hefir skýrt svo rækilega frá um landssjóðinn, og væri æskilegt, að fá að vita eitthvað um hitt líka.

Landshöfðingi: Þetta atriði er mjer ekki svo kunnugt, að jeg geti gefið svo nákvæma skýrslu um það á þessari stundu. En því miður hef jeg heyrt, og er hræddur um, að þar eigi sjer líka stað vanskil og vöntun, að því er sýslusjóð snertir.

Th. Thorsteinson: Jeg er samdóma hæstv. landsh. um þá lýsingu, sem hann hefir gefið á þeim embættismanni, sem hjer á í hlut. Hann var þekktur að því, að vera hvorki óráðvandur nje sællífismaður, en því miður var líka alkunnugt hið mikla skeytingarleysi hans. Þar sem hæstv. ldsh. segir, að langt sje síðan farið hafi verið að brúka þvingunarmeðul við hann, þá getur maður vonazt eptir, að umboðsvaldið hafi gert það, sem hægt var, til þess, að landssjóður einskis í missi, og að eptirleiðis verði og gert það sem hægt er til þess að slíkt skeytingarleysi, sem hjer um ræðir, ekki fái að eiga sjer stað. Það sem h. landsh. upplýsti um, að skeytingarleysi Fensmarks lengi hefði verið kunnugt yfirboðurum hans, og það svo, að þvingunarmeðul við þurfti til að fá reikningsskil, gefur mjer von um, að eptirlitið hafi orðið sjerstaklega nákvæmt við þennan embættismann, svo að þá allt er komið til skila, vona jeg að landssjóður einskis í missi, og skal jeg svo biðja h. forseta að bera fram þá tillögu til dagskrár, sem jeg hef afhent honum, og sem jeg ætlast til að lykti með.

Forseti: Jeg hef fengið tvær tillögur til rökstuddrar dagskrár, aðra frá h. fyrirspyrjendum (Th. Th. og Þ. M.), og hina frá h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.). Tillaga fyrirspyrjanda hljóðar svo:

»Í trausti þess, að landssjóður bíði ekki »fjártjón við embættisfærslu fyrv. sýslu»manns og bæjarfógeta C. Fensmarks, »er hið næsta mál á dagskrá tekið til »umræðu».

Tillagan frá 1. þm. Eyf. hljóðar þannig:

»Í trausti þess, að landsstjórnin geri sitt »ýtrasta til þess, að fjártjón verði sem »minnst af vanskilum fyrv. sýslum. og bæj»arfógeta á Ísafirði, C. Fensmarks, og gæti »þess nákvæmlega, að slíkt eigi sjer eng-

»an stað framvegis, tekur þingd. fyrir »næsta mál á dagskránni».

Arnljótur Ólafsson: Eptir því, sem mál þetta er vaxið, finnst mjer ástæða til fyrir þingdeildina, að fara nokkru vægilegar í það, en ástæða væri til, ef öðruvísi væri ástatt. Ástæða mín til þess, að fara nokkuð mjúklega í málið, er í fyrsta lagi sú, að þetta er í rauninni fyrsta dæmi þess efnis, að landssjóður hafi liðið nokkurn teljandi halla af vanskilum sýslumanns. Af því að þetta er hið fyrsta dæmi um skaða, er landssjóður bíður af vanskilum gjaldheimtumanns, verð jeg að álíta, að yfir höfuð sje vandlega gætt hags landssjóðs, og lítil hætta sje um vanskil á því landssjóðsfje, sem er í vörzlum sýslumanna og annara gjaldheimtumanna landssjóðs. Þetta eina dæmi er ekki mikið á svo löngum tíma, og virðist því ekki ástæða til að ætla, að mikið tillitsleysi sje á því, að sýslumenn standi vel í stöðu sinni, hvað gjaldheimtuna og gjaldskil snertir. Hin önnur ástæða er sú, að sá landshöfðingi, sem vjer höfðum áður, en nú er farinn, var hjer mestan þann tíma, er þessi fjárhalli hefir orðið hjá þessum embættismanni, sem hjer ræðir um. Þessi landshöfðingi er öllum kunnur, og vjer minnumst hans nálega í öllum greinum með sjerlegri virðingu, og vjer vitum og, hvernig hag hans og heilsu nú er farið. Vjer getum allir vottað, hve vel og haganlega og trúlega hann fór með fje landssjóðs, frá því fyrsta til hins síðasta. Af því nú að hinn fyrv. landshöfðingi, sem jeg nefni í heiðursskyni, er farinn, og hefir nú misst heilsu sína, getur verið hugraun fyrir hann að heyra í veikindum sínum, að fara eigi að gera nokkurs konar ábyrgð gildandi á hendur honum, því jeg kalla það ábyrgð, ef þingd. fer að lýsa því trausti, að landssjóðurinn bíði ekkert fjártjón við embættisfærslu sýslumannsins síðasta á Ísafirði, eins og stendur í dagskrá h. þm. Ísfirðinga. Mjer er að vísu mjög til efs, að það sje meiningin, af því h. uppástungumenn eru kunnir að hinni mestu kurteysi, þótt þeir sitji fastir við sinn keip, fremur mörgum öðrum hjer í þessari h. deild. Þegar þessara kringumstæða er gætt, finnst mjer liggja beinast við að lýsa því trausti, að landsstjórnin geri sitt ýtrasta til, að tjónið verði sem minnst, og að þess verði gætt, að slíkt eigi sjer engan stað framvegis. Það er nóg, af því að hjer er sem víða annarstaðar, að ekki tjáir að sakast um orðinn hlut. En hitt er rjett, að hvetja landsstjórnina til nákvæms eptirlits framvegis. Lengra getur maður með drengskap og kurteysi ekki farið, eptir því sem mál þetta er vaxið.

Th. Thorsteinson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hefir látið þá skoðun sína í ljósi, að hann vildi eigi tala um orðinn hlut. Sú setning getur nú má ske stundum verið mikið góð; en eptir henni á maður bara að bera áhyggju fyrir því sem á að gera, fyrir því komandi, en ekkert hugsa um það, sem búið er að gera; gæti maður fylgt þessari lífsreglu, þá skal jeg játa, að hún sparaði optsinnis ekki alleina tíma og peninga, heldur og líka margar sorglegar íhuganir, já, þá sparaði maður sjer málaþrætur, og fyrir okkur væri þá ekki þörf á lagaskóla.

En því ver: í því daglega lífi eru það einmitt afleiðingarnar af því skeða, sem opt gefa okkur tilefni til umtals og íhugunar, ekki síður en það ókunna ókomna, og eins víst er það, að hvergi þekki jeg straff fyrir óorðinn hlut. H. þm. þykir dagskrá okkar of hörð; en það get jeg ekki sjeð, eptir þeim upplýsingum, sem menn enn hafa um málið; því það er enn ekki sjeð, að landssjóður bíði nokkurt fjártjón. En hver er það, sem hjer kemur með bendingar? Einmitt h. þm. Eyf. (A. Ó.) bendir á allt annað. Hann bendir á, að bæjarfógeti og sýslumaður C. Fensmark hafi gert öll sín stryk í tíð hins fyrv. landshöfðingja. Hvað liggur nú í þessu? Er það ákæra gegn þessum manni? Er þar með sagt, að þetta hafi átt sjer stað í mörg ár? Slíkt hef jeg ekki leyft mjer að segja. En jeg get ekki orðið á hans máli með það, að vilja ekki tala um orðinn hlut. Ástæða hans fyrir því var sú, að þetta væri í fyrsta sinn, sem landssjóður biði fjártjón. Jeg hef aldrei sagt, að hann mundi bíða peningatjón; að minnsta kosti vona jeg, að það verði þá mjög lítið. En úr því að hann

álítur, að landssjóður bíði stórtjón, er þá rjett af honum að segja, að af því að það sje í fyrsta sinn, þá vilji hann eigi tala um orðinn hlut? Þetta er föðurlega sagt; en hjer er ekki um það að ræða að refsa barni sínu. Hjer komum vjer fram sem fulltrúar hins opinbera, og tölum sem maður við mann. Nei, jeg held einmitt, að af því að þetta kemur fyrir í fyrsta sinn, þá eigum vjer að taka hart á því á sínum tíma, ef ástæða þá virðist til vera; ef mál þetta hefði verið algjörlega rannsakað, skyldi jeg hafa stungið upp á nefnd manna til að rannsaka, hvort umboðsvaldið ekki hefði vanrækt skyldu sína, og þá, nær sú vanrækt byrjaði; en úr því málið ekki liggur öðruvísi fyrir en það nú gerir, að maður ekki veit, hvort nokkurt tap verður eður eigi, finnst mjer það ekki eiga við. Þingd. ræður, hverja dagskrártillöguna hún tekur; en jeg verð þó að ráða henni til að taka okkar flutningsmannanna.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að gera þá athugasemd, að bæði h. flutningsm. og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hafa að eins talað um fjártjón landssjóðs; en hjer eru fleiri, sem að líkindum verða fyrir fjártjóni. Hjer tapa hæði sýslufjelög og ómyndugra sjóðir. Er nóg, að vjer berum umhyggju fyrir því, að landssjóður tapi engu? Eigum vjer enga umhyggju að bera fyrir fje ómyndugra, sem sýslumenn eiga að gæta? Mjer finnst, að þingið eigi engu síður að taka tillit til fjár ómyndugra, heldur en þess fjár, sem greiðast á í landssjóð. Jeg hef því leyft mjer að koma með hina þriðju uppástungu til dagskrár, sem jeg hef afhent h. forseta.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að lesa upp þessa tillögu til rökstuddrar dagskrár; hún hljóðar svo:

»Í því trausti, að landsstjórnin láti rannsaka það, að hve miklu leyti fjártjón það, er landssjóður, sýslufjelag og ómyndugir bíða við vanskil fyrv. sýslumanns Fensmarks, er að kenna vöntun á eptirliti af hálfu yfirboðara hans, og geri ráðstafanir til að fá tjónið bætt hjá rjettum hlutaðeigendum, að svo miklu leyti ástæður virðast nægar til þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá».

Jón Ólafsson: (Framh.). Um leið og jeg vek máls á þessu, skal jeg geta þess, að þótt það sje óalmennt, að landssjóður tapi þannig gjöldum sínum, þá er hitt ekki svo óalmennt, að vanskil verði á ómyndugra fje, og að það tapist í þrotabúum sýslumanna og annara. Það þarf ekki að leita langt vestur fyrir Reykjavík til þess að finna dæmi þess, hversu illa gengur að fá fje ómyndugra út úr búum manna, og það þarf þess vegna að brýna rækilega fyrir landsstjórninni, að hafa eptirlit á meðferð sýslumanna á skiptum búa og á ómyndugra fje. Búin verða stundum 2—6 ára gömul áður en búið er að skipta þeim að lögum. Það hvílir ströng skylda á sýslumönnunum, að annast um fje ómyndugra og setja þeim fjárhaldsmann, og það hvílir líka ströng skylda á yfirboðurum sýslumannanna, að hafa eptirlit með þeim í þessu efni, og það svo ströng, að þeir eiga sjálfir til að svara, ef vangæzla verður á fje ómyndugra og það fer að forgörðum. Þetta er tekið fram í D.L. 3—17—32, sem lögleitt er hjer á landi. Þessa er ekki nægilega gætt, og kemur það af deyfð yfirboðaranna, oftrausti þeirra á undirmönnum sínum, og eins konar misskildri miskunnsemi við þá. Það getur þó opt verið velgjörningur við hlutaðeigandi sýslumann, að láta hann ekki sökkva sjer niður í stórskuldir fyrir tóma umlíðunarsemi, þótt honum veiti nokkuð óhægt að borga í svipinn; hefði Fensmark ekki verið sýnd sú óleyfilega »miskunn, sem heitir skálkaskjól», svo lengi og skeytingarleysislega, þá hefði hann ekki verið svo illa kominn nú, sem hann er. Ef það því kemur fram, að fjártjón það, sem orðið hefir, er að kenna ónógu eptirliti yfirvaldanna, þá er rjett, að hlutaðeigandi yfirvöld beri ábyrgð á gjörðum sínum; en ef grunur sá, sem hætt er við að á þau leggist í þessu efni, er ástæðulaus, þá er rjett, að þau fái að hreinsa sig af honum. Það er til þessa, að jeg vil láta hefja rannsókn í málinu.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi dagskrár-uppástungu h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skal

jeg geta þess, að mjer finnst hún fara út fyrir fyrirspurnina; því hjer er að eins að tala um peningatjón landssjóðs, og jeg held því föstu og krefst þess, að eigi sje greitt atkvæði um annað en það, sem fyrirspurnin hljóðar um. Fjártjón ómyndugra liggur fyrir utan fyrirspurnina og kemst því ekki að hjer; og með því að þessu er þannig varið, skal jeg ekki fara út í ræðu h. þm. Jeg get reyndar að eins getið þess, að fjártjón ómyndugra við embættisfærslu Fensmarks er annaðhvort mjög lítið eða ekkert. Jeg álít þess vegna, að uppástunga h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) geti alls eigi komizt hjer að.

Hvað hinar uppástungurnar snertir, þá er það sjálfsagt, að landsstjórnin geri sitt ýtrasta til, að fjártjón landssjóðsins verði sem minnst, eins og önnur þeirra, uppást. h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.), fer fram á.

Hvað hina aðra snertir, að menn treysti því, að landssjóður bíði ekki fjártjón, þá væri æskilegt, að menn gæti haft það traust, og jeg vildi óska þess, að jeg gæti haft það; en mjer finnst þó hin uppástungan eðlilegri.

Th. Thorsteinson: Jeg skyldi hafa verið með uppást. h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), ef mjer hefði fundizt, að hún gæti heyrt undir fyrirspurnina. Ef málið hefði verið komið lengra og verið betur upplýst, þá hefði jeg komið með aðra fyrirspurn, miklu yfirgripsmeiri, en hjer getur dagskrá þm. (J. Ól.) ekki komizt að. *(J. Ól.*: Hún er tekin aptur). Þá hef jeg ekki meira að segja.

Arnljótur Ólafsson: H. flutningsm. (Th. Th.) misskildi orð mín, þar sem jeg sagðist ekki vilja sakast um orðinn hlut. Jeg meinti það ekki almennt, heldur einungis viðvíkjandi þessu máli. Jeg tók það fram, að ef við vildum ganga svo langt, að stýla ábyrgð gagnvart landsstjórninni, þá kæmum við fram með ásökun gagnvart hinum fyrverandi landshöfðingja, og þá fannst mjer, að vjer ættum ekki, eins og nú er ástatt fyrir honum, að ganga í strangan dóm við hann. Hitt er langt frá mjer að ætla, að þingmenn eigi ávallt að láta vera að sakast um orðinn hlut. Mjer finnst og, að þá er vjer sökum aðra, eigum vjer að gæta hófs og sanngirni. Þetta hefir og h. deild gert; um það ber ljóslega vitni meðferð þingsins á landsreikningunum. Athugasemdir yfirskoðunarmannanna eru vegnar á vog sanngirninnar, og vjer sleppum stundum að gera ábyrgð gildandi, þótt ástæðu mætti finna til þess; þar fylgjum vjer engan veginn ætíð hinum strangasta lagarjetti, heldur förum eptir því, sem sanngirni er til. Þá er jeg nú virði fyrir mjer dagskrá mína og h. þm. Ísf., þá er mjer til efs, hvor þeirra harðari sje. Dagskrá þeirra inniheldur það traust, að landssjóður bíði ekki fjártjón. Þetta traust inniheldur ekki mín dagskrá, heldur að eins, að landsstjórnin geri sitt ýtrasta til, að landssjóður bíði sem minnst fjártjón; en jeg bæti því við, að jeg treysti því, að landsstjórnin gæti þess nákvæmlega, að slíkt eigi sjer engan stað framvegis. Þetta hefir þeirra dagskrá ekki inni að halda, líklega af því, að þeir treysta landsstjórninni svo vel. Það getur því verið, að tillaga þeirra lýsi miklu meira trausti en mín gerir. Aptur finnst mjer tillaga þeirra vera öllu óákveðnari, og því vil jeg hana síður, þótt segja megi, að í rauninni muni koma í sama stað niður, hvor þeirra tekin verði.

Landshöfðingi: Af því mjer er kunnugt, að dagskrá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir verið breytt, meðan á umræðunum hefir staðið, þá vil jeg geta þess, að slíkt má ekki eiga sjer stað, því það getur svo farið, að menn viti ekki, hvað menn greiða atkvæði um.

Forseti: H. þm. (J. Ól.) hefir tekið dagskrá sína aptur, og komið fram með aðra dagskrá; en með því að jeg er í vafa um, hvort sú dagskrá getur komið til atkvæða samkvæmt þingsköpunum, þá vil jeg ekki skera úr því upp á mitt eigið eindæmi, og skal því skjóta því til atkv. h. deildar.

Þessi dagskrá hljóðar svo:

»Í því trausti, að landsstjórnin láti rannsaka, að hve miklu leyti tjón það, er landssjóður bíður við vanskil fyrv. sýslumanns Fensmarks, sje meðfram að kenna ónógu eptirliti af hálfu yfirboðara hans, og geri sitt til að fá tjónið bætt hjá rjettum hlutaðeigendum, að því leyti er næg-

ar ástæður kunna að vera til, tekur þingd. fyrir næsta mál á dagskrá».

Atkvæðagr.: Það var samþ. með 11 atkv., að dagskráin skyldi komast að.

Th. Thorsteinson: Þessar rökstuddu dagskrár eru nú orðnar heldur margar, og jeg held, að það hefði mátt bæta einu »ó» við sumar þeirra, í það minnsta við þá rökstuddu skrá, sem nýlega var tekin aptur. Þessi seinasta dagskrá finnst mjer alls ekki eiga við á þessu stigi málsins.

Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að við yrðum að vega á vog sanngirninnar, þá álít jeg, að eigi sje enn kominn tími til að vega á vog í þessu máli. Jeg verð að álíta, að dagskrá okkar flutningsmanna sje bezt og mest rökstudd. H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagðist eigi vita, hvor væri strangari, hans eða okkar. Vildi hann, að okkar væri strangari? Hvers vegna? Við vildum lýsa trausti okkar á því, að landssjóður biði ekkert fjártjón, en dagskrár hinna benda til, að þeir viti um eitthvert fjártjón, sem við enga vissu höfum fyrir, og sem við treystum, að ekkert verði, þar til koma fram glöggir reikningar, sem sýni það.

Holger Clausen: Jeg get ekki annað en verið því samþykkur, að þessi fyrirspurn hefir komið fram; því til hvers er sett veð, þegar sýslumenn taka við embættum, nema til þess, að það standi fyrir því, sem þeir hafa undir hendi? Og eptir mínum skilningi á veðið að vera hjer um bil eins hátt, eins og sú upphæð, sem gjört er ráð fyrir, að þeir hafi undir höndum. Hitt eiga yfirboðarar þeirra að sjá um, að þeir borgi þegar inn í landssjóðinn. Það hefir ekki verið gjört í þessu tilfelli, og það er það, sem þingið er óánægt með, og það sem þingið spyr um og vill vita, er það, hvers vegna þetta hefir verið látið ógjört. Hvort þetta hefir skeð í tíð hins fyrverandi landshöfðingja eða ekki, gildir mig einu. Ef hann hefir ekki gjört það, sem hann átti að gjöra, er ekki rjettsýni nje sanngirni of nærri höggvið, þó að það komi fram, og þingið fái að vita það. Hitt er víst, að í mörg ár hefir verið talað um, hvað þessi sýslumaður skuldaði nú, og hve mikið hann skuldaði nú, og allt af fór það vaxandi.

Tryggvi Gunnarsson: Þessar rökstuddu dagskrár eru orðnar svo margar, að það er orðinn vandi að hafa þær allar í höfðinu. Jeg fyrir mitt leyti felli mig bezt við uppástungu h. 1. þm. Eyfirð. (A. Ó.). Jeg kann ekki rjett vel við, hvernig dagskrá h. fyrirspyrjanda er orðuð. Þar er að eins talað um fortíðina, en ekki um ókomna tímann; en í hinni er þó talað um, að þingd. treysti því, að slík vanskil komi eigi fyrir framvegis. Jeg kann ekki heldur við þau orð í tillögu fyrirspyrjanda, að lýsa því trausti, að landssjóðurinn bíði ekkert fjártjón. Ef svo er, að ekkert tap er, þá er fyrirspurnin óþörf, en ef fjárvöntunin er svo og svo mikil, þá liggur ekki annað fyrir, en að fara að rekast í málaferlum; því þeir, sem hlut eiga að máli, mundu varla gjalda fríviljuglega. Jeg er á sama máli og h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) um það, að jeg kynni illa við, ef farið væri að gjöra kröfu gegn hinum fyrverandi landshöfðingja. Jeg verð að álíta, að þingd. greiði ekki atkvæði út í veður og vind; ef hún lýsir því trausti, að landssjóður bíði ekkert tap, þá hlýtur það traust að vera byggt á ástæðum; en hún getur ekki ætlazt til, að aðrir borgi skuldina en yfirboðarar viðkomandi sýslumanns. Það væri sannarlega sorglegt, ef vera hins góðkunna landshöfðingja hjer á landi, sem landið á svo mikið gott upp að inna, endaði í málaþrasi við hann eða dánarbú hans. Jeg get ekki annað sjeð, en endirinn yrði sá, sem jeg nú segi. Það getur verið, að jeg sje vægilegar sinnaður í þessu eptirlitsmáli en margir aðrir, af því að jeg er í þeirri stöðu, að jeg hef yfir að segja mörgum mönnum, sem mikla peninga hafa undir höndum, og þrátt fyrir bezta vilja get jeg ekki sjeð um, að þeir ekki komist í talsverðar skuldir, án þess jeg geti komist að því eptir tilsendum skjölum; því þau geta litið svo út, sem allt sje í góðri reglu. Eins er með þessa reikninga. Það er eigi gjörð grein fyrir þeim fyr en um nýjár; og ef eitthvað er þá ógoldið frá sýslumanninum, fær hann með næstu ferð

brjef frá yfirboðurum sínum, um að flýta sjer. En á því tímabili, frá nýjári og þangað til hann svarar, geta verið komnir inn tollar og gjöld fyrir nýbyrjaða árið, svo að hann með því fje geti hulið eyðurnar frá fyrra ári, og þannig fleytt sjer fram, án þess mikið beri á vöntuninni. Það er því torvelt að sjá strax, hvort hætta er mikil. En það getur, sem sagt, skeð, að jeg líti mildara á þetta en ýmsir aðrir þingmenn, af því að jeg þekki, hve erfitt eptirlitið er. Jeg tek það upp aptur, að jeg felli mig bezt við uppást. h. 1. þm. Eyf., og skil jeg ekki hvernig h. þingd. getur greitt atkv. með dagskrá h. 1. þm. Ísfirðinga, nema hún hugsi um leið þann gang málsins, sem jeg nú hef sagt.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki lengja þessar umræður mikið, en að eins lýsa því yfir, að jeg er á gagnstæðri skoðun við h. varaforseta (Tr. G.) í þetta sinn.

Af þessum dagskrám, sem upp hafa verið lesnar, virðist mjer sú, sem flutningsmenn fyrirspurnarinnar hafa komið fram með, eiga bezt við og vera rjettust, eptir því, sem málinu horfir við. Uppást. h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) er sjálfsagt vel meint; en jeg skil eigi, að það eigi við á þessu stigi málsins, að gera ráð fyrir tapi fyrir landssjóð. Vjer eigum að ganga út frá því sem gefnu, að landsstjórnin sjái svo fyrir, að ekkert tap verði hjá hlutaðeigandi embættismanni. Að minnsta kosti hefir eigi borið fyrir mig neitt í þessu máli, sem sýni, að fjártjón þurfi að verða; en ef það kemur fram, þá ber eptirkomanda þingi að ákvarða um það, og ráða úr því. Till. h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) lýsir einmitt vantrausti á landsstjórninni, en till. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) fullu trausti. *(A. Ó.:* Bravó!). Og á þessu stigi málsins er það ótímabært hjá h. varaforseta (Tr. G.), að vera að bera í bætifláka fyrir eptirlitsleysi umboðsstjórnarinnar, þegar ekkert er komið fram, sem sannar skort á eptirliti. Jeg mun því fúslega greiða atkvæði með till. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), en með hvorugri hinni tillögunni.

Jón Ólafsson: Út af ræðu h. þm. S.-Múl. (J. S.) og fleiri h. þm., um það, að þeir segja, að óvíst sje, að landssjóður líði nokkurt tap við embættisfærslu þessa sýslumanns, vil jeg leyfa mjer að spyrja: Hvað hafa þeir h. þm. verið að hugsa, meðan hæstv. ldsh. hjelt ræðu sína? Því að á hans ræðu mátti það ljóslega skilja, að hjer er um ekki lítið tjón að ræða. Fyrir þessu sama er líka gert ráð í sjálfri fyrirspurninni. En jeg er í öllu samdóma h. þm. Snæf. (H. Cl.), því að hann hitti einmitt aðalkjarnann í þessu máli. Þingið á einmitt að komast eptir því, hverjum það er kenna, að fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 hefir ekki verið fylgt. Þar stendur í 6. gr.: »Sje reikningshaldari eigi búinn að borga allar þær tekjur, sem taldar eru í reikningnum, skal fortakslaust standa skil á því, sem þannig stendur eptir, um leið og reikningurinn er sendur«. Enn fremur í 8. gr.: »Ef reikningshaldari gerir eigi reikning í tækan tíma, eða hann stendur í skuld eptir reikningi þeim, sem fram er kominn, má hann ekki halda áfram að heimta saman opinber gjöld, fyr en hann hefir gert tilhlýðilegan reikning eða borgað skuld sína«.

»Þegar þannig er ástatt, skal landsh. annaðhvort víkja hlutaðeigandi frá embætti hans eða sýslu um stundarsakir, eða, ef það kann að þykja hagfelldara í einstöku tilfelli, setja annan mann, til þess fyrst um sinn á kostnað reikningshaldara, að heimta saman gjöld þau, sem greiða ber á næsta gjalddaga«. Þetta eru nú alveg skýlaus fyrirmæli reglugerðarinnar; og það er það, sem þingið vill fá að vita, og á heimting á að fá að vita, hví þessum fyrirmælum eigi hafi verið fylgt; til þess hefir þingið fyllsta rjett, og þess vegna hefi jeg komið fram með mína rökstuddu dagskrá. Það á öldungis ekki við, að blanda því inn í, hvort hlutaðeigandi yfirvald er nú sjúkt eða eigi; þingið á að fá að vita, hvað rjett er, og svo getur það að sjálfsögðu gefið eptir af sínum rjetti, ef því sýnist svo, þegar það hefir fengið að

vita, að hverjum það á aðgang. En það er alls ekki í augum uppi, að ábyrgðin fyrir eptirlitsleysið hvíli eingöngu eða einu sinni mestmegnis, já máske að engu leyti, á fyrverandi landshöfðinga. Jeg verð því að álíta, að mín dagskrá sje rjettust, því að hún er í samræmi við fyrirmæli gildandi reglugerðar og annara lagafyrirmæla.

Th. Thorsteinson: Jeg veit ekki, hvort h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir veitt því eptirtekt, sem jeg hefi áður talað í þessu máli. Jeg hygg, að dagskrá hans eigi ekki við, eptir því stigi, sem málið nú er á. Vjer getum enn þá ekki vitað, hvort landsjóður tapar, eða þó hann tapi einhverju, þá vitum vjer ekki enn, hve mikið það kann að verða. Þegar vjer höfum fengið það að vita nákvæmlega, þá er tími til að koma fram með dagskrá, eins orðaða og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Jeg verð því að halda því fram, að dagskrá okkar þm. Ísfirð. eigi bezt við á þessu stigi málsins. H. varaforseti (Tr. G.) hefir ekki getað að því gert, að hjartagæzkan hefir fylgt honum inn á þing, og sýnist vilja hafa ofmikil áhrif á hann, því bæði hann og hinn h. þm. Eyf. (A. Ó.) hafa talað um, hversu sárt það væri að vera strangur í kröfum sínum við hinn fyrverandi landshöfðingja, þar sem hann lægi veikur. En fyrst og fremst eiga þess konar ummæli hjer ekki við, og í öðru lagi: Á hvað getur þessi meðaumkvun bent? Það gæti litið svo út, að þeir væru hræddir um, að þessi maður væri að einhverju leyti sekur; slíkt voga jeg ekki að segja; vissi jeg, hver sekur væri, ef nokkur er, skyldi jeg strax óska, að hann yrði dreginn til andsvars. Jeg hygg því, að þessi hjartagæzka komi of fljótt og eigi því ekki við, og geti enda misskilizt.

H. þm. S.-Þing. (J. S.) skildi rjett dagskrá okkar þm. Ísfirð., og felldi sig vel við hana, enda inniheldur hún enga eptirgjöf eða von um slíkt, þó í henni felist traust til landsstjórnarinnar, að hún geri allt í þessu máli, sem í hennar valdi stendur.

Þórður Magnússon: Mjer hefir heyrzt á ræðum nokkurra h. þm., sem þeir dragi í efa, að þessi sýslumaður hefði sett veð, eins og ákveðið er, og að yfirstjórnin hafi vanrækt það. En mjer er kunnugt um, að það er ekki svo, heldur setti hann veð fyrir 6000 kr. Vjer getum ekki sagt um, hvort skuld hans muni nema meira en þessu; en vjer treystum því, að það muni ekki verða.

Atkvæðagreiðsla: Uppástunga þingmanna Ísfirðinga var fyrst borin undir atkv., og samþykkt með 19 atkv..

Með þeirri atkvæðagreiðslu voru hinar uppástungurnar báðar fallnar.

Forseti bar upp tillögu viðvikjandi skjalasafni alþingis. (Innanþingsmálefni).

Forseti gat þess, að hann í byrjun þingsins hefði beðið skrifstofustjóra að reyna að sjá um, að regla kæmist á bókasafn og skjalasafn þingsins, en skrifstofustjóri hafi ekki enn getað fullnægt því, sökum tímaleysis og annríkis; skjalasafnið sje í mikilli óreglu, einkum síðan 1875, og kveði jafnvel svo rammt að því, að ekki finnist eiðstafir sumra þm. Hann gat þess og, að á síðari árum hefði það verið vanrækt, að senda þingtíðindin til annara þjóða, og væri það þó æskilegt, með því að á þann hátt gætu menn átt von á að fá þingtíðindi þeirra þjóða aptur, sem gæti orðið að miklu gagni og fróðleik fyrir þingið, svo sem t. d. frá stórþinginu í Noregi, enska parlamentinu og Kongressinum í Washington. Til þess nú að ráða bót á þessari vanhirðing og óreglu, beiddist forseti þess, að þingdeildinni mætti þóknast að gefa samþykki sitt til að varið væri allt að 100 kr., með því forsetarnir ekki álitu sig hafa heimild til upp á sitt eindæmi að ávísa fje af alþingiskostnaði, sem snerti,—ekki tímabilið milli þessa og næsta þings—heldur umliðinn tíma, sem sje árin 1875 til 1885.

Atkvæðagr.: Þessi tillaga forseta var samþ. í einu hljóði.

Fertugasti og sjöundi fundur, mánudag 24. ágúst. Allir á fundi, nema G. E. Briem, H. Clausen, Jón Sigurðsson og Th.

Thorsteinson, er höfðu tjáð forseta forföll sín.

Forseti óskaði þess að gefnu tilefni, að landshöfðingi vildi enn lengja þingið um nokkra daga, þar eð brýna nauðsyn bæri til þess.

Landshöfðingi lengdi þá þingið til h. 27. s. m., samkvæmt ósk forseta, upp á væntanlegt æðra samþykki til þess, og af því að hann kvað sjer vera kunnugt, að fjárlaganna vegna væri slík lenging alveg nauðsynleg.

Frv. til laga um linun á skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 277); 3. umr.

Atkvæðgar.: Frv. samþ. með 17 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um umboðsleg störf og yfirdómendur (C. 379); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Eins og kunnugt er, lá fyrir h. þingd. hinn 20. þm. þingsályktunartill., sem gekk í líka stefnu og sú till., sem hjer liggur fyrir; fyrri hluti þeirrar tillögu var samþykktur, en síðari hlutinn ekki; þessa atkvæðagreiðslu gátu uppástungumennirnir ekki skilið þannig, að þingd. vildi gefa stjórn og þjóð með henni til kynna, að hún (þingd.) vildi algjörlega hafna þeirri frumreglu, sem þar var farið fram á; þessu gátu uppástungumenn ekki trúað, og jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það hefir ekki verið meining h. þingd.; en sökin gat að nokkru leyti legið hjá oss uppástm., þannig, að tillagan hafi ekki verið sem heppilegast orðuð; þingd. mun því ekki að eins hafa verið oss samdóma, heldur jafnvel álitið, að vjer höfum eigi farið nægilega út í þetta mál, að vjer hefðum tekið lítinn part málsins í stað þess að taka það almennt, og þingd. mun hafa óskað að fá betra tækifæri til að láta álit sitt í ljósi á hinni almennu frumreglu, hreinni og ótakmarkaðri. Þetta vona jeg að hafi legið í atkvæðagreiðslunni, og ef vjer uppástungumenn skyldum að nokkru leyti hafa verið valdir að því, að atkvæðagr. um daginn skyldi geta orðið misskilin, af andvígismönnum þessara frumreglna, álítum vjer það skyldu vora, að reyna að bæta úr þessu, þannig, að það geti engum misskilningi verið undirorpið. Þetta vona jeg hafi tekizt með þessari till. Hjer er að eins tekin frumreglan, án tillits til hins liðna eða yfirstandandi, og vona jeg að h. þingd. grípi tækifærið, þegar það býðst, til þess að láta í ljósi meiningu sína um þetta mál, skoðað frá hinni almennu hlið. Jeg þarf ekki að taka upp aptur þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir þessari frumreglu; því þær voru teknar svo greinilega fram við umr. hinnar fyrri till. Af því, að dómendur yfirdómsins hafi á höndum umboðsleg störf, getur opt leitt það, að einn eða fleiri verði að víkja úr dóminum; en með því að sá dómur, sem faktiskt er æðsti dómur landsins í flestum málum, er skipaður þeim mönnum, sem bezt er treyst, þá væri æskilegt, að þessir menn þyrftu sem sjaldnast að víkja úr dómi og aðrir að koma í þeirra stað. Jeg skal taka fram eitt atriði, sem ekki var tekið fram um daginn, að 1875, á hinu fyrsta löggefandi alþingi, þegar talað var um stofnun lagaskóla og ráðgjört var, að dómendur yfirdómsins skyldu hafa kennsluna á hendi, þá kom það fram og það einmitt í h. Ed., að slíkt væri ekki heppilegt, með því að dómendur yfirdómsins kæmust við það í umboðslega stöðu. Þessi ástæða þótti mönnum sennileg, og síðan hefir aldrei verið farið fram á, að sameina lagakennsluna við dómarastörfin, og þó hefir lagaskóla-málið verið hjer fyrir á hverju þingi síðan; en ef þetta tvennt er ósamþýðanlegt, þá eru ýms önnur umboðsleg störf, sem jeg tók fram við umr. hinnar fyrri till., það miklu fremur.

Landshöfðingi: Jeg vonast eptir, að sömu forlög bíði þessarar tillögu, sem hins síðara hluta þeirrar tillögu, sem áður hefir komið fram um amtmannaembættin, og sem h. þm. S.-Múl. (J. Ól.) minntist á. Að hafa einhverja almenna frumreglu í þessu máli, getur vel verið æskilegt; en úr því h. þingd. einu sinni hefir fellt

sams konar tillögu og þessa, um þetta efni, þá skil jeg ekki, að h. deild samþykki þessa tillögu nú. Því sú frumregla, sem ekki kemur fram í verki, og sem menn fella, þegar um það er að ræða, að heimfæra hana upp á tilfelli í lífinu—, er næsta þýðingarlítil, og ef þessi regla, sem hjer er um að ræða, er tekin svona almennt, þá verð jeg að játa, að breyta verður t. d. erindisbrjefi landshöfðingja; því eptir því á justitiarius í forföllum landshöfðingja að gegna embætti hans; en að gera slíka breytingu, gæti þó verið ísjárvert. Þetta er nú einstakt atriði, sem jeg hefi tekið fram; en yfir höfuð get jeg ekki verið samdóma þeim, sem álíta, að þessi sameining dómaraembættisins og umboðsstarfa sje hvervetna miklum annmörkum bundin. Það er auðvitað, að ef dómari, sem hefir eitthvert umboðslegt starf á hendi, á að dæma um það samkvmt 43. gr. stjórnarskrárinnar, hvort hann hafi farið út fyrir takmörk valds síns, sem umboðslegur embættismaður, þá verður hann að sjálfsögðu að víkja úr dóminum, og annar að koma í hans stað; en slík einstök tilfelli geta ekki verið næg ástæða til þessarar undantekningarlausu reglu. Jeg er alveg þeirrar skoðunar, að það sje rjett regla, yfir höfuð, sem sjaldnast að sameina umboðsleg störf við embætti dómandanna í yfirdóminum; en slíkt getur átt sjer undantekningar; og þó sum störf geti illa samrímzt dómara-embættunum, þá geta sum umboðsleg störf það aptur á móti mikið vel, og því álít jeg ekki heppilegt, að setja þetta, sem tillagan fer fram á, sem fasta almenna grundvallarreglu.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Þar sem hæstv. ldsh. kvaðst búast við, að þessari till. mundi reiða eins af, eins og síðari hluta hinnar fyrri till., þá býst jeg ekki við því, og það af tveim ástæðum: 1., af því, að öll líkindi eru til, að h. deild hafi fellt síðara hluta hinnar fyrri till., vegna þess, að henni hafi ekki þótt reglan nógu almennt tekin; og 2., af því, að í síðari hluta hinnar fyrri till. voru atriði, sem eru þessari till. algerlega óskyld, og sem sumir h. þm. lögðu einmitt aðaláherzluna á. Þar sem hæstv. ldsh. sagði, að þýðingarlaus væri frumregla, sem hvergi væri beitt í lífinu, þá er slíkt talað úti á þekju; hjer er einmitt meiningin, að beita reglunni hvervetna í lífinu, en miða hana eigi við einstök atvik. En þar sem sami hæstv. herra sagði, að ef þetta væri samþ., þá yrði að breyta erindisbrjefi ldsh., þá get jeg eigi sjeð það; það er fast og lögákveðið skipulag, sem hjer er eigi farið fram á að breyta; hjer er að eins farið fram á, að setja reglu, sem gildi í hvert sinn, sem stjórnin eptir frjálsu vali (eða, ef hann vill heldur: eptir eigin geðþótta) þarf að fela einhverjum embættismanni umboðslegt starf á hendur. Justitiarius hefir heldur eigi ávallt gegnt embætti landshöfðingjans, þá er ldsh. hefir á einhvern hátt verið fjarverandi eða forfallaður, enda er eigi svo fyrirmælt í erindisbrjefi landsh.; þar er að eins ákveðið, að justitiarius taki við embætti hans til forstöðu, ef hann forfallast (t. d. við bráðan sjúkdóm, dauða eða því um líkt), án þess að hafa gert aðra ráðstöfun. Það er í fleirum stöðum í stjórnarskránni bent til hins sama, sem þessi till. fer fram á, t. d. í 1. gr., 43. og 44. gr. og víðar.

Jeg vona, að það þurfi eigi að færa fleiri rök fyrir þessari till., og það því síður, sem engin andmæli komu um daginn fram gegn þeirri frumreglu, sem þessi till. fer fram á að sett verði.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins gera þá stuttu athugasemd, að það er aðalreglan, að forstjóri yfirdómsins gegni embætti ldsh. í forföllum hans eða fjarveru; hitt, að annar sje settur til þess, það er satt, það hefir komið fyrir og getur komið fyrir. Með tilliti sameiningar á dómarastörfum og umboðslegum störfum skal jeg benda á, að það kemur einnig fyrir við hæstarjett, að menn, sem hafa umboðsleg störf á hendi, dæma í málum; þeir er nefndir »extraordinære Assessorer«, t. d. sumir stjórnardeildarforstjórar í stjórnarráðunum. Þannig eru þessi tvenns konar störf að

þessu leyti álitin samþýðanleg, og er jeg sömu skoðunar.

Arnljótur Ólafsson: Það er fátt, sem verður sagt um þessa till., annað en, að hún sje bæði meinlaus og gagnslaus. Tillagan byrjar svona: Neðri deild alþ. ályktar, að skora á ráðgjafann; till. er allt svo einungis bundin við ráðgjafann; hún á ekkert skylt við landshöfðingjann; það, sem ráðgjafinn er beðinn að gera, það á landsh. ekki að vera bundinn við. Ráðgjafinn er beðinn um að gera það, sem till. fer fram á, samkvæmt anda stjórnarskrárinnar. Hver er nú þessi andi? H. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vitnaði í þessu skyni í 1., 43., 44. gr. stjórnarskrárinnar. Efni áskoruninnar verður þá einungis það, að skora á ráðgjafann að fylgja þeim reglum, sem eru samkvæmar anda stjórnarskrárinnar, í því, að fela og fela eigi dómendum á hendi umboðsleg störf. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja: Er það samkvæmt, eða er það eigi samkvæmt anda stjórnarskrárinnar, að justitiarius skuli í forföllum eða fjarveru landsh. gegna embætti hans samkv. 21. gr. í umboðsskrá landsh. 22. febr. 1875? Eptir mínum skilningi verða umboðsleg störf falin dómendum á hendi bæði samkvæmt og eigi samkvæmt anda stjórnarskrárinnar. Ef t. d. yfirdómara er falið amtmannsembætti á hendi á þann hátt, að hann sem yfirdómari skuli jafnframt dæma um það, sem hann hefir gert sem amtmaður, þá álít jeg það á móti anda stjórnarskrárinnar; og eins, ef dómari í yfirdóminum er þannig settur í umboðslega stöðu, að dómsvaldið sje eigi lengur hjá honum, álít jeg það ósamkvæmt 1. gr. stjórnarskrárinnar. En ef dómsvaldið er eins hjá honum eptir sem áður, svo sem á sjer stað þó t. d. justitiarius gegni embætti ldsh., þá finnst mjer það vel geta orðið samkvæmt 1. gr. stjórnarskrárinnar. Mjer finnst því það eitt liggja í þessari þingsál., að þingd. skorar á ráðgjafann, að þá er hann felur dómanda í yfirdóminum eitthvert umboðslegt starf á hendi, þá skuli hann gera það samkvæmt anda stjórnarskrárinnar, en eigi mótsett anda hennar, eða með öðrum orðum: þingd. skorar á ráðgjafann, að fylgja stjórnarskránni, svo sem hann á að gera, samkvæmt 3. gr. hennar. Þingd. hefir auðvitað rjett til þess, og ef jeg gef þessari till. atkvæði mitt, þá er það í þessum skilningi, og svo mun vera um fleiri þingm. Jeg skal taka það fram aptur, að þessi áskorun nær að eins til ráðgjafans, en eigi til landsh. og eigi t. d. til h. Ed. Justitiarius hefir verið kosinn þar til gæzlustjóra við hinn fyrirhugaða landsbanka; þingsál.till. bannar það eigi, og eigi heldur bannar hún landsh., að setja sem bankastjóra hvern, sem hann vill. Um sparnaðinn við hið núverandi fyrirkomulag á amtmannsembættinu og dómaraembættinu við yfirdóminn, skal jeg eigi fara mörgum orðum; mjer finnst það svo lítilvægt atriði í þessu máli, enda vill h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sjaldan tala um kostnað eða sparnað, að minnsta kosti eigi þegar talað er um kostnað, sem þingið eða þjóðin á að greiða.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): H. þm. Eyf. (A. Ó.) er svo lækningafróður, að hann kannast við þá sýki, sem kölluð er annarshvors-dags-sýki (»Andendags-Feber«). Enn fremur veit jeg, að h. þm. (A. Ó.) er svo minnugur, að hann kannast við það, að árið 1879, þá þótti honum sjálfum öldungis óhafandi það stjórnarfyrirkomulag, sem þá var og nú er; þá áleit hann stjórnarskrána öldungis fráleita, og líkti henni við, að »setja nýja bót á gamalt fat«, »nýtt vín á gamla belgi«; þá var það nauðsynlegt, að fá stjórnina sem mest inn í landið, og að landshöfðingi fengi vald til að skrifa undir lögin í umboði konungs. En þessi sami h. þm. berst einmitt með hnúum og hnefum á móti þessu 1885; þá er það orðið óhafandi, sem hann sjálfur áleit alveg nauðsynlegt 1879. Af þessu sjest, að h. þm. hefir nokkurs konar pólitiskan 5.-hvers-árs-feber, og einmitt nú er »krisis« fyrir honum. Jeg vona því, að h. þingd. sje mjer samdóma um, að það muni ekki borga sig, að vera að eltast við þingmanninn til þess að svara honum, því að menn geta

gengið að því sem sjálfsögðu, að hann má ske þegar 1887 eða 1889, en vafalaust 1890, mun röggsamlega rífa sjálfur niður þá skoðun, sem hann fylgir nú, og ekki láta stein yfir steini standa. Jeg ætla því ekki að eltast við hann út úr því, sem hann segir í dag; hann mun sjálfur annast um, að tæta það í sundur, þegar hans tími er kominn. Vita það allir, að ef að vanda lætur, mun þá það horfa upp, sem nú snýr niður á skoðunum hans.

Jeg skal svo með fám orðum víkja að ræðu h. ldsh. Hann tók það fram mjög rjettilega, að í erindisbrjefi ldsh. stæði, að forstjóri landsyfirrjettarins skyldi gegna landshöfðingjaembættinu í fjarveru ldsh. eða forföllum hans, nema stjórnin gjörði öðru vísi ráðstafanir. En nú vil jeg biðja h. þm., að gæta að, hvað í þessu liggur. Í því liggur það, að veikist landsh., fari burt eða deyi, án þess að gjöra nokkrar ráðstafanir, þá er forstjóri landsyfirrjettarins sjálfsagður að gegna landshöfðingjaembættinu til bráðabyrgða. Það er því öldungis rjett, sem jeg sagði áðan um þetta efni.

En þar sem h. ldsh. tók fram, að það væri ekki einsdæmi, að dómarar hjer hefðu líka á hendi umboðsleg störf, því að hinir extraordineru assessórar við hæstarjett hefðu líka á hendi umboðsleg störf, þá skal jeg benda á, að h. landsh., sem líklega veit, hvað »assessores extraordinarii« eru, villir hjer (sjálfsagt í ógáti) sjónir fyrir þeim þm., sem ekki vita þetta. Hvað eru þessir menn? Það eru þeir menn, sem skipaðir eru til að dæma í rjettinum að eins í forföllum hinna reglulegu dómara; þeir eru vissir varamenn, svo að stjórnin þurfi ekki og geti ekki í hvert skipti, sem einhver dómari rjettarins er forfallaður, sett hvern sem hún vill í það sinn í hans stað. Hjer er því alveg eins ástatt, eins og með forstöðumann landsyfirrjettarins og landshöfðingjann. Hjer er alls ekki að tala um, að föst dómarastörf sje sameinuð umboðslegum störfum, og sannar því þetta alls ekkert gagnvart þeirri frumreglu, sem jeg hef hjer haldið fram.

Viðvíkjandi því, sem fram hefir komið, skal jeg að eins taka það fram, að þótt í þessari þingsályktun standi að eins »ráðgjafinn«, þá er auðvitað, að það á ekki síður við þann, sem kemur fram í umboði ráðgjafans og á hans ábyrgð, svo sem landshöfðinginn. Það má því eiga það víst, að telji ráðgjafinn sjer skylt, að taka þessa þingsályktun til greina, þá muni og ldsh. gjöra það. Gjöri hann það ekki, þá ber ráðgjafinn ábyrgð af því fyrir alþingi, en landsh. fyrir ráðgjafanum, húsbónda sínum.

Þorlákur Guðmundsson: Það getur að sjálfsögðu komið fyrir, að landsh. eða stjórnin sje til knúð að setja dómara í umboðsleg störf, ef einhver deyr, eða við önnur forföll. En það er skoðun mín, að slíkt bæði ætti að vera sem sjaldnast og að minnsta kosti ekki fyrir lengri tíma, og ekki þurfa að vera um lengri tíma. Jeg minnist þess, að áður en landshöfðingjaembættið var stofnað, var lengi vel sami maður justitiarius og stiptamtmaður, og var þá almennt megn óánægja manna á milli yfir því fyrirkomulagi. Og þótt það hafi ekki orðið að slysum, þá var samt óánægja almennt yfir því. Þetta bendir á, að slíkt ætti því síður að koma fyrir nú á síðari tímum, þar sem vjer höfum fengið vort svo kallaða sjálfsforræði og löggjafarvald. Og þótt þessi þingsályktun sje stýluð til ráðgjafans að eins, álít jeg hana öldungis ekki þýðingarlausa, því landsh. mun vafalaust taka hana til greina, ef hún verður samþykkt hjer.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að h. Ed. leyfi sjer að kjósa fyrir gæzlustjóra við bankann justitiarius í landsyfirrjettinum, þá verð jeg að álíta það ekki heppilegt, og jeg ætla, að margur muni ætla það öllu fremur óheppilegt, og það því heldur, ef fleiri úr yfirrjettinum eða máske allir yrðu háðir bankanum. Það getur verið dýrt spaug, að þurfa að setja setudómara í allan landsyfirrjettinn í þeim málum, sem bankinn kann að komast í við einstaka menn, eða einstöku menn aptur á aðra hlið við bankann; það getur orðið landssjóði dýrt, og líka einstökum

mönnum dýrt, að allir dómendur landsyfirrjettarins væru bankanum háðir. Þó að því sumir skoði þessa þingsál. bæði meinlausa og gagnslausa, þá verð jeg samt að gefa henni atkvæði mitt, því jeg álít hana ekki gagnslausa.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, að fleiri eru á sama máli, að þeir vilja gefa þessari till. atkv., af því, hversu hún er meinlaus og gagnslaus. Jeg skildi eigi vel hinn langa háls á ræðu h. flutningsmanns (J. Ó.), um það, hvað jeg hefði sagt um innlenda stjórn fyrir 5 árum síðan. Jeg er enn á sama máli eins og þá, að jeg vil hafa innlenda stjórn í öllum þeim málum, sem vjer getum átt það, og eigi hafa of mikinn kostnað í för með sjer. Jeg held því, að hann hafi haft í huga annan rithöfund, sem hefir lagt það í vana sinn, að kalla aptur í blaði sínu annan daginn, það sem hann hefir komið með hinn. Til sönnunar því, að tillagan sje meinlaus og gagnslaus, skal jeg skírskota til 4. gr. í umboðsbrjefi landshöfðingja. Þar stendur, að þegar embætti eru laus, skal hann sjá um, að þeim verði þjónað, með því að setja menn í þau um tíma, og hefir hann heimild til að víkja frá um stundarsakir öllum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi. Þegar nú þingsályktunin eigi nær til landsh., sem hefir svona mikið vald, er auðsætt, að hún er ekki til stórmikils gagns, þar sem hún að eins beinist að ráðgjafanum. Hún er og einskis verð að því leyti, að eptir hinni nýju stjórnarskrá er viðbúið, að ráðgjafinn leggist niður. Það ætti eptir henni að stíla ályktunina móti landsstjóranum, eða ráðgjöfunum hans. En það hefir gleymzt, þó merkilegt sje, að hinn staðfasti og sjálfum sjer samkvæmi 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem aldrei þykist skeika í skoðun sinni, skuli hafa gleymt því, hvernig hann barðist í stjórnarskránni, og stílað þessa áskorun til ráðgjafa, sem er á fallandi fæti. Þetta sýnir, að till. er meinlaus og gagnslaus, og það svo mjög, að jeg er til með að gefa henni atkvæði mitt, einkum þar hún er sæmilega orðuð, eptir því sem maður getur búizt við. Tillagan sómir sjer allvel nú, er hún hefir misst halann, sem datt aptan af henni við atkvæðagreiðsluna um daginn. Það gleður mig, að flutningsm. og tillaga hans hefir á þenna hátt fengið bata, að kaldan hefir yfirgefið hann og hana.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg vona, að enginn þm. láti villa sjónir fyrir sjer með því, sem 1. þm. Eyf. (A.Ó.) segir, að tillagan sje meinlaus og gagnslaus, af því að hún sje stíluð til ráðgjafans. Ávarpið verður að stílast til þess, sem valdið hefir, eins og *nú er*. Vjer vitum hvað er, en ekki hvað verða kann. Áskorun frá þinginu til hinnar æðstu stjórnar hlýtar að vera til hinnar æðstu stjórnar, hverju nafni sem hún nefnist, hvort sem er ráðgjafi, landsstjóri, eða ráðgjafar. Þetta er því að eins þýðingarlaus leikur með *orð* hjá h. þm. (A. Ó.), eins og honum er svo tamt, þegar hann vill *forðast efnið*. Það er ekki rjett hermt, að nokkur þm. hafi sagzt greiða atkvæði með ályktuninni, af því að hún væri meinlaus og gagnslaus—, en h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) sagði, að hann mundi vera með henni, þó að hún væri nokkuð meinlaus. (*Þ. G.*: Einmitt!) Ef ályktunin er þýðingarlaus og gagnslaus, þá er frumreglan líka þýðingarlaus og gagnslaus. (*A. Ó.*: Já). Það er gott, að h. þm. játar það. Jeg hjelt áður, að hann þyrfti 5 ár til þess, að setja svo stórkostlega, pólitíska draugasveiflu á skoðanir sínar, að þær stæðu alveg á höfði við það, sem áður var. En nú sje jeg, að hann þarf ekki til þess nema 5 mínútur. Það eru ekki nema einar 5 mínútur síðan jeg skrifaði upp eptir honum, að hann var að sanna einmitt það, sem hann nú neitar. Þegar hann er svona snarliðugur, er ofætlan fyrir mig að eltast við króka hans og snúninga.

Arnljótur Ólafsson: Það er sitt hvað, að skoða hugmynd út af fyrir sig (in abstracto), eða í heimfærslu hennar til vissra dæma (in concreto).

Jón Jónsson: Er það hugsun h. flutningsmanns, að með þessari ályktun sje loku skotið fyrir það, að yfirdómurum

geti orðið falin kennsla á lagaskólanum?

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg þykist hafa tekið fram, að áður var allt af gert ráð fyrir, að yfirdómarar gætu kennt á lagaskólanum; en 1875 skar Ed. svo úr, að það væri á móti anda stjórnarskrárinnar, og neitaði því, og síðan hefir ekki verið farið fram á það. Báðar þingd. hafa þannig svarað spurningunni þegjandi, síðan þingið fjekk löggjafarvald.

Atkvæðagreiðsla sú, sem nú á fram að fara, sýnir nú, hvort þessi þingdeild vill standa við þá skoðun eða ekki. Jeg tek það fram, að jeg álít beinlínis *sóma* og *virðingu* deildarinnar komin undir úrslitum atkvæðagr. þessarar.

Atkvæðagr.: Tillagan var felld með 11 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm.

Já sögðu: B. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, Jón Ólafsson, Ólafur Pálsson, Þorl. Guðmundsson, Þorkell Bjarnason og Þorv. Kjerulf.

Gunnl. E. Briem, Holg. Clausen, Jón Sigurðsson og Th. Thorsteinson voru eigi við.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 376; breyt.till. 379, 380); ein umr.

Benidikt Sveinsson: Mig furðar stórlega á því, að ákvörðunin í síðara hlut 2. gr.: »Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðingum«, skuli hafa komizt inn í frumv. í Ed., af því að sú ákvörðun á alls ekki heima og getur ekki staðið í neinum þeim lögum, sem sönnu nafni heita friðunarlög, og er hún því sjálfsagt komin inn í frv. af einhverjum misgáningi. Ef þetta væri lög um laxveiði yfir höfuð, þá væri, ef til vill, öðru máli að gegna; en hjer er um friðunarlög að ræða og í þeim á ákvörðunin alls ekki við. Einn merkasti þingmaðurinn af h. þm. í Ed., sem jeg hef talað við um þetta atriði, hefir líka játað það. Eðli friðunarlaga er að leggja band á eignarrjettinn til almennings heilla. Og það sjá allir, sem geta litið skynsemisaugum á málið, að þetta band hlýtur að gilda jafnt, hvort sem eigandi er einn, eða þeir eru fleiri. Í þessu máli, sem hjer ræðir um, á friðunin því að vera hin sama, hvort sem einn eða fleiri eiga veiði í á. Þeir hafa auðsjáanlega ekki fyrir það allir sömu veiði eða veiðinot. Sá, sem hefir betri veiðistöðvar, getur veitt meir o. s. frv., og eigi einn maður alla veiði í ánni, annaðhvort af því, að hann á allt land að henni, eða sem ítakseigandi, af því hann hefir öðlazt veiðirjettinn á lagalegan hátt, þá má hann nota veiðistöðvarnar með allri ánni, en ekki draga alla veiðina saman á einn stað, því þar með hindrar hann fiskiförina. Með öðrum orðum: hann verður að nota veiðina á sama hátt, eins og þó veiðieigendurnir eða landeigendurnir væru fleiri. Það sem allt veltur á, er því það, að þeirri grundvallarreglu sje ekki haggað, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sínu landi, og að ákvörðunin: »nema með lögum sje frákomið«, gjöri enga breytingu á veiðimátanum, eða helgi fiskifararinnar, sem í friðunarlögunum má ekki aðskiljast frá landinu. Jeg vona þannig, að þingmönnum skiljist, að hin umrædda ákvörðun er í beinni mótsögn við almennar grundvallarreglur fyrir þeim friðunarlögum, sem geta samrímzt við hlutarins eðli og hin fornu landslög vor.

En það er ekki þar með búið. Það er meira blóð í kúnni! Fyrri kafli 2. gr. er allsendis ósamþýðilegur við þá ákvörðun 2. gr., að »eigi einn veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing«. Þessi ákvörðun er, segi jeg, í auðsjáanlegri mótsögn við fyrri kafla 2. gr. Það er ennfremur ekki gott, að koma þessari ákvörðun saman við niðurlag 2. gr., nema ef það á að skilja svo, að ef á rennur í einu lagi, má sá, er einn á veiði í henni, þvergirða hana, og þannig takmarkalaust hepta alla laxgöngu eptir ánni. En ef á rennur í kvíslum, má ekki þvergirða nema eina þeirra, þótt einn eigi veiði í allri ánni, og það með því skilyrði, að meiri sje fiskiför í annari kvísl. Meiri ósamkvæmni og berari mótsagnir en þetta er ómögulegt að hugsa sjer í sömu

gr. Slík lög sem þetta mega alls ekki fara frá þinginu, svo framarlega sem það vill gæta sóma síns og helgustu skyldu sem löggjafi. Að þessar öndverðu ákvarðanir hafa komizt inn í frumvarpið, kemur til til af því, að niðurlagsákvörðunin í 2. gr. er tekin upp úr Grágás; en hinn liðurinn, um þvergirðingar, ef einn á veiði í á, er nýr tilbúningur, sá tilbúningur, sem um aldur og æfi verður hinni háttvirtu þingdeild til vansæmdar, ef hann verður ekki felldur úr lögunum. Með þessu móti tækjum vjer gull-korn úr Grágásarlögum, sem rjettilega skilin inniheldur sanna friðunarákvörðun, þó menn hafi ekki viljað kannast við það, og fyrir þær sakir stendur þessi ákvörðun í friðunarlögunum 11. maí 1876 að eins sem »modification« eða tilmiðlun, þegar á rennur í fleiri kvíslum; en um leið og vjer setjum þessa tilmiðlun inn í lög, sem eiga að vera strangari en friðunarlögin 11. maí 1876, þá setjum vjer í samband við hana nýja ákvörðun, sem upphefur alla friðun. Hver lifandi maður getur, jeg spyr, verið þekktur fyrir það, að friða laxaförina í á, sem rennur í fleiri kvíslum, en ófriða hana í á, sem rennur í einu lagi? Af þessu flyti þá líka, að í sömu ánni, sem sumstaðar rennur í fleiri kvíslum, en sumstaðar í einu lagi, er víða á sjer stað, yrði laxaförin ýmist friðuð, ýmist ófriðhelg. Heyr undur og fádæmi!

Þessi optnefnda ákvörðun um þvergirðingar stríðir einnig berlega á móti anda og ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem í 51. gr. skipar að aftaka með lagaboði öll bönd, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heill; en skyldi almenningsheill krefja, að laxaför skuli fremur óhelg í á, þar sem hún rennur í einu lagi, en þar sem hún rennur í fleiri kvíslum! Og það eins, enda þótt einn maður eigi í hlut. Nei; með þessari baneitruðu ákvörðun eru stofnuð einkarjettindi,—privilegia, sem stríða á móti anda stjórnarskrárinnar, eigi síður en hinni gullnu reglu landslaganna: »Hver maður á vötn og veiðistöður fyrir sinni jörðu og á«. Ef nú seinni tíðar menn vilja með lögum afnema þau einkaleyfi eða einkarjettindi, sem þessi ákvörðun lögheimilar, þá yrði landsjóðurinn að borga það þeim, sem í misstu við afnám einkarjettindanna samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo: »Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir«.

Þessi friðunarlög eru gagnstæð jafnrjetti manna í atvinnuvegunum; þessi lög tæla menn til að stofna lögheimiluð einkarjettindi, sem ekki verða aptur afnumin, nema með gjaldi úr landssjóði, sem ef til vill yrði ekki með tölum talið! Mundi oss ekki nær, að fara eptir dæmi annara þjóða, t. d. Norðmanna og Englendinga, í að vera ekki of sólgnir í að ná sem mestu af laxinum, heldur friða hann með ströngum og rjettlátum friðunarlögum.

Að því er 6. gr. frv. snertir, þá kann jeg miklu betur við hana í sjálfu sjer, en þær tvær gr., sem h. nefnd vill setja í staðinn fyrir hana. Mjer er það þó eigi kappsmál, og get vel gefið atkv. mitt með greinum h. nefndar, því fremur, sem jeg vona, að hún verði þá með breyt. till. minni um að afnema þvergirðingar, sem jeg nú hefi sýnt og sannað, að lögin mega eigi heimila; en hinar nýju greinir gefa á hinn bóginn, eins þeim, sem einn á veiði í á, eins og fleiri veiðieigendum, aðgang til, að fá þann sjerstaka veiðimáta lögheimilaðan með staðfestingu amtmanns, sem eigi kemur í bága við friðun laxins og getur eptir stað staðháttum jafnvel verið til bóta. Þetta er jafnrjetti, en eigi einkarjettindi! Jeg þykist þess þannig fullviss, að h. þingdeild neðri deildar, og eins hin háttv. efri deild, muni ganga að breytingaratkvæði mínu; enda krefur það engan meiri tíma, að segja já við henni en nei.

Að lyktum skal jeg geta þess, að jeg er á móti því, að veiða megi með lögn eða krók; því svo getur farið opt og tíðum, að fleiri laxar særist en veiðist með þessari næstum viðbjóðslegu veiðiaðferð. Það er

viðbúið, að stunginn eða kræktur lax, sem sleppur, geti lifað á eptir, og sannarlega er það hroðalegt og heimskulegt, að rífa eða stinga laxinn þannig á hol, að hrognin og innýflin velli út úr kviðnum á honum, eins og mörg munu finnast dæmi til. Með þessu má og eyðileggja laxaviðkomuna öldungis í hið óendanlega.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Jeg skal eigi vera langorður, en vil að eins minnast á tvær aðalbreytingar, sem gerðar hafa verið við frv. í h. Ed. Í 1. gr. er sett sú ákvörðun, að eigi megi veiða lax í sjó, ám eða vötnum, nema 3 mánuði á hverju sumri, og sömuleiðis er ákveðið, að sýslunefnd skuli í hjeraði hverju setja fastar reglur um, hvenær veiðitími þessi skuli byrja og enda í hverri á. Þessar ákvarðanir eru ólíkar frv. Nd., því að þar var tiltekinn veiðitíminn fyrir allt landið, hvenær hann skyldi byrja og enda. Jeg álít, að breyting þessi sje á rökum byggð, því að þá má veiða í hverri á, þegar hentastur er tíminn, og er sýslunefnd gefinn rjettur til að ákveða, hvenær það skuli vera, og hlýtur hún að hafa næga þekkingu til að geta það. Hin önnur aðalbreyting h. Ed. er sú, að 6. og 7. gr. frv. eru felldar burt, en ein grein sett í staðinn; en sú grein finnst mjer eigi rjett hugsuð, þar sem stendur í byrjun hennar: Ef allir þeir, sem veiði eiga í á, eða þeir, er meginlaxveiðina eiga o. s. frv. Í öðru orðinu stendur: Allir, en í hinu: Þeir sem meginveiðina eiga; en nú hljóta þeir, sem meginveiðina eiga, ætíð að vera færri en allir veiðieigendur. Auk þess þykir mjer þessi ákvörðun um þá, sem meginveiðina eiga, vera ófrjálsleg, því að eptir henni geta, þótt eigendur veiðarinnar sjeu 12 eða 20, að eins 2 menn, ef þeir eiga meginveiðina, gert veiðisamþykkt án vilja og ráðs hinna eigendanna; þessi ákvörðun þykir mjer ófrjálslegri heldur en sú, sem áður var í 6. gr., að meiri hluti veiðieigendanna geti ráðið um samþykktir, sem að veiðinni lúta. Svo er í 3. málsgrein 6. gr. frv. Ed. sú ákvörðun, að samþykkt, sem amtmaður hefir staðfest, megi eigi breyta, nema með vilja og ráði allra þeirra, er hana hafa gert. Þessi ákvörðun er eigi heppileg, og þau atvik geta komið fyrir, að hún verði ómöguleg; ef t. d. einn af þeim, er samþykktina hafa gert, deyr, þá verður samþykktin að standa um aldur og æfi. Jeg get annars eigi skilið, að gengið sje nærri rjetti nokkurs manns, þótt meirihluti veiðieiganda megi heimta samveiði, enda er sýslunefndin einnig skyld að gæta þess, að rjetti einskis sje hallað; rjettindi veiðieigenda í tilliti til veiðarinnar eiga að vera mælikvarði hennar og hún má eigi samþykkja neina samveiði með öðrum kosti.

Hvað snertir breytingartill. h. 6 þm. um, að málsgreinin: »Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, og þó því að eins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl«, falli burt, þá hef jeg að sönnu eigi á móti henni í sjálfu sjer, þó að jeg álíti, að með þeirri ákvörðun í frv. sje veiðin að eins gerð hægari og kostnaðarminni þeim, er eiga, en eigi tekinn rjettur frá nokkrum; en jeg er á móti breytingunni, af því jeg er hræddur um, að ef breytingartillaga þessi verður samþykkt hjer í deildinni, muni það verða málinu til falls í efri deild, af því að þingtíminn er orðinn svo stuttur eptir. En slæmt er að málið falli, því að jeg ætla, að allir verði að játa, að það innihaldi ýmsar nýjar ákvarðanir til mikilla bóta, og mikil bót sje fólgin í því, ef það verður að lögum. Jeg get eigi orðið samdóma h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) í því, að öll laxganga sje hept, ef þvergirðing sje leyfð, þar sem einn á veiði alla; því að allar veiðivjelar eiga annaðhvort að standa opnar eða takast upp 36 stundir í viku hverri eptir lögum þessum, hvort sem einn eða fleiri eiga veiðina, til þess lax geti gengið upp, svo jeg held, að allt af komist nógur lax upp í á, þótt þvergirt sje. Takmarkanir þær, sem lögin setja, þá er fleiri eiga veiði saman, miða bæði til að ákveða rjett þeirra innbyrðis, og til að efla laxveiðina yfir höfuð; en þar sem einn á veiði í á, þá er tilgangur lag-

anna að eins sá, að að hann spilli eigi veiðinni fyrir sjer nje eptirmanni sínum, og fyrir því má hann þvergirða, sje að eins sjeð fyrir, að nógur lax til að hrygna komist upp. Hvað viðvíkur breytingartill. við 3. gr., að orðin »eigi með sting eða krók« falli burt, þá hygg jeg, að eigi sjeu margir, sem viðhafa þá veiðiaðferð; en hvort sem heldur er, er sú veiðiaðferð gagnstæð því, að banna að veiða smálax. Menn geta eigi sjeð þegar lax bregður fyrir og menn reka stinginn eða rjetta krókinn út, hvort laxinn er stór eða smár, og getur með þeirri veiðiaðferð orðið, að menn stingi eða kræki margan smálax. Svo er það, að laxinn, sje hann eigi stunginn eða kræktur gegnum hrygginn, rífur sig af, og hlýtur það að vera mjög kvalafullt, en það ættu menn ávallt að hugsa um, að fyrir hvaða helzt skepnur, sem mönnunum eru gefnar til bjargar og þeir verða að deyða, þá sje dauðdagi þeirra gerður sem kvalaminnstur. Dauðdagi fyrir sting og krók hlýtur að vera laxinum kvalafullur, þótt hann náist, en miklu fremur ef hann rífur sig lausan, því að innýfli og hrogn geta þá ollið út og valdið honum langvinnra og afarmikilla kvala. Þetta er svo hryllilegt, að jeg vona, að þingdeildin samþykki ekki þessa veiðiaðferð, þó einn eða tveir menn kunni að hafa skaða af að hún sje bönnuð.

Benidikt Sveinsson: Mig furðar á, að h. flutningsmaður (Þ. Bj.) skuli taka svo illa í, að nema málsgreinina um þvergirðing burt. Jeg hef sýnt og sannað, að fyrri málsgrein 2. gr. sje í beinni mótsögn við þau ákvæði í síðari málsgreininni, að þegar einn maður á veiði í á, þá sje honum heimilt að þvergirða ána, með því að annar liðurinn miðar að því, að laxinn hafi frjálsa göngu, en hinn liðurinn þvert á móti til þess að hindra göngu hans. Þessar ákvarðanir eru því alveg ósamrímilegar, og geta komið bæði þeim, sem lifa eiga eptir lögunum, og dómendum, í hinn mesta vanda, þegar geir eiga að fara að dæma eptir lögum þessum. Þær geta því alls eigi staðizt í sömu lögunum, og verð jeg að skora á h. flutningsmann (Þ. Bj.), að skýra meininguna í báðum þessum málsgreinum, og sýna mjer, hvernig þær geta samrímzt. Væri hann sá snillingur, að geta þetta, þá gæti það komið til gagns við skilning þessara laga síðar meir. En það ætla jeg öllum auðsætt, að dómstólarnir hljóti að komast í stökustu vandræði með að skilja slíkar óskiljanlegar ákvarðanir sem þessar; þeir hafa komizt í vafa með ljósari ákvarðanir! Jeg get eigi skilið, hvernig á því stendur, að h. framsögumaður skuli vilja láta það sjást eptir sig í lögum, sem alveg er óhafandi í augum allra þeirra, sem á eptir hann koma. Vjer verðum vel að gæta að því, að vjer setjum með þessum lögum þær reglur, sem síðar eiga að koma fyrir dómstólana og verða bindandi regla fyrir samtíðamenn og eptirkomendur vora. Þeir eiga að lifa undir þeim. Jeg get því ómögulega greitt atkvæði með frumv., ef þessi ákvörðun er eigi numin burt. Jeg tek það enn og æ fram, að mig furðar á því, að h. framsögumaður gengur eigi að breytingaratkvæði mínu, þegar jeg þó vil greiða atkvæði mitt með 6. og 7. gr. í nefndaráliti hans; því einmitt það, að nema þessa ákvörðun um þvergirðingar burt, stuðlar að því sama, sem 6. gr. á að gera, að auka friðun laxsins. Þessi aðferð framsögumannsins gefur mjer illan grun, já, jafnvel fullkomnustu vissu fyrir því, sem jeg áður benti til við fyrstu umræðu þessa máls, að »bagtanke«, o: »falinn fiskur undir steini«, er hin sanna hvöt hjá honum til að koma með þetta nýmæli. Það er sannarlega einkarjettindi til laxveiði, en ekki laxafriðun, ekki jafnrjetti, heldur ranglæti, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumvarpi, eins og það verður með þessari ákvörðun. Þingmaðurinn áleit, að þessi breyting yrði frumv. til falls, en eigi breytingar hans; þetta er hrein og brein viðbára, og það sjá allir eða geta sjeð, að svo er; enda hef jeg talað við menn úr Ed., sem leggja alla áherzlu á 6. gr. í frv. Ed., að hún fengi að standa. Jeg held líka, að svo mikil »intelligens« sje í h. Ed., að hún sjái, að einmitt þessi ákvörðun, að nema

þvergirðingar burt, sje ein hin bezta ákvörðun til að friða laxinn, og sem að eins á að vera, eptir fyrirsögninni að dæma, tilgangur laga þessara. Einmitt af því, að þetta eiga að vera friðunarlög, þá á aðalganga laxsins að vera sem frjálsust. Ef vjer eins og Norðmenn settum þá ákvörðun, að veiða eigi lax um tiltekinn tíma, nema með laxastöng, er jeg viss um, að þá yrði nægur lax í laxám vorum, enda þótt lítið eða ekkert væri gert til að klekja honum út. Mig furðar enn á, að h. framsögumaður, sem fyrstur hefir náð í styrk úr landssjóði til að byrja á laxaklaki og í því efni hlaupið í kapp við aðra, sem höfðu komið því til leiðar, að alþingi fór að sinna þessu mikilsvarðandi fyrirtæki, og vildu einmitt verða fyrstir til framkvæmda í því, sem sje þingeyingar og þar á meðal jeg, sem fyrir mörgum árum hefi gert tilraun til þess, þó hún óheppnaðist, — það er sannarlega kynlegt, segi jeg, að hann, maður sá, skuli eigi geta viðurkennt þá gömlu setningu: Ganga skal guðsgjöf svo til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa. Einmitt í þeirri ákvörðun er þegar í Grágás skuldbinding fyrir einn eiganda sem fleiri að girða aldrei fyrir laxgenga á með þvergirðing. Nei; hjer hlýtur annaðhvort að skorta skilning eða góðan vilja, nema hvorttveggja sje. Það lítur svo út, sem vjer árið 1885 sjeum eigi komnir langt í að skilja ákvörðun Grágásar um laxafriðun, ef vjer skyldum samþykkja slíka ákvörðun, sem hjer ræðir um. Jeg vildi að sönnu eigi þurfa að mæla þannig á móti ákvörðun þessari í frv., því það er grátlegt, að jafnvel nokkrum af oss skuli koma til hugar önnur eins bernska, eins og þessi ákvörðun lýsir; en jeg neyðist til að segja hreinan og beinan sannleikann, og hann get jeg sagt um þetta efni, því svo mikið hef jeg hugsað um þetta mál í heild sinni, bæði nú og áður.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Það var að eins vegna naumleika tímans, að jeg var á móti breytingaratkv. þm. (B. Sv.); það getur orðið málinu til falls, ef hún kemst að, en jeg álít mikinn skaða, ef málið fellur nú. H. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að laxgangan ætti að vera frjáls; en er mögulegt að búa svo til friðunarlög, að laxgangan sje algerlega frjáls? Hún getur að eins verið frjáls að meira eða minna leyti, um skemmri eða lengri tíma; laxgangan er ekki frjáls, þótt ekki sje þvergirt, því netin og veiðivjelarnar liggja víðsvegar út í árnar, sem hindra laxinn frá að ganga upp, og þótt þvergirt sje, þá er í frv. ákveðið, að allar veiðivjelar skuli standa opnar 36 stundir í viku hverri eða nær ¼ alls tímans, svo lax hafi frjálsa göngu. *(B. Sv.:* Ekki ef einn á veiði í á). Jú, það stendur í 1. gr. frv.; þar er engin undantekning gerð; að minnsta kosti verð jeg að skilja það svo. Ef jeg skildi það eins og h. þm. (B. Sv.), þá yrði jeg ef til vill með hans breytingartill. Komi það til í reyndinni, að álitið verði, að lögin heimili nokkrum að láta veiðivjelarnar ekki standa opnar, þá má breyta þessu, og það efast jeg ekki um, að næsta þing geri, ef sú verður reyndin á; því það er nauðsynlegt til þess að laxinn geti viðhaldizt, að árnar sjeu ekki allt af þvergirtar; en jeg er viss um, að minn skilningur er rjettari en hins háttvirta þingmanns, og hver einn einasti maður er skyldur til, að láta sínar veiðivjelar, hvort það eru kistur eða ekki, standa opnar. Þá sagði þm. (B. Sv.), að með því að stofna einkaleyfi til þvergirðinga, þá gæti svo farið, að landssjóður yrði að borga svo og svo mikið, ef seinnitíðarmenn vildu afnema þetta einkaleyfi. Það get jeg ómögulega sjeð að satt sje. Það má enginn þvergirða nema hann eigi einn veiðirjettinn í ánni, og þegar hann afhendir veiðirjettinn, þá gerir hann það annaðhvort til erfingja sinna við dauða sinn, eða hann selur hann. Ef laxveiðin er einu sinni kominn frá einhverjum jörðum á löglegan hátt, þá hafa ábúendur þessara jarða engan rjett til veiðarinnar fyr en þeir hafa fengið hann aptur á löglegan hátt, hvort sem það nú er með kaupum eða öðrum móti, en að landssjóður fari að kaupa laxveiði handa þeim, sem engri laxveiði hafa verið sviptir, það sje jeg enga ástæðu til, og það mun ekki koma fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir einkum

orðið ágreiningur um skilninginn á 2. gr. í þessu frv. milli h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) og h. framsögum. (Þ. Bj.). Jeg vil nú láta minn skilning í ljós á þessari grein, og er hann svo, að jeg veit ekki, hvort hann er nær skilningi h. 2. þm. N.-Núl. (B. Sv.), eða h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.). Í 1. gr. er talað um friðunartímann, en í 2. gr. um veiðivjelar þær, er við hafa megi, eða veiðiverkfæri. Þá koma fram ýms tilfelli. Fyrst er talað um veiði frá öðru landi eingöngu, og má þá ekki leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra en út í miðja á. Þar næst er, í upphafi 2. málsgr., talað um, ef veitt er frá báðum löndum, og er þá ákveðið, að ávallt skuli vera 30 faðma bil milli veiðivjelanna eptir endilangri ánni. Nú kemur þriðja tilfellið, og það er munurinn á því, er einn á veiði í á, og þá er fleiri eiga hana, hver fyrir sínu landi. Því næst kemur hið fjórða tilfelli, og það er þegar áin rennur ekki í einu lagi, heldur í fleirum kvíslum. Jeg skil klausuna: »Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing«, sem grein út af fyrir sig, sem miðaða við það, ef einn á alla ána, og hún rennur í einu lagi; en seinni liður hennar á við, þegar áin rennur í fleirum kvíslum og einn á veiði í einni kvíslinni, en fleiri eiga veiði í allri ánni. Eptir þessum skilningi verða ákvæðin þannig: ef einn á veiði í einni á, þá má hann þvergirða ána; en hann má þvergirða því að eins eina kvísl hennar, ef meiri er fiskiför í annari kvísl, og hann á einn kvíslina. Mjer finnst þessi takmörkun vera mjög eðlileg. Ef hann á einn alla ána, þá má hann þvergirða hana, ef hún rennur í einu lagi, en ef hún rennur í fleirum kvíslum, og hann á að eins kvíslina, þá má hann ekki þvergirða hana nema meiri sje fiskiför í annari kvísl. Eptir þessum skilningi er sá maður, sem á einn veiði í á, eða einni kvísl, þá bundinn við allar reglurnar í 1. gr., því hún talar að eins um friðunartímann, en 2. gr. talar um veiðiáhöldin, og það er ekkert samband milli friðunartímans og veiðivjelanna. Eins álít jeg, að ákvæði 2. gr. geti engin áhrif haft á ákvæði í 3. gr. um ádráttarveiði og veiði fyrir ósamynnum. Jeg hef ásamt fleirum h. þm. leyft mjer að gera breytingartill. við 3. gr., um að orðin »en eigi með sting eða krók« falli burt. Jeg álít að fyrst heimilt er að veiða lax með stöng, þá megi eins veiða hann með sting eða krók. Það er ekki meiri sársauki fyrir laxinn að vera stunginn heldur en fyrir rauðmagann og kolann, og vitum vjer, að þeir eru þannig veiddir. Auk þess verður laxinn fyrir allt eins miklum sársauka þegar hann er veiddur á stöng, þar sem hann verður þá stunginn í munninn, sem er miklu viðkvæmari staður, heldur en þótt hann væri stunginn einhversstaðar í búkinn. Auk þessa geta menn sagt sem svo, að þetta ákvæði sje beinlínis stílað á móti einum manni á Norðurlandi, sem hefir þessa veiðiaðferð; en það má ætla, að slíkt hafi ekki verið tilgangur uppástungumannanna. Jeg álít því nauðsynlegt, að fallizt sje á þessa breytingartill., til þess að losa tillögurnar við allan óverðskuldaðan skugga, sem þetta ákvæði gæti kastað á þá. Hvað breytingartill. við 6. gr. snertir, þá álít jeg þær að sínu leyti talsvert lakari en 6. gr. frv. Í 6. gr. frv. stendur, að gera megi samþykkt um, að friða laxinn meira en gert er í frv., ef allir þeir, sem eiga veiðina, eða þeir, er meginlaxveiðina eiga, vilja gera það, og í öðru lagi, að amtmaður verði að staðfesta samþykktina. En í breytingartill. stendur, að koma megi á meiri friðun, ef meiri hluti veiðieigenda óskar þess, þó því að eins, að hlutaðeigandi sýslunefnd samþykki. Mismunurinn er sá, að það þarf fleiri menn eptir frv. til þess að samþykktin komizt á, og í því er meiri trygging fyrir, að sú friðun, sem samþykktin á að helga, sje svo, að einskis rjetti sje hallað, eða svo, að meiri hagnaður sje að fyrir hlutaðeigendur. Meiri hluti veiðieigenda þurfa eigi ávallt að eiga mestan hluta laxveiðinnar í ánni. Það geta t. d. verið 5 menn, sem eiga veiði í einni á, en einn þeirra getur átt svo góðan hyl í ánni, að menn geta álitið veiðina í honum $\frac{2}{3}$ af allri veiðinni í ánni, og þá getur hann, ef hann fær annan mann með sjer, komið fram samþykktum um samveiði og meiri

friðun. En aptur álít jeg hentara og rjettara, að amtmaður samþykki samþykktirnar, en ekki sýslunefndin, því ef mál rísa út af þeim, þá á sýslumaður að dæma, en það getur hann ekki, þar sem hann er formaður sýslunefndarinnar, er leggur þann úrskurð á samþykktina, að með henni sje einskis manns rjetti hallað. Sýslumaður verður þannig svo bendlaður við málið, að hann verður að víkja úr sæti, og skipa setudómara; en þetta mundi verða mjög tilfinnanlegur kostnaðarauki fyrir málsaðila. Jeg verð því að vera á móti breytingartill. við 6. gr.; en þar á móti verð jeg að leyfa mjer að mæla fastlega með breytingartill. við 3. gr., af því hún er byggð á sanngirni, og miðar eingöngu að því að nema það burt úr frv., sem gæti litið út sem eitthvað persónulegt, en sem sjálfsagt ekki er það.

Atkvæðagr.: a) Breyt. 395 við 2. gr. felld með 10 atkv. gegn 7.

b) Breyt. 393 við 3. gr. felld með 10 atkv. gegn 7, að við höfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagr., og sögðu já: E. Kúld, H.Kr. Friðriksson, A. Ólafsson, E. Egilsson, E. Briem, Tr. Gunnarsson, Þ. Böðvarsson. J. Sigurðsson, B. Sveinsson, H. Clausen, Jón Ólafsson og Th. Thorsteinson voru eigi við.

c) Breyt. 390, nýjar greinar (6. og 7.), samþ. með 14 atkv.

Frv. þannig breytt samþ. með 16 atkv., og síðan sent Ed.

Forseti: Jeg hef í þessu augnabliki fengið nefndarálit frá 6 nefndarmönnum í stjórnarskrármálinu; en jeg get ekki látið útbýta því, með því undir það er ritað nafn formanns nefndarinnar, sem er fjarverandi og ómögulega hefir getað ritað undir það. Vil jeg fyrst vita, hver hefir haft umboð til að skrifa nafn hans undir. Auk þess hefir nefndin ekki getað haldið formlegan fund með sjer síðan frv. frá Ed. var útbýtt hjer, því nefndarmenn hafa síðan setið hjer á þingfundi. Jeg sje, að nafn h. þm. Rvk. vantar hjer undir nefndarálitið, og vil jeg því leyfa mjer að spyrja hann, hvort hann hafi verið boðaður á fundinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal út af orðum h. forseta lýsa því yfir, að jeg hef alls ekki verið boðaður á neinn fund til að ræða málið, síðan það kom frá Ed.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal geta þess, að jeg hef leyft mjer, í trausti til orða og umtals við formann nefndarinnar, að skrifa nafn hans undir nefndarálitið; talaðist okkur svo til, að jeg skyldi gera það, ef ekki kæmu aðrar breytingar fram við frv. en þá voru komnar, og það hefir heldur ekki orðið. Hann gaf mjer munnlega heimild til þess; en skriflegt umboð hef jeg ekki frá honum, og þurfti heldur ekki að hafa; en ef þess verður krafizt, skal jeg þegar í stað senda »express«: hraðboða til hans, ef þingd. tekur ekki orð mín trúanleg. En jeg vona, að h. þm. taki það tillit til kringumstæðnanna, að þeir vilji ekki láta þetta mál falla fyrir tímaleysi. Að því er snertir h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), þá skal jeg geta þess, að enginn formlegur fundur hefir verið haldinn með nefndinni; en jeg fór til hans og bað hann að skrifa undir nefndarálitið, hvort sem hann nú vildi samþykkja það, eða halda fram enn ágreiningsatkvæði sínu; en hann neitaði algjörlega að skrifa neitt undir nefndarálitið.

H. Kr. Friðriksson: Það er rjett, sem h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) sagði, að hann kom til mín og bað mig að skrifa undir nefndarálitið núna í byrjun fundarins; en jeg vona, að allir sjái, að jeg gat með engu móti skrifað undir nefndarálit, að jeg væri samþykkur öllum breytingum, sem á frv. voru gerðar í sömu andránni og jeg fjekk frv. frá Ed., og áður en jeg hafði lesið nokkuð í frv. eða kynnt mjer breytingarnar.

Forseti: Má jeg leyfa mjer að spyrja: hve nær fjekk h. 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.) umboð formanns nefndarinnar til þess að skrifa nafn hans? Það hefir ekki getað verið í dag; var það áður en hann fór af fundi á laugardaginn?

Benidikt Sveinsson: Mjer kemur ekki til hugar að svara slíkum barnalegum spurningum frá hálfu forseta, sem hann alls enga heimild hefir til að setja fram. Jeg

vil benda honum á, úr því hann veit það ekki sjálfur, að jeg stend hjer alls ekki að lögum undir »forhör» (rannsókn) hans sem forseta. Viti hann það! (Gekk burtu úr þingsalnum).

Forseti: Jeg get ekki látið útbýta þessu nefndaráliti, nema menn komi með skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar, og sanni þannig fyrir mjer, að þeir hafi haft leyfi til að undirskrifa nafn hans. Jeg skal geta þess, að í fundarbyrjun fjekk jeg annað nefndarálit, sem jeg einnig neitaði að láta útbýta; það kom áður en búið var að útbýta frv. frá Ed., og var undirskrifað af einum 4 nefndarmönnum, og stóð nafn nefndarformannsins ekki undir því svo kallaða nefndaráliti, og virðist það votta, að um hádegi í dag hafði enginn nefndarmanna umboð til að undirskrifa nafn hans. Nú hafa menn komið með annað nefndarálit, sem samið hefir verið síðan kl. 12, án þess að halda formlegan fund, og án þess að sumum nefndarmönnum hafi gefizt færi á að láta uppi álit sitt, og þar undirskrifað nafn formannsins, sem er fjærverandi. Jeg verð að álíta þetta hreinasta brot á 17. gr. þingskapanna, og vísa því nefndarálitinu frá.

Fertugasti og áttundi fundur, þriðjudag 25. ágúst kl. 12.

Allir á fundi, nema 2. þm. S.-Múl. (Jón Ólafsson).

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið brjef frá 2. þm. S.-Múl. (Jóni Ólafssyni), þess efnis, að hann legði niður umboð sitt sem alþingismaður, sökum þess, hver afdrif þingsályktunartillagan um umboðsleg störf og yfirdómendur hefði fengið hjer í deildinni á fundi í gær. Kvað forseti sjer þykja þetta leitt, því að margir mundu játa það, að þessi þm. væri ötull og mörgum þingmannskostum búinn, sem sýndu það, að hann væri efni í góðan þingmann.

Átta nafngreindir þingmenn beiddust þess, að brjefið væri lesið upp, og var það samþykkt með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu. Nei sögðu: B. Sveinsson, E. Egilsson, Eir. Briem, Jón Sigurðsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Pálsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorst. Jónsson.

Th. Thorsteinson greiddi eigi atkv., og var því talinn með meiri hlutanum.

Síðan las forseti upp brjefið, og var það á þessa leið:

»Þar eð jeg álít, að meiri hluti neðri deildar »alþingis hafi með atkvæðagreiðslu sinni »í dag um »þingsályktun um umboðsleg »störf og yfirdómendur» sýnt af sjer þann »pólitiskan barnaskap, að mjer þykir »blygðun að sitja í svona skipaðri þing»deild, þá legg jeg hjer með niður um»boð mitt sem þingmaður.

Alþingi 24. ágúst 1885.

Jón Ólafsson».

Nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um að rannsaka reikninga Reykjavíkurdómkirkju (C. 404), hvernig ræða skuli.

Forseti: Sakir burtfarar þessa manns af þingi er nú ekki fullskipuð kirkjureikninganefnd Rvíkur, og með því að þingsköpin heimila ekki, að að eins 2 þm. sjeu í nefnd, vil jeg skjóta því til h. 2 nefndarmanna, hvort þeim ekki þykir ástæða til að óska eptir því, að 3. manni verði bætt við í nefndina.

Eirikur Kúld, form. nefndarinnar, óskaði, að 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) yrði bætt við í nefndina.

Landshöfðingi sagði, að sjer fyndist, að þingdeildin yrði sjálf að kjósa mann til viðbótar í nefndina, því að í 9. gr. þingskapanna væri gert ráð fyrir, að sú nefnd, sem bætti við sig af þingmönnum, væri áður fullskipuð sem nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson hugði, að ekki þyrfti að bæta við í þessa nefnd, því að hún væri þegar búin að ljúka sínu starfi, og væri þá verk hennar orðið eign þingdeildarinnar, en ekki nefndarinnar eingöngu. Og þótt þriðja nefndarmanninn vantaði, mætti skoða svo, sem það væri hið sama sem hann væri fráverandi, sakir sjúkdóms eða annara forfalla.

Forseti: Jeg verð þó að álíta, að nauð-

syn beri til að bæta við í nefndina; því að eptir þingsköpunum verður tala nefndarmanna ætíð að standa á stöku. En með því að kosning þessa manns er ekki á dagskrá, vil jeg leyfa mjer, sakir þess, hve tíminn er orðinn naumur, að biðja um leyfi hæstv. ldsh. til þess, að í þessu megi víkja frá þingsköpunum.

Landshöfðingi gaf þetta leyfi og þingdeildin samþykkti það með nægum atkvæðafjölda, og var svo kosinn til viðbótar í nefndina

Þórarinn Böðvarsson með 9 atkv.

Síðan var samþykkt, að hafa eina umræðu um málið.

— Átta nafngreindir þingmenn beiddust þess, að fjárlagafrumvarpið fyrir 1886 og 1887 yrði tekið til einnar umræðu á fundi síðar um daginn, og var það samþykkt, að fengnu leyfi landshöfðingja til þeirra afbrigða frá þingsköpunum.

Fertugasti og níundi fundur, þriðjudaginn 25. ág. kl. 5 e. m.

Allir á fundi, nema 2. þm. N.-Múl. (B. Sv.), er hafði skýrt forseta frá forföllum sínum.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 389; breyt.till. 408—410); ein umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg verð að telja það illa farið, að fjárlaganefnd Ed. hefir eigi átt fund við fjárlaganefnd Nd.; því að ýmislegt hefir komizt inn í frv., sem ágreiningi veldur, og sem ef til vill hefði tekizt að koma samkomulagi á um, ef nefndirnar hefðu átt fund með sjer. En með því að það hefir eigi orðið, verður að taka frv. og breytingar þær, sem komnar eru á það, eins og þær liggja fyrir. Jeg get eigi neitað því, að mjer þykir sumar breytingar h. Ed. fremur gjörðar í þeim tilgangi að gjöra breytingar, heldur en að brýna nauðsyn bæri til þeirra, og til að hafa hönd í bagga með, en h. Ed. ætti þvert á móti eigi að breyta fjárlagafrv. Nd., nema hún sjái brýna nauðsyn til þess. En auk þess hefir h. Ed. eigi fylgt, að mjer finnst, föstum reglum í breytingum sínum, með því hún hefir bætt við laun ýmissa manna, en sleppt aptur sumum, sem hefðu átt það öllu fremur skilið, og sleppt sumu því, sem hefði átt að standa. Það finnst mjer eigi vera fastar reglur og miklu lausari en hjá Nd.

Jeg ætla nú að leyfa mjer að fara fáum orðum um helztu breytingar Ed.

Í 4. gr. frv. Nd. var Lundarbrekkukirkju veittur frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða vexti og afborganir af láni hennar úr landssjóði; en þessu hefir Ed. breytt svo, að kirkjunni skuli að eins gefnar eptir afborganirnar, en eigi vextirnir; en aptur hefir hún í sömu gr. breytt svo með Staðarbyggðarmýralánið, að af því greiðist að eins 4%, eða með öðrum orðum, að eins vextirnir, en afborgun er algjörlega sleppt; eptir frv. Nd. átti aptur að greiða af láninu að eins 5% í vexti og afborgun á ári. Fjárlaganefnd Nd. gekk út frá því, að enda þótt lánið væri veitt til að bæta jarðir landssjóðsins, þá ætti þó landssjóður að fá lánið endurgoldið; en af því að bændur jarðanna hafa beðið um linun í afborgun lánsins og vaxtagreiðslu, þá áleit fjárlaganefndin og h. Nd. yfir höfuð sanngjarnt, að veita þessa linun. Með því að ákveða, að afborgun skuli greidd af láninu, er tryggging sett fyrir því, að skuldin missist eigi; mjer finnst heldur eigi full ástæða til að gefa eptir alla afborgunina, með því að jeg veit líka til þess, að einn bóndi, sem eigi býr á landssjóðsjörð, hefir gagn af láni þessu, og er engin sjerstök ástæða til, að landssjóður vilni honum í að nokkru. Á hinn bóginn hefir nefndin viljað gjöra afborgunina sem minnsta og ljettbærasta að auðið yrði, með því að ákveða, að greiða skuli að eins 5% upp í vexti og afborganir á ári. Enginn ætla jeg geti talið þá afborgunarskilmála erfiða eða þunga; en eptir þeim borgast lánið þó á 54 árum, og er þannig vissa fyrir, að það fáist með tímanum.

Önnur breyting hefir óvart læðzt inn í 5. gr., að orðunum: »að frádregnum þeim 700 kr. á ári, er greiðast skulu af Oddaprestakalli, en sem gefnar verða eptir á

fjárhagstímabilinu« er skotið inn. Nefndin hefir aldrei farið fram á, að afgjaldið af Oddanum skyldi gefa eptir á fjárhagstímabilinu, heldur lækkað það niður í 500 kr. frá 31. des. 1885. Þetta er því athugaleysi hjá nefndinni og deildinni, og hefir slæðzt inn óvart og á því eigi að standa.

Næst er breyt.till. við 10. gr. C. 4. frá 3 h. þm., um að landshöfðinginn úthluti af öðrum helming styrksins til eflingar búnaði, 2400 kr. hvort árið til búnaðarskólans á Hólum og 1600 kr. til skólans á Eyðum. Þessi till. komst inn í frv. hjer við umr. í Nd., en var fellt burtu í Ed.; en nú hafa 3 þm. komið með hana aptur. Jeg var áður hjer við umr. eigi fastur á þessari till., því að jeg taldi og tel það sjálfsagt, að landshöfðinginn muni eins taka tillit til þessara skóla og skólans í Ólafsdal, og sje því eigi brýn nauðsyn til, að setja þessa ákvörðun í frumvarpið; einnig vona jeg þess, að hæstv. landsh. taki þau orð og þær upplýsingar sem hann hefir heyrt um skóla þessa hjer í deildinni til greina, og muni veita þeim þann styrk, sem unnt er, engu síður, heldur en þótt það væri lögbundið. Jeg fel þessa till. atkvæðum þingdm. á vald, og er nefndin eigi á móti henni, ef þingdeildinni sýnist rjett að samþykkja hana.

Í 11. gr. 2. er prentvilla, sem hefir slæðzt inn í, eða eigi hefir verið gáð að, að leiðrjetta. Þar stendur 3, en á að vera 4, og er það vegna þess, að við 3. umr. hjer í deildinni var 4. læknishjeraðinu bætt við, sem er Dyrhólahreppur og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppar. Þessa litlu prentvillu eða misgáning þarf að lagfæra.

En svo kemur breyting við 11. gr. 1. sem h. Ed. hefir gjört, að útgjaldaliðurinn er hækkaður um 224 kr. hvort árið og eru þær launaviðbót til Þorvaldar læknis Jónssonar á Ísafirði. Það hefir verið talin vera sanngirni með þessari launaviðbót, en h. þm. Vestm. (Þ. J.) hefir sýnt mikla samkvæmni í, að koma með till. um launahækkun þriggja annara lækna, sem líkt stendur á fyrir og virðast hafa sömu sanngirniskröfuna til launahækkunar. Það er því samkvæmni að taka þá alla fjóra; en ósanngjarnt, að neita hinum þremur, ef þessum eina lækni er veitt. Ef h. þingd. fellst á þessa launaviðbót til Þorvaldar læknis, verður hún að samþykkja uppást. h. þm. Vestm., til þess að vera sjálfri sjer samkvæm. Jeg vil, eins og jeg hef tekið fram áður, að beðið sje með þessa fjárveitingu, þangað til búið er að skera með dómi hæstarjettar úr, hvort Þorgr. læknir Johnsen fær viðbót við laun sín, og þá er fyrst rjett, að tala um sanngirniskröfurnar til þessarar fjárveitingar.

Í 13. gr. B. 2. a. hefir h. Ed. hækkað laun kennarans við læknaskólann, Tómasar Hallgrímssonar, upp um 400 kr. á ári. Jeg skal eigi hafa á móti því, að hann þurfi þessarar launaviðbótar við, og eigi heldur móti því, að sanngirni mæli með henni; en af því leiðir, ef honum er veitt launaviðbót, að þá verður að hækka laun annara, sem því nær virðast hafa lagarjett til þess. Jeg sje enga ástæðu til að taka einn út úr, og getur verið, að fleiri hafi launaviðbótar þörf; eins finnst mjer óviðkunnanlegt, að hækka laun eins embættismanns hvort þingið eptir annað, og því óviðkunnanlegt, að veita Tómasi lækni launaviðbót nú, þar eð hann fjekk launaviðbót á næst undangengnu þingi; þá voru sett lög til að auka laun hans. Því eru launin eigi heldur hækkuð í einu? Það væri miklu viðkunnanlegra, en þessi sífellda launaviðbót. Nefndin getur því eigi fallizt á þessa viðbót h. Ed., þegar öðrum er sleppt, sem hafa eins miklar kröfur. Það telur hún ekki rjett.

Þá er enn breyting hjá h. Ed. við 13. gr. B. III. b., að hún hefir hækkað laun dyravarðarins við latínuskólann um 100 kr., úr 900 kr. upp í 1000 kr. Þetta er eitt af smáatriðum, sem h. Ed hefir breytt, en sem hún ekki hefði át að vera að krukka í, heldur láta óhaggað. Launin hafa áður verið 900 kr., og hefir eigi verið hörgull á, að fá meun í þá stöðu; en það, sem að er við það [illegible], er eigi

hversu launin eru lág, heldur hversu húsnæði dyravarðarins er lítið, eins og jeg hefi áður tekið fram. Þetta er því óþarfa breyting hjá h. Ed.

Þá er enn önnur breyting hjá Ed., sem snertir latínuskólann; það er, að varið sje næsta fjárhagstímabil 5000 kr. til aðalaðgerðar á skólahúsinu. Nd. tók fjárveitingu til viðgerðar á skólanum upp á fjáraukalög fyrir 1884 og 1885, en það hefir h. Ed. strykað út, og sett aptur inn á fjárlögin. Jeg get nú eigi sjeð mun á, að borga þetta fje í haust, eða að vori; það stendur víst hjer um bil á sama. Þetta ber því að eins vott um breytingargirni h. Ed. Jeg hefi áður sýnt fram á, að gera má við skólann þegar í haust, enda er bezt að gera það undir eins, svo að hann eigi skemmist meira. Jeg ætla, að h. Ed. hafi gert þessa breytingu eptir ráðum stiptsyfirvaldanna, og er það því eigi á ábyrgð fjárlaganefndarinnar eða h. Nd., nje minni, sem umsjónarmanns skólahússins, þótt skólinn skemmist meira en er, ef eigi er gert við hann nú þegar.

Þá hefir h. Ed. bætt inn í 15. gr.: »til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr«. Þetta er enn ein smábreytingin, sem óþarfi hefði verið, að pota inn í. Um þetta var mikið talað hjer í deildinni, og hefir aldrei verið borið á móti því, að hann hefði þörf á þessari eptirlaunahækkun, en hann er eigi hinn eini prestur, sem þess þarf, enda hefir hann mest eptirlaun, sem prestum eru veitt. Jeg skil því eigi í, hvers vegna ætti að sleppa öðrum, sem hafa eins mikla þörf, og það því fremur, sem sýnt hefir verið fram á, að hann gæti snúið sjer til landshöfðingjans, og beðið um styrk af þeim 3000 kr. sem veittar eru í 13. gr. A. 6. sem viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum. Nefndin getur því eigi fallizt á þessa breytingu, en telur hana eina ósamkvæmnina og eina af hinum óþörfu breytingum, sem Ed. hefir gert.

Þá er eigi annað eptir en en 16. gr., og hefir Ed. breytt henni í ýmsu, enda er eðlilegt, að um hana sjeu misjafnar skoðanir. Fyrst hefir Ed. strykað út 16. 1. b., um að veita kennara Þ. Thoroddsen styrk fyrir að safna til jarðfræðislýsingar Íslands 1000 kr., en látið þetta vera fólgið í þeim 2000 kr., sem honum voru veittar hjer í Nd. undir tölul. 1. a. til jarðfræðisrannsókna. Nefndin hefir komið með breyt.till. við þetta aptur, og vill fela h. deild, hvort hún veitir fje þetta, eptir því, sem hún álítur, að það muni verða til gagns eða eigi. Aðra fjárveitingu hefir h. Ed. einnig fellt úr í 16. gr., og sem jeg verð að telja meira áríðandi, en það er 1200 kr. styrkur til að fá útlendan laxaklaksmann að vetri. Eins og nú er mikið hugsað um laxræktunina hjer á landi, þá verða menn að játa, að það er mjög áríðandi, að reyna til fulls, hvort laxaklak geti eigi þrifizt hjer á landi, og orðið til aukningar laxveiðinni. Jeg get eigi borið um, hvort verulegt gagn verður af tilraunum laxaklaksmannsins, sem hjer var í vetur; úr því verður reynslan og tíminn að skera; en ef fje er eigi veitt af nýju, verður sú tilraun ónýt. Ef farið er að reyna eitthvert fyrirtæki, er nauðsynlegt, að því sje haldið áfram, þangað til menn eru gengnir úr skugga um, hvort það muni verða til gagns eða eigi. Það þarf að fá vissu fyrir sjer í þessu efni, enda er þessi fjárveiting heldur eigi svo mikil, að vert sje fyrir hana að fleygja frá sjer fullri reynslu í þessu fyrirtæki. Nefndin ræður því mikillega til, að þetta fje sje veitt.

Enn hefir h. Ed. fellt burt 5. tölul. 16. gr., sem nefndin hjer hafði sett inn, og Nd. samþykkt; en nefndin hefir eigi mikið á móti þeirri breytingu, með því líka að sú fjárveiting getur verið heldur lítil til þess fyrirtækis, er hún var ætluð, og vill hún því eigi lenda í neinu þrátti við h. Ed. í því efni.

Eins er um 12. tölul., um styrkinn til að varna skemmdum af Hafursá í Mýrdal, sem Ed. hefir fellt burt, að nefndin vill heldur eigi gera það að prætuefni.

H. Ed. hefir einnig fellt burt 14. tölul., um styrkinn og lánið til kand. P. Briem,

en hjer er aptur komið viðaukaatkvæði frá h. þm. S.-Þing. (J. S.) um, að styrknum skyldi skotið inn aptur. Þessi uppástunga komst hjer inn í frv. við umræðurnar, án þess að nefndin hefði stungið upp á því, og lætur hún því h. þingd. ráða, hvort hún samþykkir þetta viðaukaatkvæði eða eigi; en það er eitt, sem eigi er samkvæmni, að veita einum vísindamanninum styrk, en neita hinum. Það er sannarlega gott, að menn læri sem bezt, að auðið er, hvort það er bókleg eða verkleg mennt, er menn stunda, en eigi gott, að taka einn út úr og styrkja hann, en kasta hinum. Menn verða að sönnu að fara varlega í sakirnar með fjárveitingar; en þótt einstaklingur sje eigi tekinn upp í fjárlögin, er eigi loku fyrir skotið, að hann geti leitað styrks hjá landshöfðingjanum, af þeim 6000 kr., sem hann úthlutar til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

Þá er enn ein breyting, sem h. Ed. hefir gert við 13. tölul. 16. gr. Nd. samþykkti eptir uppást. hæstv. landsh., að veita 1000 kr. til bókara hins fyrirhugaða landsbanka, til að kynna sjer bankastörf í Danmörku. Þessu hefir verið breytt þannig, að styrkurinn hefir verið færður upp í 1500 kr., og hann skuli ganga til framkvæmdarstjórans. Nefndin er sönnu eigi á móti breytingunni með mennina; en hvort sem styrkurinn er ætlaður bókara eða framkvæmdarstjóra, ætlar hún, að komizt verði af með 1000 kr.; en auk þess hefir nefndin bætt við: »eða til launaviðbótar handa útlendum framkvæmdarstjóra 3000 kr.« Hugsun hennar er sú, að ef landsh. gæti eigi fengið hjer þann mann, sem mætti trúa og treysta til að vera góður framkvæmdarstjóri, þá væri nauðsynlegt, að fá vanan mann frá Khöfn. Jeg játa, að slíkt hefir kosti, en jafnframt sína ókosti. Kostirnir eru þeir, að útlendingurinn kann betur að bankastörfum, og ætti auðveldara með, að koma bankanum hjer í samband við erlenda banka; en ókostirnir eru þeir, að hann kann eigi málið, og ætti því erfitt með að gera sig skiljanlegan og skilja þá menn, er eigi kunna dönsku, svo sem ýmsa bændur, og að hann þekkir eigi hjer til, hvorki mennina nje landsháttu. Nú verður að vega þessa kosti og ókosti hvora móti öðrum, þegar verið er að ræða um, hvort senda eigi innlendan mann til útlanda til að kynna sjer bankastörf. En ef útlendur maður er fenginn, dugir eigi að bjóða honum 2000 kr. laun, eins og framkvæmdarstjórinn á að hafa, heldur að minnsta kosti 3500 kr. á ári, eða allt að 4000 kr. Nefndin gerði ráð fyrir, að hann yrði hjer 1½ ár, og hefir hún því bætt við 3000 kr., sem hún hyggur, að muni verða nóg.

Jeg ætla svo eigi að tala meira um þessar breytingar að sinni, fyr en aðrir h. þingdm. hafa talað um þær og látið skoðanir sínar í ljósi.

Landshöfðingi: Það er að vísu ekki mín köllun, að halda svörum uppi fyrir h. Ed., en jeg vil þó leyfa mjer í tilefni af því, sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að Ed. hefði breytt sumstaðar, án þess að nauðsyn hefði verið á að breyta, að geta þess, að það getur nú ætíð verið álitamál, hvað er nauðsynlegt og hvað ekki; en jeg verð fastlega að halda því fram, að h. Ed. hafi engu breytt, sem ekki var nauðsynlegt að breyta eptir hennar skoðun og frá hennar sjónarmiði. Jeg skal ekkert minnast á þau atriði í fjárlagafrumv., þar sem h. deildir eru samdóma, enda hefi jeg ekki komið fram með neina breytingartill., heldur skal jeg að eins minnast á nokkur önnur atriði við frv., eins og það kom frá Ed.

Hvað snertir lánið til Staðarbyggðarmýranna, þá verð jeg að álíta till. Ed. mjög sanngjarna, að ábúendurnir einungis greiði vexti af láninu eins og það er nú, en eigi eins og það var upphaflega. Þessu láni var varið til jarðabóta, og það er eðlilegt, að ábúendur jarðanna borgi hærra eptirgjald eptir jarðir, eptir að kostað hefir verið upp á jarðabætur á þeim, og þær því mega álítast að vera orðnar betri. Má á-

líta, að þessi hækkun afgjaldsins sje fólgin í 4% af kostnaðinum til jarðabótanna. Nú eru ábúendurnir búnir að borga nokkuð af láninu, auk vaxtanna, þótt jarðabótin sje eign landsdrottins, en ekki þeirra. Þetta er ekki sanngjarnt; en því síður eiga þeir að borga meira en vexti af því, sem eptir er. Mjer finnst hart að fara lengra, og að eigi megi heimta, að ábúendurnir skuli smátt og smátt kaupa þessar jarðabætur, sem eru eign landsdrottins eptir sem áður. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að ein af þessum jörðum væri eigi eign landssjóðs. Það er rjett. En eigandi hennar eða ábúandi hefir aldrei kannazt við neina skuld til landssjóðs, og hann vildi aldrei taka neinn þátt í kostnaðinum við jarðabótina, þótt hann hlyti að hafa gott af henni. Fyrir þessa jörð vantar tiltölulega afborgun og vöxtu, og mun erfitt að ná því, enda efast jeg um, að nokkur lagaskylda hvíli á ábúanda þessarar jarðar, að taka nokkurn þátt í kostnaðinum. Í nokkur ár borgaði umboðsmaðurinn úr eigin vasa fyrir þessa jörð, svo það kom ekki fram, að eigandi hennar hefði neitað að borga.

Þar sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) tók það fram, að það hefði eigi verið meiningin, að gefa eptir árgjaldið að Oddaprestakalli fyrir fjárhagstímabilið, þá mun það rjett vera, að það muni naumast hafa verið tilætlun nefndarinnar, þótt það líti svo út, eptir því sem stendur í fjárlögunum. Jeg fellst á, að hitt hafi verið meiningin, að gefa eptir 200 kr. af því, eða færa árgjaldið niður um 200 kr.

Hvað snertir fje það, sem veitt er til eflingar búnaði, þá geri jeg ekki mikið úr því, hvort ákveðið sje, hve mikið skuli ganga til búnaðarskólanna, því það mundi sjálfsagt verða tekið allt mögulegt tillit til þeirra hvort sem er við útbýting fjárins af umboðsstjórninni.

Þar sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) minntist á launaviðbót handa einum hjeraðslækni, þá er jeg honum samdóma um, að öll sanngirni mæli með því, að hann fái þessa launaviðbót, og að talsvert tali fyrir því, að hann geti gert kröfu til hennar, þótt það sje ekki vafalaust, hvort svo er. Þingið eða fjárveitingarvaldið á ekki einungis að líta á hinar strángustu rjettarkröfur, heldur einnig á sanngirniskröfur. Þar á móti sje jeg eigi ástæðu til að fallast á launaviðbót til fleiri hjeraðslækna í þetta sinn, þar sem engin beiðni eða krafa hefir komið fram frá þeim á þessu þingi.

Hvað snertir launaviðbót handa kennaranum við læknaskólann, Tómasi Hallgrímssyni, þá verð jeg að álíta það sanngjarnt, að hann fái hana, og nauðsynlegt, til þess að hann hafi viðunanleg laun. H. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að það væru fleiri, sem hefðu sanngirniskröfur til launaviðbótar, en sem hefðu ekki fengið hana, og úr því að þeir hefðu ekki fengið hana, ætti þessi maður heldur ekki að fá hana. Það var eins og það lægi í orðum hans, að af því menn gætu ekki verið eða væru ekki sanngjarnir við alla, þá ættu menn ekki að vera það við neinn. Jeg held hann verði þó að játa, að betra sje að vera sanngjarn við nokkra, heldur en vera ósanngjarn við alla, ef ekki er unnt að láta alla njóta sanngirni. Jeg verð því að leyfa mjer að mæla með því, sem h. Ed. hefir ákveðið í þessu efni.

Mjer sýnist fara vel á því, að h. Ed. hefir orðið stjórninni samdóma um það, að setja upp laun dyravarðarins við latínuskólann; því þótt mögulegt kunni að vera að fá mann til þess starfa fyrir þau laun sem nú eru, þá mun mjög erfitt að fá góðan mann til þess fyrir slíkt kaup. Hvað snertir fjárveitinguna til aðgjörðar á skólahúsinu, þá hefði jeg, eptir þeirri skýrslu, sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) hefir gefið, heldur óskað, að þessi upphæð hefði verið veitt á fjáraukalögum; en mjer virðist þó ekki vert að vera að gera rekstur úr þessu, úr því sem komið er.—

Hvað snertir eptirlaunaviðbót til síra Árna Böðvarssonar, þá held jeg, að full ástæða sje fyrir þingd. til að fallast á hana. Þótt verið geti, að aðrir þarfnist líka slíkrar viðbótar, þá eru þó þarfirnar misjafnar, og jeg held, að þörfin sje hjer brýnni en hjá

flestum öðrum uppgjafaprestum. Jeg er h. framsögum. (H. Kr. Fr.) samdóma um, að það hafi ekki verið vel til fallið hjá h. Ed., að fella burt styrkinn til laxaklaks, því það er nauðsynlegt, að úr því að farið er að styrkja laxaræktina, að láta það þá ekki verða hálfverk. Jeg held að það sje nauðsynlegt til þess að það fje, sem þegar hefir verið veitt, beri ávöxt, að láta ekki staðar numið við þá leiðbeiningu, sem menn þegar hafa fengið. Jeg hefði einnig óskað, að h. Ed. hefði ekki fellt fjárveitinguna til Hafursár í Mýrdal; en jeg verð þó að játa, að það er ósýnt, hvort sú fjárveiting hefði haft mikla þýðingu; því ef til vill hefði hún reynzt allt of ónóg.

Hvað snertir þá breytingu h. Ed., að hún hefir viljað heldur veita framkvæmdarstjóra hins fyrirhugaða landsbanka styrk til þess að kynna sjer bankastörf í Danmörku heldur en bókaranum, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á það, hvort veitingin er til framkvæmdarstjórans eða bókarans. Aðalatriðið er, að til sje sú þekking á bankastörfum, sem nauðsynlega má álíta, hjá stjórn bankans, og það getur vel verið, að eins gott sje, að styrkur sje veittur handa framkvæmdarstjóranum til að afla sjer þessarar þekkingar, eins og bókaranum. Þar sem h. Ed. hefir fært styrkinn upp í 1500 kr., þá virðist mjer það vel til fallið. Þar sem nú er komin viðaukatill. um 3000 kr. til launaviðbótar handa útlendum bankastjóra, ef hann yrði fenginn til bankans, í viðbót við þau 2000 kr. árslaun, sem ákveðin eru í bankafrumvarpinu, þá skal jeg játa, að margt mælir með því, að fá hingað útlendan mann, til þess starfa; en eins og h. framsögum. (H. Kr. Fr.) tók fram, þá eru einnig miklir annmarkar á því, bæði hve litla þekkingu hann hlýtur að hafa á landinu og högum þess, og að hann að líkindum ekki kann mál vort. En ef maðurinn væri duglegur maður og hefði áhuga á málinu, þá er líklegt, að þessir annmarkar mundu að miklu leyti hverfa. Jeg álít heppilegt, að láta stjórnina hafa óbundnar hendur í þessu tilliti, svo að hún geti fengið útlendan mann til þessa starfa, ef henni ekki tekst að fá innlendan mann, sem álítast mætti að væri vel fær til þess.

Önnur atriði fjárlaganna, sem spurning er um að breyta, skal jeg ekki ræða, en skýt því til h. þingd., hvað hún gerir við þau; en jeg tek það fram, að jeg álít æskilegt, að sem minnstur ágreiningur verði milli deildanna, þar sem svo er orðið áliðið þingtímans. Jeg hefði álitið æskilegt, að h. fjárlaganefndir hefðu borið sig saman, ekki einungis fyrir þessa umræðu, heldur einnig eptir hana, til þess að geta komið sjer saman og numið burt sem flest ágreiningsatriði, svo að málið þyrfti ekki að komast í sameinað þing.

Þórarinn Böðvarsson: H. framsögum. (H. Kr. Fr.) hefir nú í langri ræðu haldið fram aðgjörðum sinnar nefndar, og kom það fram hjá honum, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og þótti honum fugl sinnar fjárlaganefndar miklu fegri en fjárlaganefndar Ed.; og ekki nóg með það, en hann bætti því við, sem mjer þótti í harðasta lagi talað: þeirri ásökun til h. Ed., að hún hefði breytt til að breyta. Jeg verð að taka það fram, að nefndin í Ed. hafði svo stuttan tíma, að hún gat ekki gjört ýmislegt, sem hún ef til vill hefði annars gjört; og ef bera skal saman nefndirnar, Nd. og Ed., þá verð jeg að játa, að nefnd Ed. hafi afkastað meiru í samanburði við tímann en nefnd Nd. Báðar nefndirnar eiga það lof skilið, að þær hafa hugsað til sinna manna. Hvor þeirra er snjallari í principi eða principleysi, skal jeg láta ódæmt.

Hvað einstakar breytingar snertir, þá finnst mjer ákvæði Ed. viðvíkjandi Staðarbyggðamýrunum eðlilegri og sanngjarnari, og mun jeg því greiða atkv. með henni. Hvað snertir breytingartill. h. fjárlagan. viðvíkjandi launum kennarans við læknaskólann og þar sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði sem svo, að úr því menn gætu ekki verið sanngjarnir við alla, þá ættu menn ekki að vera það við neinn, þá finnst mjer slíkt ekki geta náð neinni átt, og fellst jeg heldur á ályktun hæstv. landshöfðingja. Jeg hlýt því að gefa Ed. atkv. í þessu efni.

Hvað snertir breyt.till. nefndarinnar við 15. gr., þá neyðist jeg til, að fara nokkrum orðum um hana, og segja, að hjer sje ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur fyrir, þar sem ráðizt er á sjúkan, uppgefinn og ellihruman prest, til þess, að svipta hann einum 100 kr. Á riddaraöldunum hefði þetta ekki þótt riddaralegt. Þar sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) enn á ný vildi vísa þessum presti til þess, að fá eptirlaunaviðbót af því fje, sem veitt er á fjárlögunum í 13. gr. A. b. 6, þá kemur mjer í hug það, sem jeg hefi heyrt á þingi um þingmanninn, að »það væri sjerstökum erfiðleikum bundið, að sannfæra hann«. Jeg fer nú að halda, að það sje ómögulegt, að sannfæra hann í þessu. Jeg hefi tekið það fram áður og jeg tek það upp enn, að þessu fje má ekki skipta upp meðal þeirra presta, sem hafa eptirlaun samkvæmt prestakallalögunum frá 27. febrúar 1880. Þetta hefir ráðgjafinn tekið fram, og hans orð gilda hjer meira en orð h. framsögum. (H. Kr. Fr.). Ráðgjafinn álítur nefnilega, að þeim prestum, sem hafa eptirlaun samkvæmt tjeðum lögum, sje borgið, og því þurfi þeir ekki að fá viðbót við eptirlaun sín. Jeg vona nú, að h. aðrir þm. sjeu sannfærðir um, að tilgangslaust er að vísa þessum presti til launaviðbótar af þessu fje, þótt h. framsögumaður (H. Kr. Fr.) aldrei sannfærist um það. Hann er nú einu sinni svo gerður, að hann getur ekki sannfærzt.

H. nefnd hjer í deildinni hefir tekið upp aptur styrkinn til Þorv. Thoroddsens, eins og hann var samþykktur í deildinni, og er jeg því samþykkur, af því jeg álít þennan mann þess verðan og fyrirtækið gagnlegt.

Viðvíkjandi styrknum til fiskifræðingsins, er jeg alveg samdóma h. framsögum. (H. Kr Fr.), að úr því að byrjað er á því fyrirtæki, þá sje sjálfsagt, að halda því áfram, fyrst það er til bóta.

H. Ed. hefir ekki gleymt að líta til kennarans í frönsku, Geirs Zoëga, og ef hann þarf að fullkomnast í þessu námi, þá vil jeg fúslega veita þetta fje.

Þá kemur þessi viðaukatillaga h. nefndar hjer í deildinni, sem hljóðar svo: »Eða til launviðbótar handa útlendum framkvæmdarstjóra 3,000 kr.«. Þessa tillögu skil jeg ekki, hvort meintur er einhver framkvæmdarstjóri í útlöndum, sem nefndinni þykir hafa of lág laun, og vill því bæta 3,000 kr. við, og er það eptir orðunum líklegast, eða, — sem líklegast er eptir meiningunni —, að meintur sje framkvæmdarstjóri við hinn fyrirhugaða landsbanka vorn. Jeg vil nú láta þá meiningu mína í ljósi um þetta atriði, að ef vjer Íslendingar eigum nokkurn mann, sem geti numið þessa fræði, þá *á* það að vera íslenzkur maður, sem fær þá sýslan, en ekki að sækja þann mann til útlanda. Jeg vona, að h. deild hafi svo mikla tilfinningu fyrir löndum sínum, að hún samþykki ekki þessa tillögu.

Breyt.till. um búnaðarskólana finnst mjer mega falla, samkvæmt ræðu hæstv. landshöfðingja.

Þorlákur Guðmundsson: Vegna þess að h. efri deild hefir sett inn læknirinn á Ísafirði með 224 kr. launaviðbót, sem að felld var hjer í deildinni, hef jeg leyft mjer að koma fram með breytingartill. í þá átt, að fella þetta burtu aptur. Hið sama hefir víst að nokkru leyti vakað fyrir h. þm. Vestm. Hann hefir sjeð, að ef þessum eina manni væri veitt launaviðbót, mundi það draga dilk eptir sjer, og þegar höfuðið væri komið inn, mundi búkurinn koma á eptir. Honum hefir verið það ljóst, að hann, læknirinn á Ísafirði, hefir ekki meiri sanngirniskröfu, heldur en hinir aðrir læknar, sem líkt stendur á fyrir, auk þess, sem kunnugt er, að þessi maður hefir persónulega launaviðbót, svo laun hans munu vera 2,216 kr., og munu þannig vera talsvert hærri en flestra hinna. Það er að vísu satt, að það er betra að vera sanngjarn við einn, en ósanngjarn við alla; en má jeg spyrja: Á þingið einungis að fara eptir því, að veita þeim launaviðbótina, sem eru framfúsir og heimtufrekir við þingið, en láta hina aðra, sem eins stendur á fyrir, gjalda þess, að þeir koma ekki fram með

kröfur sínar og halda sjer til baka? Jeg hygg líka, að það sje ekki öldungis nauðsynlegt, að veita þessar launaviðbætur nú; það sje rjettara að bíða með það, þangað til að sá maður, sem nú á mál sitt fyrir dómi, fær það útkljáð. Jeg vona, að h. forseti beri mína breytingartill. fyr upp til atkvæða en breytingartill. h. þm. Vestm.... *(Forseti:* Jeg hef hugsað mjer að gera það), og verði mín breytingartill. samþykkt, ímynda jeg mjer, að þm. taki sína aptur.

H. framsögum. (H. Kr. Fr.) tók fram kostina með og móti því, að fá útlendan bankastjóra; og þótt sú yrði niðurstaðan, að fá útlendan mann, þá get jeg ekki sjeð neina annmarka á því; því jeg ímynda mjer, að hann yrði að fullnægja fyrirmælum laganna í því, eins og aðrir embættismenn á Íslandi, að kunna málið. Vjer höfum áður haft danskan landshöfðingja, sem var hjer milli 10 og 20 ár, og veit jeg ekki betur, en það gengi fullvel með hann. Vjer höfum líka danskan landlækni, og hefir hann þreytt skeiðhlaupið með að læra málið. Jeg skal játa það, að jeg er ekki inni í því, hvað mikið útheimtist til þess að vera bankastjóri; en jeg verð að halda, að margir hjer á landi sjeu ekki því vaxnir; en mikið er undir því komið, hvað vel þetta fyrirtæki gengur í fyrstu, því ef það fer illa í upphafi, er mikið í húfi, bæði byrði fyrir landssjóð og hætta fyrir landsmenn. En verði útlendur maður valinn, þá verð jeg að vona, að stjórnin geri sjer mikið far um að fá mannúðlegan mann, sem bæði er vanur þeim starfa og sem almúgamönnum hjer á landi getur samið við; því eins og það er nauðsynlegt, að kaupmaðurinn sje viðfeldinn og þægilegur, eins er það ekki síður nauðsynlegt um bankastjórann, því að mínu áliti munu þau störf ekki vera óáþekk. Þótt þetta yrði útlendur maður, mundi hann eins geta sett sig í samband við sparisjóði og peningamenn hjer á landi, allra helzt ef það yrði liðlegur maður og gæti unnið sjer traust og tiltrú manna.

Th. Thorsteinson: H. 1. þm. G.-K. talaði um 13. greinina; en jeg held hann hafi misskilið h. framsögumann, þar sem að hann tók orð hans svo, að maður ætti ekki að vera sanngjarn við einn, ef maður gæti ekki verið sanngjarn við alla. En h. framsögum. sagði, að ef maður gæti ekki tekið til greina sanngirniskröfur þeirra, sem nær lægju, þá ætti maður heldur ekki að gera það við þá, sem lægju lengra burtu.

H. sami þm. kvaðst eigi heldur skilja viðaukatill. við 16. gr. 11. tölulið, hvort meintur væri framkvæmdarstjóri í öðru landi eða hjer á landi; en jeg held, að ekki þurfi að taka feil á þessu; því öllum mun vera það ljóst, að hjer mun meintur vor eiginn landsbanki. Jeg get því eigi skilið, að h. þm. geti verið í vafa. H. þm., sem síðast töluðu, hafa talað um bankastjórann. Jeg er ófróður um þann starfa, og skal ekki fara langt út í það. En þar sem nefndin hefir stungið upp á því, að færa styrkinn til siglingar úr 1500 kr. niður í 1000 kr., þá vakti það sama fyrir nefndinni og áður, þegar talað var um, að bókari bankans sigldi, að þetta væri nóg; því siglingin og uppihaldið utanlands yrði jafndýrt fyrir bankastjóra og bókara. Nefndin hjelt líka, að þótt hann ekki fengi kostnað sinn fyllilega endurgoldinn með þessum styrk, mundi hann geta unnið það upp seinna, ef hann yrði nokkuð lengi við bankann, og þess vegna væri síður ástæða til að hafa styrkinn hærri fyrir bankastjórann en fyrir bókarann. En hvað snertir þessar 3000 kr. handa manni, sem væri útlendur, þá er það rjett, sem h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) sagði, að það væri áríðandi, að það væri liðugur maður og gæti komið sjer vel. En hvað annars þann starfa snertir, þá held jeg ekki, að jeg gangi of nærri h. þm., þótt jeg segi, að þar sje fyrir honum nærri eins og þegar blindur maður dæmir um lit; og jeg skal fúslega játa, að eins er ástatt fyrir mjer, og eins held jeg, að sje ástatt fyrir mörgum hjer. En þetta þekkingarleysi held jeg að sje nóg tilefni til þess, að menn helzt ættu að fá vanan og kunnugan mann frá útlöndum. Einum h. þm. þótti það minnkun, að þurfa að taka útlendan mann til þessa starfa. En hugsum okkur líka, að þetta hús, sem

við nú erum í, gaf líka tilefni til prætu; þá sögðu menn: því þarf að vera að fá útlenda menn til að byggja þetta hús? Vjer höfum nóga hjerlenda menn, sem geta byggt það; peningarnir fara út úr landinu. En nú held jeg, að flestir megi játa, að það hafi engin minnkun verið að því, og jeg held, að allir verði að viðurkenna, að það hefir orðið til góðs. Það þarf vissulega meiri kunnáttu til að stjórna banka og koma honum í gang en til verzlunar, og ef vjer fengjum útlendan duglegan mann, mundi hann sjálfsagt njóta aðstoðar kunnugra manna hjer, og mundi fyrir þeirra tilstyrk geta sett sig inn í ástandið hjer á landi. Það er ekki svo að skilja, að jeg haldi, að menn sjeu hjer á landi miður hæfir til að nema eða síður námfúsir en aðrir; en jeg verð að efast um, að þótt vjer sendum mann til útlanda, mundi hann geta sett sig inn í bankastörf, svo nægilegt sje; því að jeg held það sje sami eða eins mikill munur á bankastörfum og öðrum störfum hjer, eins og byggingu þessa steinhúss og torfbæjanna íslenzku. Að útlendum bankastjóra yrði gert að skyldu að kunna íslenzku, er sjálfsagt eigi mögulegt, því hann yrði eigi fenginn nema til bráðabyrgða, svo sem um tveggja ára tíma, og yrði það þá of kostnaðarsamt fyrir hann að leggja út í það, að taka próf í íslenzku fyrir svo stuttan tíma.

Jeg sje hjer eina breytingartill. frá h. þm. Vestm. (Þ. J.), og fyrir neðan hana á sama blaði breytingartill. frá h. þm. Árn. (Þ. G.). Mig furðar ekki á þessari breytingartill. frá hinum síðari h. þm.; en hitt undrar mig meira, þegar jeg ber þær breytingartill. saman, að hann sagði, að þeir væru báðir á sama máli. Þetta er því undarlegra, sem þessar breytingartill. fara í gagnstæða átt hvor við aðra. Því h. 1. þm. Árn. vill þó víst ekki bregða h. þm. Vestm. um það, að hann komi með það, sem hann ekki meinar. *(Þorl. Guðm.:* Ranghermt). Það gleður mig, að h. þm. Vestm. hefir komið fram með þessa tillögu; það sýnir, að sanngirni hans fer vaxandi, og það, að hann er ekki eins og málfærslumaður, sem notar sjer allar átyllur til þess að geta sloppið hjá að borga. H. þm. finnur sanngirnisástæðu hjá öllum þessum læknum, og vill því hafa þá í sama númeri; en viðvíkjandi lækninum, sem nú á sitt mál fyrir hæstarjetti, skal jeg taka það fram, að þótt hann fengi nú þetta, þá á hann von á hærri endurbót, ef hann vinnur mál sitt, og tæki því þingið fram fyrir hendurnar á honum með því að veita honum þetta. Breytingartill. h. 1. þm. Árn. get jeg skilið, vegna þess að hann hefir verið einn í sparnaðarnefndinni, og sýnir þess vegna sparnaðarþanka; en það er ekki rjett, að blanda öðrum inn í þetta mál. Jeg vona, að h. þingd. samþykki ekki breytingartill. hans, og það því fremur, sem það er ekki til neins; því hún fellur aptur í sameinuðu þingi, ef málið kemst þangað; það hefir h. efri deild sýnt með sinni skoðun á málinu, því jeg treysti drengskap allra þingmanna til þess, að þeir greiði eins atkvæði í sameinuðu þingi, og þeir hafa gert í deildunum. Það yrði því eigi til annars en lengja óþarflega umræðurnar.

Ólafur Pálsson: Jeg stend ekki upp til þess, að jeg ætli mjer að tala um allar þær breytingar, sem h. Ed. hefir gert, heldur vil jeg að eins minnast þess, að Ed. hefir fellt úr tillag til Hafursár, og mjer var innanhandar, að koma með breytingartill. eða viðaukatillögu um það enn í dag. En þegar jeg heyrði hálfgerð mótmæli á þeim, sem yfir mjer eiga að segja og landssjóðsjörðum, gaf jeg það frá mjer enn. Jeg áleit það skyldu mína, sem vinnumanns landssjóðsins, að láta húsbóndann vita, hvernig á stóð, þegar eigur hans voru í hættu. Jeg held það sje ein af skyldum vinnumannsins, að segja húsbóndanum frá, þegar gripur hans er dottinn niður í pytt, og jeg sem vinnumaður næ honum ekki upp án hjálpar; en þegar jeg er búinn að því, þá ræður húsbóndinn, hvort hann vill draga hann upp, eða láta hann vera kyrran og drepast. Jeg tek þetta dæmi upp á Hafursá, því jeg er búinn að gera allt, sem í mínu valdi stendur, og það ekki alveg að kostnaðarlausu.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að fjeð hefði verið of lítið, þá er það satt, ef viðgerðin hefði átt að vera um aldur og æfi. »En lítið styður og lítið steypir», og jeg held, að húsbóndinn verði ekki vinnufólkssæll til lengdar, ef hann geldur hjúum sínum aldrei kaup, og svo er með hvert verk sem er, »því verður er verkamaðurinn launanna». Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira, en fela landsstjórninni að annast um, að eitthvað verði gert, til þess að ekki fari að óþörfu meira en komið er til skemmda af landssjóðsfje; »nóg er komið af svo góðu», og er jeg svo hættur við það. En í samanhengi við þetta skal jeg geta þess, að það er verið að tala um launaviðbót handa læknum, og þó að jeg sje hlynntur læknum, og væri að berja einum inn um daginn, og hann væri launalágur á móti hinum, sem nú eru, þá get jeg ekki komið því saman, að þingið sje að ausa út fje handa einstöku mönnum, en þó á hina síðuna að tala um hallærislán, og menn heyra næstum því vein og kvein manna út um landið af sulti, og jafnvel að ekki þurfi að fara út úr höfuðstað landsins þar til, þá álít jeg ekki rjett, að vera að moka peningum í einstaka menn. Við eigum að fara svo vel með alla, sem unnt er, en ekki láta suma deyja út af í hungri, en ausa í suma, svo að þeir verði allt of feitir; það mun þykja nóg komið af svo góðu, og hætti jeg því að sinni.

Þorkell Bjarnason: Viðvíkjandi seinasta tölul. í 4. gr. sagði hæstv. landsh., að það væri órjett, að jarðaábúendurnir borguðu jarðabætur, sem þeir ættu ekki. Það er þó alsiða, að prestar kaupi jarðabætur, sem þeir eiga ekki, og ef þeir vilja gera jarðabætur, verða þeir að taka lán upp á brauðin með þeim skilyrðum, að borga höfuðstólinn og vexti með 6% á 28 árum, og stundum verða þeir að borga jarðabæturnar á skemmri tíma með hærra árgjaldi. En nú hefir verið slakað til við búendur við Staðarbyggðarmýrarnar, svo að þeir borga þriðjungi minna, og held jeg að það sje nóg ívilnun. Það eru þá ljelegar jarðabætur, ef það er ekki tilvinnandi, að borga það, sem neðri deild stakk upp á; þessar jarðabætur voru þó taldar nauðsynlegar, þegar ábúendurnir fengu þær. Jeg get því ekki sjeð annað, en fjárlaganefndin í Nd. fari fullvel með þá, þó að hún vilji láta borga 4% af allri upphæðinni; en Ed. að eins 4% af því, sem eptir verður við árslok 1885; mjer finnst, segi jeg, fjárlaganefnd Nd. fara fullvel með þá, og betur en farið er með presta; og ábúendur þessir og ekkjur þeirra munu þó mega vera kyrrir á jörðunum, en prestsekkjur verða að minnsta kosti að fara burtu frá prestssetrunum, þegar þjónustutími prestsins er úti. En h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) var þó á sama máli og hæstv. landsh. um þetta, og vildi jeg óska, að þingmaðurinn gæti fengið prófastinn í Kjósar- og Gullbringusýslu til að láta presta í hans prófastsdæmi, sem nú borga 6% af lánum fyrir jarðabætur, fá sömu ívilnun eins og ábúendurnir á Staðarbyggðarmýrunum; þá mundu prestarnir vera honum þakklátir, þó að eigi væri tekið eins djúpt í árinni með ívilnun, eins og h. Ed. gerir. Jeg þekki prest, sem í 8 ár hefir orðið að kaupa jarðabót með 6% á ári af hinum upphaflega kostnaði, sem er einskis virði eða verri en ekki neitt.

H. 1. þm. G.-K. gerðist og varnarmaður Ed. og sjerstaklega fjárlaganefndarinnar í Ed. Hann sagði, að tíminn hefði verið of stuttur fyrir fjárlaganefndina þar. En jeg veit ekki betur en hún hafi afkastað sínu starfi, og sýnt með því, að tíminn var nógur; og hvernig veit þingm. þá, að tíminn hafi verið of stuttur? Hann sagði, að fjárlaganefndin Nd. hafi afkastað miklu minna en fjárlaganefndin í Ed.; það kann vel að vera, að sú nefnd hafi afkastað miklu; en það sjá líka allir, sem sjá vilja, að það er miklum mun meira erfiði, að taka fjárlögin fyrst fyrir, eins og Nd. gerir, en eptir að Nd. er búin að ganga í gegn um þau.

Hæstv. landsh. var meðmæltur því, sem h. Ed. hefir gert, að setja það inn í fjárlögin, að læknirinn á Ísafirði fengi 224 kr.

sem launaviðbót á ári; en hann var ekki samdóma breytingartill. h. þm. Vestm. (Þ. J.), þar sem hann vill færa upp laun 4 annara lækna, sem jeg hygg að standi eins á fyrir, eins og Ísafjarðarlækninum. H. 1. þm. K.-G. (Þ. Böðv.) var í þessu líka á sama máli og landsh., en vildi ekki bæta laun hinna 4; það mun vera í fyrsta skipti, svo jeg hafi heyrt, sem hann á þingi hefir mælt á móti launaviðbót handa embættismönnum. Mjer hefir ekki verið brugðið um, að jeg hjeldi sjerlega mikið með launaviðbótum, en eigi læknirinn á Ísafirði þessa viðbót, get jeg ekki annað sjeð, en að hinir eigi líka að fá hana. Ef einn fær viðbót, þá er rjett að allir fái hana, sem eins stendur á fyrir. Það hefir verið sagt, að þetta væri sanngirniskrafa, en ekki lagarjettur, að bætt væri við lækni þennan. Jeg hef hingað til ímyndað mjer, að það ætti að falla saman, og vildi jeg gjarnan fá að vita muninn á sanngirnisrjetti og lagarjetti. Jeg hef haldið, að lögin ættu að vera sanngjörn; ef það er ekki, ætti að breyta þeim. Ef einum af þessum tilteknu læknum er veitt viðbót, þá er ekki hægt að neita hinum; þó að þeim væri ekki veitt viðbótin á þessu þingi, þá mundu þeir leita þess á næsta þingi, og álít jeg þá, að rangt væri að neita þeim, væri búið að hækka laun læknisins á Ísafirði. En viðbót handa þeim öllum mundi muna landssjóð 2,174 kr. á ári, og er það ekki lítil upphæð. En ef þeir eiga rjett til þess, þá er sjálfsagt, að þeir fái það; en ef þeir eiga ekki rjett til þess, þá er eigi rjett að veita það. H. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) vildi veita þeim öllum viðbótina, nema einum, af því að hann ætti von á miklu hærri summu við hæstarjett, og mundi því ekki vilja þiggja þetta lítilræði. En hver hefir gefið honum þá von? Getur ekki skeð, að hinir fái líka vonir, og vilji heldur ekki þiggja viðbótina. H. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) var að bregða hinum h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) um, að hann vildi spara, af því að hann hefði verið í sparnaðarnefnd. (*Th. Th.*: Nei). Þm. Ísfirðinga verður ekki brugðið um sparnaðarnefnd, því hann hefir aldrei í henni verið; en hvort honum verður brugðið um of mikinn sparnað á landsins fje, það læt jeg ósagt. En hann verður að fyrirgefa þm. Árn., þótt hann vilji fara varlega með fje landsmanna; það er ekki hans eigið fje; hann tekur það ekki út úr eigin vasa; það er fje þjóðarinnar. Það er ekki rjett, að brixla mönnum um, þó þeir vilji við hafa skynsamlegan sparnað. (*Th. Th.*: Jeg verð að biðja forseta að áminna þm.; jeg hef engum brixlað). Jeg stend við það, sem jeg hef sagt. Það þarf enginn að fyrirverða sig fyrir það, þó að hann vilji við hafa skynsamlegan sparnað fyrir landssjóð, á þeim tíma, þegar fólk getur ekki lifað án þess að fá svo og svo mikil hallærislán, og þegar 3—4 hallærisár hafa gengið yfir landið í sífellu. Allir ættu að hafa við allan sparnað, þegar um fjárframlög er að ræða af landssjóðs hálfu, og það ætti ekki að mínu áliti að verða neinum manni til ámælis, þó hann vildi ekki hækka laun þeirra manna, sem virðast hafa nægilegt.

Það hefir verið talað um viðaukatill. nefndarinnar, að leggja 3000 kr. til launaviðbótar til útlends framkvæmdarstjóra fyrir bankann, og álitið óþarft að fá til þess útlendan mann. Jeg fyrir mitt leyti vil, að Íslendingar geti notið alls, sem þeir eru færir um að njóta, og að öllu jöfnu vil jeg taka Íslending langt fram yfir útlendan mann. En því er miður, að ýms störf eru þau, sem Íslendingar eru ekki eins færir til, eins og útlendir menn. Vjer þurfum að læra ýmsar framfarir af öðrum þjóðum; við megum ekki dylja það fyrir okkur. Það er mjög líklegt, að útlendingur, sem alið hefir, ef til vill, mestan hluta aldurs síns við bankastörf, sje svo leikinn í þeim, að ómögulegt sje, að Íslendingur geti á stuttum tíma orðið honum jafnsnjall í því. Til hvers erum vjer t. d. að fá útlendan vegfræðing? Er það ekki af því, að vjer álítum, að útlendur maður, sem er vanur þeim störfum, sje betur fær til þeirra, en sá maður, sem vjer sendum utan, til þess að kynna sjer þau þar nokkurn tíma? Til hvers fáum vjer útlendan laxaklaksmann? Er það ekki af því, að vjer treystum hon-

um betur en innlendum manni, sem væri látinn kynna sjer slíkt erlendis um tíma. Sama er um framkvæmdarstjórann við bankann. Ef vjer fáum vanan mann, þá held jeg vjer getum fyrst í stað treyst honum betur en íslenzkum manni, þó að hann væri nokkra mánuði utan til að kynna sjer bankastörf. Jeg veit eigi hvað er meira áríðandi, en að stjórn bankans verði sem bezt, ef hann, eins og nauðsynlegt er, á að hafa á sjer traust; og ef bankinn gerir verulegt gagn, þá tjáir ekki að horfa í dálítinn kostnað.

Forseti: H. 1. þm. Ísfirðinga (Th. Th.) skoraði á mig að kalla h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bjarn.) til reglu. En jeg verð að segja, að jeg finn ekki ástæðu til þess. En þar á móti hefir h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) orðið.

Th. Thorsteinson: H. forseti hefir þá ekki heyrt, hvað h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) sagði. Hann bar það upp á mig, að jeg hefði brixlað honum um það, að hann hefði verið í sparnaðarnefnd og þar fram eptir götunum. Mjer datt ekki hug að koma með nein brixlyrði. Jeg veit, að hann hefir verið í sparnaðarnefnd; en jeg talaði engin þau orð, sem urðu tekin sem brixl; mig furðar því, að hann skyldi koma með þetta í ræðu sinni, og það því fremur, sem við höfum unnið saman í fleirum nefndum og okkur jafnan hefir komið þar vel saman. Í það heila tekið hefi jeg ekki álitið það neina hneisu, að hafa verið í sparnaðarnefndinni, og þekki yfir höfuð ekki til, að nein nefnd sje sett, sem geti verið til minnkunar; þvert á móti sýnir það tiltrú þingmanna, að vera kosinn, og sparnaður er ætíð sómasamlegur. En þó verður hann að vera með máta, og þar sem um landsins fje er að ræða er það fyrir eptirkomandi tímann, sem getur gjört úr því, hvort um of eða van goldið sje, hvort svo um laun embættismanna er að ræða eða aðrar gjaldagreinir. Jeg má annars þakka þingmanninum fyrir, að hann í niðurlagi ræðu sinnar var á sama máli sem jeg, að því er snertir framkvæmdarstjóra bankans. Þótt h. þm. (Þ. Bj.,) sem jeg á orðastað við, sje mikill sparnaðarmaður, þá vill hann ekki spara í þessu atriði, heldur er hann fús á að veita þær 3000 kr. Að endingu bið jeg h. þm. (Þ. Bj.) að gæta sín betur í öðru sinni, og ekki ófyrirsynju taka málstað annara og rangfæra meiningu mína. Orð mín voru engin brixlyrði. Í því get jeg vitnað til þm. Árn. (Þ. G.) um það, hvort hann hefir skilið orð mín svo.

Þorlákur Guðmundsson: H. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) sagði áðan, að það væri eins og blindur dæmdi um lit, þegar jeg talaði um banka eða eitthvað, sem að banka lítur. Það játa jeg, að jeg hef eigi nægilegt skyn á bankastörfum. En hvernig sem hann hefir meint þessi orð, þá er jeg ánægður við hann, úr því að hann í niðurlagi ræðu sinnar var á sama máli sem jeg um framkvæmdarstjóra bankans og fjárveitinguna til hans, ef það yrði útlendur maður. H. 2. þm. G.-Kj. (Þ. Bj.) tók það fram áðan út af launahækkunum, að lagarjettur væri hið sama og sanngirnisrjettur; því að menn eru allt af að stagast á, að það sje sanngirniskrafa, þótt það sje ekki krafa samkvæmt lögum. Jeg verð að vera á sama máli sem h. 2. þm. G.-K. (Þ. Bj.) í þessu efni. Það er til lítils, að vera að semja launalög og koma svo með sanngirnisvegi í kring um lögin, — sanngirnisvegi, sem menn kalla svo. Jeg held, að það megi kalla það fjárslóðir, jeg vil ekki segja nautatroðninga, allt í kring um lögin, eða þann lagða lagaveg. Það er mikið gott, að vera sanngjarn við sem flesta; en hvað er þá á móti því, að vera líka sanngjarn við landssjóðinn, og brúka hann ekki miskunnarlaust af of mikilli sanngirni við einstaka menn?

Þar sem h. 1. Ísf. (Th. Th.) sagði, að jeg hefði verið í sparnaðarnefnd, þá tók jeg mjer það ekki nærri, og tók það ekki sem brixl, og það því síður, sem það var engin minnkun, að vera í sparnaðarnefnd.

Það var misskilningur hjá h. 1. þm. Ísf., að jeg hefði verið að gjöra lítið úr h. þm. Vestm. (Þ. J,) fyrir breyt.till. hans; það var þvert á móti. Jeg sagði, að breyt.till. hans væri í beinni sam-

kvæmni við launahækkun Þorvaldar læknis Jónssonar. Það vakti nefnilega hið sama fyrir okkur báðum, að ef laun Þorv. læknis Jónssonar væru hækkuð, þá yrði og að hækka laun hinna 4 læknanna, sem breyt.till. h. þm. Vestm. (Þ. J.) talar um, og þegar launahækkun allra þessara lækna kæmi saman, yrði það yfir 2000 kr. á ári eða eins og eitt nýtt embætti með lægstu launum. Jeg skal ekki tala um ástandið hjer á landi eins og það nú lítur út, en að eins óska, að enginn liði meira skort á næsta fjárhagstímabili en Þorv. læknir Jónsson, þótt hann fái ekki þessa launahækkun.

Þosteinn Jónsson: Jeg finn mjer skylt að tala fáein orð fyrir breyt.till. minni, þó hún hafi fengið góð meðmæli hjá flestum, sem talað hafa. Ræða hæstv. landsh. gaf mjer samt tilefni til að gefa litla upplýsingu. Læknirinn í Vestmannaeyjum hafði beðið mig að flytja þetta mál hjer áður á þinginu; þá fjell það. Nú hefir Ed. komið með launaviðbót við Þorvald lækni Jónsson, og þá vil jeg nota færið og koma að lækninum í Vestmannaeyjum og hinum læknunum, sem hafa jafnmikla heimting á að fá launaviðbót, sem Þorvaldur læknir Jónsson. Um daginn var jeg á móti því, að bæta við hann, af því að jeg vildi bíða eptir því, hvernig dómur fjelli í máli Þorgríms læknis á Akureyri. En úr því nú að Ed. hefir sett Þorv. lækni inn í fjárlagafrv., þá eiga hinir allt eins vel að komast að, því að sama sanngirnin mælir með því; enda eru allir þessir læknar óánægðir með að fá ekki þetta. Það hef jeg sjeð í brjefi frá einum þeirra til læknis míns. Það er illa farið, að Ed. hefir fellt burt styrkinn til að verja skemmdum af Hafursá. Jeg er þessu kunnugur, og veit, að ábúendur jarða þeirra, sem hafa orðið fyrir skemmdunum, hafa í langan tíma barizt fyrir, að verja þessum skemmdum, og hefði landssjóður, bæði í viðurkenningarskyni og þeim til styrktar í þessu, átti að veita þeim þetta fje, og það því fremur, sem þessar jarðir eru eign landssjóðs.

Jón Sigurðsson: Það er að eins ein viðaukatillaga, sem jeg hefi komið fram með; það er um styrk til cand. jur. Páls Briems til að stunda íslenzk lög að fornu og nýju. Þetta var samþ. hjer í deildinni um daginn. En h. Ed. þóknaðist að nema það burt. Jeg vil ekki taka upp þær ástæður, sem jeg færði um daginn fyrir þessari fjárveitingu; heldur leyfa mjer að vísa til þess, sem jeg sagði þá. Að eins skal jeg geta þess, að ef menn vilja fá lagaskóla, þá hljóta menn að vera með þessari fjárveitingu. Jeg vona, að allir, sem greiddu atkvæði með um daginn, verði nú einnig með, og sýni þannig bæði samkvæmni við sjálfa sig, og eins hitt, að þeir breyti ekki hæglega skoðun sinni.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg vil leyfa mjer að svara nokkrum ummælum, sem komið hafa fram nú í umræðunum.

Hæstv. landsh. sagði, að Ed. hefði ekki gjört aðrar breytingar, en þær, sem henni hefði þótt nauðsynlegar. Jeg hef heldur aldrei sagt, að hún hafi breytt neinu án þess, að henni hefði þótt það rjett; heldur hitt, að það hefði ekki verið ástæða til að gera þær breytingar, sem hún hefir gert. Hæstv. landsh. mun heldur ekki hafa á móti því.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) var að tala um, að fjárlaganefndin í Ed. hefði haft mjög stuttan tíma til sinna starfa, í samanburði við þann tíma, sem fjárlaganefndin í Nd. hafði; og því væri verk Ed. afsakanlegra. Þetta voru nokkurs konar ákúrur til nefndarinnar hjer fyrir það, að hún hefði legið á liði sínu. Það er þó sannarlega ástæðulaust, að ásaka nefndina fyrir tómlæti; því að allir h. þingdm. hljóta að vita, hversu mikið starf hún hafði að leysa af hendi. Það var annars leitt, að h. þm. (Þ. Böðv.) var ekki einn í nefndinni. Hún var ekki svo lánsöm. Hún hefði þá líklega lokið starfi sínu fyr. En þótt hann væri ekki í nefndinni, lauk hún þó við starf sitt um sama leyti sem fjárlaganefndirnar á undanförnum þingum.

H. sami þm. (Þ. Böðv.) bar það á mig,

að jeg hefði sagt, að úr því að vjer gætum ekki verið sanngjarnir við alla, þá mættum vjer ekki vera sanngjarnir við neinn. Þetta sagði jeg aldrei, heldur, að vjer mættum ekki vera sanngjarnir við einn til þess með því að vera ósanngjarnir við aðra. Það eru fleiri en Árni Böðvarsson prófastur, sem eru bágstaddir, og margir miklu meira en hann, t. a. m. sjera Þórður Thorgrímsen í Otrardal; hann hefir ekki meiri eptirlaun en 290 kr.; en Árni Böðvarsson hefir hæst eptirlaun allra uppgjafaprésta. H. þm. (Þ. Böðv.) bar á móti því, að vísa mætti Árna prófasti Böðvarssyni til fjárveitingarinnar í 13. gr. A. b. 6.; eins og hann hefir gert áður og í sambandi við það, brá hann mjer um, að eigi væri auðið að sannfæra mig. Þetta er ekki ný bóla hjer í deildinni, að menn segja, að það sje eins og að berja höfðinu við steininn, þegar á að sannfæra mig. Mjer er farið að leiðast að heyra þær ákúrur hjer í deildinni, því að jeg læt sannarlega sannfærast sem aðrir menn, þegar ástæða er til þess. En þegar jeg sje ekki neinar ástæður til þess, er jeg sannarlega ekki svo laus á svellinu, að jeg láti berast fyrir hverjum vindblæ, sem á mig blæs.

Þar sem h. 1. þm. G.-K (Þ. Böðv.) sagði, að hann tryði betur ráðgjafanum en mjer, þegar um það er að ræða, hvort veita megi Árna Böðvarssyni af þeim 3000 kr., sem taldar eru í 13. gr. A. b. 6., með því að ráðgjafinn hafi áður synjað um það,—þá verð jeg að segja, að ráðgjafinn getur nú ógnar vel veitt þessum presti styrk af þessum 3000 kr., eins og hver maður sjer, sem les töluliðinn, sem hljóðar svo: »Viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum .... 3000 kr.«. Þótt ráðgjafinn hefði áður haft ástæðu til að neita sjera Árna um styrk af þessu fje, þá hefir hann það ekki nú, eptir því sem tölul. er orðaður.

Fjárlaganefndin fellst að vísu á hækkun dyravarðarlaunanna, sem Ed. kom inn í frv.; en það er þó ein af þeim breyt. h. Ed., sem jeg tel ekki nauðsynlegar; því að það eru eigi hin lágu laun, heldur húsrúmsleysi, sem telja má annmarka á stöðu dyravarðar við latínuskólann. Það má velja um menn til að vera dyravörður, ef húsrúmið væri nóg handa honum.

Þar sem h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) sagði, að, ef útlendur maður yrði fenginn fyrir framkvæmdarstjóra við bankann, þá væri sjálfsagt að gera honum að skyldu að taka próf í íslenzku, þá er það ekki rjett; því að hann er ekki embættismaður, heldur sýslunarmaður; en það er að eins embættismönnum á Íslandi gert að skyldu, að kunna íslenzka tungu. Jeg vil ekki fara fleiri orðum um þetta mál, heldur fel jeg h. þingd. málið og legg það á hennar vald, hver úrslit hún vill að það fái við þessa umr.

Landshöfðingi: Það er að eins eitt atriði í ræðu h. framsögum. (H. Kr. Fr.), sem jeg vil leyfa mjer að minnast á. Hann sagði, að veita mætti Árna Böðvarssyni nokkuð af þeim 3000 kr., sem getið er um í 13. gr. A. b. 6. En jeg get ekki verið á því, að það sje rjett. Jeg hefi áður getið um, að þessi 6. tl. í 13. gr. A. b. í frumv. er kominn fram úr tveim tl., 4. og 5., í stjórnarfrv. Þar er 4. tl. orðaður þannig: »Viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafaprésta og prestsekkna samkv. lög. $\frac{27}{2}$ 1880, 6. gr. 1500 kr.—1500 kr.«; og 5. tl. var svo: »Til prestsekkna og barna 1500 kr.—1500 kr.« Tilefnið til 4. tl. í stjórnarfrv. er því 6. gr í lög. $\frac{27}{2}$ 1880, sem hljóðar svo: »Árgjald það, sem eptir tilsk. $\frac{15}{12}$ 1865, 7. gr., ber að greiða af brauðunum, skal vera af numið, og greiðist í þess stað 2000 kr. til uppgjafaprésta og prestsekkna úr landssjóði, þangað til uppgjafaprestum og prestsekkjum er borgið á annan hátt«. Nú virðist þetta eiga að skiljast svo, að þeim uppgjafaprestum, sem hafa eptirlaun eptir hinum nýju eptirlaunalögum, sje borgið á annan hátt, og því geti þeir ekkert fengið af umræddri fjárupphæð, 1500 kr. í 4. tl. stjórnarfrv., því að fjárlögin geti ekki breytt lög. $\frac{27}{2}$ 1880, 6. gr. Vera kanu nú, að sumum sýnist svo, sem áður nefndur uppgjafaprestur Árni Böðvarsson gæti samkvæmt 13. gr. A. b. 6. tl., eins og

hann er nú orðaður, fengið styrk af hinum helmingnum, 1500 kr., sem í stjórnarfrv. voru ætlaðar til prestsekkna og barna; en þá mundi það rýra þenna styrk, sem þeim er ætlaður, og það vona jeg að menn sjái, að ekki má, því að þessi fjárupphæð er mjög lítil í samanburði við þarfirnar.

Þórarinn Böðvarsson: H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) mælti á móti innlendum bankastjóra, af því, að ef útlendur maður yrði valinn, þá yrði sjálfsagt valinn hinn bezti maður og lærðasti til þess starfa; en hvar stendur það, og hver von er til, að duglegur útlendur maður fáist fyrir þessa upphæð? Mjer þykir hart, ef landar vorir geta ekki lært þessa einföldu fræði, ef þeir eiga kost á því.

H. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) sagði, að það væri ekki dýrara að lifa í Khöfn fyrir einn en annan; en ef vjer gáum að, þá er Íslendingnum ætlaðar 1,000 kr., til beggja ferðanna og verunnar þar, en ef útlendur maður er tekinn, þá eru honum ætlaðar 3,000 kr. í viðbót við 2,000 kr., til annarar ferðarinnar og verunnar hjer fyrra árið, en 4,000 kr. síðara árið. Það er sýnt, að með þessu á að bola innlenda menn frá, að hafa þessa atvinnu.

H. 2. þm. G.-K. (Þork. Bj.) vildi gera mjer að skyldu, að útvega prestum, líklega í mínu prófastsdæmi, hin sömu kjör, sem Staðarbyggðarmýralánið er veitt með; þessa setningu hjá h. þm. skil jeg ekki vel; en ef það á að vera sneið til mín, þá er hún á röngum rökum byggð. Jeg hefi ávallt reynt, að útvega prestum svo góð kjör, sem jeg hefi getað. En það er ekki á mínu valdi, að gera í því efni það, sem jeg vil gera.

Þá sagði sami h. þm., að Íslendingar væru ekki vaxnir þeim starfa, að vera stjórnendur banka, og, að sönnunin fyrir því, að nauðsyn bæri til, að fá útlendan bankastjóra, væri sú, að nauðsynlegt hefði þótt, að fá útlendan laxaklaksmann. Þessu hvorutveggju verð jeg að neita. Jeg er viss um, að affarasælla og heppilegra hefði verið, að taka einhvern íslenzkan efnilegan mann,—annaðhvort úr Kjósinni eða einhversstaðar annarsstaðar af landinu —, og senda hann utan til að læra laxaklak.

Þar sem hann sagði, líklega mjer til lasts eða ámælis, að hann hefði nú í fyrsta sinn heyrt mig mæla á móti launaviðbót, þá er nú orðið sjaldan um launaviðbætur að ræða; en hitt er víst, að jeg var í þeirri nefnd, sem aftók allar launabætur sem reglu, og hefi jeg aldrei mælt með launabótum, nema þar sem það eptir sannfæringu minni hefir verið rjett. Jeg vil fylgja öllu, sem mjer þykir rjett, og landinu til framfara, en hefi aldrei reynt að stæra mig af því, að draga af verkamönnum laun þeirra, hvort sem það eru embættismenn eða aðrir.

Þar sem h. framsögum. (H. Kr. Fr.) sagði, að jeg hefði borið nefndinni á brýn, að hún hefði legið á liði sinu, þá sagði jeg það aldrei, og ekkert það, sem gat gefið honum tilefni til þess, að álíta slíkt. En að eins sagði jeg, að h. nefnd Nd. hefði, í hlutfalli til tímans, afkastað minnu, en h. nefnd í Ed. Og þar sem hann sagði, að jeg hefði líkt sjer við »blágrýtisstein«, og sagt, að ómögulegt væri að sannfæra hann, þá neita jeg algerlega, að hafa haft þessi orð, og vitna í því lilliti til hinna h. skrifara, að jeg hefi aldrei talað það.

Holger Clausen: Jeg er eigi á sama máli og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) viðvíkjandi framkvæmdarstjóranum, nje í því, að það sje einfalt nám, og einfalt starf, að vera bankastjóri. Utanlands hefir bönkum verið svo illa stjórnað, að þeir hafa farið á hausinn á skömmum tíma; svo hafa aðrir tekið við stjórninni, og þá hefir bankinn ef til vill á skömmum tíma rjett við aptur. Á þessu sjá menn, að mjög mikið er komið undir, að stjórn bankans sje skipuð góðum og áreiðanlegum mönnum, einkum þegar tala er um, að koma banka á fót. Það er hægra að halda þeim banka við, sem kominn er á fasta fætur. En vjer Íslendingar höfum engan þann mann, sem læri þetta starf til hlítar á fáum mánuðum.

Þorkell Bjarnason: Jeg tek ekkert aptur af því, sem jeg hefi sagt um 1. þm. Ísf. (Th. Th.). En viðvíkjandi því, sem 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) sagði, að bankastörf væru einföld, þá er jeg eigi eindregið þeirrar skoðunar. Iðuleg bankahrun utanlands sýna hið gagnstæða, og slíkt vildi jeg eigi að kæmi fyrir hjer á landi sökum kunnáttuleysis bankastjórnarinnar, eða af neinu því, sem að verður gert.

Friðrik Stefánsson: Jeg er að mörgu leyti ánægður með aðgerðir h. Ed. í fjárlögunum; en jeg get þó eigi fallizt á þær aðgerðir hennar, þar sem hún hefir fellt úr styrkinn til búnaðarskólanna á Hólum og Eyðum; mjer finnst þessi h. deild í því efni eigi þurfa að beygja sig undir ákvörðun Ed., þótt hæstv. landsh. segði í ræðu sinni, að þessir skólar mundu engu að síður verða styrks aðnjótandi, þótt það væri eigi ákveðið í fjárlögunum, og jeg þá treysti honum til hins bezta í þessu efni, álít jeg þó vissara, að styrkur þessi sje ákveðinn í fjárlögunum, og því hefir verið komið með till. um það, að ákveða styrkinn til skólanna með sömu fjárhæðum og áður voru samþykktar hjer í deildinni, svo jeg verð að treysta því, að deildin verði sjálfri sjer samkvæm og samþykki tillöguna

Það hefir mikið verið rætt um bankastjórann, og það, að borga honum mikið hærri laun, ef hann væri útlendur; en þó nú útlendur maður, og þar af leiðandi sjálfsagt vel vaxinn þeim starfa, yrði fenginn fyrir framkvæmdarstjóra, þá verður hann þó eigi tímanlega eilífur hjer við bankann. Og hver á svo að taka við stjórn bankans? Eptir þessu ætti þá líklega að fá útlendan mann aptur. Nei; vjer höfum nóga innlenda menn, sem geta lánað út úr bank-500,000 kr., og veitt honum að öðru leyti þá umsjón og forstöðu, sem þörf gerist. *(L. Bl.:* Það þarf meira að gera en lána þær út.) Það er sama. Íslendingar eru þá nýlega orðnir þeir eptirbátar allra annara, ef þeir nú ekki gætu fundið neinn innlendan mann, sem gæti, og það á stuttum tíma, kynnt sjer þessi bankastörf.

Hvað snertir 16. gr. fjárl., álít jeg sem fyrri nóg að verja 2000 kr. til jarðfræðisrannsókna og jarðfræðislýsinga á fjárhagstímabilinu; það er auðvitað, að Þorv. Thoroddsen ferðast eigi fyrir meira en honum er veittur styrkur til. Annars er jeg á móti flestum liðum 16. gr., þegar þeir verða bornir undir atkvæði; því jeg álít það skyldu þingsins, að spara sem mest fje landsins, eptir því ástandi, sem hagur landsmanna er nú í. Jeg skal svo hætta með þeirri ósk, að h. þingd. efli og styrki búnaðinn með ákveðnu fjárframlagi til búnaðarskólanna; en bregðist það, ber jeg hið bezta traust til hæstv. ldsh., að hann styrki skólana af því fje, sem ætlað er til eflingar landbúnaði, svo að þeir þannig gætu orðið álíka mikils styrks aðnjótandi, eins og hjer er farið fram á.

Eiríkur Kúld: Jeg skal eigi álasa h. Ed., þótt mjer finnist henni í sumu hafa verið mislagðar hendur. Jeg er mikið meðmæltur styrknum til síra Árna Böðvarssonar, einkum þar sem hæstv. ldsh. og 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) hafa sagt, að hann gæti eigi átt von á, að fá styrk af því fje, sem h. framsögum. vill vísa til. En einni spurningu vil jeg beina að h. framsögum., hvort þessi útlendi framkvæmdarstjóri ætti að vera skyldur til, að kenna þessa fræði öðrum út frá sjer? Það atriði er mjer eigi vel ljóst. Helzta ástæðan fyrir, að fá útlendan bankastjóra, hefir mjer heyrzt vera sú, að þá væri meiri líkur til, að bankinn kæmist fljótt í samband við aðra banka og sparisjóði í útlöndum; og álít jeg það mjög svo æskilegt. En það þykir mjer helzt að, að útlendur bankastjóri hlýtur þó að vera hjer mjög ókunnugur öllum ástæðum. Og ef hinn útlendi bankastjóri engum kennir, þá verðum vjer jafn-illa settir eptir tvö ár, þegar hann fer frá. Að öðru leyti skal jeg eigi fara fleirum orðum um þessar breytingar, sem hjer liggja fyrir, með því búið er að ræða þær allmikið.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Af því að h. þm. Barðst. (E. K.) hefir skorað á mig, að svara því, hvort útlendur framkvæmdarstjóri mundi verða skyld-

ugur að kenna út frá sjer bankastörf, þá skal jeg geta þess, að jeg tel sjálfsagt, að hann hafi enga lagaskyldu til þess, en á hinn bóginn má ganga að því vísu, að þeir, sem með honum eru við bankann, munu geta lært af honum störfin. Það verða ekki settar neinar fastar reglur fyrir því, hvernig banka skuli stjórnað, heldur verða störfin lærð af þeim atvikum, sem fyrir koma í hvert skipti. En hitt er víst, að með því að þetta er ekki fast embætti, verður hann ekki skyldaður til að læra íslenzku; en það er annað mál, hvort hann ef til vill væri fús á að læra hana af sjálfsdáðum. En jeg skal svara h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) því, að jeg kannast við, að hann við hafði ekki þau orð um mig, að það væri sama og að berja höfðinu við stein; en hitt sagði hann, að það væri alls eigi auðið að sannfæra mig, og er það alveg hin sama hugsun. En jeg hef ekki getað sannfærzt af ræðu hæstv. landshöfðingja, af því að jeg man ekki eptir neinum uppgjafapresti, sem ekki er talinn í frv. stjórnarinnar, og að minnsta kosti eru þeir fáir, og jeg held menn verði því að kannast við, að annaðhvort má þannig veita öllum uppgjafaprestum af þessu fje, eða þá að bezt er að stryka alla þessa uppgjafapresta út af stjórnarfrumvarpinu; annað af tvennu hlýtur að vera.

Atkvæðagr.: Breyt. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 18 atkv.

Breyt. nefnd. við 5. gr. samþ. með 19 atkv.

Breyt. nr. 414 við 10. gr. C. 4 samþ. með 16 atkv.

Breyt. Þorl. G. við 11. gr. 1. samþ. með 14 atkv. gegn 2.

Breyt. Þorst. Jónssonar við sömu gr. þar með fallin.

Breyt. nefnd. við 11. gr. 2. talin leiðrjetting.

Breyt. nefnd. við 13. gr. B. II. a. samþ. með 13. atkv.

Breyt. nefnd. við 15. gr. felld með 11:11, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu. Nei sögðu: E. Kúld, Arnljótur Ólafsson, Ben. Sveinsson, E. Egilsson, Fr. Stefánsson, Jón Sigurðsson Lár. Blöndal, Magn. Andrjesson, Þór. Böðvarsson, Þórður Magnússon, Th. Thorsteinson.

Breyt. nefnd. við 16. gr. 1. samþ. með 12:1 atkv.

Breyt. nefnd. við 16. gr. 4. samþ. með 19 atkv.

Breyt. nefnd. við 16. gr. 11. samþ. með atkv.

Breyt. nefnd. (422) við 16. gr. 11. samþ. með 13 atkv. gegn 4.

Breyt. nefnd. við 16. gr. 12. samþ. með 14 atkv.

Viðaukatill. J. Sigurðssonar við 16. gr. samþ. með 14 atkv.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþykkt í einu hljóði, og endursent Ed.

Tillögur nefndarinnar sem kosin var til að rannsaka reikninga Reykjavíkurdómkirkju (C. 404), hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþykkt, að ræða málið í einni umr.

Fimmtugasti fundur, miðvikudag 26. ágúst kl. 12.

Allir á fundi, nema 2. þm. Skagf. (G. E. Briem).

Tillaga til þingsályktunar um að fela eigi dómendum landsyfirrjettarins umboðsleg störf (nr. 414, C. 408), hvernig ræða skuli.

Uppástunga forseta, að hafa eina umræðu um málið, var samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar sama efnis (nr. 415, C. 408), hvernig ræða skuli.

Uppástunga forseta, að hafa eina umræðu, var sömuleiðis samþykkt.

Tillögur nefndarinnar sem kosin var til að rannsaka reikninga Reykjavíkurkirkju (C. 404); ein umræða.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg verð að segja, að nefndin í þessu máli er að nokkru leyti vængbrotin, þar sem hinn upphaflegi framsögumaður hennar er farinn af þingi; en bót er í máli, að þetta nefndarálit er svo ljóst, og uppástungurnar svo greinilegar og óflóknar, að eigi þarf að fara um það mörgum orðum. Af því

að minni hluti nefndarinnar er hjer eigi viðstaddur, vil jeg leyfa mjer að skýra frá, hvers vegna meiri hlutinn var honum eigi samdóma. Þótt það sje eigi víða orðin regla, að hringjarastörf sjeu fráskilin meðhjálparastörfum, þá þótti meiri hlutanum þetta það lítilræði, og að litlu munaði, hvort hringjarinn fengi laun af sjóði dómkirkjunnar eða eigi, að hún gat eigi samþykkt, að gera rekistefnu út af því.

Landshöfðingi: Mjer finnst nokkuð vera einkennilegt við þetta málefni að forminu til. Hjer eru tillögur nefndarinnar fólgnar í 5 niðurlagsatriðum, sem eru reglur, sem nefndin ætlast efalaust til, að þingd. fallist á. Mjer er eigi ljóst, hverja þýðingu nefndin hefir ætlazt til, að lögð væri í þessar reglur, eða hvort nefndin álítur, að þingd. hafi heimild til að setja slíkar reglur; en ef svo þykir vera, verð jeg að neita því. Þingd. getur fyrir sitt leyti samþykkt frv. til laga, sem þar á eptir verður að samþykkjast af hinni deildinni, og síðan staðfestast að konungi, svo það verði að lögum. Þingd. getur og komið með áskorun í áskorunarformi til landsstjórnarinnar um ýmsar reglur; en fram á það er eigi farið í þessu nefndaráliti. Hjer liggja fyrir uppástungur til einhverra reglna, sem líklega eiga að vera til eptirbreytni. Það form er mjög nýstárlegt, og verð jeg að hafa móti því, að það sje gilt.

Auk formsins finnst mjer efnið einnig vera athugavert. Fyrsta niðurlagsatriðið er, að gerð sje áætlun fyrirfram um tekjur og gjöld kirkjunnar ár hvert, og að engin gjöld sjeu út borguð nema eptir henni, eða eptir leyfi landshöfðingja. Hjer á að gera áætlun. Hver á að gera hana? Er það umsjónarmaður kirkjunnar eða landshöfðingi? Hvaða skorður eru reistar við, að hún verði ekki sett of há? Það er sjálfsagt hægt, að fara eigi út fyrir hina ákveðnu gjaldliðu, ef þeir eru nógu hátt settir.

Annað niðurlagsatriðið er, að kostnaðurinn við kirkjugarðinn sje alveg aðskilinn frá reikningum kirkjunnar, og hvíli á söfnuðinum samkvæmt lögum og landsvenju. Það er eigi landsvenja með þennan kirkjugarð, því að hann hefir eigi verið kostaður af söfnuðinum, heldur af fje landssjóðs.

Þriðja niðurlagsatriðið er, að umsjón, þvottar og hitun kirkjunnar sje boðið upp á undirboðsþingi, með hæfilegum fyrirvara. Það getur verið, að á undirboðsþingi kunni að fást lægra boð fyrir umsjón, þvotta og hitun kirkjunnar; en jeg álít óforsvaranlegt, að fela það einhverjum á hendi, án þess að trygging sje fyrir því, að það sje gætinn og vandaður maður, sem trúandi sje fyrir því; einkum er það varúðarvert, að því er snertir hitun kirkjunnar, eða meðferð á eldi; en, eins og kunnugt er, verður að leggja í ofnana deginum áður en kirkjan er brúkuð.

Fjórða niðurlagsatriði nefndarinnar er, að skuld kirkjunnar við landssjóð sje til færð í ársreikningum hennar, að frá dregnum þeim kr. 966,85, sem talið er, að hún eigi inni í landssjóði. Jeg hef áður getið þess, að það sje óeðlilegt, að landssjóður telji til skuldar hjá kirkjunni, með því hún er eign hans, þótt fjeð, sem veitt var til aðalviðgerðar hennar, væri skoðað sem lán, og eins er óeðlilegt, að kirkjan telji til skuldar hjá landssjóðnum, og finnst mjer þetta því vera nokkurs konar leikur.

Fimmta niðurlagsatriðið er, að reikningar kirkjunnar liggi undir endurskoðun hins umboðslega endurskoðanda, og úrskurð hlutaðeigandi hjeraðsfundar. Þetta á að vera mikil endurbót, að því er úrskurðinn snertir, þar sem úrskurðarvaldið á að flytjast frá landshöfðingja til hjeraðsfundarins; að minnsta kosti er þetta mikil bót eptir skoðun nefndarinnar, og álítur hún sjálfsagt, að reikningsleg þekking sje betri hjá hjeraðsfundinum en landshöfðingja; en hvort þingið í heild sinni álíti meiri trygging fyrir landssjóðinn, að reikningar kirkjunnar sjeu úrskurðaðir af hjeraðsfundi, en landshöfðingja, læt jeg ósagt.

Jeg ætlaði að eins að víkja að þessum niðurlagsatriðum nefndarinnar; en um dóma nefndarinnar í áliti hennar varðar mig eigi,

og tala því eigi um þá. Það er á valdi h. þingd., hvernig hún fer með þessi niðurlagsatriði; en jeg hef með þessu sýnt fram á, hvert gildi þau hafa, bæði að formi og efni, og vonast jeg því eptir, að h. þingd. fallist á álit mitt; en það er, að í öllu tilliti sje rjettast, að fella þessar uppástungur.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg játa, að nefndinni er þetta mál ekkert kappsmál, og legg jeg það undir dóm h. þingd., hvort nefndin hefir gætt forms í þessum uppástungum sínum eða eigi. Hún tók hlutverk sitt svo, að hún hefði átt að rannsaka þessa reikninga, og eptir mínu áliti og eptir þeirri reynsla, sem jeg hefi fengið við aðra líka reikninga, verð jeg að segja það, að hún hefir eigi verið of hörð, og engan sýtingsskap vildi nefndin heldur sýna við rannsókn reikninga kirkjunnar, því að hún áleit, að þar sem kirkjan er dómkirkja landsins, ætti hún að vera, eins og hún nú er að áliti nefndarinnar, sem bezt og prýðilegast hirt, og að alls eigi bæri að spara fje til þess um of.

Hæstv. landsh. spurði, hver ætti að gera áætlunina, sem talað er um í 1. tölul. í nefndartillögunum. Nefndin hugsaði sjer, að hún yrði gerð af fjárhaldsmanni kirkjunnar og staðfest af ldsh.

Að því er kirkjugarðinn snertir, þá verður nefndin að halda fastlega við skilning sinn, að hann sje óviðkomandi kirkjusjóðnum. Kostnaðurinn við kirkjugarðinn hvílir algjörlega á söfnuðinum. Ef svo er ekki, þá er það undantekning frá almennri reglu og gildandi lögum. Jeg veit ekki, á hverju það á að byggjast. Ef það á að byggjast á Forordn. 22. febr. 1805, þá er sú tilskipun að eins fyrir Danmörk og Noreg. Í »Lovsamling for Island» stendur hún að vísu; en þar stendur og: »Denne Forordning er . . . kun bestemt for Danmark og Norge».

Í kanselíbrjefi 2. júní 1840 er sóknarmönnum gert að skyldu að kosta kirkjugarðinn sjálfan og grindur í sálarhlið garðsins, og væri undarlegt, ef það ætti ekki að gilda hjer í Reykjavík, eins og annarstaðar.

Að því er 3. tölul. snertir, þá er jeg samdóma hæstv. landsh. um, að það verður að við hafa mikla varúð og aðgætni, þegar lagt er í ofna kirkjunnar, til þess að forðast eldsvoða; en jeg trúi því ekki, að í jafnfjölmennum söfnuði, sem hjer er, megi ekki fá fleiri en einn, já fleiri en 10 menn, sem sje trúandi til þess, að leggja í ofnana, og úr því að enginn skortur getur verið á mönnum, þá mundi ekki landsstjórnin fela það öðrum en trúverðugum og gætnum manni.

4. tölul. fannst nefndinni sjálfsagður, enda hafði hæstv. ldsh. ekki neitt á móti honum.

Um 5. tölul. skal þess getið, að nefndinni datt ekki í hug, að gera meira úr reikningsendurskoðun hjeraðsfundar en ldsh., heldur finnst nefndinn það lögum samkvæmt, að kirkjureikningar sjeu endurskoðaðir og úrskurðaðir á hjeraðsfundum, og samkvæmt brjefi biskups nær það einnig til landssjóðskirkna, og hefir enda orðið að góðu gagni.

Þetta mál er allt á valdi h. þingd., og hún getur ráðið, hver úrslit þetta mál fær hjer í deildinni.

Jón Sigurðsson: Jeg hafði búizt við vægari dómi hjá hæstv. landsh. En bæði honum og öðrum h. þingdm. hlýtur að vera ljóst, að það var vandaverk, sem nefndin hafði að leysa af hendi, og að tíminn var stuttur til þess. Það er óheppilegt, að 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir lagt niður umboð sitt sem þingmaður, svo að hann getur ekki verið hjer nú, því að hann er þessu máli kunnugastur nefndarmanna.

Jeg skal nú leyfa mjer að lýsa yfir áliti mínu í þessu máli.

Það hefir komið fram hjer áður, að ekki væri hægt að sjá, hvers eign kirkjan væri.

Eptir reikningum fyrir hin síðustu 3 ár sjest ekki, að þeir beri það með sjer, að nægilegt eptirlit hafi verið haft með, hvort allar útborganir og gjöld væru hæfileg. Amtmaður hefir ávísað öll útgjöld, án þess að sjeð verði af reikningunum, að hann hafi haft eptirlit, sem vera ber, þegar um þvílíkar útborganir er að ræða, t. d. ekki, hvort keyptir munir sjeu í raun og veru

þess virði, sem þeir hafa verið borgaðir. Nefndin segir þó ekki þar með, að neitt hafi farið að forgörðum. En að krefjast nákvæms eptirlits, finnst mjer eðlilegt, enda er þess konar eptirlit stranglega heimtað af umboðsmönnum, er þeir hafa umsjón landssjóðskirkna á hendi. Jeg þekki eitt dæmi upp á það, þar sem jeg átti sjálfur hlut að máli. Sama er að segja um það, ef gera þarf við kirkjurnar, þá verður umboðsmaðurinn að sjá um, að áætlun sje gerð fyrirfram um aðgerðarkostnaðinn.

Nefndin getur lýst því yfir, að hirðing kirkjunnar er í góðu lagi; en að mínu áliti er hún nokkuð dýr.

Jeg get ómögulega verið samdóma h. landsh. um formið á þessum tillögum nefndarinnar; því að þingmenn hljóta að muna eptir, að slíkar tillögur eða tillögur í líku formi hafa komið hjer fyrir áður, og mig minnir ekki betur en að tillögurnar um hallærislánin á síðasta þingi kæmu fram í líku formi, sem þessar tillögur. Hvort sem menn telja kirkjuna eign landssjóðs eða bæjarins, eða þá beggja, þá tel jeg æskilegt, að tilsjón með henni sje meiri en hún hún hefir verið að undanförnu; og þá, að landsstjórnin hefði þessa umsjón, en að reikningar kirkjunnar liggi undir úrskurð hjeraðsfundar.

Jeg gleymdi að geta um, þegar jeg minntist á reikningana, að hinn umboðslegi endurskoðari hafði farið vandlega yfir reikningana og gert ýmsar athugasemdir; en jeg hef ekki sjeð, að þessar athugasemdir hafi verið teknar til greina.

Jeg skal að síðustu geta þess, að nefndin hefir hvergi farið lengra en hinn umboðslegi endurskoðari í athugasemdum sínum við reikninga kirkjunnar.

H. Kr. Friðriksson: Mjer skildist það á orðum h. þm. S.-Þing. (J. S.), að þessar tillögur ættu að vera sem bending til landsstjórnarinnar, á hvern hátt hún skyldi haga umsjóninni eptirleiðis; en mjer finnst þessar tillögur vera óljósar, og þar að auki óþarfar. Fjárlaganefndin hefir í áliti sínu stungið upp á, að reikningar þessarar kirkju, eins og allra annara kirkna landssjóðs, skuli framvegis verða teknar upp í landsreikningana. Ef landsstjórnin vill verða við þessari tillögu fjárlaganefndarinnar, þá eru þessar tillögur alveg óþarfar; og ef landsstjórnin vill ekki taka þessa uppástungu nefndarinnar til greina, þá eru þessar tillögur einnig óþarfar.

H. þm. Barðstr. (E. K.) vitnaði í kansellíbrjef, en kansellíbrjef eru engin lög; jeg verð að halda mjer við reglugjörðina 17. júlí 1782; þar er sóknarmönnum gert að skyldu, að vinna að kirkjugarðshleðslu, og þar með er átt við moldarverk við kirkjugarðinn, en alls ekki neinar trjesmíðar; en þó mátti borga fátæklingum að nokkru leyti þessa vinnu.

H. þingdeild getur ekki heimtað, að kirkjunni sje eigi haldið við á sama sómasamlega hátt og áður, og þótt eitthvað kunni að þykja dýrt, þá verður ekki hjá því komizt.

Jeg er alveg því mótfallinn, að umsjón kirkjunnar sje boðin upp; það þarf að fela hana áreiðanlegum manni; en ef umsjónin er illa borguð, þá er varla að búast við, að hún verði vel af hendi leyst.

Þar sem h. þm. S.-Þing. (J. S.) sagði, að Reykjavíkurkirkja væri bæði landssjóðseign og Reykjavíkureign, þá verð jeg að neita því enn einu sinni, að hún sje Reykjavíkur eign; það er ekki til neins að vera að vera að þrátta um það. Og yfir höfuð ætla jeg, að hinn núverandi umsjónarmaður kirkjunnar leysi þetta verk svo vel af hendi, sem unnt er.

Þórarinn Böðvarsson: Meiningin með, að kjósa þessa nefnd, var víst sú, að leiða í ljós, hvort nokkrar verulegar ástæður væru til þess, að vera óánægður með umsjón kirkjunnar; nefndin hefir rannsakað þetta mál, og gert tillögur því viðvíkjandi; en eitt finnst mjer athugandi, að hún kemur ekki með tillögu til neinnar breytingar á reikningum kirkjunnar; hún virðist því vera alveg samþykk því fyrirkomulagi, sem áður hefir verið.

Það hefir verið tekið fram, að þessar til-

lögur kæmu ekki formlega fram; en þær eru ekki annað en bendingar, og þótt þær hefðu komið fram í þingsályktunarformi, þá hefðu þær ekki verið nema bendingar samt.

Hvað snertir niðurlagsatriði nefndarinnar, eða efni þeirra, skal jeg ekki taka margt fram. Jeg get ekki skilið, að Reykjavíkursöfnuður hafi nokkur önnur rjettindi en aðrir söfnuðir hjer á landi, nje heldur að önnur regla gildi fyrir kirkjugarðinn í Reykjavík en aðra kirkjugarða, sú regla, sem tekin er fram í reglugj. 17. júlí 1782.

Hvað það það snertir, hvort kirkjan sje eign landssjóðs eða sóknarinnar, þá er það engum vafa undir orpið, að hún er landsjóðseign, og einskis annars.

Hvað það snertir, að bjóða umsjón kirkjunnar upp, þá álít jeg ekki rjett, að halda því fast fram, heldur mætti bjóða fleirum en einum að takast umsjónina á hendur, án þess að vera þó skuldbundinn við að láta þann hafa hana, sem lægst býður, ef hann að öðru leyti er ekki til þess hæfur.

Ef þingd. fellir þessar tillögur með öllu, þá er það sama sem hún segi, að ekkert sje nýtilegt í þeim, en fyrirkomulagið, eins og það er, sje í alla staði viðunanlegt og gott; en það er alveg óhætt og meira að segja heppilegt, að samþykkja þessar tillögur sem bendingar. Öðruvísi verða þær ekki skoðaðar.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): H. 1. þm. G.-K. (þ. Böðv.) gat þess, að nefndin hefði ekki komið fram með neinar tillögur viðvíkjandi liðna tímanum, að mjer virtist eins og nefndinni til hróss. Þetta er rjett. Nefndin áleit, að það væri búið sem búið er, og hún vildi ekki sakast um orðinn hlut.

Sami h. þm. (þ. Böðv.) tók það einnig rjettilega fram, að það hefði alls ekki verið meining nefndarinnar, að taka kirkjuna undan aðalumsjón landsh.

H. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) vildi fræða mig á því, að kansellíbrjefið, sem jeg gat um, væri ekki lög, og því ekki bindndi. Jeg vil nú aptur fræða hann á því, að þetta brjef er útskýring á reglugjörðinni 17. júlí 1782, sem hann minntist á, og er þinglesið hjer 1841, og er það því rjett að fara eptir því, meðan það ekki er gert ógilt með lagaboði eða dómi.

Sami h. þm. (H. Kr. Fr.) hafði eiginlega ekkert á móti því, að söfnuðirnir væru yfir höfuð skyldir að annast byggingu og viðhald kirkjugarða, er hann áleit, að það væri ógjörningur fyrir Reykjavíkursöfnuð, að við halda trjeverkinu í kirkjugarðinum. Það get jeg ekki sjeð. Þetta er ekki sá eini kirkjugarður, sem trjeverk er í að meira eða minna leyti, og er þó alstaðar annarstaðar álitið sjálfsagt, að söfnuðirnir kosti garðinn sjálfir. Það er á valdi sóknarmanna, hvort þeir vilja hafa kirkjugarðinn úr trje eða öðru; en kostnaðurinn verður að hvíla á þeim eptir sem áður. Ætli það yrðu ekki fleiri söfnuðir, sem gætu fundið upp á því, að vilja hafa kirkjugarð sinn úr trje, ɔ: skíðgarð, ef það væri næg ástæða til að losa þá við allan kostnað af garðinum.

Sami h. þm. (H. Kr. Fr.) sagði, að það væri alveg nauðsynlegt, að spara ekki of mikið fje til kirkjunnar, svo að hún gæti litið sómasamlega út. Í því er nefndin honum einmitt samdóma. Það hefir verið talað um, að það væri ekki heppilegt, að bjóða upp umsjón og störf við kirkjuna á undirboðsþingi, af því ýms af þeim væru svo vandasöm, t. d. að leggja í ofnana. Það mætti þá gera það að skilyrði við þann, sem tæki að sjer umsjón kirkjunnar, að hann útvegaði þann mann til þessa starfa, sem yfirstjórn kirkjunnar áliti færan til þess.

H. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) var á því, að kirkjan heyrði landssjóðnum til; á því máli er jeg líka; en ef hún heyrir landssjóðnum til, þá þótti mjer undarlegt, að þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) skyldi kippa sjer svo mjög upp við það, að þingið vildi hafa eptirlit með, hvernig farið væri með fje kirkjunnar.

Sami h. þm. (H. Kr. Fr.) efaðist um, að hjeraðsfundir gætu með nokkrum rökum úrskurðað reikninga kirkjunnar. Það held

jeg þó, að hjeraðsfundir geti, eins og hjeraðsfundir eiga að gera það samkvæmt lögum 27. febr. 1880. Það er auðvitað, að þeir geta það ekki vel á þessum eina degi, sem þeir eru saman komnir; en jeg veit til, að fylgt er þeirri reglu, að hjeraðsfundur velur úr sínum flokki nokkra menn til þess, ásamt prófasti, að rannsaka og úrskurða reikninga kirkna sinna, áður en þeir eru sendir til biskups.

Forseti gat þess, að til sín hefði komið svo hljóðandi dagskrá frá nefndinni:

»Í því trausti, að landsstjórnin taki til greina bendingaratriði í niðurlagi nefndarálitsins um reikninga Reykjavíkurdómkirkju, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Landshöfðingi: Það kom fram í ræðu h. þm. S.-Þing. (J. S.), að reikningar kirkjunnar eða fylgiskjölin við þá bæru það ekki með sjer, að amtmaður hefði haft nokkurt eptirlit með því, sem gert hefði verið við kirkjuna. Jeg veit ekki, hvernig hinn háttv. þingmaður hugsar sjer, að reikningarnir hefðu átt að bera slíkt með sjer. Amtmaðurinn hefir ávísað reikningunum, og í því liggur, að hann hafi fullvissað sig um, að þeir væru rjettir, og þar með haft beinlínis eða óbeinlínis eptirlit með því, sem gert hefir verið.

Viðvíkjandi 6. tölul. tillaganna, þá hefir enginn lagt áherzlu á hann, og ímynda jeg mjer, að menn ætli sjer ekki að halda henni fram og gerist því engin þörf að ræða hana.

Það hefir verið sagt, að uppástungur þær, sem hjer hafa verið gerðar, væru ekki bindandi reglur, og heldur ekki einu sinni þingsályktun; en þá veit jeg sannarlega ekki, hvað þær eru. En það gerir nú ekki svo mikið til; þær sýna, hvað nefndin hefir hugsað sjer, og það er gott, að umboðsstjórninni sje það kunnugt; þær geta verið til bendingar fyrir hana.

Hvað snertir dagskrá þá, sem lesin var upp, sem fer því fram, að landsstjórnin taki þessar tillögur nefndarinnar sem bendingar, þá hef jeg ekkert á móti henni. Það er mjög líklegt, að umboðsstjórnin taki það tillit til þessara bendinga, sem henni þykir hagkvæmt, og líti á þær sem íhugunarverðar.

Atkvæðagr.: Dagskráin samþ. með 17 samhljóða atkv., og afgreidd síðan til landshöfðingja. Voru þannig tillögur nefndarinnar fallnar frá atkvæðagr.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (C. 387, nefndarálit 410); ein umr.

Með því að frv. hafði komið of seint, leitaði forseti eptir skriflegri beiðni 8 nafngreindra þingmanna leyfis bæði landshöfðingja og deildarinnar að málið mætti samt taka fyrir, og var það veitt.

Eiríkur Kúld: Jeg ímynda mjer, að þm. hafi fyrir sjer álit nefndarinnar um breytingu h. Ed. á frv., og sje því óþarfi fyrir mig, að orðlengja um þær; það eru að eins orðabreytingar, og ímynda jeg mjer, að h. deild geti fallizt á þær, og gefið frv. atkv. sitt, eins og það nú liggur fyrir.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Breytingar h. Ed. eru að eins orðabreytingar, t. d. í 3. lið 2. gr., sem jeg álít að sje heldur til bóta, og vona því, að þær verði því ekki til fyrirstöðu, að frv. verði samþykkt.

Atkvæðagr.: Frv. samþ. með 17 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Fimmtugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 27. ágúst kl. 8. f. m. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 398); ein umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það vill svo vel til, að jeg get ekki fundið, að ástæða sje til, að fjölyrða framar um þetta frv., hvorki til að skýra það, útlista það, nje mæla fram með því. Það er sannarlegt gleðiefni, að h. Ed. hefir tekið þessu frv. eins og reynd, spakvitur og ástrík móðir góðu barni. Það má svo að orði kveða, að hún hafi faðmað það að sjer, kysst það og lagað og skreytt á því klæðin, áður en það

kæmi fram fyrir konunginn. Með öðrum orðum: hin háttvirta efri deild hefir engar efnisbreytingar gert, þær er teljandi sjeu, en orðabreytingar margar, sem allar má telja til bóta og málsfegurðar; jeg ætla nú, að frumvarpið sje vel úr garði gert, einnig hvað íslenzkuna snertir, þessa brynju þjóðernis vors, sem injuria temporum, eða ómildi tímanna, aldrei, hvorki fyr nje síðar, hefir getað unnið á, hvernig sem hún hefir hvatt sverð sitt.

Jeg tek það því upp aptur, að það er ekki ástæða fyrir mig, að eyða hinum dýrmætu augnablikum, sem vjer eigum eptir að vera saman, til að fjölyrða um þetta mál. Vjer höfum þegar íhugað það, rætt og ályktað, eins og vjer höfðum bezt vit á. Og þó vjer nú vildum verja einu augnabliki til þess að ganga enn á ný með þetta blað, sem frumvarpið er ritað á, í einn hinn bezta hreinsunareld: inn fyrir dómstól samvizku vorrar, hver í sínu lagi, þá er jeg viss um, að það kemur þaðan alveg óbrunnið og ósneytt, og megum vjer því alveg ganga úr skugga um, að frumvarp þetta aldrei getur bakað vorum innra manni ámæli, áhyggju eða iðrunar. — Nei! Látum aldrei oss úr minni falla, að það er samboðið hinum hugrökku og þrautgóðu sonum sögunþjóðarinnar á Norðurlöndum, að leita með djörfung eptir því frelsi og sjálfstjórn afdráttarlaust, sem áskapað er þjóð vorri. Það er einkum tvennt, sem vjer aldrei megum gleyma: 1., hollustu-eiði þeim, sem forfeður vorir unnu konungum vorum; og 2., vorum eigin landsrjettindum, sem vjer höfum aldrei látið af hendi og munum aldrei af hendi láta.

Jeg vona nú, að vopn andmælenda máls þessa sjeu lögð niður á völlinn. Hvort þær undir eru græddar, sem þau hafa valdið fósturjörðinni, veit jeg ekki; mig hafa þau ekki sært, hvað sem öðrum hinna háttvirtu þingmanna líður, þó oss hafi mátt finnast, að höggið hafi verið nærri móður vor allra.

En hafi þessi vopn sært nokkurn djúpu og tilfinnanlegu sári, þá er það, að jeg ætla, helzt stjórnin sjálf, sem hefir orðið fyrir því, þar sem þau hafa reidd verið af vantrausti og jafnvel alveg ótilhlýðilegum getsökum til hennar, um það, að hún muni ekki koma fram gagnvart alþingi svo sem »constitutionel« eða lögbundinni stjórn sæmir og ber, að hún muni vilja og ætla sjer að brjóta lög á oss, og neita oss um að njóta þeirra landsrjettinda vorra, sem þegar eru viðurkennd, og sem í sjálfu sjer eru ómótmælanleg! Þessir háttvirtir menn vilja heita vinir stjórnarinnar, og má þá um þá segja: höggur sá er hlífa skyldi, stjórninni, eigi síður en Íslandi. Jeg er annars að vissu leyti einmitt þakklátur andmælendum þessa frv. frá mínu sjónarmiði; því þeir hafa orðið til þess, móti sínum vilja, bæði að skýra málið betur og rótfesta enn sterkar hjá mjer og sjálfsagt öðrum þingmönnum þá sannfæring og vissu, að frv. þetta er alveg á rjettum og óhagganlegum rökum byggt. Að síðustu skal jeg geta þess, að hvorki mjer nje heiðruðum öðrum háttvirtum þingmönnum mun koma það á óvart, að vjer, ef til vill, eigum örðuga leið fyrir höndum, áður frumvarp þetta nær staðfestingu konungs; en látum þá óbifanlegu sannfæringu — sem jeg hef — gleðja oss og hughreysta, að nú muni þó loksins fara að halla undan fæti fyrir oss Íslendingum, því vjer höfum sannarlega með oss menntunar- og þjóðfrelsisstraum tímans, hvort sem vjer lítum nær eða fjær, og verði leiðin oss óglögg og torsótt, þá látum oss bregða upp blysi vonarinnar, látum oss beita sverði sannleikans! Að svo mæltu lýsi jeg yfir þeirri von minni, að hinir háttvirtu þingmenn greiði öruggir atkvæði með frumvarpinu, eins og áður.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg þarf að gera grein fyrir atkvæði mínu við þessa umr.

Við 3. umr. hjer í deildinni sagði jeg já; og voru þá margir, sem skildu ekki, að jeg skyldi greiða atkvæði með málinu, en tala móti því. Jeg skil ekki, að menn skyldu misskilja þetta. Jeg lýsti því þá yfir greinilega, að jeg væri á móti stefnu frv., en vildi styðja að því, að málið gæti orðið rætt í báðum deildum, svo þingið í heild ætti kost á að segja álit sitt um það; en jeg sagði jafnframt, að jeg vildi ekki, að það kæmist

lengra en til þessarar umræðu, en svo væri sent ávarp til konungs, hvar með hann væri beðinn að leggja fyrir næsta þing frv. til stjórnarskrárbreytingar. Þetta var mest til að spara kostnað við aukaþing. Það er því engin ósamkvæmni, þó að jeg segi nei nú, og skal jeg færa fram ástæður mínar fyrir því.

Jeg segi nei af því, að tíminn er óhentugur, hvort heldur sem litið er til stjórnarinnar, sem að völdum situr í Danmörku, eða til H. H. konungsins, sem hlýtur að líta öðruvísi á málið, eptir því pólitiska ástandi, sem nú er þar. Og í þriðja lagi, þegar litið er til harðærisástands landsins, sem er svo, að deyfð hlýtur að vera meðal alþýðu í þessu máli, og skoðun manna svo, að ekki sje fært að bæta á landssjóð kostnaði við aukaþing og dýra stjórn.

Auk þess, að tíminn er óhentugur, er frv. einnig óhentugt að því leyti, að stjórnarfyrirkomulag það, sem það fer fram á, yrði mjög dýrt; það er óhentugt af því, að það er ekki von til, að það nái samþykki stjórnarinnar, af því að það fer lengra en von er um að fáist framgengt. Hefði það farið skemmra, hefði verið meiri von til, að vjer hefðum fengið breytinguna, og vjer svo síðar hefðum getað fært oss upp á skaptið. Jeg er enn þá sannfærður um, að frv. er ekki samkvæmt þjóðarviljanum, heldur móti honum. Það er vilji þjóðarinnar, að breyta stjórnarskránni; það veit jeg; og því er jeg samþykkur; en það er ekki vilji þjóðarinnar, að breyta henni þannig, sem þetta frv. fer fram á.

Jeg get ekki beinlínis tekið mínu máli til sönnunar neina ræðu í þessari h. deild. Sumir forgöngumenn meiri hlutans hafa hulið sig í einhverri þoku, svo að þeir smjúga undan, ef maður vill grípa þá, og sumir hafa verið uppi í svo háum og háfleygum tónum, að þingmenn hafa ekki getað fylgt með.

Jeg var eitt sinn á ferð yfir fjall, sem heitir Vaðlaheiði; hyllingar voru þá miklar og bezta veður; sá jeg þá Hrísey, sem er eyja á Eyjafirði, eins og svífa í lopti og bera hátt yfir hafið; það var fallig sjón. Þessi sjón hefir opt komið í huga minn, þegar jeg hef hlýtt á ræður h. framsögumanns (B. Sv.); þær eru skemmtilegar; en maður sjer málið í hyllingum, eða stundum fyrir ofan það virkilega.

Aptur í móti hefir einn háttv. þingm. í Ed. haldið ræðu, sem talin er mikið góð, og sem heldur sjer við almennt dæmi úr hinu daglega lífi. Í henni stendur meðal annars, að þessi stjórnarskrárbreyting sje »sprottin af þeirri þörf og nauðsyn, að »húsbóndinn á þjóðbúinu eða ráðsmaður »hans sje nærverandi á heimilinu«. Í öðru lagi lýsir hann þeirri skoðun, að það þurfi sömu hæfilegleika til að stjórna búi eins og til að stjórna ríki, og að stjórn verði að fara fram eptir sömu grundvallarreglum á heimili, eins og í landinu eða ríkinu. Hann heldur áfram dæminu, og spyr ennfremur, hvort hentugra muni vera, að ráðsmenn, er þingmenn verða að setja í fjarvist sinni, sitji hjá þeim hjer í Reykjavík til að ráðgast við þá, hvað gera skyldi, eða að þeir sætu heima í búunum, og gætu sjeð, hvað fram fer. Og hann kveður svo á, að aðalhvötin til þeirrar stjórnarskrárbreytingar, sem hjer er farið fram á, sje sprottin af þeirri »þörf, að húsbóndinn, hans hátign »konungurinn, láti ráðsmanninn á þjóðbú»inu vera heima, vera í landinu«.

Eptir þessu er það hugsunin, að þessi nýi landsstjóri eigi að vera sama fyrir landið, eins og húsbóndi fyrir heimili; hann á að hugsa og segja fyrir verkum á þjóðbúinu; þjóðin á, eins og auðsveipið hjú, að fara eptir því, sem hann leggur fyrir. Jeg skil dæmið mikið vel; en jeg skil ekki í því, að þingm. vilji búa til landsstjóra, sem hafi sama vald hjer á landi, sem húsbóndi hefir yfir hjúum sínum. Því annaðhvort er dæmið út í veður og vind, eða það á að heimfærast upp á þennan fyrirhugaða landsstjóra; og sje það gert, þá kemur fram, að þessi innlenda stjórn á að vera ímynd húsbónda, segja fyrir öllum verkum, og ráða öllu á búinu. En þetta vil jeg eigi. Jeg er ekki svo konunghollur eða held svo mikið upp á konungsvaldið, að jeg vilji færa inn í landið aptur konungs- eða

landsstjóra-einveldi; jeg fyrir mitt leyti vil hafa sem kröptugasta þingstjórn í landinu og færa það sem næst því, að þingið sje húsbóndinn á þjóðbúinu. Nú sem stendur er stjórn Dana sterk, en þingið veikt; ráðgjafarnir sitja, en þingið kemur engu sínu fram; aptur á móti í Englandi er þingið sterkt, en stjórnin veik, því hún verður að fara frá völdum, þegar hún fær þingið á móti sjer. Það hafa komið fram tvær skoðanir um það, hvernig hentast væri að fá meira stjórnarvald inn í landið. Önnur er sú, sem hjer er í þessu frv., að fá hálfgert konungsvald inn í landið; hin önnur skoðun er, sem heyrðist á Þingvelli og víðar, að menn gera, innlenda valdið meira með því að gera þingið sterkara; það átti að koma fram í því, að stjórnin gæti ekki neitað lögum þingsins nema um vissan, ákveðinn tíma. Vjer höfum sem stendur nokkurn veginn óskert vald yfir fjárhag landsins, en löggjafarvald til helminga móti konunginum; en þann helming, sem er í hendi konungs, vill þjóðin og vildi Þingvallafundur rýra með því, að hann mætti ekki neita samþykki laga optar en tvisvar. Það er með öðrum orðum, að gera þingið sterkara, og auka vald þess. Þó jeg sje nú ekki með því, að fylgja fram frestandi neitunarvaldi, þá hneigist jeg miklu nær því, að gera þingið sem sterkast, heldur en að hinu, að draga meira vald í hendur stjórnarinnar, enda þótt að hún sje í landinu sjálfu. Jeg hefði viljað gera breytingar í gagnstæða átt frv. þessu, hefði jeg ekki tekið mjer fyrir, að láta forgöngumenn ráða eina.

Þó að jeg segi nei í dag, þá alít jeg, að jeg geri mig eigi sekan í neinni óorðheldni. Jeg sagði um daginn, að jeg mundi gefa málinu atkvæði mitt, ef það stæði tæpt, og atkvæði vantaði, til að málið kæmist fram, og það mundi jeg hafa gert nú, ef mikið hefði legið við; en jeg veit, að þess þarf ekki. Málið gengur nú fram, þótt öðruvísi sje en jeg vildi; en jeg hef ekki móti, að svo fari; það er kannske rjett; því að það er komin eins konar pólitisk pest eða landfarsótt í landið, sem ekki læknast nema með hrossalækningu. Í suðrænum löndum koma upp pólitisk uppþot, sem ekki læknast nema þjóðunum sje tekið blóð; en hjer í þessu fátæka landi þarf ekki annað en taka dálítið af peningum úr pyngjunni; þá munu menn fara að hugsa sig um. Það mun sannast, að þegar þjóðin sjer, að þessi nýja stjórn hefir 40—50,000 kr. kostnað í för með sjer árlega, og að auki aukaþingið 20,000 kr. næsta ár, þá fer áhuginn að minnka. Jeg veit, að þeir sem hafa mælt á móti þessari stjórnarbreytingu, munu ekki fá góðan byr í blöðunum. Jeg hef sjeð það opt í svokölluðum þjóðfrelsisblöðum, að þeir menn, sem láta sjer annt um að stuðla að samgöngum, menntun, verzlun, búhyggni og praktiskum framförum, þeir eru taldir apturhaldsmenn, en hinir, sem í skýjunum fara, og tala stórt um stjórnarmál, þeir eru kallaðir frelsismenn, af því menn segja, að það sje engin frelsisrót í hinum lægri þráðum, sem koma fyrir í hinu daglega lífi, og sem eru þó undirstaðan undir vellíðan og framför manna.

Jeg álít betra, ef hægt hefði verið, að fá stjórnarskrá fyrir hvert heimili, sem kenndi mönnum sparsemi, dugnað og framsýni; en jeg er hræddur um, að þetta stjórnarþras styðji ekki að þessu, heldur miklu fremur snúi hugum manna frá hinum hversdagslegu þráðum, sem eru engu síður nauðsynlegir, og veki úlfúð og ásakanir við seka og saklausa menn. Jeg játa það, að við erum ekki alveg frjálsir; en ástæðan til þess kemur mest innan að. Við erum ánauðugir af skuldum, skuldum við landsjóð, sýslusjóði og kaupmenn; kaupstaðaskuldirnar munu við næstliðið nýjár hafa numið 1 miljón og 300,000 króna í Norður- og Austlendinga-fjórðungi; það er þetta, sem gerir oss ánauðuga; en hvað hefir þingið gert til þess að hjálpa mönnum til frelsis í þeim efnum? Jæja, sigli þá háskýjamennirnir sinn sjó; jeg sigli minn; jeg held mjer við jörðina. Það, sem jeg vil, er aukið vald landshöfðingja, og sjerstakan ráðgjafa, óháðan áhrifum danska stjórnarráðsins. Hjeraðastjórn og þingstjórn vil jeg auka, og gera sem kröptugasta; en jeg

vil ekki auka vald landsstjórnarinnar gagnvart þinginu. Því sem stríðir móti þessu, er jeg mótfallinn.

H. Kr. Friðriksson: Jeg stend ekki upp til að halda langa ræðu að þessu sinni; þó get jeg ekki leitt hjá mjer, að tala nokkur orð um málið.

Jeg verð enn að taka það upp, að þetta mál er ekki vandlega hugsað. Þetta frv. er ótímabært; því að þótt menn vilji fá breytingu á stjórnarfyrirkomulagi voru, þá er svo langt frá, að þetta frv. verði til að hrinda því máli áleiðis, að það miklu fremur mun verða til að seinka fyrir málinu; því að þótt stjórnin annars vildi sinna málinu, getur hún það ekki nú, af því að ástandið er í Danmörku eins og það er. Það er eðlilegt, að stjórnin, sem á í baráttu við aðra, leggi þau mál upp á hylluna, sem ekki snerta þessa baráttu. Þannig hefir stjórnin nóg að hugsa í baráttu sinni í Danmörku, sem mun valda því, að hún getur ekki sinnt þessu máli. Það sýnir heldur ekki hina innilegu þegnlegu ást til konungs vors, sem sí og æ er verið að tala um, að Íslendingar hafi, að koma nú með þetta frv., þar sem hann á í vök að verjast, að því er deilurnar í Danmörku snertir.

Það er heldur ekki hentugur tími til að leggja nýjan afarmikinn kostnað á landsbúa, eins ogfrv. þetta gerir, þar sem nú er harðæri um land allt, bæði til lands og sjávar.

Ed. hefir ekki gert neinar verulegar breytingar, sem geri frv. aðgengilegra. Að vísu hefir hún numið burt ákvörðunina um kviðdóma, sem sumum hjer í deildinni þótti svo mikið varið í um daginn; en aðalákvarðanir frv. og stefna standa óhaggaðar, svo að frv. er að engu leyti aðgengilegra.

Jeg skora á forseta, að við hafa nafnakall, til þess að það sjáist, hverjir það eru, sem leggja vilja þennan mikla kostnað á þjóðina, og, ef til vill, spilla fyrir haganlegum breytingum á stjórnarfyrirkomulagi voru.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki eyða löngum tíma til að svara hinni löngu og einkennilegu ræðu h. þm. S.-Múl. (Tr. G.). Allt það, sem h. þm. sagði og hann hafði sagt áður, var nefnilega alveg óþarft, eins og allir geta sjeð, og að eins til þess, að fylla alþingistíðindin með óskemmtilegustu endurtekningum þess, sem búið er að segja og að svara. Grunur minn er líka sá, að lesendur þingtíðindanna verði alveg búnir að fá nóg af skemmtuninni, er þeir hafa einu sinni lesið ræður hins háttvirta þingmanns í stjórnarbótarmálinu, þó ekki væri nema um það, er hann er að klifa og stagast á ástandinu í Danmörku, rjett eins og hann sje kvaddur til þess, að ala önn fyrir því, hvernig konungur vor muni eða hljóti að haga sjer gagnvart oss Íslendingum, með tilliti til þess; en jeg ætla, að h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) hafi ekkert konungsauga.

Það, sem h. þm. (Tr. G.) tók fram nýtt, vil jeg þar á móti lítið eitt minnast á.

Hann sagði meðal annars, að hann væri ekki svo konunghollur, að hann vildi hafa ráðsmann konungs hjer á þjóðbúinu. Með þessum ráðsmanni meinar þingmaðurinn landstjórann, og er það þá einkennilegt og eptirtektavert við orð þingmannsins, að hann játar, að ákvæðið um landsstjórann innibindi hollustu við konung, eins og það líka gerir, og að þingmaðurinn sjálfur ekki hafi þessa hollustu til að bera. Það er gott, að alþingistíðindin bera þetta ljóslega með sjer. Þingmaðurinn fjekk þetta ráðsmannsnafn að öðru leyti og margt fleira út úr ræðu eins heiðraðs þm. í Ed. (E. Á.), sem hjer getur ekki svarað fyrir sig. Jeg hjelt þó, að h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) væri riddaralegri en svo, að hann rjeðist á menn, sem ekki geta fengið færi á að mæla eitt orð sjer til varnar hjer í deildinni; en það er bót í máli, að þessi vörn er alveg ónauðsynleg, því ræða efri deildar þingmannsins stendur alveg óhrakin af andmælum hins háttvirta 1. þingmanns Suðurmúlasýslu.

Þar sem h. sami þm. enn var að stagast á kostnaðinum, sem þetta frv. hefði

í för með sjer, þá get jeg ekki að mjer gert, að benda honum á: 1., að hann er ekki orðinn enn þá fjárhaldsmaður Íslands. Hann hefir sannarlega nóg annað fjárhald að annast og amstrast með. Í öðru lagi vil jeg minna hann á það, að þessi kostnaður — hann meinar auðsjáanlega einkum kostnaðinn til alþingis að ári — er eintómur heilaspuni og hugarburður þingmannsins. Þessi kostnaður er hylling hjá honum, sem hann var að bregða mjer um; hann er barnagrýla, sem hann heldur — af því hann skilur alls ekki stjórnarskrána og ákvæði hennar um eðli þings þess, sem kalla á saman að ári eptir 61. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. við 5. og 8. gr. — að hann geti fælt h. þingdm. með og hrætt þá til að verða á móti þessu máli. Hinn háttvirti þingmaður ætti, eins og aðrir fleiri, sem stagast á þessu aukaþingi, sem alls ekki á við 61. gr., heldur 6. gr. stjórnarskrárinnar, að vita, að við þingið að ári er enginn annar kostnaður en sá, að því fje, sem annars hefði verið varið til þingsins 1887, nú á að verða varið til þingsins 1886, eður einu ári áður; því 1887 verður ekkert alþing haldið. Enn skal jeg minna þingmanninn á það, að á þeirri leið, sem hann einlægt er að ráða alþingi að fara til að ráða bót á stjórnarfyrirkomulaginu, er sá þrándur í götu, sem hann fær eigi við ráðið. Hann getur ekki gefið neina hina minnstu tryggingu fyrir því, að það fáist fremur, sem hann vill og ræður til, nefnilega sjerstakur ráðgjafi með ábyrgð fyrir alþingi og íslenzkum landsdómi, heldur en staðfesting þessa frv. Það er steinn í götu á þeirri leið, sem hann vill halda, sá steinn, sem allir sjá og geta þreifað á, nema hann, af því hann skilur ekki ríkisrjett (Statsret), og þessi steinn er sambandið milli hins núverandi ráðgjafa og ríkisráðs Dana. Hinn háttvirti þingmaður ætti sannarlega ekki að bregða mjer um hyllingar, úr því hann sjálfur ekki sjer það, sem allir aðrir sjá, ekki getur þreifað á því, sem allir aðrir geta þreifað'á. Það gleður mig að öðru leyti, ef ástæður h. þm. (Tr. G.) eru honum og hans sannfæringu nægar til þess að greiða atkvæði á móti þessu máli. Það gleður mig sannarlega, að hinn háttvirti þingmaður,—sem jeg elska og virði sem reyndan vin—, getur verið ánægður með sjálfan sig fyrir frammistöðu sína í stjórnarbótarmáli Íslands að þessu sinni.

Sama gæti jeg sagt um þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og aðra þá, sem greiða atkvæði móti frv., þó þeir sjeu ekki sjerstaklega vinir mínir.

Að lyktum skal jeg nú veita hinum háttvirta 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) þá huggun, að ef stjórnin vildi nú vera svo vitur, lítillát og ráðþægin, að fara eptir ráðum hans með stjórnarbótina, þá er hún ekki útilokuð frá að leggja fyrir næsta alþingi frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga, sem sýni, að hún hefir betra, þjóðlegra, frjálslegra og kostnaðarminna stjórnarfyrirkomulag að bjóða oss Íslendingum en þetta, sem frv. fer fram á. Það skyldi gleðja mig, ef þingið nú yrði orsök til þess, að stjórnin kæmi með nýtt frv. fyrir næsta þing, sem hefði þessa kosti til að bera, og að hún mætti þannig alþingi á miðri leið, sem hún hefði átt að gera fyrri. Meira að segja: ef stjórninni líkar ekki þetta frv., þá er hún knúð til að koma með annað, sem er betra, svo framarlega sem hún uppfyllir skyldu sína; og þannig er það svo langt frá því, að þetta frv. sje því til fyrirstöðu, að vjer fáum betra stjórnarfyrirkomnlag, —að það er þvert á móti sterkasta hvöt fyrir stjórnina að gefa þessu máli gaum í þá átt, að koma fram með annað og betra frv., það er að segja, ef henni líkar ekki þetta; og þetta atriði ætti aptur að vera sterkasta hvöt jafnvel fyrir andmælendurna, að greiða atkvæði einmitt með frv.

Forseti: Það hafa 9 h. þingdm. krafizt þess, að umr. verði hætt; nú er það bæði venja, þegar stórmál eru fyrir, að gefa mönnum málfrelsi innan takmarka þingskapanna, og einnig er það æskilegt, að slík mál sjeu skýrð sem bezt; finnst mjer því, að ekki ætti að hætta umr. nú þegar. En það er á valdi h. deildar. Skal jeg því bera það undir atkvæði, og við hef nafnakall.

Atkvæðagr.: Samþykkt, að hætta umræðunum, með 12 atkv. gegn 10. Nei sögðu: Eiríkur Kúld, H. Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Eiríkur Briem, Gunnl. E. Briem, Lárus Blöndal, Magnús Andrjesson, Tr. Gunnarsson, Þorkell Bjarnason, Th. Thorsteinson.

— Síðan voru greidd atkvæði um stjórnarskrárfrumvarpið sjálft, með nafnakalli; og var það samþykkt með 17 atkv. gegn 5.

Já

sögðu: Eiríkur Kúld,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilson,
Eiríkur Briem,
Friðrik Stefánsson,
Gunnlaugur E. Briem,
Holger Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Lárus Blöndal,
Magnús Andrjesson,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei

sögðu: Halldór Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,
Th. Thorsteinson.

Frv. var síðan afgreitt til landshöfðingja, sem stjórnarskrárfrumvarp, samþykkt af báðum deildum alþingis.

Tillaga til þingsályktunar um, að fela eigi dómendum landsyfirrjettarins umboðsleg störf (C. 408, nr. 414); ein umr.

Jón Jónsson: Hjer liggja fyrir tvær tillögur til þingsályktunar, sem báðar ganga í líka stefnu, þá, að fela eigi dómendum landsyfirrjettarins neina umboðslega sýslan á hendur. Jeg hygg, að allir sjeu samdóma um, að dómsstörf og umboðsleg störf eigi ekki að vera sameinuð, og þessar tillögur hafa komið fram til þess að h. þingdm. gætu látið skoðun sína í ljósi um það efni. Í fornöld var umboðsvaldið greint frá dómsvaldinu, því að goðarnir dæmdu eigi sjálfir, heldur nefndu menn í dóm; en á síðari tímum hafa þau blandazt saman. Þau eru að sönnu aðgreind í stjórnarskrá vorri; en það lítur svo út, sem sú hugmynd sje þó eigi fyllilega búin að ryðja sjer til rúms enn þá, enda er líka svo skammur tími síðan stjórnarskráin var gefin. Jeg ímynda mjer, að h. þingd. sje samdóma í því, að þessar tillögur sjeu í eðli sínu rjettar; en það er nú á hennar valdi, hvort hún aðhyllist heldur þessa eða hina, sem kveður vægara að orði, og bindur minna hendur landsstjórnarinnar.

Landshöfðingi: Jeg verð að vera alveg mótfallinn þeirri þingsályktunartill., sem hjer ræðir um (414), og hef jeg áður látið í ljósi skoðun mína á þessu málefni: að mjer virðist óþarft band lagt með þessu á landsstjórnina, þegar henni er meinað, að fela dómendum á hendur neina umboðslega sýslan, þó þessi sýslan komi eigi í neinn bága við störf þeirra. H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) talaði um báðar þessar tillögur, og verð jeg þá að leyfa mjer að segja, að hin síðari sje eðlilegri en hin fyrri; en ætla mjer þó eigi að fara út í hana, því að hún liggur eigi fyrir að sinni. Fyrir mjög skömmum tíma var felld lík tillaga og þessi, og er því eigi ástæða nú til að samþykkja þessa tillögu. Hún er og með þeim takmörkunum, að fela má dómendum á hendur lagakennslu við hinn fyrirhugaða lagaskóla, og er með því álitið, að það starf komi eigi í bága við störf þeirra; en auk þess hygg jeg, að fleiri sýslanir sjeu til, sem eigi þurfi að koma í neinn bága við störf þeirra, þótt þeim væri faldar þær á hendur, og álít jeg því eigi rjett, að koma með áskoranir, sem fyrirmuna slíkar ráðstafanir.

Th. Thórsteinson: Jeg skal eigi vera langorður, því að h. þingdm. eru nú venju fremur óþolinmóðir að hlusta á ræður, eins og þeir sýndu nú í stjórnarskipunarmálinu, þar sem umræður í svo mikilsvarðandi máli

að kalla strax voru bannaðar, og má segja, að þar hafi þeir, sem frjálslyndir vilja kallast, já og má ske halda sig vera, sýnt það mótsetta af frjálslyndi.

Viðvíkjandi því, sem nú liggur fyrir, skal jeg játa, að jeg álít till. áríðandi, og heppilegast, að dómsvaldinu og umboðsvaldinu sje sem minnst blandað saman. Jeg á hjer tal um till. nr. 414; en eitt finnst mjer þó að henni, að hún gefur bendingu um, að setja dómendurna í embætti við hinn fyrirhugaða lagaskóla, og að hún sje því eigi sjálfri sjer samkvæm, að blanda eigi saman umboðslegum störfum og dómarastörfum, og ef þessi skóli kemst á, álít jeg mjög óheppilegt, ef dómarar yfirdómsins yrðu kennarar við hann til langframa, því ekki mundi þar með minnka flokkadráttstilhneiging sú, sem maður ætíð má búast við í svo fámennu landi sem okkar. Kennslustörfin gætu leitt áhuga þeirra frá dómarastörfunum, sem þó eigi ætti að vera.

Arnljótur Ólafsson: Það er einmitt hjer að ræða um till. 414, en jeg vildi þó leyfa mjer að bera báðar till., 414 og 415, lítið eitt saman. Aðalkjarninn í báðum er hinn sami, og hann er sá, að skora á landsstjórnina, að fela eigi dómendum landsyfirrjettarins nokkra umboðslega sýslan á hendur; en þó er í hinni fyrri undantekning með lagakennsluna við hinn fyrirhugaða lagaskóla, en í hinni er bætt við: »nema brýna nauðsyn beri til». Báðar þessar þingsályktanir komast í bága við þingsályktunina, sem var samþykkt hjer á dögunum um amtmannaembættin, að eigi skuli veita amtmannsembættið, sem laust er, og eigi heldur hitt, ef það kynni að losna, og að stjórnin skyldi leggja frv. fyrir þingið um hina æðri stjórn hjer innanlands, og þess vegna þykir mjer eigi áríðandi, að til taka það, að yfirdómari megi eigi hafa amtmannsembættið á hendi, þangað til hin nýja ráðstöfun kemst á. Jeg er á því, að sú ráðstöfun, sem nú er á með meðdómanda- og amtmannsembættið, sje að eins til bráðabyrgða; en því má sú ráðstöfun eigi standa þangað til frv., sem stjórnin á að leggja fyrir þingið, kemst á? Jeg sje eigi neitt á móti því, að skipun dómandans í yfirdóminum í amtmannsembættið um stundarsakir megi haldast þannig til bráðabyrgða framvegis. Mjer finnst eigi hægt að samríma þessar þingsályktunartillögur við hina fyrri. Hvern vilja þeir setja í embættið, ef þessi maður, sem nú er, má eigi vera í því? Mjer finnst því till. fá á sig óþægilegan og nærri því persónulegan blæ, þegar litið er til fyrri þingsályktunartill.; en þar fyrir segi jeg eigi, að svo sje. Annað atriði vil jeg benda á, að það hefir kostnað í för með sjer fyrir landssjóðinn, ef sá, sem nú er settur í embættið, leggur þá sýslan niður. Eins og kunnugt er, sparar landssjóður 3000 kr. á ári, og jeg get eigi álitið rjett, að neðri deildin ein samþykki þá till., heldur að alþingi eður báðar deildirnar samþykki þá tillögu, sem hefir kostnað í för með sjer fyrir landið. Í þriðja lagi eru allar þessar þrjár þingsályktanir mjög varasamar, því að í 1. gr. stjórnarskrárinnar er ákveðið, að framkvæmdarvaldið sje hjá konunginum; en þingið hefir rjett til að koma með bendingar til framkvæmdarvaldsins, en þær verða að vera svo hóflegar, sennilegar og nytsamar, að framkvæmdarvaldið vilji gefa þeim gaum. Rjettur þingsins í þessu efni er miklu veikari en í löggjafarmálum. Jeg álít því rjettast, að fella þessa tillögu, enda kemur það í sama stað niður, þótt enda báðar þær verði samþykktar, því að stjórninni er ómögulegt að gefa þeim gaum, nema að því leyti, sem þær koma eigi í bága við þjóðarnauðsynina og sjálft framkvæmdarvaldið.

Jón Jónsson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) sagði, að það virtist liggja eitthvað persónulegt til grundvallar fyrir þessari tillögu til þingsályktunar. Jeg get ekki skilið, að svo sje; að minnsta kosti er það ekki fyrir mjer; en jeg játa, að það leit út fyrir, að eitthvað líkt því hefði átt sjer stað við hina fyrstu tillögu, sem kom hjer fram um þetta efni; en það er þó alls eigi víst að svo hafi verið, því ekki er *allt* sem sýnist. Hvað snertir það fyrirkomulag, sem nú er, þá er jeg ekki óánægður með það, því jeg skoða það að eins sem bráða-

byrgðarákvörðun. Jeg lít svo á, að þessi tillaga eigi ekki við hið umliðna, heldur bendi eingöngu til hins komanda, til eptirkomandi ráðstafana stjórnarinnar. Það er komið fram með þessa tillögu til þess, að þinginu gefist færi á, að lýsa yfir skoðun sinni á þeirri frumreglu, sem hjer um ræðir, af því jeg veit til, að sumir, og jafnvel margir, hafa skilið atkv. h. þingd. hjer um dagin svo, að hún eða meiri hluti hennar vildi neita þessari frumreglu, og væri á því, að það gerði ekkert til, þótt hrúgað væri umboðslegum störfum á yfirdómarana. En þetta mun alls ekki hafa verið skoðun nokkurs þm., heldur játa þeir víst allir, að sú regla sje fullkomlega rjett, að hafa dómsvaldið og umboðsvaldið svo vel aðgreint, sem auðið er. Hvað það snertir, að yfirdómendurnir mættu vera kennarar við lagaskólann, þá var það hugsun þingsins fram að 1877, og er jafnvel hugsun þingsins enn, að minni hyggju; en mjer finnst þó óþarft, að taka það fram, af því vjer höfum enn engan lagaskóla, enda geta kennslustörf varla talizt umboðslegs eðlis.

Atkvæðagr.: Tillagan (414) felld með 13 atkv. gegn 5.

Tillaga til þingsályktunar (415) um, að fela eigi dómendum landsyfirrjettarins umboðsleg störf (C. 408); ein umræða.

Flutningsm. (*B Sveinsson*): Jeg skal þegar lýsa yfir því, að jeg hefði ekki samið og undirritað þessa tillögu til þingsályktunar, ef það hefði ekki verið undangengið, sem allir vita að undan er gengið í þessu máli, þar sem svo illa fór með tillögu þá, sem kom hjer fram um daginn, um það, að þingið lýsti yfir því, að það áliti, að dómendur í yfirdómi Íslands ættu að vera lausir við öll umboðsleg störf. Frá mínu sjónarmiði er því alls ekkert persónulegt í þessari tillögu, er miði sjerstaklega að ráðstöfunum landsstjórnarinnar fyrir umliðinn tíma; því ef þingið hefði viljað lýsa óánægju sinni, eða kæra yfir þeim, hefði það átt að koma fram í allt öðru formi. En einmitt af því þetta *princip* kemur hjer fram, að nauðsynlegt sje að halda dómsvaldi og umboðsvaldi svo aðgreindu, sem verða má, þá þykir mjer alveg ótilhlýðilegt, að þingið greiði svo tvírætt atkvæði um þetta mál, að skilja megi atkvæði þingsins svo, að það neiti þessu principi sem rjettu, og að svo líti út, sem þingið álíti, að það geri ekkert til, þótt þessi frumregla sje fótum troðin með ónauðsynlegum umboðslegum ráðstöfunum.

Þar sem h. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) tók það fram, að samkvæmt 1. gr. stjórnarskrárinnar væri framkvæmdarvaldið hjá konungi einum, þá er þetta ákvæði að vísu mjög víðtækt; en það verður að skiljast í sambandi við 44. gr. stjórnarskrárinnar. Það er hin helgasta frumregla í allri þingbundinni stjórn, að sem skörpust aðgreining, að orðið getur, sje milli löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Þessi regla er ekki einungis rjett, heldur er hún heilagt lögmál, sem ekki má brjóta, nema brýnustu nauðsyn beri til. En hvenær brýna nauðsyn beri til þess, heyrir auðvitað ekki undir dóm þingsins, fyr en eptir að ráðstöfunin er gerð, svo um hana verði dæmt. Það er fyrst eptir á, að þingið getur á löglegan og leyfilegan hátt látið uppi álit sitt um, og kvartað yfir því á lögmætan hátt, að ráðstöfun landstjórnarinnar hafi gengið í berhögg við greinda frumreglu. Jeg vil, að þingið með því að samþykkja þessa uppástungu sýni, að það heldur í heiðri þeirri frumreglu, sem hjer ræðir um, og jeg álít, að þingd. geti því ekki verið þekkt fyrir, að fella þessa tillögu; því hún ríður í engum skilningi í bága við framkvæmdarvaldið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil að eins spyrja h. uppástungumenn að því, þar sem stendur í tillögunni »fela eigi« umboðsleg störf á hendur o. s. frv., hvort með þessum orðum »fela eigi« sje meint, að stjórnin framvegis eigi geri það, eða hvort meint er til ástandsins nú, að stjórnin skuli láta þann dómara yfirdómsins, sem nú hefir umboðsleg störf á hendi jafnframt

dómaraembættinu, hætta að hafa þau á hendi; með öðrum orðum: hvort tillagan lýtur til hins núverandi eða til hins ókomna tíma.

Flutningsm. (B. Sveinsson): Þessu, sem þingm. spurði um, get jeg svarað því, að uppástungumenn höfðu hvorki eingöngu tillit til hins ókomna nje hins yfirstandandi, heldur vildu þeir að eins gera skýlausa bendingu yfir höfuð til landstjórnarinnar í þá átt, að sú sameining á dómaraembættunum við yfirdóminn og umboðslegum störfum, sem eigi bæri brýna nauðsyn til, ætti eigi og mætti eigi eiga sjer stað. Till. er því hvorki áfellisdómur nje samþykkisdómur á því, sem gert hefir verið, heldur að eins almenn bending, sem uppástungumenn töldu sjálfsagt, að mundi hvetja eða áminna landsstjórnina um, að líta bæði aptur og fram í tímann, svo grundvallarreglum stjórnarskrárinnar væri haldið í heiðri og fullu gildi í framkvæmdinni.

Landshöfðingi: Mjer virðist þessi till. fremur benda til framtíðarinnar en hins núverandi tíma; en yfir höfuð virðist mjer till. næsta þýðingarlítil, því það er engin ástæða fyrir h. þingd. að ætla, að stjórnin láti slíka sameiningu, sem hjer er nefnd, eiga sjer stað, nema nauðsyn beri til. En hjer stendur: »nema brýna nauðsyn beri til«; en munurinn á nauðsyn og brýnni nauðsyn er opt mjög vandfundinn, og undir álitum kominn. Þar sem því ekki er annað fólgið í áskoruninni en það, sem stjórnin almennt gerir, og full ástæða er til að ætla, að hún muni framvegis gera, þá verð jeg að álíta hana mjög þýðingarlitla, og betra að hún kæmi eigi fram, en að hún kæmi fram. Jeg met svo mikils ályktanir h. deildar og h. þings, að jeg óska eigi eptir, að neitt komi frá þinginu nema það, sem hefir verulega þýðingu. En sem sagt álít jeg þessa þingsál.till. þýðingarlitla; jeg vil af kurteisi við h. deild og h. uppást.-menn eigi segja þýðingarlausa. Og þótt þessi till. verði felld, þá álít jeg engu spillt fyrir það; h. þingd. hefir alls eigi fyrir það afneitað þeirri grundvallarreglu, sem hjer er farið fram á, heldur að eins álitið enga sjerstaka ástæðu til þess, að koma nú fram með þessa áskorun.

Flutningsm. (B. Sveinsson): Mjer fannst hæstv. landsh. eiginlega eigi vera á móti þessari till. í sjálfu sjer. Hann sagði, að það væri auðvitað, að stjórnin mundi eigi láta slíka sameiningu eiga sjer stað, nema hún »áliti«, að nauðsyn væri til þess, og þess væri þörf. En viðvíkjandi þessu »áliti« stjórnarinnar, þá er það nú sjálfsagt eigi nóg út af fyrir sig, heldur verður auðvitað ávallt eitthvað að vera *objectivt*, eitthvað að vera hlutlegt í málinu sjálfu, en eigi eintómt persónulegt »álit« landsstjórnarinnar, sem skapar þá nauðsyn, þá brýnu nauðsyn, sem hjer ræðir um; því ella gæti landstjórnin brotið lögin, eins og henni bezt líkaði. Nei! Landsstjórnin sker að vísu úr því, hvort henni virðist nauðsyn vera til þess eða þess; en svo getur það jafnan komið undir nákvæmari rannsókn og úrslit eptir á eptir atvikum, hvort sú nauðsyn hafi verið til staðar, sem landsstjórnin hefir byggt á; ella yrði hún alveg einráð um athafnir sínar, og öll stjórnlagatrygging um leið í voða.

Atkvæðagr.: Þingsál.till. nr. 415 samþ. með 18 gegn 1 atkv.

Þingsályktunartillaga um ávarp til konungs (C. 423). Ein umr.

Ávarpið rætt fyrir luktum dyrum og samþykkt með litlum breytingum (C. 436).

Forseti skýrði því næst frá aðgerðum þingsins um þingtímann, og kvað skýrslu um það efni mundu verða útbýtt meðal þingmanna. — Sagði forseti svo þessum síðasta *fundi slitið*.

☞ Í þessari deild Alþingistíðindanna (*B*), 513.—514. dálki, hefir slæðzt inn neðanmálsgrein, sem ekki á þar að vera.

Grímur Thomsen,
p. t. forseti neðri deildar.

Að þar til gefnu tilefni vill ritstj. Alþingistíð. láta þess getið, að neðanmálsgrein þessi er rjett prentuð eptir þingræðuhandritinu, eins og það kom í hans hendur beint frá þinginu um miðjan þingtíma í sumar, með öllum leiðrjettingum og síðasta frágangi þingmanna sjálfra.